



UNIV. OF
TORONTO
LIBRARY









2309

1

SKÍRNIR

TIMARIT HINS ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGS

LXXXII. ÁR

RITSTJÓRI

EINAR HJÖRLEIFSSON



109378
24/4/11

REYKJAVÍK

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA

1908



Efnisyfirlit.

	Bls.
Á vegamótum (saga) eftir <i>Einar Hjörleifsson</i>	1
Móðurmálið eftir <i>Guðmund Björnsson</i>	19
Sjálfstæðisbarátta Noregs árið 1905 eftir <i>O. P. Monrad</i>	26
Prédikarinn og bölsýni hans eftir <i>Harald Nielsson</i>	43
Upptök mannkynsins (niðurl.) eftir <i>Helga Pjeturss</i>	62
Ritdómar eftir <i>Einar Hjörleifsson</i> og <i>Jón Jónsson</i> sagnfr.....	77
Erlend tíðindi eftir <i>Björn Jónsson</i>	91
Konráð Gíslason eftir <i>Pórhall Bjarnarson</i>	97
Marjas (saga) eftir <i>Einar Hjörleifsson</i>	110
Peningaverðið á Íslandi eftir <i>Indriða Einarsson</i>	125
Í páfagarði (kvæði) eftir <i>Stephan G. Stephansson</i>	140
Leo Tolstoj eftir <i>Jón Jónsson</i> sagnfr.....	143
Ættarnöfn eftir <i>G. J. Kamban</i>	164
Um rotþrór eftir <i>Guðmund Björnsson</i>	178
Ritdómar eftir <i>Einar Hjörleifsson</i> og <i>Guðm. Finnbogason</i>	185
Erlend tíðindi eftir <i>Björn Jónsson</i>	189
Vistaskifti (smápættir) eftir <i>Einar Hjörleifsson</i>	193
Trúarjátningarnar og kenningarfrelsi presta eftir <i>Harald Nielsson</i>	211
Taugaveikin eftir <i>Guðmund Björnsson</i>	237
Jónas Lie eftir <i>Borleif H. Bjarnason</i>	261
Stikukerfið eftir <i>Jón Jónsson</i>	270
Sigurður L. Jónasson eftir <i>Matth. Jochumsson</i>	281
Erlend tíðindi eftir <i>Björn Jónsson</i>	284
Gráfeldur (saga) eftir <i>Jón Trausta</i>	291
Ofát eftir <i>Steingrím Matthíasson</i>	310
Agrip af upptökum og sögu kvenréttindahreyfingarinnar í Ameríku eftir <i>Briet Bjarnhéðinsdóttur</i>	330
Tolstoj átræður! eftir <i>Matth. Jochumsson</i>	340
Íslenzk heimspeki eftir <i>Helga Pjeturss</i>	342

Ritdómar eftir <i>Einar Hjörleifsson, Sighvat Gr. Borgfirðing</i> og <i>Þorleif H. Bjarnason</i>	361
Dómur Galileis eftir <i>Einar Hjörleifsson</i>	370
Erlend tíðindi eftir <i>Björn Jónsson</i>	372
Ísland árið 1908 eftir <i>Ara Jónsson</i>	378
Skýrslur og reikningar Bókmenntafélagsins	I—XXIII

Á vegamótum.

Kauptúnið var nokkuð mislynt. Eins og Ísland. Og eins og honum síra Sveini fanst hún Steinunn sín orðin.

Fátt gat verið yndislegra en kauptúnið í sólskini og stillum.

Þá teygðu lognrákirnar sig eftir firðinum, djúpar og glampanði, eins og þær byggi yfir engu öðru en unaði. Og eyjar og hólmar fyltu útsýnið fjölbreytni og eyrun hljómunum og hugann bjargræðisvonum. Úti í eyjunum var alt fult af hólum og dældum og töðugæfu grasi og eggjum og fuglasöng.

Á eyrum út og suður frá kauptúninu, fram með ströndinni, voru ógrynnin öll af krium og skeglum. Þær voru ókyrlátar og hávaðasamar og lágu í einlægu rifrildi. Kæmi einhver nærri bygðum þeirra, hömudust þær og létust til alls búnar, rendu sér langar leiðir að komumanni og gerðu sig líklegar til þess að rota hann. En þorðu ekki að reyna það, þegar til kom, og gerðu ekki annað en garga.

Síra Sveini fanst þetta garg vera galli. Það raskaði friði náttúrunnar, sem annars væri svo mikill þarna í kauptúninu. Stundum raskaði það jafnvel rósemi hugans og jafnvægi sálarinnar. Allur ófriður í náttúrunni benti á eitthvert ósamræmi í tilverunni, sem hugann hrylti við. Og sá ófriður leiddi hugann að öllum ófriði mannanna og öllu illu, sem honum væri samfara.

Frú Steinunn var ekki á sama máli.

Og einu sinni lét hún það uppi.

— Finst þér nokkurt ósamræmi í því, mælti hún, að kriurnar vilja verja það eina, sem þær eiga? . . . Verst er, að þær láta æfinlega lenda við gargið eitt.

Prestur spurði, hvort hún vildi heldur, að þær lemdi mann, eða hvor aðra.

— Eg held það, sagði frú Steinunn og hló.

Maðurinn hennar leit á hana hálf-raunamæddum augum. Hann hafði orðið var við eitthvað svipað áður. . . . Samt gerði nú minst til um þetta. Það var svo mikil fjarstæða. Og hún hafði sagt það hlæjandi. . . . Stundum hló hún ekki.

En sammála voru þau um það, að kriurnar og skeglurnar yki fjör í umhverfinu.

Og sammála voru þau líka um hraunið fyrir ofan kaupúnið — hvað það var yndislegt í sumarblíðunni. Þegar skyggja tók, var það eins og skógur, heiman að sjá. Og það hafði fyllt hug prestsins ljúfum draumum um langar, erindislausar göngur við hlið hennar, sem í hans augum var yndislegust allra í þessum heimi. Smá-vaxin skrúðblómin voru eitthvað svo viðkvæm og lítilsigld innan um hraunstrókana og kræklótt kjarrið.

— Eins og saklaus börn innan um gamla karladurga, sagði frú Steinunn.

Og hraunbollarnir voru svo fagurgrænir. Þar hafði hjónunum verið fögnuður að sitja saman, sjá skýflókana taka á sig alls konar kynjamyndir, sjá vesturloftið íklæðast alls kona litljóma um sólsetursleytið, og sjá fagurblá fjöllin hinumegin við breiðan fjörðinn roðna eins og unga stúlku. Óviðjafnanlegt yndi hafði prestinum verið að sjá unga, iturvaxna konuna sína teygja þar úr sér og færast í mjúklegar stellingar í grasinu, og heyra hana hlæja og reisa skýjaborgir langt fram í ókomnum tímum.

En jafnvel þar hafði mislyndis kent.

Einu sinni fór hún að tala um hraunstrókana. Þeir væri auðvitað gömul nátttröll. Þarna hefði þau dagað uppi. Og henni sýndust þessir karlar vera með hinar og aðrar skringilegar, úfnar fettur og brettur — eins og þeir gerði

sér í hugarlund, að þeir væri tröll enn í dag, og gæti skotið einhverjum skelk í bringu, sagði hún.

— Það væri nú ekkert undarlegt, þó að þeim þætti leiðinlegt að standa svona í sömu sporum öld eftir öld, og vera ekki annað en steinar, mælti hún enn fremur.

Prestur vissi, að þetta var ekki annað en gamanhjal. En honum fanst einhver beiskju-keimur alt í einu vera orðinn að rómnum. Og einhver þunglyndis-slikja alt í einu vera komin á augun. Hann gekk að því visu, að hugsanir hennar væri að fara út á þær göturnar, sem honum var örðugast að ganga með henni.

Hann komst líka brátt að raun um það.

Eftir fáein andartök tók hún aftur til máls:

— En mennirnir sýnast ekki kunna neitt illa við það — nátttröllin, hraunstrókamennirnir, sagði hún og hló kuldalega.

— Finst þér eiga vel við að líkja ódauðlegum mannsálum við hraungrýti? mælti hann góðlátlega.

Frú Steinunn svaraði með nokkurri ákefð:

— Það getur verið, að eg hafi ekki komið rétt orðum að því. Eg á við það, að þið — — að menn eru alt af að loka sig inni í einhverjum hellisskútanum. Þola ekki með nokkuru móti morgunsól nýrra hugsana. Hafa æfinlega einhver undanbrögð undan ljósinu. Eg vildi, eg vissi, við hvað þeir eru hræddir!

Þau héldu heim úr þeirri hraunför, hjónin, án þess að tala meira saman.

Síra Sveinn vildi ekki leggja út í neinar umræður um þetta. Hann vissi, að það var ekki til annars en ýfingar að tala við hana um þetta, þegar hún var í þessu skapi. Og hún komst í örðugt skap, hvenær sem hún mintist á þetta. Og um þetta veitti honum örðugast að tala.

Frú Steinunn gekk þegjandi við hlið hans heim til þeirra.

En þegar þau voru komin heim til sín, hóf hún máls á því, einstaklega góðlátlega, hvað þetta væri yndislega

fallegt kvöld. Síra Sveinn skildi það — og honum þótti vænt um það — að þetta var nokkurs konar bragarbót. Hún valdi það umræðuefnið, sem þau gat ekki með nokkuru móti greint á um.

Ekki gat heldur neinn ágreiningur um það orðið, að svipurinn var allur annar á kaптúninu, þegar tíðin var stíð. Þá gat sjórinn orðið hryllilega úfinn og geðvonzkulegur. Í rigningum varð kaптúnið að einu kviksyndi. Og þá urðu hraunstrókarnir svo dapurlegir, sem þeir hefðu aldrei verið tröll og aldrei getað neitt. Og í snjóum skefði svo að húsunum, að illkleift var að komast út úr þeim; enda mokuðu fæstir frá. Og uppi í hrauninu fylti snjórinn hvern bolla og hverja gjótu. Snjóbreiðan varð svo þykk, að hraunstrókunum lá við að kafna. Alt varð að sléttri eyðimörk, þangað til vindurinn hafði flutt snjóinn til og lamið hann saman, eða blota hafði gert og frost hlaupið í krapíð.

Það þótti síra Sveini mikil furða, hvað vel konan haus kunní illviðrunum, þegar honum sjálfum fundust þau óþolandi.

— Illviðrin eru eina heilbrigðisstjórnin, sem við eigum, sagði hún. Væri þau ekki, köfnuðum við hér í kúamykju og fiskslori og öllu illu.

Aldrei var veðrið svo ilt, að hún vildi ekki út í það, ef hún átti þess nokkurn kost — hvað snörpum skúrum sem hafgolan helti yfir kaптúnið — hvað mikil fannfergja sem var á leiðinni norðan af jöklunum.

— En það er ekki hundi út sigandi, góða mín, sagði maðurinn hennar.

— Eg er ekki heldur hundur. Og eg ætla ekki heldur að láta siga mér neitt. Og eg er engin kararmanneskja. Og eg ætla ekki að verða það, fyr en eg get ekki hjá því komist.

Hann horfði á eftir henni út úr dyrunum. . . . Og hugurinn var fullur af aðdáun og ást og þrá og ótta. . . .

Einn rigningardaginn að áliðnu sumri sat frú Steinunn inni í stofu með sauma sína. Hún hafði flutt vögguna, með Sigga litla í, inn til sín.

Henni varð að jafnaði létt og rótt í skapi, þegar hún sat hjá vögunni. Það var eitthvað svo friðandi að gefa blessuðu barnsandlitinu auga, innan um mjallhvít vöggufötin, og hlusta á jafnan og rólegan andardráttinn. Þá langaði hana ekkert út, hvort sem vedrið var vont eða gott. Hugurinn hafði nóg að starfa, og var á sífeldum ferðalögum langt fram í tímann.

En þetta skiftið gat henni ekki orðið rótt.

Hún stóð upp, sótti sér rykdulu og fór að þurka af hlutunum í stofunni. Þá mintist hún þess, að því verki hafði hún lokið um morguninn. Og ekkert ryk hafði komið síðan.

Aftur settist hún niður. Og hún fór að horfa á Sigga litla í vögunni. Rétt í því bili lauk hann upp augunum. Hvað hann var líkur föður sínum til augnanna! Aðra líking gat hún ekki séð með vissu. Alt andlitið á barninu var svo slétt og ókrotað af lífinu. En hún var ekki í neinum vafa um það, að þegar Siggi yrði kominn á aldur föður síns, yrði sami góðlyndis og meinleysis-svipurinn á augunum. . . . Og sami veiklyndis-svipurinn.

Á sama augabragði sá hún eftir þessari hugsun um veiklyndið. Henni fanst það ljótt, ógöfugt, að vera að hugsa misjafnt um manninn sinn uppi yfir vöggu barnsins hans. Um mann, sem var ekkert annað en gæðin, vildi bera hana á höndum sér.

En hún var hrædd.

Hvers vegna hafði hún ekki talað vandlegar við hann, áður en hann fór á þennan fund?

Eins og þess hefði verið nokkur þörf! Eins og hann væri ekki fullveðja maður! Eins og hann væri ekki sjálfsagður leiðtogi í öðru eins máli og þessu!

Þetta, sem talað var um að gera, var ekkert annað en hrein og bein fjarstæða. Ekkert vit í því. Náði engri átt. Og var auk þess ljótur glæpur.

Eins og hann léti hafa sig til annars eins! Maður, sem leit á trúarbrögðin af jafn-miklu frjálslyndi og hann!

Það hefði verið móðgun við hann, að fara að skifta sér af öðru eins máli og þessu — fara að halda yfir honum ræðu um annað eins og þetta. Það var gott, að hún hafði ekki sagt meira, en hún hafði sagt.

Og hugur hennar fylltist um stund endurminningum um atburði, sem vakið höfðu traust og fögnuð.

Ein þeirra var fegurst.

Hún var frá námsárum hans — því kvöldinu, er maðurinn hennar, sem nú var orðinn, hafði tjáð henni ást sína, og hún hafði lofast honum.

Þau höfðu verið stödd í Íslendingafélagi í Kaupmannahöfn. Umræður höfðu verið fjörugar. Umræðuefnið hafði verið kristindómurinn. Ungir stúdentar höfðu andmælt honum. Þeir höfðu fært rök að sínum málstað, og í orðum sumra þeirra hafði verið eldur. Hún hafði aldrei heyrt mótbárurnar orðadar jafn-vel, og aldrei heyrt talað af jafn-mikilli orðgnótt um neitt. Hún fann sál sína lyftast upp og vaggast, ýmist á vængjum vitsmunanna, eða mælskunnar, eða frelsisþrárinnar, eða ljósfælni-hatursins. En við og við var eins og vængirnir linuðust. Hún hafði þá óljóst veður af því, að ekkert það, sem verið var að segja svo fagurlega, kæmi í raun og veru insta kjarna málsins lifandi vitund við.

Þangað til hann tók til máls.

Hann talaði rólega og stillilega. En henni fanst hún finna sannfæringar-hitann leggja af orðum hans inn í instu afkyma sálar sinnar.

Hann sagði, að þeir hefðu alt af verið að tala um það í kvöld, hvernig trúarbrögð Jesú frá Nazaret hefði orðið í höndum manna. En þeir hefði, eins og mönnum hefði hætt svo við á öllum öldum, mist sjónar á því, hvað hann hefði sjálfur sagt um þau. Auðvitað hefði hann sagt margt um þau. En á það eitt skyldi bent nú, að hann hefði sagt, að sitt ríki væri ekki af þessum heimi. Það hefði nú ekki verið mikill vandi að sjá. Því að þegar

hann hefði sagt þetta, hefði hann verið einmana og yfirgefinn af vinum sínum, hataður og fyrirlitinn og smánaður af allri þjóðinni, og rétt að því komið, að valdhafarnir létu negla hann á kross. En mennirnir hefðu gert hans ríki að þessa heims ríki. Fyrir því væri svo í lófa lagið að fá höggstað á því, eins og menn hefði heyrt hér í kvöld. Og þegar svona hefði verið ástatt um hann, hefði hann fullyrt, að hann væri konungur. En í hverju hefði konungstign hans verið fólgin? Hann hefði sagt það sjálfur í sömu andránni. Hún var fólgin í því að bera sannleikanum vitni. Þetta hefði þá verið það allra síðasta, sem hann hefði brýnt fyrir mönnunum, áður en krossinn hefði verið lagður á herðar honum og hann hefði lagt af stað til lífláts, að æðsta konungstign mannsandans væri í því fólgin, að bera sannleikanum vitni. Þessu hefði kristnin að öllum jafnaði gleymt; trúarbrögðin hefði þá að sjálfsögðu orðið alt annað en kristindómur: og fyrir því væri ekki nema edlilegt, að margir töluðu á líka leið, eins og hér hefði verið talað í kvöld. Vitanlega væri kristindómurinn ofinn af fleiri þráðum. Kristur hefði verið viðsýnasti andinn, sem nokkuru sinni hefði komið fram í þessum heimi. Og kenning hans hefði verið víðtækari en nokkur önnur kenning, sem þessari veröld hefði verið flutt. En þessi væri áreiðanlega mikill hluti uppistöðunnar: að bera sannleikanum vitni, skilyrðislaust, og hverjar afleiðingar sem það virtist hafa, og þó að það færi með mann út á Golgata. Að elska sannleikann, hvar sem hann komi fram, og hvernig sem hann komi fram, elska hann æfinlega og um alla hluti fram. Að virða og elska sannleiksþrá mannanna, þó að hún fari með þá út á aðrar götur en þær, sem maður sjálfur telji ráðlegt eða fýsilegt að ganga.

Ræðumanni var klappað lof í lófa, jafnt af andstæðingum sem fylgismönnum. Öllum bar saman um, að honum hefði mælst vel.

Og Steinunn var sem í draumi. Hún naut þess fagn-

aðar, sem mörgum er mestur í heimi — að sjá ný útsýni lúkast upp fyrir anda sínum.

Hann hafði fylgt henni heim um kvöldið.

Á þeirri leið hafði hún lofast honum.

Og nú höfðu þau verið í hjónabandi hálf tveim árum. . . . Og stundum hafði henni ekki fundist, eins og alt vera með feldu. . . . Eitthvað öfugt við ræðuna.

Nei! Nei! Hún vildi ekki hugsa um það, það var ekkert. . . . Margt, margt hafði verið ánægjulegt. Æfinlega hafði hann verið henni góður. Og öllum hafði hann viljað vera góður — oft um efni fram.

Hugurinn reyndi að halda sér dauðahaldi í þær endurminningar. En misti af þeim. Þær urðu eins og að skýjaflókum og liðu burt.

Aðrar hugsanir ruddust að, harðar eins og hraunstrókar.

Hvers vegna hafði hann aldrei talað við söfnuðinn neitt líkt því, sem hann talaði á fundinum í Kaupmannahöfn? Hvers vegna hafði hann aldrei talað við söfnuðinn neitt líkt því, sem hann talaði við hana sjálfa, einkum í tilhugalífínu og fyrstu mánuðina eftir hjónavígsluna?

Hvers vegna hafði hann aldrei látið þess getið, að neitt nýtt væri á ferðum? Hvers vegna talað eins og menn töluðu fyrir hálfri öld eða fyrir?

Hann hugsaði ekki svo. Það vissi hún vel.

Hvers vegna talaði hann ekki eins og hann hugsaði?

Hún hafði haft orð á þessum spurningum við hann.

— Hvað heldurðu, að fólkid hérna skilji í vandamálum vísindanna? hafði hann þá sagt.

— En að reyna að gera þau skiljanleg?

— Hleypa öllu í uppnám? Og kippa grundvellingum undan huggun og von hver veit hvað margra?

— Finst þér grundvöllurinn vera sem traustastur? Finst þér huggunin og vonin í sem föstustum skordum, þegar fer að hvessa? Finst þér ekki huggunin vera hjá æðimörgum mest í því fólginn að verjast hugsunum? Og vonin í meira lagi reykkend?

Hann hafði ekki viljað ræða það mál frekara. Ekki heldur síðar. Ávalt farið undan í flæmingi. Farið að tala um eitthvað annað, ef hún veik að því. Eða farið að láta vel að henni.

Hún fann ekki betur en að hann væri að verða frá-hverfur þeim bókum, sem hann hafði áður látið mest af. Nú fekst hann aldrei til þess að tala um þær.

Komu þær óþægilega við samvizku hans?

Eða var hann að fella allar andlegar flugfjadrir?

Nei. Það var verið að reyta þær af honum.

Og hræðslan hvarf um stund. Hugurinn varð fullur af gremju og hatri. Hún hefði getað lamið vini hans með rússneskum hnútasvipum.

Hún mundi eftir sýslumanninum, kvöldið sem hann hafði setið inni hjá þeim í fyrra haust og haldið mannum hennar í löngu hláturs-kasti. Hún mundi, hvað það var, sem hann hafði látið hann hlæja að. Hann hafði verið að henda gaman að sólarraumum mannanna. Að traustinu á mönnunum. Að sjálfsfórnaþránni. Að kærleikanum. Að sannleiks-baráttunni. Að öllu því, sem hún taldi björtustu geislana frá guði.

Alt hafði hann sýnt þetta með kynlegri afskræmingar-orðgnótt í spéspegli fyrirliitningarinnar.

Og maðurinn hennar hafði hlegið. Hún hafði skilið hláturinn. Sýslumaður talaði áreiðanlega af undarlegri snild.

En sjálf hló hún ekki. Henni fanst hún standa allsnakin úti í gaddhörku. Og eftir það kólnaði henni um hjarta hvert sinn, sem hún vissi, að fundum þeirra, sýslumanns og mannsins hennar, bar saman.

Og hún mintist kaupmannanna beggja. Hvað þeir höfðu ávalt verið þess albúnir að fylgja sýslumanni að málum, þó að ver gegndi. Henni hafði sviðið það sárt að heyra og sjá alþýðumenn gera sér í hugarlund, að þessir menn væru höfðingjar þeirra. Í hennar augum voru þeir lítið annað en þrælar. Þrælar gróðafiknarinn-

ar og venjunnar og mentunarskortsins og hugsjónaleysisins og alls konar oddborgaraháttar.

Hún hafði hlustað á samræður þeirra inni í skrifstofu mannsins hennar. Hún hafði fundið, að þessir kaupmenn höfðu aldrei lesið neina bók, sem nokkurs var um vert, vissu ekkert, höfðu aldrei hugsað um neitt, sem kveikir eld andans í sálum siðaðra manna. Þeir gátu ekkert annað en étið eftir og samsint sýslumanni. Og stundum vissi hún, þegar hún kom inn til þeirra, að þeir höfðu verið að tala um kvenfólk. Hún heyrði það á hlátrinum, áður en hún lauk upp hurðinni. Hún sá það á uppgerðar-sakleysinu, sem þeir reyndu að breiða yfir andlitin á sér. Og hún fann óhreinar hugsanir vera að þvælast í loftinu utan um sig.

Henni fundust sálir þessara kaupmanna skemdar eins og saltkjötið þeirra. Og yfir vötnum lífsins þar í kaup-túninu fanst henni andi sýslumanns sveima eins og dökkur kræfugl með súgmiklum vængjum.

Þessir voru vinir mannsins hennar. Með þeim skemti hann sér við l'hombre og viðsjárvert hjal og góð vin og góðan mat. Stundum fanst henni þeir eins og blódsugur, sem væru að sjúga göfgi sálar hans út úr honum. Stundum eins og illvættir, sem væri að soga hann niður í eitt-hvert geigvænlegt djúp, eða teygja hann inn í hóla.

En stundum hafði hún reynt að hrista þessar áhyggjur af sér. Hún hló þá að hrædslunni. Ekki mátti hún gera manninn sinn að ófullveðja barni. Eins og hanu væri ekki henni fremri að andlegum þroska. Eins og hann sæi ekki alt, sem hún sá. Eins og hann sæi það ekki alt miklu betur. Eins og hún sæi ekki daglega, að hann var gæðamaður, og að enginn hafði spilt honum.

Jú, hún vissi það vel, að hann sá meira en hann sagði. Hann sagði svo lítið — um alt —. Einkum á síðustu tímum. . . . Hún vissi vel, að það var ekki hann, sem sóttist eftir að binda félag við þá, heldur þeir við hann. Hann hafði ekki vísað þeim á bug. Annað hafði hann ekki gert. Það var sjálfsagt gagnstætt eðlis-

fari hans að hrinda nokkurum manni frá sér. Til þess var hann of mikið ljúfmenni. Og oft hafði hún séð ein-kennileg svipbrigði á andlitinu á honum, þegar þeir höfðu sagt eitthvað, sem honum gæzt sýnilega ekki að. Líkast því, sem þokuslæðingur kæmi á augun á honum.

— Er hann að loka augum sálar sinnar? hafði hún sagt við sjálfa sig.

Hana hafði langað til þess, að hann gerði meira. En vænt hafði henni þótt um, að þetta fór ekki alveg fram hjá honum.

En hvað sem því leið — hvaða rétt átti hún á því að drotna yfir honum, velja honum vini, dæma alt óal-andi og óferjandi, sem henni gæzt ekki að, haga öllu eftir sinni vild?

Móðir hennar hafði einu sinni sagt við hana í þykkju, að hún blési alt út, sem henni þætti miður, eins og líkna-belg. Það mundi stafa af því, að hún væri einbirni, og faðir hennar væri efnður maður, og gæti látið alt eftir henni og vildi gera það. Ef hún hefði verið fátæklingur, mundi henni hafa lærst betur að sætta sig við það, sem ekki væri alveg eftir hennar geðþótta. Voru um-mæli móður hennar að koma fram nú? Var þetta, þegar öllu var á botninn hvolft, ráðriki og ofstopi?

Nei! Nei! Það átti ekkert skylt við ráðriki, að hún var hrædd við það, sem nú átti að reyna. Það var áreið-anlega glæpur og skömm — öllum, sem við það yrði riðnir — að sviftá bláfátækan barnamann atvinnu sinni við barnaskólann, og hafa rétttrúnaðinn að yfirvarpi, til þess að koma að einum vini sýslumanns.

Hvað hafði kennarinn til unnið?

Ekkert annað en það, að hann hafði sagt satt. Það átti að ríða honum að fullu.

Hann hafði sagt börnunum, að ritningin væri ekki öll guðs orð.

Eins og nokkur lifandi maður á jarðriki gæti fært nokkur skynsamleg rök að því, að hún sé öll guðs orð!

Hann hafði sagt þeim, að ýmsar kenningar í kverinu

teldi hann mjög vafasamar, og að sömu augum litu á þær kenningar ýmsir af ágætustu, guðræknustu, lærðustu og vitrustu mönnum veraldarinnar. Börnunum væri langbezt að fullyrða ekkert um þau atriði, fyr en þau hefði öðlast þann þroska, að þau gæti aflað sér sjálfstæðrar sannfæringar um þau.

Eins og þetta væri ekki svo sjálfsagt, að það væri ósamboðið fullorðnum, heilvita mönnum að deila um annað eins! Eins og alt annað væri ekki ofriki við sálir barnanna!

Og eins og það væri ekki áreiðanlegt, að maðurinn hennar væri í raun og veru á sama máli!

Allir vissu, að kennarinn var góður maður og gættinn og guðrækin, með ríkan skilning á trúarþörf manna, fullur af góðgirni og sannleiksást.

Og nú hafði komið áskorun til skólanefndarinnar um að reka hann. Allir vissu, hvornig sú áskorun var til orðin. Þarna þurfti að smeygja inn einum af nánustu vinum og fylgifyskum sýslumanns . . . Var ekki guðlaust að nota sér fáfræði manna með þessum hætti?

Og hvornig gat hún hugsað til þess, að maðurinn hennar léti hafa sig til annars eins?

Nei. Hún ætlaði ekki að hugsa til þess. Þetta var ekkert annað en fjarstæða.

En hún gat ekki um annað hugsað. Hún var svo hrædd. Henni fanst eins og öll ánægja sín og von og sæmd leika á þræði . . . Og hún vissi ekki nema þráðurinn kynni að slitna, þegar maðurinn hennar kæmi inn úr dyrunum

Hann kom inn úr dyrunum.

— Sæl, elskan mín, sagði hann.

— Komdu sæll, góði, sagði hún.

Hún þorði ekki að líta upp. Var hrædd um, að hún kynni að sjá úrslitin á honum. Einblindi á barnið í vöggunni.

Hann fór inn í skrifstofu sína.

Þá þurfti hún einskis að spyrja. Hún þekti hann

svo vel, að hún vissi, að hefðu úrslitin orðið að hennar skapi, þá mundi hann hafa sagt henni þau ótilkvaddur. Vissan stælti hana. Hún fór inn í skrifstofuna til hans. Hann var seztur við skrifborðið sitt og farinn að lesa í bók.

— Hvað gerðist á skólanefndarfundinum? mælti hún stillilega.

Hann leit ekki upp úr bókinni.

— Á skólanefndarfundinum?

Hann þagði við ofurlítið.

— Nú er hann að hugsa sig um, sagði hún við sjálfa sig. Hún fann stillinguna vera að réna.

— Já, sagði hún, og rómurinn varð hvassari.

— O-o-o . . . Það var samþykkt að gera töluvert við húsið, áður en byrjað verður að kenna í því.

— Eg á ekki við þa ð, góði. Og þú veizt það . . . Hvernig fór um kennarann?

— Um kennarann? . . . Það verða kennara-skifti . . . eins og þú getur nærri.

Nú, þetta átti að vera svo sem sjálfsagt! Hún átti að geta því nærri!

— Eg get því ekkí nærri . . . Þetta er smán!

Nú leit hann upp úr bókinni. Hann fann, að til sóknarinnar var stofnað svo ósleitilega, að ekki var annars kostur en verja sig.

— Hvaða ákaflega tekurðu þetta geyst! . . . Skárri er það ofsinn!

Hann var enn stiltur og rómurinn góðmannlegur.

— Hvernig fórstu að gera þetta? sagði hún.

Honum fanst hann finna keim af grátstaf í kverkum hennar.

— Ekki er eg öll skólanefndin, mælti hann.

— Getirðu ekki ráðið öðru eins og þessu í máli, sem þú hefir einn vit á, þá finst mér fara að verða nokkuð vafasamt, hvort þú ert fær um að vera prestur hér.

Hann roðnaði.

— Það vill svo til, að þú ræður ekki afsetning minni

. . . Annars skilst mér svo, sem þér muni finnast, að eiu manneskja að minsta kosti, önnur en eg, muni hafa töluvert vit á þessu.

— Við skulum ekki vera að deila um það, sem ekki kemur málinu neitt við Og þú veizt vel, við hvað eg á.

— Eg get ekki gert að því, að fólkið hér í sókninni vill ekki láta innræta börnum sínum annað en það, sem því hefir sjálfu verið kent Og sannast að segja finst mér ekki ósanngjarnt, að það ráði því.

— Blessaður, farðu nú ekki að telja sjálfum þér eða mér trú um, að það sé fólkið hérna, sem ræður þessu það er sýslumaðurinn, sem ræður því, og kaupmennirnir Þessir mathákar og vinsvelgir og guðlastarar!

— Þetta eru ógudlegir dómar, sagði presturinn og spratt upp úr sætinu.

Geðshræring frúarinnar fór líka vaxandi.

— Vitum við nokkuð um guð, annað en það, hvernig hann hefir birzt í hinu bezta í mönnunum? Og hafa þeir ekki hent gaman að því öllu og svivirt það? Og það hér inni í þinni eigin stofu!

Honum varð orðfall. Hann horfði á hana. Í svipnum var angist.

— Og hverjum er það að kenna, að þessir riddarar rétttrúnadarins hafa náð valdi á fólkinu í öðru eins máli og þessu? sagði frúin enn fremur. Engum öðrum en þér, sem ert á sama máli eins og kennarinn, sem þið eruð að reka! . . . Hver á að tala við fólkið, þegar þú þegir?

— Þú veizt, hvernig eg lít á það mál, sem þú ert nú að ympra á. Eg hefi oft sagt þér það.

Hann reyndi sýnilega að stilla sig sem bezt.

— Já, eg veit það. Eg kann utan bókar allar viðbárur heigulskaparins og ódrenglyndisins.

Hann hrökk saman og varð fögur sem nár.

Þá gekk hann að henni. Svipurinn harðnaði. Hann lagði hægri höndina nokkuð fast á öxl hennar og sagði:

— Nú segir þú ekki meira. Ekki vegna mín, heldur

vegna sjálfrar þín. Þú sér sjálf, að ofurlitilli stund liðinni, svo sárt eftir þessum óguðlegu ógætnisordum. Þú veizt, að eg er ekkert vondur maður og enginn ódrengur.

En hún gat ekki stilt sig.

Hún hopaði á hæli frá honum og svaraði með ákefð:

— Nei, nú ætla eg að tala. Hvað sem af því hlýzt, skal það út, sem hefir brent sál mína sárast að undanfögnu . . . Eg skil það, að þú viljir láta mig þegja. Þér hugkvæmist aldrei neitt ráð annað en þögnin. Alt þitt hjal um andleg mál er ekki annað en þögn — þögn um hugsanir þessarar aldar — þögn um alt það, sem kemur börnum nútímans í raun og veru nokkuð við Og stundum finst mér þetta hjal eins og reykur af útbrunnu eldsneyti. Sumir sofna í þeirri svælu. En öðrum súrnar sjáldur í augum. . . . Eg veit, að þetta verður ekki sagt um þig einan. Svona eruð þið. . . . Hvers vegna felið þið eldinn fyrir fólkinu — eld nýrra hugsana, eld andans — þið ykkar, sem vitið, að hann hefir aldrei logað skærara í veröldinni en nú? Eg veit það. Þú hefir margsinnis sagt mér það. Þið eruð hræddir um, að fólkið brenni sig, segið þið. En það er ósatt. Þið eruð ekki hræddir við það, þó að þið séuð að reyna að telja ykkur trú um það. Það er oddborgarahátturinn utan um ykkur, sem þið standist ekki. Þið látið alt af bera vatn í eldinn í sálum ykkar — slökkva sannleiksástina sjálfa. . . . Og við og við fer eins og í dag. Sannleikanum afneitað. Og ill öfl látin fara með fólkið út í ódrengskap og rangsleitni.

Hún leit á hann og sá, að hann horfði á hana. Og hún sá jafnframt, að öll reiði var horfin af andlitinu á honum. Hann horfði á hana ástríku bænaraugum.

Henni féll allur ketill í eld. Í huga hennar skaut á einu augabragði upp meðvitundinni um það, að eitthvað væri rangt hjá henni sjálfri. Hún vissi ekki, hvað það var. Hún fann á þeirri stund, betur en nokkuru sinni áður, hve heitt hann unni henni — hve þrá hans eftir ást.

hennar var takmarkalaus. Og henni fanst hún vera sjálf eins og gargandi kría.

Hún fleygði sér í legubekkin, stakk andlitinu niður í legubekkshausinn og grét sáran.

Hann flutti stól til hennar, settist á hann, tók utan um þá hönd hennar, sem að honum vissi, og klappaði henni blíðlega.

— Gráttu ekki, elskan mín, vertu ekki að gráta, mælti hann. . . . Eg er enginn bardagamaður. Eg er engin eik. Eg svigna eins og stráin. En eg er ekki eins vondur, eins og þú heldur. Eg hefi útvegað Þórði annan skóla, snerist í því tafarlaust, þegar eg sá, hvernig hér hlaut að fara. Svo að hann verður ekki fyrir neinu skakkafalli. . . . Eg veit þú segir, að þá hafi sannleikurinn orðið það. Það er alveg satt. Heldurðu eg viti það ekki? Heldurðu ekki, eða skilurðu ekki, að þetta hafa verið sárir þynnar, sem stungist hafa inn í sál mína? Skilurðu ekki, að eg hefi ekki einu sinni getað talað um þetta við þig, af því að það hefir verið svo viðkvæmt? Nú fyrst get eg það, af því að eg sé, hvað mikið er í húfi. . . . Af öllu því, sem okkur mönnunum er á hendi falið, finst mér sannleiksbaráttan vera flóknast og vandasamast viðfangsefni. Vafalaust er það veikleika mínum að kenna, að hún miklast mér svo í augum. En satt er þetta samt. Mennirnir fjandskapast ekki jafn-ákaft gegn neinu eins og sannleika, sem birtist þeim í nýrri mynd. Og allur fjandskapur gefur illum öflum byr undir báða vængi. Fyrir allan fjandskap, við menn eða hugsjónir, verða einhverjir verri menn en þeir hefði annars orðið. . . . Hugsaðu þér, hvað hefði orðið úr þessu kennaramáli, ef eg hefði gert það, sem þú vildir, að eg gerði — gert það, sem eg hefði ef til vill átt að gera. Guð veit, hvað eg hefði átt að gera. Eg veit það ekki. Eg veit það eitt, að þá hefði illar hugsanir farið hvítfyssandi um sveitina, eins og öldurnar hérna úti á firðinum, þegar þær eru æstastar. Að rógur og ómildir dómur hefði borist frá einu heimili til annars, hefði smogið úr einni sál í

aðra. Eg veit, að eg hefði fengið einhverja á mitt band. En að sýslumaðurinn og kaupmennirnir hefði líka fengið einhverja á sitt band. Og eg veit, að flokkarnir hefði farið að fjandskapast hvorir við aðra. . . . Eg hefði ekki alt af verið svona skapi farinn. Eg veit það. Og þú veizt það líka. Þegar bækurnar einar eru fyrir framan okkur, þá eru allar götur greiðfærar. Og þá er sannleiksbrautin þráðbeinn og rennsléttur þjóðvegur. En þegar út í lífið kemur, verða göturnar svo margar og vandi að greina þær rétt hverja frá annari. Og víða er girt yfir þær, svo að snúa verður við. Og sumstaðar kviksyndi á götunni, sem sneiða verður hjá. Og á menn eins og mig dettur oft myrkrið, áður en okkur varir, myrkur efans og ráðaleysisins. . . . Eg veit, að sannleiksbaráttuna verður að heyja. Eg veit, að annars yrði veröldin ekki að eins að stöðuvatni, heldur líka að forarpolli. Eg veit, að miklir menn heyja hana eins í lífinu, eins og þeir heyja hana á æskuárunum í huganum. En eg veit, að eg er ekki mikill maður. Eg veit, að allur rógur um mig og vini mína étur sig inn í sál mína, eins og meinsemd full af eitri. Eg veit, að samkvæmt einhverju dularfullu lögmáli tilverunnar verða æfinlega einhverjir menn þeim mun verri, sem meira er unnið gott. Eg veit, að hjá því verður ekki komist. Eg veit, að það rýrir ekki gildi hins góða. En eg veit líka, að kæmi einhver maður til mín, þessa heims eða annars, og færði mér sönnur á það, að eg hefði gert hann að verri manni, þá gæti eg ekkert annað gert en hulið andlit mitt og sagt: Guð, vertu mér syndugum líksamur! . . . Gráttu ekki, elskan mín, gráttu ekki! . . . Hugsaðu ekki um mig sem ódreng, hvorki við sannleikann né annað. En hugsaðu um mig sem veikan vin þinn á vegamótum, breyskan og ráðprota í myrkrinu. Eg veit svo oft ekki, hvert eg á að halda. Og eg stend kyr og horfi út í myrkrið. En þeim, sem standa hjá mér, vil eg vera svo góður sem eg get.

Hann laut niður og kysti hana á hárið.

Þá ætlaði hann að rétta sig upp.
En hún tók báðum höndum um háls honum.

Eftir drykklanga stund átti hann brýnt erindi á annað heimili. Hún sat eftir og horfði á eftir honum út um vesturglugga skrifstofunnar.

Kvöldsólin skein þá gegnum skýrönd og varpaði rauðum töfraljóma yfir strókana vestur í hrauninu.

Og sólin skein inn í sál konunnar. Og hún sá nýtt útsýni lúkast upp. Hún þóttist skilja, að kærleiksþráin og sannleiksástin hljóta að geta átt samleið.

Og hún sá, að það var hennar hlutverk sjálfrar, að finna leiðina.

En jafnframt vissi hún, að leiðin yði vandfundin.

EINAR HJÖRLEIFSSON.

Móðurmálið.

(Talað til stúdenta á fundi 21. des. 1907.)

Aldarminning Jónasar Hallgrímssonar hefir vakið margan mann til umhugsunar um íslenzka tungu.

Sveinn lögmaður Sölfason segir svo í formálanum að bók sinni »Tyro juris«:

»Þar næst meðkenne eg, að hier finnast ógjarnan »gömul gullaldarorð, sem nú eru komen úr Móð, og að eg »þarimót hefe stundum hiálpast við þau orð, sem dreggenn eður samsett eru af Dönskunni, hvað eg helld eingenn »spiöll . . . og so sem vor Efne í flestum Greinum deppendera af þeim Dönsku; því má þá ecke einnen vort »Tungumál vera sömu Forlögum undirorpeð.«

Þessi eyndarorð bárust mönnum til eyrna á ofanverðri átjándu öld.

Þjóðin var dauð úr öllum æðum; hún hafði glatað trúnni á mátt sinn og megin; þá var það talið líklegast til frama, að herma eftir erlendri þjóð, semja sig að hennar siðum, tala hennar tungu.

Slík niðurníðsla móðurmálsins ber órækan vott um þjóðarhnignun, um lítilmensku, heigulskap og vesaldóm.

En erum við þá, sem nú lifum, sýknir saka? Er móðurmálið okkar hafið til fulls upp úr niðurníðslu undanfarinna alda?

Líklega halda flestir að svo sé.

Og það er satt, að ritmálið hefir tekið algerðum stakkaskiftum síðan daga Sveins lögmanns. Það hefir kastað útlenda, danska og latneska hamnum; það hefir eins og losnað úr álögum; og þá lausn þökkum við ýms-

um ágætismönnum, sem voru uppi á öndverðri 19. öld, þeim Sveinbirni Egilssyni, Konráði Gíslasyni, Jónasi Hallgrímssyni o. fl.; islenzkan hafði til allrar hamingju átt sér örugt fylgsni undir tungurótum alþýðunnar; þess vegna var henni þá viðhjálpanði; þessir menn leiddu hana út úr felunum og settu hana í háseti bókmentanna. Við unnum Jónasi mest, af því að hann hefir manna bezt leitt í ljós, að nútíðarmálið, eins og það lifði og lifir enn á vörum alþýðunnar, er svo fjölskrúðugt, lipurt og hljómfagurt, ef rykið er hrist af, að því má með réttu skipa við hlið forntungunnar og í flokk merkustu tungumála heimsins.

Jónas Hallgrímsson var upprisa og lif islenzkrar tungu

»En hvað er þá orðið okkar starf« síðan hann og hans félagar hnigu til moldar?

»Höfum við gengið til góðs götuna«, sem þeir vísuðu oss á?

Höfum við unnið, svo um muni, að viðreisn og þroska móðurmálsins?

Nei. Það er meinið. Við höfum ekkert gert.

Enn er flest lært á danskar bækur í helzta almenna mentaskóla landsins; enn tala flestir kennarar dönsku-blending við kæriveina sína; enn er engin orðabók til yfir nútíðarmálið í heild sinni, engin orðbeygingafræði, engin orðskipunarfræði, engin orðsköpunarfræði, alls engar nýtar kenslubækur til að kenna móðurmálið; móðurmálskenslan er þess vegna lítils virði, eða einskis, í flestum menningarskólum landsins; henni er haldið uppi fyrir síðasakir, rétt til málamyndar, eins og einhverri hálf-óþarfri aukagetu.

Það er satt, að málið hefir auðgast undanfarinn mannsaldur; því hafa fénast mörg ný orð, sem fengur er í. En meir hefir þó dyngst í það af útlendum orðskrípum. Farið og talið við verzlunarmenn; þeir hafa dönsk orð í annarhvorri setningu, sem þeim hrýtur af vörum. Sama er að segja um sjómenn og iðnaðarmenn; allir eru þeir

dönskuskotnir. En verstir eru þó mentamennirnir; þeir gera sér að vísu flestir eitthvert far um að rita málið stórlýtalaust, en þeir tala það manna verst; tal þeirra er mest mengað dönskum orðum og setningum.

Uppi í sveitum er enn töluð góð íslenzka. En þar fækkar heldur fólkinu; því fjölgar í kaupstöðunum. Þeim fækkar óðum, sem tala íslenzku, þeim fjölgar óðum, sem tala dönskublending.

Sveitamenn tala íslenzku, af því að þeir hafa ekki heyrt annað mál, ekki lært annað; en þeir virða flestir málið einskis; þeim þykir frami í því, að kunna fáein erlend orð og hafa þau jafnan á lofti; vita oftast ekki hvað þau merkja, en halda þau hljóti að tákna eitthvað markvert, af því að þau eru útlend; það er t. d. altalað um eitt hérað, að þar séu allir vitmenn kallaðir »ídiótar«.

Unga fólkid fylkist úr sveitunum hingað í bæinn til vetursetu, piltarnir til að læra tungumál — erlend mál, stúlkurnar til að »ganga á verksteð« eða læra »matarlagningu«. Og alt lærir það að tala dönskublending.

Reykjavík er brugðið um spillingu; eina spillingin, sem að kveður, það er spilling móðurmálsins. En hana nefnir enginn; hana fordast enginn; og hún berst ódfluga yfir landið eins og bráðnæm sótt.

Þetta blendingsmál kaupstaðanna stíkar skessuskrefum yfir byggð manna. Eftir fáar aldir verður það komið inst í afdali, byggðina á enda, þjóðina á enda. Þá mun hún dauð, þessi fagra tunga feðra vorra, hún, sem er móðir allra norrænna mála og fegurst þeirra allra; þá munu niðjar okkar tala og rita eitthvert hrognamál, eitthvað á borð við Færeyjamálið.

Því segi eg það:

Íslenzk tunga er á glötunarvegi.

Málið er að spillast á vörum þjóðarinnar. En ef því heldur fram, þá hlýtur ritmálið einnig að spillast, er tímar liða, og alt að glatast.

Það er eins og enginn viti af þessum voða, því líkast, sem við séum allir úti á þekju, blindir og heyrnarlausir.

Við höfum oft orð á því, að Íslendingar í Vesturheimi séu að glata móðurmáli sínu; við gerum gys að þeim, þegar þeir segjast »krossa strituna«, en sjálfir »spáserum við á fortóinu«. Við sjáum ensku flisarnar vestan hafs, en eygjum ekki dönsku bjálkana heima fyrir.

Nú munu sumir menn vilja skella skuldinni á Dani, kenna þeim um það, að íslenzkan enn í dag »depen-derar« af dönskunni.

En það er röng sakargift.

Það er gamall og ljótur siður hér á landi, að kenna sambandsþjóð okkar um flest okkar sjálfsköpuðu viti.

Spilling móðurmálsins er sjálfskapað viti.

Það er auðvitað, að hver smáþjóð verður að leita sér mentunar í bókmentir hinna stærri þjóða og læra af þeim ýmsa vinnu; og það er auðsætt, að tungu smáþjóðarinnar hlýtur jafnan að vera hættu búin af slíkum mökum, ef engrar varúðar er gætt.

Við höfum verið varúðarlausir. Það er meinið.

Við höfum átt mest viðskifti og mentamök við Dani; þess vegna er íslenzkan orðin dönskuskotin. Ef við hefðum í þess stað og jafnlengi átt mök við Þjóðverja eða Englendinga, þá mundum við nú vafalaust vera orðnir hálfþýzkir í tali eða alenskir.

Þetta alt bjó mér í hug á aldarafmæli Jónasar Hallgrímssonar. Þess vegna vakti eg máls á því þá í kveldveizlunni, að stúdentafélagið ætti ekki að láta staðar numið við eirlíki Jónasar, það ætti að reisa þessum mesta ritsnilling þjóðarinnar á nútíðarmál lifandi minnisvarða, taka aldarafmæli hans til þess, að vekja nýja, sílifandi, máttuga vitleitni í þá átt, að vernda móðurmálið og auka fegurð þess og orðgnótt í ræðu og riti.

Það var tillaga mín og er enn, að stofnað sé eins konar félag í þessu skyni; það sé skipað 12 mönnum, eða 18 ef fært þykir; hugsa eg mér að stúdentafélagið nefni

til fyrstu mennina og nefni þá, sem færastir eru í móðurmálinu og fúsastir að vinna því gagn; en upp frá því kjósi þessir málvarnarmenn, ef svo má segja, sjálfir í skarðið, þá er einhver deyr félagsmanna.

Við köllum beztu skáldin þjóðskáld. Við gætum eins kallað beztu höfunda þjóðhöfunda. Þeir, og þeir einir ættu að fá rúm í þessum flokki, sem í það og það sinni eru taldir ritfærastir og bezt að sér í málinu.

Það á að vera sómi, er tímar líða, mikill sómi, að eiga sæti með þessum mönnum. Og allir ungir efnismenn meðal mentamanna munu þá gera sér far um að tala og rita sem bezt — til þess að geta komist í tölu þjóðhöfundanna. Eða: vilja ekki öll skáld verða þjóðskáld?

Hins vegar ber að heimta af þessum mönnum, þessu félagi, hvað sem það yrði nú kallað, að þeir vinni móðurmálinu alt það gagn, sem þeir geta. Þeir eiga sjálfir að semja, eða gangast fyrir því, að samdar séu góðar ken slubækur, til að kenna ungum mönnum móðurmálið; þeir eiga að vinna að því, að útrýma, sem mest má verða, útlendum ken slubókum úr skólunum, en fá í þeirra stað íslenzkar ken slubækur; þeir eiga að gera sér alt far um að reka á flóttu allan þann urmúl af útlendum orðum og setningum, sem nú eru á reiki í daglegu tali, og þar eiga þeir að ganga berserksgang.

Meðal annara þjóða er enginn haldinn með mentuðum mönnum, sem ekki talar móðurmál sitt lýtalaust. Því eiga þessir málvarnarmenn að koma til leidar, smátt og smátt, að enginn Íslendingur sé heitinn mentaður maður, ef hann talar ekki íslenzku lýtalaust. Í einu orði sagt: þetta félag á að verða máttarstoð íslenzkrar menningar.

Þótt ótrúlegt megi virðast hefi eg heyrt utan að mér, að ekki muni verða til 12 menn, því síður fleiri, er séu fúsir og færir til slíks starfs.

Eg trúi því ekki.

Eg þekki fullmarga menn, sem óefað eru færir til að hefja þessa veglegu baráttu; sjálfur er eg ófær, veit eg vel, og vil spara öðrum þá fyrirhöfn, að segja mér það.

Þó gagnar ekki færleikurinn ef viljann vantar.

En haldið þið í alvöru, að engir 12 menn séu til, eða 18, meðal ritfærustu manna þjóðarinnar, er séu fúsir til þess, að vinna móðurmálinu það gagn, sem tillagan fer fram á — rétt að byrja verkið.

Eg skil ekki það vantraust.

Mér finst alt benda til þess, að þjóðin sé nú að taka sinnaskiftum, henni sé að eflast trú á mátt sinn og megin; en þeirri trú mun vafalaust fylgja nýr vilji og aukinn áhugi á heill lands og lýðs.

Sannast að segja: það ætti að kenna hverju barni að skynja og skilja, að auðna þjóðarinnar er undir því komin, að hver kynslóð láti sér sem allra annast um þjóðararfinn, svo að hver maður hirði enn meir um arf þjóðarinnar en eigur sínar, meti meir heill heildarinnar, en hagsmuni sína, enda líf sitt, ef því er að skifta.

En þjóðararfurinn er tvískiftur.

Landið — það er föðurarfur þjóðarinnar; málið er móðurararfurinn.

Þetta tvent höfum við fengið að erfðum, og við eigum að vernda það og skila því óskertu, helzt fegruðu og bættu í hendur komandi kynslóðar.

Við eigum að yrkja tún og akra þar sem nú eru móar og mýrar; við eigum að brúa allar torfærur; við eigum að klæða hliðarnar skógi; og við eigum að standa þverir gegn því, að útlendingar fái eignarráð yfir nokkrum skika. Þessi ásetningur er nú, sem betur fer, á hvers manns vörum.

En við eigum líka að hafa allan hug á því, að vernda íslenska tungu, móðurarf þjóðarinnar.

Og þar er hættan miklu meiri. Þó að landið fari í örækt, getur komandi kynslóð ræktað það aftur; þó að útlendingar klófesti jarðeignir, má kaupa þær aftur. En

ef móðurmálið fer í órækt, ef það visnar á vörum þjóðarinnar, þá á það engrar viðreisnar von — lítið til Færeyja og Noregs.

Eg hefi nú lýst tillögu minni; nú sel eg félaginu málið í hendur; eg veit að það er þá í góðum höndum; hvað sem í móti blæs, er eg þess fulltrúa, að þetta félag muni aldrei gleyma því, að hér er um að ræða merkasta mál þjóðarinnar, hennar móðurmál.

G. BJÖRNSSON.

Stúdentafélagið fól nefnd manna að íhuga þessa tillögu. Eftir rækilega íhugun og umræður á mörgum fundum samþykktu stúdentar á fundi þriðjudaginn 10. marz, að fela 6 mönnum að koma á fót sjálfstæðu félagi til verndar móðurmálinu; en þeir sex meun eru enn ókosnir. Stefnuskrá hins nýja félags skyldi vera lík því, sem um hafði verið talað í fyrstu, en félagatala ótakmörkuð, þó svo, að jafnan væri innan félagsins 18 manna flokkur, starfandi manna, og skyldi þeir einir skipa nýjan mann í annaðhvort autt sæti í þeim flokk, en annaðhvort sæti skyldi skipa svo, að aðalfundur félagsins nefndi til 3 meun og tæki starfsflokkurinn einn þeirra. Hér er ekki rúm til að gera nánari grein fyrir þessu félagsáformi.

18. marz 1908.

G. B.

Sjálfstæðisbarátta Noregs

árið 1905.

Stutt yfirlit.

Yndislegt, mikilfengt æfintýrið, sem endir var bundinn á með hinni norsku þjóð daginn sem Hákon konungur sigldi inn fjörðinn til Kristjaníu, er enn í augum langsamlega mikils meiri hluta þjóðarinnar eins og glampandi sólskinsfoss.

Mér er það orðinn gamall vani að leita að rótum alls þess, sem kemur hugsun minni á hreyfingu eða gerir huga minn hlýrri, og því dýpra sem þær rætur ná, er eg finn, því meira traust hefi eg á gróðurmagninu.

Og að svo miklu leyti, sem eg get séð, er rótin að þessu glæsilega norska æfintýri svo falleg og djúpsett, að mér er fögnuður að því að sýna mönnum hana.

Allar þjódir mannkynssögunnar hafa gætt guði sína beztu og djúpsettustu hugsununum, þeim hugsunum sínum, er gert hafa vart við sig af mestri alúð og mestu magni og mestum sérkennileik, og sett hafa allsherjar mótið á anda þeirra. Og þar sem þessir guðir hafa í upphafi verið höfðingjar eða vitringar með þjóðunum sjálfum, hefir geymst margt ógleymanlegt spakmæli, sem þeim hefir um munn farið — og þá einkum þau, er svo var háttað, að þjóðin kannadist við insta eðli sjálfrar sín í þeim.

Svo var Norðurlandamönnum farið, jafnvel flestum þjóðum fremur.

Eg hefi kynt mér sögu Norðurlanda allra, að því leyti sem eg hefi átt kost á. Og eg hefi sannfærst um

það, að norrænn sérkennileikur hefir aldrei komið fram með fegurri né skýrari hætti en í einni gullfallegru línu í Sæmundareddu (Grógaldri). Hún hljóðar svo:

Sjalfr leið sjalfan þik!

Móðir á að gefa syni sínum heilræði um það efni, sem hann varðar mestu, og hún gefur honum þau níu. En þetta heilræði: »Sjalfr leið sjalfan þik« er fyrst þeirra, og það er eins og líftaugin í öllum hinum — svo að hin fá gildi fyrir það eitt, að þau standa í lífrænu sambandi við þetta heilræðið. Og gamla konan vekur beinlínis athygli sonar síns á því, að þessi fjögur máttarorð eigi hún ekki sjálf; þau séu komin alla leið frá Óðni — frá ædsta höfðingja og vitringi norræns anda. Eg bið menn að veita þessu sérstaka athygli.

Eðlisfar og líf þjóðarandans í Austurlöndum, og eins með Grikkjum og Rómverjum, hefir verið öðrum adaleinkennum búið. Við Germani á þetta miklu fremur en aðra: Sjalffr leið sjalfan þik«. Frelsi og sjálfstæði hefir ávalt verið þeim adalatriðið, sem alt annað hefir orðið að lúta; og með Norðurlandamönnum hefir þetta komið greinilegar fram en með nokkurum öðrum; þar leynir það sér ekki, að þetta er frumtónninn, sem hvarvetna kveður við.

Nú hafa bæði Danmörk og sérstaklega Svíþjóð ávalt getað samið öll sín æfintýr, skipað öllum málefnum sögu sinnar í skjóli þessa adalatriðis þjóðarandans: »Sjalfr leið sjalfan þik«. En hvað er um Noreg? Eftir veglega fornöld hefir þjóðin þar um nálægt 500 ár fundið eins mikið til norræns eðlisfars síns eins og Dánir og Svíar. En samt hefir Noregur sveimað eins og söngvana fugl milli þeirra, hefir ekki haft magn til þess að fara eftir þessu veglega máttarorði: »Sjalfr leið sjalfan þik!« — honum hefir jafnvel í raun og veru aldrei, þrátt fyrir veglega fornöld, vaxið svo fiskur um hrygg, að hann hafi verið eins vel fær um það eins og Danmörk og Svíþjóð. Sannast að segja var það ekki lýðum ljóst fyr en 13.

ágúst 1905, að norsku synirnir gætu farið að fullu og öllu eftir þessu dýrlega heilræði hinnar norrænu móður sinnar.

Einkum var örðugra í Noregi en í Danmörk og Svíþjóð að koma þjóðar með vitundinni í eina heild, vegna þess að sveitirnar voru svo einangraðar og svo langt var á milli bæja í þessum einangruðu sveitum. Starf Haralds hárfagra, Ólafs helga og Hákonar gamla fekk í því efni ekki notið sín, og fyrir því hafa Norðmenn í raun og veru aldrei verið samvaxin þjóðarheild, jafnvel ekki á hinna glæsilegustu fornöld landsins.

En innan hverrar einstakrar sveitar hefir samt mátt finna nóg, og meira en nóg, af þessu gamla hugarfari: »Sjalfr leið sjalfan þik«. Og fyrir því verða menn vist við það að kannast, að ranghverfan á sannarlegu sjálfstæði, tröllseðlið í henni, sem kemur fram í orðum Dofrakarlsins: »Vertu sjálfum þér nógur!« hefir látið meira á sér bera en góðu hófi hefir gegnt. Og ekki er rétt að draga fjöður yfir það, að ýmsir höfðingjar á óðalsjörðunum hafa raunalega oft átt í illdeilum í því einu skyni að losna hver við annan. Svo að það er sannleikur, að þrætugirni og málaferlasótt hefir, alt fram að síðustu tímum, oft verið hörmulegt aðaleinkenni þjóðlifsins uppi í hinum þröngu, einangruðu sveitum Noregs.

En þrátt fyrir það hefir mátt sjá glampa af göfugri hugsjón á þessari hættulegu skrípamynd sjálfstæðisins, sem kemur fram í orðunum: »Vertu sjálfum þér nógur!« — þegar gætt hefir verið að ástæðum öllum. Og óhætt er að fullyrða það, að án þessa hugarfars hefði annar eins dagur og 13. ágúst 1905 aldrei yfir oss runnið — dagurinn, er öll ættarbönd, virðing manna hvers á öðrum og virðing einstaklinganna á sjálfum sér styrktist svo eftirminnilega um alt landið. Vér vitum, að við atkvæðagreiðsluna 13. ágúst sögðu 184 nei, og 368,211 sögðu já. En eg er þess fullvís, að hefðu allir þessir atkvæðisbæru menn getað farið með alt sitt hyski, karla, konur og vinnufólk, þá hefði allur sá manngrúi líka sagt já — og

atkvæði þeirra hefðu verið greidd af sömu frelsis- og sjálfstæðis-tilfinningu eins og atkvæði húsbóndans sjálfs.

Samt sem áður var hnignan Noregs, sem varð með svo skjótri svipau fyrir nálægt 500 árum, frammar öllu öðru afleiðing af þessari óheillahneiging til þess að »vera sjálfum sér nógur«. Í öðru lagi bar að höndum sérstök óhöpp, sem drógu magn úr þjóðinni. Og meðan á þeim stóð, náði sú hnignunar-orsókin þroska, sem auðsæjust er, raunalega viðtæk, *a u v i r ð i l e g n o r s k y f i r l æ t i s s t e f n a* («Stornorskeri»).

Með því á eg við það, að margir af auðugustu og voldugustu höfðingjum landsins létu svo mjög blindast af þeirri dýrð lífsins, sem eingöngu er á yfirborðinu, og af ginningum hins ytra valds, að þeir sviku með öllu hugsjónina, sem fólgin er í orðunum: »Sjalfr leið sjalfan þik«, sviku alt sannarlegt sjálfstæði, sviku jafnvel þá hugsjón að vera sjálfum sér nógur, og þá hlaut þjóðinni að fara aftur. Þessir velbornu herrar sóuðu tíma og kröftum í endalaust, ruddalegt eigingirni-brask — fengu aldrei nóg af valdi, nafnbótum og peningum. Tign þeirra var hvorki í höfðinu né hjartanu, heldur í trantinum. Þess konar sýkir frá sér. Norsku þjóðinni hnignuði.

Og þá kom svefnmókið langa. En þrátt fyrir alt, brá hvað eftir annað fyrir glampa af hinni fornu hugsjón: »Sjalfr leið sjalfan þik«, í allri vesöldinni. Einkum var svo með bændum. Svo að það leyndi sér ekki, að þess gæti orðið auðið á ókomnum tímum að gera þjóðarmedvitundina samfelda um alt landið.

Þessir glampar voru það, sem komu fram svo skýrir og fullir af fyrirheitum, nær því með allri þjóðinni, í frelsisstarfinu árið 1814. Og glæsilegasta hámarkið var sú stund, er allir tóku höndum saman, þrátt fyrir alla þrasgirnina og tilhneiginguna til þess að vera sjálfum sér nógir, og unnu heitið: »Samtaka og dyggir skulum við vera, þar til er Dofrafjöll hrynja«. Sá dagur var undanboði hins 13. ágústs 1905. Og hugur sá, er sérstaklega norskir bændur höfðu á Kristjáni Friðriki Danaprins,

var glampanði fyrirheit þess, hvernig öll norsk þjóð leit á Karl Danaprins, þegar hann var orðinn konungur Noregs og skipið brunaði með hann inn fjörðinn að höfuðborginni í ríki hans.

Eg hefi bent nokkuð ítarlega á þessa sérstöðu Noregs andspænis hinni norrænu sjálfstæðis-hugsjón, í því skyni að geta því ljósara bent á það atriðið í sambandinu við Svíþjóð, sem hlaút að valda sambandslitum að lokum.

Hugsjónin, sem fólgin er í orðunum: »Sjalfr leið sjalfan þik«, hafði þá, þrátt fyrir alt, geymst með þjóðinni um hinn langa tíma svefnmóks og magnleysis; og hún hafði varpað ljóma á tilfinninga og hugsjónalíf Norðmanna árið 1814. En lengra var enn ekki komið. Skilningur þjóðarinnar á því, hvað í þessum fjórum veglegu orðum er fólgið, þegar lengst er rakið, og viljaþróttur hennar til þess að koma í framkvæmd afleiðingunum af frelsisstarfinu var enn lamaður, eins og vonlegt var — að því ógleymsdu, að fé skorti með öllu. Og þar sem nú svo var ástatt, var það eðlilegt, að menn skildu hvorki né gætu við það kannast, að Karl Jóhann reyndist í raun og veru veglyndur maður, þegar hann viðurkendi að lokum stjórnarskrá Noregs og samþykkti svofelt samband með löndunum, að Noregur yrði »frjálst og sjálfstætt ríki«. Hann hafði sjálfur vald til þess að spilla öllu, og auk þess stuðning frá öðrum löndum. Hvað sem því líður, er það áreiðanlegt, að kjarni þjóðarinnar, bændur, létu sér fátt finnast um sambandið við Svíþjóð, féllust á það fyrir þá sök eina, að þeir sáu að lokum, að þeir voru til neyddir vegna stórveldanna, og vegna þess hve Noregur var orðinn örmagna og hagar þjóðarinnar illa kominn að öllu leyti. Nærfelt engum þótti vænt um sambandið. Hátíðarblærinn á hugum manna, sem stafaði frá hinni fornu hugsjón: »Sjalfr leið sjalfan þik«, hafði verið ríkari en svo, og kjarni hugsjónarinnar hafði fest of djúpar rætur í hugum manna.

Og víst er um það, að þetta atriði, sem nú hefir síðast verið á minst, hlaut að hafa mjög eftirtektarverðar afleiðingar — þær, að mikill munur hlaut að verða á skilningi Norðmanna og Svía á því, hvernig sambandinu væri í raun og veru háttað.

Framar öllu öðru verða menn að athuga það, að Svíþjóð hafði alt framan úr fornöld átt þess stöðugan kost að haga þjóðlífi sínu samkvæmt hugsjóninni: »Sjalfr leið sjalfan þik«. Ekki að eins fyrir þá sök, að landið var flatara og þéttbýlla, og fyrir því auðveldara að koma þjóðartilfinningunni í eina heild; heldur hafði og verið meiri eldur og meira magn í þjóðinni, en hún hafði notað heima, og það hafði hvað eftir annað vakið bæði undrun og aðdáun allrar Norðurlöndunar. Hvað var ljómínn umhverfis Harald, Ólaf, Sverri og Hákon á undan hnignunartímanum í samanburði við ljómann umhverfis Gústaf Adolf og Karl 12? Hér hafði sannarlega árangurinn af hugsjóninni: »Sjalfr leið sjalfan þik« orðið meiri en nokkurstaðar annarstaðar á Norðurlöndum. Sízt varð Noregur borinn saman við Svíþjóð. Menn eiga ekki að vera að mæla því neina bót, og því síður vera að stagast á því með ofsafengnum hroka — menn eiga blátt áfram að líta á það sem edlilegan hlut, eins og ástatt var, að þrátt fyrir það veglyndi, sem beitt hafði verið, veitti Svíum örðugt að vinna bug á meðvitund sinni um það, að þeir væru fremri þjóðinni við hliðina á þeim, sem var þeim lítilmótlegri og fátækari. Sannanir þess, að þeir höfðu verið henni fremri, voru svo ótvíræðar í mannkynssögunni.

Það var, með öðrum orðum, ekki annað en sjálf-sagður hlutur, að Svíar litu einkum þeim augum á sambandið, að smám saman ætti sameiginlegum málum á öllum sviðum þjóðlífsins að fjölga. Og það er skiljanlegt — og fyrir því má mæla því bót — að Svíum hætti við því, þegar þeir litu á málið frá stjórn mála-sjónarmiði eingöngu, litu á afstöðuna til annarra landa, sendisveitir sínar í öðrum löndum og utanríkisstjórn, að finnast það skerðing á þeim veg, er hið fræga land hafði getið sér

í mannkynssögunni, að sjá Noreg með alveg sömu réttindum við hlið sér á þessu sviði.

Mér er, að mínu leyti, mjög fjarri skapi að áfellast Svía fyrir það, að þeir litu þessum augum á sambandið. Eg skil það svo vel.

En frá sjónarmiði norskra stjórn mála hlutu menn að líta alt annan veg á sambandið. Að sama skapi sem norræna grundvallarhugsjónin: »Sjalfr leið sjalfan þik« hafði kviknað með öllum sinum töframætti í hugum Norðmanna — og hún hafði, eins og áður hefir verið sýnt, fyrsta skiftið tindrast sem vottur um þrá, er öll þjóðin gerði sér ljósa — að sama skapi hlaut ákvæðið um samband Noregs við Svíþjóð að þokast út í myrkrið, en skínandi sólarglampi að koma á þau orðin, að Noregur væri »frjálst og sjálfstætt ríki.«

Afleiðingin varð sú, óviðráðanleg, að eftir skilningi Norðmanna varð aðaláherzlan lögð á stjórnarskrár-rétt landsins til fullkominis og óskoraðs jafnstæðis við Svíþjóð, eða eins og kveðið er að orði í ávarpi stórþingis til Óskars konungs 17. júní 1905, á það »að sameiginleg mál verði ekki fleiri en fyrir er mælt í sambandslögunum, og að öðru leyti að halda uppi einræði beggja ríkjanna í öllum málun, sem sambandslögin taka ekki fram skýrum orðum, að séu sambandsmál.«

Þessi grundvallarmismunur var þá, og hlaut að verða, frá byrjun á skilningnum á sambandinu. Fyrir báðum þjóðunum hefir vakað gamla, norræna heilræðið: »Sjalfr leið sjalfan þik«. En þessi mismunur hefir gert Norðmenn að byltingagjarnri þjóð, fullri af eftirlöngunum og mjög starfsamri í öllum greinum; en Svíþjóð að ihaldsamri þjóð, sem biður og hvílir sig. Og þessi mismunur olli smám saman og hlaut að lokum að valda sambands slitum.

Mig hefir þá sérstaklega langað til þess að benda á þetta, til skilningsauka á hinum tilkomumikla æfintýrsleik, sem endaði svo glæsilega fyrir ættjörð minni:

Í fyrsta lagi, að norsk þjóð fekk í raun og veru aldrer fyrir en árið 1814 notið þess fagnaðar að kannast við

frumeðli sjálfrar sín í hinum glæsilegu, norrænu orðum: »Sjalfr leið sjalfan þik«. Þá var það, að þjóðarmeðvitundin varð að einni heild og gaf svo mikil fyrirheit um ókominn tíma. Og í öðru lagi, að það var einmitt andinn í þessum fjórum máttarorðum, sem benti öllum Norðmönnum og leiftraði fyrir augum þeirra í þessum 4 orðum stjórnarskrárinnar: »frjálst og sjálfstætt ríki«.

Og fyrir því getur í raun og veru enginn maður með heilbrigðum hug áfelst Norðmenn, og ekki heldur sænsk þjóð, þegar tímar liða, svo miklu sem hún er gædd af heilbrigðri skynsemi, og svo göfuglynd sem hún er að edlisfari. Öllum hlýtur að finnast það sanngjarnt og tilhlýðilegt, að Norðmenn aðhlytust, á grundvelli sögunnar og réttlætisins, þann skilning á sambandinu, sem komið hefir fram hjá þeim.

Auðvitað ætla eg mér ekki að segja sögu málsins. Eg læt mér nægja að minnst á nokkur hinna verulegustu atriða.

Þegar það er athugað, sem nú hefir verið sagt, verður það skiljanlegt, að allar sambandsnefndir síðan 1837 hafa strandað, og það, sem þær hafa gert, hefir verið að engu haft. Svíar hafa ekki getað sætt sig við þá grundvallarskoðun á sambandinu, sem ávalt hefir komið fram hjá Norðmönnum, og vera má, að þá hafi grunað, að breytinga kynni að lokum að verða krafist á skilningi Svía á afstöðu sambandslandanna til annarra þjóða. Og Norðmenn hafa hvorki getað né viljað hverfa frá þeim kröfum, sem þeir hafa komið með.

Svo sem kunnugt er, varð konsúlamálið aðal-deilufnið. Og af því, sem sagt hefir verið, skilst mönnum það væntanlega, að svo hlaut að fara. Það mál er áfast utanríkisstjórninni. Og eftir skilningi Svía átti hún að öllu leyti að vera við Svíþjóð bundin.

Til þess að sýna hinni miklu, sænsku þjóð sanngirni, verður til skilningsauka að minnst á eitt fyrirbrigði, sem hlaut að hafa úrslita-áhrif á málið, og hafði það líka.

Lesandinn mun minnst þess, að eg benti áður á

iskyggilegt fyrirbrigði í Noregi, sem kom fram skömmu áður en vanmáttur færðist á þjóðina fyrir 500 árum. Eg nefndi það »norska yfirlætisstefnu«. Með alt of miklum rétti má líka tala um sænska yfirlætisstefnu (»Storsvenskeriet«). Og um þá, sem henni fylgja, má segja hið sama eins og um samsvarandi flokkinn í Noregi, sem nú er löngu undir lok liðinn, að þeir starfa út af fyrir sig, án þess að vera í lífrænu sambandi við alþýðu manna (þó að þeir geti sennilega sýkt frá sér þar eins og annarstaðar). En munurinn var sá, að yfirlætisflokkurinn í Noregi var skipaður nokkurum tignum höfðingjum, sem ekki höfðu samband sín á milli, og fyrir því áttu þeir ekkert af þeim völdum, sem þeir keptu eftir með svo mikilli hnignunar-græðgi. En yfirlætisflokkurinn í Svíþjóð er skipaður allmörgum mönnum af tignum ættum, mönnum, sem eiga saman að edlisfari og eiga það skilið að vera í virðingarstöðum, mönnum, sem telja sér það metnað — og að sumu leyti með réttu — að hafa fylkt sér utan um hinar gömlu, virðulegu erfikenningar, mönnum, sem leggja kapp á það — og frá þeirra sjónarmiði líka með réttu — að vernda, framar öllu öðru, vald og ágæti þessara erfikenninga með þjóðinni. Frá sænsku sjónarmiði er að því leyti ekkert að því að finna, að þessum mönnum er trúað fyrir mikils háttar stöðum í sænskum stjórnámálum, og að vald þeirra samtals er töluvert. Tvent geta menn jafnvel skilið, og fyrir því mælt því bót að nokkuru leyti: í fyrsta lagi þetta, að þessi yfirlætisflokkur í Svíþjóð hlaut að krefjast þess, að afstöðu sambandsríkjanna við útlend ríki mættu að sjálfögðu engir aðrir ákveða en Svíar einir; þessi fátæka, sögulausa þjóð hinum megin við Kjölinn ætti sannarlega alls ekkert tilkall til þess að gera þess konar ákvæði. Og í öðru lagi hitt, að frá þessum tignartindum hafi menn eins og ósjálfrátt hlotið að líta nokkuð skakt og með nokkuru mikillæti á Noreg, með öllum hans byltingarhug og lýðstjórnar-tilhneigingum, og að menn hafi ekki getað stilt sig um að brosa dálítið háðslega að þessari

litlu þjóð, sem var nýkomin fram á sjónarsviðið, með öllu hennar braski við að ná fullkomnu jafnstæði við gömlu Svíþjóð, eitt af frægðarlöndum Norðurlálfunnar.

Víst er um það, að frá hinni voldugu sveit hins sænska yfirlætisflokks kom það ö r l ö g þ r u n g n a s k j a l, sem hleypti tundursendlinum undir örð ríkjasambandsins. Stjórnarformaður Norðmanna Hagerup, hafði 28. maí 1904 sent stjórnarformanni Svía, Boström, skjal, sem nefnt var »uppkast«; í því var ágríp af þeim ákvæðum, sem norska stjórnin hugsaði sér að yrðu sett í lög, er samþykkt yrðu samhljóða í báðum ríkjunum: samkvæmt 2. gr. í skjali, sem áður hafði verið sent (24. marz 1903) og kallað hefir verið »Communiqué«, áttu þessi lög að vera um afstöðu sérkonsúlanna til utanríkisráðherrans, og þeim átti ekki að mega breyta, né heldur nema þau úr gildi, án samþykkis stjórnarvaldanna í báðum ríkjunum. Nálægt hálfu ári síðar en þetta »uppkast« hafði verið sent, 23. nóv. 1904, kom Boström stjórnarformaður til Kristjaníu með svo nefndar »á stæður«: skriflegt ágríp af sænskum grundvallar hugmyndum um það, hvernig slík lög ættu að vera.

Í þessu skjali var tundurkúlan fólgin. Ásamt ýms-um öðrum nýjum kröfum af Svía hálfu, var sú krafa þar, að sænskur utanríkisráðherra ætti að geta komið því til vegar í ríkisráði Svía, að konsúlum, sem skipaðir hefðu verið í ríkisráði Norðmanna, yrði vikið úr embætti!

Svo voldugur var yfirlætisflokkurinn í Svíþjóð, að hann dirfðist að koma með slíka kröfu.

En hvorki gátu Norðmenn þolað þetta, né heldur áttu þeir að þola það. Í skjali sínu frá 11. jan. 1905 lét ríkisráð Norðmanna getið 6 atriða í bréfi Boströms, tók það fram afdráttarlaust, að þau atriði gerðu Noreg að lýðríki, og fór fram á, að þau væru feld úr.

En stjórn Svía var ekki fánæg til þess að fella úr þessi atriði, sem voru Noregi svo mikil óvirðing. Óskar kon-

ungur ekki heldur. Og enn urðu að engu tilraunirnar til þess að koma sambandsmálinu í sanngjarnt horf.

Þetta var mikil og sár vonbrigði. Og í ræðu í stórþinginu 8. febr. fórust Hagerup stjórnarformanni meðal annars orð á þessa leið: »Þjóð vor þráir af heilum hug friðsamlega sambúð og gott samkomulag með þessum tveimur náskyldu nágrannaþjóðum. En sambands-ástandið er óhafandi, eins og það er nú, og getur ekki haldist, svo að sambandinu verði hættulaust. Fyrir því hlýtur verkefnið að vera það, að fá komið í framkvæmd, afdráttarlaust og óskorað, skilyrðum þess, að Noregur fái notið þess ríkisréttar og þjóðréttar, er hann á heimting á sem fullveldis-riki, og allir Norðmenn hafa verið og eru sammála um að halda fram«.

Samt hefir stjórnarformaðurinn enn von um samvinnu eftirleidis, er fús á að eiga þátt í henni eða segja af sér embætti eftir atvikum — og hann lýkur máli sínu svo sem hér segir: »Stjórnin vonar, að jafnframt slíkri samvinnu muni takast að gefa vidleitni þjóðarinnar þann byr undir báða vængi, sem því er samfara, að þjóðin þreytir göngu sínu í samfeldri fylkingu«.

Til samvinnu var líka stofnað. Og í stórþinginu var 18. febr. skipuð 19 manna nefnd, til þess að athuga af nýju skjöl konsúlamálsins. Hagerups-ráðaneytið sótti um lausn þ. 1. marz. Konungsefni hafði tekið við stjórninni til bráðabirgða 8. febr., og komið til Kristjáníu 13. s. m. Nú sendir hann nefndinni bréf, og býður þar að sönnu víðtækari samninga-grundvöll til jafnstæðis. En í sama bréfinu telur hann það illa farið, að tillögur Boströms (lýðríkisatriðin) hafi ekki náð fram að ganga. Þau atriði voru einmitt ikveikjuefnið. Enda kviknaði í með álitsskjali nefndarinnar, dags. 6. marz. Tvö fyrstu atriði þess voru þessi:

1. Á þessu þingi sé gerð ályktun um stofnun alnorskra konsúlaembætta og um þau aðalatriði fyrirkomulagsins, sem nauðsyn ber til.

2. Eftir nákvæmari ihugun með hinni nýju stjórn

skal kveða á um, hvenær lögin skuli öðlast gildi og konsúlaembættin skuli stofnuð, en ekki verði það síðar en 1. apríl 1906.

Þ. 11. marz var hið nýja ráðaneyti skipað. Michelsen og Lövland urðu stjórnarformenn Lövland, Hagerup-Bull og Bothner voru í ríkisráðsdeildinni í Stokkhólmi. Þessi nýja stjórn lýsir yfir því meðal annars 15. marz í stórþinginu, að með því að hún sé samþykkt álitsskjali nefndarinnar, vilji hún koma í framkvæmd þeim rétti, er Noregur hafi samkvæmt stjórnarskránni til þess að hafa norsk konsúlaembætti, og halda uppi fullveldi Noregs sem frjáls og sjálfstæðs ríkis. Niðurlag yfirlýsingarinnar var á þessa leið: »Með viðurkenning þess, er samningastefna sú, sem nú er bundinn endir á, hefir kent oss að fullu, að þjóð vor fær ekkert að gjöf, að vér getum engum treyst öðrum en sjálfum oss, og að það er komið undir þjóðar-magni sjálfra vor og viljabreki, hvort þau ummæli stjórnarskrárinnar, að Noregur sé frjálst og sjálfstætt ríki, eigi að komast í framkvæmd, gengur hið norska ríkisráð að starfi sínu, og er þess albúið að gera skyldu sína hvað sem að höndum ber«.

Nú var hin dýrlega, norræna hugsjón: »Sjalfr leið sjalfan þik« komin fram í öllum sínum frjálsmannlega ljóma. Stórþinginu hitnaði líka um hjartaræturnar; og það hét hinni hugrökku stjórn fylgi sínu af hlýjum hug og með afmíklum orðum.

Hinn ramnnorski, mikilsmetni prófessor Friðþjófur Nansen kvað svo að orði í Times um málið, þegar hér var komið: »Það er ekki ákvæði um jafnstæði, sem vant að hefir, heldur góðan vilja Svía til þess að fara eftir þeim ákvæðum, sem til eru«. Samkvæmt því sem sagt hefir verið, verðum vér að leidrétta þau ummæli á þá leið, að það er naumast rétt gert af Nansen að bregða öllum Svíum um góðan vilja í þessu efni. Hann ætti að kenna um stórmennunum, sem nú hafa völdin og bundnir eru ýmsum erfikeningum, yfirlætisflokknum sænska. En í eftirfarandi framhaldi greinarinnar hefir Nansen með

öllu rétt að mæla: »Vér höfum reynt allar leiðir til samkomulags; en nú er ekki frammar nema einn kostur fyrir hendi, vér verðum að fá rétt vörn virtan í þessu máli. Vér treystum á sigur réttlætisins«.

Nú, en ekki heldur fyr en nú, leggur konungsefni það til, að afdráttarlausu jafnstæði verði komið á, og jafnvel Boström sjálfur er látinn fara frá völdum. En nú er stjórn Norðmanna tekin að eiga við nefndarálitid af kappi, og hún svarar tilboði konungsefnis dags. 5. apríl í álitsskjali dags. 17. apríl meðal annars á þessa leið: »Væri farið að fresta þessu máli nú, þá væri það sama sem að hverfa frá samhljóða kröfu norskrar þjóðar um það, að fá nú komið í framkvæmd rétti, er Noregur á sem fullveldisríki, rétti, sem veittur er með stjórnarskrá landsins. . . . En þegar konsúlamálið hefir verið til lykta leitt, má ráða til þess, að af nýju verði byrjað á samningum um sambandsmálið að öðru leyti. En þá verður það að vera á frjálsum grundvelli og með þeim hætti, að verði nýjar samningatilraunir enn árangurslausar, þá sé hvoru ríkinu um sig frjálst að kveða á um alt fyrirkomulag þjóðfélagsins á ókomnum tímum«.

Nú er hreinn hljómur kominn í lúðurinn. Og auðheyrð er við hvað lagið er ort: »Sjalfr leið sjalfan þik!«

Í sameinuðu ríkisráði í Stokkhólmi 25. apríl mun norska ríkisráðsdeildin hafa sagt, að augnamið Norðmanna væri ekki sambands slit, en að kostur yrði að vera á sambands slitum, ef svo bæri undir, og að sá kostur væri í fullkomnu samræmi við sambandslögin. Þá lýsti konungsefni yfir því, að enn yrði að fresta öllum nýjum samningaumræðum.

Nefndarálitid um alnorska konsúla var lagt fyrir stórþingið 10. maí, og þar var tekið fram í forsendunum, að nokkurum sinnum áður hefði þessi aðferð verið höfð; og sérstaklega er kveðið svo að orði: »Enn fremur skal bent á grundvallarlagabreyting sænska ríkisþingsins 1885; með henni var gerð veruleg breyting á meðferð utanríkismála með sænskri ráðsályktun eingöngu (án þess að spyrja

Norðmenn um það!). Þar sem nú Svíar hafa með sænskri ráðsályktun eingöngu breytt meðferð utanríkismála, þá geta Svíar að sjálfsögðu ekki komið með neina mótbáru, sem á ríkislögum er reist, gegn því að hitt sjálfstæða landið í sambandinu ráði til lykta í konsúlamálinu (sem er langt um takmarkaðra eðlis) með ráðsályktun, sem eingöngu er gerð af stjórnarvöldum þess«. Enn fremur heldur nefndin því fram, að álitsskjal hennar hafi, svo sem kunnugt sé, fengið samhljóða fylgi um land alt . . . og að þetta fylgi sé órækur vottur þess, að krafan um það, að konsúlamálinu verði ráðið til lykta tafarlaust með ráðsályktun norskra stjórnarvalda, sé mál, sem þjóðin öll sæki fastara en alt annað, og að frá þeirri kröfu muni norsk þjóð ekki hverfa.

Eins og menn sjá, kveikir hugsjónin: »Sjalfr leið sjalfan þik« í hugum manna og safnar þjóðinni saman!

Þ. 18. maí voru konsúlalögin samþykkt í óðalsþinginu með öllum atkvæðum í einu hljóði. Próffessor Hagerup kom með frestunartillögu, sem var feld. Og í umræðunum um hana komst Michelsen stjórnarformaður svo að orði: »Vér viljum ekkert missætti við sambandsland vort; vér æskjum friðar og góðs samkomulags við hitt landið. Það, sem vér erum nú að gera, er ekki annað en þetta: vér förum þráðbeina leið stjórnarskrár vorrar; og verði úr því missætti, þá verðum vér að taka afleiðingunum af því. Vér högum oss ekki svo sem vér hefðum enga ábyrgð, né í blindni. Vér högum oss þannig af því að vér teljum það skyldu vora við ættjörðina«.

— Með þessu hefir í stuttu máli verið skýrt frá helztu grundvallar-hugsunum «æfintýrsins». Sennilega er mönnum svo kunnugt um það, er síðar gerðist, — alt frá því er Óskar konungur synjaði konsúlalögum staðfestingar og viðburðinum 7. júlí til hins mikla glæsilega dags, er Hákon konungur og Michelsen stjórnarformaður mættust í Kristjaníufirði — að ekki þurfi frá því að skýra sérstaklega. Mér virðist svo sem það, er eg hefi bent á, sé nægilegt til þess að sýna aðdragandann að hinni mikilfengu

ráðsályktun, sem gerð var 7. júní, og til þess að sannfæra menn um það, að ummæli Michelsens um hina þráðbeinu leið stjórnarskrárinnar voru ekki hégómi, og um það, að skyldu og ábyrgðartilfinningin hafi farið vaxandi í öllum undirbúningnum. Og eins skal eg geta enn: hafi verið að tefla um nokkura ofsafengna óvild til Svíþjóðar af hálfu norskra stjórnarvalda, þá sýnir það, sem nú hefir verið frá skýrt, að leitast hefir verið við að minsta kosti að láta alls ekkert á þeirri óvild bera.

Einkum vona eg, að menn muni hafa séð, hve Hagerup stjórnarformaður hafði rétt að mæla, þegar hann talaði um það, að norsk þjóð þreytti göngu sína í samfeldri fylking, og sömuleiðis séð það, að hin fornnorræna grundvallar-hugsjón: »Sjalfr leið sjalfan þik« hafi verið fólgin bak við alt, sem gerst hefir. Þetta var viðkvæðið, sem farið hafði eins og stormþytur um sálardjúp norskra leiðtoga árið 1814, tengt þá saman á hátiðlegri stund og lát-ið þá vinna heitið, að verða samtaka og dyggir, þar til er Dofrafjöll hryndu. Nú hefir það viðkvæðið farið um alla þjóðina, af því að hún hafði öðlast þroska til þess, og það hefir orðið aðalkjarninn í einu því, er fegurst getur gerst í lífi nokkurrar þjóðar — þegar sannarlegt sjálfstæði vaknar, fær betur og betur meðvitund um sjálft sig, gengur í þjónustu ættjarðarástarinnar, tengir saman alla einstaklingana á dreifingunni og gerir úr þeim trúarörugga, hjálpfúsa heild.

— Viðfeldið er það að sjálfsgöðu að vita, að mikilsvirtur þýzkur lögfræðingur, prófessor L. von Bar, hefir fært rökfastar sannanir á það, að Norðmenn hafi átt fortakslausan rétt á að stofna alnorsk konsúlaembætti, hafi átt á réttu að standa um það, sem olli sambandsslitum. En fyrst er þess að gæta, að slík lögfræði-skarpskygni er, þrátt fyrir alt, nokkuð köld og stíð og vantar hjartaslög tilfinninganna; og í öðru lagi mun mega fullyrða það, að sé þetta eina úrslitaleiðin, þá muni mega álasa Norðmönnum fyrir margt og mikið — líka frá lögfræði-sjónarmiði —, og að margt muni koma upp úr kafinu hér og þar, sem menn

geti sagt um og verði að segja um, að þar hafi Svíar haft rétt að mæla að lögum. Eg finn, að mér er þörf á að láta þessa getið í heyranda hljóði. Satt er það að vísu, að yfirlætisflokkurinn sænski hefir gert hvert glappaskotið eftir annað — líka frá sjónarmiði laganna — og að ójafnaður hans hefir stuðlað að því, að nefndarálitíð í konsúlamálinu kom fram, að konsúlalögum var synjað staðfestingar, og að hinir iskyggilegustu örðugleikar komu fram á fundinum á Karlstað. En jafnáreiðanlegt er hitt, að sá flokkur hefir, þrátt fyrir alt, farið að ráði sinu eins og hann fór af ást til Svíþjóðar og eftir beztu samvizku. Og vér Norðmenn ættum, framar öllum öðrum, að vera svo vandadír og láta oss þykja svo vænt um hreinleik hugarfarsins, að vér könnumst við þetta.

En þótt ekki sé lítið á annað en þetta, »að breyta eftir beztu samvizku«, þá eru menn komnir lengra en að sjónarmiði lögfræðinnar. Og hver sem lætur sér það nægja, og hyggur að hann hafi kafað til botns í málinu með Svíum og Norðmönnum á þessum tímum með því einu, að dæma málið eftir nákvæmustu lögfræðireglum — hann sýnir, að hann hefir í raun og veru alls ekki kynt sér eðli þess né málavexti.

Það sem gerðist í Noregi 1905 er miklu meira mál en endir getur orðið bundinn á með sókn og vörn málfærslumanna. Það er sögulegur árangur af auknum þroska, það er dómsúrskurður sögunnar. Í Noregi er þetta aðalatriðið, að þjóðin hefir fundið þá hugsjónina, sem er ná-tengdust eðlisfari hennar, og náð valdi á henni. Og þegar svo er ástatt, er réttlætið ekki fólgið í lagagreinum, heldur í því, að þjóðin, sem í hlut á, á það skilið, sem gerst hefir. Og samt má segja, að því betur sem þeir verðleikar hafa sáldast og hreinsast í vakandi meðvitund þjóðarinnar, því fjær fer því að sjálfsögðu, að breytingar-árangurinn í lífi hennar ríði bág við gildandi lög. Miklu fremur verður einmitt það mælikvarðið á árangurinn, hve vel hann samþýðist gildandi lögum — auðvitað að því til skildu samt, að þau eigi rætur í sönnu

réttlæti. Noregur átti þessu láni að fagna, svo að komist varð hjá stjórnarbylting, sem annars er oft óhjákvæmleg. Og af því stafaði sú gætni, sú fáorða hyggni og sá þróttur, sem einkent hefir leiðtogana.

— Vér höfum þá aflað oss nýs réttar til lífs og þroska eftir gömlu, norrænu frumreglunni: »Sjalfr leið sjalfan þik«, aflað oss hans með forsjónardómi sjálfrar sögunnar. Og vér höfum fundið gildi þess réttar þar sem hans gætni með göfugustum hætti: Fyrsta sinni höfum vér Norðmenn nú fundið til þess og vitað það gláðvakandi, að vér erum samfeld þjóð frá Knöskanesi til Liðandisness. Betur, að vér gætum jafnframt orðið svo sjálfstæðir, betur, að vér gætum aflað oss þess næmleiks augans, sem sér kærleiksdóm guðs bak við réttlætisdóm sögunnar!

Eg segi þetta af allri þeirri alvöru, sem búið getur í sál minni — alls ekki fyrir þá sök eina, að það er sjálf-sagt sémilegt af mér, prestinum, að vilja ekki útrýma trúrækninni — heldur blátt áfram fyrir þá sök, að eg er óbifanlega sannfærður um það, að sú mikilfenglega sýn veitir attjörð minni einu áreiðanlegu hjálpina til þess, sem nú er meiri þörfin á en nokkuru öðru: að varast gömlu freistinguna til þess að vera sjálfum sér nógur. Látum vér bugast af henni, þá breytist hinn nýsmíðaði, sjálfstæði Noregur smátt og smátt í höll Dofrakarlsins. Ef vér förum að flækjast með hverskonar draumsýnir, eins og Pétur Gautur, þá En eg er vongóður. Og þegar eg lít til leiðtoga vorra, þá trúi eg því, að það verulega sjálfstæði, sem vér höfum nú aflað oss, muni kenna oss að losna við gamlar syndir af því tæginu, svo að vér getum, af hlýjum og þróttmiklum hug og sundurgerðarlaust, tekið að starfa að þeim verkefnum, sem flykkjast nú utan um oss, og fagnað því að ráða fram úr þeim með ástundun og hjálpfýsi — jafnframt því sem í eyrum vorum hljómar dýrlega viðkvæðið:

»Sjalfr leið sjalfan þik!«

O. P. MONRAD.

Prédikarinn og bölsýni hans.

Þær hugmyndir eru almennastar um bibliúna, að hún sé ein heild, sömu skoðununum sé haldið fram í öllum ritum hennar. Margir kennimenn og eigi allfáir leikmenn, er um trúmál fjalla, tala oft svo um ritninguna sem harla lítill munur sé á fremstu ritum gamla sáttmálans og sjálfum guðspjöllunum. Og sumir lifa enn í þeirri trú, að reisa megi trúarlærdómna jafnt á Davíðssálmum og Opinberunarbókinni, jafnt á Prédikaransbók sem bréfum Páls postula.

Flestir Íslendingar, er telja sig fylgja kenning kirkjunnar, hafa mjög ákveðnar skoðanir um það, hvað ritningin sé. Hún er guðs opinberaða orð, segja þeir. Og út frá þeirri staðhæfing imynda þeir sér, að allar kenningar hinna helgu rithöfunda hljóti að renna saman í eina heild; þar geti engin rödd verið hjáróma, — engar mótsagnir átt sér stað í »guðs orði«. Þessar skoðanir hafa gróðursettar verið í huga þeirra í bernsku, kendar þeim í barnalærdómskverinu. En allan fróðleik um ritninguna vantar að öðru leyti. Fæstum hefir komið til hugar að gera sér grein fyrir, hvernig þessi rit, sem þeim er sagt að séu eftir Móse og Davíð og Salómó og spámenn Gyðinga og postula Krists — menn, sem svo langt er í milli —, hvernig þau séu orðin ein heild, ein heilög ritning.

Ekki þarf nú annað en lesa nokkura kafla í ritningunni með athygli, til þess að reka sig á það, að ritningin er ekki alstaðar sjálfri sér samkvæm. Mótsagnirnar eru margar og miklar, og skoðanirnar margar mjög svo frábrugðnar hver annari. Og á því þarf engan að furða,

sem nota vill skynsemina. Hvernig getur nokkur maður talið það sennilegt, að hugmyndir Móse eða Salómós um guð og tilveruna hafi verið jafn-fullkomnar og skoðanir postulanna? Móse fór með Ísraelsmenn af Egiptalandi um 1320 f. Kr., að því er menn vita bezt, og Salómó ríkti frá 970—933 f. Kr. En rit hins nýja sáttmála flest samin síðari hluta fyrstu aldar eftir Krists burð. Skoðanir manna breytast og þróast á skemmri tíma en 1000 árum.

Ekkert er í raun réttri eðlilegra en að ýmissa mót-sagna verði vart í bibliunni og að trúarhugmyndirnar taki breytingum og þroska eftir því sem tímarnir líða. Að svo sé, vita líka allir þeir, sem til hlítar hafa kynt sér rit bibliunnar og satt vilja segja. Framþjóunarlögmálið ríkir þar sem annarstaðar í tilverunni. Breytingarnar eru ef til vill hvergi eins hægfara og í trúarbrögðunum, og þó á þar við þetta, að bágt er að standa í stað og »mönnum munar annaðhvort aftur á bak, ellegar nokkuð á leið«. Gamla skoðunin: að ritningin sé ein heild, öll spjaldanna á milli óskeikult »guds orð«, — hún styðst við vanþekkinguna eina og forna trú á þetta ritsafn.

En vér eigum ekki að trúa á ritninguna. Vér eigum að trúa á guð og treysta honum. En ritninguna eigum vér að rannsaka og þekkja.

Einna ljósast verður mönnum þetta, þegar því er gaumur gefinn, að í tveim ritum hins gamla sáttmála kemur fram allmikill efi um ýmislegt í þeirri lífsskoðun, sem flestir hinna gyðinglegu rithöfunda halda fram. Þau rit efast að vísu ekki um tilveru guðs, en þeim finst lífið neita því afdráttarlaust, að hann geti verið réttlátur guð, og tilgang lífsins fá þau ekki skilið. Þessi rit eru Jobsbók og Prédikarinn. Sköpunarsagan í fyrstu Mósebók endar á þessum orðum: »Og guð leit alt, sem hann hafði gert, og sjá, það var harla gott«. Þau orð efa báðir þessir höfundar. Höfundi Jobsbókar finst sérstaklega mikið um það, hve lífið sé ranglátt; hann sér lítið merki þess, að heiminum sé stjórnað af skynsemi, þegar á viðburði lífsins er lítið, og með hugarangist spyr hann:

Hvar er hið guðlega réttlæti? Hinn höfundurinn, Prédikarinn, starir á það hvössum sjónum, hve alt í heiminum sé fánýtt og fallvalt, og orðtak hans er hið alkunna, að alt sé aumasti hégómi. Hann fer jafnvel svo langt, að hann telur ótímaburðinn sælan, sem aldrei fái að lita sól-arljósið. Öllu lengra fær bölsýnið ekki komist.

Um þetta rit, Prédikarann, langar mig til að fræða lesendur Skirnis lítið eitt, og geri eg það í þeirri von, að það mætti stuðla til þess að koma inn réttari hugmyndum um rit bibliunnar hjá einhverjum Íslendingi.

Heitið Prédikarinn er til vor komið úr bibliuþýðing Lúters. Eftir henni hefir Guðbrandsbiblía án efa aðallega verið þýdd. Á hebresku nefnist ritið *Qohelet*, og eru menn ekki með öllu á eitt sáttir um, hvernig það orð beri að skilja. Það er dregið af hebreska orðinu *qahal*, söfnudur. En orðið »qohelet« er kvenkyns og merkir því eiginlega: sú sem safnar saman. Sennilega merkir kvenkyns-mynd orðsins starfið eða embættið. Og þaðan færist það yfir á þann, er starfinu gegnir. Á sama hátt er að sögn »kalifat« notað í arabísku þar, sem vér mundum segja »kalífi«. Embættisheitið notað um manninn, sem því gegnir. *Qohelet* merkir þá safnaðarstjóri eða eitthvað því líkt — táknar mann, er safnar fólki kringum sig, til þess að hlýða á kenning sína. Og tilgangur ritsins hlýtur þá að vera sá, að birta mönnum lífsskodu höfundarins. Ritið er því heimspekilegs efnis. Í því er rætt um afstöðu mannsins við heiminn, þarfir hans og langanir, hver tók séu á að fullnægja þeim og hvert alt horfi fyrir honum að lokum. Jobsbók fer að nokkuru leyti í sömu átt. En þar sem höfundur Jobsbókar gripur til skáldlegs háfleygis, til þess að gera efni sitt sem hugnæmast, þá beitir Prédikarinn jafnan kaldri skynseminni, því að augu hans eru opin fyrir annmörkum lífsins. Hann spyr, og hann svarar sér sjálfur. Og svarið sækir hann í viðburði lífsins og reynslu sjálfs sín.

En hver er þessi prédikari? Hver dylur sig undir nafni þessu?

Í fyrsta kapitulanum er komist svo að orði: »Eg, prédikarinn, var konungur yfir Ísrael í Jerúsalem« (1,12) og »eg hefi aflað mér meiri og viðtækari speki en allir þeir, er ríkt hafa yfir Jerúsalem á undan mér« (1,16) og síðar lýsir hann auð sínum, stórvirkjum o. s. frv. (2,4 n.). Af þessu hafa menn ályktað, að höfundurinn væri Salómó Davíðsson konungur. Og því heldur yfirskrift ritsins fram: »Orð prédikarans, sonar Davíðs, konungs í Jerúsalem«. En hana er lítið að marka, því að henni kann að hafa verið bætt við löngu síðar. Svo er t. d. um margar yfirskriftirnar að Davíðssálmum, sem svo eru nefndir. En hitt virðist bersýnilegt, að höfundur ritsins leggur orðin í munn Salómó konungi. En með því er ekki sagt að ritid sé eftir Salómó. Af ritinu sjálfu virðist auðsælega mega ráða, að það geti ekki verið eftir hann. Að því hefir biblíufræðin nýja fært greinileg rök.

Þessu til skýringar skal bent á nokkur atriði.

Höfundurinn segir: Eg hefi aflað mér meiri og viðtækari speki en allir þeir, sem ríkt hafa yfir Jerúsalem á undan mér (1,16). — Hér er svo talað sem margir konungar hafi ríkt yfir Jerúsalem á undan honum. En slík orð hefði Salómó ekki geta látið sér um munn fara, því að faðir hans og fyrirrennari var sá, er vann Jerúsalem úr höndum Jebúsíta og fyrstur gerði hana konungssetur. En Sál einn hafði konungur verið í Ísrael á undan Davíð. — Hann talar í 1. og 2. kap. um, að hann hafi verið konungur, rétt eins og hann hefði látið af konungsstjórn fyrir andlát sitt, — en það gerði Salómó ekki. Og hann fer þeim orðum um eftirmann sinn, sem lítt hugsanlegt er að Salómó hefði talað um son sinn, er hann ekki vissi neitt um, hvornig mundi reynast. Miklu líklegri eru þau orð í munn þess manns, er þekkir sögu eftirmanns Salómós.

Ef Salómó væri höf. ritsins, hefði hann kveðið upp mjög hardan dóm um ríkisstjórn sjálfs sín, því að Prédik-

arinn er býsna harðorður um valdhafann (sjá 4,13; 9,17; 10,5 n.). Hann kvartar um, að valdhafinn setji heimska menn í háu stöðurnar, en göfugmennin sitji í niðurlægingu, og sín reynsla sé sú, að þrælarnir séu riðandi á hestum, en hinir sönnu höfðingjar fótgangandi eins og þrælar. Hann talar um að kúgun viðgangist og hinir snauðu séu undirokaðir og réttleysi ríki (3,16; 4,1; 5,7 o. fl.). Sjálfa einvaldsstjórnina telur hann harðstjórn (8,4) og enga blessun þegnunum (8,9; 10,4). Ef Salómó hefir ritað slíkt, þá hefir hann verið öðru vísi en aðrir konungar. Því að ekki munu dæmi þess, að konungar tali svö um ríkisstjórn sjálfra sín. Og hvers vegna hefði Salómó átt að fara að kvarta yfir slíku í ritlingi, í stað þess að taka sjálfur í taumana? Hann var af samtíðarmönnum sínum talinn allra manna vitrastur, og hann var einvaldur og auðugur konungur; hefði hann alið slíkar tilfinningar í brjósti sem Prédikarinn, og hefði ástandið verið slíkt á hans dögum, mundi hann þá ekki sjálfur hafa reynt að ráða bót á þessu? Auk þess bendir ritið til þess, að konungur landsins hafi verið í bernsku, þá er ritið er samið, og makráðir sælkerar ráðið mestu um stjórn landsins. »Vei þér, land, sem hefir dreng að konungi og höfðingjar þínir setjast að áti að morgni dags«, segir höf. (10,16); og litlu síðar gefur hann þetta heilræði: »Formæl ekki konunginum, jafnvel ekki í huga þínum, og formæl ekki ríki manni í svefnherbergjum þínum; því að fuglar loftsins kynnu að bera burt hljóðið og hinir vængjuðu að hafa orðin eftir« (10,20).

Saga er og sögd á einum stað í ritinu (9,14—16) og lýsir hún alt öðru en góðvild til konungsins, og með auðsælegri litilsvirðingu talar höf. um »óp valdhafans meðal heimskingjanna«.

Við þetta bætist enn annað, sem tekur af öll tvímæli. M á l i ð, sem Prédikarinn notar, er ekki hið sama og það, er notað var á gullöld Hebra. Það er alt annar keimur að því en t. d. máli spámannanna. Eigi að eins er fult þar af nýjum orðum, sem eigi voru þá til í málinu, og

sum eldri orðin hafa fengið breytta merkingu, heldur er og orðmyndun og setningaskipun að miklu leyti önnur. Og þessi ritháttur Prédikarans er í nánú samræmi við þau rit gamla testamentisins, sem síðast eru rituð (um og eftir 200 f. Kr.) og önnur gyðingleg rit síðustu aldanna fyrir Krists burð. Sumstaðar koma fyrir aramísk orð, en svó var sú tunga nefnd, sem töluð var á Gyðingalandi á Krists dögum. Þetta sýnir ljóslega, að Salómó getur ekki verið höfundur ritsins.

Ekki er auðvelt að gera þeim mönnum þetta skiljanlegt, sem lesa ekki ritið á frummálinu. En eitt dæmi skal eg þó benda á til skýringar. Í hebresku eru tvær myndir á fornafni fyrstu persónu í eintölu, önnur eldri, hin yngri, líkt og *ek* og *eg* (eða *ég*) í íslenzku. Eldri myndin er *anóki*, en hin yngri *aní*. Í gullaldarmáli Hebraea er myndin *anóki* (= *ek*) nær því eingöngu notuð, en í nýhebreskunni, sem rituð var síðustu aldirnar fyrir Krists burð, er hin myndin (*aní* = *eg*) vanalegust. Nú er það harla einkennilegt, að í Prédikaranum er eldri myndin (*anóki*) aldrei höfð, en yngri myndin (*aní*) 29 sinnum. Mörg slík dæmi mætti nefna. Að eigna Salómó Prédikarann, væri því í raun og veru jafn-fráleitt og eigna Snorra Sturlusyni einhverja af sögum Gests Páls-sonar, þar sem hver lína ber vitni um mál 19. aldarinnar, og fornmyndir íslenzku orðanna (t. d. *ek*) koma aldrei fyrir.

Sumir fræðimenn halda því og fram, að grískra áhrifa kenni í máli Prédikarans; og ekki fæ eg betur séð en að þeir hafi mikið til síns máls. Og sú ætlun þeirra styrkist við það, að sumar þær skodanir, sem koma fram í ritinu, virðast beinlínis runnar frá grísku heimspekinni. En fyrir slíkum áhrifum urðu Hebrear ekki fyr en eftir daga Alexanders mikla († 323 f. Kr.). Er því auðsætt, að það rit, sem slík merki ber, getur ekki verið eftir Salómó. Jafn-fráleitt er að halda slíku fram og að eigna Snorra Sturlusyni eitthvert íslenzkt rit síðari tíma, þar sem dönskulettur væru innan um, og t. d. haldið fram kenningum

Georgs Brandesar eða einhvers helzta ritsnillings Dana, er lifað hefir á síðustu öld. Eins víst og það er, að Snorri Sturluson gat ekki orðið fyrir neinum áhrifum þeirra danskra manna, er lifðu 600 árum eftir hans dag, eins víst er það og, að Salómó gat ekki orðið fyrir áhrifum frá hinni grísku tungu né heimspeki Stoikara eða Epikúr-inga.

Og langsennilegast virðist vera, að höf. hafi aldrei ætlast til þess, að menn skildu orð hans svo, að hann gæfi það í skyn, að ritið væri eftir Salómó. Hann leggur honum að eins orðin í munn, til þess að gera ræðu sína enn áhrifameiri, lætur Salómó tala, til þess að alvörubunginn verði enn meiri í orðunum. Því að Salómó var af Hebreum eða Gyðingum talinn allra manna vitrastur og mestur. Aldrei hafði ríkið stadið með jafnmiklum blóma og um hans daga. Hann hafði notið þessa heims gæða í rikustum mæli. En það, sem Préd. um fram alt vill koma inn hjá áheyrendum sínum, það er að ekkert af gæðum þessa heims fullnægi þrá mannsandans, og enginn finni betur til þess en sá, er lengst hafi komist í speki og þekkingu. Fyrir því kom það sér einkar-vel að láta Salómó tala — tala af reynslu, láta hann kveða upp hinn þunga áfellsdóm um lífið, að alt sé hégómi. Að höf. hafi ætlast til, að orð sín yrðu skilin á þessa leið, virðist mega álykta af niðurlagsorðum ritsins (12,9—11), svo framarlega sem þau eru eftir hann sjálfan. Þar er sagt með berum orðum, að prédikarinn hafi verið spekingur (þ. e. andlegur fræðari), er miðlað hafi mönnum þekkingu og rannsakað og kynt sér og samið mörg spakmæli. Séu þau orð viðbót síðari tíma, benda þau á, að sá, er þeim bætti við, hafi ekki talið Salómó höfund ritsins.

Og í sjálfu sér er ekki neitt óeðlilegra að láta Salómó tala í slíku heimspekiriti en að láta Móse tala í kvæði, sem um hann er orkt löngu eftir hans dag, t. d. í »Móseljóðum« og »Blessun Móse« (5 Mósebók 32 og 33). Eða tókum annað dæmi, sem oss liggur nær. Er nokkuð

óedlilegt við það, að síra Matthías Jochumsson gerir Guðbrandi Hólabiskupi upp orðin í kvæðinu, sem hann yrkir um hann? Engum dettur þó fyrir því í hug að eigna Guðbrandi kvæðið. Mjög líkt finst mér ástatt um Prédikarann.

Nú þykist eg hafa fært rök að því, að Salómó beri enga ábyrgð á því, sem í Prédikaranum stendur, né heldur beri honum heiðurinn fyrir það, sem þar er vel sagt. En áður en farið er út í að ákveða nánara, hvenær ritið muni vera samið, er þörf að gera nokkura grein fyrir efni ritsins.

Eg gat um það í upphafi þessarar ritgerðar, að biblían væri ekki alstaðar sjálfri sér samkvæm. Sumum kemur sú kenning víst ekki á óvart. En færri hafa að líkindum gert sér grein fyrir því, að í einu og sama riti bibliunnar skuli vart verða mikilla mótsagna. Þó er þessu svo farið um Prédikarann. Og fyrir því er svo ördugt að gera grein fyrir aðalefni hans eða megindráttum hugsananna, sem þar koma fram. En áriðandi er að gera sér þetta ljóst, ef menn vilja skilja lífsskoðun hans, og það var nú einmitt tilgangur þessarar ritgerðar.

Eg ætla þá að benda á helztu mótsagnirnar. Í 3,1—8 heldur höf. því fram, að öllu í lífinu sé afnörkuð stund og sérhver hlutur undir himninum hafi sinn tíma. Andstæður skiftist stöðuglega á eftir einhverju lögmáli, er eigi virðist stjórnað af nokkurri skynsemi og maðurinn geti engin áhrif haft á: að fæðast og deyja, gróðursetja og rífa upp, lækna og deyða, hlæja og gráta, kveina og dansa o. s. frv. Vegna þessa lögmáls verði alt strit mannanna árangurslaust og með þessu hafi guð lagt hina mestu þraut á manninn (v. 9—10). En þegar í 11. v. sama kapítulans kemur alveg gagnstæð skoðun fram. Þar farast höf. svo orð: »Alt hefir hann (þ. e. guð) gjört haggfelt á sínum tíma, jafnvel eilífðina hefir hann lagt í brjóst þeirra; að eins fær maðurinn ekki skilið það verk, sem guð gjörir, frá upphafi til enda«. En ekki stendur sú skoðun lengi, því að þegar í næstu málsgrein ræður höf.

mönnunum til þess að gleðjast og gæða sér meðan æfin endist; annað sé ekki upp úr lífinu að hafa. Ósjálfrátt dettur lesandanum því þegar í hug, að 11. v., sem svo stingur í stúf við það, sem á undan fer og eftir kemur, sé innskot, sem hinn upprunalegi höfundur hafi aldrei ritað.

Í 3,16 og 4,1 neitar höf. því, að nokkurt siðferðislegt réttlæti eigi sér stað í heiminum; þar sem réttlætið eigi að vera, þar sé ranglæti; þarna streymi tár hinna undir-okuðu, en enginn huggi þá. — En í 3,17; 5,7 og 8,11 er það talið vafalaust, að hinn æðsti dómari vaki yfir öllum og muni dæma alla á sínum tíma, — hann fresti að eins dóminum um stund.

Í 3,18—21 er því haldið fram, að enginn munur sé á mönnum og skepnum. Örlög þeirra séu hin sömu: eins og skepnan deyi, svo deyi og maðurinn, og alt hafi sama andann, og yfirburði hafi maðurinn enga fram yfir skepnuna. »Alt fer sömu leiðina«, segir höf., »alt er af moldu komið og alt hverfur aftur til moldar. Hver veit, hvort andi mannanna fer upp á við, en andi skepnunnar niður á við til jarðar?«. — En í 12,7 segir höf.: »Moldin hverfur aftur til jarðarinnar, þar sem hún áður var, og andinn til guðs, sem gaf hann«. En óðara en hann hefir ritað þessi trúarsterku orð, gripur gamla bölsýnið hann og hann slengir út úr sér með jafnmikilli sannfæringu áfellisorðunum sínum alkunnu um lífið: »Aumasti hégómi¹⁾, segir prédikarinn, alt er hégómi!«. Og aftur spyr lesandinn sig, — sá er veitir því nokkura eftirtekt, sem hann les, og ekki telur það óhæfu að hugsa um það, sem í bibliunni stendur: er hugsanlegt, að nokkur rithöfundur geri sig sekan í slíkri mótsögn, og það jafn-skýr maður og höf. þessi hlýtur að hafa verið? Hefir ekki einhverju verið bætt hér inn í, sem ruglar hina upphaflegu skoðun höfundarins?

¹⁾ Í biblíupýðing vorri stendur: „Mesti hégómi“; það er naumast jafnsterkt og frumorðin, sbr. latnesku pýðinguna (Vulgata): vanitas vanitatum.

Í 7,15; 8,10.12 a og 14 er því haldið fram, að hégómi sé að trúa því, að guð umbuni ráðvöndum, en hegni illræðismönnum. — En í 7,17 og 8,5. 12 b. 13 fullyrðir höf. að illgerðamönnunum sé hegnt með því að hrifa þá burt af starfsviði lífsins með skyndilegum dauða, en ráðvöndum mönnum og guðhræddum umbuni guð með því að varðveita þá frá hvers konar ógæfu.

Í 7,2 hvetur höf. mennina til þess að hugsa um dauðann með sem mestri alvöru, því að hann bíði allra. — En í 5,17 og 9,7—10 eru þessar sömu hugleiðingar um vissu dauðans (sbr. 5,14 n. og 9,5 n.) notaðar til þess, að hvetja mennina til þess að eta og drekka og njóta fagnadar alla æfi, því að þegar dauðinn komi sé alt úti, og hinir dauðu hljóti engin laun (9,4).

Í 11,9 a hvetur höf. æskumennina til þess að gefa sig á vald löngunum sínum og girndum. — en þegar í niðurlagi sömu málsgreinar (v. 9 b) minnir hann á, að guð leiði þá fyrir dóm fyrir alt þetta. Og enn dettar lesandanum í hug: Er ekki þetta niðurlag málsgreinarinnar innskot frá sídari tímum?

Í 1,2—10 er því haldið fram, að órjúfanlegt náttúru-lögmál ráði atvikum lífsins, og fyrir því sé alt strit mannanna árangurslaust (2,17.20; 3,9). Og þetta fyllir huga höfundarins örvæntingu. — En í 3,22 og 5,18.19 er nákvæmlega gagnstæðu haldið fram: að strit mannanna hafi oft góðan árangur og veiti sanna lífsgleði.

Tvær gagnstæðar skoðanir á hjúskapnum virðast og koma fram í ritinu. Í 7,26—28 segir höf. að konan sé beiskari en dauðinn, og þar sem finna megi þó einn ágætismann af þúsundi, þá muni ekki vera unt að finna eina slíka meðal þúsund kvenna. — En í 9,9 ráðleggur hann þetta: Njót þú lífsins með þeirri konu, sem þú elskar, því að það er hlutdeild þín og það, er þú fær fyrir strit þitt í lífinu.

Enn fleira þessu líkt mætti til nefna, en þetta mun nægja. Og erfitt verður að halda því fram, eins og reynt

hefir verið, að þetta væri að eins »efasemi sameinuð hinum mesta guðsótta«.

Háskólakennari einn á Þýzkalandi, D. C. Sigfried, sem ritað hefir allnákvæmlega um rit þetta, fullyrðir, að óhugsandi sé að nokkur rithöfundur riti svo. Mótsagnirnar séu þann veg til orðnar, að smátt og smátt hafi verið bætt inn í hið upprunalega rit, aðallega af þeirri ástæðu, að ritið hafi þótt fara með óhæfilega lífsskoðun — óhæfilegt bölsýni.

Á því er enginn efi, að bætt hefir verið inn í sum rit gamla testamentisins. Svo er t. d. sumstaðar í Jesaja. Þar er hin upprunalega ljósa hugsun trufluð með algerlega röngum innskotum.

Sigfried álitur, að skoðun höfundarins komi bezt fram í 3 fyrstu kapitulum, af því að þar hafi minstu verið bætt inn í, enda er samfeldri hugsun haldið þar bezt. Því lengra sem fram í ritið dragi, því örðugra verði að finna nokkura samhangandi hugsun, og því meiri verði mótsagnirnar.

Hvort sem prófessor Siegfried hefir rétt fyrir sér eða eigi, þá kemur öllum saman um, að það, sem hann telur hið upphaflega rit, sé meginkjarni ritsins, eins og það nú er. Og nú skal eg reyna að gera grein fyrir aðalhugsunum þessa meginkjarna.

Höf. heldur því þá fram, að alt í heiminum sé aumasti hégómi og spyr sjálfan sig á þessa leið: »Hvaða ávinning hefir maðurinn af öllu striti sínu, er hann streitist við undir sólinni?« Er nokkuð það í heiminum, sem veiti honum fullnægju? Er nokkuð til, sem sætti manninn við lífið?

Hann virðir fyrir sér atburði lífsins og þeir koma honum svo fyrir sjónir, að alt sé háð órjúfanlegu lögmáli, sömu viðburðirnir komi æ af nýju, alt sé stöðug hringferð, og því sé ekkert nýtt undir sólunni. Og þegar mannsandinn reyni að komast að einhverri skynsamlegri niðurröðun í þessari hringferð viðburðanna, þá mishepnist það með öllu. Hann hafi reynt að afla sér speki og þekk-

ingar, til þess að skilja lífið, en við það hafi gremjan vaxið, því að sá, sem auki þekking sína, auki kvöl sína, — af því að engin ráðning fáiast á gátu lífsins. Þá hafi hann tekið það ráð, að draga úr hugarkvöl sinni með því að reyna gleðina og njóta gæða lífsins. Hann hafi varpað sér út í nautnalífið, hann hafi ráðist í stór fyrirtæki: reist hús, plantað vingarða, gróðursett aldintré, búið til vatnstjarnir, til þess að vökva með vaxandi viðarskóg. Hann hafi keypt sér þræla og ambáttir, og átt miklar hjarðir sauða og nauta; hann hafi safnað sér silfri og gulli; fengið sér söngmenn og söngkonur og »það sem er yndi karlmannanna: fjölda kvenna«. Og alt, sem augu hans girntust, lét hann eftir þeim, og hann neitaði hjarta sínu ekki um nokkura gleði. — Og samt fanst honum alt vera hégómi, er hann leit yfir verk sín. Ekkert af þessu fullnægði þrá hjartans; alt var það eftirsókn eftir vindi; og fyrir því finst honum enginn ávinningur vera til undir sólunni.

Þá reyndi hann að temja sér hina sönnu speki, en einnig það reyndist árangurslaust; því að eitt og hið sama kemur fram við alla, jafnt við heimskingjann sem hinn vitra. Þá fylltist hjarta hans örvænting. »Þá varð mér illa við lífið«, segir höf., »því að mér mislíkaði það, er gjörist undir sólunni; því að alt er hégómi og eftirsókn eftir vindi. Og mér varð illa við alt mitt strit, er eg streittist við undir sólinni«. Því að hver eru launin fyrir alt strit handanna og alla ástundun hjartans? Kvöl og armæða. Jafnvel á næturnar fær hjartað eigi hvíld Þessi er aðalugsunin í 2 fyrstu kapítulunum.

Næsta hugleiðingin ber hann að sama brunni örvæntingarinnar. Þegar höf. skygnist um á þeim svæðum lífsins, er vænta mætti meira frelsis, rekur hann sig á sama órjúfanlega náttúrulög málið, er maðurinn fær ekki að neinu leyti um þokað. Öllu er afmörkuð stund og alt hefir sinn tíma, og fyrir því fer alt strit mannanna forgörðum. Börnin fæðast, en mennirnir deyja. Það, sem gróðursett hefir verið, verður rífið upp á sínum tíma; það sem geymt

er nú, því verður siðar varpað burt. Þetta náttúrulögmál, sem lætur alt hið skapaða farast stöðugt af nýju, festir hann í þeirri trú, að ekkert siðferðilegt lögmál ráði í heiminum og ekkert réttlæti sé til, er stjórni veröldinni. Því að í náttúrunni geti ekki verið til neinar sérstakar ráðstafanir mannanna vegna. Eðli þeirra sé hið sama og skepnanna. Og eins fari alt sömu leiðina: menn og skepnur; alt sé af moldu komið og hverfi aftur til moldar. Þetta er aðalhugsunin í 3. kapítulanum.

Þegar út í 4. og 5. kapítulann kemur, fer alt að verða óljósara. Heldur Siegfried því fram, að hér taki innskotin að brjála hugsun höfundarins. Þó eru meginrættirnir enn hinir sömu. Höf. blöskrar kúgunin og ofbeldið svo mjög, að hann telur þá, sem dánir eru, miklu sælli en þá, sem lifa, en langsælastan þann, sem enn sé ekki til orðinn og hafi því ekki séð þau vondu verk, sem framin eru undir sólunni. Menn safni auði og séu framkvæmdarsamir, en öfundin sé oft aðalhvötin, og auk þess vaxi ágirndin með auðnum og arðurinn svifti menn rónni; og loks sé auðurinn fallvaltur; fyrir því sé það, að sækjast eftir auði, hinn mesti hégómi og eftirsókn eftir vindi. Maðurinn deyi og oft burt frá öllum auðnum, og annar njóti hans. Og aftur kemur hið svartasta bölsýni: ótímaburðurinn er sælli, því að hann hefir aldrei séð sólina né þekt hana.

Réttláti maðurinn ferst, en margur guðlaus maður lifir lengi (6,15). Og réttlátir menn verða fyrir því, sem óguðlegir eiga skilið (8,14). Hjúskapurinn veitir og enga fullnægju, því að konan er beiskari en dauðinn; hjarta hennar er snara og hendur hennar fjötrar. Hver sem guði þóknast kemst undan henni, syndarinn einn verður fanginn af henni (7,26—28). Réttlæti og guðsótti stoða ekkert, því að sömu örlög mæta öllum (9,2—3. 5—6). Mennirnir fá engu ráðið í lífinu. Það er ekki á kappanna valdi að sigra, og spekingarnir ráða ekki yfir auðnum, né vitsmunamennirnir yfir vinsældinni, því að tími og tilviljun mætir þeim öllum (9,11). Og að lokum er dauðinn og algleymið fram

undan. Því að samkvæmt skoðun höfundarins vita hinir dauðu ekki neitt og hljóta engin laun framar (9,5—6). Í dánarheimum er hvorki starfsemi, né hyggindi, né þekking, né vizka (9,10). Hér ræður sama hugmyndin og svo að segja hvarvetna annarstaðar í ritum hins gamla sáttmála um lífið í dánarheimum: Það er gleðisnauð, guðvana skuggatilvera — eiginlega ekkert líf. Hinu eiginlega lífi er lokið í dauðanum. Fyrir því kemst Prédikarinn svo að orði, að betra sé að vera lifandi hundur en dautt ljón (9,4).

Þetta, sem nú hefir greint verið, er vafalaust aðal-skodun höfundarins, hvort sem ritið alt er eftir hann, eða tilgáta Siegfrieds er rétt. Og höf. er bersýnilega Gyðingur, sem tekinn er að efast um trú fedra sinna — hefir í sumum atriðum hafnað henni með öllu. Og hann hugsar hugsanir sínar út í æsar og lýsir skoðun sinni með hlífðarleysi alvörunnar. Hann felst ekki á trú Gyðinga á guðlega stjórn á heiminum; náttúrulegmálið ráði, en ekkert siðgæðislögmál, fyrir því sé alt strit mannanna til einskis, nautnalífið blekking og vizkan veiti sálinni enga fullnægju. Og sennilegt er, að höf. hafi orðið fyrir áhrifum frá öðrum þjóðum, einkum Grikkjum.

En hvernig eru þá innskotin til orðin, eftir því sem Siegfried litur á?

Prédikarinn þótti óhæfilega bölsýnu. Þeir flokkarnir, sem mestu réðu í andlegum málum hjá Gyðingum, mundu hafa tortímt ritinu, ef Salómó hefði eigi verið talinn höfundur þess. Það eitt firti það glötun. Fyrir því var það ráð tekið, að bæta úr bölsýninu og hinum viðsjárverðu kenningum með því að skjóta inn í. Og helztu stefnurnar lögðu hér til hver sinn skerf.

Jafnframt þeim aðalhugsunum, er drepð er á að framan, koma tvær aðrar lífsskóðanir fram í Prédikaranum. Hin fyrri er sú, að maðurinn eigi að eta og drekka og njóta — í hófi þó — fagnaðar af striti sínu, og í sambandi við þau ummæli er reynt að benda á bjartari hlið á lífinu. Þar kennir bersýnilega áhrifa frá kenningu Epíkúrs. Þau

innskotin hyggur Siegfried að stafi frá Saddúkea, er á þann hátt hafi viljað draga úr bölsýni frumhöfundarins og gera ritið hæfilegra í augum þess flokksins. En það er alkunnugt, að einmitt sá flokkurinn, Saddúkearnir, tóku miklum áhrifum frá Grikkjum. Sú viðbótin hefir líklega fyrst verið gerð.

Hin auka-lífsskoðunin, er kemur fram í Prédikaranum, er eiginlega jafngagnstæð frumhugsun höfundarins sem þeirri, er nú var talin. Hún er sú, að vart verði í lífinu við guðs stjórnandi hönd, og að hann veiti þeim, er honum þóknast, vizku, þekking og varanlega gleði af striti sínu. Öllu muni vera vísdómslega niðurraðað; vér skiljum það að eins ekki; guð muni umbuna og hegna þegar hér í lífi, — hann fresti að eins hegningunni á stundum; það gleppi mönnum sýn. Alt, sem guð hafi gert, standi að eilífu, og hann hafi komið því svo fyrir, til þess að vér óttuðumst hann. Maðurinn geti ekki deilt við hinn almátka. Þær umbæturnar stafa þá frá einhverjum rétttrúnaðarmanninum meðal Gyðinga; með þeim hefir hann þózt girða fyrir það, að ritið gæti valdið hneykslunum. Það er sama andlega stefnan, er síðar kemur svo berlega fram hjá Fariseunum á Krists dögum.

Enn álitur próf. Siegfried, að bætt hafi verið inn í frumritið ýmsum spakmælum, og sömuleiðis ýmsum andmælum gegn þeim orðum frumritsins, sem gera lítið úr spekinni. Sérstök stefna meðal Gyðinga lagði stund á hina sönnu speki. Þeirri stefnunni hefir og þótt frumritið of bölsýnt, og þeir urðu því einnig að leggja ofurlítinn skerf til umbótanna.

Hafi próf. Siegfried rétt fyrir sér, þarf engan að furða á mótsögnunum í ritinu, eins og það nú er í bíbliunni. Og ekki finst mér neinn hafa gert jafnglögga grein fyrir þeim mótsögnum og eðli þeirra eins og hann. Og svo mjög hafa fræðimennirnir fundið til þessara mótsagna, að einn (Bickell) kom fram með þá skýringu á þeim, að frumritið mundi upphaflega hafa verið á mörgum blöðum og blöðin ruglast, er þau hefðu verið bundin inn, og þann veg orðið þessi hræigratur af.

En þótt fáir hafi farið jafnlangt og próf. Siegfried, kemur þó flestum fræðimönnum bibliurannsóknanna saman um það, að niðurlagsorð ritsins (kap. 12,9—14), eða meiri hluti þeirra, sé ekki eftir frumhöfundinn, svo og kap. 3,17 og 11,9 c. Þeir, sem allra skemst fara, vilja þó láta sér nægja, að telja kap. 12,1 a. 13. 14 innskot (og að likindum kap. 3,17 og 11,9 c.). En í þessu innskoti, eða viðbæti, standa þessi orð: »Óttastu guð og haltu hans boðorð, því að það á hver maður að gera. Því að guð mun leiða sérhvert verk fyrir dóm, sem haldinn verður yfir öllu því, sem hulið er, hvort sem það er gott eða ilt« (12,13—14).

Hér er aðalskoðun ritsins í raun og veru þverneitað; en þetta niðurlag setti það innsigli á ritið, að hæfilegt þótti að leiða það í kór meðal hinna helgu rita. Þó var lengi deilt um það af Gyðingum, hvort því skyldi heimilað þar sæti. Menn létu að vísu ekki uppi neinn efa um að ritið væri eftir Salómó, en þeir héldu, vegna mót-sagnanna, að hann hefði ekki verið guðinnblásinn, er hann ritaði þetta. Orðskviðina, er líka voru eignaðir Salómó, töldu menn guðinnblásna, en Prédikarinn gat naumast verið það. Varhugaverð í meira lagi þóttu þau orð Prédikarans, er koma í beina mótsögn við ummæli sjálfs Davíðs.

Ritsafn gamla sáttmálans var lengi að myndast, — margar aldir. Lengst var deilt um það, hvort Jobsbók og Prédikarinn skyldu tekin í safnið. Sú varð loks niðurstaðan á fundinum í Jabne, er haldinn mun hafa verið árið 90 e. Kr. — en allengi var það bannað meðal Gyðinga, að unglingar væru látnir komast í Prédikarann.

Allflestir bibliufræðingar síðari tíma eru sammála um það, að ritið sé eitt af yngstu ritum hins gamla sáttmála. Þeir álita flestir að það sé ekki samið fyr en á hinu svo nefnda gríska tímabili í sögu Gyðinga. Það sýna meðal annars áhrifin frá grísku heimspekinni og þó einkum málið: grísku áhrifin á það og nýhebreskan. Próffessor Siegfried er og þeirrar skoðunar. Hann telur ritið samið

um 200 f. Kr., en innskotunum bætt smátt og smátt við á 2. öld. Um 100 árum fyrir Krists burð muni ritið hafa fengið þá mynd, er það nú hefir.

Vér vitum eigi hvað höfundurinn að öðru leyti hefir verið. Hann er kunnur orðinn í sögunni fyrir bölsýni sitt. Og lífsskoðun hans er talin röng. Raunar játa allir, sem lesið hafa hann með gaumgæfni, að orð hans séu veigamikil og víða mjög smellin, svo og að réttlætistilfinning hans sé óvanalega næm. Eigi er því heldur neitað, að hann muni hafa komið maklega við kaun samtíðar sinnar. En að öðru leyti finst flestum bölsýni hans fram úr öllu hófi. Sem dæmi þess skal eg tilfæra nokkur orð eftir prófessor Driver í Oxford, einn hinn merkasta biblíufræðing vorra tíma: »Ef kenning hans yfirleitt væri fylgt út í æsar, mundi hún beinlínis verða til þess að lama alla framkvæmdarviðleitni manna, kefja allar sjálfsafneitunar- og mannúðarhvatir og deyða alla göfgandi og ósérplægna starfsemi«. En þrátt fyrir þetta verður lesandanum hlýtt til höfundarins. Alvaran grípur um hjartað. Og samkendingin eða samhugurinn vaknar ósjálf-rátt.

Það, sem bölsýni Prédikarans veldur, er það að hann finnur ekki réttlátan guð, því síður miskunnsaman. En einkum er það þó vonleysið, sem fram undan liggur, sem gerir honum svo dimt fyrir augum. Í öðru riti, sem líka er eitt af hñnum yngstu ritum hins gamla sáttmála, eru sjálfum Davíð lögð þessi orð í munn: »Sem skuggi eru dagar vorir á jörðunni og engin er vonin« (1 Kron. 29,15). Sama vonleysið kemur fram í Jobsbók: »Eins og vatnið holar steinana og vatnsflóðin skola burt jarðarleirnum, svo hefir þú gert von manna að engu« (Job 14,19). Og hver sú von er, sést berlega á þessum orðum í sama kapítula: Ef eg vissi að maðurinn lifnaði aftur, þegar hann deyr, þá skyldi eg þreyja alla daga herþjónustu minnar, þar til er lausnartíð mín kæmi.

Von eilífs lífs vantaði. Og þá um leið öll tækin á því að réttlæta stjórn guðs á heiminum. Þau tæki auk-

ast stórum við þá vissu eða þekking, að endalaus eilífð taki við fyrir handan landamæri lífs og dauða.

Þegar þessa er gætt, að von eilífs lífs vantaði, verður bölsýni Prédikarans vottur um djúpsæi anda hans. Hversu miklu lengra er hann kominn en sumir spekingar síðustu alda, þeir er hafnað hafa trúnni á guð og eilíft líf, en hyggja samt að forða mannsandanum frá bölsýninu með því að halda þeirri hugsjón að oss, að þótt hver kynslóðin eftir aðra um þúsundir eða miljónir ára sökkvi ofan í algleymisdjúp tilveruleysisins, þá sé sá tilgangur lífsins nægilega glæsilegur, að hefja mannkynið til fullkomnunar hér á jörð — einhverja kynslóð, sem einhvern tíma verður til áður hnöttur þessi ferst. Þangað stefni framþróunin. Mikil er trú þeirra manna. Eins og slík hugsjón, svo fagurlega óeigingjörn sem hún virðist, fullnægi nokkuru því hjarta, sem vaknað er til sín sjálfs — fullnægi eilífðarþránni, þorstanum eftir samfélagi við guð! Slíkir spekingar þekkja ekki mannlegt hjarta eins vel og Prédikarinn. Þeir eru enn á yfirbordinu. Dýpstu lindir hjartans eru þar enn ekki komnar upp.

Þessi bölsýni höfundur er kominn svo langt, að hann finnur til þess, að engin jarðnesk gæði fullnægja instu þrá mannsandans. Bak við orð hans er sem hin heitasta þrá eftir guði geri vart við sig. Hann gerir upp hið andlega bú gyðingdómsins, trúar þjóðar sinnar, og kemst að því, að það er þrotabú. Á þennan hátt undirbýr hann hugi manna undir æðri opinberun og fullkonnari þekking á guði og tilverunni. Einn þarfasti undirbúningurinn undir nýja opinberun er að koma þeirri tilfinning inn hjá þeim, er veita eiga hinu nýja viðtöku, að hið gamla sé ófullkomið og ófullnægjandi. Að þessu leyti verður Prédikarinn til þess að ryðja opinberun Krists braut.

Nú vona eg að lesandanum sé það ljóst, að mikill munur er á Prédikaranum og guðspjöllunum, og að ekkert vit er í því að tala um slík rit sem eina heild. Mun-

urinn á lífsskoðun Prédikarans og kenning Krists er eins mikill og munurinn á skammdegisrökkri vetrarins og langdegissólskini sumarsins. Kristur reisir alla kenning sína á eilífðinni. Fyrir ljósið af hæðum fellur ný birta yfir hina jarðnesku tilveru. Hann bendir á, hve mikils til of skammur jarðneskur mælikvarði sé til þess, að leggja á lífið og tilveruna. Réttlæti guðs birtist fyrst til fulls í eilífðinni. Og sá lærisveinn hans, er yfiðgefið hafði rétttrúnað Fariseanna, til þess að veita kenning hans móttöku, segir, að þrengingar þessa lífs séu léttvægar í samanburði við þá dýrð, er við oss muni opinber verða í eilífðinni. Þessa þekking vantaði Prédikarann.

En þótt þessi geysimunur sé á lífsskoðun Prédikarans og kenning Krists, þá er fjarlægðin milli þeirra ekki eins mikil og hún í fljótu bragði sýnist. Allir kannast við þessi orð í fjallræðunni: »Sælir eru andlega fátækir« og »sælir eru þeir, sem hungrar og þyrstir eftir réttlætinu«. Hvorttveggja á heima um höfund Prédikarans. Og sennilegt tel eg, að hefði hann lifað samtímis Jesú og komist í kynni við hann, mundi hann hafa orðið lærisveinn hans. Og vert er að muna það, að sú andlega stefnan, sem vitbætinn setti, til þess að nema burt hneyskianina og varpa rétttrúnaðarblæjunni yfir ritið, — sú stefnan lagði til aðalóvini Jesú: Fariseana, ædstu prestana og lögvitringana, þá mennina, er komu Jesú í dauðann. Þeir fundu ekki til þess, að trú þeirra væri ófullkomin, og þöldu því engar umbætur. Þeir vildu heldur lifa í hálf-rökkrinu sínu, og vörpuðu því frá sér langdegissólinni, vildu ekki vermast og vaxa við geisla hennar.

Og þegar vel er að gáð, er það bölsýni ekki svo hættulegt, sem af því stafar, að sitja í skammdegisrökkrinu, ef sá hinn sami þráir að eins sól og sumar.

Hitt er lakara — og ef til vill ekki hættulaust — að halda sjálfur og telja öðrum trú um, að skammdegisrökkr-ið sé sólbjartur sumardagur.

HARALDUR NÍELSSON.

Upptök mannkynsins.

(Niðurlag).

XII.

Tvent þarf til þess að liftegunirnar geti tekið um-breytingum: hæfilegleika þeirra sjálfra til að breytast, — vér litum svo á að sá væri það, er vér nefndum »lagni« — og áhrif utan að, er stefna að því að gera breytingar. Nú segir jarðsagan frá mörgum viðburðum, er gætu mið-að í þessa átt. Á loftslagi hafa t. a. m. orðið þær breyt-ingar, að sami staðurinn á hveli jarðar hefir ýmist verið vaxinn glæsilegum suðrænum gróðri, eða þá hulinn þús-und metra þykkum jökli. Eru dæmi þess hvergi betri en hér á landi. Umskiptin á loftslagi hafa ekki orðið snögg-lega, með byltingu, heldur smátt og smátt. Á einni manns-æfi hefði breytinganna sennilega ekki gætt, enda oft sótt í sama horfið áður snerist eindregið til öfga.

Eigi að eins af jarðlögunum sjálfum, heldur einnig af landslagi, má fræðast um þessar breytingar; í öllu, sem sést, hafa einhverjir viðburðir skráð sögu sína; alt þýðir það eitthvað: fjöll og dalir, firðir, flóar og stöðuvötn, gil og grundir. Alt þetta, sem eg nefndi, er eins og skjala-safn, er má fá af vitneskju um hina merkilegu sögu jarð-arinnar, ef menn eru nógu vel læsir.

Loftslagsbreytingarnar á pleistócenu öldinni¹⁾ hafa

¹⁾ Jarðaldirnar frá því fyrst finnast leifar af lifandi verum:

1. *Fornaldir*: Kambrium, Silúr, Devón, Karbón (Steinkolaöld), Perm.
2. *Miðaldir*: Trias, Júra, Krit.
3. *Nýju aldir*: Eócen, Oligócen, Miócen, Pliócen, Pleistócen (Holócen).

haft næsta mikil áhrif á hið upprennandi mannkyn, og þekking á þeim er ómissandi til að geta áttað sig nokkuð á frumsögu mannkynsins. Menn hafa einnig nefnt pleistócena tímabilið ísaldatímabilið, því að þá er það sem sannnefndur Fimbulvetur aftur og aftur færirst yfir ýmsa þá hluta jarðar, er nú byggja hinar mestu menningarþjóðir, og hylur þá jökli. Því var það svo einkar óheppilegt, þegar sagnfræðingurinn frægi, Th. Carlyle, taldi rannsóknir á jökulum svo hlægilegar, óþarfar og fjarstæðar sögu mannkynsins. Án þekkingar á edli jökla og áhrifum þeirra á jarðmyndun hefðu menn enga vitneskju fengið um ísaldirnar. Og nú virðist einmitt ísaldafraeðin ekki hvað sízt ætla að eiga drjúgan þátt í því að leiða til skilnings á sögu mannkynsins og lífsins á jörðinni yfirleitt.

Ef Ísland á þá framtíð, sem vér allir vonum, og mentun og vísindi þróast hér eftir því sem vitsmunir eru til, þá er ekki ólíklegt, að íslenskir menn muni, þegar fram líða stundir, leggja ýmislegt mikilsvert til málanna í þessum greinum. Rannsóknarefni er hér ærið, og vænlegt til fróðleiksauka.

Það hefir á síðustu árum verið leitt í ljós, að Ísland er býsna fjölskrúðugt að ísaldamenjum, svo að landinu má líkja við eitthvert hið auðugasta safn, sem kunnugt er um frá þeim tímum. Ef til vill þykir það einhvern tíma, þegar farið verður að skilja hvers konar uppgötvan hér er um að ræða, skemtilegra til frásagnar í menningarsögu þjóðarinnar, að það var Íslendingur, sem fyrstur sá rétt til leiðar í meginatriðum í jarðsögu Íslands, þrátt fyrir misskilningsþoku þá, sem frægir útlendingar (einkum Sartorius v. Waltershausen) höfðu leitt yfir landið. Hefir þoka sú vilt ýmsa góða menn og villir enn.

Ísland er merkilega geymið. Það hefir geymt þriðja málið (hér er margt ósagt), og undir eldfloðum sínum frá ísaldatímabilinu varðveitt hin mikilvægustu jarðsöguskjöl, þó að öllum dyldist fram að síðustu aldamótum, hvílikir fróðleiksfjársjóðir þar eru fólgnir.

XIII.

Nú, á þessum síðustu tímum, virðist vera farið að rofa til í því myrkri, sem að mestu hefir hulið orsakir til loftslagsbreytinga og fleiri mikilvægra jarðsöguviðburða. Menntu eru farnir að koma auga á það, að heimskautið muni færast úr stað. Af því leiðir, að sama landið, t. a. m. Ísland, er ýmist fjær eða nær heimskauti, ýmist sunnar eða norðar; en eftir því einkum fer loftslag, eins og kunnugt er. Og þá fer að verða skiljanlegt, að loftslag hér á landi hefir um eitt skeið verið líkt því sem nú er þegar suður eftir dregur í Evrópu, en um annað eins og nú er norður undir heimskauti, þar sem alt er hulið af helbreiðum jökla-anna. Menntu hafa haldið, að flutningur þessi á heimskautinu mundi stafa af því, að steinhvolfið skriki stundum til á eldleðju þeirri, sem talin er yzt eldiðra jarðar¹⁾. En nú er kominn til nýr fróðleikur í þessu efni, og er þó ekki með því sagt, að þurfi að vera rangt það sem áður var sagt um orsakir flutningsins.

Hengilsveifla nokkurs konar er talin vera á hnettinum, svo að heimskautin ýmist sækja í sama horfið eða úr því aftur. Orsökina til þess að jörðin geigar svona á rásinni hyggja menn þá sem nú segir. Upphaflega fylgdu jörðu tvö tungl, og hrundi annar máninn niður á hana þar sem nú er Afrika. Varð höggið svo mikið að jörðin fekk riðu af, og hefir riðað ávalt síðan.

Sé þetta rétt, sem nú var sagt, þá væri þarna fundin útskýring á þeim viðburðum jarðsögunnar, er helzt hafa áhrif á ummyndun tegundanna; en það eru breytingar á loftslagi og á afstöðu lands og sjávar.

En hvað sem þessu líður, hvort sem útskýringin er rétt eða röng, á því getur enginn vafi leikið að afarmiklar breytingar í þá átt, sem vikið var á, hafa orðið í jarðsögunni, svo miklar, að mesti fjöldi af liftegundum leið undir lok og varð aldauda, en að eins þær lifverur, sem tóku hinum nýju kjörum af mestri lagni, eignuðust niðja, er þó voru frábrugðnir forfeðrum sínum.

¹⁾ Sbr.: Um loftslagsbreytingar á Íslandi. Andvari 1906.

Skulum vér þá næst hverfa að því, hvernig mannkynið hófst upp úr apaheiminum. Það er, eins og vér munum sjá, niðuriægingin sem varð því að upphefð.

XIV.

Likamsskapnaður mannanna ber það með sér, að þeir eru af klifurdýrum komnir. Og enn þá geta mennirnir klifrað betur en flest spendýr. Geta beztu loftfimismenn í þessu efni komist nærri því eins langt og sunir apar. Auk apanna er maðurinn eina skepnan, sem tekur upp á því að ganga við staf; reyna þeir þannig að nokkru leyti að bæta úr því að fæturnir eru ekki nema tveir. Menn og apar eru eins í því, að hvorugum er sundkunnátta meðfædd, en munurinn sá, að aparnir læra aldrei að synda; minna þeir í þessu efni mjög á Íslendinga, er litla stund leggja á svo nýtsama og skemtilega íþrótt sem sund er.

Ágætur danskur dýrafræðingur, Herluf Winge, hefir gert þá athugun, að dýr sem klifrast, hafa að tiltölu við líkamsvöxt annan stærri heila, og munu því vera skynsamari heldur en jafnvel nánustu ættingjar þeirra innan dýraríkisins, sem halda sér við jörðina. Getum vér af þessu, sem nú var sagt, að nokkru leyti skilið það, að aparnir eru að tiltölu við önnur dýr heilastórir.

En heilinn í manninum er stærri en í nokkrum apa. Forfedur mannanna urðu, af einhverjum ástæðum, að yfirgefa trén og hætta klifurlífi sínu. Þetta hefir getað komið til af því, að skógarnir, sem þeir höfðust við í, eyðilögðust af breytingum á loftslagi, og svo hagaði til, að ekki varð í aðra flúið. Nú voru forfedur mannkynsins illa staddir. Ættlið af ættlið, þúsundum saman, voru þeir upp aldir við trjálíf og höfðu skapast eftir því; nú urðu þeir að fara að læra að ganga á jafnsléttu, afla sér viðurværis með öðru móti en áður, mæta nýjum óvinum. Hér var annaðhvort að duga eða drepast, og forfedur mannkynsins dugðu, eins og oss er kunnugt. Þeir voru illa vopnum búnir og kraftlitlir til móts við fjöldann allan af

dýrum; nú óx þeim nýtt vopn og hið skæðasta: vitið. Heilinn í forfedrum þeirra langt fram á öldum hafði stækkað, er þeir tóku að lifa í trjám. Nú hljóp enn vöxtur í heilann, og hann meiri, er forkyn mannanna varð að hverfa frá trjálifinu.

Svipað þessu er það, að selirnir hafa — segir Winge — meiri heila og því sennilega betri skynsemi en nokkurt annað rándýr. En selir eru af landdýrum komnir. Vegna breytinga á afstöðu lands og lagar urðu næstu forfedur selanna á flæðiskeri staddir. Eina ráðið til að bjarga lífstofninum var að gerast lagardýr, og þetta tókst forkyni selanna, eins og forkyni mannanna að læra gang og hlaup, og skapast eftir því. Fyrstu selirnir (eg er hér í vandræðum að finna orð, því að þessi dýr voru eiginlega ekki selir) voru auðvitað illa færir í allan sjó móts við »eldri« lagar dýr, sem þeir ýmist urðu að forða sér undan, eða ná sér til víðurværis; það sem bjargaði svo að ætt þessara dýra lifir enn, var, að þeim bættist vit, að þeim gat bæzt vit. Þorskurinn er sunddýr eins og selurinn, miklu fullkomnara sunddýr; en hvílikur munur á viti. Strútsfuglinn er gang- og hlaupdýr eins og maðurinn, miklu fullkomnara gangdýr; en vitsmunur talsverður.

Það er enn eftirtektarverð líking með selum og mönnum, að af öllum spendýrum eiga konur og urtur erfðast með að fæða unga sína. Mjadmargrindin hefir tekið óheppilegum breytingum við það, að mennirnir urðu upp réttir, en selirnir sköpuðust eftir sundinu. Eftir smiðshugmyndinni er talsvert klaufabragð á þessu. En þarna mun vera ein af ástæðunum til þess, að líftegundir hafa orðið aldauga: breytingar á vaxtarlagi, sem voru heppilegar í eina átt — eins og í dæmunum sem eg nefndi, til gangs, til sunds — geta í aðra átt verið skadlegar, og jafnvel banvænar þegar á tegundina er litið.

Á ýmsan hátt lýsa sér í líkamsgerð mannsins menjar einkenna fyrri forfedra. Langmest ber nú á þessu um manninn, eins og öll önnur spendýr, meðan hann er að skapast í móðurlífi. Kveður þá svo ramt að þessum menj-

um, að Ernst Haeckel hefir dregið þar af lögmál eitt, sem mjög er frægt orðið: að fóstursagan sé eins og endurtekning, stutt að vísu og mörgu hleypt úr, á sköpunarsögu tegundarinnar. Rófan langa t. a. m. og loðnan á fóstri mannsins um eitt skeið, sé þá eins konar endurminning frá þeim tímum, er forfeður mannkynsins voru loðnir og rófulangir. En jafnvel eftir að maðurinn er fullþroskaður gætir slíkra endurminninga, og kemur það stundum fram eins og líffærum sé ofaukið, eða einhver gerð á þeim umfram það sem haganlegast væri, en sumt er aftur fremur eins og vansmiðað. Meðal þess, sem Wiedersheim telur í fyrra flokkinum, eru t. a. m. lokur í láréttum blóðæðum, til að varna öflugstreymi í blóðrásinni. Voru slíkar lokur mjög nauðsynlegar í framhöllum bol einhvers af forfeðrum mannsins, því að þar lágu æðar þessar upp og niður; síður virðist þörf á þeim í uppréttum mannsbol, enda dregur Wiedersheim dæmi saman til að sýna, að lokur þessar muni vera í þann veginn að hverfa. En af vansmiðum aftur á móti telja ýmsir það stafa, að mannum hættir miklu fremur við kviðsliti en ferfættum dýrum: þrýstingur iðranna hefir breytt stefnu við það, að maðurinn réttist upp, en umbúnaðurinn til að varna bilun ekki styrkst að því skapi. Af líkri ástæðu er það, sem mönnum fremur hættir til hjartabilunar: það er meiri hjarta-raun að koma blóðinu uppeftir en frameftir, en hjartað ekki þeim mun sterkara.

Enn eru ýmsir gallar á gerð mannslikamans, sem stafa af ofmikilli fastheldni við fornt sköpulag. Sumt er öllum áskapað, t. a. m. botnlanginn með þeirri háskalegu gerð, er svo mörgum hefir að bana orðið. Aðrar endurminningar líkamans frá löngu horfnum forfeðrum eru t. a. m. fleiri en tvær geirvörtur, dýrsleg loðna um allan líkamann og rófa. Virðist þetta benda til þess að menn hafi í sér upphaflega mögulegleika til sköpulags allra forfeðra sinna; og er þetta mjög ihugunarvert, þó að ekki verði farið lengra út í þá sálma hér í þessari ritgerð.

Væri um þessi atriði, sem nú var drepð á, og önnur skyld, margt að segja; en eg fer fljótt yfir þá sögu hér, þaræð þess er víða getið og einnig í íslenskum ritgerðum.

XV.

Þá skulum vér ihuga lítið eitt, hvenær það muni hafa verið, sem hinir apakynjuðu forfeður vorir — ólíkir þó öllum núlifandi öpum — breyttust í menn. Óvissan er í þessum efnum mikil eins og svo víða í þessari undarlegu sögu, sem hér er leitast við að gefa lesandanum svolitla hugmynd um; vér verðum að muna eftir, að þekkingin í þessum efnum er að heita má ekki eldri en frá því í gær; langmest af rannsóknunum er ógert ennþá. Hvað aldur mannkynsins snertir, getum vér þó verið vissir um að það rís ekki upp fyr en á hinu svo nefnda nýja lífskeiði jarðsögunnar (tertier-tímabili) og hefst það með eócen-öldinni. Fyrir þann tíma ber lítið á spendýrunum, en úr því hefst uppgangur þeirra. Albrecht Penck, hinn nafnfrægi jarðfræðingur og landfræðingur, telur semilegt, að frá upphafi eócenu aldar séu liðnar 10—11 miljónir ára. Pleistócena eða kvartera öldin hyggur hann hafi staðið yfir 5—600000 ár. Síðustu 3000 árin eða svo nefna menn nútíð í jarðfræðislegum skilningi, því að á þeim tíma hafa svo litlar breytingar orðið á líftegundunum og yfirborði jarðar, að varla er teljandi, sé jafnað til breytinga þeirra, sem áður hafa gerst.

Ritgerð sú eftir Penck, sem ofangreindar tölur eru teknar úr, er nokkuð farin að eldast og hefir bæzt og aukist allmjög þekkingin á isaldatímabilinu síðan hún var rituð; hefir þar enginn jafn mikið umbætt og Penck sjálfur, og er á næstu árum von á nýju riti¹⁾ eftir hann um lengdina á isaldatímabilinu. Mundi eg ekki furða mig á, þó að síðar meir yrði komist að þeirri niðurstöðu, að tals-

¹⁾ eða réttara sagt niðurlagi rits, sem hefir verið að koma út í mörg ár: Alpafjöllin á isaldatímabilinu (Die Alpen ins Eiszeitalter) eftir Penck og Brückner.

vert meira en hálf miljón ára sé liðin frá upphafi fyrstu ísaldar hér á landi.

Pliócena öldin, sem næst er á undan ísaldatímabilinu, hyggur Penck muni hafa staðið yfir hér um bil 2 miljónir ára. En í jarðlögum frá þessari öld hafa fundist mjög merkilegar leifar, sem gefa oss bendingu um hvar aftur á öldum upptök mannkynsins muni liggja.

Það var árin 1891 og 92 sem Eugen Dubois fann suður á Java, þar sem Trinil heitir, einhverja þá eftirtekta-
 verðustu steingjörvinga, sem dregnir hafa verið fram í dagsins ljós til þessa. Var það efri hlutinn af hauskúpu, 2 jaxlar og lærleggur. Bein þessi voru steinrunnin mjög og hyggur Dubois að þau séu ekki yngri en frá pliócena tímabilinu. Margir af þeim mönnum, sem bezt hafa vit á, hafa vandlega skoðað bein þessi, og fundu þeir að hauskúpan er líkari mannheilabúi heldur en hauskúpa af nokkru öðru dýri, sem menn þekkja. Ennfremur sýndi lærleggurinn, að skepna þessi hefir getað gengið upprétt miklu betur en nokkur api, sem menn þekkja í jörðu eða á. Af því ályktuðu ýmsir, að skepna þessi, sem Dubois hafði nefnt *Pithecanthropus erectus*, eða mannapann upprétta, hefði í raun réttir verið maður á mjög lágu stigi. Aðrir neituðu því og bentu til þess, hversu langt *Pithecanthropus* hefir verið fyrir nedan jafnvel lægstu mannflokka sem kunnir eru, að heilastærð og öðrum manneinkennum. Í stuttu máli, hér virtist vera fundinn sá milliliður manna og apa, sem mótstöðumenn Darwins höfðu alt af verið að skora á Darwiningana að koma með; skepna, sem sumir þeir menn, er bezt höfðu vit á, töldu hinn fullkonnasta apa, en aðrir hinn ófullkonnasta mann. Af ýmsum ástæðum hyggja þó sumir, að *Pithecanthropus* muni ekki vera forfaðir þeirra manna, sem nú byggja jörðina; þar sé að vísu tilraun, og hún mjög virðingarverð, til að verða að manni, en sá ættleggur muni hafa dáið út.

En hvað sem nú þessu liður, þá getum vér m. a. af þessu, sem nú var stutlega skýrt frá, gert oss nokkra

hugmynd um aldur mannkynsins. Það er víst, að fyrir 10 miljónum ára voru engir menn til, líklegt að mannkynið hafi verið að renna upp úr dýraríkinu fyrir 1—2 miljónum ára. Og er það að vísu langur tími. Líklega hafa breytingarnar frá apa til manns ekki orðið eins smám saman eins og menn höfðu ímyndað sér eftir kenningum Lamarcks og Darwins; rannsóknir frá síðustu árum hafa sýnt, að allmiklar breytingar á liftegunðum geta orðið snögglega frá kynslóð til kynslóðar. Kemur það líka betur heim við þær leifar af lifandi verum, sem menn finna í jarðlögum, og má líklega of mikið úr öllu gera, einnig því hversu mikið af slíkum leifum sé ennþá hulið þekkingu vorri eða hafi jafnvel með öllu tapast. Það virðist mega skilja, hvernig á þessum »stökkbreytingum«¹⁾ stendur, af tregðu tegundarinnar til að breytast: líkamsskapnaðurinn lætur ekki undan áhrifunum til að breytast fyr en þau eru orðin svo sterk, að breytingin verður mikil þegar hún vinst. Er þetta nú raunar ekki nema brot úr skýringu.

XVI.

Ritgerð sem væri eitthvað í þá átt, sem hér er farið, ætti ekki illa við í upphafi mannkynssögubókar. Mætti hún verða til þess að vekja athygli nemandans eða lesandans á því, hversu afarstutt tímabil það, sem vanalega er nefnt mannkynssaga, nær yfir. Jafnvel þó að vér förum aftur í fornöld Kínverja eða Egípta, eða annara Asíu-fornþjóða, sem fyrstar urðu til menningar, þá erum vér ekki komnir aftur á síðustu ísöld þegar hæst stóð. En áður en hún hófst, var mannkynið orðið gamalt. Og nú bregður undarlega við, er vér virðum fyrir oss þá útsýn, sem jarðfræðin opnar oss yfir mannsöguna. Um leið og vér sjáum, hvað mannkynið er afarfornt eftir voru tímatali, þá opnast augu vor fyrir því, hvað það er barn-

¹⁾ Orð þetta virðist heppilegt yfir mutation; er það tekið eftir heimspekisögu mag. Ág. Bjarnasonar.

ungt. Vér sjáum, að mannkynið hefst ekki rétt skömmu eftir sköpun heimsins, eins og kent var í ýmsum trúarbrögðum. Það er eitt af yngstu börnum náttúrunnar. Og þó er það miljón ára gamalt.

Hversu fjarstætt finst oss, er vér virðum þetta fyrir oss, alt tal um, að ellibragur sé farinn að færast yfir mannkynið, að vísindi og siðmenning öll hafi þróast langt úr hófi fram, að hætt sé við að of skynsamleg ihugun hlutanna kæfi allar góðar tilfinningar. Vér sjáum glögglega, að öll siðmenning, alt það sem vér nefnum framfarir, er rétt að byrja, og til skamms tíma hefði mátt líkja mannkyninu við barn sem skriður, en er ekki farið að ganga. Og væri þó ofsagt með þeirri samlíkingu, því að tugum þúsundum ára saman hafa framfarirnar verið engar og sama sem engar. Án þekkingar á notkun eldsins getum vér tæpast hugsað oss nokkurt mannlegt líf; og þó er það víst, að langlengstan tíma af æfi mannkynsins hafa mennirnir ekki kunnað að nota sér eldinn. Þeir átu náunga sinn hráan og þótti hann líklega lostætari en önnur dýr, eins og sagt er um mannætur vorra tíma.

Ímyndunaraflið var of sljótt, tengiafl hugmyndanna minna en svo, að nokkrar framfarir gætu orðið. Því að þótt mönnum hætti mjög við að gleyma því nú á dögum, þá mun það samt engu að síður vera satt, að allar framfarir er að rekja til einhverrar nýrrar hugsunar, til þess hæfileika, að geta hugsað öðru vísi en áður hefir verið hugsað, víðar og réttar. Það mætti nú ætla, að á svo sem miljón árum hefði mannkyninu lærst að telja þjóðargersemi eða réttara sagt mannkynsgersemi þá ekki mjög mörgu, sem þessari gáfu eru gæddir. Og viti menn, það hefir lærst að nokkru leyti. Edison og Marconi t. a. m. eru taldir mannkynsgersemi. Þessir menn hafa haft gæfu og framkvæmd til að hrista niður ávexti af skilningstrjáum, er jafningjar þeirra að hyggjuviti og stundum meir, höfðu gróðursett. En gleymdar eru oft slíkra gjafir. En hvað er Edison eða Marconi hjá Lamareck, og hvernig var farið með hann, þennan mesta skilningsfrömuð ein-

hvern, sem mannkynið hefir eignast til að misskilja? Var reynt að styðja að því eftir mætti, að þetta sjaldgæfa ljós-gæti lýst mannkyninu fram á nýjar brautir? Fjarri fór því. Íhugunarvert er þetta, sem nú skal sagt frá. Cuvier birti á ári hverju skýrslu um hið helzta, sem komið hafði út í dýrafræði. Ekkert sem ritað var í þeim efnum gat komist í neinn samjöfnuð við rit Lamarcks. En yfir þeim hafði Cuvier vandlega þagað í árskýrslum sínum. En afleiðing þessa var sú, að jafnvel ekki Goethe, sem eins og kunnugt er einnig var mikill náttúrufræðingur, vissi af Lamarck. En þó var enginn sá maður uppi, er jafnmikið hefði getað kent Goethe. Var Goethe að leita í sömu átt og Lamarck, þó að ekki væri hann náttúruspekingur til jafns við suillinginn frakkneska.

Slíkir menn eru salt jarðar, en samt hefir það verið talinn litill skaði, þó að þeirra yrðu smá not hjá því sem mátt hefði verða. Engin eyðslusemi er eins háskaleg og sú, að eyða nýjum hugsunum og hnekkja þeim, sem þær geta hugsað. En þó hefir þetta verið gert öldum saman af hinu mesta kappi, og er jafnvel að nokkru leyti gert enn. Hugsum oss, að mannkyninu hefði notast að öllum snillingsefnum, sem því hafa fæðst. Sennilega værum vér þá komnir þangað sem niðjar nútímans verða ekki fyr en eftir nokkur þúsund ár. Og svo mörg illviðrablikan sem er að sjá í framtíðaráttina, þá er þó ekki ólíklegt, að munurinn verði eins mikill og í eyðimörkinni hjá Júðunum forðum og svo landinu sem flaut í mjólk og hunangi — og svo blóði frumbyggjanna meðan Gyðingar með guðs hjálp voru að brjóta það undir sig. En þó falla engir blóðlækir um framtíðarlandið; ekki einu sinni sauða og nautablóði verður þar úthelt.

XVII.

Ekkert virðist jafn vel fallið til að forða við mannhatri, en að efla trú á framtíð mannkynsins, eins og að hugleiða fortíð þess. Hversu miklu hægra veitir að sættast sig við alla þá fásinnu, er »veraldarsagan« (og æfisaga-

hvers einstaklings) hefir svo mjög af að segja, þegar þess er minst, að mennirnir eru þó, þegar öllu er á botninn hvolft, ekkert annað en umbreyttir apar. Hversu fagrar vonir getum vér ekki gert oss um mannkyn framtíðarinnar, þegar vér berum beztu menn saman við apa, og sjáum að ekki eru óhugsandi verur, sem standi mönnunum jafnmiklu framar, og betur, en þeir öpunum.

Og verður ekki sennilegt, að ekki muni svo ýkja lengi þurfa að bíða betri tíma, þegar vér berum saman hraðann á framförunum fyrir og nú?

Hversu afarlengi voru mennirnir að læra að ganga á framfarabrautinni! Það var þeim meginrót undir öllum framförum, að höndin, sem hafði skapast á trjágreinunum, var þeim nú laus og ekki framar hreyfingarfæri nema lítið hjá því sem áður var. Fljótt lærðu þeir líklega að beita lurkum og steinum og bæta þannig nokkuð úr því hvað þeir voru kraftalitlir og seinfærir. En sennilega hafa liðið mörg þúsund ár áður en einhver snillingur síns tíma, einhver andlegur forfaðir Arkimedesar eða Edisons, sá að hann gat lagað dálítið steininn og haft þannig meira gagn af honum. Og enn leið afarlangur tími áður en næsta stóruppgötvanin var gerð, að samtengja þessi tvö verkfæri mannanna, lurkinn og steininn, og búa þannig til hamar eða sleggju. Steinaldirnar standa yfir hundruðum þúsundum ára saman, og lengst þó þeir kaflarnir, er menn kunnu ekki að brýna steinvopn sín og verkfæri.

Litum svo á verklegar framfarir á þúsund sinnum skemri tíma á síðari öldum. Skrið fer ekki að koma á þær fyrir en vísindin taka að rísa við eftir miðaldarotið, og einum eftir ýmsar uppgötvanir edlisfræðinga á 17. öld. Skömmu fyrir 1700 hugsast hinum ágæta edlisfræðingi Papin, hvernig gera megi gufuvél, og 1707 setur hann fyrsta eimskipið á flot. Nú þurfti á miklu fé að halda, en það varð tregða á, að menn hættu fé sínu í svona héögómlegar og óarðvænlegar tilraunir, og ekki hófst eimskipaöldin í það sinn. Nú leið og beið, svo að ekki kom maður í manns stað þar sem Papin hafði verið. En þó

kom þar, að James Watt gerði gufuvél, fullkomnari en Papins hafði verið, og 1807, réttum hundrað árum á eftir Papin, hefur Fulton gufuskipaöld nútímans. Eimskip, er Fulton hafði smíðað, fer 1818 í fyrsta sinni á 26 dögum frá Ameríku til Englands. Nú geysa 100 faðma löng gufuskip sömu vegalengd á minna en fjórðungi þeirrar tímalengdar. En sjálf gufuvélin, sem Byron fanst svo mikið um, að hann segir (þó í gamni sé) að bráðum muni hún flytja menn til tunglsins¹⁾, er nú að sumu leyti farin að úreldast. Og hver veit, 2007 þekkest gufuvélin ef til vill að eins sem forngripur, og létt verður af þeirri reykjaröld, sem einkum hófst með henni, en rafmagnsvélar búnar að taka við. Enn betur en gufuvélin sýna rafmagnstækin, hversu framfarir í notkun náttúrukraftanna verða æ stórstígari og stórstígari, og er undarlegt að hugsa til þess, að ekki skuli vera full 90 ár síðan Örsted fann rafsegulaflið; en með því má segja að rafmagnsöldin hefjist.

Íhugum hversu mjög nokkrir ávextir tiltölulega ungrar og ófullkominnar þekkingar á náttúrunni hafa breytt þjóðhögum á að eins einni öld og varla það, og gerum svo ráð fyrir, að mannkynið eigi eftir að lifa á jörðunni jafnlangan tíma og af er æfi þess; segjum eina miljón ára. Vér sjáum, að jafnhægt væri að kanna dýpt úthafsins með göngustaf eins og að segja nokkuð af viti um það, hvar muni lenda breytingar þær, sem vísindin geta unnið á högum mannkynsins áður lýkur. Og jafnvel þó að vér tökum til þúsund sinnum skemmri tíma, þá mundi enginn gerast svo djarfur að halda að hann geti gert sér rétta hugmynd um, hvar sögu mannkynsins verði komið jafnvel

1) . . . For, ever since immortal man has glow'd
With all kinds of mechanics and full soon
Steam-engines will conduct him to the moon.

Þeir, sem eru svo skapi farnir, gætu að gamni sínu litið svo á sem þessi orð Byrons séu spádómur um flugvélararnar, sem einmitt á þessum tímum eru að komast á loft, þó að naumast verði nú flogið til tunglsins fyrst um sinn, og þó að það sé ekki sjálf gufuvélin, heldur nokkurs konar niðji hennar benzinvélin („motorinn“), sem þar hefir gefið byr undir vængi.

í aðalatriðum árið 2908; svo hraðfara eru breytingarnar. En þá gengur of margt ver en varir, ef á svo fjarlægri framtíð þarf enn að berjast við sult og seyru og ýmislegt annað það, er alt of mörgum gerir jörðu þessa að sannnefndum eymdardal, og hefir gert nú í miljón ár.

Það væri ekki fjarstætt, að skoða þessa miljón ára eða hvað það nú er, eins og nokkurs konar inngang að mannkynssögunni; og nú virðist vera að líða að því, að inngangurinn sé bráðum á enda. Og nú síðast, í nokkur þúsund ár, hefir þjó sitthvað í innganginum verið á þá leið, að það virðist mega skoða sem fyrirboða um, að sjálf sagan verði góð.

XVIII.

En svo, þegar sagan er á enda, hvort sem hún nú stendur yfir í 100000 ár, eða miljón eða 10 miljónir, hvað þá?

Býsna ógeðfeld er sú hugsun, að saga mannkynsins sé að eins svolitill þáttur í æfi jarðarinnar, sem engar frekari afleiðingar hefir, þegar síðasti maðurinn á jörðunni er dauður.

Væri kenning eða öllu heldur hugboð Nietzsche um »hina eilifu endurkomu« rétt, þá gæti að visu svo verið. En þó væri mankynið eilíft, hver einstakur maður eilífur, hvert einstakt augnablik í æfi hvers manns væri eilíft. En sé afl og efni ótakmarkað eins og tíminn, þá getur líka rás viðburðanna orðið með óendanlega mörgu móti og kenningin um hina eilifu endurkomu væri ekki rétt.

Hér er nú farið að nálgast svæði trúarbragðanna, en inn á það er ritgerð þessari ekki ætlað. Látum vér því hér lokið þessu máli.

Rétt í því að eg er að senda frá mér framanskráða ritgerð, sé eg getið um nýjar rannsóknir á phithecanthropus-lögunum. Heitir sá V. Wolz, er þær hefir gert (1906). Kemst Wolz að þeirri niðurstöðu, að jarðmyndanir þær,

er mannarnir hafa geymt, sé ekki pliocenar heldur pleistocenar, og þó ekki frá elzta kafla ísaldatímabilsins. Hefir þá farið líkt á Java og hér á landi, þó að ekki séu eins mikil brögð að því þar, að jarðlög hafa verið talin eldri en þau eru. En allt hnígur þetta að því, sem vikið var á hér að framan, að ísaldatímabilið muni hafa verið lengra en alment er haldið.

Sé nú þetta rétt, sem Wolz segir, þá hefir þar með sannast mál þeirra, sem halda því fram, að pithecanthropus sé ekki forfaðir mannkynsins, og verður þá heldur ekki neitt byggt á honum um aldur þess. Vér verðum í þeim efnum að byggja á öðru. Og verður þó enn svipað uppi á teningnum. Mannamenjar hafa fundist svo víða um heim frá ísaldatímabilinu, að upptök mannkynsins geta varla með nokkru móti verið nær oss en upphaf þess tímabils. Virðist þá engin fjarstæða að taka svo til, að aldur mannkynsins sé ein miljón ára. Um neina nákvæmni getur auðvitað ekki verið að ræða í þessum efnum enn þá. En engum mun blandast hugur um, að aldur mannkynsins muni skifta hundruðum árþúsunda.

Að hann skifti mörgum miljónum ára er hins vegar mjög ósennilegt.

HELGI ÞJETURSS.

Ritdómar.

RÍKISRÉTTINDI ÍSLANDS. Skjöl og skrif. Safnað hafa og samið JÓN ÞORKELSSON og EINAR ARNÓRSSON.

Hvað sem á milli kanu að bera um rit það, er hér getur, þá munu allir verða á eitt sáttir um nauðsyn þess. Þeir tímar fara nú í hönd, er gera skal upp á milli Íslands og Danmerkur og stofna til nýrrar sáttmálsgerðar um afstöðu Íslendinga til alríkisstjórnarinnar dönsku. Þegar um slíka viðburði eða stórtíðindi er að ræða, þykir jafnan vel hlýða að skygnast aftur í tímann og leita vandlega í fórum sínum að öllum þeim gögnum, er skýra megi málið til hlítar, og er sízt vanþörf á slíkri athugun, er um er að ræða fornt ágreiningsmál. Svo hefir enskur sagnameistari alkunnur, J. R. Seeley, kent, að sagan væri skóli stjórnmálaspekinganna, og er það réttmæli. Sá er fjalla skal um nútíma- og framtíðarmál þjóðarinnar verður að athuga kostgæfilega fortíðarmál hennar, og er þá sízt hætt við að úr sveigi réttu horfi.

Frá því er stjórnmálabarátta hófst hér á landi um miðja 19. öld og fram á þenna dag, hafa Íslendingar jafnan skirskotað til fornra landsréttinda sinna og heitið hver á annan að víkja eigi frá þeim á nokkurn hátt. Hyggjum vér þó sanni næst, að öllum þorra manna hafi verið lítt kunnugt um þessi landsréttindi, á hverjum skjölum og skilríkjum þau bygðust, eða hversu þeim hafi reitt af í ólgusjó erlendrar ágengni á umliðnum öldum, og er slíkt eigi tiltökumál, því skjölin hafa komið fram smám saman og aldrei í hendur almennungi. Hér er í fyrsta skifti öllum gögnum og skilríkjum þessa máls safnað saman í eina heild, og bókin er svo ódýr, að engum manni ætti að vera um megn að eignast hana. Teljum vér því höfunda og útgefanda hafa unnið þjóð vorri eitt hið þarfasta verk með riti þessu.

Höfundarnir halda sér aðallega við tímabilið 1262—1662, »af þeirri astæðu«, segja þeir í formálanum, »að allar þær breytingar,

sem hafa orðið á stjórnarfari Íslands eftir að einveldið komst á og alt til þessa dags, eru að okkar hyggju frá lagasjónarmiði alveg þýðingarlausar fyrir ríkisréttindi landsins og réttarstöðu þess, sökum þess, að þær eru annaðhvort gerðar að handamáli af einvaldri konungsstjórn eða þá að einræði af konungi eða dönsku löggjafarvaldi án þess, að Íslendingar sjálfir hafi af fullum og frjálsum vilja eða á fulllögformlegan hátt lagt samþykki sitt á þær. Sú sanna réttarstaða landsins nú verður að okkar skoðun að miðast við það, hver staða landsins var að réttum og órofum lögum á tímabilinu 1262—1662. Þá var Ísland konungsríki og hafði full ríkisréttindi að lögum. . . . Þar sem því er vikið að tímabilinu eftir 1662, þá er það aukaatriði, að öðru leyti en því, að benda til þess, að alt, sem eftir þann tíma hefir gerzt um breytingar á réttarstöðu landsins, sé á engan hátt bindandi fyrir Ísland framvegis.

Ritið skiftist að efninu til í tvo aðalhluta: Skjöl og skilríki með athugasemdum og skýringum eftir dr. Jón Þorkelsson (bls. 1—159) og Yfirlit yfir stjórn Íslands eftir 1262 eftir Einar Arnórsson (bls. 160—238). Skal hér nú vikið nokkuð nánara að þessu hvoru um sig.

Í skjalapettinum hyggjum vér flest það til tínt, er nokkuru varðar í þessu máli, enda er dr. Jón Þorkelsson manna fróðastur um allar heimildir og sögugögn frá þessum öldum. Um skjölin sjálf er óþarft að fjölyrða; þau eru söguheimildir og mæla sjálf máli sínu, enda hefir ótal sinnum verið vitnað til þeirra flestra bæði fyr og síðar. Að vísu er því svo háttað um merkasta skjalið þeirra allra, Gamla sáttmála, að nokkur vafi hefir þótt á því leika, að hann væri nú til í sinni upphaflegu mynd, en vér erum höfundunum sammála í því, að það skifti í rauninni minstu. Hitt er aðalatriðið, að vér höfum margtrefkaða vissu fyrir því, að þetta er hann óbrjálaður að efninu til.

Aðalviðburðirnir á því 400 ára tímabili, er hér um ræðir, eru þessir: Sáttmálsgerðin við Noregskonung 1262, skuldbindingarnar á Oddeyri og alþingi 1551 og Kópavogseiðarnir 1662.

Um sáttmálsgerðina 1262 er ekkert að segja í sjálfu sér, en hitt hefir verið nokkurt ágreiningsmál, hvern skilning beri að leggja í einstök atriði sáttmálans, t. d. hverja við sé átt með orðatiltækinu at beztu manna yfirsýn, hvað orðið utan stefningar merki og hversu skilja beri ákvæðin um skipagöngurnar. Hafa sumir viljað túlka þetta svo, að »beztu menn«

tákni hér ríkisráðið norska, að »utanstefningar« merki útboð til hernaðar og að ákvæðið um skipsfarmana merki það, að Íslendingar hafi selt sjálfstæði sitt fyrir mat og önnur gæði, eins og Esaú forðum daga seldi frumburðarrétt sinn. Ætti naumast að þurfa að taka það fram oftar en gert hefir verið, að ekkert af þessum atriðum fær staðist við nánari ihugun. »Beztu menn« eru sýnilega nefndarmenn og handgengnir menn konungs á Íslandi, eins og samþykktin frá 1302 ber með sér (bls. 13), enda mætti það þykja næsta ósennilegt, að Íslendingar hafi verið þau börn, að leggja svo afar mikilsvert mál undir álit og úrskurð erlendra manna einna saman. Hitt nær heldur eigi nokkurri átt, að orðið »utanstefningar« eigi við útboð til hernaðar, því engin rök finnast til þess í öðrum heimildum, að Íslendingar hafi átt herskyldu að gegna í Noregi, og þegar eftir var leitað, var því meira að segja mótmælt af Íslendinga hálfu. Samþykkt Íslendinga 1302 (bls. 12), bréf Íslendinga til ríkisráðsins í Noregi 1320 (bls. 14) og Árnesingaskrá 1375 (bls. 16) sýna það ljóslega, að hér er átt við utanstefnur mála undir dóm konungs og ekkert annað. Átti það að sporna við því, að dómsvaldið væri að nauðsynjalansu dregið út úr landinu, »því at þar höfum vær margfaldan skaða af fengit, ok vit þat þykjumst vær eigi búa mega«, segir berum orðum í samþykktinni frá 1302, og þeir, sem kunnugir eru sögu Sturlungaaldarinnar, vita að þetta er sannmæli. Að því er þriðja atriðið snertir, um skipsfarmana, þá er það bersýnilega sett inn í sáttmálann til þess að fyrirbyggja, að landið verði bjargþrota af siglingaleyzi. Það á hvorttveggja í senn að aftra því, að Noregskonungur leggi algert farbann á skip til Íslands, og um leið að gera honum aðskyldu að sjá um, að landið verði birt að nauðsynjavöru, hvernig sem árar. Þessa nauðsynjavöru keyptu svo landsmenn við fullu verði¹⁾. Hitt er annað mál, að bæði þetta og flest önnur skilyrði sáttmálans voru margrofin af konungs hálfu.

Þá er annar aðalviðburðurinn, siðaskiftin og skuldbindingarnar 1551. Höf. ritar langt mál og fróðlegt í marga staði um tildrög viðburða þeirra allra, er gerðust hér um miðja 16. öld. Lætur hann það ásannast, að siðaskiftasaga vor er að mörgu órannsökuð enn sem komið er og bregður hann nýju ljósi yfir ýmsa af viðburðunum, að minsta kosti fyrir almenningi. Ættu menn að

1) Það má mikið vera. ef verzlunareinokunin á eigi að einhverju leiti rót sína að rekja til þessa ákvæðis.

minsta kosti eigi að ganga þess duldir lengur, að siðaskiftunum er hrundið fram af stjórnfarslegum eða »pólitískum« ástæðum eins og þegar hefir verið skýrt tekið fram í bókinni »Íslenzkt Þjóðerni«. Höf. sýnir með allítarlegum heimildum, hversu þeir nafnarnir Kristján annar og Kristján þriðji reyna að svæla Íslandi út að veði til Englendinga fyrir peningaláni, að Íslendingum fornspurðum og á þeim tíma, sem hvorugur þeirra átti neitt yfir landinu að segja. Um það bil, er Noregur var konungslaus í þessum róstum, höfðu þeir biskuparnir Ögmundur og Jón hirðstjórn á hendi hér á landi í umboði ríkisráðsins norska, og voru þeir báðir jafu samtaka í því að halda fram fornum réttindum landsins. Ítreka þeir það bréflega hvað eftir annað og verjast af fremsta megni allri ásælni af hendi útlendra manna. Höf. kemst að þeirri niðurstöðu, að það hafi um eitt skeið í róstum þessum verið full ætlu Norðmanna og Íslendinga í sameiningu að losa sig við Dani og reyna á þann hátt að fá varðveitt bæði gamalt stjórnarfar og fornan sið. »Virðist svo sem Íslendingar, einkum biskuparnir, hafi verið staðráðnir hér um og engu óskeleggari en Norðmenn« (bls. 43). Má vel vera að hann hafi rétt fyrir sér í þessu og mun frekari rannsókn á þessu merka og minnisstæða tímabili leiða margt í ljós hér um, að því er vér hyggjum. Víst er um það, að ótrúlega lengi þæfðust Íslendingar fyrir í málum þessum, og í 14 ár vörðust þeir einir, síðan Noregur gafst upp, yfirgangi konungsvaldsins, svo að það hafði ekki komið fram fullum vilja sínum hér á landi, né nein allsherjar hollusta fengist af landsmönnum (bls. 64). Ögmundur biskup vill enga breyting gera í fornum kirkjulögum og landsvenju, nema skipan komi þar um frá páfa í Róm eða af keisaralegu valdi, og Jón biskup skírskotar jafnan til gamla sáttmála og biður orlofs að mega sigla til annara ríkja með fylgismenn sína, ef hann fái eigi að njóta hér landslaga og réttar. Í bókinni »Íslenzkt Þjóðerni« var bent til þess, að Jón Arason mundi hafa vænst styrktar frá Karli keisara hinum fimta, og er hinu sama haldið hér fram með enn skýrari rökum. Yfir höfuð að tala er hér í bókinni rótað áþreifanlega upp í öllu siðaskiftamoldviðrinu, og var það næsta þarft verk. Þar hefir helzti lengi verið látið staðar numið við fornar kenningar.

Hverjar lyktir urðu á málum þessum er alkunnugt. Þegar biskuparnir báðir, Ögmundur og Jón, voru úr sögunni og landsmenn forstöðulausir, voru þeir kúgaðir með hervaldi til að játast

undir skuldbindinguna 1551 og undir hina nýju kirkjuskipun. Kirkjur voru rúðar og ræntar og klaustur lögð undir konung, en allt var svikið það, er í móti var heitið. Svona ríður konungsvaldið nýja í garð og svona heldur það áfram. Ill var þess hin fyrsta ganga á siðaskiftatímunum, en verri var þess hin síðari á miðri 17. öld, og er slóðinn beint rakinn frá einu til annars. Undirskriftakúgunin 1662 er í fullu samræmi við undirskriftakúgunina 1551, og erum vér þar með komnir að síðasta þættinum í þessari landsstjórnar- og landsréttindasögu.

Það er orðið nægilega kunnugt hversu til gekk með eiðatökuna í Kópavogi 1662, svo óþarft er að fara að skýra frá því hér. Er í bókinni til tínt allt það, smátt og stórt, er að þessu máli lýtur, og er sá kaflinn mjög fróðlegur og eftirtektarverður í alla staði. Það er enginn vafi á því, að á yfirborðinu fullnægja Kópavogseiðarnir formskilyrðunum, eins og Einar Arnórsson kemst að orði (bls. 219 nmgr.). Þeir voru að eins erfðahyllingareiðar samkvæmt fornri landsvenju og landslögum og þeir, sem eiðana unnu, höfðu umboð til þess af landsmönnum. En undir einveldisskuldbindinguna voru þeir kúgaðir með hervaldi til að skrifa, og þeir höfðu þar á ofan ekkert umboð til að breyta réttarstöðu landsins eða afsala sér fornum réttindum fyrir hönd landsmanna. Þetta taka þeir eigi nægilega skýrt fram, að því er oss virðist. Fulltrúasamkunda sú, sem hollustueiðana viunur, er að vorri hyggju fulllögformleg, en hún fer að eins lengra en hún hefir umboð til, þar sem hún um leið tekur sér vald til að gera út um réttarstöðu landsins. Réttindaafsalið sjálft er því ólögformlegt, og ber þar enn allt að sama brunninum, að gamli sáttmáli er, í samræmi við kenningar höfundanna, enn í dag hin einu sönnu grundvallarlög landsins.

Um eiðatökuna sjálfa er óþarft að fjölyrða, en hitt gæti verið þörf að minnast á: hluttöku einstakra manna í þeirri athöfn, og er þá rúmsins vegna eigi hægt að fara nákvæmlega út í það. Framkoma Árna lögmanns Oddssonar er hrein og ljós. Hann var mótfallinn réttindaafsalinu og sýnir það afdráttarlaust með tregðu sinni til að skrifa undir. Hitt er vafasamara, hvort Brynjólfur biskup hefir verið jafn tregur, og væri vel ef hann við nánari rannsókn reyndist annar eins þjóðræknismaður og hér er fram haldið. Höf. virðist ætla, að hann hafi staðið fyrir mótmælum landsmanna á móti réttindaafsalinu, og byggja það eflaust á seðli þeim,

með hendi Arna Magnússonar, er Hannes Þorsteinsson ritstjóri fann í fyrra vetur (1907) í handritasafni Jóns Sigurðssonar nr. 64 fol. og prentaði í Þjóðólfi 27. marz s. á. En að vorri hyggju verður slíkt eigi bygt á orðhljóðan seðilsins meðan eigi fást önnur skýrari rök til styrkingar. Þar segir svo: . . . »tók Mag. Brynjólfur í fyrstu nokkuð að tala við Bielke um, að Íslenzkir vildi ei gjarnan svo sleppa frá sér öllum privilegis í annara hendur, hvar til Bielke ei öðru svaraði en benti honum til þeirra, er krintzen gerðu (soldátanna), og spurði, hvort hann sæi þessa. Svo stakk í stúf um tergiversationem, og gekk hann og aðrir liðugir til þess, er vera átti.« Hér er það athugandi, að Brynjólfur biskup var jafnan nokkurs konar miðlunarmaður á milli danska valdsins eða höfuðsmannanna dönsku og landsmanna. Það er t. d. fyrir hans tilstilli og fortölur, að landsmenn játa ranglátum og heimildarlausum skattkröfum. Bréfabækur hans sýna það að vorri hyggju ljóslega, að hann dró taum konungsvaldsins á margan hátt, nema þegar um kirkjuvaldið var að ræða hins vegar, og svo var um fleiri af biskupunum. Þeim Brynjólfi biskupi og höfuðsmanni var vel til vana, og tel eg það víst, að Bielke hafi skýrt honum fyrstum manna frá erindi sínu og beðið hann að flytja það við landsmenn, er þeir komu til Kópavogs. Virðist mér seðillinn benda á það eitt, að biskup hafi fært málið í tal við landsmenn fyrir hönd Bielkes, en þeir tekið því þunglega og biskup síðan skýrt Bielke frá þessum undirtektum. Með þessu er alls eigi sagt, að biskupi hafi verið það ljúft að landsmenn afsöluðu sér réttindum sínum, heldur að eins hitt, að hann hafi eigi bundist fyrir neinni mótspyrnu í þessa átt, né heldur sýnt verulega tregðu að því er undirskriftina snertir. Það gerði aftur á móti Árni Oddsson. Og þessi afstaða þeirra hvors um sig kemur að vorri hyggju berlega fram í bréfum þeim, er leikmenn annars vegar og klerkar hins vegar rituðu konungi þar á þinginu og prentuð eru í bókinni (bls. 155 og 157). Í bréfi leikmanna, er Árni eflaust hefir gengist fyrir, er miklu skýrara að orði kveðið um forn lög og réttindi landsins, en í bréfi klerkdómsins, sem Brynjólfur gekst fyrir, og mest hljóðar um hag kirkjunnar og kjör klerkastéttarinnar. En þetta er vitanlega aukaatriði og snertir eigi athöfnina sjálfa.

Vér höfum nægilega skýr rök fyrir því, að svardagarnir 1551 og 1662 eru knúðir fram af hervaldi, þvert ofan í vilja alls þorra landsmanna. Þar tjáði eigi í móti að mæla. Og engum kemur til hugar að áfellað forfeður vora á siðaskifta- og einveldistímanum

fyrir það, þótt þeir léti undan síga fyrir ofbeldinu. Á þeim öldum var siðalögmál hervaldsins eigi göfugra en svo, að erindrekum konungs hefði enginn vansi verið að því að niðast á vopnlausri og varnarlausri þjóð og brytja menn niður hispurslaust, ef nokkur mótþrói væri sýndur. Hins var og eigi að vænta á þeim öldum, að erlendir þjóðir færu að skerast í leikinn til að afstýra slíku mannúðarleysi. Og er gott til þess að vita fyrir fámennar og vopnlausar þjóðir, að slíkir tímar skuli fyrir löngu vera um garð gengnir. —

Þá kemur annar aðal-þáttur bókarinnar, yfirlit Einars Arnórssonar yfir stjóru Íslands eftir 1262. Er yfirlit þetta að mörgu fróðlegt og lærdómsríkt og styrkir í flestum greinum skoðanir þær, er Jón Sigurðsson og aðrir góðir menn hafa haldið fram að uudanfögnu. Tekur hann í upphafi fram aðaleinkenni Gamla sáttmála og kemst að þeirri niðurstöðu, að hann beri eftir eðli sínu og efni að skoða sem »stjórnarskrá, grundvallarlög eða þeirra ígildi« (bls. 162). Og hér kemur hann þegar í upphafi að því atriðinu, sem er mergurinn málsins í skrifu hans, en hann er sá, að slík sáttmálsgerð eða breyting á henni liggi fyrir utan valdsvið hins almenna löggjafarvalds. Það er annað vald, sem sver Hakoni Noregskonungi trúnaðareidana og gerir sáttmálann við hann en löggjafarvald lýðstjórnartímans. Ef það hefði nægt eða verið talið nægja, þá hefði mátt bera þennan samning upp í lögréttu á venjulegan hátt, en svo er eigi. Landsmenn voru að láta af höndum sér sjálfstæðisrétt sinn að nokkru leyti, voru að gera samning við erlendan þjóðhöfðingja, og varð því sú athöfn að fara fram á sérstakan og hátíðlegan hátt, enda leynir það sér eigi, að önnur aðferð er höfð en þegar einföld lög voru gefin á alþingi eftir lögum lýðstjórnartímans. Helztu menn landsins sóru konungi eiða og settu upp þessi sáttmálskilyrði bæði fyrir sína eigin hönd og í umboði annara landsmanna. Nú er það sem sé algild regla, að það vald eitt, sem gefur eða setur lög, eða samsvarandi vald, getur breytt þeim lögum eða afnumið þau, annaðhvort sjálft eða gefið öðrum umboð til þess. Fyrir því var eigi hægt að breyta þessum sáttmála löglega, nema með þeirri aðferð, er samsvari aðferðinni, sem höfð var, þegar landið gekk konungi á hönd, landsmenn sóru eiðana og gerðu sáttmálann við konung. Þótt Íslendingar hefðu því einhvern tíma afsalað sér einhverjum landsréttindum, sem þeir höfðu eftir Gamla sáttmála, þá væri slíkt afsal ekki löglegt, nema því að eins, að það væri gert á líkan hátt

sem sáttmálinu upphaflega (bls. 162—163). Af þessu leiðir eðlilega, að skoðnu höf., að sérstaka þjóðarfulltrúasamkomu þurfi til þess, að á formlega löglegan hátt verði haggð við stöðu Íslands, eins og hún er að réttum lögum, fulltrúasamkomu, er menn séu kosnir í, sem hafi sérstakt umboð til þess að ráða þessu máli til lykta (bls. 221).

Þetta er aðalkjarninn í kenningu höf., og er við því búið, að sumum þyki nýstárlegt að heyra, og að kenning hans sæti andmælum frá ýmsum hliðum. Er vonandi, að mál þetta verði rætt af gætni og stillingu af þeim mönnum, er best hafa vit á, og að menn að lokum hafi það eitt fyrir satt og rétt, er með flestum og bestum rökum verður stutt, hvað sem stjórnmalaskoðunum líður að öðru leyti og hverju sem fram hefir verið haldið að undanförmu.

Jón Jónsson, sagnfr.

*

*

*

ÓLÖF Í ÁSI. Fært hefir til betra máls sögn sjálfrar hennar GUÐMUNDUR FRIÐJÓNSSON. [Prentsmiðja Ísafoldar 1907].

Það virðist ekki vera neitt áreinnilegt Guðm. Friðjónssyni að láta prenta bækur eftir sig. Viðtökurnar eru hjá sumum mönnum líkastar því, sem þeir hefðu orðið fyrir mikilli móðgun, sem þeir geti ekki fyrirgefið. Fyrir nokkurum árum kom út ljóðasafn eftir þennan höfund. Ljóðin báru þess vitni, að höf. var eitt af merkiskáldum þjóðarinnar. Yrkisefnin voru ný og hugnæm. Meðferðin var óvenju-frumleg. Í ítarlegasta ritdóminum um þá bók var einskis látið getið annars en þess, að höf. væri hið aumasta og kátlegasta leirskáld; að því einu var reynt að færa rök í mjög löngu máli. Nú hefir verið prentuð skáldsaga eftir G. F., bók, sem er í raun og veru mjög lík ljóðunum. Yfir hana hefir í sumum blöðunum verið dembt úrhellis-óvirðing, svo sem höf. væri ekkert annað en afglapi.

Þessir áfellisdómar stafa ekki eingöngu af því, að hér á landi eru að jafnaði ýmsir menn að rita um skáldskap, sem bera nauðalítið skyn á hann. Þeir stafa jafnframt af kostum og göllum höfundarins. G. F. er frumlegur höfundur, svo að afburðum sætir. Svo gjarnt er honum til þess að fara sínar götur, að honum er það víst óeðlilegt að orða hugsanir sínar með þeim hætti, sem tíðastur er í rituðu máli. Með sama markinu hafa verið brendir ýmsir af mestu rithöfundum þjóðanna. Þeir hafa ávalt sætt mikilli mótspyrnu, þar

til er lesendur hafa farið að venjast þeim, eða þeir hafa fengið sveigt tunguna að einhverju leyti inn á þær brautir, sem þeir höfðu sjálfir farið. Heyrn hans á tungutak alþýðunnar — á íslenzkuna, eins og hún er bezt töluð á landinu — er svo næm, að í því efni jafnast enginn íslenzkur rithöfundur við hann, sem nú er uppi. En jafnframt gefur hann stundum verulegan höggstað á sér. Vanþekking á tungunni bregður fyrir hjá honum. Og smekkvísi hans er ekki jafn-mikil og aðrir hæfileikar hans. Fyrir því er það einstaklega auðvelt hverjum andlegum smælingja að gera að honum atlögur, sem særa hann í augum þeirra mörgu manna, sem lesa bækur með lítilli athygli.

Á Ólöfn í Ási eru ýmsir höggstaðir. Orðfærið er víðast afburða-fallegt, þróttmikið og rammíslenzkt. En hér og þar rekur lesandinn sig á-alveg fráleit orðatiltæki. Blöðin hafa vandlega tínt upp þau lýti, snúið út úr þeim og fært á verri veg. Hér er ekki þörf á því leiðinlega verki að éta neitt upp eftir þeim. Og gallarnir taka lengra en til orðfærisins. G. F. bregður upp einstökum myndum úr íslenzku sveitalífi af mikilli snild. Hann hefir oft gert það áður. Og hann hefir sjaldan gert það betur en í upphafi þessarar bókar — lýsingunni á æskuheimili Ólafar. En honum lætur enn ekki að koma saman sögu. Honum tekst ekki að fylla umgjörðina því lífi, þeim viðburðum, stórum eða smáum, og þeim hugblæs-breytingum, sem einkenna vel samdar sögur. Bókin hefir að alt of miklu leyti orðið að nokkurs konar ritgjörð, varnarskjali. Lesanda er kipt, eins og með valdi, út af sviði listarinnar inn á svið siðfræðinnar. Hann kann ekki við sig í þeim hnippingum. Og honum finst vörnin víðast hvar með öllu óþörf, lítt sannfærandi, þar sem þörf kynni að vera á henni, en valda stöðugri truflun.

Aldrei hafa þess glöggari merki sést en í þessari bók, hve stórhuga G. F. er, hve ástríðu-magnið heillar hug hans, og hve djúpt hann girnist að grafa eftir hugrenningum mannanna. Lesandanum kemur ósjálfrátt Ibsen í hug, þó að ólíku sé að öðru leyti saman að jafna, þegar hann les um konuna, sem ekki unni fóstrinu, sem hún gekk með sjálf, og þótti vænt um, þegar maðurinu hennar fekk sér hjákouu. Það dylst víst engum, að höfundur, sem velur sér slík yrkisefni, er ekki að leita vandlega að alþýðuhylli. Hann þiggur hana auðvitað, með gleði, ef hún býðst. En hann lítur á alþýðuhyllina með þeirri höfðingslund, sem afsegir með öllu að fara nokkuru krók á sig til þess að ná í hana. Gegn slíkum ritum er avalt auðvelt að æsa einhverja. Sérstaklega er vandalítið

að velta hláturöldum á þá höfunda. Sjaldan er nema eitt fótmál frá því, sem alvöruþrungnast er, yfir í hlátursköllin. En þau sköll vekja ekki skilning þjóðarinnar á því, sem gáfumennu hennar eru að hugsa.

Þeir, sem hafa ekki lesið Ólöfu í Ási, hyggja sennilega, ef þeir taka nokkurt mark á ritdómunum í blöðunum, að bókin sé ekkert annað en fáránlegt orðahröngl. Hér fer á eftir ofurlítið sýnishorn (frá 31. og 32. bls.), tekið af handahófi. Vér ætlumst til þess, að það kunnir að verða einhverjum bending um það, af hverri samvirkusemi og sanngirni þeir dómar hafa verið ritaðir:

»Foss var í gljúfrinu og hellir á annan bóginn við iðuna, sem var undir fossinum. Þarna var afdrep fyrir hverju njósnauga heiman frá bænum. Eg settist í hellisskútann, á stein, straumsorfinn, sem þar var, og horfði í iðuna. Straumsveiflurnar og iðukastið töfðuðu augu mín, einkum þegar miðnætursólin skein á fossinn, þennan dverghaga jötun, sem greip ljósgeislana og braut þá sundur. . . .

»Mér fanst stundum, þegar eg hafði setið þarna lengi — mér fanst þá eins og eg heyra mannamál bak við sönginn, eins og lág-mæli hvíslandi vara. Mér heyrðist eg heyra til sjálfrar mín og hans, sem eg gat þá ekki slitið úr huga mínum. Fjarlægðirnar hurfu, fjarlægðir rúms og tíma. Hömlurnar urðu að engu. Við náðum þarna saman og nutumst. — Eg barnið, einstæðingurinn, föðurlaus, móðurlaus, sat þarna í höllinni minni og horfði á himneska liti, hlustaði á englasöng, sem amma mín hafði sagt mér frá. . . .

»Stundum fór eg ekki út, þegar dagsverkum var lokið, heldur háttaði eg rakleidis og breiddi yfir höfuð mér. En eg sofnaði sjaldan fljótt. Hugsanirnar streymdu í hug mér og flugu á víð og dreif, leiðslublandnar og hálfduklar, í móðublámann, sem leggur upp af vötnum lífsins, fjarlægum, en fagurbláum«.

Þegar vér hugsum um Ólöfu í Ási og höfund hennar og viðtökur þær, sem bók hans hefir fengið, þá er eins og brugðið sé upp tveim hliðum á íslenzku menningarlífi.

Öðrumegin er bláfátækur og heilsulítil bóndamaður að berjast um fyrir sér og sínum á koti norður undir Skjálfanda. Í öllu stritinu og áhyggjunum og heilsuleysinu hefir hann ekki frið fyrir ýmsum örðugustu og viðkvæmustu vandamálum mannsandans. Og hann leggur á sig það stritið í hjáverkum, á kvöldum og nóttum, að fara skáldhöndum um þau efni, reyna að setja á þau eilífðar-

mót listarinnar. Stundum tekst það ekki. Stundum tekst það, eftir atvikum óskiljanlega vel.

Og hinumegin eru nokkurir menn, sem til menta hafa verið settir. Öllum er kunnugt um, að þeir geta ekkert skrifað jafn-vel og G. F. Og engum er kunnugt um, að þeir geti neitt hugsað jafn-vel og hann. Þeir standa og æpa að honum.

*

*

*

INDRIÐI EINARSSON: NÝÁRSNÓTTIN. Sjonleikur í fimm þáttum. [Bóka-verzlun Guðm. Gamalíelssonar 1907].

Þetta leikrit var sýnt hér á leiksviði oftár í rennu en nokkurt leikrit áður, íslenzkt eða útlenzkt, og oftast fyrir húsfylli. Sjálf-sagt átti leiksviðsfeegurðin öll mikinn þátt í aðstreyminu: leiktjöld, búningar og dansleikar. En ef leikendur hefðu verið færir um að gera hinni andlegu feegurð ritsins full skil, þá hefði hún ein átt að vera ærin til þess að draga menn að sér. Það voru ekki nema sumir þeirra. Enda naumast við því að búast.

Höf. samdi leikrit með sama nafni, þegar hann var lærisveinn í latínuskólanum. Það var prentað 1872. Nokkurum sömu atrið-unum hefir hann haldið í hinu nýja riti sínu. En breytingarnar eru svo miklar, bæði að efni og orðfæri, að þetta er í raun og veru alveg nýtt rit, þó að efnið sé svipað.

Nýársnóttin hin nýja er um álfa og menska menn, eins og gamla ritið. Og [álfarnir eru, eftir því sem þeir gera sjálfir grein fyrir sér, »ímyndanir fólksins«, »hin leynda sál og líf í kletti og hólum, sem fólkið skapar«. Þeir eru ómar frá hörpu fólksins og ljóð af munnri þess.

Aðalatriði leikrítisins eru þau, að álfastúlka fær ást á mensk-um pilti og reynir að heilla hann, og að álfakongur girnist að fyr-irkoma unnustu piltsins af gömlu hatri við ömmu hennar. Hvort-veggja mistekst. Álfastúlkann andast, af því að hún biður ósigur. Og álfakongurinn, sem er ranglátur grimdarseggur, er veginn, áður en hann fær áformi sínu framgengt; en góð og réttlát og vitur álfkona tekur við völdunum. Sýnilega er það tákn þeirrar trúar skáldsins, að nú sé að birta yfir stjórnarhögum vorum og þjóðlífi, enda er í öllu ritinu heit og rík undiralda ættjarðarástar-innar.

Höf. hefir ekki tekist jafn vel að ganga frá m ö n n u m sínum eins og álfu n u m — að einum menskum manni undanteknum, G v e n d i s n e m m b æ r a, sem er fyrirtaks skemtilega skringileg-

ur karl. Sérstaklega mun flestum lesendum finnast álfkonan Heiðbláin vera ólík hugnæmari stúlka en Guðrún, menska-stúlkan, sem við hana keppir, og fæstir munu geta varist þeirri ósk, meðan á lestrinum stendur, að álfkonan verði yfirsterkari — einkum þar sem svo mikið er í húfi, að nái hún ást hans, fær hún ódauðlega sál. »Væri eg ekki verð þess?«, spyr hún. Og sannarlega er hún þess verð. Yfirleitt hefir höf. tekist að varpa yfir álfana þeim andríkis-blæ, að Nýársnóttin á að skipa sæmdarsæti í íslenskum bókmentum. Og sumir kaflarnir, ekki sízt tilraunin til þess að heilla Jón, eru ritaðir af svo mikilli snild, að slíkt er ekki á færi neins Íslendinga, annars en I. E., svo að kunnugt sé.

Orð leikur á því, að leikrit seljist illa hér á landi. Ekki trúum vér öðru en að mörgum þætti gaman að eignast þessa bók.

Meðan eg horfði á Nýársnóttina á leiksviðinu, voru tvær óskir magnmestir í huga mér. Eg get þeirra hér, af því að af þeim kann að mega marka ofurlítið, hve girnilegt er að fást viðsamning leikrita á þessu landi. Önnur þeirra var sú, að eg heyrði einhvern sæmilega mikinn hluta þess, sem leikendur voru að segja. Hin var sú, að eg hefði haft með mér regnhlíf í sætið, til þess að verjast lekanum, sem rennvætti mig. Hvorug þeirra óska hefir truflað mig við lesturinn. Og hann hefir líka valdið mér eindreginni ánægju.

*

*

*

HELGI VALTÝSSON: BLÝANTSMYNDIR. Visur og ljóð 1907.

Höf. er í vetur kennari við Flensborgarskólann, og hefir brotist áfram til mentunar í Noregi með fádæma elju. Hann er einn af foringjum Ungmennafélagsskaparins hér, og er eldheitur ættjarðarvinur. Ljóð hans bera þess rík merki. Ættjarðarástin er sá strengurinn, sem hann leikur mest á. Jafnframt er hugsjónaaflið sýnilega mikið, og innileikur tilfinninganna ekki síður. Lesanda finst hann sjá inn í ástrikann hug og viðkvæma en þrekmikla lund. Allvíða bregður fyrir verulega skáldlegum tilþrifum. Eins og, til dæmis að taka, þegar höf. situr hjá unnustunni dauðveikri og finnur, að »líf skelfur í hverjum skugga«. Eða þegar nóttin »grætur yfir heimsku manna og stingur þeim svefnþörn — til þess að þagga hið andlausa, eilífa hjal og stöðva hina munnstóra hlátra«; og hann elskar hana af því að hún »þaggar alt, enginn« skellir hurðunum — og enginn er heimskur«.

En að hinu leytnu leynir það sér ekki, að höf. hefir ekki að jafnaði vald á búningnum, og einna sízt þegar hugsanirnar eru frumlegastar. Sjaldnast ræður hann við íslenzka kveðandi að fullu. Stundum gefst hann alveg upp, og yrkir þá »ljóð« sín ekki að eins í óstuðluðu, heldur og með öllu óbundnu máli. Vitaskuld er sú »ljóðagerð« nokkuð farin að tíðkast í öðrum löndum. En mikið má það vera, ef Íslendingar sætta sig að sinni vel við þau »ljóð«. Viðbrigðin verða nokkuð mikil frá hiuni fullkomnustu og örðugustu braglist, sem til er í heimi. Og víða mistekst höf. að fara eftir íslenzkum braglistar-reglum, þegar hann ætlar sér að gera það. En sanngjarnt er að hafa það þá jafnframt hugfast, sem öllum er kunnugt, að nokkuð svipað hefir sumum beztu skáldum okkar verið farið. Þjarni Thorarensen var ekki sterkur á því svellinu. Og Grímur Thomsen ekki heldur.

Hitt er lakara, að íslenzkenni á ljóðum H. V. er mjög áfátt. Ekki að eins að því leyti, að lesandi rekur sig við og við á ótæk orðatiltæki, eins og til dæmis að »r e i ð a hvílu«, »nú er þ a ð nótt« o. s. frv. Heldur og að því leyti, að blærinn á búningnum er að jafnaði ekki íslenzkur, þar sem ekki verður beinlínis bent á neinar málvillur. Ætti að sauna það, mundi þurfa að semja um það lengri ritgjörð en Skírnir hefir rúm til.

H. V. finst mér svo mikið skáldefni — mér finst eg sjái, að hann eigi svo mikið af sálargöfgi og frumlegum hugsunum — að þess væri óskandi, að honum auðnaðist að gera hugsunum sínum góð klæði. Og þá að sjálfsgöðu sérstaklega, að hann næði valdi á slenzkri tungu.

*

*

*

DULRÆNAR SMÁSÖGUR. Teknar eftir skilgóðum heimildum. Safnandi **BRYNJÚLFUR JÓNSSON** frá Minnanúpi. [Kostnaðarmaður **Skúli Thoroddsen** 1907].

Br. J. skiftir sögum sínum í 7 flokka: berdreymi, feigðarboða, dáinna-svipi, dulargáfur, dular-tilbrigði, huldufólk og dulardýr. Þær eru ekki gefnar út sem þjóðsögur, heldur sem sannar sögur. Útgefandi kveðst hafa þekt vel meiri hluta heimildarmannanna, og vitað, að þeim mátti trúa; en um hinar hafi hann haft orð áreiðanlegra manna, sem kunnugir hafi verið hinum upphaflegu heimildarmönnum. Og hann ætlast til þess, að með tímanum kunnir að verða dregnar vísindalegar ályktanir af þessum sögum.

Því miður hefir hann ekki gert hinar ágætu sögur sínar svo úr garði. Til vísindalegra ályktana er meira krafist en hann hefir

af hendi int. Þegar Sálarranusóknarfélagið brezka var að safna dulrænum sögum, lét það sér ekki nægja, til dæmis að taka, frásögn sannorðs manns um það, að hann hefði dreymt fyrir daglátum. Sögumaður varð jafnframt að sanna draum sinn með vitnisburði annarra manna um það, að hann hefði sagt drauminn áður en hann rættist. Með slíkri nákvæmni hefir verið safnað ógrynnum af dulrænum sögum. Og það er sú nákvæmni ein, sem þykir geta gert sögurnar að undirstöðu undir vísindalegar ályktanir.

Annað mál er það, að þeir menn, sem nokkuð hafa kynt sér rannsókn dularfullra fyrirbrigða víðs vegar um veröldina, þeir ganga að því vísu, að margar sögur Br. J. muni vera sannar. Og sögurnar eru flestar ágætlega sagðar, og margar mjög merkilegar. Þær virðast benda á, að mikið sé af ófreskisgáfum með þessari þjóð. Vér bendum, rétt til dæmis, á sögurnar, sem sagðar eru eftir Ingibjörgu Jónsdóttur, húsfreyju á Hellum í Landsveit. Auk merkilegs berdreymis, hefir hún stundum alvakandi séð þau atvik, er síðar hafa orðið, þar á meðal landskjálftann mikla 1896. Bærin á Hellum hrundi 25. ág. það ár, og brekkurnar í fjallinu hröpuðu niður. En réttu ári áður, 25. ág. 1895, sá hún alt í einu bæinn hruninn og brekkurnar í fjallinu víða hrapaðar niður. Jafnframt sá hún þá mannaferð, sem kom fram ári síðar. Þá er og ekki síður merkileg saga Bjarna bónda Þórðarsonar frá Reykhólum, er hann horfir um réttaleytið, frá miðnætti til dögunar, á höfuðlausar manni, sem stendur í dyrunum að svefnherbergi hans, sér glögt, að maðurinn er í dökkleitum buxum með hvítum blettum á hujánum og í færeyskri peysu, hvítri með rauðum dröfnum. Daginn eftir er illutt á þennan bæ höfuðlaust lík í dökkum buxum, gatslitnum á hujánum, og færeyskri peysu, hvítri með rauðum dröfnum. Bók Br. J. er full af svipuðum sögum, enda er mýmargt af þeim um land alt. Þær eru sannarlega þess verðar, að eftir þeim sé grenslast af svo mikilli nákvæmni, sem framast er unt.

E. H.

☞ Þeirra bóka annarra, sem Skírni hafa verið sendar til umgetningar, og ekki hafa komist að í þessu hefti vegna þrengsla, verður getið í næsta hefti.

Erlend tíðindi.

Tveimur höfuðþjóðum heims, Bretum og Þjóðverjum, hefir það í milli farið í vetur, sem sumir mundu vilja orða svo, að með þeim væri allmiklar viðsjár. En heldur ríkt væri þá að orði kveðið.

En þær horfast í augu í hvassara lagi og er nokkuð órótt innan brjósts.

Því veldur sú skyndilega ráðagerð Þjóðverja snemma vetrar, að auka herskipastól sinn stórum meira og örara en að undanförmu.

Þar segja Bretar að ekki geti annað undir búíð en að Þjóðverjar hugsi sér að verða þeim jafnvígir á sjó áður langt um líður.

Kynlega þykir og slíkt við bregða út í frá, eftir alt skrafið um almenn samtök meðal stórveldanna um að hefta vígbúnað sinn heldur en auka úr þessu. Þá færast Þjóðverjar þetta í aukana alt í einu, og upp úr þurru.

Bretar hafa haft þá reglu hingað til, að láta sér ekki lynda minni yfirburði yfir aðrar þjóðir í vígbúnaði á sjó en að vera þar jafnsnjallir tveimur hinum völdugustu stórveldum öðrum. Þeir segja sínu afarvíðlenda ríki ekki óhætt að öðrum kosti, enda styrkur þeirra allur á sjó, en ekki landi. Yfirgang segja þeir vera sér fjarri skapi og ekki hugsa hærra en að halda sínum hlut fyrir hverjum sem er, og þótt fleiri legði saman.

Þeir hafa, Bretar, að svo stöddu þrefaldan herskipastól á við Þjóðverja, og telja sér ekki af því veita raunar, en mundu þó ekki um það fást, þótt Þjóðverjar eflðu sinn flota það, að hann yrði hálfdrættingur á við brezka flotann.

— Vér getum ekki, segja þeir, dregið vörn flota allan saman í Englandshafi, eins og Þjóðverjar, vegna þess, að vér eigum lönd út um allan heim. Vér verðum að skifta honum í 7 staði, hafa hann á 7 höfum. Bretaveldi er ellefu sinnum víðlendara en þýzka ríkið, straumlengjur vorar eru tíu sinnum meiri, gulfuskipafloti vor

fimmfaldur á við þann, er þeir hafa undir höndum, fólksfjöldinn sjöfaldur; en landherinn tíu sinnum minni. Úr því að Þjóðverjar eru eins og 10 móti 1 á landi, þá er ekki nein ógegnd að vér séum það öflugri á sjó, sem svarar 2 móti 1.

Jafnvel vorir mestu og frægustu friðarpostular, svo sem aðrir eins menn og Richard Cobden, John Morley og W. E. Gladstone, voru eða eru gallharðir á því, að minni yfirburði á sjó en hér segir megum vér ekki láta oss lynda. --

Þeir hafa yfirleitt tekið undir það, beztu menn Breta, sem W. T. Stead ritstjóri sagði í vetur, að fyrir hveru einn höfuðorustudreka, sem Þjóðverjar stofnuðu til, yrði Bretar að leggja kjöl að tveimur.

En þeim ægir kostnaðurinn, og þykir sárt, að verða að fresta hans vegna ár frá ári ýmsum stórum nauðsynlegum umbótum öðrum, þar á meðal nýmæli um ellistyrk handa öllum vinnandi mönnum, er kosta mundi um 13 miljónir pd. sterl. En 32 milj. pd. sterling og vel það er varið til herskipastólsins um árið, eins og nú stendur; það er sama sem hátt upp í 600 milj. kr.

Þeir mega nokkuð sjálfum sér um kenna, Bretar, er Þjóðverjar gera þeim geig. Þeir gerðu sér fyrir fá mál missirum hinn fræga vígdreka Órag hinn mikla, með nýju lagi, og svo vel vígan, að langt bar af öðrum herskipum sjálfra þeirra og þá annarra þjóða því fremur. En þar með gerðu þeir önnur herskip öll hálfónýt, með því að aðrar þjóðir voru ekki seinar á sér að taka upp sama lagið, fyrst og fremst Þjóðverjar, og er alls ekki við það etjandi minni háttar skipum í höfuðorustum.

Það sem knúðið hefir Þjóðverja öðrum þræði til þessa stórræðis, hins mikla flotaauka, er einangrunarviðleitni: hinnar brezku stjórnar, er þeim hefir orðið mikið ágengt með; og er kunnugra en frá þurfi að segja, hve kænlega Játvarður konungur hefir komið þar ár sinni fyrir borð og verið ærið fylginn sér. Þríveldasambandið stendur að vísu enn í orði kveðnu, en lítið um alúð orðið með Ítölum og Þjóðverjum að minsta kosti. Hin Norðurláfuríkin öll, þau er nokkuð eiga undir sér, eru komin á band með Bretum eða í vinfengi við þá.

Það varð úr, að Bretastjórn hugsar ekki til þetta árið að auka venju fremur herskipagerð hjá sér. En færast heldur í aukana að því liðnu, ef Þjóðverjar sýna ekki á sér neitt hik með með sína ráðagerð.

Breyting á alþýðuskólalögum enn af nýju og mikil takmörkun áfengisveitinga eru hin helztu nýmæli önnur en ellistyrkslögin, er þingið brezka hefir með höndum í vetur.

Kvenréttindamálið er þar og ofarlega á dagskrá. Ráðgjafarnir, sem nú eru, höfðu heitið því fylgi flestir í kosningunum síðust, er hófu þá til valda. En lítið um efudir að svo komnu. Þó hlaut í neðri málstofu 28. febr. þingmannsfrumvarp um að veita konum borgaraleg réttindi með sömu skilmálum, er karlmenn hafa þau allmikiun meiri hlut atkv., 267 gegn 92. Ráðgjafarnir tvískiftust þar, en mikill meiri hluti þeirra þó með málinu. Konur sækja það mál með mikilli áleitni, vekja óeirðir á fundum, ónáða ráðgjafana heima hjá þeim o. s. frv., til þess að láta á sér bera, eru þá dæmdar í fangelsi hópum saman og láta sér vel líka; telja þá eina leið, píslarvættisleiðina, líklega til sigurs.

Það er nýr vottur um alkunn stjórnhyggindi Breta, hve rífir þeir eru á stjórnfrælsi við nýlendurnar í Suður-Afríku, er þeir áttu ófrið við fyrir skemstu. Þar eru nú Búar og þeirra viuir hvarvetna í meiri hluta á þingi, þar á meðal í gamalli höfuðstöð Breta þar syðra, Höfðalýðlendu, og láta þeir sér það vel líka. Sú breyting varð þar í síðustu þingkosningum. Þar hafði verið fyrir ráðuneyti undanfarið þeirra öruggur fylgismaður, Dr. Jameson, sá er réð fyrir herhlaupinu alræmda inn í Transvaal fyrir 12 árum. Hann fór frá völdum óðara að kosningum afstöðnum, og við tók Búavinur eindreginn.

Sir Campbell-Bannerman yfirráðgjafi hefir kent mikils heilsu-brests í vetur og er búist við hann endist ekki lengi úr þessu. Hann er kominn nokkuð á áttæðisaldur. Eftirmaður hans er helzt búist við að verði Henry Asquith, sem nú er fjármálaráðgjafi og er einhver hinn mesti ræðugarpur á þingi Breta. Hann var ráðgjafi áður mörg ár bæði hjá Gladstone og Rosebery.

Frá Portúgal. Það smáríki kemur lítt við heimssöguna um vora daga. Þar eimir lítið eftir af fornri frægð og gengi frá landafundaöldinni miklu. En í vetur gerðust þar heimsfleyg tíðindi og þau allófögur.

Konungi og drotningu hans og börnum, 2 sonum, var veitt tilræði á förnum vegi og gengið af þeim dauðum, konunginum og eldra syni hans, konungsefni ríkisins. Yngri sonurinn varð nokkuð sár, en drotningu sakaði ekki.

Þetta gerðist í höfuðborginni, Lissabon, 1. febrúar, er konungsfólkið ók þar um stræti heim til hallar sinnar.

Konungsvagninn var staddur á höfuðtorgi bæjarins, í mikilli mannþröng, er maður stökk fram úr fólksþvögunni og upp á þrepíð aftan á vagninum, og hleypti af marghleypu 2 skotum í bak konungi. Hann hneig þegar út af. Í sama bili heyrðist blásið í pípu, og spratt þá annar maður svartskeggjaður í stórri kápu fram að konungsvagninum, brá riddarabyssu undan klæðum og skaut konungsefni í audlitið og síðan aftur í brjóstið. Hann bjóst til að skjóta í þriðja sinn, en þá sló lögregluþjónn á byssuskeftið, og reið skotið af út í loftið. Líðsforingi hjó konungsmorðingjann banahögg. Hinum banaði lögregluliðið. Yngri konungssonurinn fekk og skot í handlegginn, en það sá enginn gjörla, hvaðan kom, með því að alt var í uppnámi. Konungsvagninn fór svo hart sem hestarnir komust, upp að hergagnabúri skipaliðsins við efri endann á torginu. Konungur var örendur, er þar kom, og konungsefni með litlu lífsmarki, en lézt að vörmu spori. — Þessa leið mun atburði rétt lýst. Fyrstu frásögnum blaða skakkaði nokkuð.

Konungurinn hét Karl (Dom Carlos) hinn I. með því nafni, og hafði verið konungur 18¹/₂ ár, en varð nær hálfimtugur að aldri, sonur Hlödvis konungs I. (1861—1889) og drotningar hans Maríu Þíu Viktorsdóttur Emanúels II. Ítalíukonungs. Hann var kvæntur Amalíu prinsessu af Orleans-ætt, sonardóttur Hlödvis Filipp Frakkakonungs (1830—1848). Þau áttu 2 sonu barna, Hlödvi Filipp (Luiz Filippe), þann er hér segir frá að veginn var um leið og faðir hans, liðugt tvítugur, og Manúel, er lífi hélt og tók konungsnafn eftir föður sinn, 18 vetra. Hann nefnist Manúel II.

Undirrót þessa stórfenglega illvirkis eigna flestir megnri gremju frelsisvina í landinu út af þeirri lögleysistiltekju konungs og yfirráðgjafa hans, Joao Franco, að stjórna því þinglaust, með alræðisvaldi. Þing var rofið í fyrra vor, 10. maí, og ekki efnt til nýrra kosninga. Franco hafði verið yfirráðgjafi árlangt þar á undan, en engu tauti komið við þingið. Hann var utanflokkamaður, sagður vitur maður og skörungur mikill, og kölluðu þeir konungur þetta gert til að bjarga landinu úr sýnum voða, upp úr botnlausu spillingarfeni þeirra manna, er fyrir þjóðmálum réðu á þingi og utan. Þeir mötudu sinn krók á landsins fé hver í kapp við annan, öfluðu sér fylgis með gegndarlausum fjáraustri til embætta og bitlinga, og höfðu sókt landinu í botnlausar skuldir. Franco hafði kipt mörgu í lag þá 9—10 mánuði, er hann réð einn öllu með

konungi, lagði niður fjöldamörg óþörf embætti og skantaði laun í hófi, kom á sparnaði þar sem hægt var, en bakaði sér fyrir það megnan óþokka þeirra, sem þetta kom niður á, með því líka að hann lét þær ráðstafanir ekki ná til konungs eða hirðarinnar, heldur rífskaði tekjur konungs, sem voru áður gegndarlausar, en konungur mesti eyðsluseggur og kominn áður í botnlausar skuldur. Karl konungur var að öðru leyti allvel látinn af þegnum sínum, gegn maður og góður, atgervismaður á marga lund og margt vel um hann.

Líklegast þykir, að það hafi verið þjóðveldisvinir, sem gerðu menn til höfuðs konungi, og hafi þeir því viljað koma konungsfólkinu öllu fyrir ætternisstapa, að þá yrði sjálfgert að koma á þjóðvaldsstjórn í landinu. En þar fór á aðra leið. Landslýð féll allur ketill í eld við hið hryllilega ilvirki og þýddist hinn unga konung nær einhuga. En hann létti óðara af alræðinu, setti saman ráðuneyti af beztu mönnum úr báðum þingflokkum, stefndi saman þingi á skömmum fresti að undangengnum nýjum kosningum og gaf upp sakir öllum stjórn mála-afbrotamönnum. En Franco varð landflóttá og má hvergi um frjálst höfuð strjúka.

Það er í frásögur fært af morðræðinu, að drotning hafi sýnt af sér frábært hugrekki, enda er viðbrugðið fyrir vaskleik og atgervi. Eftir Karli konungi er það svar haft, er upp komst um samsæri gegn honum í haust einu sinai, að dauðann léti hann sig engu skifta af eða á í orðum né gjörðum, enda væri jafn-ókleift að verjast launvígum og sóttargerlum. Hann kundi ekki að hræðast, og fór jafnóvarlega þótt orðfleygt væri um banaráð við hann síðustu dægri, sem hann lifði.

Skipaliðsaukinn mikli eða herflota er höfuðviðburður í stjórn þýzka keisaradæmisins í vetur. Tvenn nýmæli söguleg gengu og fram á þingi Prússa. Annað er um heimild til að taka lögnámi til handa þýzkum mönnum pólskar fasteignir þar í landi, en hitt bannar að mæla á aðrar tungur en þýzka á almennum mannfundum, nema yfirvaldsleyfi komi til. Það miðar hvorttveggja til að hnekkja annarlegu þjóðerni í landinu: dönsku, pólsku og frönsku m. fl. — Þýzkur blaðamaður nafnkendur, Maximilian v. Harden, var lögsóttur í haust fyrir aðdróttun að nokkrum vildarvinum og leyniráðunautum keisara um ógeðslegan saurlifnað, er keisari hafði þó vikið úr embættum eða bannað hirðvist þegar er hann varð þess kvitts vísari. Blaðamaðurinn vann það meiðyrðamála. En síðan var höfðað.

sakamál á hendur Harden um sama efni. Þá gögnuðust honum illa vitni og féll á hann málið (4 mán. fangelsi m. m., 3. jan.).

Sátt varð um áramótin með Ungverjum og Austuríkismönnum um endurnýjun ríkistengslasáttmálans frá 1867, til 10 ára, eftir langa rimmu og harða. Þar er búist helzt við friðslitum og sundrung hins mikla ríkis, er Franz Jósefs keisara missir við, en hann er nú háaldraður orðinn og hefir verið 60 ára keisari undir þ. á. lok, ef lifir.

Þriðja fulltrúa þinginu rússneska semur skaplega við stjórnina að svo komnu. Það er þjálfa miklu en hin fyrri, og fer stjórnin sinna ferða fyrir því yfirleitt. Hún yfist heldur við Finnendinga á nýjan leik, hefir skift þar um landshöfðingja í vetur til hins verra. — Stössel, yfirhershöfðingi Rússa í Port Arthur, er þar gafst upp fyrir Japönnum nýársdag 1905, var dæmdur af lífi 20. febr. fyrir þá uppgjöf meðal annars. Það þótti vera sannað, að ekki hafi verið öll vörn þrotin.

Enn eiga Frakkar í ófriði suður í Marrokko og berst í bökkum við þarlenda menn. Hinn nýi soldán, Musai Hafid, sagður hafa farið halloka fyrir þeim nýlega.

Með Dönum höfuðtíðindi í vetur samkomulag með stjórnarliðum og hinum frjálslyndari íhaldsmönnum í landsþinginu um miður frjálst sveltastjórnarnýmæli, og kvíða frjálslyndir þjóðmálamenn framhaldi uppgjafar af stjórnarinnar hendi í íhaldsátt eða afturhalds. — Holger Drachmann, höfuðskáld Dana, lézt 14. jan., Jöhneke aðmiráll, fyrrum flotamálaráðgjafi, 6. jan., 8. febr. Ludvig Schröder fyrrum yfirmaður Askow lýðháskóla, og Fr. Meldahl stórhýsameistari 2. febr.

Skift um ráðuneyti í Norvegi nýverið. Lövland frá völdum, fyrir 3 atkv. mun honum mótdrægan á þingi, en við tekið Gunnar Knudsen þingforseti, höfuðskörungur í liði framsóknarmanna, og honum samhentir flokksbræður hans. Það voru samsteypuráðuneyti, er þeir voru fyrir, Michelsen og Lövland. — Norðmenn hafa komið sér í vetur undir hlífiskjöld stórveldanna 4 hér í álfu, Breta, Frakka, Þjóðverja og Rússa, með sáttmála um ábyrgð þeirra á óskertri landeign Nervegsríkis m. m.

Peninga-vandræði hafa mjög lagast, er á leið vetur, um alla álfuna nema Norðurlönd. Tveir bankar í Khöfn komust á annað hné, en þeim og fleiri peningastofnunum m. m. forðað algerðu falli með ríkissjóðsábyrgð og 5 höfuðbanka í Khöfn, samtals 20 milj. veði.

B. J.



Konráð Gislason.

1808—1908.

I.

Finnur Magnússon, háskólakennari og forseti Bókmenta-
félagsins um allmörg ár á undan Jóni Sigurðssyni, var
fyrri hluta aldarinnar síðustu færastur í islenskum fræð-
um og frægastur um leið, allur í Eddunum og fornum
fræðum og sögum.

Hann þýddi flest fyrir stjórnina dönsku, er Ísland varð-
aði, á árunum 1820—40, eða frá því er Bjarni amtmaður

á Arnarstapa fór heim og þangað til Brynjólfur Pétursson kom til skjalanna. Lagasafnið mikla þeirra Jóns Sigurðssonar geymir þær þýðingar, og nóg er af þeim til bragðbætis í Lagasafninu litla, sem ætlað er alþýðu, og er í margra höndum.

Eg grip úr miðju trogi orðabrot frá árinu 1831, »áhrærandi útviðkun til Íslands af Vorri tilskipun af« þeim og þeim degi, um yfirvaldsályktun, sem á að birtast hlutaðeigendum »af siðvanalegum stefnuvottum á þann við dóma birtingar brúkanlega hátt«. — Þetta á Finnur.

Fjórum árum síðar er »Fjölur« kominn út meðal almennings.

Og árinu síðar, eða 1836, sitja þeir tveir að því að semja Skírni, þeir Jónas Hallgrímsson og Konráð Gíslason; og þar eru þeir á einum stað að vandræðast yfir því meini, að Mexíkó-búar skuli ekki allir mæla á eina tungu, og skjóta þá að þeirri setningu:

»Enn málið er innsigli guds á tungu þjóðanna, og undir þessu innsigli eru ótal leyndardómar, sem aðrir út í frá geta ekki séð; og þessir leyndardómar eru einmitt málefni þjóðanna, sem þeim er sjálfum ætlað að skera úr; og þeir sem hafa eignast skynsemi og þrótt og samheldi og virðingu á sjálfum sér, hlíta ekki heldur öðrum að því«.

Þjóðerni og tungu hafði verið svo hræðilega misboðið af hermenskuyfirgangi Napóleons, og þá eigi síður af skriffínsku-fúlmenskunni hjá Metternich og Bandalaginu »helga«. Júlibyktingin franska 1830 losar um, og frelsisþráin og þjóðernistilfinningin glædist við frelsisstrið þjóðanna beggja megin hafsins, og sárast snerta hjörtun harmar Pólverja. Þeir eru píslarvottar hins nýja síðar, og efla hann því mest.

Þaðan andar vorblærinn suðræni og vestræni á íslenzka þjóðernisgróðurinn.

Hvor þeirra, Jónas eða Konráð, á orðin sem í er vitnað, verður eigi sagt með vissu, öllu líklegra að Konráð eigi meira í þeim. Svo gerir dr. Björn M. Ólsen í æfisögu Konráðs í Timariti Bókmentafélagsins 1891, að

hann eignar Konráði niðurskipun efnisins í þessum 10. árgangi Skírnis, því að fréttunum er þar rætt eftir »tölu þjóðanna og frændsemi þeirra«, en ekki eftir löndum, en frændsemin er alveg miðuð við skyldleika tungumálanna.

Tungan segir til um þjóðernið, og þeir menn sem tungu eiga saman, þeir eru saman, einir fyrir sig, um hina dýru »leyndardóma«, sem eru málefni hverrar þjóðar.

Vér fáum vart skilið, hve óumræðilega ný þessi kenning var hjá oss fyrir tveim mannsöldrum síðan.

II.

Og átta ár líða frá því þeir félagar flytja þennan boðskap sinn. Síra Tómas er fyrir nokkru látinn, en Jónas stendur enn uppi og Brynjólfur, og Konráð fær tækifæri til að koma þessum hugsjónum sínum enn betur að í Fjölni:

»Málið er höfudeinkenni hverrar þjóðar, og það er ekki einskis vert, hvort því fer fram eða aftur, hvort það er ljótt eða fagurt . . .

Þjóðerni vort, sem einkanlega er fólgið í málinu, hefir verið troðið undir fótum, og hörmulega saurgað og svívirt, margar aldir í sífellu. Hversu lengi á slíku fram að fara? Hversu lengi eigum vér að niðast á sjálfum oss og öllu því, sem oss ætti að vera djúrmætast hér í heimi? . . .

Andi hvers einstaks, hversu vel sem hann er af gudi gjör, verður að engum þrifnadi nema hann njóti annara að, og taki birtu af hugum annara. En hver er þá þessi geisli, sem hugur sendir hug? Hvert er þetta ljós, degi bjartara og sólu varmara, sem skín yfir lönd og lýði, og sýnir mönnum að þeir eru menn, en ekki skynlaus kvikindi? Hvað er það annað en málið, óskabarn mannlegs anda?

Og sé nokkur sá, að minsta kosti í mentaðra manna tölu, að einu gildi, hvernig málið er og hvernig með það er farið — er honum þá ekki nærri því ofnefni, að heita maður?»

Um það má þrátta, hvort viðreisn tungunnar sé meir að þakka kennurunum á Bessastöðum, Sveinbirni Egilssyni

og Hallgrími Scheving eða þeim Fjölnismönnum. Þjóðernisaldan utan úr heiminum nær betur til landa í Höfn, en upptökin voru þó hjá kennurunum heima. Finnur hefir eigi forntungulærdóminn nema rétt til spari, þegar hann yrkir, og endur og eins í Sagnablöðunum. Sveinbjörn er maðurinn, sem fyrstur er sér þess vel vitandi, að nota forn málið til umbótar ritmáli og talmáli þátímans. Hin heilsubótarlindin var alþýðumálið, óspilt í ýmsum héraðum landsins. Því hélt Sigurður Gunnarsson, er síðar var prestur á Hallormsstað, fram í Bessastaðaskóla, og þá varð Sveinbirni að orði, að það væri vandasamt að læra að tala og rita fagurt mál, »en gott er að lesa fornsögurnar okkar«, bætti Sveinbjörn við.

III.

Í æfisögubrotinu sem Konráð sjálfur reit á dönsku og dr. Björn þýddi framan við æfisöguna í Tímaritinu, tekur Konráð það fram, að faðir sinn hafi verið hreppstjóri, en hann vikur vart að því, hvaða stórmerkur íslenzkur fræðimaður Gísli gamli var.

Gísli varð á undan rétt öllum alþýðumönnum í náinni kynning á fornritunum. Allur almenningur varð að bíða prentunar á sögunum, sem enn átti nokkuð langt í land, en Gísli varð ritunum handgenginn vegna hins mikla afritunarstarfs sem hann hafði fyrir Hallgrím Scheving á vertíðunum og seinna heima hjá sér í Skagafirði. Konráð gat sagt um föður sinn nokkuð svipað og Benidikt Gröndal kvað um sinn föður: »Þaðan er mér kominn kraftur orða, meginkyngi og myndagnótt«. Auðvitað var Gísli enginn snillingur. Espólín var fyrirmyndin hans.

Og svo nýtur Konráð föður síns hjá Bessastaðakennurunum. Hallgrímur Scheving lætur hann hjálpa sér til að bera saman íslenzk fornrit með sér, að því er Konráð sjálfur segir frá. Á sumrin er hann kaupamaður á Bessastöðum. Þangað var þá komið til að læra undir skóla sýslumannssyninum frá Ketilstöðum á Völlum. Sá sveinn

hefir það enn fyrir gamansögu, eftir tæp 80 ár, að minnst þess er hann fylgdi Konráði eftir út í slægjuna með bókina sína latnesku, og fekk tilsógnina og yfirheyrsluna um leið og Konráð brýndi. Gamli Páll Melsted kallar það »peripatetiska« skólann.

Konráð hafði gott veganesti að heiman til þess að geta orðið lífið og sálin í baráttunni fyrir viðreisn móðurmálsins.

Árið 1851 hefir Konráð verið 20 ár í Höfn og þá hefir hann lokið því verki, sem hann er langkunnastur fyrir hjá öllum almenningi hér á landi, og það er orðabók hans hin mikla, sem langmest er í varið fyrir íslenzku dæmin, sem hann velur.

Alt til þessa hefir hann ritað fyrir Íslendinga og á íslenzku máli. Og hármur er að hugsa til þess, að ágætasti talsmaður íslenzku tungunnar, hinn allra smekkvísasti og fróðasti, hættir nú að kenna og rita á einu tungunni sem hann elskar, það sem eftir er æfínnar.

IV.

Vér hljótum að sakna þess að eigi varð af því, að Konráð yrði kennari við latínuskólann. Sennilegt er það, að hann hefði varla orðið jafnsnjall hér heima í skýringum hins forna kveðskapar, meðal annars vegna fjarvistar við handritin, en hinu má treysta, að hann hefði stórum aukið þekkinguna og smekkin á móðurmálinu hjá námsmönnum. Ritdómar hans í Fjölni urðu til hinnar mestu málhreinsunar og umbótar á ritmálinu, og má nærri geta, að þau áhrif hefðu orðið miklu meiri og viðtækari, ef hann hefði orðið íslenzkukennari við skólann. Páll Melsted segir að íslenzkan hans hafi verið fallegust meðan hann var ungur: »Hann vantaði að vera innan um lifandi fólki«. Hann hefði náð hinu bezta — hvaðanáfa — af vörum pílta.

Það er eitthvað raunalegt að hugsa til þess, að Konráð elur 60 árin óslitin erlendis, og litur aldrei ættjörðina frá því er hann kvaddi hana 23 ára að aldri, alt til dauða-

dags í ársbyrjun 1891. Þjóðarminningin á 100 ára afmæli hans heiðrar fyrstu 20 árin af starfstíma hans í Höfn. Visindastörf hans eftir það eru oss til sæmdar og þjóðlíf vort hefir stórum auðgast á vaxandi skilningi hins forna kveðskapar og á það enn betur fyrir sér, auk þess sem hljómurinn og hreimurinn forni mótar enn svo mikið af nútíðarskálðskap vorum. Hvorttveggja þetta stendur oss þó fjær en fagnaðarboðskapur móðurmálsins og þjóðernisins, sem hann flutti á æskuárum.

Nú er hann hafði fyllt fertugsaldurinn, voru þeir allir fallnir frá, er honum stóðu næstir við Fjölni. Hann einangraðist úr hóp lands, Jón Sigurðsson varð sólin sem alt líf lands í Höfn snerist um, en þeir Konráð áttu ekki lund saman. Efnahagurinn var mjög slæmur allengi og margt varð honum til armæðu. Gáfurnar voru hinar sömu, og andi hans leitaði áfram fróunar í islenskum fræðum, en nú var hann kominn í fjarska, út úr islensku lofti og lífi. Það var fyrst eftir að Konráð var orðinn ekkjumadur og Jón Sigurðsson var látinn, um 1880, að hann kom aftur í hóp lands.

V.

Frægðarljómi postuladómsins stóð þá af Konráði, og um hann var margfalt skýjasafn af fornum sögnum, rétt eins og godasagnir ganga og gerast, en með allri ástúðinni og hinni alveg stöku kurteisi var hann í hóp lands þessi árin svo hátt í hæð, að um verulega kynningu var eigi að ræða, og fæstir stigu fæti inn fyrir dyr hjá honum.

Það var sagt um Konráð, að hann hefði á yngri árum verið hrókur alls fagnaðar. Og kætin og glensíð gat enn komið upp í honum á áttræðisaldri, var það helzt er trygðavinur hans frá æskuárum, Magnús Eiríksson, var annars vegar. Eitt lítið dæmi þess var það, að Magnús hafði fengið mjög vinsamlegt bréf frá merkum manni í Svíþjóð, sem lýsti sig samdóma honum í trúarskoðunum. Magnúsi þótti lofið gott, sem fleirum, og varð ærið skraf-

drjúgt um bréfið í samkvæmi, þar sem Konráð var heiðursgesturinn, og loks leggur hann að Konráði að lesa bréfið upphátt. Konráð las bréfið með þeim hætti, að allir veltust um af hlátri, einhverju mun hann hafa vikið við, en mest lá það í því, hvernig hann las. Það endaði með því, að Magnús var orðinn fokreiður við Sviann: »Er hann að skamma mig«, eins og hann kvað að, og reif bréfið af Konráði.

Tvö samsætiskvöld eru mér ógleymanleg frá samvistum við Konráð. Eg var í annað skiftið nefndur til að fylgja honum heim á eftir og keyrsluvegurinn var langur, og Konráð var ákaflega skemtinn og málreifur. Hann lét mig hafa yfir visur sem eg kunni að heiman, þar sem alt fauk í kviðlingum, eins og víðar í Suður-Þingeyjarsýslu, og mest þótti honum gaman að smellnum visum eftir stúlkurnar þar. Og þá fór hann að segja mér af foreldrum sínum, að móðir sín hefði verið hagnæmtari en faðir sinn, og oft hefðu þau kastað fram visu, hvort um sig eða þá saman. Eftir þau væri t. d. erindið:

„Að yrkja kvæði ólán bjó
eftir fornri sögu“.

„Gaman er að geta þó
gert ferskeytta bögu“.

Efemía átti seinni partinn og stóð ekki á. Þarna var allur hugurinn enn við þessa sérkennilegu þjóðarlist. Og öra lundin forna kom ekki síður fram. Eg hafði eitthvað veður af því, að Konráð margborgaði ökumanni. Og þegar við Konráð vorum skildir, bauð ökumaður mér að skila mér heim til Garðs, en eg sagðist ekki hafa ráð á slíku. »Og sussu, sussu. Það er borgað og meira en það«. Og eg varð að þiggja boðið.

Annað samverukvöld við Konráð gæti eg þrúsett og dagfært. Það var kveldið sem Eiríki gamla Garðsprófasti Jónssyni var haldin veizla, þá sextugum (árið 1882). Þar gerðist það til frásagna, að ungur stúdent, sem var þá mjög heitur áhangandi Georgs Brandesar, hélt allhvassa

ræðu um hégómleik og tómleik allra trúarbragða. Konráð beiddi sér þá hljóðs litlu síðar, og flutti ræðu á móti, sem hann beindi til hinna ungu námsmanna. Oss kom öllum saman um það, þá og síðar, að vér hefðum aldrei á æfi okkar heyrt jafn-ágæta ræðu. Þar fór saman heilög alvara og ástúðleg bliða og alt í gullskrúði hins göfugasta og fegursta máls. Og eitt man eg svo gjörla, hvernig gjálafisbragurinn, sem drykkjunni varð tíðast samfara hjá okkur í ræðum og söngvum, var allur af það kveldið.

VI.

Konráð átti ekki langt að sækja gáfurnar, sögðum við fyr, en nokkur forvitni er manni á því, hvort satt kunnir að vera, að faðir Konráðs hafi verið sonur þjóðskáldsins Jóns Þorlákssonar. Svo hefir verið talað úr ýmsum áttum og það skilgóðum. Gisli gamli hló við því, og játaði hvorki né neitaði. Sitt hvað hjá Konráði minnir á Jón, og vel ann maður Jóni þess afsprengis. Jón var meiri umbóta-maður á islenzka tungu, en flestir nú vita af.

Og Konráð á Völlum í Vallhólmi; hann var hreppstjóri í 40 ár, og átti fyrir því að fella 90 hross á einum vetri, en hann er sagður að hafa verið búramenni, og virðist lítið efni hafa átt í gáfaðan son.

Jón Þorláksson var prestlaus í annað sinn. Þau fengu eigi að giftast, hann og Jórunn Brynjólfsdóttir, en faðir hennar varð að »þ-o-l-a«, að þau áttu tvö börnin saman, og var þá Jón embættislaus um allmörg ár*).

*) Vísan til Jórunnar í Ljóðabókinni er áreiðanlega úr lagi færð, í sjálfu áherzluorðinu. Svo mun hún vera rétt, og skáldið minnst þá fornra ásta:

Sorgarbára ýfir und,
 elda rasta njórunn!
 Freyju tára fögur hrund,
 falleg varstu Jórunn!

Í Ljóðabókinni er í þess stað: „falleg ertu“.

Sumarið 1786 útvegur Árni biskup á Hólum Jóni uppreisn, en þó mátti hann ekki verða prestur aftur í Skálholtsbiskupsdæmi. Þetta sama haust kemur Jón að vestan kynnisföru norður, og kemur hann þá að Völlum, enda var þar ferjustaðurinn. Miseldri var mikið þeirra hjónanna á Völlum, Konráð var vetri eldri en hálfstjötugur, en Jófríður hafði einn um tvítugt. Önnur munnmælasaga greinir svo, að kynningin væri eigi lengri en það, að húsfreyja ferjandi skáldið yfir Vötnin. Hin sagan segir að Jón hafi verið á Völlum nokkrar nætur, Vötnin óferjandi af haustvöxtum. Ekki var síra Jón þá búinn að fá Bægisá, en satt mun vera um þetta ferðalag hans þá. Og Gísli er fæddur í Júní 1787.

Af óprentuðum erindum eftir síra Jón er það kunnugt, að honum var vel til Gísla Konráðssonar, en á því er reyndar lítið að byggja.

Jófríður Gísladóttir var fríð kona og vel gefin, en ef laust hefir henni verið ástlítil giftingin, er hreppstjórinn tók hana af vergangi. Og í ættinni lifa þau munnmæli, að síra Eggert í Glaumbæ hafi átt hinn drenginn, sem unga konan ól Konráði gamla. Sá síra Eggert kemur við æfisögu Gísla (Tímaritið 1897), sagður að hafa verið »ærið við öl« er sveinninn var skirður að Víðimýri. Og svo er mælt um síra Eggert, að aldrei hafi hann ófullur farið af annexíunni, og altaf tekið saman við einhvern sóknarmann upp úr messunni, og þótti slíkt þá fjör og karlenska.

VII.

Konráð var keikur og kvikur fram til efstu elliára. »Hann var vel knár í skóla«, segir Páll Melsteð um hann. »Og báðir voru þeir Jónas vel glímnir«. »Eg sá Konráð ekki falla í glímu«. Þegar Konráð var maður stjötugur, var Magnús Eiríksson í jólabóði hjá honum og systurson Konráðs, Indriði skáld, er frá hefir sagt. Vel var veitt og neytt og gekk Magnús um gólf, og gat þess að nú

væri tíminn sinn að taka miðdegisblund. Þá vatt Konráð sér undir hann og hóf hann upp á klofbragði og kastaði honum yfir í legubekk í stofunni, og var Magnús þó allmikill vexti. Konráð var og syndur vel, og hann barg einu sinni lífi Páls í Bessastádatjörn.

Allstórlyndur var Konráð og óvæginn. Hann barði, að sögn Páls, einhverju sinni á einum skólalbróður sínum, og lektor karlinn sagði við hann: »Þú ert fauti, Konráð«. »Það má nú maður manni segja«, varð piltinum að orði, en Jón lektor þótti bráður. Konráð varð þykkjuþungur er aldur færðist yfir hann. »Maður á aldrei að fyrirgefa neitt«, hefir systurson hans eftir honum. Þeim huga var stefnt til Guðbrandar Vigfússonar. Ósagt skal, hvort skap hans hefir mýkst síðasta áratuginn, er lífskoðun hans breyttist upp úr láti konunnar, hennar saknaði hann mikið, en þess varð Jón Þorkelsson, nú landskjalavörður, var, að Konráð vildi gera honum það sem allra-áþreifanlegast, með svo alveg stakri elskusemi, að hann gyldi ekki í einu né neinu Guðbrandar. En Jón var Guðbrandi mjög nákominn og handgenginn.

Konráð var lengst æfi ekki orðvar maður, og lét alt fjúka, og meinlegur var hann í kviðlingum og það við vini sína: »Hið ytra virtist sumum kalt«. — Svo kvað Grimur.

Það eru tvennar sögurnar um það, hvernig Konráð einangradist út úr hóp Íslendinga. Steingrímur rektor hefir sagt mér, að hann muni ekki eftir Konráði á Íslendinga-samkomum þessi 20 ár eða betur, sem hann var í Höfn, nema í skilnaðarveizlu fyrir Kristjáni Kristjánssyni, er síðar varð amtmaður. Það mun hafa verið 1854. Það þótti nýlunda, að Konráð sótti það samsæti — þeir Kristján voru fornvinir. Þá mælir Jón Sigurðsson fyrir minni Konráðs, vel og vinsamlega sem vænta mátti, en Konráð þoldi ekki, af því að það var Jón, og greip fram í með ónotum og stökk á burt. En Bergur heitinn Thorberg sagði svo frá, að síðast er Konráð hafi setið veizlu með Íslendingum, þá hafi verið mælt fyrir minni hans, og þegar hann hafi verið nefndur til í ræðunni, þá hafi einn

í samsætinu, sem reyndar þótti lítils verður í hóp landa, sagt, svo Konráð heyrði: »Það var þá líka maður«. Konráð þurfti ekki meira. Sennilega segir hér frá einum og sama viðburði.

Konráði var óefað þungt til Jóns Sigurðssonar. Þegar að því kom að landið keypti bækur og handrit Jóns, nefndi stjórnin þá til Konráð og Vilhjálmm Finsen að meta. Jóni var það nokkuð áhyggjuefni, og bað systurson Konráðs að verða einhvers vísari um álit gamla mannsins. Jón þurfti að fá 20—25000 kr. til að geta losað sig úr skuldum. Konráð lét það fljótt uppi, að handritin ein, 5000 að tölu, væru 25,000 kr. virði, og allar bækurnar væru þá í ofanálag: »Eg hefi aldrei verið á móti Jóni með peninga«, bætti hann við.

VIII.

Enginn man nú Konráð fyrir 1850 nema Páll: »Eg dáðist að Konráði — mest fyrir latinuna«. Jónas var Páli samrýmdari, en hvorugur þeirra, Jónas né Konráð, eru Páli svo hjartfólgnir í endurminningunni, sem tveir aðrir skólabræður hans: »Gisli Hjálmarsson, hann var minn maður — og Brynjólfur Pétursson«. Páll getur eigi minzt manngæða þeirra ógrátandi.

Ljúfingarnir tveir og listamennirnir voru báðir stórlyndir og samkomulagið eigi ávalt sem bezt, en hvorugur gat þó án annars verið. Það hafði hlaupið ilt í þá einn daginn sem oftast á Garði. Þá bjó Konráð með Torfa Eggerz, en Torfi lá sjúkur á spítala og Konráð var því einn í herbergi. Þeir Páll og Jónas bjuggu saman og voru háttaðir um kveldið, og var dálítill skíma af tungsljósi. Þá er látin upp hurð og ekki barið, og maður vindur sér inn og sezt á kofort, sem var eina sætið í herberginu. Allir þegja um stund, og þá segir gestur: »Má eg hrækja?« »Svona tiltæki var einskis nema Konráðs«. — »Óútreiknanlegur«, segir Páll, eitthvað líkt og það sem í fornsögum heitir um mann, að hann væri »hugkvæmur og

margbreytinn«. — Þarna var Konráð kominn, og líklega gerði hann sér upp myrkfælnina til að ná aftur sáttum við vin sinn. Þá kvað hann erindið:

Alt var kyrt og alt var hljótt,
 en eitthvað heyrði eg tísta ótt
 í húsi því.
 Mér í burtu flýtti eg fljótt,
 því fara vildi eg ekki um nótt
 í klamarí.

Konráð háttaði síðan hjá Jónasi. Svona segir Páll frá þessu og er það nokkuð á annan veg en sagt er frá í Sunnanfara I, 2. Og saga Páls kemur betur heim við niðurlagsorðið.

Erindið er allgott dæmi kvedskaparins hjá Konráði. En ærslin voru tíðast um of, og sáralítið er hafandi yfir. Skrítið, að Konráði virtist vera hugarhaldið um það allra síðustu árin, að erindin sín gömlu geymdust, hann kendi þau bæði Indriða og dr. Jóni. Honum var orðin svo eiginleg handrita-varðveizlan.

Gáskinn gat komið upp í hinum þungbúna alvörumannni. Þegar hann fekk leiðarstjörnu-heiðursmerkið sænska, hampaði hann málminum framan í gest sinn og sagði: »Einhvern tíma hefði maður reynt að koma þessu í peninga, Guðmundur!«

Annar maður en Indriði, sem mest hafði persónuleg kynni af Konráði síðustu árin, var Guðmundur Þorláksson málfræðingur. Hann naut námsins — og Skagafjarðar. Þorbjörg á Hólum, ekkja síra Benedikts og dóttir síra Jóns Konráðssonar á Mælifelli bað Guðmund að bera »Konráði litla« kveðju. Hann var þá reyndar meira en hálfstjötugur, en hún var enn þá í huganum prófastsdóttirin með námssveininn fyrir framan sig. Þar, á Mælifelli, steig Konráð fyrstu sporin á mentabrautinni, og mintist hann þess með hlýjum huga.

Geta má þess, þótt ofursmátt sé, en mannlýsing er í því, að lengi vel þéradí Konráð systurson sinn. Hitt var ekki

nema svo sjálfgefið, eftir eldri tízku, að ungi pilturinn þéraði móðurbróður sinn.

Alt kemur niður á einum stað um það, að viljinn og framkvæmdar-krafturinn í þeim Fjölnismönnum var mestur og rétt allur þar sem Tómas var Sæmundsson. Páll gamli á þar eigi annað orð yfir um Tómas, en að hann var »ólmur maður«. Þetta skilst nú alt, er bréf hans eru kunn, en miklu síður áður. Og því var það að Indriði spurði einu sinni frænda sinn: »Var nú Tómas Sæmundsson mikill maður?« Konráð þagði um stund, og fast kvað hann að svarinu: »Heldur þótti okkur nú það«.

Lítt voru sóttir háskólafrirlestrar Konráðs, og segir dr. Björn í æfisögunni, að hann hafi heldur bandað löndum frá, þeir græddu eigi á þeim. En hvað einmanalegust var þó æfi Konráðs árin 4—5 hin efstu, er hann hafði látið af embætti. Guðmundur Þorláksson var þá mest hjá honum og yfir honum í banalegunni.

Þegar kona Konráðs dó 1877 vissu fæstir landar af því, að minsta kosti veit eg ekki um almenna hluttöku þeirra við jarðarförina. Þegar Konráð var látinn, þá var efnt til veglegrar hluttöku við hans útför, og listinn kom fyrir augun á íslenzkum stórkaupmanni. Það stóð ekki á risnu og örlæti hjá þeim manni, en hann las og las: »Konráð Gíslason! — Hvaða maður var það?«

Ekki var kyn, þótt Konráð væri gleymdur heima á Íslandi, eftir 60 ára útlegd.

Nú rís hann upp í huga þjóðarinnar, og fær sitt aldarafmæli. Hann er einn af viðreisnarmönnum íslenzks þjóðernis, einn af mönnunum þeim, er fæddust upp úr dýpstu niðurlægingunni.

P. B.

Marjas.

Enginn veit hvað átt hefir, fyr en mist hefir.

Og sízt veit neinn, hvað mannorðið er dýrmætt, fyr en hann er orðinn »ærulaus«.

Eg vissi það að minsta kosti ekki, þegar eg var að læra um það í Balles Barnalærdómsbók, hvað gott mannorð sé mikilsvert í þessu lífi, ef oss á að ganga vel o. s. frv. Eg var of ungur þá til þess að skilja nokkuð, sem þar stóð. Fóstri minn sagði, að eg gerði ekki annað þarfara en að læra þá bók. Mér fanst vandfundin óþarfari athöfn.

En eg skildi það, þegar allur heimurinn hafði mist traust á mér og snúið við mér bakinu.

Allur heimurinn var Grímur og Jónas og Manga.

Mér stóð nú nokkuð á sama um Möngu. Ekki eingöngu vegna þess, að hún var kvenmaður. En auðvitað nokkuð vegna þess. Kvenfólk þótti mér furðu lítilmótlegar verur. Í samanburði við Grím að minsta kosti.

Auðvitað samt að undanskilinni fóstura minni. Hún var að nokkuru leyti utan við og ofan við tilveruna. Hún átti vald á öllum matnum — allri mjólkinni og öllu sykrinu. Og hún bragðaði aldrei á neinu öðru vísi en aðrir. Eg skildi ekkert í þeirri sjálfsafneitun. Mér fanst hún meira en mannleg. Eitthvað í ætt við englana. Grímur hafði einu sinni sagt mér, að þeir borðuðu alls ekkert.

— Ekki kríuegg? sagði eg.

— Nei, sagði Grímur.

— Drekka þeir þá ekki mjólk? spurði eg.

— Nei, sagði Grímur.

— En borða þeir þá ekki sykur? Sykur er ekki matur, sagði eg.

— Nei, þeir borða ekki sykur, sagði Grímur. Eg hugleiddi málið um stund.

— Er nokkurt gaman að vera engill? sagði eg þá.

— Svo er sagt, sagði Grímur.

Eg fann, að sjálfsafneitun fósturu minnar var mér jafndularfull eins og englarnir.

Og hún átti ekki vald á matnum einum. Hún réð öllu. Eg vissi ekki, hvornig eg vissi það. En eg vissi það. Allir höfðu beyg af fósturu mínum. Eg þorði alls ekki að nefna neitt við hann, nema eg væri gagngert sendur með skilaboð til hans. En fósturu mín lét hann gera alt, sem henni þóknaðist. Eg viss ekki, hvornig hún fór að því. Hún var minst vexti og kraftaminst á heimilinu. Ekki gat hún ráðið við neinn — nema mig, auðvitad. Hún skipaði aldrei neinum neitt — ekki einu sinni mér. En hvað sem hún orðaði við fósturu minn, það gerði hann, eða lét gera. Og væri hann eitthvað tregur, þá brosti hún við honum. Og þá var tregðunni lokið.

Nei, fósturu mín var ekki eins og annað kvenfólk. Hún kom ekkert málinu við. Manga var eins og annað kvenfólk. Og eg fyrirleit kvenfólk.

Eg heyrði sagt, að Manga væri lagleg. Það gat eg ekki séð. Eg heyrði sagt, að hún væri um tvítugt. Mér var alveg sama, hvort hún var tvítug eða tíræð. Mér var sagt að hún hefði fallegasta hárið í öllum dalnum. Eg sá að það var glóbjart, og að flétturarnar náðu niður undir mitti, þó að hún nældi endunum undir húfuna á sunnudögum. En mér var alveg sama þó hún væri sköllótt. Mér var sagt, að hún væri karlmanns-ígildi að burðum; það vissi eg að var satt. Eg vissi, hvað hún hafði klipið mig fast upp við lækinn, þegar hún var að þvo sokkaplögginn, og hafði verið að sneypa mig, og eg náði í ausuna og helti úr henni yfir hausinn á henni. Og eg mundi, hvað hún hafði barið mig fast í eldhúsinu, þegar

eg hafði hefnt mín á henni með því að ná í herðarblaðið og ausið öskunni yfir hana.

Grímur var maðurinn, sem hafði sagt mér mest af kostum Möngu. Eg gat ekki betur fundið, en að honum þætti gaman að vera að tala um hana við mig. Það þótti mér undarlegt. En undarlegra samt það, að eg sá hann einu sinni kyssa hana úti í fjárhúsi. En undarlegast af öllu, að Manga var góð við mig heilan dag á eftir, og gaf mér svartan þráðarlegg, sem hún sagði að hétu Brúnn og væri allra reiðskjóta beztur þar nærlendis, ef eg héldi honum í greipinni milli vísifingurs og löngutangar og hlypi svo hart sem eg kæmist. Eg fann, að það var satt. En sambúðin við Möngu komst bráðlega í samt lag aftur. Eg gaf henni hönd mína upp á að þegja. Og eg efndi það. Eg vissi, að ryfi eg jafn-hátíðlegt loforð, færi eg illa eftir dauðann. En eg varð henni svo reiður daginn eftir, að eg gat ekki litið gæðinginn hennar réttu auga og drekti honum í ánni fyrir neðan túnið.

Grímur talaði við mig um margt annað skemtilegra en Möngu. Hann sagði mér frá útilegumönnunum, sem bygðu dali uppi í jöklunum. Þar festi aldrei snjó. Þar væru allar skepnur miklu vænni en í sveitunum. Og þar væru mennirnir miklu sterkari. Eg spurði, hvort þessir menn væru þar enn. Grímur sagði, að mönnum kæmi ekki saman um það. Eg spurði, hvað hann héldi um það. Hann sagðist halda, að þeir væru til enn. Þá varð eg sannfærður um, að þeir væru til. Og eg afréð tafarlaust að fara með flokk vaskra manna að leita að þeim, þegar eg væri orðinn stór.

Hann sagði mér frá tröllum. Þau hefðust við í fjöllum, í hellum og skútum. Þau væru margar mannhæðir. Þau væru afskaplega ljót. Nefin á þeim væru eins og ólögulegustu kartöflur. Þau ætu menn. Eg spurði, hvort þau væru til enn. Hann hélt ekki. Það þótti mér mikið miður. Eg gat þá ekki unnið á þeim, þegar eg var orðinn stór.

Hann sagði mér frá huldufólki. Það ætti heima í hólum og klettum, og væri stundum sýnilegt, en oftast ósýnilegt. Eg spurði, hvort það væri til enn. Mikil lifandi ósköp — já, eg held nú það! Það var fult af þeim í Löngupíljum, klettabeltinu rétt fyrir ofan bæinn hjá okkur. Hvort eg vissi ekki, að klettabeltið bæri nafn af því, að það væri í raun og veru ekki annað en bæjarpíl huldufólksins, þó að okkur sýndist það vera klettur. Nei, eg vissi það ekki. Hafði hann séð huldufólkið sjálfur? Nei, amma hans hafði séð það. Eg sá, að það tók af öll tvímæli.

Og hann sagði mér frá verum dáiinna manna, sem hétu vofur. Þær væru ekki góðar. Þær kæmust til manna að lokuðum dyrum, inn um heila vegg. Þær mættu mönnum stundum í bæjargöngum í myrkrinu og görguðu fram- an í þá óvörum, eða tækju utan um þá. Þær gætu lagst ofan á menn. Og þær gætu tekið þá í háa loft. Og þær gætu gert alt við menn í myrkrinu. Ýskrandi, sælukendur ótta-hrollur fór um herðarnar á mér og ofan eftir bakinu við allan þennan dularfulla fróðleik.

Grimur var óviðjafnanlegur. Hann vissi alt. Svo mikið vissi Jónas ekki. Hann var sveitarbarn og hafði alist upp hjá fósturforeldrum mínum. Eg vissi, að hann var lítt hneigður til bóka, og fóstura mínum hafði veitt örðugt að kenna honum að skrifa. Hann var 10 árum eldri en eg.

Einu sinni hafði eg miklar áhyggjur út af afmælinu mínu — þegar eg væri orðinn stór — að eg mundi aldrei geta vitað, hvenær það væri. Eg mundi neyðast til að leita til konunnar minnar um það. Og það fanst mér óvirðing. Eg færði þetta einu sinni í tal við Jónas, hvort hann sæi nokkurn veg þess að vita þetta. Hann setti reyndar fyrst á sig spekingssvip. En þegar eg fór að ganga á hann um þetta, þá fann eg, að hann sá ekki neinn veg. Jú, ef farið var eftir vikum og vikudögum. Enginn vandi að vita um fyrstu viku sumars og telja þaðan. — En hvernig átti þá að finna sumardaginn fyrsta? — Það heyrði mað-

ur altaf á hinum. — En mánaðardaginn? Mitt afmæli var alt af talið eftir mánaðardegi. — Þá brast Jónas með öllu úrræðin.

Nei, Jónas vissi ekki alt. Mér fanst hugsanlegt, að eg gæti einhvern tíma að sumu leyti jafnast við hann, þó að það væri óhugsanlegt að jafnast nokkuru sinni við Grím. Tvent var það samt, sem eg vissi, að Jónasi var til lista lagt um fram það, sem eg gat gert mér nokkura von um. Þar var hann jafnvel Grími fremri. Annað var fjáraugað. Hann þekti ekki að eins allar kindurnar á heimilinu. Svo snjall var Grímur líka. Eg þekti enga þeirra nema gráhöttotta á, sem eg átti sjálfur. Og hana þekti eg ekki heldur með vissu, þegar hún hafði nýlega verið rúin. En Jónas þekti líka hvítu lömbin á haustin af mæðrum sínum. Þá list lék jafnvel Grímur ekki eftir honum. Hitt var fæturnir. Hann hafði þá stærsta á heimilinu, ekki eldri en hann var. Það þótti mér svo dásamlega karlmannlegt. Svo að það var alls ekki að ástæðulausu, að mér þótti all-mikils vert um Jónas.

Og hann vissi líka miklu meira en eg, þó að hann væri ekki fróður um mánaðardaga. Stundum dró hann mig sundur í logandi háðinu fyrir alla mína vanþekking. Eg sagði honum frá vofunum, því að þær þótti mér mest um vert af öllu, sem eg hafði heyrt getið um. En þá hafði eg gleymt heitinu á þeim, og kallaði þær dúfur. Þá hló hann svo hátt, að mig tók í allan líkamann af háðinu. Og lengi á eftir, marga daga, spurði hann mig, hvort nokkur dúfan hafði nýlega tekið mig upp í háa loft. Það var þungbær raun, að láta fara svo með þann fróðleikinn, sem merkilegastur var alls þess, sem eg vissi.

Samkomulagið við Jónas gekk nokkuð í öldum. Stundum voru með okkur dáleikar. Þá fór eg oft með honum út í hlöðu, stóð hjá honum, meðan hann var að leysa heyið og láta í meisana, og miðlaði honum af þeim auði, sem eg hafði þegið af Grími. En stundum var fátt með okkur. Einkum eftir að eg hafði átt í einhverjum skærum við Möngu. Eg fann að hann var æfinlega á hennar

bandi. Mér fanst honum þykja mest gaman að því, þegar hún hafði hrakið mig mest. Hann hló dátt að óförum mínum. Og um styrkleik Möngu þótti honum frábærlega mikils vert. Eg hugsaði mér, að eg skyldi jafna á þeim báðum, þegar eg væri orðinn stór.

En Grímur var ekki eingöngu óviðjafnanlega vitur og lærður. Hann var líka óviðjafnanlega góður.

Nema við Jónas. Hann var fullur af skætingi við Jónas og um hann. Þegar Grímur hafði eitthvað á hann minnst, fann eg, að Jónas var í raun og veru smælingi, og að mér kom ekkert við hvað hann sagði. En eg gleymdi því, þegar eg var með Jónasi og Grímur var ekki viðstaddur. Eg vissi ekki, hvernig á því stóð, að Grímur var Jónasi svo mótsnúinn. Einhvern óljósan grun hafði eg um það — eg veit ekki, hvernig hann hafði komist inn hjá mér — að eitthvað væri það út af Möngu. En eg botnaði ekkert í því, hvernig það gæti verið. Og það kom mér ekkert við. Grímur var góður við mig. Og það var mér nóg.

En allra-beztur var hann, þegar hann fór með mig fram í skála, og sýndi mér þar ofan í kistuna sína. Þar var heill hlaði af bókum: Úlfarsrímur og Fornaldarsögur Norðurlanda og Þjóðsögurnar og margar fleiri. Og hann skýrði mér frá því, að í þessum bókum væri ekki að eins allt það, sem hann hafði sagt mér, heldur miklu, miklu fleira af sama tægi. Mér varð öllum heitt frá hvirfli til ilja. Eg þorði ekki að spyrja hann, hvort hann vildi lofa mér að lesa þessar bækur. Mér fanst ekki, að eg mundi geta öðlast slíka sælu í þessu lífi. En eg fann líka, að fengi eg það ekki, yrði eg aldrei framar glaður í þessum heimi. Hann bauð mér sjálfur að lesa þær, ef eg færi vel með þær. Og eftir það var eg um tíma eins og uppnuminn í einhvern himinn.

Rímurnar komu huga mínum inn á nýjar götur. Eg fékk óstjórnlega löngun til þess að fara að koma saman vísum. Eg reyndi það. Og mér tókst það — einhvern veginn.

Eg vaknaði fyrir allar aldir morguninn eftir og klæddi mig. Eg fylgdist á leið með Grími, þegar hann var að fara í beitarhúsin. Dagur var ekki runninn. Tunglið var ekki gengið undir. Heiðrikjan hvelfdist yfir okkur, tær og blá, í logninu. Hjarn var yfir öllu. Mér fanst eg verða léttur eins og fugl, þegar eg kom út. Eg skildi ekkert í því, að Grímur skyldi ekki hlaupa. Eg þröngvaði sjálfum mér til þess að fara ekki harðara en hann.

— Eg ætlaði að segja þér leyndarmál, sagði eg.

Eg hafði hjartslátt. Hann spurði mig, hvað eg bæri fyrir brjósti.

Eg sagi honum, að eg hefði gert vísur. Hann varð góðlátlega forvitinn, og vildi fá að heyra þær.

Eg þuldi þær, hratt, eins og eg ætti lífið að leysa. Og eg fann, að eg var rauður sem blóð.

— Hefirðu gert þær einn? sagði Grímur

— Já, sagði eg. Og nú fór eg að verða djarfari.

— Eg hélt ekki, að þú gætir þetta, sagði Grímur.

Eg var sæll eins og kappi, sem veit, að hann getur unnið allan heiminn.

— Þú ættir að yrkja rímur, sagði Grímur.

Eg fann, að það var hámark andlegra afreksverka, ef mér tækist það.

— Og þú ættir að koma Jónasi inn í þær, sagði Grímur.

Mér var ekki ljóst, hvernig það gæti orðið.

— Mér finst, að rímurnar ættu að vera um afreksmenn og bardaga, sagði eg.

Grímur félst á það.

— En þú getur haft í þeim einhvern slána, sem er að eltast við að ná í fallega stúlku, og tekst það ekki. Og hann geturðu hugsað þér vera Jónas. Eg kann að geta hjálpað þér eitthvað, skotið inn vísuorði og vísuorði, þegar þú ert í vandræðum, ef þú hefir það svona.

Daginn áður hafði háðið í Jónasi verið svo napurt, að eg hafði farið að skæla undan honum. Þetta var honum alveg mátulegt.

— Þér er bezt að láta hann hafa afskaplega stóra fætur, sagði Grímur.

— En það er svo fallegt og karlmannlegt, sagði eg. Grímur hló.

— Nei, það þykir ljótt. Honum er stríð í því, sagði hann.

Eg fann, að honum var eitthvað óvenjulega mikið í nöp við Jónas. Eg veit ekki, hvort það var hugsanaflutningur eða hvað því olli, að mér datt Manga í hug. Og í sama bili hugkvæmdist mér nýtt atriði í rímurnar.

— Eg vil hafa í þeim skessu, sagði eg.

Það þótti Grími eðlilegt og vel til fundið. Hann varaðist ekki, að neitt byggi undir.

Nú þorði eg ekki að fara lengra með Grími. Eg skoppaði heim aftur og kom varla við jörðina.

Rímurnar reyndust örðugar viðfangs. Efninu var vandalítið að koma saman. Fornaldarsögur Norðurlanda voru fjársjóður, sem auðsótt var í. Hitt var þrautin þyngri, að koma efninu í ljóð. Oft varð skáldfákurinn fastur eins og klár, sem hleypt hefir verið niður í kviksyndis-keldu. Þá leitaði eg til Gríms. Einkum þegar hann var að flétta reipi á kvöldin, og Jónas og Manga voru í fjósinu, og gátu með engu móti heyrt til mín. En verkið sóttist seint.

Og marjasinn kom líka og fyllti hugann.

Eg hafði einhvern tíma í fyrndinni lært hund og lönguvitleysu. Og mikið gaman hafði mér þótt að þeim. En sjaldan hafði það viljað til, að nokkur fullorðinn maður fengist til að þreyta þær þrautir við mig. Og börn voru engin á heimilinu nema eg. Nú vildi mér til það happ eða óhapp — eg veit ekki, hvort eg á heldur að kalla það — að drengur var nótt hjá okkur, og hafði ekki annað sér til dægrastyttingar en að kenna mér marjas. Þá hafði eg lokið eitthvað tíu erindum af rímum, og hafði þegar komið að Úlfi óþvegnum, sem átti að vera Jónas, og skessunni Skinnbrók. Eg þarf naumast að taka það fram, að með henni átti eg við vinkonu mína Möngu. En þess hafði eg vandlega dulið Grím. Og öðrum var ekki

kunnugt um þetta listaverk, sem nú var í smíðum. Og nú fann eg að hundur og langa-vitleysa voru frámunalega litilmótleg dægrastytting, og að ekki gat öðrum þótt gaman að þeim en litlum börnum. Þetta marjasar-kvöld var fagnaðar-hátíð, sæll draumur, sem mennina dreymir ekki nema örsjaldan á æfinni.

En drengurinn fór daginn eftir. Þá var enginn til að spila við mig. Marjasinn var svo rúmfrekur, að rímurnar komust þar ekki fyrir að sinni. Bækur Gríms hafði eg allar slokað. Og mér fanst tilveran furðu fáskrúðug.

Ekki veit eg hvernig það hefir atvikast, að Jónas fekk pata af rímunum mínum. En sú varð samt raunin á. Eg held að Grímur hafi hlotið að sletta í hann einhverju, sem vakið hafi grun hjá honum.

Hann varð svo yndislega góður við mig einn daginn. Hann bauð mér að koma með sér, þegar hann var að sækja vatnið, og bað mig að segja sér einhverja álfasögu. Eg fann, að þetta var mér virðing, og að Jónas var nokkuð góður, greyið. Eg hugsaði mér að gera Úlf óþveginn eitthvað betri en fyrirhugað hafði verið, og kveið því, að vera mætti að eg fengi því ekki ráðið fyrir Grími. Undir kvöldið bauð Jónas mér út í hlöðu, og tók að leysa heyið

Hann fór að spyrja mig, að hverju mér þætti mest gaman.

— Eg held mér þyki mest gaman að marjas, sagði eg.

— Eg ætti nú annars að spila marjas við þig einhvern tíma, sagði hann.

Nú fór heldur að lifna yfir mér.

— Heldurðu, að þú vildir gera það á sunnudaginn kemur? sagði eg.

— En að eg spiladi marjas við þig allan sunnudaginn, nema meðan eg er í fjósinu? sagði hann.

Mér varð öllum heitt af ást á Jónasi.

— Þú ert að yrkja einhvern brag? sagði Jónas einstaklega alúðlega.

Mér hnykti við.

— Hvernig veiztu það? spurði eg.

— Það gerir ekkert til. Eg veit það, sagði Jónas.

Eg þagði. Og samvizkunnir var mjög órótt.

— Heldurðu ekki, að það væri gaman að spila marjas allan sunnudaginn kemur, nema meðan eg er í fjósinu? Og vaka nokkuð lengi fram eftir kvöldinu? sagði Jónas.

Jú, eg hélt, að það væri mjög mikið gaman.

— Eg skal nú gera það fyrir þig, ef þú segir mér allt um þennan brag. Og þá getur vel verið, að eg spili við þig fleiri sunnudaga. En þú mátt ekki leyna mig neinu. Þú verður að gefa mér hönd þína upp á það. Og það er bezt, að þú sveir þér upp á það líka. Og þú veizt, hvað við liggur, ef þú svikur það, sem þú hefir gefið hönd þína upp á og sveið þér upp á; þá fer þú til helvítis.

Eg þagði enn. Eg fann, að þetta var mesta vandamálið, sem fyrir mig hafði komið á æfinni.

Jónas hélt fortölum sínum áfram:

— Annars gerir þetta ekkert til. Eg veit allt um þraginn. Eg ætlaði bara að vita, hvað þú vilt vera góður vinur minn. Og eg ætlaði þá að spila við þig á hverjum sunnudegi í allan vetur. En alveg stendur mér á sama. Eg hélt, að þetta væri í þína þágu. Alveg má mér standa á sama um þennan brag.

— Það er ekki þragur. Það eru rímur, sagði eg.

Eg kunnir ekki við, að rangt væri farið með jafnmerkilegt efni, sem mér kom svona mið vikið.

— Nú það eru rímur. Æfinlega ertu nógu skýr. Þú hefir nokkuð meira vit á þessu en eg, þó að þú sért ekki hár í loftinu.

Eg fann, að þetta voru sæmdar-ummæli. Eg réð af að kaupa þessu við Jónas. Og eg gaf honum hönd mína upp á að segja allt satt. Og eg sveiði mér upp á það líka.

Eg lofaði honum að heyra vísurnar. Og því næst sagði eg honum efnið, eins og það var fyrirhugað.

— Vísurnar eru vist æði-vel ortar, sagði Jónas. Og þetta er einstaklega skemtileg saga.

Mér þótti lofið gott.

— Hefir Grimur eitthvað hjálpað þér?

Eg sagði honum samvizkusamlega, hverjum visuorðum Grimur hefði skotið inn í.

— Og hver er Úlfur ópveginn? sagði Jónas blíðlega.

— Það átti nú eiginlega að vera þú. En eg gæti breytt sögunni og gert Úlf góðan. Eða þá ekki látið hann eiga við neinn sérstakan.

— Einmitt það. Svo Úlfur ópveginn átti að vera eg? Hver á að vera skessan?

— Skessan er Manga, sagði eg hróðugur.

— Einmitt það. Svo skessan er Manga? sagði Jónas.

Hann hafði lokið við að leysa heyið, og var farinn að láta í meisana. Mér fanst málrómur hans eitthvað iskyggilegur. Og mér fanst hann fara eitthvað svo hranalega með meisinn og heyið. Við þögðum báðir dálitla stund. Og eg fór að fikta við heynálina í einhverri vandræða-leiðslu. Þá harkaði eg af mér.

— Um hvert leyti heldurðu, að þú gætir byrjað á marjasinum á sunnudaginn? sagði eg.

— Um hvert leyti eg byrji á marjasinum á sunnudaginn? Við skulum heldur tala um það, um hvert leyti þú verðir *hýddur* á sunnudaginn.

Jónas var hás af vonzku. Og meisinn hrikti allur í höndunum á honum.

— Eg? Hýddur . . . Ætlarðu að svikja mig, Jónas?

— Ef fóstri þinn fæst ekki til að hýða þig fyrir óþokkaskapinn, þá skal eg vita, hvort eg get ekki náð í þig . . . Annars er þarf laust að vera að draga það.

Jónas rykti frá sér meisnum. Eg hélt heynálinni fyrir framan mig báðum höndum.

— Ef þú ætlar að fara að berja mig, þá rek eg heynálina í kviðinn á þér. Og þá geturðu séð, hvert þú fer eftir dauðann fyrir öll svikin!

Jónasi féllust hendur. Eg gekk aftur á bak út úr hlöðunni og hélt heynálinni fram undan mér. Þá fleygði

eg henni inn í hlöðuna til Jónasar, og hljóp heim svo sem fætur toguðn.

Eg sá, að eg hafði verið gintur sem þurs, og að Jónas mundi verða fjandmaður minn alla okkar æfi. Það gerði nú minst til. Því að Jónas var helmingi meiri fantur en Úlfur ópveginn. Að svikja mig svona, einvel og eg hafði trúað honum! Það hefði Úlfur ópveginn aldrei gert. Og eg bjóst við einhverjum afarillum eftirköstum — þeim mun iskyggilegri, sem eg vissi ekki, hver þau mundu verða.

Grímur kom heim af beitarhúsunum um kvöldið, eins og hann var vanur. En eg þorði ekki að bera vandkvæði mín upp við hann. Eg gekk að því visu, að hann mundi ekki gera annað en sneypa mig fyrir að hafa hugsað til að eiga nokkur vináttumál við Jónas. Eg vissi ekki, hvað eg átti af mér að gera. Tilveran var fram úr öllu lagi skuggaleg.

— Viltu ekki tæja fyrir mig ullarlagð, í stað þess að hína svona eins og hengimæna? sagði fóstri minn. Hann sat á rúminu sínu og var að kemba fyrir fósturu mína. Hún sat á stól hjá rúminu við rokkinn sinn. Grímur var farinn að flétta reipi í hinum baðstofuepdanum.

Eg settist niður hjá honum og fór að tæja. Eg vildi eg væri dauður, sagði eg við sjálfan mig. Allir þögðu. Rokkhjóðið og marrið í kömbunum var í eyrum mínum eins og þytur af einhverju vonzku-veðri.

Og óveðrið skall á, þegar þau Manga og Jónas komu inn úr fjósinu.

Manga var heldur gustmikil. Hún sneri sér tafarlaust að Grími.

— Þakka þér fyrir, Grímur mín, sagði hún með kuldalegri blíðu í rómnum.

— Fyrir hvað? sagði Grímur. Hann átti sér einskis ills von

— Þú veizt það auðvitað ekki! Nei, hvað ætli þú vitir það! sagði Manga. Hún teygði háðslega úr hverju orði. Og eg sá, að hún var bólgin af vonzku.

Nei, Grímur vissi ekkert. Óróleikurinn var auðsær á augnaráðinu.

— Þú veizt það auðvitað ekki, að þú hefir verið að hjálpa þokkapiltinum þarna til þess að koma saman niði um mig.

Allir litu á mig. Mér fanst augnaráðið eins og skriða, sem væri á leiðinni ofan yfir mig.

Grímur skildi ekkert enn.

— Eg hefi ekki hugmynd um, við hvað þú átt, sagði hann.

— Nei, náttúrlega ert þú hátt upp yfir það hafinn, að hafa hugmynd um skessur . . . eins og mig!

Þá fór hún að gráta.

— Það getur verið, að eg hafi átt það skilið af öllum öðrum. En eg veit, að eg átti það ekki skilið af þér, sagði hún með gráthljóðið í kverkunum.

Eg hélt áfram að tæja. En eg var svo lamaður, að eg vissi varla, hvað eg var að gera. Grímur laut að mér.

— Svo þú ert þá svona, hvislaði hann að mér. Eg vildi, að eg hefði aldrei séð þig. Eg vildi, að þú yrðir aldrei fyrir öðru en svivirðing alla þína æfi.

Mér fanst eg kikna allur við, eins og eitthvert heljarbjarg væri lagt á bakið á mér.

— Hvað er eiginlega um að vera? sagði fóstri minn og lagði frá sér kambana.

— Ekki annað en það, sagði Manga, að hann fóstursonur ykkar hefir verið að skemta sér við það að yrkja svivirðilegasta nið um okkur Jónas.

— Barnið? sagði fóstura mín.

— O-já, hann er nú svona barnslega saklaus! sagði Manga; það er ekki furða, að þú hafir dálæti á honum. Og Grímur var svo greiðvikinn að hjálpa honum til þess.

— Það er ljótt að gera þetta, Nonni minn, sagði fóstura mín. Hún sagði þetta stillilega. En nú var byrðin að verða of þung. Og mér fór að vökna um augu.

— Og eg ætla að segja ykkur það, hjónunum, sagði Manga, að verði ekki Nonni hýddur nú, þá verð eg hér

ekki einum degi lengur. Það er nóg að þræla eins og ambátt hér á heimilinu, þó að eg fái ekki niðkviðlinga hjá fóstursyni ykkar í þokkabót.

— Og eg kynni að mega skjóta því inn í, sagði Jónas, að nú í kvöld ætlaði Nonni litli að reka heynálinu í kviðinn á mér, í því skyni, sagði hann, að koma mér til helvítis.

Mér fanst hrollur fara um alla í baðstofunni. Um sjálfan mig fór líka hrollur. Eg fann, að eg mundi vera verstur maður á jörðunni. Og eg grét hástöfum.

— Nú tölum við ekki meira um þetta í kvöld, sagði fóstura mín.

— Á þá ekki að hýða Nonna? sagði Manga. Eða á eg að fara á miðjum vetri?

— Eg ræð hýðingum hér, sagði fóstura mín. Hvað sem hver gerir eða segir. En við tölum ekki nokkurt orð um þetta framar, þangað til ofsinn er farinn úr okkur... Þér er bezt að fara að háttu, Nonni minn. Eg skal færa þér matinn þinn í rúmið.

— Eg hefi ekki lyst á að borða, sagði eg.

En eg gat varla komið því upp fyrir ekka. Og eg fór að tína af mér spjarirnar.

Fóstura mín kom að rúminu mínu, þegar ljósið hafði verið slökt í baðstofunni. Hún settist á rúmstokkinn og strauk hendinni um kinnina á mér. Eg var enn að gráta. Hún laut niður að mér.

— Segðu mér nú, Nonni minn, hvernig í öllu liggur. Segðu mér það alt. Eg skil það sjálfsagt, hvernig sem það er. Og þú veizt, að eg kann að fyrirgefa.

Eg hætti að gráta og sagði henni alla söguna, alt frá því er rímnahugmyndin fæddist á göngunni með Grími um morguninn og þangað til eg bjóst til varnar í hlöðunni.

Þá fór eg aftur að gráta.

— Þetta er vist óttalega óguðlegt, sagði eg.

Fóstura mín þagði við.

— En það var líka ljótt af Jónasi að svikja mig um marjasinn og ætla að berja mig, sagði eg þá.

— Það jafnar sig alt, sagði fóstura mín. Biddu guð að hjálpa þér til að vera æfinlega góður. Eg ætla að biðja hann um það líka . . . Góða nótt, Nonni minn.

Hún tók höndunum utan um báðar kinnar mínar og kysti mig . . . Og eg fann frið ástríkisins vefjast utan um sál mína.

Fóstura mín lifði mörg ár eftir þetta. Og einu sinni áttum við svipað tal saman, þegar er var orðinn fulltíða maður. Hún var þá vitaskuld ekki dómarinn lengur. En hún var vinur og ráðgjafi.

Traust mitt á mönnunum var horfið. Og traust manna á mér var horfið. Og gleðin var horfin úr huganum. Og sál mín skalf í næðingnum. Og dimmir og daprir skuggar sóttu að henni.

Fóstura mín brosti.

Og hún minti mig á söguna, sem eg hefi sagt hér á undan.

— Ertu raunamæddari nú en þú varst þá? spurði hún.

— Eg veit ekki, sagði eg. En eg veit, að nú er eg ekki lengur barn. Og eg veit, að þetta, sem nú er um að tefla, er einn af hryllilegustu veruleikum lífsins, og ekki hégómi, eins og þá.

— Af hverju veiztu það? sagði fóstura mín.

Eg þagði, til þess að átta mig á svarinu.

En eg svaraði aldrei neinu.

Og fóstura mín mælti enn fremur:

— Ef við komumst einhvern tímann svo langt að sjá það, að allar okkar áhyggjur og sorgir og móðganir og reiði, og alt þetta, sem þjáir þig nú, er ekki annað en barnslegur hégómi, ekki annað en skuggar af hrófatildri heimskunnar — skuggar, sem verða að engu, þegar hrófatildrið hrynur — þá sjáum við líka, að við höfum verið börn — alveg eins og þú sér nú, að þú varst barn, þegar marjasinn olli öldugangi í sál þinni.

— En ef við komumst aldrei svo langt? sagði eg.

— Þá er það af því, að við sloknum út af. Og þá er alt hégómi, sagði fóstura mín.

Peningaverðið á Íslandi.

I. Verðið á peningum er óstöðugt.

Ef einhver vildi vita, hve mikið af vaðmáli væri í vaðmálsstranga, þá fengi hann sér stiku og mældi vaðmálið. Álnavara er öll mæld á þann hátt, lögur er mældur með pottamáli, og alinin og potturinn er ávalt hið sama ár eftir ár. Lengd álnavöru og teningsinnihaldið í lagarvörum verður ávalt mælt með mikilli nákvæmni. Sé einhverjum forvitni á að vita, hvers virði alin af vaðmáli eða pottur af lagarvöru sé, þá er að komast fyrir, hve mikið af peningum verði að gefa fyrir hana. Þá eru peningarnir alinin, sem alt verð er mælt á. Peningarnir eða krónan er almenn verðalin, og við þá er allra hluta gildi miðað, sem ganga kaupum og sölum.

Alinin og potturinn er áreiðanlegur mælikvarði, og ávalt hinn sami, því að það, sem alinmálið eða pottmálið stækkar við hita og dregst saman við kulda, er svo lítið, að það verður ekki tekið til greina. Krónan er þar á móti alinmál, sem á stuttum tíma breytist mikið, og á löngum tíma mjög mikið. Til þess að mæla verðið með, hefir mannfélagið teygjuband, sem stundum skreppur saman, en stundum tognar. Auðvitað hafa menn vitneskju um það; en það leynir sér oft lengi, hvernig verðmælinn hefir breytt, því að ein vörutegundin hækkar, en önnur lækkar móti peningum, og til þess að finna, hvert verð þeirra er nú í samanburði við það, sem það var einhvern tíma áður, þyrfti að vita verðlag á öllum vörum í hvoru-veggja skiftið. En verðlag á mörgum vörum en vanalegast algjörlega gleymt, þegar langir tímar eru liðnir.

Peningar hafa sama verðið, sem góðmálmar þeir hafa, er peningar eru gjörðir úr. Gull og silfur eru vörur, sem hafa markaðsverð, og breyta verðinu eftir framboði og eftirspurn, eins og aðrar vörur. Fyrir því eru þeir verðalin, sem gjörð er úr teygjubandi. Til þess að komast fyrir, hvert verð þeir hafa, þarf að bera þá saman við allar aðrar vörur, sem töluvert er af í viðskiftalífnu, og þörf er á. Milli 1820—30 kom út á Bretlandi bók eftir enskan manni Tooke, Verðsaga: *History of Prices*, og sýndi verð á 25 aðalvörutegundum um langan tíma. Þessi bók hefir síðan verið lögð til grundvallar fyrir því, hversu peningar hafi fallið í verði á þeim tíma, og eftir að sú bók kom út, hefir það verið álitid nægilegt, ef vita skyldi um verðlag á peningum, að bera það saman á aðalvörutegundunum helztu. Hitt skifti ekki miklu máli, hvort t. d. að eldspýtustokkar eða nálabréf er dýrara eða ódýrara; þess gætir ekkert móti vörum, sem mikið þarf að hafa af á hverju heimili.

1822 lagði enskur maður, Lowe að nafni, það til við ensku stjórnina, að hún skipaði fasta nefnd, sem mældi breytingarnar á verðinu á 1 pundi sterling (18 kr.). Hann hugsaði sér, að stjórnin skipaði nokkra menn, sem fengju sér áreiðanlegar skýrslur um verðið á þeim vörum, sem mest væri eytt af á heimilum manna. Um verðlagið á þessum vörum vildi hann láta semja verðlagsskrá fyrir peninga (*A table of reference*), sem sýndi breytinguna á peningaverðinu, eða hve mikið fengist fyrir peninga á hverjum tíma.

Þessa verðlagsskrá átti svo að leggja til grundvallar fyrir öllum peningagreiðslum. Ef einhver hefði fengið 1000 kr. að láni um 12 mánuði, þá átti hann ekki að borga vöxtuna, og nákvæmlega 1000 kr. að auki, þegar árið var liðið; peningaverðlagsskráin sýndi, hvað hann átti að greiða. Ef hún sýndi, að peningar höfðu hækkað um 3%, átti skuldunautur að greiða 1030 kr., hefði hún lækkað um 3%, komst hann af með að greiða 970 kr. Verðlagsskráin átti einnig að leggjast til grundvallar fyrir launa-

greiðslum. Ef maður átti að fá 3000 kr. í laun og verðlagsskráin hafði hækkað 3⁰/₀, átti hann að fá 3090 kr.; ef hún hafði lækkað um 3⁰/₀, átti hann að fá 2910 kr. Lowe vildi með þessari tillögu sinni veða á móti öllum verðbreytingum, koma því í ró og jafnvægi, sem nú er óendanlegum breytingum undirorpið, og leiða í lög jafnvægi í stað þess óróa og allrar þeirrar áhyggju, sem er í för með breytingunni á peningaverðinu.

Eftir að Vesturheimur fanst, 1496, hafa peningar stöðugt hækkað í verði; þar voru silfur- og gullnámur, sem juku svo á framleiðluna, að góðmálmarnir hafa ávalt fallið í verði eftir það 1875 var það álit visindamanna, að 8 kr. þá mundu hafa sama verð í rauninni, sem 1 kr. hafði 1500. Lækkun peningaverðsins hefir haft mikil áhrif á sögu Norðurálfunnar. Baráttan milli Karls I. á Englandi og parlamentsins, sem endaði með borgarastyrjöld og aftöku konungsins, er álitin að stafa meira frá verðfalli peninga en frá lunderni konungsins. Það hefir þótt hyggilegt eftir á, þegar ýmsar stofnanir áskildu sér tekjur sínar ákveðnar eftir kornverði, eða verðlagsskrá. Það hefir t. d. kirkjan hér á landi gjört, og margir jarðeigendur munu enn gjöra hið sama, að láta greiða sér landskuldir og leigur eftir verðlagsskrá. Hér á landi stafar þetta nokkuð af því, að hér hefir verið lítið af peningum manna í milli, og flest það hefir verið borgað með landaurum — vörum — sem annarsstaðar hefir verið greitt í peningum, þar meðal hjúakaup og annað.

II. Verðlag á innlendri vöru.

Með konungsúrskurði 16. júlí 1817 eru settar reglur um verðlagsskrár á Íslandi, sem fylgt er enn í dag að mestu leyti. 1818 voru samdar að eins fimm verðlagsskrár fyrir allt landið: ein fyrir Skaftafellssýslur, önnur fyrir allt Suðurlandi, þriðja fyrir allt Vesturlandi, fjórða fyrir fjórar sýslur í Norðurlandinu, og fimta fyrir báðar Múlasýslurnar. Íslenzku vörurnar, sem nefndar eru í

Þessum verðlagsskrám, eru allar hinar sömu, sem nú eru í verðlagsskránum. En þegar litið er þessar gömlu verðlagsskrár, er verðið á vörunum ótrúlega hátt, og stafar það af því, að verðið var ákveðið eftir gangverðinu á dönskum bréfpeningum, sem þá var ákveðið með úrskurði fyrir hvern ársfjórðung. Fyrir og um 1818 var gangverðið á bréfpeningum ákveðið 375 rdl. sama sem 200 rdl. í silfri. 1818 verður gangverðið 250 móti 200 rdl. í silfri. Útgefendur Lagasafnsins segja um fyrstu ára verðlagsskrárnar, að yfir höfuð sé ekki unt að sjá, eftir hverju gangverði á bréfpeningum þær séu reiknaðar. Vegna þess verða fyrstu verðlagsskrárnar í Lagasafninu alls ekki notaðar.

En 1830 er gangverðið orðið fast ákveðið, 103 rdl. í bréfpeningum sama sem 100 rdl. í silfri. Verðlagið hér á landi er þá enn ákveðið eftir bréfpeningaverðinu, og ef eitthvað er fengist við verðlagsskrárverðið, verður að draga frá því 3 af hundraði, til þess að komast að silfurverðlaginu. Þessir 3% hafa verið dregnir frá verðlagsskrárverðinu 1830 hér á eftir. Að öðru leyti hefir meðalverðið þá verið fundið á þann hátt, að það er reiknað út svo fyrir Suðuramtíð, að verðið í öllum sýslunum er margfaldað með 5, og lagt við verðið í Skaftafellssýslum, og því sem út kemur er deilt með 6. Verðið í fjórum sýslunum í Norðuramtínu er margfaldað með 2, og lagt við verðið í Múlasýslunum, og því deilt með 3. Síðan er fengið meðaltal fyrir hvert amtið af þrem (Vesturamtíð er alt í einni einustu verðlagsskrá); þau meðaltöl eru lögð saman og skift með þremur, og þá kemur út verðlagið 1830, þegar búið er að draga 3% frá. Dölum og skildingum er svo breytt í krónur og aura eftir lögnum.

Alveg sama aðferðin hefir verið höfð við verðlagsskrárnar 1850. En þá þarf ekki að draga frá 3% fyrir gangverðinu á bréfpeningum, því að þá eru bréfpeningarnir horfnir úr sögunni, og í stað þeirra eru komnir seðlar Þjóðbankans, sem eru innleystir hvenær sem krafist er. Fyrir því hafa þeir sama verð og silfrið.

Alt þetta er gjört til þess að fá meðalverð allra meðalverða fyrir allt landið. Eftir því sem einhver verðlags-skrá er gjörð fyrir fámennara umdæmi, eftir því vegur hún minna á móti hinum. Ef einn kaupmaðurinn selur 10 tonn af korni á 30 kr., en annar selur 100 tonn af korni á 25 kr., þá er reikningslegt meðalverð $27\frac{1}{2}$ króna, en sanna meðalverðið er það, sem alt kornið var selt fyrir, 2800 kr., deilt með öllu korninu sem selt var 110 tunnum, og verður þá í þessu dæmi kr. 25,45 aurar. 1900 og 1907 er samin verðlagsskrá fyrir hverja sýslu. Það mun vera afleiðingin af hreppapólitíkinni, því verðlag á innlendum vörum fylgist að yfir land alt, nema hvað Skaftafellssýslur hafa árum saman, og svo langt sem menn vita, haft lægra verðlag en aðrar sýslur, og Gullbringu- og Kjósarsýsla með Reykjavík og Ísafjarðarsýslu oftast eitthvað hærra verðlag en vanalegt er. — Eg hef álitid að það sem mest væri komið undir, væri að raða verðlagsskrám sýslunnanna í þrjá flokka, svo að einn þriðjungur landsmanna væri í hverjum þeirra. Með Vesturamtinu öllu voru taldar Skaftafellssýslurnar báðar, og Húnavatnssýsla og Ísafjarðarsýsla, sem er langfólksflest, talin tvisvar. Þetta urðu 6 sýslur úr Vesturamtinu, og 3 úr öðrum ömtum, en 1 talin tvisvar, og meðaltalið fengið fyrir þessa landshluta með því að skifta samtölunni með 10. Fyrir norðan og austan voru 5 sýslur saman allar metnar jafnt; þar var annað meðaltalið. Á Suðurlandi var verðlagið í Gullbringu- og Kjósarsýslu talið tvisvar; hinar sýslurnar eru Vestmanneyjasýsla, Árness, Rangárvalla- og Borgarfjarðarsýsla; alls voru í þeim flokki 5 verðlagsskrár (þar í ein tvítalin) og samtölunni var skift með 6. — Þannig voru búin til 3 undir-meðaltöl hvort fyrir sinn landshluta, þar sem $\frac{1}{3}$ landsmanna átti heima í hverjum, þau lögð saman og skift með þremur, og þá komu út dálkarnir 1900 og 1907.

Með þessu móti fær hver verðlagsskrá nokkurn veginn það gildi, sem henni bar að hafa eftir mannfjöldanum í umdæminu sem hún nær yfir 1900 og 1907. En

þar sem hvert amt er notað fyrir meðaltal 1830 og 1850, þá kemur það af tveimur ástæðum: Verðlagsskrárnar voru alls fimm, sýslur urðu því ekki fluttar milli amtanna svo vel væri, og flokkstalan í ömtunum var næsta jöfn þá, þótt Vesturamtíð væri nokkuð mannfærra en hin ömtin hvort fyrir sig. — Þegar þessum aðferðum hefir verið beitt til þess að fá verðsögu fyrri aldar og þessarar út úr verðlagsskránum, koma út þeir fjórir dálkar, sem hér fara á eftir.

	1830	1850	1900	1907
	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Kýr	36.21	50.97	92.99	103.88
2. 6 ær	30.98	41.24	64.76	82.82
3. 12 gemlingar . .	43.73	57.92	90.32	122.50
4. 1 hestur ($\frac{3}{4}$ hdr.)	24.18	32.61	64.90	74.13
5. Hvít ull 120 pd.	33.62	41.36	59.06	110.46
6. Mislit ull 120 pd.	28.16	35.82	41.30	75.79
7. Smjör, súrt, 120 pd.	34.22	43.60	68.90	80.23
8. Tólg, 120 pd. . .	38.08	39.96	34.16	38.24
9. Vaðmál 120 pd. .	70.03	79.27	134.50	132.80
10. Harðfiskur*) 6 vt.	33.61	38.07	81.59	79.65
11. Fiður, 120 pd.. .	28.22	55.88	87.28	100.38
12. Dagsv. 24 (hv. 5 al.)	28.80	35.04	60.72	69.12
13. Lambsf. 24 (hv. 5 al.)	31.68	52.56	96.96	99.20
14. Meðalv. á hundr.	30.82	33.32	60.18	71.80
15. Meðalverð á alin	0.25	0.30	0.50	0.60

III. Peningaverð fyrrum og nú borið saman við landaura.

Milli 1850 og 1900 er langt tímabil, og hefði verið æskilegt að fylla þá eyðu með verðlagsskránum 1875, sem er þar mitt á milli. En sú verðlagsskrá, og verðlagsskrárnar frá árunum 1870—80, segja svo algjörlega rangt

*) Sá harðfiskur sem nú gengur kaupum og sölum er á 240 kr. hverjar 6 vættir.

til þess sanna verðs, að þær eru að öllu villandi. Verzlunin við Ísland var þá rekin svo, að oft var meira boðið í innlendu vöruna, en á nokkurn hátt gat fengist fyrir hana á útlendum markaði, þótt hvorki væri reiknað flutningskaup né annar kostnaður, sem á hana átti að falla. Verðlagsskrárnar á þeim árum eru þess vegna ekki reiknaðar eftir peningaverði í rauninni, heldur eftir nafnverði, eins og verðlagsskrárnar fyrir 1820. Munurinn sá einn, að fyrir 1820 var farið eftir nafnverði á bréfpeningum, en 1870—80 er reiknað eftir nafnverði á einhverju, sem ekki er til, því að peningar fengust ekki í verzlunum á þeim dögum, nema fyrir hesta og sauði, sem Englendingar voru þá að byrja að kaupa. Allur skadinn við að kaupa innlendu vöruna og allur annar kostnaður við verzlunina var lagður á aðfluttu vöruna eingöngu. Það sem á hana var lagt urðu ef til vill 40—50% af verði hennar í stórkaupum. Við þetta varð söluverð á aðfluttri vöru 10—20% hærra en það þurfti að vera, og verð útfluttu vörunnar 10—15% hærra en átti að vera. Þetta verzlunarástand var kallað »svikamyllnan«. Allir verzlunarmenn fengu vörur í búðinni, sem þeir voru í, með alt öðru verði en aðrir kaupendur, og allir, sem höfðu peningalaun, reyndu að komast hjá búðarverðlaginu með því að panta sem mest af nauðsynjum sínum frá útlöndum. Um það leyti byrjuðu innlendu verzlunarfélögin af þessum ástæðum víðast hvar. Við þetta verð hækkar verðlagið í verðlagsskránni 1875 á ull, kjöti, tólg, fiski, lýsi, öllum matvörum og sauðfénaði; sömuleiðis á fiðri, eða hér um bil öllum þeim vörutegundum, sem teknar eru hér að framan, líklegast um 10—15%. Svo er annað atriði varhugavert. 1873 lögleiddu öll Norðurlönd gullpeninga í stað silfurpeninga. Um það leyti, sem lögin voru samin í nefndinni, fengust 15 pund af silfri fyrir 1 pund af gulli; en 1875 fengust 18 pund af silfri fyrir 1 pund af gulli. 1875 hafa Íslendingar ekkert til að borga útlendar skuldir með nema silfur, en silfrið er fallið um 20%; af því stafar líka, að vörur, sem eru keyptar fyrir silfur, verða að

vera alt að 20% dýrari en á móti gulli. Meðalverð allra meðalverða 1875 varð 56 aurar; að réttu lagi hefði það líklegast átt að vera 20% lægra, eða hér um bil 45 aur., eða einhvers staðar milli 40—50 aur., ef til vill miklu nær 40 aurum.

Þessi ár, sem tekin eru, þarf samt að geta um. 1830 hefir velmegun landsmanna verið að aukast um 10 ár, og fólkinu hefir fjölgað jafnt en fremur lítið um langan tíma. 1850 er fjáreign landsmanna í mestum blóma á 19. öldinni, að undanskildum árunum 1891—95; mislingasóttin 1846 hafði höggvið skarð í fólksfjöldann, en frá 1830—50 hafði fjölgun verið stöðug, að því fráskildu. En fjölgunin var sein á sér um þær mundir, þegar meðalæfin var 34 ár. 1900 hefir fólkinu fjölgað ákaflega mikið; hér eru komnir upp kaupstaðir, þar sem engir voru áður; meðalæfin er orðin 56 ár, útflutningur á lifandi fé er bannaður, og við það hefir sauðfé lækkað í verði og allar afurðir af því. Innanlandsmarkaðurinn er orðinn miklu betri en nokkuru sinni áður, og það heldur uppi kjötverðinu og fjárverðinu. 1904—07 eru innlendar vörur að hækka í verði, sumar ákaflega, t. d. smjör, sem nýlega er orðið útflutningsvara, og kjöt, sem kaupstaðir og sjávarsveitir leggja sterkar fögur á, og þá er byrjað víðast um land að selja innlendar vörur fyrir peninga, svo um munar. Fólkinu hefir fjölgað töluvert síðustu árin; útflutningar eru litlir; útlendir menn setjast hér að, og mannsæfin er komin yfir 60 ár.

Ef taflan hér að framan er höfð til þess að sýna, hvað peningar hafa fallið í verði, þá er það fljótsédast af meðalverði á alin þessi ár, sem þar eru tekin. Eftir meðalalin verðlagsskránna að dæma eru:

25 kr. 1830=30 kr. 1850,	verðlækk.	peninga	verður	þá	20%
25 — 1830=50 — 1900,	—	—	—	—	100%
25 — 1830=60 — 1907,	—	—	—	—	140%

En sé tekið meðaltal af vörunum 1—13 eða af þeim vörum, sem mest eru seldar og keyptar í landinu, þá verða:

30 kr. 1830=40 kr. 1850,	verðlækkun peninga	33 ⁰ / ₀
30 — 1830=67 — 1900,	—	— 123 ⁰ / ₀
30 — 1830=77 — 1907,	—	— 156 ⁰ / ₀

Verðlækkunin er þá öllu meiri en eftir meðalverði allra meðalverða, og síðari hlutföllin munu sýna réttilegar peningaverðið á móti innlendri vöru en hin fyrri, því t. d. hespugarn, skinnategundir og jafnvel lýsi eru vörur, sem gilda jafnt til að finna út meðalverð allra meðalverða, sem kýr, ær, gemlingar, hestar, ull og aðalvörunar, sem taldar eru, en í öllum kaupum og sölum, sem gerast um landið, vega þær lítið, því að lítið er selt af þeim.

Áður en þessum atriðum er slept að sinni, mætti benda á það, að tólg er eina landvaran, sem hefir staðið í stað um 77 ár; það er auðvitað sama sem, að tólg móti peningum hefir lækkað í verði um 140—156⁰/₀. Verka-laun (eitt dagsverk um sláttinn) hafa hækkað um 140⁰/₀, sem svarar nokkurn veginn því sem peningar hafa fallið í verði eftir meðalverði allra meðalverða á landvöru.

Ef ungur maður hefði viljað reisa bú 1830, og ætlað að kaupa til búsinns 5 kýr, 100 ær, 100 gemlinga og 10 hross, þá hefði hann orðið að greiða fyrir það 1200 kr. Ef sonarsonur hans hefði viljað reisa bú 1900 með alveg sama skepnufjölda og borga það alt í peningum, þá hefði hann orðið að greiða fyrir skepnurnar 2949 kr. eða hér um bil 3000 kr. Ef þessi sonarsonur mannsins, sem fór að búa 1830, hefði dregið það til 1907, hefði hann orðið að greiða fyrir sama skepnufjöldann 3661 kr., eða þrefalt krónutalið, sem afi hans varð að láta af hendi.

IV. Peningar gagnvart helztu nauðsynja- og munadarvörum.

Frá 1850 til 1907 hefir innlend vara, sú sem áður var talin, hækkað tvöfalt á móti peningum. Það er sama sem, að 1907 þurfi 2 kr. til þess að kaupa það, sem mátti fá fyrir 1 kr. fyrir 57 árum. En mikið vantar til þess, að

sagt verði, að peningarnir hafi fallið í verði um helming á landinu fyrir því. Landið þarf einnig útlendrar vöru við, og hér hafa verið keyptar að kornvörur fyrir 2400 þús. kr., og munaðarvörur fyrir sama verð, að öllu samtöldu, síðustu árin. Af öllum kornvörum eru keypt árlega hér um bil 250 pund á hvert mannsbarn á landinu, af kaffi eru keypt 14 pund, sykri 45 pund, af öllu tóbaki $2\frac{1}{2}$ pund, af vínföngum og öli 9,3 pottar = 18 pund á mann, eða samtals 80 pund af alls konar munaðarvöru á hvert mannsbarn á landinu. Fáist verðið á þessum vörum fyr og nú, þá er búið að fá yfirlit yfir helztu neyzlurvörurnar, og hvernig peningarnir mælast á móti þeim, og þá vantar ekki mjög mikið á, að ákveðið verði, hvað fæði hvers einstaks manns á landinu hafi kostað áður og kosti nú.

Í landshagsskýrslum Bókmentafélagsins, I. bindi bls. 583, hefir Sigurður Hansen sett töflur um vöruverð 1849, og þar eru taldar kornvörur og munaðarvörur, og helztu útfluttu vörurnar héðan. Engin skýrsla er til um nokkurt ár nær 1850 en þessi, og hér verður vöruverðið 1849 að gilda sem það væri 1850. Verðið sjálft verða menn að sjá í töflu Sigurðar Hansens, en hér er sett verð eftir töflunni á það, sem ætlast er til að einn fullvaxta karlmaður eyði á árinu. Það sem menn eyða nú á dögum er lagt til grundvallar, og maðurinn er látinn hafa eytt alveg því sama 1849 og menn eyða nú, þótt ekki sé svo í rauninni. Menn höfðu minni kornmat þá sér til viðurværis en nú, og minna var drukkið af kaffi, og minna eytt af sykri, en eyddu miklu meira af vínföngum. Verðið 1901 er tekið eftir landshagsskýrslunum, og 1907 eftir því verði sem kunnugt er.

<i>a. Erlendar vörur:</i>		1850	1901	1907
1. Rúgmjöl	264 pd.	kr. 18.00	kr. 20.00	kr. 26.00
2. Bankabygg	110 —	— 8.64	— 12.00	— 12.00
3. Baunir	40 —	— 2.58	— 6.40	— 5.60
	Flyt . . .	kr. 29.22	kr. 38.40	kr. 43.60

<i>a. Erlendar vörur :</i>		1850	1901	1907
	Fluttar . . .	kr. 29.22	kr. 38.40	kr. 43.60
4.	Munntóbak 10 pd.	— 10.00	— 20.00	— 23.20
5.	Kaffbaunir 14 —	— 6.58	— 8.12	— 11.90
6.	Sykur 45 —	— 38.70	— 10.57	— 10.80
7.	Brennivín 16 pt.	— 5.76	— 13.18	— 17.60
 <i>b. Innl. nauðsynjar :</i>				
8.	Mjólk 150 pt.	— 12.00	— 25.50	— 28.50
9.	Nautakjöt 50 pd.	— 4.00	— 14.00	— 20.00
10.	Kindakjöt 100 —	— 8.00	— 22.00	— 25.00
11.	Fiskur nýr 100 —	— 2.00	— 5.00	— 9.00
12.	Saltfiskur 32 —	— 2.88	— 5.20	— 7.70
13.	Kartöflur ½ tunna	— 3.00	— 4.50	— 5.50
14.	Smjör innl. 30 pd.	— 11.10	— 18.00	— 24.00
15.	Harðfiskur 20 —	— 1.60	— 2.50	— 10.00
16.	Treyju- eða jakka- föt	— 24.00	— 50.00	— 60.00
17.	Sérstök nærföt . .	— 3.00	— 6.00	— 6.00
18.	Þjónusta (24 dags- verk)	— 35.04	— 60.72	— 69.12
19.	1/6 af húsaleigu heils heimilis	— 25.00	— 60.00	— 84.00
		kr. 221.88	kr. 363.69	kr. 455.92

Fáeinar athugasemdir verður að gjöra. Vera má að það sé of hátt að ætla manningum um árið 264 pd. af rúgmjöli, sem er sett hér með brauðverði; hann þarf það að líkindum, en neytir aftur t. d. hrisgrjóna í staðinn fyrir eitthvað af því, og hveitis fyrir enn annan hluta af því. En verðlag á hrisgrjónum og hveiti hefi eg ekki getað náð í 1849, heldur ekki hefi eg getað fengið verðið á kolum eða steinolíu þá, því hvorugt fluttist, en afleiðingin er sú, að eg varð að sleppa báðum þeim vörutegundum. Þá var hafður mór til eldsneytis, en tólg eða lýsi til ljósa. Að jafna mó móti kolum og tólg og lýsi móti steinolíu treysti eg mér ekki til. Þess vegna er þessum vöruteg-

undum slept hér. Fullorðni maðurinn, sem hér er rætt um, eyðir tóbaki og brennivíni fyrir fjóra menn; konur, sem eru helmingur allra landsmanna, neyta hvorugs, og drengir á unga aldri heldur ekki. Annars er ekki neitt sérlegt undir því komið, hve mikils hann er látinn neyta á árinu; hlutfallið á vöruverðinu er hið sama, hvort sem það er margfaldað með tíu eða hundrað, sé verðið rétt öll árin. Það skal fúslega játað, að jafnframt því sem töluvert vel er lagt í fæðið. Þá er mjög lítilfjörlega lagt í fatnaðinn. Skófatnaður t. d. er ekki nefndur á nafn, því eg þorði ekki að hætta mér út í að verðsetja skófatnaðinn 1849 móti þeim sem nú er, aðallega af því, að eg veit ekkert hve marga íslenska skó ætti að leggja á móti einum útlendum skóm, sem nú tíðkast nær eingöngu í kaupúnum.

Niðurstaðan af þessu er sú, að peningar hafa fallið í verði

frá 1850 til 1901 um	64%
frá 1850 til 1907 um	105%
frá 1901 til 1907 um	25%

Það er með öðrum orðum að fyrir það sem voru

100 kr. í peningum 1850 verður að gefa 164 kr. í pen. 1901
 100 — í — 1850 — — — 205 — í — 1907

og að fyrir það sem voru

100 kr. í peningum 1901 verður að gefa 125 kr. í pen. 1907.

V. Niðurlagsatriði.

1848 fundust gullnámur í Kaliforníu, sem feldu peninga í verði um allan heim smátt og smátt. Verðbreytingin er ekki komin til Danmerkur 1849; hennar fer að kenna 1850 og næstu árin þar á eftir. Jafnframt, en meira síðar, var framleitt svo mikið af silfri, að þjóðirnar, sem höfðu það fyrir peninga, sáu sitt óvænna, og breyttu peningunum í gullpeninga, áður en silfrið félli of mjög í

verði. Þess er getið hér að framan, hver áhrif silfurverðið hafði hér á landi 1875. Þegar því nær allar þjóðir í Norðurálfu og Vesturheimi voru farnar að nota gullpeninga, stöðvaðist gullið í verði nokkurn tíma, og gekk ýmist upp eða niður, svo ekki var hægt að segja stundum, í hvora áttina gullverðið hneigðist. Fyrir 1900 fundust gullnámarnir í Transvaal, þar sem nú er Johannesburg; gullið, sem þar hefir verið grafið úr jörðu, hefir numið 1000 miljónum króna um árið. Það þótti mesta furða, að öll sú framleiðsla skyldi ekki fella gullið sýnilega í verði og margar getur voru að því leiddar, hvornig því væri farið. Sumir sögðu, eins og satt var, að austurlandþjóðir notuðu meira gull en áður, og það héldi verðinu uppi; aðrir sögðu, að þau fjarska kynstur væru smíðuð úr gulli, og að það héldi verðinu uppi; menn gengju með gulli búnar tennur í munninum, og það gull færi í kirkjugarðana, þegar menn dæju, o. s. frv. En svo fundust gullnámarnir í Klondyke líka, og eftir aldamótin síðustu, einkum síðustu árin, er gullið farið að lækka stórum í verði. Vegna þess, hve framleiðslan hefir verið gifurlega mikil, og hve hún er stórvaxin, eru engar líkur til að gullið hækki aftur í verði. Þvert á móti er líklegast, að fyrir framan okkur sé tímabil, er gullið fellur í verði ár frá ári, og fimm ára bil eftir fimm ára bil.

Með töflunni yfir verðlagsskrárnar hér að framan var sýnt, að meðalverð allra meðalverða var stigið frá 30 aur. 1850 upp í 50 aura 1900, og upp í 60 aura 1907. Þar var ennfremur bent á, að meðalverð allra helztu og mikilvægustu landaura heldi stigið úr 40 aurum 1850 upp í 67 aura 1900, og upp í 77 aura 1907. Sé nú þetta borið saman við þá hækkun á verðlagi, sem sýnd er hér að framan (IV), þá má fá þessar töluraddir, sem allar sýna verðfallið á peningum, eða gullinu, þessi ár. Verðið 1850 er ávalt gjört að 100 kr.

	Meðal- alin	Helztu land- aurar	Fæði, klæði og húsnæði
1850	100 kr.	100 kr.	100 kr.
1900	167 —	168 —	164 —
1907	200 —	193 —	205 —

Hvernig sem maður veltir því máli fyrir sér, þá sýnist ekki vera unt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri, að frá 1850—1907 hafi peningar fallið í verði um helming, þannig að 2 kr. nú hafi sama kaupmagn, eða séu það sama sem 1 kr. var 1850.

En sé litið á tímabilið frá 1900 til 1907 þá hafa peninnarnir fallið í verði þannig:

Eftir meðalalin allra meðalálna um	20% (kr. 100 = kr. 120)
Eftir helztu landaurum í verðlagsskrá um	15% (kr. 100 = kr. 115)
Eftir verði á fæði, klæðnaði og húsnæði um	25% (kr. 100 = kr. 125)

Efalaust er réttast hið síðasta, því að verkalaun í sveitum munu vera eitthvað á eftir tímanum, og hækkun þeirra þess vegna ekki farin að hafa þau áhrif á verðlagsskrárnar, sem þau ættu að hafa.

Afleiðingarnar af verðfalli peninga eru hinar sömu hér, sem annarstaðar í heiminum. Maður, sem hefir fengið til láns 1000 kr. út á jörðina sína 1850 og greiðir skuldina 1907, hann greiðir 1000 kr., en ætti í raun réttur að greiða 2000 kr. Maður, sem hefir fengið veitt embætti t. d. 1900 með 3000 kr., hann fær árið 1907 í rauninni ekki nema 2250 kr. í laun; en ef hann ætti að standa jafn vel að vigi 1907 og hann stóð 1900 með 3000 krónunum, þá ætti að greiða honum eftir verðlagsskrá Lowe's, sem un var getið í byrjuninni, 3750 kr. Verkamaður sem fekk 3 kr. í daglaun 1900, fær, séu honum borgaðar 3 kr. nú, sama sem 2 kr. 25 auru þá. Verðfallið á peningum kemur hér eins og alstaðar niður á gömlum

skuldum, og á verkalyð, sem hefir peningakaup, og mönnum með fastákveðnum launum; því að verkakaup og peningalaun eru jafnan hækkuð síðast af öllu vöruverði.

Englendingar sem um verðfall peninga hafa ritað nýlega segja að þar hafi peningar fallið í verði um 30% frá því um aldamótin. Það kemur vel heim við 25% hér á landi; England er þeim 5% á undan Íslandi, en sjálfsagt kemur sú verðbreyting líka hér innan skamms.

INDR. EINARSSON.

Í páfagarði.

I.

Og hann hafði svarist og signst upp á það,
Að sitja' eins og hraukur í nesi
Og mjakast ei út fyrir afvikinn stað
Um æfina, hvernig sem blési.

Og trúlega hélt 'ann þann samninginn sinn;
Hann sveikst eigi um tíðast og fljótast
Að hnykkja sem fastast þau agnhöldin inn,
Sem ætluðu að mást eða rótast.

En breytt hafði nágrend um búskaparlag,
— Þó bæina eins léti heita —
Hann sá það og vissi, en söng þenna brag:
Af synd sprettur vit til að breyta!

Hann hlóð upp hvern torfgarð, þó tyldi' ekki neitt,
Af tildrinu meinfúna' og illa.
Flest störf hans og ræða var rústarverkfeitt,
Tómt ramb við í skörðin að fylla.

Ef hjúin hann spurðu, hvort afbrot væri enn
Íð einfalda og bersýnilega,
Hann sagði, þau væru ekki vísindamenn,
En viðssjált ið alnáttúrlega.

Þó fann hann að viðhaldið varð honum strit,
Að vanblessun settist í búið,

Ei afli né fjárhöld, sem færa mest nyt,
En flest sem var úrkast og rúið.

II.

Og félitill sat hann með ellinnar ok,
Í öngum með vonirnar feldar —
Menn reyna það einatt í erindis-lok,
Þá austrið er skýjað, og kveldar.

Hjá hinum var búsafnið hundraða-falt,
En hans hafði af 'onum rakast.
Og það sem að lafði var úrkynjað alt
Og uppdráttarsjúkt, — það var lakast.

Hann fann til, sem allir, sem ihaldi mest
Gegn eðli og grun sínum vinna;
Þeir virða sem fórnir sinn blóra og brest
Á blótstalli dygðanna sinna.

Því vönduðum dreng getur dulist, hver leið
Sé dygð sinni færust til enda,
Ef sannfýsi og trúlund við embættis eið
Á öfugar göturnar benda.

Því iheldni vönduð er úrkostablind,
Sem aldrei má fyrir því trúa,
Að fremja þá hugprúðu sálgæzlusynd
Af sannleiksást heit sín að rjúfa.

Þó sannindi einföld í samhengi máls
Sé sýnd, á hún ráð það sem styður,
En það er að verja sig viti sín sjálfs
Og vægðarlaust hrópa það niður.

III.


Og bugaður sat hann með ellinnar ok,
Sá öreign og rústirnar feldar —

Og það verða ömurleg erindis-lok
Þá austrið er skýjað, og kveldar.

Hann varðist ei andvarpi, uppgefinn þar,
Sem óskundans reynd hafði fengið
Á því sem 'ann hélt í, og hinu sem var
Burt hrifið og af honum gengið.

»Eg hjöið þína varði, sem úlfbitin er,
Hef erilinn staulast og þolað;
En Drottinn minn góður! hví merktir þú mér
Alt merglaust og andlega volað?«

STEPHAN G. STEPHANSSON.



Leo Tolstoj.

Erindi flutt í „Ungmennafélagi Reykjavíkur“.

Þeir hafa rithöfundar þjóðkunnastir verið á síðasta mannsaldrinum: Þeir Leo Tolstoj, Henrik Ibsen og Emile Zola. Rit þeirra eru lesin jöfnum höndum að heita má með öllum mentaþjóðum. Kenningar þeirra eru stöðugt umræðuefni í blöðum og tímaritum, vekja ýmist undrun og addáun eða óvild og mótspyrnu. Allir eiga þeir

ótrauða lærisveina og fylgífiska, en jafnframt ofstækisfulla mótstöðumenn, og þykir það jafnan ótvírætt mikilmensku-einkenni. Þeir eiga allir sammerkt að því er alvöru snertir, djúpskygni og ritsnild, en eru þó hins vegar gagn-ólikir í flestum greinum.

Tveir af höfundum þessum eru tiltölulega nýlátir, en hinn þriðji — Tolstoj — er enn á lífi og starfar af fullu fjöri og eldlegum áhuga, þótt áttæður sé að kalla. Hann er og óefað sá maðurinn þeirra þriggja, er valda þykir mestum táknum og stórmerkjum, og ber margt til þess og þó einkum tvent. Hann hefir nú um langt skeið beitt allri sinni andlegu atorku til að ráða fram úr gátum tilverunnar, leysa úr spurningunni miklu, sem varðar alla jafnt: Hver er tilgangur lífsins? Og eftir að hann er kominn að fastri niðurstöðu í þessu efni, gjörbreytir hann lífsstefnu sinni á fullorðins aldri og leitast við í fullri alvöru að haga lífi sínu eftir kenningum sínum, varpar frá sér auðlegð, metorðum og tign og lifir við meinlæti og sjálfsafneitun. Þess vegna eru orð hans ekki eins og »hljómandi málmur eða hvellandi bjalla«. Hann kennir »eins og sá sem vald hefir,« talar hvorttveggja í senn af hinni dýpstu alvöru og hinni frábærustu snild, enda leggja miljónir manna hlustirnar við er hann hefur upp raust sína*)

I.

Leo Tolstoj greifi er fæddur 28. ágúst 1828 (gl. stil) úti á landsbygðinni í nánd við borgina Tula í Rússlandi. Hann er af ríku tignarfólki kominn, en misti foreldra sína á ungum aldri. Sjálfur hefir hann ritað bók um bernsku sína og æsku, og það af hinni mestu snild, en rúmsins vegna leiðum vér hjá oss að skýra nokkuð frekar frá uppvaxtarárum hans. Skal þess aðeins getið, að piltungur

*) Höf. styðst að mestu við fylgirit „Review of Reviews“ 1906: „The parables of a prophet, tales and talks of Tolstoy,“ en meðfram við ýmsar heimildir aðrar.

nokkur á reki við þá bræður heimsótti þá einu sinni, er Tolstoj var etthvað 12 ára gamall, og skýrði þeim frá því, að það væri nú komið upp úr dúrnum þarna í skólanum, er hann gengi í, að enginn guð væri til og að trúarbrögðin væru ekkert annað en rugl og vitleysa og tilbúningur. Tolstoj brá nokkuð kynlega við þetta, en eigi leið á löngu áður hann sjálfur tók að leggja stund á skólanám og varð þá hið sama uppi á teningnum að því er hann snerti. Þeir, skólapiltarnir, litu svo á, að trúarbrögðin væru ekki annað en kreddur, sem þeir, spekingarnir, gætu ekki lagt sig niður við, enda væri ekki öðrum bodlegt en sauðsvörtum almúganum.

Að afloknu undirbúningsnámi gekk Tolstoj á háskólann í Kasan. Lagði hann sérstaklega stund á Austurlandtungumál og lögspeki, en lauk aldrei fullnaðarprófi, enda þurfti þess eigi, því auðurinn var nógur og erfðagózið, Jasnaja Poljana, beið hans forstöðulaust. Tók hann þar við búi á ungum aldri og réðst þegar í ýmsar umbætur á högum ánaudugra landseta sinna. Hann átti við ýmsa örðugleika að stríða, en þó einna mest við hina og þessa lesti og breyskleika í fari sínu. Þótt auðurinn væri mikill og ærnu fé úr að spila fyrir einhleypan mann, leið eigi á löngu áður hann var kominn í fjárþröng svo mikla, að hann sá sér eigi annað fært en að taka sig upp og flytja suður í Kákasuslönd fyrir sparnaðar sakir og til að leysa sig úr spilaskuldunum. Hann fór þar á dýraveiðar, drakk með kunningjum sínum, reit hinar fyrstu sögur sínar og gekk síðan í herþjónustu, er hann var leiður orðinn á aðgerðarleysinu. Rússneskar hersveitir voru um þær mundir að brjóta undir sig bygðir og ból í Kákasuslöndunum.

Þegar Krimstríðið hófst, 1854, vildi Tolstoj fyrir hvern mun komast í herþjónustu á vígvellinum, og fekk hann því framgengt. Hann var skipaður í hersveit suður á landamærunum, og nokkru eftir að umsátin mikla hófst um Sebastopol, var honum stungið inn í stórskotaliðssveit í varnarliðinu. Gortschakoff fursti, náfrændi hans, var

yfir liðinu öllu, og komst Tolstoj brátt í foringjasveitina undir handarjæðri hans. Getum vér þessa mest fyrir þá sök, að hann átti hér kost á að sjá og kynnast ófriðnum augliti til auglitis og öllum þeim ógnum og hryðjuverkum, er honum voru samfara. Hann mátti því af eigin reynslu mæla um þetta síðar meir, er hann tók að berjast á móti hernaði og blóðsúthellingum.

Að afloknum ófriðnum gekk Tolstoj úr herþjónustu og settist að í Pétursborg. Hann var eins og geta má nærri boðinn og velkominn í hóp hinna rikustu og tignustu manna, því hann var eigi að eins audugur og tiginborinn sjálfur og þar á ofan nýkominn frá hinni drengilegu og harðsnúnu vörn, sem viðfræg er orðin um heim allan, heldur var hann einnig þá þegar alkunnur fyrir ritsmiðar sínar. Einkum þóttu sögur hans úr ófriðnum á sér bera ótvíræð snildarmerki.

Hann átti það þrent í fórum sínum, sem einna mest þykir um vert í þessu lífi: orðstír, vinsældir og audæfi, en alt um það var honum einhvern veginn ekki rótt. Í fyrstu leizt honum þetta að visu einkar lofsælt og glæsilegt, en hann var að eðlisfari óvenju hreinskilinn maður og alvöru-gefinn. Hann fór að leitast við að gera sjálfum sér grein fyrir, hvers vegna svo mikið væri látið af skáldritum þeim, er bæði hann og aðrir rithöfundar gæfu út. »Séu rit okkar«, sagði hann með sjálfum sér, »eins tilkomumikil í raun rétttri eins og orð er á gert, þá hlýtur það að liggja í því, að við segjum eitthvað það í ritum þessum, er heiminum riður stórmikið á að fá vitneskju um. Hvað er það þá, sem við kennum? Hvert er þetta mikla fagnaðarerindi?«

Því lengur sem hann velti þessu fyrir sér, þess ljósara varð honum, að rithöfundarnir og skáldin og listamennirnir vissu reyndar ekki sjálfir hvað þeir vildu, að þeir höfðu ekkert fagnaðarerindi á boðstólum, en létu sér oft nægja með listhæfan búning, orðfæri og kveðanda í efnis stað. Því sem annar sagði, mótmælti hinn, og annar lastaði það sem hinn lofði. Og í lífi sjálfra þeirra

þótti honum kenna lítillar alvöru, siðgæðis eða sjálfsafneitunar.

Á seinni árum, þegar lífsskoðun hans var gjörbreytt orðin og hann tók að rifja upp fyrir sér endurminningarnar frá æskuárunum, fór hann næsta hörðum orðum um líferni sitt um þessar mundir. »Eg get eigi minst þessara ára«, segir hann, »án þess að hrollur fari um mig og viðbjóður. Eg vóg menn í hernaði, sóttist eftir lífi þeirra í einvigi, sóaði fé í spilum, eyddi og spenti afurðunum, sem bændurnir, leiguliðar mínir, framleiddu með súrum sveita, lagði oft á þá þungar refsingar fyrir litlar yfirsjónir, svallaði með skækjum og dró menn á talar. Lýgi, ránskap, óskirlífi af ýmsu tagi, drykkjuskap, ofríki og morð, . . . alt þetta framdi eg hispurslaust og var þó talinn fremur siðprúður maður af stéttarbræðrum mínum. Svona lifði eg í tíu ár samfleytt«.

Réttast er að taka það fram þegar í stað, að Tolstoj gerir hér helzti mikið úr löstum sínum. Hann var æstur mjög í skapi, er hann reit þessa »játningu« sína, og er þar á ofan að eðlisfari nokkuð öfgafenginn í orðum. Það er hernaðurinn, sem hann nefnir »morð«, og tekjurnar af jarðagózi sínu telur hann »ránsfé«. Hann kveður upp áfelliðóm yfir lífi sínu í stað þess að lýsa því hlutdrægnislaust. Sú var reyndin, að hann lifði innan um stórborgarglauminn og dró dóm af stéttarbræðrum sínum, en stóð þeim víst flestum framar. Er það eitt nægur vottur í þessu efni, að þeim leizt þetta líferni gott og glæsilegt, en honum fekk það þunglyndis og samvizkubits. Hann tók óyndi hið mesta og hafði litla trú á því, að hann ynni nokkurt gagn með ritverkum sínum. Hann þóttist illa fær um að fræða aðra, þar sem honum tókst ekki einu sinni að gera sjálfum sér grein fyrir, hvað það var, sem hann hafði fram að bjóða. Að lyktum tók hann sig upp frá Pétursborg og flutti aftur út á búgarð sinn, og hefir hann setið þar æ síðan að kalla má.

Þegar hér var komið sögunni, tók hann að leggja allan hug á búskapinn og að bæta hag landseta sinna. Hann

breytti skyldukvöðunum í fast árgjald og varð manna fyrstur til að veita þeim ýmislegt hagræði, er ánaudarokinu loks var létt af bændastéttinni árið 1861. Hann tók sér ferð á hendur til annara landa í því skyni að kynna sér alþýðufræðslu, og kom síðan á fót hjá sér bændaskólum, er hann var horfinn heim aftur. Hann lagði hið mesta kapp á ýmsar umbætur til hagræðis bændastéttinni og var bændum hinn mesti stuðningsmaður og bjargvættur í öllum greinum. Eigi lét hann af að rita skáldsögur, þótt lítið gerði hann úr þeirri list, en rit hans urðu með nokkuð öðrum hætti en áður, viðfangsefnin dýpri og tilkomumeiri og alvaran meiri, og frægustu skáldrit sín — »Stríð og frið« og »Anna Karenin« — reit hann um og eftir þessar mundir. En upp úr þessu tóku gátur lífsins og tilverunnar að stöðja að honum og fengu honum svo mikillar áhyggju, að hélt við sturlun og heilsan biladi, þrátt fyrir mikla líkamsburði. Varð hann að lokum að hlaupa frá störfum sínum og flytjast aftur til Kirgizabygðar á landamærum Rússlands. Lifði hann þar mestmegnis á kaplamjólki og hrestist aftur smám saman.

Árið 1862 kvongadist hann og gekk að eiga læknisdóttur frá Moskva. Þeim hjónum varð 13 barna audið og lifa 8, en 5 dóu á unga aldri.

Lúkum vér nú um sinn að segja frá ytri lífskjörum Tolstojs, en snúum oss í þess stað að hinu innra lífi hans. Skal hér í stuttu máli skýrt frá hugarstríði hans og framvexti þeirrar lífsskoðunar, er hann að lokum kom sér niður á og hefir haldið fast við æ síðan.

II.

Svo segir Tolstoj sjálfur frá, að hann hafi um fimtugsaldur tekið algerðum sinnaskiftum, og er það að visu satt. En hitt mun þó ófað rétt, að margar af skoðunum þeim, er hann nú heldur fram, hafi verið farnar að grafa.

um sig hjá honum áður. Margs konar angur og efasemdir gerðu vart við sig, margs konar gátur og spurningar trufluðu huga hans, en hann kæfði þær niður lengi vel, og mun hjónabandsælan hafa átt góðan þátt í að sefa hugarstríð hans um sinn. En svo fóru leikar um síðir, að engin bönd fengu haldið lengur. Spurningin: »Hver er tilgangur lífsins, lífs míns?« knúði æ fastar á dyr hjá honum og varð að lyktum svo nærgöngul, að honum þótti sem hann fengi eigi af borið, ef eigi væri leyst úr henni.

Voru auðæfin markmið lífsins?

Hann fekk manna mest ritlaun fyrir bækur sínar og átti þar á ofan 20,000 ekrur lands í Samarafylki. Hann mátti því heita stórauðugur maður, og þó var hann ekki ánægður. En setjum nú svo, að honum tækist að safna tvöfalt eða þrefalt meiri auð, mundi það geta fullnægt honum? Og þótt það kynni að fullnægja honum í svipinn, — mátti hann ekki eiga von á því að dauðinn kæmi þá og þegar og svifti hann öllu saman? Því meira sem hann bygði velferð sína og ánægju á auðnum, því ægilegri hlaut dauðinn að verða í augum hans.

Gat hjúskapar- og heimilislánið þá ekki fullnægt honum, ást konu og barna? Var ekki tilgangi lífsins náð með því?

Þar stóð aftur grimmur dauðinn og ógnadi eigi að eins honum sjálfum, heldur einnig ástvinum hans. Var það ekki hræðileg og hörmuleg tilhugsun, að hann og þau urðu að deyja og skilja? Honum þótti því bersýnilegt, að hjúskapar- og heimilislífið fengi eigi ráðið gátuna eða leyst úr spurningunni um tilgang lífsins.

En orðstírinn og frægðin!

Hann var í þann veginn að geta sér heimsfrægð fyrir skáldrit sín, og »orðstir deyr aldrei, hveim sér góðan getr,» segir spakmælið. Hann spurði sjálfan sig, hvort það mundi fullnægja sér ef hann gæti sér aðra eins skáldfrægð eða meiri en Shakespeare eða Molière, en honum þótti sem svo væri eigi. Ritverk mannsins lifa hann að visu, en samt eru þau örlögum tímans háð og fyrnast er aldir

renna. Og hvers virði er orðstírinn þegar maðurinn er sjálfur kominn í gröfina? Nei, orðstírinn ræður eigi fram úr rúnum lífsins.

Hann glimdi án afláts við þessa dulargátu, en var lengi vel jafn nær. Þegar hann velti fyrir sér hugsuninni um krankleik, örbyrgð og dauða, þá virtist honum lífið vera þung byrði, sem æskilegt væri að losna við sem fyrst. Hann þóttist geta tekið undir með prédikaranum og sagt:

»Alt er hégómi! Hvaða ábata hefir maðurinn á allri sinni fyrirhöfn, sem hann þjáir sig með undir sólunni? Eg sá öll þau verk sem gjörð eru undir sólunni og sjá! Það var alt hégómi og skapraunir!« —

Hver af oss fær óskum sínum fullnægt, eða er sæll, þótt hann fái það?

Var lífið ekki í raun rétttri eins og nokkurs konar hrikaleikur, sem oss er teft út í af einhverju fitonsafli, án þess að vér fáum sjálfir nokkuru ráðið? Og var þá ekki sjálfsmorð einasta athvarfið og úrlausnin?

Um eitt skeið var honum ríkt í huga að fyrirfara sér, en það fórst þó jafnan fyrir, án þess að hann gæti gert sér grein fyrir ástæðunni. Honum var eins og aftrað frá því af einhverju ósýnilegu afli. Að lokum hugkvæmdest honum að leita skýringar og úrlausnar hjá þeim, sem vitrastir og fróðastir eru haldnir, hjá spekingunum og hinum skriflærðu.

Hann sneri sér þá fyrst til vísindamannanna, en græddi býsna lítið á því. Þeir bentu honum að eins á »framþróunarlögmálið«. Tolstoj vildi fá að vita hver væri tilgangur lífsins, en þeir svöruðu út í hött og fóru að rausa um »uppruna« lífsins. Svipað varð uppi á teningnum, er hann sneri sér til prestanna. Hann komst brátt að raun um, að þeir höfðu ekki einu sinni óbundnar hendur til að leita sannleikans, þótt þeir vildu. Í sumum greinum fylgdu þeir meira að segja fram skoðunum, sem honum virtust í meira lagi hvímeiðar. Þeir töldu t. d. hernað réttmætan, en hernað og blóðsúthellingar

hataði Tolstoj af hjartans insta grunni. Hjá þeim var því engrar hjálpar að vænta.

Honum þótti nú einsætt, að úrlausnina væri eigi að fá í fræðikerfum eða vísindaritum manna. En hver veit nema hann kynni að finna hana í verkum þeirra? Hann tók nú að líta í kring um sig og urðu þá fyrst fyrir honum stéttarbræður hans, auðmennirnir rússnesku.

Hann þóttist mega greina þá í þrjá flokka.

Í fyrsta flokki voru þeir, sem lifðu blátt áfram eins og skynlausar skepnur án þess að gera sér nokkura minstu grein fyrir lifinu eða tilgangi þess. Á þeim var bersýnilega ekkert mark takandi.

Þá var önnur tegund manna, sem að visu hafði einhverja nasasjón af æðri og háleitari hugsjónum og alvöru lífsins, en þeir voru þá aftur á móti svo soknir niður í ritstörf og stjórnarstörf og búksorg, að þeir gáfu sér ekki tóm til að sinna slíkum alvörumálum. Þeir voru svo soknir niður í áhyggjur lífsins, að þeir hirtu ekki að gera sér grein fyrir tilgangi þess, eða tóku gildar skoðanir annarra í þeim efnum: einhvers kirkjufélags, eða páfa, eða rits, eða blaðs, eða keisara, eða ráðherra.

Að lokum urðu fyrir honum sælkerarnir og hóglyfismennirnir, menn, sem fundu til þess að lif þeirra var snautt og tilgangslaust, en sögðu sem svo: »Látum oss eta og drekka, því á morgun deyjum vér!« Þessir menn voru fyrirlitlegir í augum hans.

Eftir alla þessa leit þótti Tolstoj sem hann gæti aftur tekið undir með prédikaranum og sagt: »Þá eg lagði hug á að skilja speki og vísindi, heimsku og vitleysu, varð eg var við, að einnig þetta er skapraun. Því þar sem vizka er, þar er og mikil gremja, og sá, sem eykur sína þekkingu, sá eykur og sínar raunir«.

Og hann tók enn á ný að örvænta og hugði á sjálfsmorð.

Þá rankaði hann við því, að enn var eftir ein stétt manna, er hann hafði eigi leitað til, en það var bænda-

stéttin. Þótt ólíklegt mætti þykja að hann græddi nokkuð á því, vildi hann þó einkis láta ófreistað og hugði sem svo, að það væri stundum »smælingjum opinberað, sem vitringum er hulið«, — og honum varð að ætlun sinni.

Tólstoj hafði jafnan borið hlýtt þel til bændanna og haft allmikið samneyti við þá. Þeir voru yfirleitt blásnauðir og fáfróðir í flestum greinum, þeim var íþyngt með alls kyns sköttum og skyldukvöðum og knúðir til herþjónustu hvernig sem á stóð fyrir þeim. Þeir urðu eigi að eins að ala önn fyrir sér og skylduliði sínu, heldur og fyrir lánardrotnum sínum, því af sveita þeirra voru auðæfin runnin, sem tignarflokkarnir sóuðu og svölluðu. En þrátt fyrir það var eins og þeir hefðu höndlað hnossið, fundið ráðninguna á gátunni miklu um tilgang lífsins. Ekki réðu þeir sér bana, þótt andstreymi og þjáningar bæri að höndum, heldur báru kross sinn með þolinmæði og urðu vel og karlmannlega við dauða sínum þegar þar að kom. Hvernig gat í þessu legið? Því meir sem hann hugleiddi þetta, þess ljósara varð honum, að bændagarmarnir litilsvirtu, sem ræktuðu jörðina í sveita síns andlitis og framleiddu þær lífsnaudsynjar, sem enginn má án vera, lifðu í sannleika nytsömu og virðingarverðu lífi og höfðu að ýmsu leyti réttari skilning á alvöru lífsins og tilgangi þess, en bæði stórmennaflokkurinn, kennilýðurinn og vitringarnir.

Hann vakti máls á þessu við bændurna sjálfa, og þótt þeir ættu bágt með að koma orðum að því, þá þóttist hann samt finna, að þeir hefðu fastan grundvöll undir fótum. Honum brá nokkuð kynlega við, er þeir fóru að tala um að »þjóna guði« og »lifa eigi sjálfum sér«. Hann var löngu búinn að týna guði, að hann hélt. Hver er þessi »guð«? hugsaði hann. Og nú hóf hann leitina eftir guði og lögmáli hans, sem um leið er lögmál lífsins. Og að gömlum vanda gekk hann fram með hinni mestu nákvæmni og samvizkusemi, því alt vildi hann raunsaka frá rótum. Hann settist við og þrautskoðaði hin fornu helgirit Austurlandapjóða, Kínverja og Indverja. Alstadar

fann hann brot af sannleikanum, alstaðar þóttist hann rekja feril guðs og sjá vegsummerki hans, en guð sjálfan fann hann ekki.

Að tilvisun bændanna tók hann loks að leita fyrir sér í ritum hins Nýja sáttmála, — og þar fann hann guð að lokum. Þar fekk hann lausn á gátunni um tilgang lífsins.

III.

Allir menn eru í heiminn bornir með þeim edlisgáfum, er nefndar eru »skynsemi« og »samvizka«. Þær kenna oss ósjálfrátt að gera greinarmun góðs og ills; vér verðum ósjálfrátt að fallast á sumt og hafna öðru. Í sérhverjum af oss sefur eða vakir æðra edli, andlegt edli, guddómsneistinn. Að því skapi, sem vér stöndum í samræmi við það eða víkjum frá því, að sama skapi erum vér oss meðvitandi góðs eða ills í framferði voru. Aðaltilgangur jarðlífsins er því vissulega sá, að leitast við að þjóna, eigi hinu lægra, dýrslega edli voru, heldur því valdi, sem hið æðra edli vort sver sig í ættina við. Kristur tekur af skarið þar sem hann gerir eitt úr sér og hinu æðra edli sínu; hann nefnir sjálfan sig og oss »börn föðursins« og býður oss að vera fullkomnum eins og faðir vor á himnum er fullkominn.

Hér felst þá lausnin á gátunni um tilgang lífsins. Það er til æðra vald, sem kennir mér ósjálfrátt að greina það sem gott er, og eg stend í sambandi við það vald: meðvitund mín og samvizka er frá því runnin. Tilgangur meðvitundarlífsins hlýtur því að vera sá, að gera vilja þessa valds, með öðrum orðum: að gera gott.

Þetta var í aðalatriðunum niðurstaðan, sem Tolstoj komst að við rannsókn sína. En hann þóttist um leið finna í guðspjöllunum, eða sérstaklega í fjallræðunni (Matth. 5., 6. og 7. kap.), grundvallarreglur fyrir breytni

manna í daglegu lífi, er stæði einmitt í fullu samræmi við þessar æðri eðliskröfur mannsins.

Fjallræðan hefir jafnan verið talin einn af fegurstu gimsteinum hins Nýja sáttmála, og samt hefir hún orðið mörgum að ásteytingarsteini, því svo áþreifanlega riður hún í ýmsum atriðum í bág við jarðneskar venjur og alþjóðlegt síðalögmál. Svo fór og Tolstoj fyrst í stað. Hann gat ekki með nokkuru móti felt sig við sumar af kenningum fjallræðunnar og reyndi lengi vel á allar lundir að vikja þeim við eftir sínu höfði eða leggja í þær einhverja dularkerkingu. En meðan hann gerði það, varð honum jafnan torskilin grundvallarstefnan í kenningum Krists. En jafnskjótt og hann lagði beina merkingu í orð ræðunnar, fanst honum alt skýrast dásamlega. Þá þótti honum sem kenning Krists og líf samþýddist til fulls hvað við annað og rynni saman í eina órjúfandi og aðdánlega heild. Hann þóttist sjá, að Kristur í þessari ræðu sinni setti glögt fram aðalkjarnann í kenningu sinni, þar sem hann fimm sinnum hvað eftir annað skirskotar til þess, er »sagt var við forfeðurna« og bætir svo jafnan við á eftir orðunum: »en eg segi yður«, og eykur síðan við, útskýrir eða blátt áfram mótmælir hinum fornu boðorðum.

Þær fimm meginreglur, sem Kristur setur hér fram, eru þessar:

Í fyrsta lagi:

»Þér hafið heyrt að sagt var við forfeðurna: þú skalt ekki morð fremja, en hver sem morð fremur, verður sekur fyrir dóminum; en eg segi yður, að hver sem reiðist bróður sínum, er sekur fyrir dóminum«.

Í hinum eldri biblíuþýðingum er hér inn í setninguna bætt orðunum: *á n o r s a k a*, sem raska algerlega merkingunni og eru í sjálfu sér fjarstæða, því enginn maður reiðist án þess að hann þykist hafa ástæðu til þess, — enda standa þessi orð heldur eigi í hinum beztu grísku frumtextum.

Fyrsta meginreglan er þá þessi: þú skalt ekki reiðast.

Skodið þessa meginreglu frá hverju sjónarmiði sem vera skal, rannsakið hana á allar lundir, og þér munuð komast að raun um, að hún er í alla stadi góð og gagnsamleg. Jafnvel líkamleg og stundleg velliðan er að allmiklu leyti undir því komin, að eftir henni sé lifað. Og þótt þér eigi með öllu fáíð sneitt hjá reiðinni, þá forðist hana af fremsta megni og bælið hana niður; það mun bera yður margfaldan ávöxt.

Í öðru lagi:

»Þér hafið heyrt að sagt var: Þú skalt ekki hórdóm drýgja; en eg segi yður, að hver sem lítur á konu með girndarhug, hefir þegar drýgt hórdóm með henni í hjarta sínu«.

Önnur meginreglan er þá þessi: Láttu eigi girndirnar ráða.

Þar sem vér mennirnir erum að ýmsu leyti dýrslegs eðlis, fáum vér að líkindum aldrei til fulls upprætt girndir vorar. En það, að vér erum breyskir og ófullkomnir, sannar eigi, að ráðið sé eigi holt og viturlegt. Hafðu því sem bezt taumhald á girndum þínum, þótt þú fái eigi með öllu útrýmt þeim.

Í þriðja lagi:

»Enn hafið þér heyrt, að sagt var við forfeðurna: þú skalt ekki vinna rangan eið, en þú skalt halda eiða þína við Drottinn. En eg segi yður, að þér eigið alls ekki að sverja . . . En ræða yðar skal vera: já, já; nei, nei«.

Tolstoj leggur svofelda merkingu í þessa meginreglu: Seldu engum í hendur ótakmarkað vald yfir athöfnum þínum.

Þú hefir skynsemina og samvizkuna til að leiðbeina þér í lífinu. Ef þú afneitar þeim leiðtogum og vinnur einhverjum jarðneskum leiðtoga hollustueið, — keisara eða konungi, forseta eða fyrirliða —, þá getur svo farið, að þeir bjóði þér einhvern tíma að fremja höfuðglæp, t. d. að drepa náunga þinn eða ættingja. Í ávarpi sínu til

nýliðanna í flotacildinni af afloknum hollustueiði, minti Vilhjálmur keisari II. þá á, að nú hefðu þeir skuldbundið sig til að hlýða, jafnvel þótt hann byði þeim að skjóta feður sína!

Í fjórða lagi:

»Þér hafið heyrt að sagt var: auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. En eg segi yður: þér skuluð ekki rísa gegn meingjörðamanninum, heldur slái einhver þig á hægri kinn þína, þá snú þú einnig hinn að honum«.

Þetta boðorð hefir orðið flestum mönnum að ásteytingarsteini, enda ríður það býsna ápreifanlega í bág við sjálfspótta manna og sómatilfinningu. Tollstoj streittist lengi á móti þessu boðorði og reyndi að teygja það og útskýra á ýmsa lund, en eigi varð honum rótt fyr en hann gekk að því skilyrðislaust. Það skal þegar skýrt tekið fram, að Tolstoj tekur þessi orð Krists í strangasta og bókstaflegasta skilningi og telur það undir engum atvikum réttmætt að beita valdi við nokkurn mann eða þröngva eða takmarka frjálsræði hans á nokkurn hátt. Hann afneitar skýlaust öllu stjórnarvaldi, hverju nafni sem nefnist, og öllu lagavaldi eða löggjafarvaldi, og kannast jafnvel ekki við sjálfan eignarréttinn. Því miður er hér ekki unt að skýra til fulls ástæður og rökfærslur Tolstojs í þessu efni. Að eins skal þess getið, að hann álitur að þjónar hins góða eigi að sigrast á hinu illa og uppræta það með breytni sinni og eftirdæmi, en eigi með harðneskju eða mótspyrnu, og hann er á því að það mundi takast með tíð og tíma.

Síðasta atriðið er þetta:

»Þér hafið heyrt að sagt var: Þú skalt elska náunga þinn og hata óvin þinn. En eg segi yður: Elskið óvini yðar . . . til þess að þér verðið börn föður yðar sem er á himnum; því að hann lætur sól sína renna upp yfir vonda og góða og rigna yfir réttláta og rangláta. Því að ef þér elskið þá sem yður elska, . . . hvað frábært gjörið þér þá? Gjöra ekki jafnvel heiðingjarnir hið sama?

Verið þér því fullkomnir, eins og yðar himneski faðir er fullkominn«.

Í þessum fimm grundvallarboðorðum felst þá kjarninn í kenningum Krists, og eru þau með þeim hætti, að svo framfarlega sem menn veittu þeim móttöku eða jafnvel að eins freistudu að fylgja þeim, þá mundi það gjörbreyta mannlegu lífi.

IV.

Það var nálægt 1880 að Tolstoj komst að þessari niðurstöðu. Þá var gátan að fullu ráðin, sem hann var búinn að glíma við árum saman, og sálarfriðurinn fundinn. Þar kom hann sér niður á þá lífsskoðun, er hann hefir haldið fast við æ síðan og eigi vikið frá eitt fótmál.

Fyrsta afleiðingin af þessari sannleikans viðurkenningu var gagnger breyting á siðferðismeðvitund hans. Hann komst óðar að þeirri niðurstöðu, að margt af því, sem hann áður hafði talið gott, var í raun og veru ilt, og að hins vegar margt, er hann hafði talið ilt, var í sannleika gott.

Sé það eða eigi það að vera aðaltilgangur lífsins, að taka höndum saman við föðurinn á himnum til að greiða hinu góða veg, þá nær það engri átt, að leggja kapp á að raka saman fé í eigingirnisskyni og féfletta náungann. Þvert á móti. Að réttu lagi ætti það, sem eg ræni frá bræðrum mínum, að teljast mér til skuldar, en hitt til afgjalds, sem eg vinn þeim til gagns. Vér eigum því að kosta kapps um að taka eins lítið frá öðrum, en aftur á móti að miðla öðrum eins miklu, og unt er.

Í stað þess að lifa á krásum og sælgæti, ættum vér að sjálfsögðu að lifa svo hófsamlega og sparneytnislega í mat og drykk, sem framast má verða.

Í stað þess að berast mikið á í klæðaburði, ættum vér að klæðast sem einfaldast og óbreyttast, því vér erum allir börn hins sama föður.

Í stað þess að ætla sjálfum oss léttustu störfin og löðurmannlegustu og leitast við að koma stritvinnunni og hinum hvimleðari störfum á þá, sem oft eru burðaminni og þar á ofan vansælli en vér, eða ekki eins framhlypni og eigingjarnir, ættum vér að telja oss skylt að taka að réttu tiltölu þátt í hinum hvimleðari störfum og slitvinnunni.

Jafnhliða þessum byltingum í siðferðislífi hans, fóru og byltingar í ytra lífi hans, daglegum háttum, og var það bein afleiðing af hinu. Tolstoj hefir aldrei látið staðar numið á miðri leið, heldur jafnan runnið skeiðið á enda og tekið öllum afleiðingum. Hann gjörbreytti um þessar mundir öllum lífsháttum sínum. Áður hafði hann lifað »í vellystingum praktuglega« að auðmanna og aðalsmanna hætti, en upp frá þessu tamdi hann sér hina mestu sparneytni. Hann bragðaði hvorki ket né krásir, heldur nærðist einungis á kornmeti, kálmeti og ávöxtum, og það af skornum skanti. Vin- og tóbaksneyzlu lagði hann af með öllu. Lengi vel hélt hann trygð við teið, þjóðdrykk Rússa, en hætti þó við það að lökum, enda hefir hann lagt meir og meir að sér með aldrinum. Hann gengur að jafnaði fremur fátæklega klæddur á bænda visu, í síðum linkyrtli gyrtum að miðju, og berfættur að sumrinu til. Hann leggur hina mestu áherzlu á alla líkamlegu vinnu, enda gengur hann sjálfur að verkum á heimilinu. Hann starfar að heyvinnu og kornskurði á sumrin, en leggur í ofninn hjá sér og ber vatn á vetrum. Skósmíði nam hann á gamals aldri og gerir sér sjálfur á fæturna.

Tolstoj hefir þannig í öllum greinum leitast við að sníða líf sitt eftir kenningum sínum. En hann hefði þó gert enn betur, ef hann hefði sjálfur mátt ráða. Hann var um eitt skeið fastráðinn í að afsala sér öllum eigum sínum og gefa þær fátækum, því að réttu lagi þóttist

hann enga eignarheimild hafa á því fé. En þá tók kona hans í strenginn. Hún er hinn mesti kvenskörungur, iðjusöm, stjórnsöm og ráðdeildarsöm. Hún aftók með öllu að fleyja eignum þeirra út í buskann á þann hátt, er Tolsoj hafði í huga. Hann var þá þegar orðinn aldraður og lasburða, og hún treystist eigi að vinna fyrir fjölskyldunni, enda hraus henni hugur við fátæktinni og örbyrgðinni ofan á hóglífið og auðinn. Tolstoj sótti þetta mál svo fast, að hún tók að lokum af skarið og hafði í hótunum við hann um að leita fulltingis hjá yfirvöldunum, ef hann léti eigi af fyrirætlun sinni. Hann lét þá loks undan síga og urðu þær lyktir á málinu, að hann afsalaði sér öllum eignum sínum og fekk henni þær í hendur, og hefir hún síðan haft allan veg og vanda af hús- og bústjórninni. Má án efa telja þetta heppileg úrslit, því að öðrum kosti hefði Tolstoj að líkindum ekki lifað fram á þennan dag.

Þrátt fyrir mótspyrnu sína í þessu efni, ber kona Tolstojs hina mestu lotningu fyrir manni sínum og sköðunum hans, enda er sambúð þeirra hin ástúðlegasta. Hún fylgir starfi hans með athygli og er honum hin mesta hjálparhella í hvívetna. Í heimilisháttum sveigir hún til eftir kreddum hans sem framast má verða. Hún fordast alt óhóf og eyðslusemi. Dæturnar berast ekkert á í klæðaburði, sem þó er tizka með rikum hefðarmeyjum, og heimboð og skemtaniir er með öllu lagt niður. Vin sést eigi á borðum hversdagslega og er það fátítt með heldra fólki. Samt sem áður er heimilið að vissu leyti eins og tvískift. Heimilisbragur og heimilisbúnaður er allur að því er til þeirra mæðgnanna kemur með heldra fólks sniði, stofugögn og húsbúnaður einkar smekklegur og jafnvel skrautlegur. En þegar lokið er upp hurðinni að vinnuklefa húsbóndans, stingur heldur en ekki í stúf. Það er eins og komið sé í aðra veröld. Alt er skrautlaust og þó látlaust, veggirnir berir og húsbúnaður af skornum skamti. Tvö borð standa á miðju gólfi hlaðin bókum og blöðum, bókaskápur, hvilubekkur og tveir eða þrír stólar standa

upp að vegnum, og þar með búið. Það er auðséð á öllu, að húsráðandi hefir litlar mætur á skrauti og þægindum. En þrátt fyrir allt þetta unir Tolstoj þó eigi hag sínum sem bezt. Hann á bágt með að verjast þeirri tilhugsun, að hann breyti sjálfur þvert ofan í kenningar sínar, þar sem hann lætur það viðgangast, að þau hjónin lifi í nokkurs konar skrauthýsi með börnum sínum og njóti ýmsra þæginda nútíðarlífsins og hláði saman auðæfum.

V.

Um það bil er Tolstoj breytti skoðunum sínum og lífsstefnu, var hann orðinn víðfrægur maður fyrir skáldrit sín og rakaði saman fé, því blöð og tímarit og bókaútgefendur sóttust mjög eftir ritum hans, og öllum var þeim jafnharðan snarað á flest Norðurálfutungumál. En eftir sinnaskiftin miklu breytti hann algerlega til um efni og rithátt, og var það eðlileg afleiðing af skodanabreytingunni. Hann gerði lítið úr sjálfri skáldskaparlistinni út af fyrir sig og áleit að hún ætti engan rétt á sér. Allar listir áttu að hans álit að ganga í þjónustu siðferðis- og lífsins og á einhvern hátt að miða til eflingar siðferðis- og lífsins. Sjálfur reit hann upp frá þessu eingöngu alþýðusögur og var aðalkjarni þeirra jafnan einhver siðferðisboðskapur*). Hér að auk samdi hann fjölda alvarlegra rita, er öll miða til að greiða á einhvern hátt úr hinum örðugu viðfangsefnum, er mannkynið hefir verið að glíma við frá alda öðli.

Viðfangsefnin, sem hann sneri sér að, eru þau, sem mest þykir um vert í lífinu og að réttu lagi mætti nefna hina sönnu »lífsspeki«. Það voru þau visindi, sem Móses,

*) Má hér t. d. sem sýnishorn benda á sögurnar „Dæmdur fyrir sakleysi“ og „Guð er kærleikur“, sem prentaðar eru í Iðunni V. bls. 404 og VI. bls. 180.

Sólon, Sókrates, Konfúcius, Marcus Aurelius og Spínóza lögðu stund á, og allir þeir menn aðrir, er bezt hafa þótt síðaðir. Hann rannsakaði afleiðingarnar af góðum verkum og illum, leitaðist við að sýna fram á, hvað skynsamt væri eða réttmætt í mannlegum stofnunum og trúarsetningum, hversu menn ættu að lifa til þess að tryggja hverjum einstakling sem bezta líðan og sem mestan þroska, hverju menn ættu eða ættu ekki að trúa og hvernig menn ættu að bæla niður ástríður sínar og kosta kapps um að höndla hið sanna hnossið.

Tolstoj er að líkindum allra rithöfunda vandvirkastur, þeirra er nú eru uppi. Hann er aldrei ánægður með rit sín heldur en líf sitt. Hann margritar bækur sínar, allt að 15 eða 16 sinnum sumar, áður honum líkar, breytir, styttir og strikar út í sífellu, fágar og sléttar þar til engar misfellur sjást, enda er ritháttur hans svo ljós og skýr, að undrum sætir. Rithönd hans er aftur á móti svo ólæsileg, að enginn kemst fram úr henni nema kona hans og börn, og verða þau því að afrita handritið jafnóðum og hann leiðréttir, og er það ekkert smáræðisverk. Þegar svo loks prófarkirnar koma úr prentsmiðjunni, byrjar hann aftur á nýjan leik. Alt ber þetta vott um hina framúrskarandi iðni, vandvirkni og nákvæmni hans, enda hefir hann sjálfur látið sér um munn fara, að ritsnild væri ekki í öðru innifalin en framúrskarandi vandvirkni og þolinmæði, þótt fáir munu skilyrðislaust á það fallast fremur en margt annað í kenningum hans.

Þegar Tolstoj tók djarflega og einarðlega að hreyfa hinum nýju kenningum sínum, bjuggust allir við að hann mundi sæta ofsóknum af stjórnarinnar hendi. En hún taldi skynsamlegra að hreyfa ekki við honum sjálfum, heldur hefti að eins útbreiðslu á nokkrum ritum hans, feldi langa kafla úr öðrum, og sendi helztu vini hans og fylgifiska í útleigð. Kirkjumálastjórnin gekst fyrir því að gefin voru út rit, sem andmæltu skoðunum hans, sigaði njósnarmönnum á hann og vini hans og bannsöng hann

að lokum, en þó svo slælega og hikandi, að einsætt þótti að hún blygðaðist sín fyrir tiltækið.

Hlífðarsemi rússnesku stjórnarinnar við Tolstoj á rót sína að rekja til tveggja ástæða gagnólíkra. Önnur ástæðan er sú, að stjórnin þykist eigi þurfa að óttast Tolstoj eða byltingarkenningar hans heima fyrir, sökum þess að þær hafa mjög lítil áhrif á almenning. Alþýða manna í Rússlandi hefir næsta litla hugmynd um skoðanir hans eða misskilur þær gersamlega. Hann hefir alment orð á sér fyrir mannkosti sína og þykir góður »húsbóndi«, eins og bændurnir komast að orði. Að öðru leyti þekkja menn lítið til hans annað en það, að það orð leikur á, að hann sé sérvitringur sem hafi tekið upp á því að klæðast bændabúningi og lifa á bændavisu, þótt hann sé maður stórsaudugur, og það finst þeim að eins kátbroslegt. Rússneskir stjórnsmálaflokkar hafa engar mætur á honum, því hann fylgir engum þeirra að máli. Hann viðurkennir meira að segja enga stjórn og þar af leiðandi engin stjórnsmál. Aftur eru áhrif hans með öðrum mentuðum þjóðum stórmikil. Hann er eins víðfrægur og mikils metinn með öðrum þjóðum, eins og hann er lítt kunnur meðal almennings á Rússlandi. Ef nokkurri harðneskju eða ósanngirni væri beitt við hann af hendi rússnesku stjórnarinnar, mundi það mælast mjög illa fyrir í öðrum löndum og óvíst nema erlendar stjórnir kynnu að skerast í leikinn. Á þessum tveim ástæðum er það vafalaust bygt, að Tolstoj hefir mátt una lífi sínu í ró og næði án nokkurrar áreitni af stjórnarinnar hálfu.

Útlit Tolstojs er í fullu samræmi við líf hans og kenningar. Það er talsvert ofstækis- og meinlætisbragð að yfirsvipnum. Hann er meðalmaður á hæð og nokkuð lotinn í herðum. Andlitið er stórskorið, nefið breitt og nasirnar fláar, ennið hátt og munnurinn hrikalegur og einbeittur. Augun eru smá, en hvöss og snör, og brýrnar miklar og loðnar. Allur er svipurinn alvörubrúnginn og fremur harðneskjulegur.

Tolstoj má óhikað telja einn hinn atkvæða- og áhrifa-
mesta rithöfund nú á dögum. Hann er spámaður á sína
vísu, þótt eigi sé hann óskekull. Hlutverk það, sem
hann hefir með höndum, er að efla og staðfesta ríki guðs
á jörðunni, eða með öðrum orðum: ríki sannleikans og
kærleikans. Ætti það að réttu lagi að vera sameiginlegt
hlutverk vor allra.

JÓN JÓNSSON, sagnfr.

Ættarnöfn.

Menn eru að hugsa um málið. Skoðanirnar skiftast. Mig langar til að vísa veg í því, sem allir ætti að geta gengið saman.

Flestir þeir menn, sem eg hefi séð eða heyrt minnst á ættarnöfn og eru þeim mótfallnir, hafa rent þeirri meginstöð undir málstað sinn, að þau færi í bág við fornan landssið. Vér viljum halda því áfram, segja þeir, að kalla íslenzka syni og dætur föðurnafni sínu. Hér eftir eins og hingað til. Það og ekkert annað er þjóðlegt.

Já, þjóðlegt er það. Eg er þeim alveg samdóma um það. Það er jafn-þjóðlegt á Íslandi nú eins og það hefir einu sinni verið í öllum löndum. Það er jafn-íslenzkt í dag eins og það var enskt eða þýzkt fyrir mörgum öldum. Og það hefir ekki verið nándar nærri jafnlengi íslenzkt eins og það hefir verið danskt eða norskt eða sænskt eða grískt eða rússneskt. Ef eitthvað er því þjóðlegra, sem það hefir náð lengur festu með þjóðunum, þá eru ekki nema nokkrir áratugir síðan föðurnöfnin voru miklu þjóðlegri í Danmörku heldur en þau eru nú eða hafa nokkurn tíma verið á Íslandi. Lengra er ekki liðið síðan er ættarnöfn voru tekin upp hvarvetna þar í landi. Þau voru gerð þjóðleg með lögum.

Og eingöngu íslenzkt er það ekki heldur enn í dag, að menn séu nefndir föðurnafni sínu. Það er enn gert í sveitum í Noregi, Svíþjóð, Rússlandi og víðar. En í borgunum hafa ættarnöfnin orðið ofan á. Og annað þekkest ekki heldur nú orðið með öllum mentaþjóðum heims,

nema þá með þeim hluta þjóðar, sem skemst er á veg kominn í menningaráttina.

Nú skal eg staldra ofurlítið við.

Menn kunna að spyrja: Er þetta mál nokkurt menningaratriði?

Eg staldra við til að játa því.

Það er henni svo samgróið, að ef mentaðir menn með öðrum þjóðum vita um eitthvert land, að þar séu menn alment nefndir föðurnafni sínu, að ættarnöfn séu þar engin til, þá dettur þeim í hug um leið, að sú þjóð sé ekki stödd á háu menningarstigi. Ekki af því vitanlega, að þeim komi til hugar, að nokkurt menningargildi sé fólgið í nöfnum einum. Heldur af hinu, að þeir vita hvernig ættarnöfn eru orðin til. Þeir vita að þau eru tekin upp í fyrstu til að glæða og halda við *ættartilfinning*. Og þeir vita að hún er eitt með mörgum þroskaskilyrðum hverrar þjóðar; að hún er jafnvel mest í því þjóðfélagi, sem mestan á þroskann. En þjóðfélagsþroski heitir öðru nafni menning.

Þeir mundi ekki þykja viðlesnir í náttúruvísindum síðari tíma, sem hefði ekki hugmynd um, hvað ættartilfinningin væri sterk og stæðileg grein á þróunarstofni lífsins. Sumir vísindamenn hafa nefnt hana græðiblað mannástarinnar — *altruismans*; þaðan sprytti hún út, sú hin mikla samúð við mennina, sem nefnd er því nafni.

Menn, sem eru á algerlega gagnstæðri skoðun um þróunarlögmálið, eru þó sammála um það, að ættartilfinningin ráði meiru en litlu um þroskavíðleitnina. Eg skal rétt til dæmis nefna til tvo menn, þá Darwin og Krapotkin. Báðir eru á sama máli um það, en hvor á sinni skoðun um lögmál þroskans. (Darwin hélt því fram, eins og kunnugt er, að aflmestu einstaklingarnir bera hæstan hlut í lífsbaráttunni, en Krapotkin hinu, í bók sem hann hefir ritað fyrir nokkrum árum, að félagslyndu einstaklingarnir séu þeir, sem þar hafi betur.

Gerhard Gran heitir þjóðkunnur rithöfundur, norskur; prófessor við háskólann í Kristjaníu og ritstjóri helzta

tímarits Norðmanna (Samtiden). Hann segir svo um Björn-
stjerne Björnson:

— Ein af aðal-lindunum, sem lífsstarf Björnsons alt og skáldskapur er runnið úr, er — — — ættartilfinningin Í öllum hans skáldskap, alt í frá Sigrúnu á Sunnuhvoli og fram til Laboremus, (það var þá síðasta bók hans), er ættartilfinningin eitt af því hinu mikla og stórfenga, sem hefir alt af borið fánann jafnhátt, hvað snögg og mörg sem skoðanaskiftin hafa orðið. Ættartilfinningin er miðdepillinn, stofninn; þaðan dreifist ást hans til mannanna, dreifist sí og æ í stærri og stærri hringum.

Þarf eg að eyða fleirum orðum að því, að ættartilfinningin sé ekki engisverð? Og þarf eg að eyða nokkrum orðum að því, að ættarnöfnin glæði hana og haldi henni við? Þarf eg nema að segja það? Skilja þá ekki allir, sem hugsa um það sjálfir?

Vafalaust. En menn kunna að leggja til andsvör.

Þeir kunna að segja: Íslendingasögur eru flestar ættarsögur, byrja flestar á ættartölum. Ættartilfinning hefir aldrei verið meiri hér á landi en þegar þjóðlíf vort stóð með sem mestum blóma. En — ekki voru þá nein ættarnöfn til að halda henni við. Komumst við þá ekki eins af án þeirra nú?

Spurningunni er auðsvarað.

Henni or auðsvarað með því, að biðja spyrjanda að lesa vandlega fornritin, og vita hvort honum finst ekki löggjöf þjóðarinnar og átrúnaði svo háttað, að hvortveggja hafi haldið ættarvitundinni mun betur vakandi í hugum manna en þau gera nú.

Og sama máli gegnir um Grikki og Rómverja á gullöld þeirra. Eftir hana liðna er það einmitt, að ættarnöfn komast á með annari þeirri þjóð, Rómverjum. Þeir verða fyrstir þjóða til að taka þau upp með líkri tilhögun og nú er víðast hvar um heim allan.

Og þaðan dreifast þau um öll lönd.

Hægt og hægt í fyrstu, og ekki nema um nágrennalöndin lengi vel. Þar eru þau tekin upp óbreytt, alróm-

versk; bæði að merkingunai til og endingum. En svo koma þjóðflutningarnir, og ættarnöfnin berast með þeim norður á við. Eftir það hverfur mikið til af þeim rómverski blæringu. Þau verða úr því hver með sérblæ sinnar þjóðar.

Og það hafa þau verið æ síðan víðast hvar. Þjóðirnar hafa skapað þau sjálfar, hver úr sinni tungu; með því móti hafa þau orðið þjóðleg.

Nú er svo komið, að þau hafa dreifst um öll lönd Norðurláfu, og víðast hvar náð þjóðfesti fyrir langa löngu.

Hún hefir hvergi stöðað, mótbáran sú, að þau væri ekki þjóðleg. Og hún stóðar ekki heldur hér. Aðrar þjóðir hafa ekki viljað halda í föðurnöfnin með öllum sínum þjóðerniskostum. Þau eru ekki orðin annað en úrkast.

Og sú skoðun, að þjóðernið missi nokkurs í, þó að upp séu tekin ættarnöfn, hún er ekki annað en meinlaust skammsýnisský, sem getur aldrei skygt á neina birtu. Það hverfur þegar minnst vonum varir — hér eins og annarstaðar.

Þá hefir verið færð til önnur ástæða gegn ættarnöfnum. Sagt, að föðurnöfnin hefði það fram yfir, að konan þyrfti aldrei að láta nafn sitt, — það yrði ekki skafið út með giftingunni; málið væri kvenfrelsis-atriði. Ekkert væri líklegra en að gamli síðurinn yrði tekinn upp aftur, þegar konur hefði náð fullu jafnrétti við karlmenn.

Eg skal verða síztur manna til að tefja fyrir kvenréttindamálinu á hvaða svæði sem er. Eg ann því meira gengis en svo. Þeim mönnum, sem halda eg geri það þó með þessu, skal eg veita úrlausn.

Eg átti tal um þetta hérna á dögum við gáfada konu, frú hér í bænum. Henni fórust orð á þessa leið:

— Hvernig getur nokkrum lifandi manni dottið í hug, að ættarnöfn séu fremur vottur um réttleysi kvenna en föðurnöfnin? Það er þvert á móti. Það stendur svo á því, að það eru eingöngu til föðurnöfn, en *ekki móðurnöfn* — ekki þá nema í háði. Ef hjón eiga sama heiti, þá erfa börnin það, erfa nafn foreldranna. Ef hvort hjón-

anna heitir sínu föðurnafni, þá eru börnin vitanlega kend við föðurinn einan. Enginn mundi kunna við, að þau væri kend við móður sína. Enginn mundi kunna við að heita Jónas Rannveigarson (í stað: Hallgrímsson) eða Snorri Guðnýjarson (í stað: Sturluson). Alla mundi hún stórlega hneyksla, breytingin sú, að farið væri að taka upp móðurnöfn. Og þó á konan fylsta rétt til þess að börnin séu kend við sig, módir þeirra, engu síður en föðurinn. Þetta eitt sér er stórmikil ástæða til að upp séu tekin ættarnöfn.

Mér finst nokkurn veginn ljóst af þess, að föðurnöfn verða aldrei tekin upp aftur til að koma á meira jafnrétti milli karla og kvenna. Hitt er miklu líklegra að komist á smám saman, að nafnaskiftin með hjónabandinu verði jöfn á báða bóga. Það verði eftir samkomulagi, hvort konan tekur heldur upp nafn bóndans eða hann hennar. Nafnfræg kona á ilt með að láta nafn sitt við giftinguna. Ætti hún mann, sem lítt væri þektur, væri honum miklu nær að taka upp hennar nafn.

En framtíðin um það.

Hitt vona eg að allir sjái, að það nær engri átt, að jafnrétti kvenna missi nokkurs í við það, að ættarnöfn eru tekin upp í stað föðurnafna. Það er önnur skammsýnin til-

Og hin þriðja er sú, að ættarnöfn rugli ættartölur.

Þetta er sagt hér á landi. En annarstaðar, sem sé þar, sem menn hafa reynt það, þar vita þeir að munurinn er allur annar.

Það mætti æra óstöðugan, ef ætti að eltast við að svara öllum mótbárum jafnlélegum og þessari. Skyldi jurtafræðin vera örðugari viðfangs fyrir það, að jurtonum er skift niður í ættir? Eða þekkingarmolar vorir yfirleitt grautarlegri fyrir það, að þeim er raðað niður í fræðikerfi? — —

Og á einn kostinn enn skal eg benda.

Það er sumstaðar geysi-mikið til af þeirri tilhneiging að uppnefna fólk. Það er eins og hún verði að veiki á sumum mönnum. Nú orðið þykir það hvarvetna heldur

skrælingjaleg ánægja, ekkert annað en andlegur hirðuleysis-sjúkdómur, sem hreinlegum mönnum er andstygð. Með flestum menningarþjóðum heims er hann horfinn að miklum mun. Ættarnöfn hafa læknað hann, segja sagnfræðingar. Uppnefningin þrífst hvergi betur en þar, sem til eru eingöngu persónunöfn án ættarnafna (*A. Olrik*). Það stendur svo á því, að þar sem ættarnöfn tíðkast, eru menn sjáldnast nefndir skirnarnafninu einu saman. Annaðhvort ættarnafninu eingöngu — og ef viðurnefni væri þá hnýtt þar við, þá væri ættin uppnefnd, en ekki maðurinn. Eða þá að menn eru nefndir báðum nöfnunum saman, og uppnefningin verður þá alveg ofaukið.

Og það á það á þeim alstaðar að verða; þeim á hvergi að verða landvært. Oft og einatt eru þau ekki runnin af öðrum rótum en lúalegum hefndartilraunum einhverrar sálaragnar, sem kann ekki annað ráð en þetta til að svala sér, — en hver maður, tiginmannlega lyndur, hefir andstygð á.

Eg býst ekki við, að allir þeir, sem hafa verið mótfallnir ættarnöfnum hingað til, láti nú af skoðun sinni fyrir þá sök, að hér hafi komið fram rök í málinu.

En eg býst við öðru.

Eg býst við því að allir sjái, að það er ekki til neins að spyrna lengur móti broddunum. Og það sjá þeir af alt öðru. Þeir sjá það af því, að þeim er óðum að fjölga, sem hér taka upp ættarnöfn. Nærri því hver embættismannskona hér í bæ, og margar konur aðrar, hafa tekið upp nöfn manna sinna; ættarnöfn, ef þeir hafa átt sér þau; annars föðurnöfn þeirra. Meira að segja: Hjón vilja eiga sér samheiti, þó að þau geri það ekki að ættarnafni. Og stundum er þeim það nauðugur einn kostur.

Eg skal taka til dæmis allar danskar konur, sem hingað giftast. Það er farið svo með nöfn þeirra flestra.

að þær eru nefndar »synir« tengdafaðra sinna — af því að engin ættarnöfn eru til. Og það er ekki nema von; mönnum hefir ekki verið bent á annað ráð.

Ef eg héti Sigurður Höskuldsson, og ætti danska konu, sem héti Karen Jørgensen, vilja þá þeir, sem eru mótfallnir ættarnöfnum, gera svo vel og segja mér, hvað eg ætti að kalla konuna mína annað en Karen Höskuldsson?

Frú Karen Höskuldsson, — fallet er það ekki, drottinn minn!

Eg þekki fá óspilt islenzku-eyru, sem það hneykslar ekki, þetta sonar-nafn kvenna. Þau geta ekki vanist því; það lætur svo illa í eyrum. Og það er af því og engu örðu, að mönnum finst það vera rökfræðileg fjarstæða. Það gildir einu þó að þeim sé sagt, að það tákni ekki »sonur«. Það er einmitt það sem við vitum, segja þeir, og þess vegna viljum vér ekki heyra það nefnt. Við könnumst ekki við þann »son«, sem táknar ekki neitt.

Og þá tilfinning finst mér að öllum sé skylt að virða.

Hún er sprottin af því einu, að islenzkan er sjálfsagt eitt hið rökréttasta mál, sem nú lifir á vörum nokkurrar þjóðar. Af hverju? Af því að hún hefir reynst trúust sjálfri sér, af því að hún hefir varðveitt eðli sitt bezt allra tungna. En hvað lítið sem brotið er móti eðli tungunnar, er það altaf nógu mikið til þess, að það sljófgar næmleikann við fegurð hennar.

Og það er að misþyrma tign og eðli hveurrar tungu, að láta orð merkja alt annað eða gagnstætt því, sem þau merkja áður að allra vitund. Ef orðið: »son« væri týnt úr nútíðarmáli, þá væri alt öðru máli að gegna að koma sér saman um, hvað það skyldi merkja héðan af. En ef fjölda af jafn-rökröngum orðum, og sonar-nafnið er á konum, er leyfð landgangi í málið, þá er það eitt kapp-nóg til að spilla því.

Það er langt stökk úr gömlu venjunni, þeirri, að nefna alla menn föðurnafni sínu, og yfir í hina, að nefna konur sonar-nafninu. Nú er sægur óskyldra karla og kvenna,

sem nefna sig Jónsson. Ef ekkert er að gert, verður þá ekki farið t. d. að nefna konu einhvers Einars Jónssonar frú Einar Jónsson, að útlendum sið, til þess að menn viti við hverja frú Jónsson er átt? Sveitamenn, sem ekki þekti til þess arna, mundu halda að verið væri að skopast að þessum veslings Einari Jónssyni, það væri hann, sem væri kallaður frú! En úr því að sonarnafn kvenna er komið á, þá er örskamt á milli hins, að farið verði að nefna þær fullu nafni manna sinna. Og þá er smíðshöggið rekið á.

Mér koma í hug ráð til að varðveita tunguna frá þessum nöfnum og öðrum eins; og því er það, að eg rita þessar línur.

Og fyrsta ráðið er þetta: Vér eigum að koma hér á ættarnöfnum. Þeir, sem hætta ekki að vera þeim mótfallnir, þeir gera málefni sjálfra sín meira ógagn en nokkrir aðrir. Þeir eru helzt mótfallnir þeim af því, að þau eru ekki þjóðleg. En það er miklu óþjóðlegra að sporna við því, að tungan hreinsist af alls konar kolsvörtum skrípanöfnum, sem alstaðar lita frá sér.

Deilan á ekki að vera um það, hvort vér eigum að taka upp ættarnöfn. Hún á að vera um valið, ef hún er nokkur.

Mér vitanlega hefir ekki komið fram um það nema ein tillaga, sem vit er í. Hún er sú, að gera að ættarnöfnum karlmannsnöfn með eignarfallsendingum. T. d. að taka, að maður, sem heitir Jón Sveinsson, kalli sig Jón Sveins, konan hans Guðrún Sveins, dóttir hans Þórdís Sveins o. s. frv., og ættin nefnd Sveins-ættin.

Þetta heflr einn kost og enga fleiri. Það er íslenzkt.

En ef þetta kæmist nú á, þá líður ekki á löngu áður en sá kostur hverfur; það hættir að vera íslenzkt, — og þá erum vér ekki betur staddir en áður. Ef það á að halda áfram að vera íslenzkt, þá verður allt af að nefna bæði nöfnin í einu, hvenær sem nefnt væri ættarnafnið. Og það er ókostur, enda yrði það ekki gert til lengdar. Útlendum mönnum t. d., hvar sem væri, dytti það ekki í

hug. Karlmann af Sveins-ættinni mundu þeir kalla Sveins, konuna frú Sveins og dótturina jungfrú Sveins. Og smátt og smátt kæmist hún á, sú venja.

En ekki mundi öllum falla það betur en sonar-nafnið; ekkert vit er í því að nefna menn eignarfallinu einu saman.

Reyndar er vörn í málinu.

Hún er sú, að vér munum geta vanist af að líta á þessi nöfn svo sem væri þau eignarföll, af að vér höfum vanist af því um önnur orð í málinu. Vér hugsum oss endingu þeirra afleiðsluending í stað fallendingar. Svo er t. d. að taka um orðin *l a x* og *h a m s* (flt. hamsar), að fyrra orðið er ekkert annað en eignarfall af *l a g* og hið síðara af *h a m u r*.

En vér gætum sjálfsagt illa vanist því, þó að vér vissum það væri rétt, af því að dæmin eru ekki heldur til svo mörg í málinu. Og þar að auki yrði það kerfi einstaklega einhlíða. Ættarnöfnin sniðin upp úr manna-nöfnum einum, yrðu öll að enda á sama staf, *s*. Ekkert beygjast veikri beyging. »Árna« væri óhafandi, og »Bjarnar« væri ekki eftir neinum réttum reglum.

Það er til þess tekið um norsk ættarnöfn, hvað þau eru falleg og þjóðleg og fjölbreytt. Það ættu ekki íslenskt ættarnöfn að verða síður. Tungan á nóg til af þjálum og gullfallegum orðum, sem gera má að ættar-nöfnum, ef rétt er farið með. Og það er síður en svo að vér þurfum að sníkja á aðrar tungur, að vér getum búið til ættarnöfn svo þúsundum skiftir, með því einu móti að láta orðin hlíta e i n u lögmáli, sem skapast hefir í mál-inu. Taka þau öll úr einu kerfi. Með þeim hætti verða þau tvent í einu: bæði fjölbreytt og einföld.

Og nú skal eg benda á leiðina.

Vér eigum að velja þjál og falleg nöfn á hverju sem er, hlutum, hugtökum, mönnum. Og vér eigum að sleppa beygingum þeirra, og halda eftir rótinni einni. Meðal

margs annars fyrir þá sök, að kynferði orðsins sést venjulegast á beygingu þess.

Í öllum málum er einhver tilhneiging til að gera orðin einfaldari með þessum hætti. Tilhneiging sem vex, jafnóðum og málið þroskast. Allir vita um enskuna, eitt hið langþroskaðasta tungumál heimsins.

Og í svo breytingaríku máli, sem islenzkan er, gætir þess svo að kalla hvar sem gripið er til.

Það er til aragrúu orða í málinu, sem hafa að eins eina fallending — eignarfallið; hinum hafa þau týnt smám saman. Öll kvenkynsorð af samhljóðendastofnum hafa hlítt þessari reglu, nærri því undantekningarlaust. Dæmi: eik, geit, greip, grind, hind, kinn, kverk, mjólk, rist, sild, og óteljandi margt fleira.

Öll ja-stofna kvenkynsorð hafa breytt nefnifallsendingu frá því sem var í fornu máli, svo að hún hefir orðið eins og hinar fallendingarnar tvær (þf. og þgf.). Hún var áður *-r* og þolf.- og þáguf.-endingar *-i*. Dæmi: ermr, eyrr, festr, veiðr, o. s. frv. En nú eru þrjú fyrstu föllin orðin eins fyrir langa-löngu. Þetta dæmi sannar ekki annað en tilhneiging til þess að gera orðin einfaldari. Ekki með því að sleppa beygingarendingum eins og í fyrra dæminu, heldur með því að setja á þær sama mót.

En það er ekki til nokkur beygingaflokkur í islenzkri málfræði, þar sem ekki er sægur af dæmum þess, að fallendingar eru lagðar niður. Eg tek hér til nokkur dæmi af handahófi:

Nefnifall. Öll karlkynsorð, sem enda á *-ar*: annar, hamar, Gunnar, o. s. frv. Nokkur karlkynsorð ja-stofna með stuttri rótarsamstöfu: byr, bær, gnýr, her, o. s. frv. Mörg u-stofna orð: ár, ás, björn, knörr, son, vin, örn, o. s. frv. Mörg a-stofna orð: akur, fugl, háls, hrafn, ís, karl, kurr, skafi, o. s. frv. Lýsingarorð t. d.: hvass, laus, sagnorð t. d.: les, vex.

Þolfall. Engin ending.

Þágufall. Flest a-stofna kvenkynsorð: hlif, laug, sök, o. s. frv. Og mörg karlkyns: ís, stóll, o. s. frv., og

flest þau orð, sem hafa langan rótarhljóðstaf. Fiest i-stofna karlkynsorð: staður, dalur, t. d., og því nær öll kvenkyns: sótt, för, önd, o. s. frv. Va-stofna orð: söngur, ör, o. s. frv. Öll ja-stofna karlkynsorð með stuttri rótar-samstöfu: bekkur, belgur, drengur, drykkur, dynur, leggur, lækur, mergur, og — eg má ekki vera að því að telja þau öll upp. Í sumum þessum orðum er ekki lengur til nema eignarfall, t. d.: her. U-stofna orð: liður, limur, litur, síður, o. s. frv. Eg hefi áður minnst á samhljóðendastofna.

Eignarfall. Það fellur sjaldnast niður, nema vegna framburðarins, t. d. undan *ls*: Adils, Gils, frjáls, háls, o. s. frv.

Einu dæmi skal eg bæta við enn til að sýna fram á, að málið verður því óbrotnara að öllum beygingum, því meir sem það þroskast og lengra liður fram. Dæmið er eignarfornöfnin: okkarr, ykkarr, yðvarr. Hvert þessarra orða hafði í forn málinu ellifu endingar: föllin fjögur, tölurnar tvær, og kynin þrjú. Nú er hvert þeirra ekki til nema í einni mynd, óbeygilegt í öllum kynjum, tölum og föllum. Og svona eru dæmin á hverju strái. Hér er eitt: Gjafir frá mörg hundruð konum. Í forn málinu: frá mörgum hundrudum kvenna. Mörg hundruð gert óbeygilegt í nútíðarmáli. — Og annað til: Þá er allt öðru máli að gegna. Í stað: öllu öðru o. s. frv. Þriðja: *Til frú* Guðrúnar, í stað: til frúar G. Og svona gæti eg haldið dæmunum áfram í allan dag.

En hér ætla eg að hætta.

Eg hefi leitt til þess sannanir, að orð sem hlíta þessum lögum — fella niður fallendingar, að minsta kosti allar nema eignarfallið, — þau eiga á sér fullkominn málfræðislegan rétt. Þau eru í alislenszkum búningi eftir sem áður. Ef þessari reglu er fylgt, þá er ekkert annað gert en það, að lögmál, sem til er í málinu, er ekki vanrækt. Og úr því að búningurinn er alislenszkur, þá er það hverjum í lófa lagið, að láta nöfnin verða háislenszk að öðru leyti, láta orðin vera íslenszk,

merkinguna íslenzka. Það getur hver, sem vel kann að velja.

Það er ekki satt, að ættarnöfn geti ekki orðið íslenzk. Það er ekki satt, að tungan okkar sé svo ófullkomin; það er ekki annað en fátæktar-barlómur þeirra manna, sem vita ekki hvað hún er rik. Alíslenzk geta þau orðið, og eg hefi bent hér á eitt kerfi, eina reglu, sem velja má eftir. Hér eru að eins tekin upp um 40 nöfn, rétt til sýnishorns:

*Aðils Arnald Ármann Ás Ásberg Ásgarð Ásvald
Berg Blæng Bólstað Dag Dagvið Dal Dalar Dungal
Foss Gíls Godberg Gullharð Hagbarð Hamal Hamar*
Heming Hermann Hervarð Hraundal Kalman Kjarval
Kvaran Ríkharrð Sigfast Skóg Sólberg Steinar Storm
Vagn Val Valagíls Valberg Valgarð Vikar.*

Mörg af þessum orðum hafa lagt niður sum föllin.

Eg hefi meiri trú á því, að ættarnöfn þessa kerfis komist á, heldur en önnur nöfn. Eg hefi leitað vandlega í málinu, og ekki fundið neitt kerfi, sem hefir nándar nærri jafnmikla kosti og þetta. Ekkert sem er jafn-fjölbreytt eða fallett eða íslenzkt.

Og hvernig á nú að koma því á?

Eg ætlast vitanlega ekki til að þjóðkunnir menn fari nú að taka sér upp ný nöfn, og rjúfa svo nafnhelgi sína. Hitt er annað mál, að þeir fái börn sín til þess.

Eg ætlast ekki heldur til að nöfnin eigi að bíða eftir næstu kynslóð, að hún vaxi upp. Vitanlega væri sjálf-sagt, ef þau ætti að komast á, að sem flest börn yrði skirð þeim hér eftir. En það er ekki nóg. Ef ekkert meira er að gert, þá nær sonar-nafn kvenna fullri þjóðfesti hér áður en langt um liður. Og ekki þau ein. Önnur nöfn miklu lakari að öllu, — hálf-íslenzk, hálf-dönsk, en algerð ónefni — verða sveitlæg í málinu, (Loðmfjörð, Borgfjörð, Stephensen, Thoroddsen, Melsteð o. s. frv.), eins og sum þeirra eru orðin.

(*) Nafnið er til.

Nei, eg ætlast til frekari aðgerða.

Eg ætlast til að allir ungir menn, karlar og konur, þeir sem vilja að jafnrétt og hreint og tignarlegt mál, sem íslenskan er, eigi sér samböðin mannanöfn, þá tegund þjóðernis, sem einna mest ber á; — eg ætlast til að þeir allir taki sér upp falleg og alíslensk nöfn, sem gera má að ættarnöfnum.

Það verða sjálfsagt áður langt um liður valin miklu fleiri nöfn úr þessu kerfi, sem eg hefi bent hér á. Úr þeim á svo hver að geta valið, sem kann ekki nógu vel til sjálfur að fara rétt með nöfnin. Vandinn er ekki allur sá að fella niður föllin (eignarfallinu er oftast betra að halda, enda er það alstaðar gert); það verður að skeyta saman réttar rætur, hafa miskvæða frumrótina eftir því hver rötarsamstafa er höfð að endingu o. s. frv. Vafstursminst er að fá mönnum nöfnin sjálf í hendur — enda verður það gert. Það kunna ekki nema svo fáir að fara eftir reglum.

Eg tel það engum skyldara en mér, að verða fyrstur til að taka upp nafn úr þessu kerfi.

Ef kerfið kemst á, þá veit eg það er eina ráðið til að losa tunguna við ónefni, forða henni undan fleirum, og auðga hana að öðrum fegri — teknum úr fórum hennar sjálfrar.

Því vil eg feginn vinna að því, að sem flestir taki upp slík nöfn. Og eg skal byrja. Eg breyti nafninu: *Guðmundur Jónsson* í undirritað nafn. Og æski þess að verða ávalt hér eftir nefndur því heiti.

Eg veit að fleiri koma á eftir.

*

*

*

Þjóðernið er jarðvegur alls þjóðfélagsgróðrar. Það er eins og gróðurinn geti aldrei landvanist þar, sem sá jarðvegur er ófrjór. Og þar sem hann vantar, þar er samfélaginu það ofnefni, að heita þjóð.

En hitt þykir yfirburðamark hverrar þjóðar, að alt það gott, sem sáð er til í jarðvegi hennar, og komið er

frá öðrum þjóðum, geti vanist þar bæði lofti og landi: orðið þjóðlegt. Það er stundum að því ótrúlegur viðskiftaléttir.

Viðtækastan skilning á ættjarðarástinni hefir sá maður, sem fer að eins og vorið: að hann ryður burt því gamla, sem ónýtt er; hitt yngir hann upp. Og hann gerir meira. Hann veitir athygli hverjum nýjum straumi, sem veita má inn í þjóðlífð. Þetta er ljóssæknin.

Jarðvegurinn er misfrjór með þjóðunum. Og ræktunaraðferðin misjöfn. Það verður stundum að byrja á því, sem smæst er. Tina steinana ofan af.

GUÐMUNDUR KAMBAN.

Um rotþròr

(*Septic tank*).

Óhreinindi úr mannabýlum eru þrenns konar, sorp, skolp, saurindi (saur og þvag).

Á sveitaheimilum valda þessi óhreinindi litlum vand-ræðum. Sorpinu (sorpi, ösku, alls konar rusli) er safnað í haug, öskuhauginn. Skolpinu er helt í hlaðvarpað og gerlarnir í moldinni taka við því og sundra því, og grösin éta leifar þeirra. Saur og þvagi er safnað í for (hlandfor) og úr henni er borid á túnid og allir vita að þessi áburður er ágætur matur handa grasinu.


Ef bygðin eykst og mörg heimili hnappa sig saman í þorp eða stórbæi, þá vandast málið; þá geta óhreinindin safnast fyrir og valdið mestu óþægindum, rotnunarfilu og farsóttum, einkum taugaveiki.

Þess vegna er það lögskipaður siður í öllum myndar-bæjum nú á dögum, að koma burtu tafarlaust öllum óhreinindum. Sorpi er safnað í járnkistur, eina eða fleiri við hvert hús; úr þeim er hvolft í vagna, einu sinni í viku eða oftar, og ekið út úr bæjunum; þar er því brent eða blandað saman við áburð á yrkta jörð. Skolpi öllu úr húsum er veitt um holræsi neðanjarðar út úr bæjunum. Saurindum er safnað í vatnsheld ilát í salernunum og flutt í þeim út úr bæjunum jafnóðum og þau fyllast og haft til áburðar á yrkta jörð; þó er nú orðið tíðara að láta saurindin fara úr salernunum niður í holræsin saman við skolp og regnvatn og er þá vatn látið buna í skálina undir salernissetunni í hvert sinn, sem einhver hægir sér;

skolar vatnið öllum saurindunum niður um pípu, sem liggur úr salerninu niður í holræsið í götunni, sem húsið stendur við: er því salernið jafnan tárhreint og þeﬂaust (water closet).

Það er einhver hin helzta hreinletisnaúðsyn í öllum bæjum, smáum og stórum, að öllu skolpi, mannasaurindunum, skolavatni og regnvatni sé veitt í holræsum út fyrir endimörk bæjarins.

Alt þetta útrenslí samanlagt verður á við stóran læk, eða stóra á, eftir stærð bæjarins. Það eru ljótir lækir, grámórauðir, gruggugir og daunillir, fullir af alls konar rotnunarefnum og margs konar sóttkveikjum.



Í mynd:

Hvað á að verða um alt þetta óþverralega óhollusturenslí?

Þeir bæir eiga hægt um vik, sem standa við sjó fram. Þeir veita öllu skolpi í hafíð. Og lengi tekur sjórinn við.


En bæir langt frá sjó eru illa settir; ef þeir veita skolprenslinu í ár eða læki, getur af því hlotist óbærileg óhollusta fyrir þá, er neðar búa við vatnsfallið. Í Eng-landi hafa verið sett lög, er þanna bæjum að saurga vatnsföll (River Pollution Act).

Menn hafa því leitað ýmsra ráða til að hreinsa skolprensli úr bæjum. Sumstaðar hafa menn t. d. látið skolpið

renna í stórar þrór utanbæjar og sett í það ýms efni, sem eyða rotnun og botnfella óhreinindin; það er mjög dýr aðferð.

Þá hafa ýmsir bæir (t. d. Berlín) tekið það til bragðs, að kaupa stórar bújarðir í grendinni og veita skolpinu á akra og engi; þar verður það jarðvegsgerlunum og gróðrinum að bráð og kemur í áburðar stað. En þetta er einnig mjög kostnaðarsamt og verður ekki komið við alstaðar.

Það þótti því mikil nýjung, er enskur verkmeistari, Cameron að nafni, fann nýja, ágæta og ódýra aðferð til að hreinsa skolp og saurrensli úr bæjum eða einstökum




2. mynd.

húsum. Þessi nýja aðferð, það er hin svo nefnda rotþró (Septic tank).

Cameron á heima í bænum Exeter (um 50 þús. íbúar) á Suðurenglandi og er enn á lífi. Þangað hefi eg komið, og fyrsta rotþró Camerons er þar enn til sýnis. Í gestabókinni var fjöldi nafna, lækna og verkmeistarar úr öllum heimsins áttum.

Þessi gamla rotþró er eins og stórt leiði tilsýndar, grasgróinn hóll, aflangur, og upp úr honum miðjum járn-súla, og efst á henni ljósker fyrir gasljós. Innan í hólnum er stór steinþró, lokuð; í hana rennur gruggað ræsa-

skolp; það staðnæmist í þróni; og nú ber margt til í senn: Málmkorn og sandur, ef nokkuð er, sekkur til botns; korkagnir og tréflisar og þess konar dót sezt á yfirborðið; en rotnunargerlar aukast og margfaldast unnvörpum í kyrðinni og loftleysinu og sundra lifrænu efnunum (dýraleýfum og jurta) í skolpinu, svo að þau verða að ólifrænum efnum eða leysrst upp; við þessa efnasundrun kemur meðal annars gas úr skolpinu, og er eldfimt; því var ljóskerið; gasið úr rotþrónni var ljósmaturinn, og þetta auðvitað gert fremur til gamans en gagns. Ræsaskolpið er látið fara svo hægt í gegnum rotþróna, að það standi þar við heilan sólarhring. Hlemmur var á hólnum og




3. mynd.

mátti þar sjá niður í þróna; sá þar í mjög ógeðslega skán!, í henni eru korkagnir, bréfsnuddur, tréflisar, slí, ógrynni af rotnunargerlum og alstaðar loftbólur (gas). Skolpið rennur inn í annan endann á þrónni, inn undir skánina, en út um hinn endann og útrenslíð einnig undir skáninni — hún má ekki haggast. Hani var á útræsinu, svo að sýna mætti skolpið eins og það er, þegar það kemur úr þrónni. Eg sá það í gleriláti. Það var mjög svipað jökulvatni og dálitill óþefur af því.

Þetta þunna skolp úr rotþrónni er nú látið renna í aðra þró, opna og grunna, sem er full af gjalli. Loftið

og gerlarnir i gjallhrúgunni lúka hreinsuninni. Þegar skolp-
vatnið kemur út úr gjallbrónni þá er það orðið blátt og
og öldungis engin lykt af því, alveg eins og lindar-
vatn. Gjallbróna má fylla einu sinni; svo verður að



4. mynd.

hleypa úr henni og lofa henni að víðra sig um stund,
áður en nýrri fylli er hleypt í hana úr rotbrónni.

Rétt hjá þessari litlu rotpró voru aðrar stórar rotprór
og fjöldi af gjallsium, sem bærin Exeter hafði látið gera

handa sér. Úr þeim renna tærir lækir út í á, sem rennur gegn um bæinn, og er þaðan alllång leið til sjávar og byggð hvívetna fram með ánni.

Cameron hefir hugsað og smíðað haglegan útbúnað, sem beinir sjálfkrafa renslinu úr rotþrónum úr gjallsíurnar, hjerja á fætur annari, upp aftur og aftur, svo að þær fái að viðra sig á víxl.

Þetta mannvirki má hafa stórt eða lítið eftir vild, fyrir eitt hús eða heilt hverfi.

Það er ekki mjög dýrt.

Og viðhald og rekstur nemur mjög litlu, t. d. um 450 kr. á ári fyrir rotþró og siur, er hreinsa skolp úr bæjarhverfi með 5000 íbúum. Ef rotþróin er vel gerð, þarf afarsjaldan að hreinsa hana, ekki nema 2.—5. hvert ár. Gjallsíurnar þurfa ögn meiri hirðingu.

Það hefir verið margrannsakað, hvernig fer um sóttargerla, þá sem eru í ræsaskolpi, t. d. taugaveikissóttkveikjuna.

Og öllum ber saman um að urmull af þessum skaðvænu gerlum drepist í rotþrónni og síunum. Er talið öldungis hættulaust, minsta kosti fyrir skepnur, að láta hið tæra vatn úr gjallsíunum renna hvar sem er, í ár, eða læki, eða stöðuvötn.

1. myndin er af rotþró með síum við Fredensborg, sumarhöll konungs vors. 2. og 3. mynd sína líkan útbúnað (í Englandi). 4. mynd sýnir lítinn útbúnað úr stáli fyrir einstök hús; hærra ílátið er rotþróin; lægra ílátið er gjallsían og ofan á gjallinu einfaldur umbúningur, sem veldur því, að skolpið úr rotkaggnum fer í gusum niður í gjallið, svo það viðrast á milli gusanna. Þetta litla, einfalda áhald getur á hverjum sólarhring breytt þúsund pottum af daunillu, grugguðu skolpi í tært vatn og lyktarlaust. Og allur útbúnaðurinn kostar 6—700 krónur.

Hér á landi mundi þessi hreinsunaraðferð koma sér einkar vel við ýms stórhýsi, sem reist eru langt frá sjó, t. d. skólahús og sjúkrahús.

Fyrsta fullkómna rotþróin hér á landi verður líklega gerð við berklahælið á Vífilsstöðum.

Þeir sem vilja afla sér nánari vitneskju um Cameron's þrórnar geta snúið sér til Septic tank Co., Ltd., 1, Victoria St., Westminster S. W. London, eða þá líka til The Scandinavian Septic Tank Co. (System: Cameron, Commin & Martin), Frederiksholms Kanal 6. Köbenhavn K.

GUDM. BJÖRNSSON.

Ritdómar.

RAGNAR LUNDBORG: ISLANDS STAATSRECHTLICHE STELLUNG von der Freistaatszeit bis in unsere Tage. Berlin 1908.

Það hefir því miður dregist fyrir mér að geta um þessa bók, sem höf. sendi Skírni meðan eg var ritstjóri hans. Eg fekk hana of seint til þess hennar yrði getið í síðasta hefti árgangsins 1907. Efni bókarinnar hefir nú verið rakið svo rækilega í ýmsum íslenskum blöðum, að ekki er þörf á að endurtaka það hér, né heldur ýmsar smáathugasemdir, er gera mætti, t. d. um þá skoðun höf. að Íslendingar hafi í fyrstu talið sig undir dómssvaldi Haralds hárfagra (bls. 5), er hann byggir á Landnámu, um skoðun höf. á ákvæðum Gamla sáttmála um utanstefningar (bls. 23 aths.), og um aldur hins síðara sáttmálans (bls. 22), því þessi hin síðastnefndu atriði hafa nú verið athuguð í »Ríkisréttindum Íslands« miklu rækilegar en kostur er á í stuttum ritdómi.

Þessar línur verða því aðallega til að þakka höf. bókina og mega þar allir Íslendingar undir taka. Hún er rituð svo ljóst, aðalögnum málsins er raðað svo vel og miklu efni komið fyrir í svottu máli, að ánægja er að lesa.

Og það er ekki einskisvert fyrir oss einmitt nú að fá þetta rit á einni víðlesnustu tungu heimsins. Alkunnugt er að öðrum þjóðum er stjórn málasaga vor að mestu allsendis ókunn.

Og svo er annað. Þar sem tveir deila, svo sem Íslendingar og Danir, má oft gera ráð fyrir því, að skoðunarhættir á báðar hliðar verði nokkuð einræni, af því að báðir aðilar eiga hugsmuni í húfi, en þeir blinda stundum sýn. Í slíkri baráttu er því mikilsvert að vita, hvernig þeir líta á málið, sem að engu eru við það riðnir né eiga neitt undir því, hver málalokin verða. Þeir eru óvilhallir dómendur.

Það má því gleðja oss Íslendinga að herra Lundborg, sem hefir kynt sér málið svo rækilega, kemst að sömu niðurstöðu um ríkis-

rétt Íslands sem beztu menn vorir hafa haldið og halda enn fram, að Ísland sé rétti samkvæmt fullveðja ríki í konungssambandi við Danmörku.

Mælikvarðinn, sem höf. notar í þessu efni, er hinn sami sem hinn frægi ríkisréttarfræðingur Jellinek heldur fram, að fullveðja sé hvert það ríki, sem að eins er samningum bundið. Með ljósura rökum, sem að vísu hafa oft verið sett fram áður, sýnir höf., að Gamli sáttmáli sé hinn eini bindandi samningur, sem Íslendingar hafi gert við erlent vald um samband sitt við það.

Og hvernig sem reynt er að þvæla um það, með hverjum hætti sá samningur sé til orðinn, þá virðist þetta ljóst, að hvað sem leið lög hlýðni Íslendinga undir lok lýðveldisins, þá stóðu lög lýðveldisins óhögguð, nuz önnur komu í staðinn á lögformlegan hátt, og þótt Hákon konungur hinn gamli hefði fengið mikinn hluta goðorðanna í hendur, þá var landsmönnum það lögfrjálst að neita honum, um hollustu, og ekki virðist það hafa nein áhrif á gildi sáttmálans, hvort allir landsmenn gerðu hann í senn eða í mörgu lagi. Aðalatriðið er, að hann væri gerður á formlegan hátt af réttum aðilum, og því verður ekki neitað með sanni. Það er því engin furða þótt þessi sáttmáli hafi fyr og síðar verið formælendum danska valdsins þyrnir í augum, og árástnar á hann hafa snúist að því tvennu, að hártoga hvert orð hans og finna þar annað en orðin hljóða um, og hins vegar að telja mönnum trú um að sá sem treður rétt annars minni máttar undir fótum, skapi með því nýjan rétt og afmái hinn forna.

Síðasta dæmi þessa virðast mér rítlingar danska lögfræðingsins í nefndaráliti millilandanefndarinnar, sem vonandi er að verði svarað að maklegleikum og með allri þeirri virðingu fyrir »vísindunum«, sem höf. heimtar og þetta stórmál á skilið.

Oft kveður við þann tón, að vér Íslendingar séum lögstirfingar og styðjum kröfur vorar meir við fornan lagastaf en við þjóðernisrétt vörn og aðstöðu alla. Enginum skyldi taka mark á slíkum ákúrum. Að vísu ætti þjóðernisréttur vor einn sér að vera næg ástæða til þess að vér fengjum viðurkendan þann ríkisrétt, er vér krefjumst, en hinu ber ekki að gleyma, að sú þjóð, sem ætíð hefir eftir fongum haldið fram rétti sínum og aldrei afsalað sér honum, hún hefir með því sýnt eitt hið fegursta aðalsmark þjóðernisins, og hins vegar er það kotungshugsunarháttur að biðja um það sem gjöf, sem maður á að óskertum rétti sínum.

Hafi forfeður vorir aldrei afsalað sér ríkisrétti Íslands í hendur

erlends ríkis, þá er það skylda vor að láta ekki aðra setja þann blett á minningu þeirra. Það er hin minsta þökk, sem þjóðin getur goldið fyrir það að hún þarf nú ekki að sníkja sér rétt, heldur gengur að sínu. Jafnframt því sem vér styðjum kröfur vorar við þjóðernisrétt vörn, eigum vér því jafnt sem áður að sanna þann ríkisrétt, sem vér þykjumst eiga óskertan, og vér fögnum af alhug hverjum þeim liðsmanni, sem eins og herra Lundborg gengur með oss fram á vígvölliun og berst í nafni sannleiks og réttar.

G. F.

* * *

LESBÓK handa börnum og unglingum. I. **GUÐM. FINNBOGASON JÓHANNES SIGFÚSSON ÞÓRHALLUR BJARNARSON** gáfu út að tilhlutun landsstjórnarinnar. [Á kostnað »Unga Íslands« 1907].

Þetta er fyrsta bindi íslenzkrar lesbókar, sem á að verða $\frac{2}{3}$ hlutum stærri, alls 30 arkir. Á henni er hin mesta þörf. Lesbækur hefir vantað svo tilfönnanlega við íslenzkukenslu í skólum og heimahúsum, að oft hafa verið notaðar bækur, sem til þeirra hluta eru með öllu óhæfar.

Efnið í þessu bindi er fjölbreytt. Fyrirsagnir alls 96. Langmest er af kvæðum, þjóðsögum, gátum, þulum og skáldsagnaköflum, og meginþorrinn er frumsaminn. Þýddir kaflar eru samt margir, 30—40. Sýnilega hefir ríkt vakað fyrir útgefendum að vekja hlýjan hug til dýranna.

Þessi byrjun virðist vera góð og af vandvitrkni gerð. Alt er auðskilið börnum, og líklegt til þess að veita þeim skemtun jafnframt náminu. Og yfir bókinni er þjóðlegur blær. En annars auðveldara að átta sig á starfi útgefendanna við þetta bindi, þegar bókin er öll komin út, svo að yfirlit fæst yfir alt valið.

Bókin er seld í stinnri kápu og aftan á henni eru auglýsingar um blöð. Án þess að oss komi til hugar að amast við þeim blöðum, sem auglýst eru, virðist oss ekki viðkunnanlegar slíkar auglýsingar á skólabókum, sem gefnar eru út að tilhlutun landsstjórnarinnar. Og ekki minnumst vér þess að hafa séð slíkar auglýsingar fyr á neinum skólabókum, íslenzkum né útlenzkum.

* * *

ÁRBÓK HINS ÍSLENZKA FORNLEIFAFÉLAGS 1905, 1906 og 1907.

Rit þetta er að langmestu leyti verk hins ópreytaði elju og fræðimanns Brynjúlfs Jónssonar. Aðalritgjörðirnar eru

um árangurinn af rannsóknum hans og um fundnar fornleifar, sem hann lýsir. Árið 1904 hafa rannsókuirnar farið fram í Árneshöfði, 1905 á Norðurlandi (Suður-Þingeyjar, Eyjafjarðar, Skagafjarðar og Húnavatnssýslum), 1906 í Vestmanneyjum, á Þórsmörk og í Landssveit. Árið 1906 gaf félagið út, auk Árbókarinnar, Registur yfir Árbækur félagsins fyrstu tuttugu og fimm árin (1880—1904) eftir Br. J., og var þeim vitanlega mikil þörf á því, sem vilja færa sér í nyt þann fróðleik, sem í Árbókunum er saman kominn.

* * *

VETRARBRAUTIN. Tímarit til skemtunar og fróðleiks. I. hefti. [Bókaverzlun Vestra 1907—1908].

Í þessu hefti eru tvær þýddar sögur, ljóðmæli eftir Guðmund Guðmundsson og Lárus Thorarensen, nokkurar þjóðsagnir o. fl. Frá höfundu hálfu er laglega frá þessu gengið. En pappír og prentun í lélegasta lagi.

* * *

TÍMARIT FYRIR KAUPFÉLÖG OG SAMVINNUFÉLÖG. Ritstjóri: **SIGURÐUR JÓNSSON.** [Útgefandi: Sambandskaupfélag Íslands 1907—1908].

Sambandskaupfélag þetta var stofnað í lok maímán. síðastl. ár á Akureyri. Fróðleikur sá, er tímarit þess flytur, lýtur allur að kaupfélagsskapnum. Eins og við er að búast, heldur ritið fast að mönnum orðinum af þeim félagsskap. Í því sambandi getur Benedikt Jónsson þess í ritgjörð um verzlunarskýrslur, að þó að samkeppni sé orðin svo mikil í Húsavík, að 9 reki nú þá kaupmensku, sem einn gæti rekið með hægu móti, þá muni það »dálítinn hluta af Þingeyingum um 70 þús. kr., hvort þeir fela 9 kaupmönnum eða einu kaupfélagi að útvega það, er þeir þarfnast á einu ári af útlendum vörum«.

E. H.

Erlend tíðindi.

Frá Bretum. Þeir áttu á bak að sjá í vor yfirráðanda síns mikla ríkis: ædsta ráðgjafa Þjóðhöfðingja síns, fyrst frá embætti 5. apríl, og síðan af lífi 22. s. m. Það var Sir Henry Campbell-Bannerman, er verið hafði í því embætti frá því undir árslok 1905, er Arthur Balfour gafst upp, eftir einhvern hinn stórfeldasta kosningasigur, sem dæmi eru til á Englandi. Hann hafði enn geysimikinn meiri hluta á þingi, sama sem ekkert genginn saman. Hann var maður mjög frjálslundur, vitur maður og stiltur vel, og prýðilega þokkaður. Hann hafði setið á þingi 40 ár, og var á 3. ári um sjötugt, er hann lézt. Hann hafði verið þrívægis ráðgjafi hjá Gladstone, og gerðist flokksforingi framsóknarmanna 1899 eftir Sir William Harcourt.

Játvarður konungur kvaddi til eftirmanns C. B. 8. apríl Herbert Asquith, er var verzlunarmálaráðgjafi áður. Það er maður hálf-sextugur að aldri, atkvæðamaður mikill, einbeittur og fylginn sér, mælskumaður mikill, en sagður eigi jafnlipur fyrirrennara sínum. Hann hefir setið á þingi 22 ár og var innanríkisráðgjafi nokkur ár hjá Gladstone og síðan hjá Rosebery. Hann þykir vera skörungur allmikill í sínu nýja embætti. Hann kvað von bráðara upp úr um það á þingi, að Bretaveldi megi til að eiga sér ekki minni herskipastól en sem svari tveggja stórvelda annarra. Það er nauðsynlegt vegna heimalandsins, mælti hann, vegna verzlunar vorrar, vegna nýlendna vorra og vegna jafnvægis hér í álfu. Þeim er sérstaklega ant um, Bretum, að Þjóðverjar verði aldrei nema hálf-drættingar á við þá í herskipastólseign, og ráðgera að efna til 2 höfuðorrustudreka fyrir hvern 1, er Þjóðverjar hafa í smíðum.

Asquith tók með sér í hið nýja ráðuneyti marga sessunauta sína úr fyrra ráðuneytinu, en skifti um í sumum sætunum. Verzlunarmálaráðgjafi gerðist ungur stjórnmalagarpur, Vinston Churchill, rúmlega þrítugur, maður óvenju-líklegur til mikilla afreka. Hann

féll í kjördæmi sínu, Manchester, er leita skyldi þar endurkjörs-sakir hins nýja embættis, en vann frægán sigur í öðru kjördæmi, Dundee í Skotlandi. John Morley, Indlandsráðgjafi, var herraður og fluttist því upp í efri málstofu, en hélt embættinu. Sá var maður mjög lýðvaldssinnaður á yngri árum og ómetnaðargjarn. Hann er huiginn að aldri og gekst fyrir næðinu í lávarðadeildinni.

Mörg nýnæli og merk hefir hið nýja ráðuneyti með höndum. Þeirra á meðal er eitt um ellistyrk handa öllum gamalmönnum í landinu, þeim er eigi hafi þegið af sveit. Það mál hefir verið lengi á döfinni, en stjórn og þing hikað sér alt til þessa, með því að það yrði afarþung byrði á ríkissjóði, en nóg horn önnur í að lífa, þar á meðal hinn mikla herskipastólsauka, vegna þess, hve Þjóð-verjar færa sig hóflaust upp á skaftið með sinn flota. Ellistyrkurinn er ætlaður öllum sjötugum gamalmönnum, körlum og konum, þeim er eigi hefði minst 10 sh. (9 kr.) við að lífa um vikuna, 5 sh. ($4\frac{1}{2}$ kr.) á viku úr ríkissjóði, þjónum $7\frac{1}{2}$ sh. Asquith bar sjálfur upp frumvarpið. Hann ætlaði á, að 500,000 eða hálf miljónmundi njóta styrks og að hann mundi þá nema um 6 milj. pd. um árið eða nálægt 110 milj. kr. Það er mikið, en þó ekki meira en sem svarar væntanlegum tekjuafgangi eftir þ. á. fjárhagsáætlun. Þar er gert ráð fyrir 158 milj. punda tekjum og 152 milj. pd. útgjöldum. Það er sama sem 2844 og 2736 milj. kr. Hátt upp í 3000 miljónir (3,000,000,000 milj.) á ári hvort um sig.

Gripasýning mikil og glæsileg hófst í Lundúnum á krossmessu í vor og stendur fram eftir sumri. Þeir hafa lagt saman í hana, Frakkar og Bretar, en aðrar þjóðir ekki. Það á að vera til þess gert að tryggja og festa vináttumálin með þeim nágrönnum. Sýningarsvæðið geysivítt, alsett dýrlegum höllum, er hver hefir að geyma sína tegund sýnismuna, stórra og smárra. Hundrað-halla-sviðið kalla sumir það. Þar kom Fallières Frakklandsforséti, og hlaut hinar dýrlegustu fagnaðarviðtökur af Játvarði konungi og höfðingja-lýð landsins.

Skömmu síðar, eða um fardagaleytið, áttu þeir málfund með sér, Játvarður konungur og Nikulás Rússakeisari. Þeir höfðu hann í Rigaflóa, fram undan Reval. Það þykir ekki hættulaust á landi fyrir flugumönnum. Skemtiskipin, sem þeir voru á, þessir hinir einna voldugustu þjóðhöfðingjar í heimi, voru látnir leggjast ekki nær landi en sem svarar fullri viku sjávar. Ekki er það látið berast út, hvað þeir ræddust við. Enda engum blöðum um það að fletta, að allar huíga slíkar viðræður þjóðhöfðingja nú á tímum að

eyða öllu sundurlyndi og öllum ófriðarvísi um álfu vora og þá raunar um heim allan. Játvarður konungur þykir vera mesti afreksmaður um þá hluti allra þjóðhöfðingja um vora daga. Þjóðverjum þykir meira en nóg um það. Þeim er farið verða ekki um sel, með því að þeir líta svo á, að til þess séu refarnir skornir hvað helzt, að einangra þá og láta þá mega hreyfa hvergi legg né lið, sem væri þeir vargar í véum og höfuðófriðarseggir heims. En þeir segjast ekki eiga það ámæli skilið, heldur fullyrða þeir, að eigi sé þeim miður ant um allsherjarsfrið en Bretum og þeirra bandamönnum. Það mun og satt vera. Vígbúnaður þeirra sem hinna stórveldanna er til þess gerður, að vera hvergi varbúnir, ef það voða-ólau bæri að höndum, að höfuðríkjum heims lenti saman í hernaði, en eigi hins, að friðurinn sé þeim ekki kærstur öllum saman, með því að aldrei hefir ófriður ægilegri verið en um vora daga, er vígbúnaður er stórum fullkomnari orðinu en gerst hefir frá því er heimur bygðist og sjálfsagðar hörmungar af vopnaburði stórvelda þeirra í milli stórfeuglegri en orðum verði að komið eða nokkur maður fai gert sér í hugarlund.

Það var áður löngu nokkuð, eða rétt um sumarmálin, er sáttmáli komst á með ríkjum þeim, er lönd eiga að Eystrasalti og að Englandshafi, um, að þar skyldi engu mega haggja um ítök og hlunnindi af sjó hvers þeirra ríkja um sig né frjálsar ferðir um þau höf, hvað sem að höndum bæri. Alt átti það og að vera gert til friðar og griða um aldur og æfi.

Enn allmiklar óeirðir á Indlandi, einkum í útnorðurlálfum landsins, nær landamærum Afghanistan, og hefir Bretum lent þar í skærum við Afghana.

Af Þjóðverjum er það helzt að fréttu, að þar hafðist fram á þingi í vor fundafrelsisnýmæli stjórnarinnar, með litlum atkvædamun, með þeim ófrelsisfyrirmælum, að hvergi megi um alt ríkið mæla nema á þýzka tungu á almennum mannfundum; þó mega yfirvöld þiggja menn undan því, ef brýna nauðsyn ber til. Annarlegir þjóðflokkar búast þó við, að sú linkind komi þeim að litlu haldi.

Maximilian Harden hefir fengið réttung síns máls í hæstarétti, og böndin borist það fast að einum andstæðing hans, Eulenburg fursta, að honum var snarað í gæzluvarðhald fyrir meinsærigrun í saurlífisaðdróttunarmáli því, er þeir áttu í snemma vetrar, Moltkegreifi og M.-H.

Enn eru töluverðar skærur með Þjóðverjum í Afríku útsunnaverðri og nágrönnum þeirra þar, Hottentottum. Þjóðverjar borið efra skjöld nýlega.

Fr á Danmök u. Þar sleit loks þingi 23. f. mán. við lítinn orðstír, þótti framfarumönnum, en stjórnarliðar stórum hróðugir yfir mikils háttar nýmælum, er þeir höfðu loks fram á þingi, eftir langt þóf og leikseigt. Þeirra stærst eru ný réttarfarslög, í meira en 1000 greinum, fyrirheitin í grundvallarlögum Dana 1849, en vanefndir á því alt til þessa. Frjálslyndari þingflokknum finst þau vera kák, með því að stjórnin gerði það til miðlunar við landsþingið, að hverfa frá ýmsum fyrirhuguðum fyrirmælum, er höfðingjarnir risu öndverðir í móti, svo sem er fullur aðskilnaður dómssvalds og umboðsstjórnar, kvíðdómaskipun án manngreinarálits eða stéttamunar m. fl. Tolla- lög fengust og endurskoðuð á þessu þingi, eftir langa mæðu, en brengluð öll og aflöguð í meðferð frá því sem til var ætlast. Loks sveitarstjórnarlög ný, sem líkt má um segja. Með hróplegu flokks- ofstæki tókst að bægja frá Alberti öllum háska af rannsóku gerða hans í þingnefnd; með því varð l atkv. fram yfir helming í fólks- þinginu.

Danir mistu 24. apríl mikinn ágætismann, þar sem var Poul la Cour prófessor í Askov, 67 ára. Og 13. maí lézt Joseph Mic- haelsen póstmeistari, 82 ára, sá er var upphafsmaður allsherjarpóst- sambandsins heimsvíða með sama burðareyri um öll lönd. Þá dó 6. apríl fjármálaráðgjafi þeirra Vilh. Lassen, atkvæðamaður og gáfu- maður mikill, rúml. hálfimtugur.

Miklar skærur með Persakonungi og löggjafarþingi hans. Hann lét skjóta á þinghúsið nýlega. Stundum fer hann huldu höfði.

Veginn var 28. apríl landshöfðingi Austurríkiskeisara í Galizíu, Potocki greifi.

Borgarbruni varð mikill í Ameríku 13. apríl, brann 4. hluti útborgar þeirrar við Boston, er nefnist Chelsea.

Vistaskifti.

Nokkurir smápættir eftir

EINAR HJÖRLEIFSSON.

I.

Eg var á Skarði síðari helminginn af fyrsta áratug æfinnar.

Að þeim áratug hálfnuðum, hafði faðir minn farið í sjóinn. Og með honum höfðu farið í sjóinn öll úrræðin, önnur en sveitin.

Nú hafði eg verið á Skarði fjögur ár, og þrem til fjórum mánuðum betur.

Eg var úti á hlaði og var að berja fisk. Eg óskaði þess, að guð vildi einhvern veginn sjá um það, að sleggjan yrði helmingi léttari, og að fiskasteinninn yrði helmingi lægri. . . . Og helzt, að hann gæti gert veröldina einhvern veginn alt öðru vísi. . . .

Það var lostætur, yndislegur freðfiskur, sem eg var að berja. Eg horfði með fagnaðar-skelfingu á hvern molann, sem úr honum muldist undan höggunum. Vissi ekki, nema eg kynni sjálfur að fá högg fyrir hvern molann.

— En upp í mig skulu þeir samt, sagði eg við sjálfan mig.

Eg leit til bæjardyranna, hvort enginn væri að koma út.

Og upp í mig fóru molarnir.

Mér varð litið ofan á grundirnar fyrir framan og neðan bæinn. Þar var maður á reið. Eg sá, að það var hann Jón, að koma. Eg þekti þann bleikskjóttu — hvern-

ig hann reis upp í fangið og valhoppaði og tók svo sprettinn, eins og fugl flygi.

Mér lá við að kenna í brjósti um Jón. Nú átti hann bráðum að fara af baki Bleikskjóna. . . . Og koma heim . . . til hennar Þorgerðar! . . .

Aldrei skyldi eg koma heim til hennar Þorgerðar, ef eg væri fullorðinn og húsbóndi og maðurinn hennar. Aldrei á æfi minni. Eg skyldi alt af vera í ferðalögum á þeim bleikskjóttu. Eg skyldi aldrei láta hana vita, hvar eg væri, svo að hún gæti aldrei náð til mín.

Mér óx þróttur inni í þessum skýjaborgum. Eg barði fiskinn rösklegar en áður. Samt fann eg til verkjanna í handleggjunum og bakinu innan um draumana.

Aftar varð mér lítið fram eftir og ofan fyrir túnið. Jón vaggadist nokkuð til á hestinum. Og stundarkorn hallaðist hann út á vinstri hliðina, stundarkorn út á hægri. Og Bleikskjóni hallaðist til líka. Það gerði hann æfinlega, þegar svona var ástatt um eigandann.

Þá fór heldur að hýrna yfir mér.

Eg vissi, hvernig á þessu ruggi stóð og þessum hallanda á þeim Jóni og Bleikskjóna.

Þegar Jón var drukkinn, var hann æfinlega góður við mig, en vondur við Þorgerði. Ódrukkinn var hann aldrei góður við neinn. Og ekkert vonður heldur.

Jón tók harðan hlaðsprett. Gufumökkurinn stóð fram úr nösunum á Bleikskjóna. Og svitinn var eins og kápa utan á honum.

Jón fór af baki. Eg sá, að hann var dálítið valtur á fótunum. Samt kunní hann auðsjáanlega vel við sig og veröldina. Mér fanst eins og eyrun á honum vera brosandí — hvað þá munnurinn og augun.

Hann stóð kyr, hætti að brosa, lagði undir flatt, hvesti augun á fiskinn, sem eg var að berja, og hafði langt á milli fótanna á sér, eins og sjómenn í öldugangi.

Eg herti mig að berja.

-- Geturðu sprett af honum Bleikskjóna, greyið mitt?

Eg lét sleggjuna falla á steininn, en horfði á fiskinn vandræðalega. Þorgerður hafði bannað mér að fara frá steininum, fyr en eg hefði lokið barningunni. Eg vissi ekki, hvoru þeirra eg ætti að hlýða.

— Kærðu þig ekkert um bölvaðan fiskinn.

— Ertu að bölva matnum, Jón?

Þorgerður var þá komin að baki honum, að báðum okkur óvörum.

Við hrukkum við.

— Ekki er furða, þó að óblessun sé í búinu þínu, þegar þú ert að bölva guðs gjöfum! Það er sama sem að bölva guði!

Hún var álika sveitt eins og Bleikskjóni. Eg fann guðhræðslu-vandlætninguna boga af henni með svitanum. Hún var æfinlega sveitt. Og æfinlega guðhrædd. Á þeim árum hugsaði eg mér guðhræðsluna æfinlega með svitalykt.

Jón rétti úr sér eftir viðbragðið. Hann stóð enn gleiðara en áður, hvesti augun á Þorgerði og sagði hryssingslega:

— Er guð þá harðfiskur?

Þorgerður var um stund orðlaus.

Hún þurkaði svitann framan úr sér með svuntunni sinni, meðan hún var að hugsa sig um.

Jón horfði á hana siguraugum.

— Já, halt þú bara áfram að guðlasta, sagði hún þá . . . það mun verða affarabezt!

— Sprettu af honum Bleikskjóna, Steini minn, sagði Jón blíðlega.

— Hann á að berja fiskinn.

Þorgerður var einbeitt í rómnum.

— Hann verður drepinn, sagði Jón.

— Drepinn? sagði Þorgerður. . . . Hver? . . . Fiskurinn?

Þá spurningu virti Jón ekki svars. Hann fór sjálfur að sprettu af hestinum, og fleygði hnakknum geðvonzkulega á stéttina fyrir framan bæjarþilin. Þorgerður

horfði á hann; athugaði vandlega ruggið, sem á honum var; en sýnilega ekki með sem mestri góðgirni.

Þá gekk Jón að fiskasteininum og horfði á mig stundarkorn.

— Þú verður drepinn, greyið, sagði hann því næst. . . . Mjög bráðlega drepinn.

Mér þótti það ekki sem vænlegasta horfur, og fór að skæla. En eg hélt áfram að berja fiskinn.

— Ætli hann verði ekki drepinn þó!?! sagði Þorgerður. . . . Hver ætli vinni á honum?

— Þú, sagði Jón.

Hann hnykti á orðinu og setti rykk á sjálfan sig, svo að hann var nærri því dottinn.

Og færði sig nær Þorgerði.

— Fallet er nú talið! . . . Viltu ekki reyna að standa? . . . Hvar hefirðu komið?

— Að Stað.

— Að Stað? Ekki hefirðu fengið brennivín þar . . . hjá prestinum.

— Brennivín? . . . þar? . . . þurfti þess ekki, kelli mín. Fekk það hjá sjálfum mér.

Hann tók pelaglas upp úr brjóstvasanum á treyjunni sinni, tók úr því tappann, hrækti og drakk gúlsopa sinn úr pelanum.

— Fekk a n n a ð hjá prestinum. . . . Nokkuð handa þér.

— Handa mér?

Þorgerði fór sýnilega að þykja nokkurs um vert.

Jón færði sig aftur frá henni og að fiskasteininum. Hann fór aftur að horfa á mig, strauk dökkrauðan skeggkragann á kjálkabörðunum og gerði sig blíðan í málrómnum.

— Það vita fleiri en eg, að þú verður drepinn, greyið.

— Vertu ekki að þessum bölvuðum þvættingi, Jón.

Þorgerður stakk höndunum í síðurnar, og setti fram kviðinn og herðarnar aftur á bak. Málrómurinn varð þýðari og augnaráðið líka:

— Hvað fekstu þá handa mér?

— Þetta, sem eg sagði.

Þorgerður horfði á hann eins og tröll á heiðríkju.

— Hann veit það.

— Hver veit hvað?

— Presturinn.

— Veit hvað?

— Að hann verður drepinn.

Þorgerður var dökk í framan af blóðmagni og svita. Nú varð hún samt enn dökkari.

En hún sagði ekkert.

— Hann heimtar, að Steini komi til kirkjunnar á sunnudaginn, sagði Jón.

— Hver heimtar það?

— Presturinn.

— Hvað á strákurinn að gera til kirkju? Sér eru nú hver bölvuð láatalætin! Hvað ætli hann skilji í guðs orði? Hvað ætli hann skilji í líknarráðstöfunum guðs mönnunum til sáluhjálpar? . . . Mér þykir gott, ef þú skilur nokkuð í þeim.

— Og það er nú lítið. . . . Jón hrækti og saup aftur á pelanum. . . . En hann fer nú. Hann skal fara. Eg hefi lofað prestinum því. Hann skal.

Jón var orðinn engu minna drukkinn af hugrekki og karlmensku en af brennivíni.

Hann þreif af mér sleggjuna og fór að berja fiskinn, rak á hann rokna-högg og sagði við hvert þeirra:

— Hann skal!

— Hverju á hann að ríða? sagði Þorgerður og var undanhald í rómnum. Nú ætla svo margir til kirkju á sunnudaginn. Og eg veit ekki til þess, að nein drógin sé þá eftir handa honum.

— Það varðar mig ekkert um. Hann skal!

Og höggin dundu á fiskinum.

— Og í hverju á hann að vera?

— Líklegast í fótunum, sem þú hefir gefið honum. . . . Ætli það hafi . . . staðið á . . . líknar . . . ráðstöfunum hjá þér?

— Ætlarðu að gera fiskinn alveg ónýtan, maður?

Molarnir fuku út í allar áttir. Og roðið var að verða að einum stórum skalla.

Þorgerður tók fiskana — jafnt þá, sem barðir höfðu verið, og hina, sem enn voru óbarðir — og stakk þeim undir handlegg sér.

— Farðu nú að smala, Steini, sagði hún. Og þú manst það, að vanti þig af ánum, þá fær þú engan mat, fyr en þú ert búinn að finna þær allar . . . þó að það verði ekki fyr en að ári um þetta leyti.

Hún hélt inn í bæinn með fiskana

Jón fór á eftir henni og hélt á roðinu og nokkurum fisktætlum, sem við það héngu. Þær hrundu smámsaman niður . . . Jón vingsaði roðinu svo hart.

— Hann skal til kirkjunnar. Ekki víst, að þér þyki betra að presturinn . . .

Meira heyrði eg ekki. Jón var kominn inn í bæ.

Eg tindi upp fiskmolana, svo vel og lengi sem eg þorði. Þá ráfadi eg af stað í smalamenskuna, og hugsaði um kirkjuferð næsta sunnudag . . . og um að fá ekki mat fyr en að ári um þetta leyti . . . og um að verða drepinn. . . .

Og eg grét. . . . Og hugsaði um, að ilt væri að vera niðursetningur hjá Þorgerði.

II.

Daginn eftir varð það bersýnilegt, að Jón hafði unnið sigur. Ekki sagði hann samt neitt við mig. Ódrukkinn var hann jafnan fámáll. En Þorgerður sagði mér, að gæti eg útvegað mér hest, og fót til þess að vera í, þá skyldi eg fá að fara til kirkjunnar með þeim á morgun.

Eg spurði, hver ætti að smala og reka ærnar. Eg vissi, að fólkið fór æfinlega af stað til kirkjunnar meðan verið var að mjólka, og kom ekki aftur fyr en eg var farinn að smala síðdegis.

Þorgerður sagði, að auðvitað ætti eg að smala að morgninum.

Þá var eins og henni fyndist lítilmótlegt að vera að ræða um þetta við mig. Mig varðaði ekkert um það. Eg mundi líklegast seint sjá um stjórn þar á heimilinu.

Eg fann þungan og kaldan gust af henni. Og meðan hún var hjá mér, fanst mér, að þetta mundi ekki verða neitt gaman. En þegar eg var kominn frá augunum á henni, birti yfir sál minni, og mér fanst þetta mundi verða óumræðilegur fögnuður.

Eg var ekkert hræddur um, að mér yrði skotaskuld úr því að fá reiðskjótann. Eg gekk að honum visum hjá Þórði gamla í Vik. Hann var reyndar ekkert árennilegur öðrum. Allir krakkar voru dauðhræddir við hann. Hann varð svo ofsareður, þegar minst vonum varði. Og Þorgerður hefði ekki átt mikið erindi til hans um neinn greiða. Það vissi eg vel. En mér stóð enginn ótti af honum. Eg hafði einu sinni í smalamensku náð þeirri blesóttu hans, þegar hún var að strjúka fram á heidar. Blesa var listaskepna, og Þórður unni henni mikið. Eg vissi það, að þessu hafði hann aldrei gleymt mér. Hann gleymdi aldrei neinu. Og hann hafði sagt mér, að lægi mér á, að hann gerði einhvern tíma bón mína, þá skyldi eg láta sig vita. . . . En það var nú samt hræðilegt, ef hann skyldi verða vondur.

Eg spurði, hvort eg mætti skjótast fram að Vik — túnin á Skarði og í Vik lágu saman. Það var mér leyft. Eg hljóp mig sprengmóðan.

Eg hitti Þórð í smiðjunni. Hann var í meira lagi risalegur. Mér fanst úlfgrár hausinn á honum ná upp í smiðjurjáfur, meðan hann stóð uppréttur og blés. Og kola-
hrimið framan í honum gerði hann ægilegan, einkum baugar neðan við augun.

Hann tók rauðglóandi járníð úr eldinum og smiðaði hestskónagla. Hann sagði ekkert enn, og eg þorði ekkert að segja. Eg settist á smiðjuþröskuldinn og glápti á hann með undrun og addáun. Naglarnir hrundu jafnóðum af

steðjanum niður á gólfíð. Og eg kiptist hvað eftir annað við af hugsuninni um það, ef þeir hefðu nú lent á mér svona logandi heitir En hvað hendurnar á honum voru sterklegar og berir handleggirnir! Ef eg hefði aðrar eins hendur og aðra eins handleggi, þá skyldi Þorgerður ekki skipa mér mikið, né berja mig! Þá skyldi hún vara sig á mér! . . . Eg leit framan í hann. Og mér fanst nefið á honum vera eins og fjallgarður, og kinnbeinin eins og hnjúkar, og augabrúnirnar eins og hellisskútarnir uppi í skarðinu. Þar inni, hafði Þorgerður sagt mér, að ýmislegt ægilegt væri á ferðum, sem mundi hafa lyst á mér, ef eg væri svikull og óþekkur — eins og eg væri nú venjulega Nei, nei! . . . Þórður var góður maður, og eg ætlaði ekkert að vera hræddur . . . og eg ætlaði að biðja hann um hestinn . . . ef eg bara vissi, hvort það væri til nokkurs, og hvort hann mundi ekki verða vondur.

Hann stakk járninu inn í eldinn og blés.

— Hvað er þér á höndum, Steini minn?

Mér varð bylt við. Nú var komið að því.

— Eg á að fá að fara til kirkjunnar.

Lengra komst eg ekki. Og eg vissi varla af mér.

— Nú? Þú átt að fá að fara til kirkjunnar? Það munar ekki um það! Mér þykir Þorgerður ætla að fara að sjá sálarheill þinni borgið! Hver veit nema líkamsheillin komi á eftir? Heyrðu . . . á hverju ætlar heiðursmaddaman að láta þig sitja?

— Eg hefi engan hestinn.

— Nú, þú hefir engan hestinn! Átti eg ekki á von! Hefir engan hestinn, ræfillinn? Hestur hefir orðið of mikið fyrir rausnarkvendið. Ætli maður láti þig ganga? Eg held ekki. Hvernig lizt þér á þá blesóttu? Eg held þú eigir fyrir því að fá að sitja á henni einu sinni. Hún sligast ekki undir þér.

Hann leit á mig. Og eg sá á augnaráðinu, að hann var að hugsa um, að eg væri ekki neinn jötun.

— En heyrðu . . þú munt hafa eitthvað bærilegt að vera í? Hvað er um að tala? Eg spyr nú ekki að rausnar-maddömunni. Geta má nærri, að hún ætla þér ekki að fara í skrudanum þeim arna til kirkjunnar!

Hann leit út undan sér á stóra glompu á boðungnum á úlpunni minni.

— Eg átti líka að útvega mér föt.

Þórður rak upp stórkarlalegan hlátur.

— Þú áttir líka að útvega þér föt? Og gæða-blóðið! Og sér er nú hver rausnaráman líka! Áttir líka að útvega þér föt! . . . Ætli þú fáir ekki sparifötin hans Sigga míns? Þú munt komast í þau, þó að hann sé yngri. Ætli eg sendi þér þau ekki í fyrramálið með þeirri blesóttu? Þú munt eiga að smala á undan kirkjuferðinni? . . . Já mig grunaði það . . . svo að þú hefir ekki mikinn tíma til að snúast í því að sækja reiðskjótann og spjarirnar.

Eg stóð upp af þröskuldinum og rétti Þórði höndina.

— Þakka þér fyrir, sagði eg.

Eg var svo gagntekinn af þakklæti, að eg þorði ekki að líta upp.

— Ekkert að þakka, Steini minn.

Málrómurinn var alt í einu orðinn svo góðlegur, að eg fór að gráta, og flýtti mér út — hafði ekki rænu á að kveðja hann.

Þórður stakk höfðinu út um dyrnar og kallaði á eftir mér:

— Heilsaðu rausnar-gæða-sóma-kveidis maddömunni frá mér, og skilaðu til hennar, að mig furði á því, að guðhræðslan skuli ekki vera svo þykk og haldgóð, að búa meg til úr henni sémilega leppa utan á ekki stærri bók . . . Ónei, annars . . . það er bezt, að þú skilir ekki neinu. Hún kann að berja þig. Hver veit, nema eg stingi einhverju að henni sjálfur við tækifæri? Hún leikur sér aldrei lengi að því að berja mig!

Og Þórður hló við.

III.

Mér varð ekki svefnsamt um nóttina.

Að hugsa sér að eiga að ríða þeirri blesóttu alla leið að Stað í fалlegum fötum! . . . Hvernig átti eg að geta hugsað um annað, eða sofið? . . . Það var langt að Stað, afarlangt. Eg vissi, að Skarð var yzti bærinn í sókninni, og Staður innarlega í henni. Eg mundi ekki eftir, að eg hefði heyrt getið um, að neinn færi lengra en að Stað. Nema í göngur. Og það gat eg ekki farið. Það gátu engir aðrir en fullorðnir karlmenn. Staður var nærri því á enda veraldarinnar. Og þar hlaut að vera ákaflega undarlega fallett. Eg sá á hverjum degi fjallið fyrir ofan Stað. Það var fagurblátt. Eitthvað annað en fjallið uppi yfir Skarði.

Verst var, að Þorgerður ætlaði að vera með í ferðinni. Eg mundi ekki eftir neinu, sem hafði verið gaman, þegar hún var viðstödd. Mér hafði oft þótt gaman að koma út á engjarnar, þegar eg hafði verið sendur þangað. En þegar hún var að sveitast þar, hafði eg æfinlega orðið fyrir skömmum.

En það gat samt verið, að þetta yrði ósköp mikið gaman Það hlaut að verða gaman Eg var ekki í neinum vafa um, að það yrði gaman.

Eg ætlaði stundum að verða á eftir einn. Þá ætlaði eg að ná fólkinu á logandi hörðum spretti og þeytast fram úr því eins og eldibrandur Hvort það yrði gaman!

Eg bylti mér í rúminu. Mér fanst rúmið svo hnúttótt og hart. Eg hafði ekki tekið mikið eftir því áður. Og mér fundust vaðmálsrekkjódírnar svo snarpar. Eg hafði ekki heldur fundið mikið til þess. Fólkið hraut alt í kringum mig. Hvernig gat það sofið svona eins og steinar á undan öðrum eins degi? . . . Og hvernig stóð á því, að sú blesótta var öll orðin skjótt, og Bleikskjóni var allur orðinn hvítur, og Þorgerður var orðin að skjöldótttri kú með stórum hornum . . . ?

Nei, nú var eg farinn að hugsa vitleysu.

Og að lokum hugsaði eg ekki meira.

Eg var vakinn stundu fyrir miðjan morgun til þess að smala. Mér fanst eg nýsofnaður. En á fætur fór eg. Og svefninn rjátlaðist bráðlega af mér í góðviðrinu. Sólin var nýkomin upp af eystri dalsbrúninni. Dalalæðan var farin úr sýnilegum heimi, nema hvað einstöku þoku-hnoðrar voru að þvælast í ráðaleysi fram með ánni, og vissu ekki, hvað þeir áttu af sér að gera í allri þessari sól, þangað til þeir leystust héðan. Og hvert strá í dalnum glóði af grátfögnuði.

Þegar eg kom heim með ærnar, stóð sú blesóttá á hlaðinu með reiðtygjum innan um aðra hesta. Og mér var sagt, að fót væru komin handa mér, og að eg yrði að flýta mér, því að fólkíð ætlaði að fara að fara.

Eg hefi vist aldrei haft fataskifti gládari. Mér höfðu verið send ný nærföt, auk heldur annað. Eg man það, að mest þótti mér vert um hvíta lérefstsskyrtu, sem eg átti að fara í utan yfir vaðmálsskyrtuna. Mér fanst eg vera eins og konungsson, þegar eg var kominn í allan skrudann. Samt þorði eg ekki að lita framan í neinn. Eg bjóst við, að öllum mundi þykja það hlægilegt, að eg skyldi vera kominn í falleg fót.

Bráðlega var lagt af stað. Eg varð á eftir hinum á hlaðinu af ásettu ráði, sló í þá blesóttu og fór á flugferð fram túnið, og komst langt fram úr hinum á svipstundu.

Þorgerður kallaði til mín:

— Veiztu ekki, að þú átt að taka ofan og lesa faðirvor, þegar þú ert að leggja af stað til kirkjunnar? . . . Faðirvor kantu, þó að þú sért auli. Þú kunnir það, þegar þú komst hingað Og svo áttu að biðja guð um, að kirkjuferðin verði þér til blessunar og sáluhjálp. Þó að eg geri nú ráð fyrir, að það verði til litils.

Og Þorgerður stundi við — af syndum mínum og óguðleik, skildist mér.

Eg tók þá eftir því, að allir karlmennirnir voru berhöfðadir og fóru fót fyrir fót. Og eg tók ofan, eins og

aðrir, og beið þess, að þeir settu upp höfuðfötin, og að eg mætti fara að láta þá blesóttu spretta aftur úr spori.

Eg gerði það líka svikalaust, að bænagerðinni lokinni. Eg spriklaði öllum öngum. Blesa fann, að nú var ætlast til þess, að hún drægi ekki af sér. Eg kom varla auga á þúfurnar fram með götunum. Og samt var Blesa mjúk, eins og rúmið hjónanna. Fram undan var Staðarfjallið, himinhátt og fagurblátt. Eg gleymdi öllu nema fögnuðinum — Þorgerði líka —

Þangað til hún kallaði til mín aftur.

— Hvað ertu að glenna þig þetta, strákur, á undan öllum öðrum, eins og þú sért vitlaus? Ætlarðu að sprengja skepnuna? . . . Heyrðu, Jón . . . hvers vegna læturðu strákinna vera að darka á þessu gæða-hrossi?

— Honum var lánuð hún, sagði Jón.

— Finst þér ekki nær, að eg sæti á henni?

— Jú-ú-hú, sagði Jón.

Og innan skamms var farið af baki. Þá voru höfð margvisleg hestaskifti. Söðull Þorgerðar var fluttur á þá blesóttu. Og hnakkurinn minn var látinn á lakasta áburð-arjálkinn á bænum.

Nú þeysti eg ekki lengur á undan. Mér fanst jálkurinn ætla að kljúfa mig við hvert spor, ef hann fór nokkuð greitt.

Sigga vinnukona var líka illa riðandi, og við urðum á eftir.

— Liggur illa á þér, Steini? . . . Hvað er þetta? Ertu að gráta? . . . Eg fekk dálítið af sykri í sumar úr kaupstaðnum. Eg er hérna með mola. . . . Hana, veslingur!

— Eg hefi ekki lyst á því.

— Hvaða fádæma ósköp hlýturðu þá að vera reiður, sagði Sigga.

Eg lagði í jálkinn, til þess að komast frá henni, og grét hátt. Hugurinn var fullur af vonzkublandinni magnleysis meðvitund.

Staðarfjallið var ekki blátt, þegar eg kom að því — ekki annað en svartir klettur og gráar skriður — svo

að eg varð alveg steinhissa. Samt lá við, að mér færi að þykja gaman.

Messufólkið var svo margt. Eg hafði aldrei séð svo marga menn. Á grundunum fyrir utan Stað lenti eg í þvögu frá mörgum bæjum. Allir riðu ! loftinu. Ungafólkið hló. Og hláturinn seitlaðist inn í hug minn. Eg hirti ekki um það, hvað jálkurinn var illgengur, keyrði hann áfram með hælunum og svipunni og rykti í taumana og skók mig allan. En eg varaðist að lita þangað, sem sú blesótta rann áfram eins og fugl.

Menn fóru af baki við réttina fyrir neðan túnið, og létu hestana þar inn. Bændur heilsuðust, snýttu sér, tóku upp ponturnar, tóku úr þeim tappann, slógu honum í pontuhliðina, tóku í nefið, buðu hver öðrum í nefið, og töluðu um, að ekki væri nú tíðin amaleg, en að það kæmi ekki fyrir, að þetta veður héldist lengi; gátu bezt trúað því, að það breyttist núna með kvöldinu; hann væri farinn að verða nokkuð korgaður til hafsins. Litlir strákar voru á svipstundu komnir saman í hnapp, horfðu fyrst niður fyrir sig hátiðlegir og feimnir, fóru þá að athuga hnappana og brjósthlífarnar hver á öðrum, og voru, áður en nokkurn varði, farnir að hrinda hver öðrum og komnir í vonzku. Mæðurnar skildu þá, og hristu þá um leið, og sögðu, að fallett væri erindið, sem þeir ættu til kirkjunnar. Kvenfólkið var í annriki við að komast úr reiðfötunum og hrista pilsin úr brotum og ná sjölnum upp úr töskum og pinklum. Og áræðnir ungir piltar vildu eitthvað hjálpa ungu stúlkunum. Og stúlkurnar sögðust ekki þurfa þess og hlógu. Og piltarnir hjálpuðu þeim samt.

Eg stóð utan við og horfði hugfanginn á alt þetta fjör.

Þá kom Þorgerður til mín.

— Hvað er að sjá þig, strákur! Hvers vegna ertu svona kámugur í framan, eins og bildótt kind? Alténdertu sami ódrátturinn! Þú hefir þó ekki verið að skæla

rétt einu sinni? . . . Farðu nú undir eins og skolaðu fram-
an úr þér þarna í læknum.

Eg lagði af stað til lækjarins. Um leið tók eg eftir því, að nærri okkur stóð roskin kona, fólleit og grannleit og hávaxin, með dókt sjal. Eg þóttist sjá, að hún hefði hlustað á það, sem Þorgerður hafði sagt. Hún gekk á eftir mér að læknum og settist niður á bakkanum.

— Áttú heima á Skarði? sagði hún.

Eg játaði því.

— Þú munt vera tókubarn.

— Eg er á sveitinni.

— Hvað ertu gamall?

Eg leysti úr þeirri spurningu. Og hún var hugsí ofurlitla stund.

— Nú væri Óli minn á hans aldri, ef hann væri enn á lífi, sagði hún því næst við sjálfa sig.

Eg vissi ekki eftir á, hvornig það atvikaðist. En á svipstundu hafði hún teygt út úr mér, hver ætti fötin, sem eg var í, og hvornig farið hefði um þá blesóttu, og eg man ekki hvað fleira. Mér fanst svo mikil ástúd í rómnum og augnaráðið svo þýðlegt, að eg var eins og heillaður.

Þorgerður kom til okkar. Hún heilsaði konunni með miklum vinalátum, faðmaði hana og kysti hana marga kossa, þakkaði henni fyrir síðast og lék á als oddi. Hin konan tók öllu kurteislega, en fremur fálátlega, fanst mér.

— Svo þú hefir fengið eitt af börnum Gríms sáluga á Grund, sagði hún.

— Jú-jú!

— Þetta er falletgur drengur.

— Finst þér það? . . . Mig langar til að ala hann upp í guðsóttu og góðum síðum. En eg er hrædd um, að það ætli að ganga örðugt.

Konan svaraði því andvarpi engu. Og nú var farið að hringja. Konan gekk frá okkur til bónda síns, og þau lögðu af stað heim túnið, upp að kirkjunni.

Þorgerður þreif í handlegginn á mér, nokkuð fast.

— Hvað var hún Ragnhildur í Dal að veiða upp úr þér?

Eg þagði.

— Hvað var hún Ragnhildur að veiða upp úr þér? sagði hún, byrstari en áður, og kreisti handlegginn.

Eg þagði.

— Ætlarðu ekki að svara mér?

Og hún kreisti handlegginn svo fast, að eg fann tárin í augunum á mér.

En eg ætlaði ekki að svara henni. Ekki, þó að hún dræpi mig. Og ef hún dræpi mig, ætlaði eg að ganga aftur og hengja hana.

— Aldrei hefir maður af þér annað en áhyggjur og mæðu.

Hún slepti handleggnum á mér og hélt upp til kirkjunnar.

Eg stóð eftir og fór að nudda augun. Þá mintist eg þess, að eg mundi verða að þvo mér aftur, ef eg ætti ekki að verða bildóttur aftur. Að þeirri laugun lokinni, fór eg, eins og aðrir, upp til kirkjunnar. Söngurinn kvað við inni. Eg staðnæmdist við dyrnar, þorði ekki að ljúka hurðinni upp. En mér vildi það til, að menn bar þar að, sem nú fyrst voru að fara inn. Eg sigldi í kjölfari þeirra inn úr dyrunum. Eg sá illa búinn mannræfil í krókbekknunum. Hjá honum fanst mér árennilegast að setjast.

Eg horfði fyrst með undrun á prestinn í messuskrúðanum og Kristmyndina uppi yfir altarinu. . . . Þá horfði eg á þá blesóttu fara á kostum undir Þorgerði. Og innan skamms var eg sjálfur kominn á bak fyrir aftan hana, og fleygði henni langar leiðir úr söðlinum. Og hún lá á jörðunni og kallaði til mín. En Blesa bar mig áfram, áfram, áfram. Og hún kom ekki lengur við jörðina, heldur leið hún í loftinu áfram, áfram, áfram. Og eg skildi ekki, hvað hún gat verið að fara með mig. . . . En þegar farið var að syngja eftir prédikun, hrökk eg upp með andfælum.

IV.

Bændur urðu sannspáir.

Á leiðinni út sveitina lagði hráslagakuldann á móti okkur. Og þokumekkirnir ultu inn fjallabrunirnar. Mér fundust þeir líkastir herfylkingum illra anda, sem væru að leggja undir sig landið. Eg vissi, hvernig mundi verða að smala í skarðinu í fyrramálið.

Eg lét jálkinn lötra í hægðum sínum á eftir hinu fólkinu. Sigga var stundum að yrða á mig. En eg svaraði henni sem fæstu. Eg var að hugsa um fölleitu konuna með ástúðlega róminn og þýðlega augnaráðið. Og eg var að hugsa um, hvernig á því mundi standa, að Þorgerður var guðhræddust allra manna, sem eg þekti, og líka verst. Og eg var að hugsa um, hvort það mundi vera áreiðanlegt, að guð væri góður, þar sem hann hafði látið mig til Þorgerðar, en ekki til Ragnhildar.

Þórður stóð á hlaðinu á Skarði, þegar við komum heim. Hann var þungbrýnn nokkuð, en glotti samt við tönn. Eg sá, að hann einblindi á Þorgerði og þá blesóttu.

— Má eg ekki hjálpa heiðurshúsfreyjunni af baki? sagði hann, þegar Blesa nam staðar, og breiddi faðminn út á móti Þorgerði. En málrómurinn var furðu kuldalegur.

— Þakka þér fyrir, Þórður minn . . . Þú gerir svo vel að koma nú inn og fá kaffisopa.

Þorgerður var einstaklega góðlátleg.

— Skal hún vera hrædd við hann? hugsaði eg. Því fór ekki fjarri, að svo væri um sjálfan mig.

— Eg kaffi? sagði Þórður. Nei. Kaffi hefi eg nóg sjálfur.

— Jæja.

Þorgerður var dúnmjúk í rómnum.

Alt fóلكið stóð grafkyrt á hlaðinu og hlustaði. Allir áttu sýnilega von á einhverju sögulegu.

— Eg er að hugsa um, út af hverju presturinn muni hafa lagt, sagði Þórður.

— Eg er alveg hissa, sagði Þorgerður. Eg hélt ekki,

að þú mundir vera að hugsa um þess konar . . . þú, sem aldrei fer til kirkju.

— Heldurðu, eg hugsí ekki um það? Jú, eg geri meira en hugsa um það. Eg veit það. Eg held, eg sjá i það. *Frá hinum, sem ekkert hefir, mun jafnvel tekið verða það, sem hann hefir.* Út af þessu hefir presturinn auðvitað lagt.

Og hann leit til skiftis á mig og þá blesóttu.

— Eg skil það, að þú ætlar að fara að rifast um merina, sagði Þorgerður, og var, auðheyrt, farið að síga í hana. Ef þú telur það eftir, sem eg er þyngri en strákurinn þarna, þá ætti eg að geta slett í þig einhverri þóknun fyrir það. En ritningargreinar ættir þú ekki að vera að fara með og rangfæra hér . . . heiðinginn, sem engu trúir.

Þórður þeytti söðlinum af þeirri blesóttu langar leiðir út af hlaðinu.

— Er eg heiðingi? Trúi eg engu? Það var hart! . . . Jú, eg trúi því, að þeir, sem niðast á smælingjum séu andstygd guðs. Eg trúi því, að þeim, sem fara illa með lítil börn, sem þeim er trúað fyrir, verði fleygt út í yztu myrkur. Eg trúi því, að þú farir til helvítis, Þorgerður. Og þetta er alveg eins góð trúarbrögð eins og nokkur önnur.

Og Þórður varpaði hnakknum, sem hann hafði lánað mér, á þá blesóttu í snatri, og reið af stað eins og stormbylur.

Þorgerður stóð grafkyr og horfði á eftir honum, titrandi af vonzku. Fólkið fór að tínast inn í bæinn. Eg ætlaði inn líka. Þorgerður kallaði til mín. Eg færði mig nær henni. Samt ekki mjög nærri.

— Þetta hefir maður af þér, þokkapiltinum! sagði hún, og var hás og skjálfrödduð.

Hún þagði við dálitla stund. Mér sýndist hún vera að hugsa sig um eitthvað. Eg dokaði við. Þá ætlaði eg aftur inn í bæinn.

Hún kallaði á mig aftur.

— Það er bezt, þú farir inn og fáir þér eitthvað að éta. Og svo verðurðu hjá ánum uppi í skarðinu í nótt. Þær geta tapast í þessari þoku, ef enginn er hjá þeim. Og þú veizt, hvað við liggur, drengur minn, ef þú týnir einhverju af þeim.

Mér sýndist henni léttu fyrir brjósti. Og nú fór hún inn. En mér sortnaði fyrir augum . . . Að vera aleinn uppi í skarðinu alla nóttina í þoku og náttmyrkri — það hafði mér aldrei verið sagt fyrir, og mér hafði aldrei komið til hugar, að það yrði mér sagt, fyrir en þá þegar eg væri orðinn stór. Og eg hafði ekki skilið í því, að eg yrði nokkurn tíma svo stór, að eg mundi þora það.

Eg grét ekki, þegar eg rölti upp hliðarnar á eftir ánum. Eg hafði grátið svo mikið, áður en eg fór, og var nú hættur.

En þegar eg kom upp í skarðið og þokan luktist utan um mig, köld og grá og dimm, og náttmyrkrið læsti sig inn í hana, eins og vatn inn í voð, þá fanst mér eg vera einn í veröldinni. Enginn maður og enginn guð. Enginn nema eg og tröllin í hellunum í skarðinu Og líklegast var bezt að þau ætu mig Og samt var það svo voðalegt.

Og eg settist á stein og tók að gráta af nýju

Niðurl.



Trúarjátningarnar og kenningarfrelsi presta.

Ýmsa menn hér heima hefir langað til þess, að kenningarfrelsi presta yrði tekið til umræðu meðal vor. Og þegar fregnin um afdrif skólamáls Vestur-Íslendinga á síðasta kirkjuþingi barst hingað, urðu óskirnar um þetta enn sterkari. Og af því að eg er einn í tölu þeirra manna, er þessa ósk ala í brjósti, réð eg af að rita grein um þetta mál. Og mér virðist vel eiga við að láta umræður Vestur-Íslendinga verða tilefnið til þess, að málinu sé hreyft hér heima.

Vér erum svo fáir, Íslendingar, að oss er auðvelt að sjá yfir allan hópinn, og því eðlilegt, að vér veitum nákvæma eftirtekt öllu því, er gerist með löndum vorum hinumegin hafsins. Líf þeirra er líf af voru lífi. Og oss er það hið hjartfólgnasta mál, að þjóðerni þeirra varðveitist þar. Og hins vegar er alt af að koma nýr og nýr vottur þess, hve rik þjóðernistilfinningin er með löndum vorum vestra. En báðum hlutum þessarar litlu þjóðar er það mikilsvert, að þessi samúð sé sem mest og að það sé mönnum ljóst báðumegin hafsins. Kirkjumálin eru eigi lítill þáttur í lífi Vestur-Íslendinga, og fyrir því hefir það vakið mikla athygli bæði vestra og hér á landi, hvernig kirkjuþingið síðasta fór með skólamálið svo nefnda. En nú er það berlegt, að andróðurinn og ímugusturinn, sem vakinn hefir verið gegn íslenzkukennaranum við Wesley-skólann, síra Friðriki J. Bergmann, á eina aðalrót sína að rekja til þess, að flokki manna þar vestra, eða leiðtogum þeirra, stendur stuggur af frjálslýndi hans í kristindómsmálum, og að líkindum

sérstaklega af því, að hann virðist aðhyllast kenningarfrelsi presta. En kenningarfrelsinu hefir hinn mikilsvirti leiðtogi kirkjufélagsins vestra, síra Jón Bjarnason, algerlega afneitað og gerir enn. Það sýnir ljóslega fyrirlestur sá, er hann hélt á kirkjuþinginu.

En kenningarfrelsis-hugsunin hefir áður gert vart við sig í kristinni kirkju, og hún er engin séreign síra Friðriks J. Bergmanns um þessar mundir. Það mál hefir verið og er enn mikið rætt með mörgum þeim kirkju-flokkum, er framarlega standa nú á tímum. Og hér á landi hafa ýmsir prestar verið þeirrar skoðunar, að það væri eitt af velferðarmálum kirkjunnar, að kenningarfrelsið yrði lögleitt. Í því efni nægir að minna á bréfkafhana frá síra Zophoníasi heitnum Halldórssyni, er birtir voru í janúarblaði Nýs Kirkjublaðs.

Þegar um kenningarfrelsi presta er að ræða, er við það átt, hvort þeir eigi í prédikunum sínum að vera bundnir við þann skilning á öllum atriðum kristinnar trúar, sem haldið er fram í trúarjátningum þeim, er kirkjan samkvæmt lögum sínum viðurkennir. Þeir, sem kenningarfrelsinu eru andvígir, vilja rigbinda alla kennimenn kirkjunnar við trúarjátningarnar. Sé það ekki gert, halda þeir, að kirkjunni sé hættu búin. Kenningin fari þá öll á ringulreið; kennimennirnir villist frá sannleikanum og leiði síðan aðra í villu. Og þeir hljóta að vera þeirrar skoðunar, að skilningur trúarjátninganna á kristindóminum sé svo fullkominn, að lengra verði ekki komist; hann geti aldrei orðið fullkomnari í þessum heimi; að minsta kosti geti enginn fullkomnari skilningur farið í bág við hann.

En ef kveða á upp dóm í þessu máli, tjáir ekki að láta neina *trúarskoðun* á því vera dómarrann. Vér verðum fyrst að athuga, hvernig trúarjátningarnar eru til orðnar, og rannsaka það, hvort þeim beri um aldur og æfi að sitja í þeim tignar- og valdasessi, er þær stundum

hafa verið settar í, og hvort þær eigi að ríkjja yfir hugsunum og skoðunum og orðum kennimanna kirkjunnar og kirkjulýðsins allan þann langa tíma, meðan veröld stendur. Því að vitanlega ætla kristnir menn, og ekki sízt rétttrúnaðarmennirnir, kirkjunni að standa og leiðbeina mönnum allan þann tíma. Og er því satt að segja ekki neitt undarlegt að hugsa sér það, að einhver framför kunnir að verða á skilningi manna á trúmálum á þeirri löngu leið. Flestum mun í fljótu bragði lítast svo á málið, að það sé óhugsandi, að kristnir menn hafi fyrir mörgum öldum hlotið fullan skilning á öllu því, sem heilög ritning hefir að geyma, og allan þann skilning á trúarbrögðunum, sem unt sé að öðlast í þessum heimi. En ekkert minna en þetta felur sú skoðun í sér, að kennimennirnir skuli skyldir að fylgja trúarjätningunum í öllum atriðum og að út fyrir þær sé kirkjunni aldrei heimilt að fara.

Fyrstu aldir kristninnar hafa jafnan þótt tilkomumesta tímabilið í sögu kirkjunnar, og þó einkum fyrsta öldin, postulatímabilið svo nefnt. Þá hefir kristindómurinn þótt fegurstur og aflmestur. Og allir síðari tímar hafa jafnan óskað þess að vera sem líkastir honum. Allar endurbætur kirkjunnar hafa miðað að því, að komast aftur sem næst kristindómi postulatímabilsins. En á þessari gullöld kristninnar var *engin* sú trúarjätning til, er hlotið hefði almenna viðurkenningu. Þá fer kristin sigri hrósandi land úr landi og á þó mikilli mótspyrnu að mæta, — svo mikilli, að fjöldi kristinna manna er líflátinn. En því fleiri sem deyja fyrir trúna, því meir útbreiðist hún. Þessar ofsóknir ganga yfir allar 3 fyrstu aldirnar við og við. Og þeim linnir ekki til fulls fyr en í byrjun 4. aldar, þá er Konstantínus mikli kemst til valda og gerir kristinni trú jafnhátt undir höfði og hinum heiðnu trúarbrögðum. En eftir að jafnréttið var fengið, fóru leikar bráðlega svo, að kristna trúin varð ráðandi víðast hvar um hinn forna heim, þann er menningarþjóðunum fornu: Grikkjum og Rómverjum, þá var kunnur.

Ef sagt verður um nokkurt tímabil kirkjunnar, að þá hafi mest á því borið, að ríki Jesú Krists er ekki af þessum heimi, þá er það þetta fyrsta ofsóknartímabil í sögu kirkjunnar, fyrstu 3 aldirnar. Og einmitt þessar 3 fyrstu aldir hefir engin trúarjátning hlotið almenna viðurkenning.

Eins og kunnugt er, urðu 3 trúarjátningar til í fornkirkjunni, er Páfakirkjan viðurkendi og lúterska kirkjan síðar tók í arf frá henni. Og er postullega trúarjátningin (apostolicum) talin elzt þeirra. Og hún er sú eina þeirra, sem allir menn hér á landi þekkja, því að hún er tekin upp í Fræði Lúters. En ekki mega menn láta nafnið villa sig og halda, að hún sé samin af postulum Krists. Það er ekkert annað en miðaldasögusögn, að hún sé þann veg til orðin. Sannleikurinn er sá, að hún er lengi að myndast í kristninni og menn vita ekkert með vissu, hve nær hún er til orðin. Í þeirri mynd, sem vér höfum lært hana, mun hún hafa verið til um árið 500. En áður (líklega á 4. öld) var hún til í styttri mynd (rómvverska játningin gamla). Sumum liðum trúarjátningar þessarar vitum vér að ekki var bætt inn í hana fyr en á 4. og 5. öld. Annað mál er það, að rekja má ræturnar að henni lengra aftur í tímann og að líkindum alt til seinni hluta annarrar aldar. Mjög sennilegt er, að hún hafi í fyrstu verið sett saman í þeim tilgangi, að hafa hana að skjólgarði eða varnarmúr gegn villukenningum, og að hún sé því trúvarnarlegs edlis¹⁾.

Næsta trúarjátningin, sem til varð í fornkirkjunni, hefir lengst af verið nefnd nicenska trúarjátningin (Nicænum). Var það ætlun manna, að hún hefði samþykkt verið á kirkjuþinginu í Niceu 325, sem svo frægt er orðið í sögunni. Nú eru fræðimennirnir farnir að kalla hana *niceno-constantinopolitönskú trúarjátninguna* (Nicæno-constantinopolitanum), því að hún muni ekki hafa hlotið samþykki fyr en á kirkjuþinginu í

¹⁾ Sbr. ritgerð síra Björns B. Jónssonar í Áramótum 1907: Hin postullega trúarjátning.

Konstantínopel 381 og sé frekari útfærsla samþyktarinnar í Niceu. En sögulegar rannsóknir síðustu ára virðast benda til þess, að hún sé þó ekki einu sinni svo gömul; hún sé hvorki samþykt í Niceu né í Konstantínopel, heldur hafi hún náð viðurkenningu nokkuru síðar, og frá því um 500 varð hún skirnarjátning í grísk-kaþólsku kirkjunni¹).

Þriðja trúarjátningin er sú, sem kend er við Aþanasíus kirkjuföður (Athanasianum). Hann var uppi á 4. öld († 373). En trúarjátning sú er ranglega við hann kend. Hún er nú talin til orðin í byrjun miðaldanna, sérstaklega undir áhrifum af kenningum Ágústínusar kirkjuföður, sem þá voru orðnar svo að segja alvaldar í kirkjunni. Sú trúarjátning öðlaðist smátt og smátt viðurkenning í rómversku kirkjunni, en gríska kirkjan hafnaði henni gersamlega. Þessi trúarjátning er miklu lengri en hinar tvær, sem áður er um getið. Hún fjallar aðallega um þrenningarlærdóminn og persónu Krists. Í henni er lögð miklu ríkari áherzla á rétttrúnaðinn en áður hafði gert verið, og leyfi eg mér að koma hér með islenzka þýðing á henni. Hún mun með öllu ókunn almenningi hér á landi. En þar sem nú er verið að halda því svo fast að mönnum, að allar trúarjátningarnar eigi að vera merki vort, kirkjumannanna, virðist mjög eðlilegt að lofa mönnum að líta merkið. Annars kostar geta þeir ekki þekt það. Hitt væri engin furða, þótt ýmsir fengju þann skilning við lesturinn, að í raun og veru ætti það ekki að vera neitt sérlegt keppikefli, að rigbinda skoðanir og kenningar presta nú á tímum við ákvæði þessarar játningar.

Á vora tungu er hún þá á þessa leið:

Sérhver sá, er hólpinn vill vera, verður um fram alt að halda fast við hina almennu (kaþólsku) trú. Og hver sá, sem ekki varðveitir hana heila og ómengada, mun vafalaust að eilífu glatast.

En þetta er hin almenna (kaþólska) trú, að vér tignum einn guð í þrenningunni og þrenninguna í einingunni, þannig, að vér hvorki rugl-

¹) Sbr. Prof. theol. J. Jacobsen: Om Symboler og Symbolforpligtelse. Köbenhavn 1906.

um saman persónunum né greinum sundur veruna. Því að ein er persóna föðurins, önnur sonarins, önnur heilags anda. En guddómur föðurins og sonarins og heilags anda er einn og hinn sami, dýrðin jafn mikil, hátignin jafneilíf. Slíkur sem faðirinn er, svo er og sonurinn, svo er og heilagur andi. Faðirinn er óskapaður, sonurinn er óskapaður, heilagur andi er óskapaður. Faðirinn er ómælanlegur, sonurinn ómælanlegur, heilagur andi ómælanlegur. Faðirinn er eilífur, sonurinn eilífur, heilagur andi eilífur. Og þó eru ekki þrír eilífir, heldur einn eilífur, eins og ekki eru þrír óskapaðir, heldur einn óskapaður og einn ómælanlegur. Á sama hátt er faðirinn almáttugur, sonurinn almáttugur, heilagur andi almáttugur. Og þó eru ekki þrír almáttugir, heldur einn almáttugur. Þannig er faðirinn guð, sonurinn guð, heilagur andi guð. Og þó eru ekki þrír guðir, heldur einn guð. Þannig er faðirinn drottinn, sonurinn drottinn, heilagur andi drottinn. Og þó eru ekki þrír drottnar, heldur einn drottinn. Því að eins og hinn kristilegi sannleikur knýr oss til að játa hverja persónu út af fyrir sig guð og drottin, þannig bannar hin kristna trú oss að tala um þrjá guði og þrjá drotna.

Faðirinn er af engum gerður, né skapaður, né fæddur (getinn). Sonurinn er af föðurnum einum, — hvorki gerður, né skapaður, heldur fæddur (getinn). Heilagur andi er af föðurnum og syninum, — hvorki gerður né skapaður, né fæddur (getinn), heldur framgangandi. Fyrir því er einn faðir, ekki þrír fedur; einn sonur, ekki þrír synir; einn heilagur andi, ekki þrír heilagir andar. Og í þessari þrenningu er ekkert fyr eða síðar, ekkert meira eða minna; heldur eru allar þrjár persónurnar jafneilífar og jafnuiklar sín í milli, svo að tigna ber í öllu, eins og þegar áður er sagt, bæði þrenninguna í einingunni og eininguna í þrenningunni. Sá sem því vill hólpinn vera, verður að hafa þessa skoðun á þrenningunni.

En það er nauðsynlegt til eilífrar sáluhjálpar: að maður trúi og einlæglega holdtekju drottins vors Jesú Krists. Það er því rétt trú, að vér trúum og játum, að drottinn vor Jesús Kristur, guðs sonur, sé guð og maður; guð af veru föðurins, fæddur fyrir allar aldir, og maður af veru móðurinnar, fæddur í tímanum, fullkominn guð, fullkominn maður, gerr af skynsemigæddri sálu og mannlegum líkama, jafn föðurnum eftir guddómseðli sínu, en föðurnum minni eftir mannlegu eðli sínu. Og þótt hann sé bæði guð og maður, eru samt ekki tveir, heldur einn Kristur. En hann er einn, ekki fyrir breyting guddómseðlisins í hold, heldur fyrir upptekning manneðlisins í guð; yfir höfuð einn, ekki fyrir samanblöndun verunnar, heldur fyrir eining persónunnar. Því að eins og skynsemigædd sálin og líkaminn eru einn maður, þannig er guð og maður einn Kristur, sem þindist oss til sáluhjálpar, steig niður til dánarheima, reis upp frá dauðum á þriðja degi, steig upp til himna, situr við hægri hönd guðs, hins almátka föður; þaðan mun hann koma að dæma lifandi og dauða. Og við komu hans verða allir menn

að rísa upp með líkami sína og lúka reikningsskap gerða sinna; og þeir, sem gott hafa gert, munu ganga inn til eilífs lífs, en þeir, sem ílt hafa aðhafst, til eilífs elds.

Þetta er hin almenna (kapólska) trú. Og hver sá, sem ekki trúir henni einlæglega og staðfastlega, getur ekki orðið hólpinn.

Trúarjátning þessi ber þess ljós merki, að miklar deilur eru á undan gengnar í kirkjunni um trúna, þegar hún er samin. Svo var og. Einmitt þær aldirnar, sem þessar síðari trúarjátningar eru að myndast, voru hinar megnustu deilur um trúna meðal kristinna manna. Sá, sem ekki þekkir þær deilur, skilur naumast sum ákvæði þessarar trúarjátningar. Og mörg orðatiltækin eru bundin við hugsunarhátt manna á þeim tímum og því lítt við hæfi alþýðumanna nú á dögum. Deilurnar voru þegar orðnar mjög ákafar, er Konstantínus keisari stefndi klerkdóminum saman á kirkjuþingið í Niceu (325), út af kenningu Ariusar. Þá var ofsinn svo mikill í mönnum, að á því þingi fekk sá maðurinn ekki að taka þátt í umræðunum, er mest deilan var út af. Hann og fylgismenn hans lögðu fram játning sína á þinginu. En hún var rifin sundur, og Arius rekinn af fundi. Og í þinglok voru allir viðstaddir biskupar látnir skrifa undir trúarreglu þá eða yfirlýsing, sem samþykkt var á þinginu. Tveir biskupar neituðu því, og voru þeir þegar gerðir útlægir, ásamt Ariusi sjálfum. Læt eg þessa getið sem dæmi upp á hógvæðar- og umburðarlyndisleysið. Og þessum ofsa gátu menn beitt, af því að þeir höfðu keisarann á sínu bandi. Því að nú var kirkjan að verða ríki af þessum heimi.

Þegar vér berum saman postulátímabilið og ofsóknartímabilið annars vegar, og hins vegar 4. og 5. öldina, og athugum það, sem að framan er sagt, sýnist erfitt að samþýða sannleikanum þessa setningu í fyrirlestri síra Jóns Bjarnasonar:

»Á þeim tíðum, þá er mest bar á því, að ríki Jesú Krists er ekki af þessum heimi og það var áþreifanlegast, að opinberan hans stingur í stúf við alla mannlega speki, voru trúarjátningar kirkjunnar í mestum heiðri hafðar...

Á slíkum tíðum fæddust í fornöld þrjár almennu trúarjátningarnar kristnu¹⁾ og læstu sig inn í sálir kirkjulýðsins víðsvegar um lönd«. (Áramót 1908, bls. 21). Eg fæ ekki betur séð en að sagan sýni oss hið gagnstæða: að á þeim tímum, er mest bar á því, að ríki Jesú Krists er ekki af þessum heimi, þegar postular og píslarvottar sýna hinn mikla mátt trúar sinnar með því að láta lífið fyrir hana og ganga fagnandi út í kvalafullan dauða, og þegar fögnuður trúarinnar kemur fram í kærleiksríku lífi og óumræðilegri löngun til þess að veita þeim fögnuði og friði inn í sálir annarra, — þá voru engar trúarjátningar til. Þá nærðist og trúarlífiðið ekki við mannlega speki, heldur við þær þekkingar og vizkulindir, er Kristur hafði sjálfur leitt lærisveina sína að. Þá voru *náðargáfurnar* í blóma í kristnum söfnum. Þá jusu menn af andans lindum. En þegar trúarjátningarnar urðu aðallega til og komust til viðurkenningar, þá var kirkjan farin að verða ríki af þessum heimi. Þá segir og kirkjusagan oss, að anda-gáfurnar (I. Kor. 12, 1 n.) hafi verið farnar að þverra og kærleikurinn tekinn að kólna.

Um langan tíma voru þessar þrjár trúarjátningar taldar að hafa hlotið algilda viðurkenning allrar kristinnar (álitnar »ökúmenískar«). Nú vita menn að þetta verður hvorki með réttu sagt um Aþanasíusar-játninguna, né heldur um hina niceno-konstantínopolitönsku. Þær hafa aldrei hlotið slíka viðurkenningu. Hitt er álitamál, hvort postullega trúarjátningin á það nafn skilið. Sumir halda því fram, sumir neita því. En vegna þess að haldið var, að þær hefðu hlotið slíka allsherjarviðurkenning í allri kristninni, eingöngu þess vegna voru þær síðar í svo miklum heiðri hafðar.

Þegar síðbótin hófst, varð Lúter og samverkamenn hans að gera glögga grein fyrir skilningi sínum á kristindóminum í þeim miklu trúmáladeilum, sem þá voru háðar. Hann lýsti því yfir, að hann játaðist undir þessar 3 trú-

¹⁾ Leturbreytingin gerð af mér. H. N.

arjåtningar kaþólsku kirkjunnar. En auk þess samdi hann og menn hans sérstök rit, er síðan urðu jåtningarrit lútersku kirkjudeildarinnar. Af þeim hefir danska kirkjan, sem kunnugt er, játað sem sín jåtningarrit að eins: Ágsborgarjåtninguna og Fræði Lúters hin minni¹⁾. Ágsborgarjåtninguna, sem jafnan hefir talin verið merkasta trúarjåtning kirkjudeildar vorrar, samdi Melanchton með samþykki Lúters. Var hún lögð fram á ríkisþinginu í Ágsborg 1530 og afhent keisaranum á latínu og þýzku. Hún kom fram sem sáttatilboð af hendi Lúterstrúarmanna, og leggur því af ásettu ráði áherzlu á hina sameiginlegu trú, þeirra og kaþólskra manna. Siðbótarmenn hafa í riti þessu farið eins langt og þeir þá frekast gátu, til samkomulags við Páfatrúarmenn. Melanchton gaf jåtninguna út árið 1531 og síðar oftast, og gerði á henni smávægilegar orðabreytingar, er allar áttu að miða til þess, að gera hana sem skiljanlegasta og ljósasta. En efnisbreyting töluverð var gerð á útgáfunni, er út kom 1540. Þá breytti Melanchthon einkum 10. greininni, sem er um kveldmáltíðarsakramentið. Fór sú breyting í þá átt, að jafna að nokkuru leyti yfir mismun þann, er var á skilningi Lúters og þeirra Zwingli og Calvins eða endurbættu kirkjunnar. Melanchthon var friðsemdarmaður meiri en Lúter og vildi gjarnan reyna að koma sem mestu samlyndi á. En Lúter líkaði breytingin illa og hún varð síðar mikið deiluefni. En fyrst framan af var enginn munur gerður á útgáfum jåtningarrinnar. En þegar ágreiningurinn síðar varð enn meiri meðal lútersku kirkjudeildarinnar og hinnar endurbættu, þá afneituðu Lúterstrúarmenn breyttu jåtningunni (Con-

¹⁾ Almennast hafa þessi sömu rit líka verið talin jåtningarrit íslenzku kirkjunnar. En nokkur efi leikur á um það, hver jåtningarrit vor kirkja hafi viðurkennt að lögum. En með því að hin evangelísk-lúterska kirkja er þjóðkirkja á Íslandi samkvæmt stjórnarskránni, mun sennilegt að líta svo á, að hún kannist við Ágsborgarjåtningu og Fræði Lúters hin minni sem sín jåtningarrit.

fessio variata). Það var og Ágsborgarjátningin óbreytt sem viðurkenningu hlaut í Danmörku með lögum Kristjáns V.

Af þessu stutta yfirliti yfir sögu trúarjátninganna, geta allir séð, að þær eru til orðnar sem vitnisourður eða yfirlýsingar frá kirkjunni (eða einstökum kirkjudeildum) um það, hverju hún trúir og hvað hún kenni. En mjög er það mismunandi, hve hátt undir höfði kirkjudeildirnar gera þeim. Kapólska kirkjan setur þær jafnhliða heilagri ritningu, og þó í raun og veru hærra ritningunni, því að ekkert það má fá út úr ritningunni, sem kemur í bág við trúarjátningar þeirrar kirkjudeildar. Alt öðru máli er að gegna um lútersku kirkjuna, því að siðbótarmennirnir afsögðu gersamlega að gera nokkuð að dómara yfir trúarskodunum sínum nema heilaga ritningu eina. Þeir neituðu því fullgildi (autoritet) játningarritanna, nema að svo miklu leyti sem þau væru samkvæm ritningunni.

Hve frjálsslyndur Lúter sjálfur var í þessu efni, sést bezt á því, að hann hélt því fram, að sér væri heimilt, án þess að vera talinn villutrúarmaður, að hafna sjálfu aðalorði niceno-konstantinopolitönsku trúarjátningarinnar um Krist: *homóúsios* (þ. e. að Kristur sé »sömu veru« sem faðirinn), með því að það væri veraldlegt og óbíbliulegt. Og um orðið *þrenning*, sem er aðalorð þriðju trúarjátningarinnar, kvað hann upp þann dóm, að það (þ: Dreifaltigheit) væri eigi að eins mjög vond þýzka, heldur og að bæði orðin (þýzka orðið og latneska orðið: *trinitas*) væru óbíbliuleg, köld, stærðfræðisleg, æfintýraleg, og þótt vér neyddumst til að nota þau, væri þó orðið »gud« miklu betra.*

Og jafnvel þótt Lúter hefði hinar mestu mætur á hinni postullegu trúarjátningu, leyfði hann sér samt að gera athugasemdir um einn lið hennar: *upprisú holdsins*.

*Tekið eftir bók prófessors V. Ammundsens: *Den unge Luther*. Köbenhavn 1907.

Kvað hann það eiga að nefnast á vora tungu: upprisa *líkamans*.

Því verður nú ekki neitað, að játningarritin hafa á ýmsum tímum innan lútersku kirkjunnar verið hafin til meiri tignar en þeim upprunalega var ætluð. Til þess lágu ýmisleg atvik, t. d. um Ágsborgarjátninguna. Meðan siðbótarmenn áttu erfiðast fyrir, þurftu þeir að hafa einhvern varnarmúr sér til skjóls, og eitthvert merki að berjast undir. Og Ágsborgarjátningin varð þeim hvortveggja. Hún varð pólitískt og réttarlegt skjal.

Þegar lúterska kirkjan lagði fram játningarrit, ætlaðist hún án efa til þess, að þau væru glögg merki um heilbrigðan skilning hennar á kristindóminum, er einkendi hana út á við (gagnvart öðrum kirkjudeildum) og væri til leiðbeiningar inn á við. Flest tungumál Norðurálfunnar hafa haldið latneska nafninu á játningarritunum: *symbolum*, þ. e. tákn eða einkenni. Var það orð í hernaðarmálinu rómverska notað bæði um fánann og um orðtak liðsmannanna, er þeir hafa til að geta þekt hverir aðra. Þaðan ætla margir að hið latneska heiti trúarjátninganna sé dregið. Játningarritin (*symbola*) áttu að einkenna þá, er höfðu hina sömu trú, bæði út á við og inn á við. En fyrir því hélt lúterska kirkjan því eigi upphaflega fram, að játningarrit hennar væru óskeikul í öllum ákvæðum sínum og orðum, né heldur ætlaðist hún til þess, að þau væru bindandi í öllum einstökum atriðum. Þetta sést ljóslega á sjálfri Samlyndis-reglunni (*Formula Concordiae*), sem samin var árið 1577 og talin er að sumu leyti ihaldsömum og þröngsýnum allra játningarrita þýzku kirkjunnar og aldrei hefir hlotið viðurkenningu í sumum lúterskum löndum. Í inngangi þess rits standa þessi orð: »Þau (þ: játningarritin) hafa ekki dómaravald; því að sá heiður ber heilagri ritningu einni. En þau eru að eins vitnisburður um trú vora og útskýring hennar, ersýnir hvernig hinar helgu bækur hafa verið útlagðar og útlistaðar í kirkju guðs á ýmsum tímum í þeim atriðum, sem á-

greiningi hafa valdið, af þeim kennendum, er þá lifðu, og með hvaða röksemdum, lærdómum, er koma í bág við heilaga ritningu, hefir verið hafnað og áfellisdomur upp yfir þeim kveðinn.« Hér er því beinlínis neitað, að þau eigi að hafa dómaravaldið, og má því nærri geta, hvort *upphaflega* hafi til þess verið ætlast í lútersku kirkjunni, að trúarjátningarnar ættu að vera dómari (og um leið drotnari) yfir skoðunum manna á ókomnum öldum. Hitt er bersýnilegt, að þeim var ætlað að vera til leiðbeiningar.

Á 17. öldinni náði rikiskirkjan fastari tökum á mönnum innan lútersku kirkjunnar en nokkuru sinni áður, og þá komst hin öfgakenda »rétt-trúnaðarstefna« til valda og um það tímabil hefir sagt verið, að það hafi *dýrkað* játningarritin. Þá var því haldið fram af guðfræðingunum, að þau væru í öllum atriðum samróma ritningunni, og fyrir því ættu þau að segja fyrir um það, hvernig skýra ætti ritninguna. Sumir héldu því fram, að þau væru guðinnblásin, þótt ef til vill væri það eigi í sama mæli og sjálf ritningin. Að einmitt rikiskirkjan lenti í þessum öfgum er að sumu leyti skiljanlegt, því að henni hætti við að gera játningarritin að *lögbók*, og eftir þeirri lögbók vildi hún einnig skipa fyrir um kenninguna. Þessi rétt-trúnaðarstefna 17. aldarinnar afneitaði í raun og veru meginreglu siðbótarinnar. Afleiðingin varð líka sú, að kristindómslífinu hnignaði stórlega og sýnileg visnun færðist yfir lútersku kirkjuna.

Nú er fastheldni 17. aldarinnar við játningarritin höfð að varnaðarvíti í trúfræðiskenslunni við háskóla mótmælenda í Norðurálfunni. Svo er það við háskólann í Kaupmannahöfn, og munu allir við það kannast, þeir er þar hafa stundað guðfræðisnám síðari árin. Og er þó trúfræðiskennarinn þar, sá sem nú er, prófessor P. Madsen, gætinn maður mjög og af flestum talinn ihaldsamur.

Hin svonefnda rétttrúnaðarstefna (orthodoxismus) mun nú aldauða í Norðurálfunni, en á enn griðland sumstaðar í Norður-Ameríku, þótt undarlegt megi virðast, þar sem

frikirkja er ráðandi. Nafnkendust er þar Missouri-synóðan, sem streyzt hefir við að koma aftur upp römmustu ihalddsskoðunum 17. aldarinnar í þessu tilliti. Og þótt ótrúlegt megi virðast, hefir líkur hugsunarháttur náð einhverri fótfestu meðal Íslendinga í Vesturheimi. Að minsta kosti á séra Jón Bjarnason þar helzt heima nú, ef marka á honum heimilisfang eftir fyrirlestrinum, er hann hélt á kirkjuþinginu í sumar (Gildi trúarjátninganna).

Þegar rættrúnaðar-tímabilið var liðið hjá innan lútersku kirkjunnar, kom heittrúarstefnan (Pietisminn). Hún gerði fremur lítið úr játningarritunum, og skynsemistrúarstefnan (Rationalisminn) enn minna. Þeirri stefnunni hætti við að lenda í mótsettum öfgum: að neita því, að játningarnar ættu að nokkuru leyti að segja til vegar.

Til þess að komast hjá báðum þessum öfgum, hafa menn þegar fyrir löngu sett fram þá meginsetningu, að játningarritin eigi að vera regla eða mælisnúra fyrir kenninguna, af því að þau séu samróma heilagri ritningu í aðalatriðunum, og þó að eins *svo langt* út í aukaatriðin sem unt sé að sanna samræmið við ritninguna (*quia et quatenus cum sacra scriptura consentiunt*). Og nú á tímum leggja menn aðaláherzluna á seinna atriði þessarar setningar («svo langt»). Hitt atriðið sé hver tími fær að reyna sjálfur, hvort játningarritin í aðalatriðunum séu samróma ritningunni. Og þar kemur skilningurinn á ritningunni sjálfri mjög til greina, og hann hefir tekið miklum breytingum síðan er játningarritin voru samin. Í fornkirkjunni var hin óeiginlega (allegoríska) bibliuskýring ráðandi, og þá mátti nú flest teygja út úr hinni helgu bók. En þótt siðbótarmennirnir afneituðu þeirri skýringar-aðferð, voru þeir eigi kómnir nærri því eins langt í því, að geta lítið fullkomlega eðlilega og hlutlaust á gildi ritningarinnar, eins og menn gera nú í flestum kirkjudeildum mótmælenda. Þá voru bibliúrannsóknir síðari tíma óþektar og þá var hin merkilega textarannsókn nýja testamentisins ekki byrjuð. En þetta hvortveggja hefir átt mikinn þátt í því að gerbreyta skoðunum

manna á innblásturs-kenningunni. Áður héldu menn, að biblían sjálf væri guðinnblásin, svo að hvert rit hennar væri óskeikult og hún öll í heild sinni. Á þeirri skoðun stóð Ágsborgarjátningin. Nú er sú skoðun gersamlega fallin, og engum, sem af samvirkusemi hefir kynt sér biblíurannsóknir 19. aldarinnar, kemur til hugar að tala um innblástur í öðrum skilningi en þeim, að hinir helgu rithöfundar sjálfir hafi verið innblásnir, — *mennirnir, en ekki ritin*. Og þá beri þess vel að gæta, að þeim innblæstri þurfi alls ekki að fylgja fullkominn óskeikulleiki, eins og áður var haldið fram. Slik innblásturskenning er líka sú eina, sem hugsandi menn nútímans geta aðhylst. Nú heimta menn sálarfræðislega skýring á fyrirbrigðum trúarlífsins.* Og í því efni hafa vorir tímar komist lengra en nokkur umliðin öld. Og sú framför er ómetanlegur gróði trúarbrögðunum og trúarlífinu, og hlýtur líka að verða kirkjunni til mikillar blessunar. Sálarrannsóknir síðari tíma varpa nýju ljósi yfir margt í biblíunni, sem áður var mönnum lítt skiljanlegt og margir áttu hvað erfiðast með að trúa.

En ef bæði biblíurannsóknirnar og þekkingin, sem nú er fengin og sem óðast að fást á sálarlífi mannanna, hjálpar oss til að skilja heilaga ritningu betur en kynslóðirnar hafa haft tæki á, þær er voru á undan oss, er þá nokkurt víf í því, að láta játningarrit fyrri alda binda skilning vorn á ritningunni? Slikt væri að afneita meginreglu siðbótarinnar og leggja fjötur á hugsunarfrelsið og sannleikann. En hið ógleymanlega æfistarf Lúters var

* Þessu til sönnunar skal eg leyfa mér að benda á ritgerð um sýn Páls postula á leiðinni til Damaskus í sænska tímaritinu *Kristendomen och vår tid*. Tímaritið er gefið út og stutt af mörgum helztu guðfræðingum Svía. Þar er meðal annars komist svo að orði:

»Það er eitt af einkennum andlegs lífs nú á tímum, að vilja skilja það, sem kemur trúarbrögðunum við, í samræmi við eðli sálarlífsins. Áður létu menn sér nægja úrskurð trúfræðinnar, en nú setta menn sig ekki lengur við hann einan. Menn vilja fá verulegt ljós, það ljós, sem jafnframt varpar birtu yfir sálarlífið sjálft«. (Aarg. III 1908, háft. 5, bls. 148).

ekki hvað minnst í því fólgið að ryðja braut algerðu hugsunarfrelsi. Hann hélt því fram, að hver einstaklingur yrði að sannfærast um sannleikann fyrir sannleikans eigin mátt. Sannleikurinn yrði aldrei fyrirfram ákveðinn af neinu fullveldi. Hvorki páfi, né biskup, né nokkur maður ætti með að leggja á kristinn mann svo mikið sem eina samstöfu án hans samþykkis. Lúter var berorður, eins og kunnugt er, og hann skóf ekki utan af því, karlinn. Einu sinni komst hann svona að orði: »Sérhver kristinn maður á rétt á að afla sér skilnings á sannleikanum og dæma um hann, já, á svo mikinn rétt á því, að hver sá, er skerðir þann rétt agnarögn, hann veri bölváður«.* Hann skildi fullkomlega orð Páls postula: Reynið alt og haldið því sem gott er.

Þegar eg var við háskólann í Kaupmannahöfn, var því haldið að oss lærisveinunum af hinum gætna trúfræðiskennara, er eg að framan nefndi, að jafnvel sumar kenningarnar í Ágsborgarjátning sjálfri væru athugaverðar. Nefndi hann þar til 17. og 9. gr. hennar. En 17. greinin er um endurkomu Krists til dómsins. Þar er eigi að eins hinni hörðustu útskúfunarkenningu haldið fram (að hinir fyrirdæmdu eigi að þola endalausar kvalir), heldur er og þúsundáráttis-kenningunni algerlega afneitað. Hin greinin, sem prófessor Madsen áleit athugaverða, 9. greinin, er um skírnina. Niðurlagsorð hennar eru þessi: »Þeir (þ. e. lútersku söfnuðirnir) áfella Endurskirendur, sem neita barnaskírninni og *fullyrða að börn geti orðið sáluhólpin án skírnar*«. Þessi orð hafa verið svo skilin af sumum, að það sé kenning Ágsborgarjátningarinnar, að öll þau börn glattist, er deyja óskirð. Þeir, sem þann skilning aðhyllast, styðja mál sitt með því að vitna í 2. grein sömu játningar. Þar er því haldið fram, að erfðasyndin leiði eilífan dauða yfir þá, *er eigi endurfæðist fyrir skírnina* og náðarverkanir heilags anda. Og nú virðast óskirðu börnin hljóta

* Sbr. V. A.: Den unge Luther, bls. 77—78.

að lenda í þeim flokki manna. En hvort sem þetta er hinn rétti skilningur á orðum Melanchtons eða ekki, þá er hitt víst, að lúterska kirkjan hefir hafnað slíkri kenningu; jafnvel rétttrúnaðarguðfræðingar 17. aldarinnar höfnuðu henni. Og hafi þetta verið skoðun Melanchtons og Lúters, þá er Ágsborgarjátningin var samin, hafa 17. aldar trúfræðingarnir að þessu leyti verið vaxnir upp úr Ágsborgarjátningunni. Melanchton var sjálfur að nokkuru leyti vaxinn upp úr henni 1540. Fyrir því breytti hann henni. Á því sést bezt, að hann áleit hana ekki óskeikula og alfullkomna. Eftir fáein ár hafa skoðanir hans breytt svo, að hann breytir henni í nokkurum atriðum. Án þeirra breytinga hefir honum ekki lengur fundist hún rétt játning sinnar trúar. Hvað mundi horum þá hafa fundist, ef hann hefði getað lifað fram á þennan dag og andi hans haldið áfram að þroskast um öll þau mörgu ár hér í tímanum?

En ef vér að sjálfsögðu verðum að neita því, að láta Ágsborgarjátninguna binda skilning vorn á ritningunni, svo meistaralega sem hún þó er samin, þegar þess er gætt, hvernig þá horfði við, hversu miklu síður geta þá gömlu trúarjátningarnar gert það? Sá hugsunarháttur og rökfærsla og þekking, sem þær eru reistar á, liggur oss enn þá miklu fjær. Af þessu verður það bersýnilegt, að það er að eins andi játningar-ritanna og aðalstefna, sem getur verið oss til leiðbeiningar, annað ekki.

Fróðlegt er að líta á, hvert gildi játningarritin eru látin hafa í framkvæmdinni, t. d. hjá Dönum, þeirri nágrannaþjóð vorri, sem vér höfum flesta hluti tekið eftir alt til þessa. Þar er svo ákveðið með lögum, eins og hjá oss, að prestarnir eigi í kenning sinni að fara eftir játningarritum þjóðkirkjunnar. En sú venja hefir komist á, að beita þeim lögum örsjaldan eða sama sem alls eigi.

Fyrir nokkurum árum kom það fyrir, að prestur einn innan dönsku þjóðkirkjunnar neitaði kenningunni um eilífar kvalir útskúfaðra, og lagði eigi þá afneitun sína í lágina, heldur bardist fremur fruntalega fyrir skoðun sinni.

Var hann kærður og ráðaneytið skaut málinu undir dóm kirkjuráðsins; en í því sátu allir 7 biskupar landsins, ásamt 2 prófessorum háskólans (áunnar lögfræðingur, hinn guðfræðingur). Eigi vildi kirkjuráðið láta vikja prestinum úr embætti fyrir skoðanir þær, er hann hafði flutt, heldur veita honum áminning fyrir þá *æsingar-aðferð* (den agitatoriske Form), er hann hafði beitt, þrátt fyrir undan-gengna viðvörun. Hitt áleit kirkjuráðið í sjálfu sér ekki óleyfilegt þjóðkirkjupresti, að hafa þessa skoðun hans á útskúfunarlærdómi Ágsborgarjåtningarinnar og halda henni fram á hóflegan hátt.

Kunnugt er og, að ýmsir merkir menn dönsku kirkjunnar á síðustu öld hafa í einstökum atriðum haft skoðanir frábrugðnar jåtningarritunum. Má þar fyrst og fremst nefna jafnmikla ágætismenn og biskupana Mynster og Martensen. Mynster vildi ekki samþykkja orðalag postullegu trúarjåtningarinnar í einu atriði; hann neitaði upprisu *holdsins*, en vildi í stað þess hafa: upprisa *líkamans* (sbr. orð Páls postula: náttúrlegum líkama er niður sáð, en upp ris *andlegur líkami*, 1 Kor. 15, 44). Martensen vildi fara miklu vægilegar í útskúfunarkenningunni en Ágsborgarjåtning gerir; áleit að minsta kosti eigi rétt að halda slíku fram nema sem mögulegleika. (Sbr. ummæli ritstjóra Kirkjubladsins, I. árg. bls. 87—88: hinn hræðilegi mögulegleiki).

Yfirbiskup dönsku kirkjunnar, sem nú er, Skat Rördam, hefir á prenti látið þess getið, að í tveim atriðum sé hann ósamdóma jåtningarritum dönsku kirkjunnar, sem sé kenning Ágsborgarjåtningar um það, að aflausnin sé sakramenti, og þessum orðum í Fræðunum: »og á efsta degi mun hann (þ. e. *heilagur andi*) uppvækja mig og alla dauða«.

Hinn nafnkunni prestur Vilhelm Beck neitaði því, að syndafyrirgefning veitist í kveldmáltíðarsakramentinu, sem þó er skýlaus kenning Fræðanna; og margir prestar í Danmörku fylgja í því atriði, að sögn, skoðunum hans.

Einn þeirra danskra presta, er mestrar virðingar nýtur þar í landi sem ágætisprestur, er Otto Möller. Hann

hefir ritað bók um endurlausnarlærdóminn og neitar þar friðþægingarkenning þeirri, sem hann segir að liggi að baki 3. og 4. grein Ágsborgarjåtningarinnar.

Einn af prestum þeim, er skipaður var í kirkjumálanefndina dönsku fyrir nokkurum árum, Morten Larsen, lýsti yfir því í nefndarálitinu, að ýmislegt sé það í Fræðunum, sem hann geti ekki fallist á, og það »er ekki í aukaatriðunum einum, það er líka í sumu, er snertir aðalmálið, t. d. sakramentin«*).

Eg nefni þessa menn sem dæmi. Ekki hefir nokkurum manni dottið í hug að finna þeim það til sakar, að þeir hafa skoðanir frábrugðnar trúarjåtningunum, hvað þá heldur að reynt hafi verið til að koma þeim frá embætti. Virðing þeirra hefir að engu leyti minnað við þetta. Samvizkusamir menn og hugsandi vita, að ekkert er edlilegra en að skiftar skoðanir séu um ýmsar kenningar kirkjunnar, og að enginn sá dómstóll er til hér í heimi, er þeim ágreiningi verði skotið undir og fær sé um að fella fullnaðardóm í málinu. Þekking vor er í molum. Og það minnir oss á að vera hógværa og umburðarlynda.

En af þessu verður oss það líka ljóst, hve fáránlegt það er, að ætla að vikja presti úr embætti fyrir þá sök eina, að hann aðhyllist frjálsa trúarhugsun og kenningarfrelsi, þótt hann hafi ekki afneitað neinu atriði trúarjåtninganna, eins og reynt mun hafa verið á síðasta kirkjuþingi Vestur-Íslendinga.

Í fyrirlestri sínum um gildi trúarjåtninganna virðist síra Jón Bjarnason leggja annan og miklu viðtækari skilning í hugtakið kenningarfrelsi presta en hingað til hefir tíðkast. Í trúfræði sinni útskýrði prófessor P. Madsen í Kaupmannahöfn það hugtak svo: með kenningarfrelsi presta er átt við, að söfnuðirnir eða þjóðfélagið heimti það eitt af prestunum, að þeir kenni samkvæmt heilagri ritningu eftir beztu sannfæringu. — Í þessum skilningi einum hefir kenningarfrelsinu verið haldið fram á Ís-

*) Sbr. J. Jakobsen: Om Smyboler og Symbolforpligtelse, bls. 30—31.

andi, mér vitanlega. Eg þekti ekki annan skilning á því hugtaki. Og svo hygg eg muni verið hafa um alla þá presta og guðfræðinga hér heima, er þeirri kröfu hafa haldið fram. Vér lærisveinar P. Madsens höfum eðlilega haldið skilning hans á þeirri hugmynd og ætlum honum að hafa vitað, hvað hann fór með.

Nú skilst mér það af fyrirlestri síra J. B., að einmitt þetta kenningarfrelsi, sem vér hér heima höfum æskt eftir, sé lögleitt í söfnuðum hins íslenska lúterska kirkjufélags þeirra Vestur-Íslendinga. Samkvæmt safnaðarlagafrumvarpi kirkjufélagsins binda þeir kenninguna við ritninguna eina, og eru í því tilliti sannir lærisveinar Lúters. Segi eg það síra J. B. til maklegs lofs. En nú í fyrirlestri sínum tekur hann að kvarta yfir því, að ákvæði um trúarjåtningarnar vanti. »Svipað ákvæði (∴ eins og um ritninguna) ætti einnig að vera í lögum vorum að því er snertir trúarjåtninguna eða trúarjåtningarritin, sem söfnuðirnir binda sig við. Og svo mun það vera víðsvegar innan lútersku kirkjunnar« o. s. frv. — segir hann. Þannig verður þá ljóst: að það kenningarfrelsi, sem vér sumir hér heima erum að æskja eftir og síra J. B. nefnir nú óvit og öðrum ljótari nöfnum, er lögleitt og hefir lengi verið í kirkjufélaginu íslenska vestan hafs. En hið minna frelsið, sem vér höfum búið við hér heima og búum enn við, það æskir síra J. B. nú að lögleiða þar vestra.

Ætla eg nú vandalítið hverjum greindum manni um það að dæma, hverir eru á afturleið og hverir á framsóknarleið — þeir þar vestra, eða vér hér heima, síra J. B. afneitandi hinu fyrra frelsi sínu, eða vér hér heima biðjandi um það frelsi.

Hinu hefir oss aldrei komið til hugar að halda fram, að prestar ættu ekkert tillit að taka til þess, hvað stendur í heilagri ritningu. Að saka oss um það er jafn-staðlaust og óviturlegt og hitt: að vér ætlumst til að kirkjan eða kirkjufélagið »sé með öllu stefnulaust, hafi í andlegum efnum alls ekkert markmið, og að því tilliti standi því á sama um alt«. Vér könnumst ekki við þetta sem rétta

lýsing á oss né bræðrum vorum, þeim »ekki fáum máls-
metandi kirkjumönnum annarra þjóða, einkum innan rik-
iskirknanna í Norðurálföldunum«, sem halda fram sömu
kröfunni um kenningarfrelsi presta og vér.

Vér ætlumst til að ritningin verði uppspretta og grund-
völlur kenningarinnar, eins og hún hefir verið hingað til.
Oftast mun það áður hafa verið orðað svo: að hún ætti
að vera regla og mælisnúra kenningunni. Það orðtak er
eigi sem heppilegast, með því að slíkt ritsafn sem heilög
ritning er, getur ekki verið regla og mælisnúra. Þetta
ritsafn hefir í ýmsum atriðum ólíkar skoðanir og trúar-
hugsanirnar og trúarhugtökin koma þar fram í breytileg-
um myndum. Ritningin sýnir oss sjálf átakanlega, hvernig
trúarhugmyndirnar breytast og þroskast. Af því eru
ritin ekki öll samróma. Og fyrir því getum vér ekki
vænst þess, að biblían öll sé sjálfri sér sankvæm, sé ein
óskeikul heild. En þótt hún sé það eigi, þá skýrir hún
oss frá opinberun guðs. Hún er opinberunarsaga. Og
einmitt af því að hún er það, er hún að sjálfsögðu grund-
völlur kenningarinnar, með því að það er þessi guðlega
opinberun, sem prestarnir eiga að kenna og vilja kenna.
Og hún er meira. Hún verður jafnan uppspretta kenning-
arinnar. Úr þeirri lind eys resturinn meginefni kenn-
ingarinnar. Við þaun brunninn dvelur hann. Þaðan
sækir hann næring og styrk trúarlífi sínu. Af trúar-
reynslu hinna helgu rithöfunda lærir hann, og við lestur-
inn finnur hann samhug með þeim, finnur sama trúar-
strenginn óma í sínu hjarta, finnur þar sömu þrána, sömu
löngunina eftir samfélagi við höfund lífsins, heyrir þar
sama hróp sálarinnar eftir hinum lifandi guði. Í þeim
brunni finnur hann lifandi vatn; í hinum helgu bókum
finnur hann orð eilífs lífs.

Og ef eg man rétt, er einmitt komist svo að orði í
lögum kirkjufélagsins vestra, að ritningin sé hin sanna
uppspretta fyrir kenninguna og trúna. Og eg tel það
ákvæði ágætt. En öðru ákvæði er þar bætt við, að hún
sé jafnframt »hjáð fullkomna lögmál fyrir kenning, trú og

hegðan safnaðarins«. Það ákvaði er ekki heppilegt, því að heilög ritning er engin lögbók. Og af því að hún er ritsafn eftir ýmsa rithöfunda frá ýmsum tímum, liggur það í hlutarins eðli, að hún getur sízt af öllu verið fullkomid lögmál fyrir kenninguna. Og ekki er til neins að ætla að ráða fram úr vandræðunum með því að segja, að hún sé öll »í heild sinni guðinnblásin bók og þar höfum vér guðs orð fyrir oss liggjandi«. Slíku er hægt að slá fram og heimta, að allir samþykki það. En erfðara verður að sanna slíkt. Og ekki heimtar ritningin sjálf slíka trú. Hún mótmælir þvert á móti slíkri trú gersamlega. Eg er sannfærður um, að enginn maður með heilbrigðri skynsemi, sem kynt hefir sér alla ritninguna ræki-lega og hlotið hefir sæmilega fræðslu um uppruna hinna helgu bóka, fæst til að trúa öðru eins. Eg er samfærður um, að það er bæði rangt og frámunalega óviturlegt að halda fram þeirri innblásturskenningu, »að guðs andi hafi innblásið mál það, er hinir mannlegu höfundar ritningarinnar tala á; hann standi æfinlega á bak við þann vitnisburð, er þeir bera fram, hann stýri öllu máli þeirra, ráði öllum þeirra orðatiltækjum«. Slíkri innblásturskenning hefir sira J. B. haldið fram (sjá 5. árg. Sameiningarinnar, bls. 177) og slíkri innblásturskenning virðist hann enn halda fram. Enn ógætilegar hefir sira Björn B. Jónsson talað. Í einum fyrirlestri sínum, sem prentaður er í 9. árg. Aldamóta og nefnist Guðlegur innblástur heilagrar ritningar, kemst hann svo að orði, þar sem hann lýsir þeirri skoðun á innblæstrinum, sem hann telur hina einu réttu: »Og þetta er vor kenning, að guð hafi með sínum heilaga anda útbúið höfunda bibliunnar, að *alt*, sem þeir hafa ritað, sé *algerlega* satt og sé samþykkt af guði, svo alt, sem stendur í bibliunni, sé þar að hans vilja, eins og hann sjálfur vildi segja það og sé því hans orð, talað upp á hans ábyrgð. Vér neitum því, að missagnir eða villur séu í bibliunni, heldur sé hún *öll**) innblásin af guði«.

*) Leturbreytingarnar gerðar af síra Birni B. Jónssyni sjálfum.

Sjálfsagt er réttast að muna eftir því, að þessi ógætilegu orð eru 8 ára gömul. Höf. var þá ungur prestur, og orðin munu sprottin af rétttrúnaðar-ákafa og þeirri fullyrðingarlöngun, sem oft kemur fram hjá ungum fjörmönnum, sem mikið vilja láta til sín taka og finna þrótt í sjálfum sér. Það afsakar ógætnina. Því að framúrskarandi ógætni og frámunalegt óvit er það, að ætla að koma ábyrgðinni fyrir mannlega ófullkomleika ritningarinnar á guð sjálfan. Eða hvar hefir síra Björn B. Jónsson fengið heimild til slíks? Hver hefir gefið honum slíkt vald? Og ekki skyldi mig furða neitt á því, þó að hann fyndi nú til þess, er aldur og þroski hefir færst yfir hann og hann hefir tekið við hinu veglega starfi, að vera forseti kirkjufélagsins, að þetta *var* ógætilega talað. Hver sá maður, er kynt hefir sér alt gamla testamentið rækilega, *veit*, að í því stendur margt það, sem ekki getur verið frá guði og hann blygðast sín fyrir að eigna guði, hinum algóða föður drottins vors Jesú Krists og föður vorum. Hafi síra Björn enn ekki komið auga á ýmsa slíka staði í gamla testamentinu, getur hann fengið bróðurlega tilsógn hjá mér í því máli. Og eg er sannfærður um, að hann er svo góður drengur og elskur að sannleikanum, að hann lætur aldrei oftast út úr sér önnur eins ógætnis- orð um guð né heilaga ritningu eftir þá fræðslu.

Slík innblásturskenning er hinn versti páfadómur. Með því er ritningin gerð að pappírspáfa, og sá páfi er verri en páfinn í Róm. En í þessu atriði sýna þeir síra J. B. og síra Björn að þeir eiga heima meðal rétttrúnaðarguðfræðinga 17. aldarinnar. Þeir gerðu einmitt ritninguna að slíkum pappírspáfa.

Á þessari innblásturskenningu reisir síra J. B. síðan gildi trúarjátninganna. Í fyrirlestri sínum segir hann: »Við enga aðra en þá, sem við þann trúarsannleik kannast (þ: að biblían í heild sinni sé guðinnblásið bók), er til neins að miða gildi trúarjátninganna við heilaga ritningu, enda leika trúarjátningarnar þá algerlega í lausu lofti og verða ! reyndinni sama sem ekki neitt, þótt ekki sé

þær beinlinis í orði kveðnu afnumdar«. Með þessum orðum hefir síra J. B. kipt grundvellinum undan trúarjátningunum. Þær eiga að hans dómi að standa á innblásturskenning hans, en sú innblásturskenning er ósönn. Og hætt er við, að sumum, sem trúað hafa slíkum kenningum, finnist grundvöllurinn undir skoðun sinni fara að verða nokkuð óstöðugur, er þeir athuga málið vandlega. Sumum finst ef til vill margt og mikið hrynja. En þá ber að gæta þess, að það er ekki kristindómurinn eða hin kristilega lífsskoðun, sem hrynur, heldur reisipallar kringum kristindómshöllina, sem ófullkomnir menn hafa búið til. Þeir reisipallar hafa gerðir verið af trúarákafa, en lítilli skynsemd á stundum. Og svo getur farið, að menn liggi með limu brotna eftir hrun pallanna. En slík slys eru mönnunum að kenna, — þeim mönnum, sem reynt hafa að koma röngum mannasetningum og ófullkomnum skoðunum í sæti kristnu trúarinnar sjálfrar, þeirrar lífsskoðunar, er Jesús Kristus boðaði. Slíkir reisipallar verða oftast til þess að veikja kristindóminn. Kristindómurinn þarf þeirra ekki við; já, meira að segja: þeir verða honum áreiðanlega tálmi. Kristus reit sjálfur enga trúarjátning, lét ekkert rit eftir sig. Enda mundi slíkt hafa orðið málefni hans til lítils gagns, en oft til ógagns. Það hefði orðið fjötur á kenning hans. Slíka fylling, sem kristindómurinn er, verður aldrei unt að fela í neinni játning eða neinu riti. Hann sprengir af sér alla slíka fjötra með tímanum, vex upp úr öllum fötum, sem mennirnir búa til á hann, jafnvel þótt þau eigi að vera við vöxt að þeirra dómi.

Og nú vona eg að mönnum fari að verða ljóst, hvað á milli ber. Baráttan er í insta edli sínu um það, hvort framþróun eigi sér stað innan kirkjunnar, og yfirleitt í heimi trúarbragðanna, eða ekki.

Þeir, sem binda vilja kenning presta við játningarritin, hljóta að vera þeirrar skoðunar, að kirkjan hafi öðlast fullkominn skilning, þurfi engu við sig að bæta, ekkert meira að læra. Því að ef kirkjunni er að fara

fram í þekkingu sannleikans, þá hlýtur ýmislegt nýtt að koma upp, sem kirkjunni hefir ekki verið ljóst áður og hefir því ekki verið tekið upp í játningarrit hennar. Í öðru lagi eru sum þau atriði, sem eitt sinn voru talin svo mikils virði, að þau voru tekin upp í játningarritin, nú talin litilsvirði og lítt samþýðanleg hugsunarhætti nútíðarmanna. Þeirra er því alls ekki getið í kenningu prestanna. Og í þriðja lagi er sumt það í játningarritunum, eins og að framan hefir verið bent á, sem beinlínis þarf að leiðrétta.

En hvaða sönnun höfum vér þess, að sú sannleiksþekking, sem kirkjan eitt sinn hefir hlotið, sé *alfullkomin*? Sé um framfarir að ræða innan kirkjunnar, þá getur hún ekki verið alfullkomin.

Norski presturinn Th v. Klaveness, sem mörgum er nú kunnur orðinn hér á landi af kverinu, sagði einu sinni í fyrirlestri um prestaeiðinn: »Alfullkomleiki og framför útiloka hvort annað. Reynslan kennir oss líka, að þegar ný sannleiksatriði verða mönnunum skýr, þá varpa þau nýju ljósi yfir gömlu sannleiksatriðin; og nýju sannleiksatriðin staðfesta að vísu þau gömlu, en leiðrétta þau jafnframt. Að binda kenninguna við játningarritin er að lýsa yfir því, að kirkjan eigi að standa þar kyr í þekkingu sannleikans, sem hún eitt sinn hefir komist, og ekki fara lengra. Þetta er verra en rómversk kapólska. Rómversk kapólska getur undir stjórn síns óskeikula páfa leiðrétt gamla trúarlærdóma og bætt nýjum við. Innan takmarka hins óskeikula páfadóms hefir hún ærið rúm fyrir framþróun. Að skrinleggja framþróunina í gömlum kenningarreglum er grísk kapólska, hin steingerðasta kyrstaða sem til er«.

Þetta segir höfundur þess kversins, sem alment er notað við kristindómsfræðslu barna bæði í Noregi og á Íslandi*). Og hann minnir á það, að yngstu játningarritin séu nær því 400 ára gömul og engum komi til hugar að

*) Sbr. For kirke og kultur 6. bind (ár 1899), bls. 274—275.

semja ný játningarrít. Kirkjan hafi þó ekki staðið í stað þessi 400 ár. Kirkjan sé hætt við játningarrít. Norskt safnaðarfolk telji gömlu játningarnar sér með öllu óviðkomandi. Alt hjal um að þær séu *játning* þess hljómi sem kinverska í eyrum þeirra.

Það sem fyrir oss vakir, sem aðhyllumst kenningarfrelsi presta, er einmitt þetta: Vér viljum forðast kyrstöðuna og afturförina. Vér treystum sannleika kristindómsins til þess að þola alt frelsi. Vér teljum honum bezt borgið þar, sem hugsunarfrelsið er einlægast. Vér viljum ekki að neinu leyti binda hendurnar á sannleikanum, heldur leysa alla þá fjötra, er mennirnir af grunnhygni sinni, en sjálfsagt stundum af góðum hug, hafa viljað á hann leggja. Og oss stendur stuggur af því, að kirkjan á nokkurn hátt reyni að hefta hugsunarfrelsið. Skjöldur hennar er orðinn of óhreinn af hluttökunni í því óhappaverki á umliðnum öldum.

Og svo er eitt atriði enn: Því meira sem frelsið verður innan kirkjunnar, því minni verður hræsnin. Ófrelsið elur hræsnina. Og hræsnin er trúarlífinu eitur. Eitthvert heit munu prestar þó verða að gangast undir. En æskilegast væri, að það heit færi að eins í þá átt, að presturinn lofi því, að kenna samkvæmt heilagri ritningu eftir beztu samvizku, og jafnframt væri það tekið fram í heitinu, að vér teljum ritninguna grundvöll og uppsprettu kenningarinnar. Alvara embættisins og ábyrgðartilfinningin gagnvart söfnuðinum er prestinum nægilegt aðhald.

Nafnkendur þýzkur maður sagði eitt sinn: »Eg er barn kirkju minnar, en ekki þræll hennar«.

Barnið hlustar á heilræði móður sinnar og hugfestir sér þau. En þegar það er orðið fullorðið og það öðlast æðri og fullkomnari þekkingu en móðir þess hafði fengið, lætur það eigi heilræði móður sinnar aftra sér. Það hugsar sem svo: Þú gafst mér, móðir mín, það bezta sem þú áttir, þann fullkomnasta skilning á guði, tilverunni og lífinu, sem þú hafðir hlotið. Þinn tími var ekki kominn lengra en þetta í þekkingu sannleikans. En nú

hefir þekking mín aukist. Nú veit eg meira en þú vissir og skil betur en þú skildir. Og þó eg nú yfirgefi heilræðin þín sum, er það ekki af lotningarleysi fyrir þér, heldur af því að eg berst áfram sömu þroskaleiðina sem þú varst á. Alt er á stöðugri þroskaleið til meiri fullkominunar; og alt þroskast upp á við — nær guði.

Svona hugsar og talar góður sonur.

Játningarritin eru nokkurs konar heilræði, sem móðir vor, kirkjan (o: hinar fyrri kynslóðir hennar) hefir afhent oss. Vér tökum þeim heilræðum með lotningu sem góðir synir, en látum þau ekki hefta sannleiksleit vora né þekkingarþroska.

HARALDUR NIELSSON.

Taugaveikin

er ævagamall sjúkdómur. Hún hefir gert vart við sig á öllum öldum. Hún gengur um allan heim. En læknum veitti áður mjög erfitt að greina hana frá ýmsum öðrum sóttum. Þessir erfiðleikar hafa smáminkað. En aldrei hefir þó þekking manna á þessum sjúkdómi aukist jafnmikið eins og nú á síðastliðnum áratugum.

Hér á landi var þessi veiki fyrrum kölluð landfarsótt, en þá var henni oft ruglað saman við ýmsar aðrar farsóttir. Hún var þá algengari en nú á dögum. Árin 1827—37 dóu að meðaltali um 90 manneskjur á ári úr taugaveiki (eftir dánarskýrslum presta). Árið 1905 dóu 18 og 1906 dóu 11 (eftir mánaðarskýrslum lækna). Líklega eru fyrri tölurnar fullháar og þær síðari eru efa-laust of lágar.

Veikin hefir oftast verið fremur væg hér á landi á við það sem gerist í öðrum löndum. Jón Thorstensen landlæknir sá t. d. 1835 30 sjúklinga; af þeim dó 1; árið eftir sá hann 130 sjúklinga með taugaveiki; af þeim dóu 4. Árið 1906 sáu allir læknar landsins 266 sjúklinga, en geta ekki um nema 11, er dáðið hafi. Þessi sjúklingatala sannar, að veikin er enn mjög algeng. Og svo er óhætt að fullyrða, að þetta framtal er mikils til of lágt. Læknar vita ekki um nær því alla sjúklingana.

Taugaveikin bakar þjóðinni stórkostlegt tjón, vinnutjón, heilsutjón, manntjón, á hverju ári.

Og taugaveikin er sjálfskapað víti.

Því að það er alstaðar unt að útrýma henni að mestu eða öllu leyti. Það er unt, ef alþýða ber skyn á eðli veikinn-

ar og útbreiðsluhætti og varnir gegn heuni, og hefir einlægan vilja á því að stöðva hana.

Orsök veikinnar. Meginorsök taugaveikinnar er sóttkveikja, sem kend er við lækni þann er fyrstur fann hana (1880—82) og kölluð Eberth's-gerill. Þessi lífsvera er jurtakyns og svo smávaxin, að hún er með öllu ósýnileg berum augum. Hún er sívöl í vexti, en ávöl til endanna, og ekki nema $\frac{2}{1000}$ — $\frac{4}{1000}$ úr 1 millimeter á lengd.

Allir, sem fá taugaveiki, þeir fá hana af því, að þessir Eberth's gerlar hafa komist inn í líkama þeirra. Gerlarnir aukast nú og margfaldast í líkama hvers sjúklings. Og svo koma þeir út úr líkama sjúklingsins, miljónum saman, í hægðum hans, þvagi og hrákum.

Eberth's gerlar eru mjög lífseigir. Þeir geta lifað mánuðum saman á heimili, þar sem einhver hefir legið í taugaveiki; þeir geta lifað í óhreinindum á gólfi og veggjum, í óhreinum fötum, í salerninu, hlandforinni, öskuhaugnum, brunninum; í alla þessa staði getur sóttkveikjan komist úr sjúklingnum, ef engrar varúðar er gætt. Hvað marga mánuði getur sóttkveikjan lifað í húsum, fötum o. s. frv.? Því verður ekki svarað með fullri vissu. Það er víst, að hún getur lifað á annað misseri, og það er hugsanlegt, að hún lifi stundum mörg misseri.

Eberth's-gerillinn þolir vel kulda. Hann deyr ekki í vatni, þó að það frjósi. Hann getur lifað af öll vetrarfrostin bæði í haug og for. Lengst lifir hann í myrkri og raka og hlýindum. Hann þolir ekki suðuhita; hann drepst ef hann er sodinn, þó ekki sé nema hálfá stund. Þá er einnig ofur-auðvelt að drepa hann á eitri, t. d. karbólvatni, kresólsápuvatni eða súblímatvatni. Sólarljós þolir hann illa; hann örmagnast eða drepst, ef sól skín á hann margar klukkustundir.

Vegir veikinnar Sóttkveikjan (Eberth's-gerillinn) getur *mann frá manni.* borist úr líkama manns, er liggur í

taugaveiki, í líkama heilbrigðs manns og hann þannig tekið veikina; það köllum við, að veikin berist mann frá manni og segjum að hún sé n æ m.

Það ber oft við, að heilbrigður maður kemur á heimili þar sem fólk liggur í taugaveiki; hann þiggur góðgerðir og fær í þeim ofan í sig taugaveikisgerla úr einhverjum sjúklingnum. Heldur svo heimleidis. Legst að hálfum mánuði liðnum í taugaveiki. Og nú fara sóttkveikjurnar innan skamms að ganga út úr líkama hans og heim-sækja hitt fólkið og áður langt liður legst það líka í tauga-veiki, sumt eða alt. Þegar fyrsti sjúklingurinn er kominn á ról, bregður hann sér til næsta bæjar til að hitta kunningjana — og færir þeim sóttkveikjuna. Og þannig gengur það koll af kalli; sóttin berst mann frá manni, bæ af bæ. Þetta er gömul saga hér á landi. »Það skeði í fyrra, það skeði í ár og það skeður víst líka að ári« — vafalaust að ári, og í mörg ár enn, því að sóttvarnir eiga jafnan örðugt uppdráttar.

En þetta skulum við muna:

Ef einhver legst í taugaveiki, þá er sóttkveikjan jafnan ættuð úr öðrum manni, sem liggur eða hefir legið í veikinni.

Og svo skulum við íhuga nánar, hvaða leiðir sóttkveikjan fer mann frá manni.

Sóttkveikjan kemur ávalt út úr líkama sjúklingsins í hægðum hans, mjög oft líka í þvagini og hrákum, stöku sinnum í grefti úr ígerðum, sem hann fær; í litilli ögn af saurinum, í einum dropa af þvagini geta verið þúsundir enda miljónir af sóttargerlunum. Því er það skiljanlegt, að þeir hljóti að safnast fyrir utan á hörundi sjúklingsins, í nærföt hans, í rúmföt hans, og á rúmstæðið og vegginn og gólfíð kring um rúmið. Sá sem hirðir sjúklinginn hlýtur því að fá sóttargerlana á hendur sínar, oft líka í fót sín. Ef hann svo matast, án þess að sótt-hreinsa hendurnar (drepa sóttkveikjurnar sem á þeim eru), þá er við búið, að sóttargerlarnir fari af höndum hans á matinn og með matnum ofan í hann. Og svo fær hann

veikina. Nú eru tekin nærföt sjúklingsins og rekkjuvoðir til þvotta; þvottakonan handleikur þennan fatnað sjúklingsins, fær sóttkveikjur á hendurnar, og fer á sömu leið. Sjúklingurinn kemst á fætur, en rúmið hans er ekki sótt-hreinsað; gestur er látinn sofa í því; hann fær sóttkveikjur á sig, og í sig; fer á sömu leið. Þannig getur sóttkveikjan borist beina leið úr sjúklingnum í heilbrigða menn, ef þeir snerta á sjúklingnum eða saurindum hans eða fatnaði. Hún getur borist bæði í sambýlismenn sjúklingsins, í gesti sem að garði koma, eða fólk á öðrum bæjum, ef sóttmengaðir hlutir eru sendir þangað, eða einhver kemur þangað af sóttarheimilinu og er með sóttkveikjuna í fötum sínum, eða nýstaðinn upp úr veikinni, svo að sóttkveikjur eru enn í hægðum hans og fötin þá líka sóttmengað.

Þetta er afaralgengt og á þennan hátt læðist veikin venjulega bæ frá bæ í sveitunum.

En nú munu allir athugulir menn hafa tekið eftir því, að veikin hagar sér ekki eins á öllum bæjum. Sumstaðar veikist ein manneskja, sumstaðar tvær eða fleiri, og sumstaðar allir heimamenn. Stundum er veikin þá lengi að tína upp fólkið, það er að smáleggjast með viku eða hálfsmánaðar millibili; en stundum ber það líka við, að fyrst legst einn og svo nokkru seinna hrúgast hinir allir niður í einni svipan. Loks er það alkunnugt, að taugaveikin getur tekið sér fasta bólfestu; hún getur komið upp tvisvar á ári á sama heimili, eða enda mörg ár í röð. En einkum er það algengt að veikin verður landlæg í þorpum og kaupstöðum og gerir þar vart við sig á hverju ári.

Hvernig víkur því við?

Þeirri spurningu verður ekki svarað í fljótu bragði. Vegir sóttkveikjanna eru jafnan erfiðir rannsóknar, af því að þær eru ósýnilegar berum augum og oft afarerfitt að finna þær með þeim tækjum, sem til eru.

Fyrst og fremst verður jafnan að hafa í huga, að

hver næmur sjúkdómur er barátta milli lifandi sóttkveikju og lifandi mannslikama.

Um viðureign Eberth's-gerlanna við mannslikamann vitum við ýmislegt af reynslunni með fullum sanni. Við vitum: — 1) Menn geta fengið taugaveiki á öllum aldri. Ungfullorðnu fólki og stálpuðum börnum er hættast við veikinni. Smábörn fá hana mjög sjaldan, gamalt fólk sjaldan. — 2) Þó að manneskja fái sóttkveikjuna í sig, t. d. í mat eða drykk, þá er ekki víst að hún veikist, það getur verið að sóttkveikjan komist ekki inn í hold og blóð, eða mótstöðupróttur líkamans svo mikill, að hún geti ekki lifað þar. — 3) Þessi mótstöðupróttur líkamans er meiri, ef manneskjan hefir einhverntíma áður haft taugaveiki. Þess vegna er það sjaldgæft að sama manneskja fái veikina tvisvar eða oftár á æfinni, en þó ber það við. — 4) Mótstöðuprótturinn er minni en ella, ef líkaminn er veiklaður, af örbirgð og áhyggjum, drykkjuskap eða annari vanheilsu — slíkum manneskjum er hættast við næmum sóttum. — 5) Að jafnaði liður hálfur mánuður frá því er Eberth's-gerlarnir koma í manneskjuna og þar til er hún veikist. Þessi meðgöngutími veikinnar er þó mislangur, stundum ekki nema ein vika, stundum þrjár vikur, en langoftast hér um bil hálfur mánuður. Það er oft sagt að taugaveikin smitti helzt þegar sjúklingnum fer að batna. Það er rangt, kemur af því, að menn vita ekki um meðgöngutímann.

Nú skulum við bregða okkur með þessa vitneskju inn á fáein sveitaheimili, þar sem ein manneskja er nýlögst í taugaveiki á hverju heimili um sig, og við skulum fyrst gera ráð fyrir að engri varúð, engri sóttvörn sé beitt og sjá hvernig fer.

1. heimili. Ung hjón (bæði haft veikina), vöggubarn, tvævetrungr, vinnumaður, vinnukona, sjötug kerling. Þrifaheimili. Vinnukona fer orlofsferð á jólu-um á heimili þar sem stúlka liggur í taugaveiki, og legst sjálf í taugaveiki rétt eftir nýárið. Gamla konan hirðir

hana. Henni batnar. Eldra barnið er lasið vikutíma síðast í janúar. Annars allir frískir. Um vorið er borið úr forinni á túnið einn góðan veðurdag. Hálfum mánuði síðar verður vinnumaðurinn lasinn — legst — í taugaveiki. Saurindum hins fyrra sjúklings hafði verið kastað í forina, sóttkveikjan lifað þar, vinnumaður fengið hana þaðan. Lasleiki barnsins var taugaveiki, en það grunaði engan, af því að veikin var svo væg.

2. heimili: Miðaldra hjón. 4 stálpuð börn. 2 vinnukonur. 1 vinnumaður. Sóðaheimili. Um krossmessuleyti kom þar stúlka. Hún var föl og lotleg, sagðist hafa legið vikutíma, en verið lasin miklu lengur, en þóttist ekki vita, hvað að sér hefði gengið — þaðst gistingar, svaf hjá annari vinnukonunni.

3 vikum síðar lagðist þessi vinnukona.

Þegar hún hafði legið 3 vikur, lagðist hin vinnukonan.

Nú var læknir sóttur. Hann kvað þetta taugaveiki, skipaði sóttvörn; en eftir hálfan mánuð lagðist allt hitt fólkið á fám dögum.

Tvent dó, húsmóðirin og vinnumaðurinn.

Svo var heimilið sótthreinsað.

En eftir þetta fór veikin að stinga sér niður hingað og þangað í sveitinni og menn gátu rakið, að þeir sem veiktust höfðu flestir komið þarna á heimilið, eftir að veikin var afstaðin, og kendu því um, að ekki hefði verið sótthreinsað þar nógu vel.

En í þessu lá þannig:

Lotlega stúlkan vissi, að hún hafði legið í taugaveiki og ekki verið sótthreinsuð, vissi að hún gat borið veikina.

Hún sýkti alt heimilið og varð tveimur manneskjum að bana.

Þetta komst upp, en henni var ekkert gert.

Ef hún hefði kveikt í bænum á næturþeli, þá hefði almenningssálitið grýtt hana og dómarinn sett hana í svart-holið, þó að allir hefðu komist óskaddir út úr eldinum.

En þetta var sóttkveikja, en ekki eldkveikja, sem hún bar í bæinn.

Og um það var enginn að fást.

Þetta er ekki skröksaga.

Það er sannleikur.

Annað eins og þetta ber við upp aftur og aftur, í fyrra og í ár og að ári.

Þetta var byrjunin.

Seinni vinnukonan hafði hjúkrað þeirri sem fyrst lagðist og fengið sóttkveikjuna í sig beina leið frá henni.

Nú stóð svo á, að brunnurinn þarna á heimilinu var skamt frá forinni. Í forina var saurindum fyrsta sjúklingsins kastað ósótthreinsuðum. Þaðan sytraði vatn gegnum jarðveginn inn í brunninn; sóttkveikjurnar komust í brunninn. Nú fengu allir heimamenn sóttkveikjurnar í sig í vatninu. Þess vegna lögðust þeir í hrúgu, rúmum hálfum mánuði eftir að brunnurinn sóttmengaðist.

Þetta var sóðaheimili og allir veikir og forin fylltist af sóttkveikjum og brunnurinn fekk sinn skerf.

En sóttkveikjurnar í vatninu bitu ekki á heimafélkið, þegar það hafði staðið af sér veikina.

En þær bitu á gesti, sem komu þangað eftir að sótt-hreinsað var, þá sem ekki höfðu haft taugaveiki.

Þess vegna fór veikin að gera vart við sig hér og þar í sveitinni.

3 heimili: Gömul hjón. 5 börn, öll yfir fermingu (3 stúlkur og 2 piltar). Myndarheimili, en heldur þröng húsakynni. Eitt vor fekk eldri dóttirin að skreppa suður í Reykjavík. Þegar hún kom heim aftur, varð hún brátt lasin, var þó nokkura daga á fótum, en einn morgun fanst henni hún ekki geta klætt sig.

Gamli maðurinn sendi strax eftir lækni — það gerði hann jafnan í tíma, ef einhver varð lasinn. »Ekki vert að vera að draga það«, sagði hann ávalt, »hver veit nema það geti verið eitthvað smittandi.«

Læknir kom, sagði að stúlkan væri sóttheit, ekki vita hvað að henni gengi, það gæti verið taugaveiki í byrjun, réttast að hafa alla varúð, og sagði nákvæmlega fyrir, hvernig þeirri varúð skyldi hátað.

Parna voru ekki önnur hífýli en baðstofan, svo að sjúklingurinn varð að liggja »innan um hitt fólkið«. Og þetta reyndist taugaveiki. Stúlkan lá 8 vikur, mjög þungt haldin.

En mæðgurnar gættu nákvæmlega allra fyriræla læknisins um sóttvörnina, enda sýktust engir aðrir á heimilinu.

Þegar stúlkan hafði verið sóttitalaus í fullan hálfan mánuð, var sóttþreinsað og samgöngur leyfðar við heimilið.

Það kom engum að meini.

Manneskjurnar drápu sóttkveikjurnar, sem komu úr sjúklingnum, og þar með var sóttin úr sögunni.

Við skulum festa okkur vel í minni hvílíkur háski það er, ef taugaveikisgerlarnir komast í vatnsból.

Ef það er brunnur á sveitabæ, þá sýkjast allir heimamenn þeir sem gerlarnir vinna á, og þá geta gestir sýkst, sem að garði koma, eftir að veikin er horfin af heimilinu og sóttþreinsun lokið.

Ef vatnsbólið er í þorpi eða kaupstað og margir nota það, þá getur veikin gosið upp á mörgum heimilum á skömmum tíma. Það gerði hún hér í Reykjavík í Skugga-hverfinu, haustið 1906.

Ef vatni er veitt um járnæðar úr einni uppsprettu inn í öll hús í kaupstað og taugaveikisgerlar komast alt í einu í uppsprettuna, þá gýs veikin upp í öllum kaupstaðnum og verður að voða farsótt; ef sóttkveikjurnar berast stöðugt í slíkt kaupstaðarvatnsból (illa býið um það, mikil bygð nærri því og þar oft taugaveiki), þá verður vatnið stöðugt sóttmengað og taugaveikin landlæg, jafnan mikil brögd að henni og mest á aðkomnu fólki, sem ekki hefir haft hana áður.

Sama er að segja um kaupstaði, er hafa grunna og slæma brunna að vatnsbólum og enga eða illa fráræslu. Þar fyllist jarðvegurinn smátt og smátt af taugaveikisgerlum og þaðan skolast þeir við og við inn í brunnana t. d. í haustringingunum. Veikin verður landlæg. Þetta á við Reykjavík. Þetta átti við um Ísafjörð. Þar hætti taugaveikin, þegar brunnarnir voru byrgðir og vatni veitt inn í bæinn úr lindum uppi í fjallinu. Hér mun hún hverfa að mestu þegar vatnið kemur ofan úr Gvendarbrunnum. Og það ætti að vera ofurauðvelt að tryggja sér það, að sóttkveikjur komist aldrei í þær uppsprettur — fjarri allri mannabygð.

Loks má geta þess, að sóttkveikjan getur borist í mjólk. Ef mjólk er seld af heimili, þar sem taugaveiki gengur, þá er auðskilið að sóttkveikjan getur á ýmsan hátt borist í mjólkina, ef sóðalega er farið með hana. Mest er hættan, ef sóttkveikjan er í neyzluvatni heimilisins og mjólkinn vatnsblönduð (svikin) eða ilátin þvegin úr ósoðnu vatninu. Þetta getur átt sér stað. Það kom fyrir í kaupúni hér á landi eigi alls fyrir löngu. Algengt er það ekki.

Fyrrum var það hald manna, að sóttkveikjan bærisk oft í loftinu, t. d. sveimaði í andrúmsloftinu inni í sóttarherbergjum og bærisk þannig niður í lungu manna eða með munnvatninu niður í magann. Það má vera að þetta geti átt sér stað. En það hlýtur að vera sjaldgæft. Annars mundu lækna og hjúkrunarkonur sýkjast miklu oft en raun er á.

Hvernig veikin lýsir sér. Taugaveikin er hamhleypa. Hún á mörg gervi og þau mjög ólík hvert öðru. Og hún getur brugðið sér í líki ýmsra annara sjúkdóma. Þess vegna er oft mjög örðugt að þekkja hana og greina hana frá öðrum sóttum. Margir alþýðumenn halda, að hver sótt hljóti jafnan að vera sjálfri sér lík, einkennin ávalt söm. Ef þeir hafa séð taugaveiki einu sinni, þá halda þeir, að öll taugaveiki hljóti að vera

eins og sú, sem þeir sáu, og vilja ekki kannast við veikina, ef hún birtist þeim síðar í öðrum ham, þræta þá við lækinn, þykjast vita betur: »það þurfi enginn að segja þeim að þetta sé taugaveiki, þeir hafi séð hana svo oft.«

Það er því miður óvinnandi verk að lýsa öllum gervum taugaveikinnar, svo að alþýða manna geti jafnan borið kensl á hana. Læknum veitir það oft fullerfitt að þekkja veikina; og þó kunna þeir margar rannsóknaraðferðir, sem alþýða manna getur ekki haft um hönd.

Þegar veikin er mjög svæsin, liggja sjúklingarnir oft vikum saman örmagna og rænulausir með svarta skóf á vörum og tungu, litla eða enga matarlyst, en sífeldan niðurgang og fer oft alt í rúmið; þeir fá legusár. Þeir verða skinhoraðir. Deyja stundum óðara en varir. Ef þeir komast til heilsu, eru þeir afarlengi að ná sér og margur nær sér aldrei til fulls.

Þegar veikin er vægust, kennir sjúklingurinn lítilsháttar magnleysis eina viku, eða tvær, eða þrjár; hefir minni matarlyst en vant er og tregari meltingu; oft er þá lasleikinn svo lítill, að sjúklingurinn fer aldrei í rúmið, er einlægt á fótum, og leitar ekki læknis.

Eberth's-gerlarnir komast jafnan inn í blóð sjúklingsins og í því um allan líkamann. Þeir setja úr sér eitur og þetta eitur veldur sóttthita sjúklingsins og magnleysinu og skemdum á ýmsum líffærum. En þó að gerlarnir sveimi í blóðinu um allan líkamann, þá hafa þeir oftast höfuðaðsetur í einhverju einu líffæri, langoftast í þörmunum. Þess vegna fá flestir sjúklingarnir sár í þarmana, þess vegna eru Eberth's-gerlar í hægðunum.

En það ber við, að sóttkveikjan hefir aðalaðsetur í nýrunum og veikin líkist nýrnabólgu, eða í lungunum og veikin hagar sér sem lungnabólga, eða í heilanum og veikin er sem heilabólga (helzt í börnum).

Hvernig sem veikin lýsir sér, þá er orsökina ávalt hin sama — Eberth's-gerlar.

Og þó að einn sleppi vel, verði lítið veikur, þá geta

gerlarnir borist úr honum í aðra og þeir sumir orðið fáv-
veikir, sumir dáíð.

Það eru annars áráskifti að því, hversu þung veikin
er. Í sumum árum er hún yfirleitt væg; þá má vera að
ekki deyi fleiri en 4 eða 5 af hverjum 100 sjúklingum.
En þegar veikin er í versta ham, má búast við að fimti
hver sjúklingur bíði bana. Það er, með öðrum orðum, mis-
jafnt hvað sóttkveikjan er mögnuð.

Hvernig þekkja má veikina. Það er því miður afarerfitt fyrir alþýðu
manna að glöggva sig á þessari fjöl-
breyttu veiki. Ef sjúklingurinn verður
mjög þungt haldinn, bera alþýðumenn oft kenst á veikina,
enda er þá oftast læknis vitjað. Því miður vaknar grun-
urinn oft ekki fyr en um seinan, ekki fyr en sjúklingnum
fer að þyngja — og sóttkveikjan er komin úr honum í
aðrar manneskjur. Ef veikin er mjög væg, fer oft svo,
að læknis er aldrei vitjað; sjúklingnum batnar og engan
grunar, að hann hafi haft taugaveiki, fyr en þá síðar, ef
fleiri veikjast á sama heimilinu og verða ver úti.

Nú varðar það afarmiklu, að veikin þekkist í tíma,
bæði sjúklingsins vegna, til þess að rétt meðferð verði
höfð á honum, og ekki síður annara vegna, til þess að
komið verði í veg fyrir, að sóttkveikjurnar berist í þá úr
sjúklingnum.

Því er það rétt, ef einhver tekur sótt og er óljóst
hvað að honum gengur, að láta sér þá jafnan koma til
hugar að það g e t i verið taugaveiki.

Taugaveikin fer nær því ávalt mjög hægt að í fyrstu.
Þegar manneskjan hefir gengið með sóttkveikjuna í sér
um hálfan mánuð, þá fer hún að kenna magnleysis. Þetta
magnleysi ágerist smám saman, dag frá degi. Ef líkams-
hitinn er mældur, kemur í ljós að hann er of hár og
hækkar dag frá degi. Þessu fylgir oft höfuðverkur og
þeinverkir. Matarlystin þver; hægðir eru tregar; þvagið
er rautt (sótthitamerki). Oft dreyrir blóð úr nefinu og
stundum kemur hljómur fyrir eyrun eða deyfist heyrnin.

En þó að læknir rannsaki sjúklinginn, þá finnur hann ekkert, ekkert annað en sóttthitann, ef hann sér sjúklinginn fyrstu dagana. En þegar vikutími er liðinn frá því er sjúklingurinn veiktist, þá fara oft að koma út á kviðnum ljósrauðir smáðilar, sem hverfa í svip ef fingri er stutt á þá, en koma óðara aftur. Og komi nú læknir til, þá getur hann líka oftast orðið þess áskynja, að miltið er farið að tútna. Ef veiki hefir byrjað þannig eða þessu líkt og þessi tvö síðastnefndu einkenni koma í ljós, þá er talið víst að veikin sé taugaveiki.

Ef einhver sýkist og lýsi lasleikinn sér í magnleysi samfara sóttthita, sem ágerist dag frá degi, þá er rétt að hugsa jafnan fyrst og fremst til taugaveikinnar, beita allri varúð og vitja læknis ef vika liður og sjúklingurinn er enn lasinn — auðvitað fyr, ef hægt er að ná til læknisins.

Fyrstu dagana getur enginn læknir sagt með vissu, hvort sjúklingurinn er með taugaveiki.

En þegar veikin hefir staðið vikutíma, þá geta vel mentaðir og vel æfðir læknar oftast tekið af allan vafa, ef þeir fá að skoða sjúklinginn.

Eg sagði oftast, en ekki alt af. Svo margbreytileg er þessi veiki, að vanir læknar standa stundum í efa við sóttarsængina, geta ekki glöggvað sig á því, hvað að sjúklingnum gengur, hvort það er taugaveiki eða annar sjúkdómur, einhver þeirra sem hún getur líkst.

En því þá ekki að leita að sóttkveikjunni? Ef sjúklingurinn hefir taugaveiki, þá hljóta Eberth's-gerlar að vera í líkama hans; það er víst og satt. Ef engir Eberth's-gerlar eru í sjúklingnum, þá hefir hann ekki taugaveiki, heldur einhvern annan sjúkdóm.

Því getur þá ekki læknirinn gætt að því, hvort Eberth's-gerlar eru í saur sjúklingsins, eða í blóði hans?

Það er satt. Ef allir læknar gætu þetta, hefðu tæki til að finna Eberth's-gerlana, þá væri vandinn leystur.

Þetta er hægt. Það eru til áhöld og aðferðir til að finna Eberth's-gerla í saur, þvagi, blóði eða hrákum og greina þá frá öðrum gerlum. En þessi áhöld eru svo dýr

og aðferðirnar eru svo vandasamar og seinlegar, að slíkri leit verður ekki komið við annarstaðar en í gerlarannsóknarstofum. Þó hefir þessum rannsóknum fleygt áfram á síðasta áratug, aðferðirnar verið bættar svo mjög, að nú geta lækna lært þær, þó að þeir séu litt vanir gerlarannsóknum. Hvergi hafa þó lækna alment þessar rannsóknir um hönd. Þær eru enn erfiðari en svo.

Það er því mikil bót í máli, að þó lækna geti ekki enn leitað uppi sjálfa Eberth's-gerlana, þá er nýfundin fremur auðveld aðferð til að komast að því, hvort þessir gerlar eru í líkama sóttveiks manns.

Það eru rúm 10 ár síðan (1896) æð franskur læknir, Widal, tók eftir því, að ef hann lét ögn af blóðvatni úr taugaveikisjúkling saman við kjötseyði, sem var gruggað af lifandi, iðandi Eberth's gerlum, þá hlupu gerlarnir saman í smákekki og hættu að hreyfast. Svo reyndi hann blóðvatn úr ýmsum öðrum sjúklingum, en það fór ekki svona með gerlana. Með þessari aðferð er hægt að finna, hvort Eberth's-gerlar eru í sjúklingi; þó sjaldan fyrstu vikuna, en nær því ávalt í 2. eða 3. viku sjúkdómsins. Og síðan hafa menn fundið, að Eberth's-gerlarnir þurfa ekki að vera lifandi. Það má drepa þá, geyma líkin í vökva, unnvörpum, svo að vökvinn sé gruggugur. Gerlakin (gruggið) hlaupa saman í kekki, ef blóðvatn úr taugaveikum manni kemur til. Þessi aðferð er auðveld. Áhöldin eru ódýr. Allir lækna geta hagnýtt sér þessa aðferð. Og hún getur afar oft tekið af allan efa um það, hvort taugaveiki gangi að sjúklingi, eða eitthvað annað. Lækna hér á landi eru nú hver af öðrum að fá sér þessi áhöld og iðka þessa aðferð. Blóðmissi þarf enginn að óttast. Til þessarar rannsóknar þarf ekki meira en hálf litla teskeið af blóði úr sjúklingnum; er stungið í fingur eða eyrnasnepil og látið blæða úr stungunni.

Læknir getur svo haft blóðið heim með sér, þó langt sé farið, og gert rannsóknina heima.

Þá er enn í aðsigi ný aðferð til að finna, hvort Eberth's-gerlar eru í sóttveikum manni. Sú aðferð er allra ein-

földust, líkust bólusetningu; enn er þó vanséð, hvers virði hún er.

Þekking manna á taugaveikinni eykst ár frá ári. Widals rannsóknin hefir meðal annars leitt í ljós, að til eru tveir sjúkdómar, sem haga sér að öllu leyti eins og fremur væg taugaveiki, en hafa hvor sína sóttkveikju, koma ekki af Eberth's-gerlum. En báðir þessir taugaveikis-bræður eru sjaldgæfir, í samanburði við sjálfa taugaveikina.

»Mér datt ekki í hug, að það gæti verið taugaveiki,« — þau orð hefi eg margsinnis heyrt, þegar eg hefi komið á sóttarheimili og sóttin verið taugaveiki.

Menn ættu aldrei að láta þessa veiki detta úr huga sínum.

Ef einhver veikist og fylgir sóttthiti og er óljóst hvað um er að vera, þá er að muna þennan afar algenga sjúkdóm, taugaveikina; þá er rétt að láta sér fyrst og fremst detta í hug, að það geti verið taugaveiki, eða þá »eitthvað smittandi,« eins og gamli maðurinn sagði.

Um lækningu á veikinni. Geturðu læknað taugaveiki? Eg hefi oft orðið fyrir þessari spurningu. Allir læknar verða fyrir henni. Og allir hljóta að svara á sömu leið: Nei; við getum ekki læknað taugaveiki; við þekkjum engin lyf, engin ráð til að drepa sóttkveikjuna, Eberth's-gerlana, í líkama sjúklings eða ná þeim út úr líkamanum. Og við höfum ekki til örugt mót-eitur gegn sjúkdómseitrinu, sem Eberth's-gerlarnir setja úr sér í líkamann. Það hefir að vísu verið reynt undanfarin ár, að beita við taugaveikina líkri aðferð og nú er höfð við barnaveiki; taugaveikis-eitri (úr Eberth's-gerlum) hefir verið spýtt í hold á hesti, stærri og stærri skömtum; þá verður til móteitur í blóði hestsins. Síðan er blóð tekið úr hestinum, þeytt, og blóðvatninu spýtt inn í taugaveikis-sjúklinga. Þannig lögud blóðlækning hefir, eins og allir vita, gefist ágætlega við barnaveiki. Hún hefir ekki gefist eins vel við taugaveiki; en þar er hún enn á tilrauna-skeiðinu og óvíst hver endirinn verður.

En getum við þá ekkert gert sjúklingnum til hjálpar? Það getum við, bæði margt og mikið.

Sóttin er stríð milli holdsins og sóttkveikjunnar. Stundum verður sóttkveikjan yfirsterkari og sjúklingurinn lætur lifið. En miklu oftar á líkaminn sigri að hrósa; sóttkveikjan hörfar af vígvellinum, hverfur úr líkamanum, og sjúklingnum batnar. Í þessari viðureign líkamans við sóttkveikjuna, meðan á sjúkdómnum stendur, tekur blóðið breytingum, í þá átt, að lífsskilyrði sóttkveikjunnar þverra, og loks verður henni ólift í holdi og blóði sjúklingsins; þá hverfur hún, þá kemur batinn. Og þessi líkamsbreyting getur haldist lengi eftir að sjúkdómurinn er um garð genginn, stundum alla æfi, svo að líkamanum er ekki fram- ar hætta búin af þessari sóttkveikju. Þess vegna taka fáir taugaveiki oftár en einu sinni.

Hér er talað um taugaveiki; líkt má segja um margar aðrar sóttir.

En þetta getum við gert fyrir sjúklinginn: Við getum hjálpað honum, hjálpað líkama hans í baráttunni við Eberthsgerlana.

Við getum ekki tekið sóttkveikjuna úr líkama sjúklingsins, ekki læknað taugaveikina, en við getum hjálpað sjúklingnum, létt honum baráttuna, linað þrautir hans og mjög oft komið í veg fyrir að sjúkdómurinn verði honum að bana.

Hvernig fara skal með sjúklingana. Hvað þarf að gera og hvað getum við gert til að hjálpa sjúklingnum, hjálpalíkama hans í baráttunni við sóttkveikjuna? Þetta þarf að gera: 1.) Spara kraft líkamans, láta sjúklinginn ekkert reyna á sig; 2.) halda við kröftunum með hentugri næringu, og styrkjandi lyfjum, ef í nauðir rekur; 3.) draga úr sótthitanum, ef hann er mjög mikill eða þjáningar samfara honum; 4.) greiða gerileitrinu veg út úr líkamanum; 5.) vernda veiklaðan líkama sjúklingsins fyrir öðrum sóttkveikjum.

1. Sjúklingurinn á að liggja; þó honum finnist hann geta verið á fótum, þá á hann samt að liggja, frá því er

veikin byrjar og þar til er hann hefir verið sótthitalaus í viku eða hálfan mánuð. Þetta er afaráriðandi. Allir vita hvers virði það er að hafa hendina í fatli, í ró, ef fingur er bólginn. Taugaveikin er eins konar bólguveiki. En hún er í öllum líkamanum. Hann þarf allur ró.

Bezt er að hafa sjúklinginn í lausu rúmi, og sé hægt að komast að því beggja vegna. Vatnsheldur dúkur ætti að vera ofan á undirsænginni til verndar fyrir saur og þvagi. Ullarábreiður eru hentugri ofan á en fiðursæng, hægra að hreinsa þær.

2. Ef sjúklingnum er gefið þungt fæði, t. d. saltket, rúgbrauð og harðfiskur, getur margt ilt af hlotist, bólgan aukist í þörmunum, æðar sprungið og blætt til ólífis, eða göt komið á þarmana, þar sem sárin eru í þeim, og þá banvæn lífhimnubólga. Bezta fæði handa þessum sjúklingum er mjólk; 1 bolli af mjólk 2. eða 3. hvern tíma, svo að sjúklingurinn fái $1\frac{1}{2}$ —3 potta á sólarhring. Það verður að halda að honum mjólkinni, ef hann er lystarlaus. Mjög margir lækna láta sjúklingana enga aðra næringu fá, fyr en sóttarhitinn er með öllu horfinn. Þunna hafrásúpu eða bygggrjónaseyði er þó jafnan óhætt að gefa sjúklingunum; þunt kjötsoð og eggjarauður koma þar næst til greina. Þegar sjúklingurinn hefir verið hitalaus nokkra daga, er fæðið smáukið; má þá gefa honum tvíbökur, svo velling, svo nýjan fisk eða nýtt, mjúkt, magurt kjöt. En fara varlega. Annars getur sjúklingurinn fengið aftur sótt hita, eða þarmarnir enda rifnað, því að sárin í þeim eru oft lengi að gróa, oft ekki heil fyrir en viku eða hálfum mánuði eftir að sótt hitinn er horfinn.

3. Sótt hiti (feber) fylgir jafnan taugaveikinni. Og margir halda að það sé sjálfsagt, holt og gagnlegt að gefa sjúklingnum »eitthvað við hitanum.« Mörg lyf eru til, sem lækka sótt hita og sum eru þjóðkunn, t. d. antifebrín, antipyrín og kinín. En þessi lyf eru tvieggjuð vopn; þau gera stundum gagn, en líka oft ógagn. Ef sóttveikur maður er mjög máttfarinn, getur einn antifebrín-skammtur ridið honum að fullu. Alþýða manna ætti aldrei

að gefa inn antifebrin sjúklingum, sem liggja í taugaveiki, að lækni forspurdum. Kinín á betur við, er miklu hættu- minna og miklu gagnlegra. En bezta og hollasta ráðið til að lækka sóttshitann, það er v a t n, að lauga sjúkling- inn eða þvo honum um allan kroppinn uppúr hálfköldu vatni.

Ef hitinn er vægur, um 39° C. eða þaðan af minni, og sjúklingurinn með fullri rænu, rólegur og verkjalaus, þá er langréttast að láta hann eiga sig, gera ekkert til þess að lækka hitann. En ef sóttshitinn er mjög mikill og sjúklingurinn óróf og þjáður og máttfarinn og lystarlaus, þá er íköld laug hin bezta hjálp, sem honum verður veitt. Vatnið kælir líkamann; það róar taugakerfið og línar þján- ingarnar, sem sóttthitanum fylgja; það örfar blóðrásina og andardráttinn; það vekur matarlystina. Vatnið er notað á mjög margan hátt. Bezt er að hafa laugarker og láta sjúklinginn liggja í kerinu 10—15 mínútur í einu, svo að fljóti yfir hann upp að höku; en þá verður læknir að segja fyr- ir um vatnshitann og hversu lengi og hversu oft skuli lauga sjúklinginn. Lang-einföldust og auðveldust er þessi aðferð: hafa vatnið í bala, 10—15^o heitt, og stóran svamp, færa sjúklinginn úr skyrturni og strjúka hann frá hvirfli til ylja með kaldvotum svampinum, en vera ekki að því lengur en nokkrar mínútur, þerra hann svo með þurrum dúk og nú þétt alstaðar nema á kviðnum, gæta þess að koma ekki fast við kviðinn (sárin í þörmunum!); er rétt að færa ekki sjúklinginn aftur í skyrturnar að svo stöddu, en breiða vel ofan á hann. Þessi einfalda og hættulausa meðferð gerir oft það að verkum að sjúklingurinn róast að mun, ædaslögin styrkjast, hann tekur við næringu og sofnar rólega á eftir. Og þessu má beita oft á sólarhring, þriðja hvern tíma ef þörf gerist.

4. »Gefið þið mér að drekka — kalt vatn að d r e k k a«. Það er kvöld og morgunbæn, það er oft sífeld bæn sóttveikra manna. Margsinnis hefir það verið fyrsta verkið mitt, þegar eg hefi komið að sóttarsænginni að verða við þessari bæn sjúklingsins, rétta honum vatn og segja honum að drekka og láta hann vita, að hann megi drekka,

einlægt vera að drekka, eins mikið og hann lysti; og eg hefi séð þakklætið skína út úr augum sjúklingsins og horft á hann renna hróðugu hornauga til fólksins og lesið út úr huga hans: »þarna getið þið séð; eg má drekka«. Fólkið gerir þetta auðvitað í bezta tilgangi, að halda í vatnið, meina sjúklingi, sem liggur í taugaveiki að drekka kalt vatn. Og þessi bezti tilgangur er afaralgengur, en öldungis rannvitlaus.

Sjúklingurinn þarf að drekka, á að drekka og drekka mikið.

Meira en helmingur af líkama mannsins er vatn. Vatnið er því lífsnauðsyn. Það er einn hinn versti dauðdagi, að deyja úr þorsta.

Við látum vatn niður í magann í flestum mat; og við drekkum það, ýmist óblandað, eða blandað ýmsum efnum til smekkbætis, hressingar eða næringar; en beztur svala-drykkur er hreint, kalt vatn.

Vatnið fer úr meltingarfærunum inn í blóðið og um allan líkamann. Það fer aftur út úr blóðinu og út úr líkamanum gegnum nýrun (þvagið), húðina og lungun. Þegar það kemur út úr líkamanum, eru í því mörg úrgangsefni, sem líkaminn þarf að losna við.

Ef sótteitur er í blóðinu, þá fer það út úr líkamanum með vatninu (mest í þvagini).

Því meira sem sjúklingurinn drekkur, þeim mun meira vatn fer inn í blóðið og út úr því aftur, og þeim mun meira skolast burtu af sótteitrinu úr líkamanum.

Það er því ein hin mesta og bezta hjálp, sem veitt verður þessum sjúklingum, að láta þá drekka sem allra mest af hreinu köldu vatni, til þess að sótteitrið (úr Eberth's-gerlunum) safnist sem minst fyrir, skolist sem mest burtu úr líkama þeirra.

Sjúklingurinn fær mjólk; í henni er vatn; en það er ekki nóg. Segjum hann drekki 2 potta af mjólk á sólarhring; þá er bezt að hann drekki þar að auki 2 potta af hreinu köldu vatni; það verða 4 pottar í alt. Og má vera meira, upp í 6 potta.

Það er óþarfi að blanda drykkjarvatn sjúklingsins; en mörgum sjúklingum finst vatnið svala sér betur og

drekka af enn meiri lyst, ef það er sýrt. Í sveitum má láta í það ögn af gamalli góðri sýru (1 eða 2 matskeiðar í $\frac{1}{2}$ pott af vatni).

Afenga drykki skal ekki gefa sjúklingunum nema læknir segi fyrir.

5. Ef maður hrufnar sig á hendi og hirðir ekki um, þá er við búið, að ilt hljótist af. Líkaminn er veikur fyrir þar sem skeinan er. Ef óhreinindi koma þar að og í þeim sóttkveikjur, þá er hætt við þrota eða ígerð. Oft verður litið úr bólgunni. En stundum verður hún þó að alvarlegum sjúkdómi og enda að banameini.

Þetta vita allir og þetta skilja allir. Vita líka að þessu má varna. Og vörnin er hreinlæti, hreinsa meiðslið og halda því hreinu. til þess að sóttkveikjur komist ekki í það.

Nú liggur maður í taugaveiki. Þá er allur líkaminn veikur fyrir og mikil hætta á því, að ýmsar sóttkveikjur, sem eru í öllum óhreinindum, geti unnið á honum, komist inn í holdið og hjálpað Eberth's-gerlunum til að bana sjúklingnum.

Það er því ein hin brýnasta nauðsyn að þrifa sjúklinginn sem bezt má verða. Þvo andlit hans og hendur á hverjum degi; þvo allan líkamann úr volgu vatni, einu sinni eða tvisvar í viku, eins þótt hann sé laugaður úr köldu vatni vegna sóthita: þvo óðara af, ef hörundið saurgast af hægðunum eða þvaginum. Þá skal og skifta um vöðir og ver og nærföt, þegar óhreinkast fer. Enn fremur varðar mjög miklu, að munnurinn sé iðulega hreinsaður; skal reyna að fá sjúklinginn til að skola munninn vandlega, áður en hann etur eða drekkur, og eins á eftir í hvert sinn er hann hefir drukkið mjólk eða neytt annarar fæðu. Loks ber að gæta þess, að andrúmsloftið sé hreint; ella er lungunum hætt. Það er öldungis óhætt að hafa glugga opinn eða á gátt. Eg hefi ekki orðið þess var, að hreinn súgur skemmi nokkra manneskju. En eg veit fyrir vist að óhreint andrúmsloft verður mörgum að meini. Og kuldann er ekki að óttast. Sóttveikur maður — hann er

nógu heitur. Hann þarf ekki meira en 12—15° C. Honum líður ver, ef meira er hitað. Þegar sóttthitinn er horfinn, þá fyrst verður hann kulvis og þarf meiri stofuhita (18° C.).

Það er gamalt latneskt læknamáltæki: Gættu þess fyrst að gera ekki mein (*primum non nocere*). Þetta alt um meðferð á taugaveiki er ætlað alþýðumönnum, í því skyni, að þeir læri að gera ekki sjúklingunum mein.

Taugaveikin er svo margbreytt og manneskjurnar líka, að engir tveir sjúklingar eru alveg eins.

Að sumu leyti verður þó meðferðin lík á öllum sjúklingunum. Og hér hefir verið rætt um þau atriði.

En að öðru leyti þarf oft eitt að gera við þennan sjúkling og annað við hinn; sitt á við hvern. Það er vandinn. Þar þarf mikla þekkingu og reynslu; til þess þarf læknislist.

Hvernig varna má því, að taugaveiki berist mann frá manni.

Eberth's-gerlarnir eru orsök veikinnar. Ef einhver fær taugaveiki, þá er það af því, að þessir gerlar hafa komist inn í hold hans og blóð. Og þeir eru ávalt komnir úr annari manneskju, sem hefir þessa sömu veiki, eða hefir haft hana. Leið gerlanna úr einni manneskju í aðra er stundum stutt og bein og fljótfarin, en stundum löng og krókótt og langur tími frá því er einn sýkist, þar til er annar tekur við. Þessu er áður lýst.

Hér er því um að gera að drepa sóttkveikjuna.

Ef maður legst í taugaveiki og allir Eberth's-gerlarnir eru drepnir jafnharðan og þeir koma út úr líkama hans, í saur, þvagi og hrákum, þá er fyrir girt að aðrir fái sjúkdóminn af þeim sjúkling.

Ef þannig væri farið með alla, sem fá taugaveiki hér á landi á komandi árum, þá mundi veikin óðum þverra og að lokum detta úr sögunni.

Hver er sjálfum sér næstur.

Ef einhver legst í taugaveiki, þá stendur heima-
mönnum næst að annast þetta, drepa sóttkveikjuna, sem
kemur úr sjúklingnum, til þess að hún fari ekki í þá
sjálfa.

Það er auðvitað langbezt bæði fyrir heimilið og fyrir
sjúklinginn, að koma honum í sjúkrahús.

Þess er enginn kostur til sveita. Þeim mun meiri
vandi hvílir þar á heimilinu. En þó að veikin berist í
einn mann á sveitaheimili, þá má vel hirða sjúklinginn
svo, að sóttkveikjan komist ekki úr honum í aðra heima-
menn, eða á önnur heimili. Og þó að sjúklingurinn geti
ekki verið sér í herbergi og verði að liggja í baðstofunni
(auðvitað einn í rúmi), þá á sóttvörnin að geta tekist engu
að siður. Í útlendum sjúkrahúsum er það sumstaðar siður
enn í dag að hafa menn með taugaveiki í sömu stofum
og aðra sjúklinga. Og það ber afarsjaldan við, að hinir
sjúklingarnir taki veikina. En þar er líka gætt allrar
varúðar.

Hér verður þá um tvent að ræða: 1) Hvernig drepa
má sóttkveikjur; 2) hvernig beita skal þeim ráðum við
taugaveiki.

*Um sótt- Öll sóttþreinsun er sóttkveikjudráp. Sóttmeng-
hreinsun.* aður er hver sá hlutur, sem lifandi sóttkveikjur
eru í eða á. Tveim höfuðaðferðum er beitt til
að bana sóttkveikjum: hita eða eitri.

Ef sóttmengaðir hlutir, t. d. föt, eru soðnir hálfá
stund í vatni, þá drepast sóttkveikjurnar. Marga hluti,
sem skemmast í sjóðandi vatni, má sóttþreinsa í sjóðheitri
vatnsgufu. Sóttþreinsunarofn er áhald til þess; það er
gríðarstórt járnkerald, sem er sett þvers um gegn um
steinvegg, og járnhlemmur fyrir hvorum enda og má
loka loftþétt. Sóttmengaður fatnaður er látinn inn um
annað endaopið, á járngrind, lokað og síðan hleypt sjóð-
heitri vatnsgufu (eða enn heitari) inn í keraldidið úr gufu-
katli. Að $\frac{1}{2}$ —1 stundu liðinni er hinn endinn opnaður
og þar tekinn út fatnaðurinn. Því að sitt herbergið er

hvoru megin við ofnvegginn, annað fyrir sóttmengaða hlutina, hitt fyrir þá sóttreinsaða. Slikur ofn með húsi yfir kostar 3—4 þúsund kr. Einn er til hér á landi. Hann er í Laugarnesi við holdsveikraspítalann og hefir komið Reykjavík og nærsveitum að góðu haldi.

Menn þekkja mjög mörg eitur, sem drepa sóttkveikjur. Hér skal nefna nokkrar af þeim eiturbloðum, sem tíðast eru notaðar.

Karbólvatn, 5⁰/₀ (dýrt); súblímatvatu, 1⁰/₀₀ (ódýrt, en mjög eitrad og því vandfarið með það); klórkalkvatn, 4⁰/₀; kresólsápuvatn, 5⁰/₀ (mjög ódýrt og eitt hið bezta sóttreinsunarlyf).

Loks er vert að muna það, að flestar sóttkveikjur þola illa birtu. Ef sóttmengud húsgögn eru viðruð úti, helzt 3—4 vikur, í skjóli fyrir regni en í góðum súg og móti sólu, þá má oftast treysta því, að sóttkveikjurnar drepist. Fóðraða stóla og bekki má t. d. bursta upp úr karbólvatni og viðra síðan, sem hér var sagt.

Nú er að ræða um taugaveiki.

Það er á sveitaheimili og sjúlingurinn verður að liggja í baðstofunni — alt sem erfiðast.

Ef heilnamenn þurfa að fara til annarra bæja, t. d. til að vitja lækni, þá gæta þeir þess að koma hvergi inn, nema brýna nauðsyn beri til, og láta þá vita af því, að taugaveiki sé heima hjá þeim, til þess að fólk á viðkomustaðnum sé við öllu búð.

Ef gestur kemur á sóttarheimilið, er hann varaður við veikinni, bannað að koma inn að öpörfu.

Einum kvenmanni er falið að hirða sjúklinginn að öllu leyti. Hún má ekki eiga við mat, ekki vera með börn. Hún hefir léreftsforklæði yzt fata (þvær það oft) og uppbrettar ermar í hvert sinn er hún býr um sjúklinginn, baðar hann eða hagræðir honum, og þvær sér vandlega um hendur og handleggi á eftir, í hvert skifti, úr heitu vatni og sápu með handbursta (kostar 10 aura); ef hún hefir sóttreinsunarlög, burstar hún hendurnar úr honum á eftir með öðrum bursta.

Kirna er tekin undir öll óhreinindi sjúklingsins og höfð í framhýsi á afviknum stað. Í næturgagn sjúklingsins og hrákabolla er látið kresólsápuvatn eða karbólvatn eða annar sóttþreinsunarlögur, jafnmikið og fyrir er í ílátuum; síðan er helt úr þeim í kirnuna. Þegar sjúklingnum er þvegið, er þvottaskolpið blandað á sama hátt og helt í kirnuna. Þar verður þetta að standa 4 stundir eða lengur, áður en út er helt, og er bezt að grafa djúpa holu úti á túni, langt frá vatnsbóli, og hella í hana. Ef sóttþreinsunarlyf eru ekki til, eða þrjóta, þá má safna öllu þessu í pott, setja hann yfir eld, er hann fyllist, láta sóða í (hnefafylli), ef til er, og sjóða hálfá stund, hella síðan út. Pottinn má vel hreinsa síðar, svo að ekki saki.

Nærföt sjúklingsins og voðir og ver úr rúminu eru tekin óðara en á þeim sér, soðin í vatni $\frac{1}{2}$ stund og síðan þvegin. Fatnaðinn má láta í vel heldan stamp, hella vatni yfir og geyma, þar til sóttþreinsað verði í sóttþreinsunarlegi eða suðuhita.

Gólf eru þvegin daglega, en aldrei sópuð þur. Þess er gætt að ekki atist rúmstæði sjúklingsins eða veggurinn við rúmið og óðara þvegið, ef til ber.

Sjúklingurinn fær sérstök matarílát; aðrir skulu ekki eta úr þeim; og þau skal þvo sér úr sjóðheitu vatni.

Þetta er þá allur vandinn. Hann er ekki mikill og kostnaðurinn því minni.

Hitt er mikið, sem upp úr þessu hefst. Skynsamleg meðferð á sjúklingnum og sífeld sóttþreinsun á óhreinindum hans ber venjulega þann dýrmæta árangur, að sjúklingurinn lifir, en sóttkveikjan drepst, svo að engir aðrir taka sóttina.

En hvað á þetta lengi að ganga? Hvenær hættir útferð sóttkveikjunnar (Eberth's-gerlanna) úr líkama sjúklingsins?

Venjulega er sóttkveikjan með öllu horfin úr líkama sjúklingsins, þegar hálfur mánuður er liðinn frá því er

sótthittinn hvarf til fulls. Þá má gera fullnaðarsóttthreinsun og hefja samgöngubann.

En því er ekki að neita, að einstöku sinnum bregður út af þessu. Menn hafa fyrir skömmu uppgötvað, að Eberth's-gerlarnir geta stöku sinnum haldið áfram lífi sínu í innýflum manneskju, sem legið hefir í taugaveiki, og það í marga mánuði, óvíst hvað lengi, eftir að taugaveikin er um garð gengin og manneskjan alfrísk. Þessar gerlamneskjur eru háskagripir; sóttkveikjan er í hægðum þeirra; enginn varar sig á þeim; þær geta sáð veikiþni hingað og þangað. Og þá veit enginn hvaðan hún er komin. Þess eru enda dæmi, að Eberth's-gerlar hafa fundist í hægðum heilbrigðra manna, sem aldrei hafa haft taugaveiki; gerlarnir hafa þá komist niður í þarmana, en ekki þaðan inn í hold og blóð manneskjunnar og hún því ekki sýkst.

Menn skulu ekki óttast þetta um of. Þetta er sjaldgæft. Það rýrir ekki gildi sóttvarnanna. Það skerpir nauðsyn þeirra og kennir okkur í viðbót, að það er skylda hvers manns, sem fengið hefir taugaveiki, að gæta hins ítrasta þrifnaðar lengi á eftir.

GUDM. BJÖRNSSON.

Jónas Lie.

Á Íslandi eiga allmargir menn og konur að þakka Jónasi Lie, skáldsagnamæringnum norska, er andaðist í sumar, margar ánægjustundir; er því skylt að minnast hans og æfistarfs hans í islenzku tímariti, og það því fremur sem hann um 1870, er stjórnmaál vor áttu einna erviðasta aðstöðu hjá Dönum, lagði Íslandi drengilega liðveizlu í norskum blöðum, eins og skáldabróðir hans Björn-stjerne Björnson og ýmsir aðrir mætir samlandar þeirra.

Jónas Lie átti að rekja ætt sína til norskra fjalla-bænda frá Stóruhlið norður undir Dofrafjöllum. Langafi hans, ötull maður og vel gefinn, fluttist búferlum til Þrándheims, af því að hann þoldi lítt stritvinnu og búskapar-umstang. Hann varð þjónn á fógetaskrifstofu í Þrándheimi, en kom með dugnaði sínum og vitsmunum ár sinni svo vel fyrir borð, að hann varð mesti atkvæðamaður í borginni, er stundir liðu fram. En nokkuð þótti hann einráður um málefni borgarinnar og mun hann með fram af því hafa verið kallaður Þrándheimskonungur.

Faðir Jónasar lagði fyrir sig lög og varð dugandi og samvizkusamur embættismaður, en móðir Jónasar var kona stórgáfuð af Finnakyni í móðurætt, og sagði hann svo sjálfur frá, að frá henni væri sér komið hugmynda-flug og orðgnótt.

Jónas var fæddur 6. nóv. 1833. Þegar hann var 5 vetra, fluttist faðir hans til Tromsö og varð þar bæjar-fógeti.

Jónas litli ólst upp á hinum sagnauðgu og hrikalegu stöðvum, sem nefndust Hálogaland í fornöld, og varð þegar

í æsku heillaður af þeim. Hefir hann í skáldsögunni »Den Fremsynte« (Davið skygni) lýst æskustöðvum sínum og mörg beztu æfintýri hans eiga rót sína að rekja til sagna, er hann hefir heyrt þar í æsku.

Foreldrar Jónasar voru bæði vel að sér og létu sér því ant um, að sonur þeirra lærði eitthvað. En fram eftir aldri var því ekki að hrósa, því að hann var mesti slóði við alt nám. Þegar hann gekk í barnaskóla, þurfti hann einlægt að staldra við og »góna og glápa« á hvað eina sem fyrir augun bar, að því er honum segist sjálfum frá. Var hann því oft 1—2 stundir á leiðinni í skólann, þótt það væri ekki nema 10 mínútna gangur. Ekki tók betra við, er hann var settur í unglingskólann. Hann var jafnlatur og áður, en var nú drjúgum barinn fyrir letina. Loks var hann settur í latinuskólann í Björgvin, en námið gekk þar og ærið skrykkjótt og bekkjabræðrum hans þótti hann fáfróður og ankannalegur um marga hluti. En tvent var það sem aflaði honum álits hjá skólubræðrum sínum. Hann var einhver mesti áflogakragi og kunnni að segja vel og skipulega frá ýmsu, sem hann hafði séð eða heyrt. Þessi ár fór hann að bera við að yrkja, en ljóð hans fengu litinn byr hjá félögum hans. Eftir 4 ára skólaveru fór hann úr skóla og var nú sendur til Kristjaníu til Heltbergs gamla. Hann var kennari með afbrigðum og þótti geta gert hvern letingja eða liðlétting að stúdent. Svo fór og hér. Þegar Jónas hafði dvalið $\frac{1}{2}$ ár á stúdentaverksmiðju Heltbergs, tók hann stúdentspróf með 2. einkunn.

Björnstjerne Björnson var Jónasi samtíða hjá Heltberg gamla. Fór Jónasi sem mörgum öðrum félögum Björnsons í þá daga, hann varð heillaður af snild og höfðingsskap hins »fráneyga og stórhuga leiðtoga«, en Björnson batt vináttu við Jónas og glæddi með stakri nærfærni trú Jónasar á skáldskapargáfu sína. Hefir Jónas í bréfi til Björnsons sjálfur skýrt frá því, hversu rík og víðtæk áhrif Björnson hafi haft á sig.

Þegar Jónas var orðinn stúdent, fór hann að lesa lög. Laganámið sóttist seint, því að fyrstu árin var hugur hans ærið reikull við námið. Loks lauk hann þó lögfræðisprófi með góðum vitnisburði og varð skömmu síðar yfirréttarmálaflutningsmaður í Kongsvinger og gekk að eiga frændkonu sína Thomasine Lie. Löngu síðar hefir Jónas í upphafi skáldsögunnar »Et Samliv« að nokkru leyti gert endurminningarnar um sæludaga þeirra hjóna að yrkisefni, enda var hjúskapur þeirra alla æfi svo ástúðlegur og fagur og Thomasine manni sínum svo glöggur og hollur ráðunautur við ritstörf hans, að Jónas hefir sjálfur sagt, að gengi margra skáldsagna hans sé ekki síður að þakka henni en sjálfum sér.

Um 1860, er Jónas Lie settist að í Kongsvinger, hófust þar nokkur uppgangs- og gróðabrallsár. Erlendis hafði trjáviður hækkað mikið í verði og fyrir því höfðu skógarnir í nærsveitunum við Kongsvinger komist í geipi-verð, en með fram af því að járnbraut var lögð þar um þær mundir.

Jónas átti ýmsa mikilsmegandi menn að og var sjálfur hinn ljúfasti í umgengni, fekk hann því brátt marga viðskiftamenn og græddist drjúgum fé. Hann var hinn gestrisnasti á heimili sínu og á vetrum gekk ekki á öðru en sífeldum veizlum og samkvæmum bæði hjá honum og öðrum fyrirmönnum í Kongsvinger og stórbændunum þar í nágrenninu. Stundum fóru kunningjar hans heim til hans til þess að fá hann með sér í orlofsferðir eða skemtiferðir. Þegar hann svo færðist undan sakir annrikis, höfðu þeir til að segja: »Þú þorir ekki að fara fyrir henni Thomasine, konunni þinni«. Eftir á bar það einatt við, að kona hans bar sig upp undan því, að vinir hans ætluðu, að hún réði ferðum hans, hafði hann þá til að segja: »Sögðu þeir það, Thomasine, sögðu þeir það?« Hann hafði þá alls ekki veitt orðum þeirra eftirtekt, heldur verið annars hugar.

Þess á milli komu góðvinir hans stundum að heim-
sækja hann, svo sem Björnson eða Ole Bull. Þá var

mikið um dýrðir á heimilinu, ekki sízt þegar Ole Bull tók fiðluna sína og heillaði áheyrendurna með tónum sínum.

En féglæfrarnir og gróðabrallið, sem fyr var vikið að, fór vaxandi og Jónas Lie var engan veginn eins varkár og forsjáll sem skyldi. Hann flæktist inn í margvislegar ábyrgðir og viðskifti, sem voru í mesta máta ótraust, og þegar hrunið reið að, sogaði fjárþrota-hringiðan hann í sig. Hann misti aleigu sína og stóð uppi með tvær hendur tómar, konu og þrjú börn og skuldir, sem námu um 1 miljón króna.

Á ferð til Kristjaníu vorið 1868 skýrði Jónas konu sinni frá, hvernig komið væri fyrir sér. Hann var magnþrota á líkama og sál og honum fundust öll sund lokuð. Það er bággt að segja, hvað hann hefði tekið til bragðs, hefði hann ekki átt þá konu sem hann átti. Hún hughreysti hann, lagði niður fyrir honum, hvernig þau gætu dregið fram líf sitt og barnanna og hvatti hann til að gefa sig nú nær einvörðungu við skáldskapnum.

Með þeim fasta ásetning að rétta aftur við hag sinn fluttist Jónas um haustið til Kristjaníu. Þungt var honum í skapi, er hann hugleiddi framtíðarhorfurnar, en sárast sveið honum þó að geta ekki borgað hverjum sitt og mörg ár bjó skuldasúpan honum angur og trega og lét hann ala aldur sinn fjarri fósturjörð sinni. Ekki er hitt síður merkilegt og einkennir allvel manninn, að mörg ár reyndi hann eftir mætti að grynna á skuldum sínum, þar til vinir hans leiddu honum fyrir sjónir, að það væri ókleift verk. En hins getur sagan ekki, hversu hann tók sér nærri að láta af þessari tálvon.

Eins og búast mátti við, átti hann í fyrstu erfitt uppdráttar og varð að leggja fyrir sig blaðamensku, tíma-kenslu og fasteignasölu. Auk þess var hann einkaritari Jóhans Sverdrups, stjórnámálamannsins mikla, og bar úr bítum fyrir það 25 spesiudali á mánuði. En í tómstundum sínum fór hann að semja skáldsögu, sem kom út um jól 1870 og gerði hann í skjótri svipan frægan um

endilangan Noreg. Hún nefndist »Den Fremsynte eller Billeder fra Norland«. Að Jónas Lie hefir sjálfur kunnað að meta skáldsögu þessa, má marka af því, að nokkrum vikum áður en hún kom út hitti hann á götu í Kristjaníu góðan vin sinn, sem tók hann tali og fór að hughreysta hann. Jónas var eins og annars hugar, en sagði loks eftir langa þögn: »Nú fer eg að uppskera«. Þegar bókin kom út, skildi vinur hans, við hvað hann hafði átt.

Það er óþarfi að rekja hér efni bókarinnar, þar sem hún er kunn mörgum lesendum og birtist auk þess innan skamms í íslenskri þýðingu. En þess má geta, að sögu-kappinn »Davíð skygni« á í sumum greinum sammerkt við Jónas sjálfan. Hugsjónalíf Davíðs og ást hans til bernskustöðvanna og æskuendurminninganna er bergmál af Jónasi sjálfum. Ófreskisgáfan hefir snemma gert Davíð veiklaðan og veikburða, en með hvílikri samúð og nærfærni hefir Jónasi tekist að lýsa sálarlífi þessa sjúklings! Tregandi móðir eða harmandi ástmey mundi ekki hafa gert það með mýkri hendi. Og hvílik unun er svo að sjá og virða fyrir sér Súsönnu, hina þrekmiklu, einörðu og hispurslausu vinu Davíðs! Lýsing skáldsins á henni er einhver fegursta kvenlýsing, sem til er í norskum bókmentum. Enginn, sem hefir nokkur kynni af æsku og ástum, mun geta lesið hina skammæju og hjartnæmu ástarsögu þeirra Súsönnu og Davíðs án þess að vikna. Það leynir sér ekki, að hún er runnin undan dýpstu hjarta-rótum skáldsins.

Nokkrum mánuðum eftir að bókin kom út, fekk Jónas ferðastyrk nokkurn til þess að ferðast um »Norðurland og önnur fjarlæg héruð« í Noregi og halda áfram ritstörfum sínum og nokkru síðar var honum enn veittur 400 spesiudala styrkur til þess að ferðast til útlanda og dvelja þar. Haustið 1871 tók hann sig upp með fjölskyldu sína og fluttist til Róms og settist þar að. Helmingur af styrknum gekk til ferðarinnar. svo að hann þurfti að halda einkar spart á fé sínu. Kona hans lét ekki sitt eftir liggja, hún bjó til allan mat og annaðist 4 börn án þess að hafa

nokkra aðstoð, svo teljandi sé; efnahagurinn leyfði þeim ekki að hafa vinnukonu. Næsta ár fekk Jónas enn á ný veitingu fyrir styrknum og Hegel bóksali galt honum svo riflega borgun fyrir 2 bækur, er hann gaf út, að Jónas gat vel komist af og dvalið nokkur ár samfleytt í Róm.

Hér er ekki rúm til að skýra nánara frá skáldsögum þeim, er Jónas samdi þessi fyrstu ár, sem hann dvaldi erlendis, enda standa þær allar á baki »Den Fremsynte«. Jónas virðist hafa oftekið sig á honum og hafa þurft nokkur ár til þess að átta sig á hinni nýju skáldskaparstefnu, er var einmitt þá að færast yfir Norðurlönd. Hann snerist meira að segja öndverður gegn henni í skáldsögunni »Thomas Ross« og tveim erindum heimspekilegs efnis, er hann gaf út. Má geta nærri, að það var ekki til að auka vinsældir hans eða álit hjá ungu kynslóðinni, er hamaðist þá sem mest gegn »rómantisku« stefnunni og hóf veruleikaskáldskapinn til skýjanna. Í sumum ritum Jónasar, sem út komu milli 1870 og 1880, eru þó allmikil tilþrif, svo sem í »Fortællinger og Skildringer fra Norge« og »Lodsen og hans Hustru«. Aftur á móti kvað lítið að sjónleik einum, »Grabovs Kat«, er hann samdi um þær mundir. Þó var hann nokkrum sinnum leikinn í Kristjáníu og Stokk-hólmi.

Í skáldsögunum »Rutland« og »Gaa paa« fer að marka fyrir stefnubreytingu í skáldskap Jónasar og hann tekur að hallast að veruleikastefnunni. Í síðari bókinni bannsyngur hann deyfðina og framtaksleysið í norsku afdöluunum og kveður fjör og framsókn lykilinn að gæfu einstakra manna og fjöldans. Þegar bók þessi var komin út, fluttist hann til Parísar og bjó þar síðan að staðaldri fram undir 20 ár, nema hvað hann á sumrin dvaldi löngum í þorpinu Berchtesgaden í Salzburgerölþum. Lauk hann þar allajafna við bók þá, er hann hafði ætlað sér að láta koma út það árið.

Jónas mun hafa valið sér sumarvist í Berchtesgaden, af því hinn skróðgræni dalur, sem er girtur hrikalegum

og risavöxnum fjöllum, minti hann á norsku dalina, sem hann unni svo heitt.

Í Berchtesgaden lifði Jónas mjög reglubundnu og starfsömu lífi. Dag hvern gekk hann bæði kvelds og morgna langar leiðir með konu sinni og þá var nú ekki um annað talað en »bókina«, sem hann var að semja. Gaf hún honum þá einatt góðar bendingar, og Jónasi sjálfum fórust svo orð um aðstoð þá, er hún lét honum í té: »Þær skáldsögur mínar, þar sem mikið er komið undir smekkvísi, rökvísi og að gæta vel efnissambandsins, hefðu varla orðið til án fulltingis hennar, að minsta kosti ekki í þeim buningi sem þær eru nú. Eg var sem sé hugsjóna-maður — þar átti eg heima«. Starf hennar var að rökrýna og vinsa úr, en hans að skapa og yrkja.

Þegar þau komu heim, settist hann við að yrkja, en hún fór að hreinskrifa handritið. Kom það þá stundum fyrir, að Jónas hafði alt á hornum sér, er illa lá á honum eða andagiftin var ekki heima. En kona hans tók rausi hans með stakri stillingu og sefaðist hann þá brátt.

Sextán sumur dvaldi Jónas í Berchtesgaden; afkastaði hann þar afarmiklu, því fátt var það sem truflaði eða olli ónæði. Hann fullsamdi þar eða lagði smiðshöggið á 16 skáldsögur alls, sem hann hafði undirbúið á veturna í París.

Einn sumartíma dvaldi Ibsen í Berchtesgaden. Var hann þá að yrkja »En Folkefjende« og fór mikið einförum og átti varla mök við nokkurn mann. En á hverju laugardagskveldi kom hann til Jónasar og réð sér þá stundum ekki fyrir kæti. Hann talaði þá um alla heima og geima, neytti alls, sem fram var borið, og hélt sjaldan heim fyr en langt var liðið á nóttu. En þess á milli sáust þeir Ibsen varla nokkurn tíma, enda höfðu þeir komið sér saman um að trufla ekki hvor annan á öðrum tímum, því að báðir höfðu ærið nóg að starfa. En oft gekk Ibsen á kveldin fram hjá húsi Jónasar og skotraði þá forvitinn augunum inn til hans. —

Í París kyntist Jónas nánara veruleikastefnunni og

varð af alhuga henni fylgjandi. Fór hann eins og önnur skáld um þær mundir að ræða ráðgátur lífsins og leita úrlausnar á þeim. Verða hér að eins taldar nokkrar hinar helztu skáldsögur hans frá þeim árum og drepíð ofurstuttlega á efni þeirra.

Í »Familien paa Gilje« lýsir hann lífi embættismanna til sveita og fjölskyldna þeirra og talar þar drengilega máli dætranna og húsmæðranna. Bókinni var mæta vel tekið, og Arne Garborg telur í minningarriti sínu um Jónas Lie, að með skáldsögu þessari hafi Jónas fyrst náð föstum tökum á almenningi og orðið eftirlætisskáld hans. Vera má þó, að Garborg taki nokkuð djúpt í árinna. Í »Kommandörens Dötre« lýsir skáldið æfiferli tveggja systra. Þær bera skarðan hlut frá borði lífsins, af því að tildrið og tizkan bannar þeim að njóta manna þeirra sem þær unna. Niðurlag bókarinnar er einkar hjartnæmt og yndisfagurt. Líður það traudla þeim úr minni, sem hafa einu sinni lesið það.

»Et Samliv« greinir frá hjúskap einna hjóna. Þau lifa saman eins og fólk flest, en hjónaband þeirra er að eins líkamleg sambúð, en ekkert sáluneyti. Á silfurbrúðkaupsdegi þeirra opnast loks á þeim augun og þá skiftast þau á þessum alvörubrúngnu orðum:

»Hjónunum er eins farið og dýrunum,« segir hús-freyja, »drottinn hefir varnað þeim málsins. Þau geta orðið til hvort við annars hlið!«

Og bóndi hennar svarar eftir stundarbið: »Vera má að eg hafi verið — flón — sannkallað flón . . . Þú hefir ekki átt sjö dagana sæla hjá mér, vesalingur, það er öðru nær; eg sé það nú . . . En, — eg kom svo oft með harm eða hlátur í huga, til þess að halla höfði að barmi þínum og gera þig hluttakandi í hrygð minni eða kæti, — en þú varst þá vant við látin eða áttir ýmsum öðrum störfum að gegna. — Með því móti venst maður við að fara einförum . . . Og þá er nú úti um samlífið.«

Í skáldsögunni »Niobe« lýsir Jónas Lie hinni uppvoxandi kynslóð, eins og hún kom honum þá fyrir sjónir.

Kennir þar mikillar bölsýni, sem annars gætir lítið í ritum Jónasar og bókin endar á því, að frú Baarvig fyrirfer sér og þremur elztu börnunum, sem hún ætlar að eigi sér engrar viðreistar von.

Margar aðrar skáldsögur Jónasar mætti enn telja, og það mjög merkar, en samt sem áður virðist réttast að láta hér staðar numið og benda heldur með fáum orðum á nokkur helztu einkenni skáldskapar hans og skáldsagna. Hann er fyrst og fremst skáld heimilislífsins og heimilanna og lesandanum dylst ekki, að hann hefir þekt þau út og inn. Og rit hans bera með sér, að honum hefir verið hjartfólgið að auka ásthljúna og bæta andlega andrúmsloftið á heimilunum, en vara menn við öllum grynningum þeim og boðum, sem þar geta orðið sjálfum þeim og ástvinum þeirra að fjör- og giftutjóni. Í flestum skáldsögum Jónasar gerir þessi háleita og fagra hugsjón meira eða minna vart við sig og samtvinnuð henni er svo mikil samúð með öllum sem eiga bágt, eða berst á eða týnast, að menn heillast ósjálfrátt af skáldinu og ritum hans. Búningur hinna síðari skáldsagna hans, sem lætur oss sjá, heyra og þreifa á persónunum í spurningum þeirra og tilsvörum í stað meira eða minna nákvæmra lýsinga, er maður á að venjast hjá öðrum skáldum, hefir og aukið vinsældir hans. Þegar hér við bætist smáfyndni hans og hið blikandi litskrúð, er hann bregður yfir viðburðina, þá skilst mönnum, að hann er óskaskáld heimilanna, en ekki sízt þeirra manna, sem þrá meiri hlýju, meira ljós á heimilunum og giftudrýgri og betri heimilismenn.

P. H. B.

Stikukerfið.

(Tugamál og tugavog).

Meðal lagafrumvarpa þeirra, er stjórnin lagði fyrir síðasta þing, og hafa síðan orðið að lögum, var eitt »um metramæli og vog«, og var það, eins og einn þingmaður tók fram, einkennilegt að því, að það fór fram á að »lög-helga urmullinn allan af útlendum orðum«. Meiri hluti þingsins félst á tillögur stjórnarinnar, og vildi ekki einu sinni leyfa »gömlum og góðum táknum máls og vogar« að standa í svigum aftan við útlendu orðin. Þó náði loks fram að ganga tillaga um það, að veita stjórninni heimild til að löggilda íslenzk heiti, og væntu sumir þess, að hún mundi nota þessa heimild, ef það væri almennur vilji, en aðrir samþykktu tillöguna í því trausti, að stjórnin notaði ekki þessa heimild. Nú er það undir þjóðinni komið, hvort íslenzk nöfn verða notuð í þessari grein í stað útlendra eða ekki, og virðist því tími til að taka mál þetta enn til ihugunar, og leitast við að skoða það sem bezt niður í kjölinn, þótt það væri talsvert rætt í fyrra sumar, bæði á alþingi, og einkanlega í blöðunum (»Ingólfi« og »Reykjavík«).

Í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið er sagt, að þegar »metramálið« hafi verið lögleitt í Belgíu, hafi þar verið leitast við að setja þjóðleg heiti á hinar nýju einingar, en eftir fá ár hafi þeim verið alveg slept, og hin alþjóðlegu heiti tekin upp. En þess er að gæta, að Belgía var í sambandi við Holland, er metramálið var lögleitt þar, en þegar löndin skildu, var eðlilegt að frakknesku heitin

væri tekin upp í Belgíu, með því að frakkneska var (og er enn) aðalritmál þar í landi.

Aðalástæða stjórnarinnar fyrir því, að taka upp útlend heiti á máls- og vogareindum (einingum) stiku- (»metra«-) kerfisins er sú, að þau veiti hægðarauka í viðskiftum við útlendinga. En þessi ástæða er ekki nærri því eins mikils virði og sýnast kann í fljótu bragði, því að það nær engri átt að »metramálsheitin« eintóm nægi til þess, að menn af ýmsum þjóðum geti skilið hver annan eða viðskifti þeirra gengið greiðlega — þar þarf sannarlega meira til, eins og ljóslega var sýnt fram á í »Ingólfi« um þing-tímamann, og stendur það alt enn óhrakið. Þar sem vitnað er sí og æ til ýmissa orða, er komið hafi frá útlöndum með kristninni, svo sem biskup, kirkja o. s. frv., þá sýna þau einmitt, hversu hæpið það er, að slík aðkomu-orð verði að nokkru liði í viðskiftum þjóða, því að hver tunga hefir breytt þeim eftir sínu eðli, og það svo, að Frakkar skilja ekki, hvað vér eigum við, þegar vér segjum *biskup*, og vér ekki, hvað þeir eiga við, er þeir segja *evêque*, þótt alt sé sama orðið upphaflega. Eigi munu Englendingar heldur skilja, hvað vér eigum við með orðinu *kirkja*, og vér ekki heldur orðið *church* hjá þeim, ef vér höfum ekki numið enska tungu. Sumir, sem taka vilja upp útlendu »metramálsheitin«, kannast þó við það, að íslenzkunnir mundi eðlilegast, að breyta »kilometer« í »kilmeter«, »kilogram« í »kílgramm«, og eins mundi »mílmeter« og »mílgramm« vera samkvæmara íslenzku tungutaki en »millimeter« (»mílmítri«) og »milligramm« (»míligramm«). En með slíkum breytingum mundi tapast sá útlendi hljómur og hreimur, er mestu máli þykir skifta í þessu efni. Upptaka útlendra orða í íslenzku til að laga sig eftir útlendingum er sannarlegt neyðarúrræði, endamun varla nokkur halda því fram, að vér þurfum endilega að taka upp í mál vort útlend nöfn á öllum þeim vörutegundum, sem ganga kaupum og sölum milli vor og útlendra þjóða, til hægðarauka í viðskiftalífínu.

Með því að orðin breytast þannig með ýmsum hætti, er þau ganga frá einni tungu til annarar, og einstök orð nægja eigi til þess, að menn af ýmsum þjóðum geti gjört sig skiljanlega hver fyrir öðrum, hafa margar tilraunir verið gjörðar til þess á vorum dögum, að búa til alþjóðamál, er gæti komið að fullum notum í öllum viðskiftum þjóða á milli, og staðið samsíða þjóðtungunum, er samlandar mundu nota sín á milli eftir sem áður. Engin af þjóðtungum heimsins hefir þótt eins vel fallin til að verða slíkt alheims-hjálparmál, eins og hið nýmyndaða milliþjóðamál »Esperanto«, sem er nú farið að ryðja sér til rúms viðsvegar um hinn mentaða heim. Í slíkt alþjóðamál eru sjálfsagt tekin upp heitin á eindum frakkneska tugakerfisins (stikukerfisins) með endingum þeim, sem við það mál eiga, og þar geta þau sómt sér vel og komið að góðum notum, þótt þau láti illa í eyrum Íslendinga og sé lítt eða ekki skiljanleg útlendingum innan um íslenzk orð af íslenzkum vörum. Þá er »Esperanto« er orðið alment viðskiftamál helztu mentaþjóðanna, ætti flestum Íslendingum að nægja það mál eitt auk móðurmáls síns, og væri þá óþarft að taka upp í íslenzkuna einstaka bálka af alþjóða-orðum, enda mundi það hvorki geta orðið verulega notadrjúgt fyrir sjálf viðskiftin við útlendinga, né affarasælt fyrir vöxt og viðgang móðurmálsins.

Það er ekki heldur rétt, að tuga- eða stikukerfið sé leitt hér í lög eingöngu vegna viðskiftanna við útlönd, því að aðalástæðan hlýtur hér sem annarstaðar að vera sú, hvað það er þægilegt í öllum reikningi, og kemur sá kostur eigi síður að haldi í viðskiftum innanlands, og þar er miklu tilhlýðilegra, viðkunnanlegra og þægilegra að hafa innlend heiti en útlenzk. Allir sjá t. d., hvort hentugra er að nota í ljóðum »röst« eða »kilómetri«, »rastarsteinn« eða »kilómetersteinn«

Dæmi forfeðra vorra, sem meðmælendur útlendu heitanna hafa oft haft á hraðbergi, votta það, að þótt þeir tæki stundum upp útlend heiti á táknum vogar og máls,

svo sem *lód*, *pund* og *míla*, þá tóku þeir líka sum heitin af sinni tungu, svo sem eru *mörk*, *vætt*; *þumlungur*, *fet*, *alin* (öln), sem haldist hafa til þessa, en önnur hafa lagst niður um stund, svo sem *örtug*, *þveiti*; *læfð* (þverhandar-eða *lófa-breidd*), *stíka* og *röst*, sem lagt hefir verið til að tekin væri upp aftur.

Eg hefi áður gjört grein fyrir skoðun minni á þessu máli, bæði á alþingi 1897 og í blöðum («Ísaf.» XXVI. 54. tbl.), og haldið því fram, að vér ættum að velja táknumum tugamáls og tugavogar íslenzk heiti, önnur en þau, sem eru nú tíðkanlegust vor á meðal, og þó jafnframt stutt og laggóð orð, eins og þau, sem tíðkuð hafa verið hingað til. Sama virðist mér hafa vakað fyrir mörgum þingmönnum neðri deildar 1907, jafnvel sumum þeirra, sem mæltu á móti íslenzku heitunum. Einhver helzti andmælandinn segir t. d., að það sé »mjög lofsverð viðleitni að reyna að smíða íslenzk orð og festa þau í málinu í staðinn fyrir útlend orð« og »hefði verið um verulega falleg og smellin nýyrði að ræða, þá hefði verið sjálfsagt, að taka þau upp í stað útlendu orðanna«. Það væri líka kynleg fyrirbrigði, ef sönnum Íslendingum væri eigi kærari íslenzk orð en útlend, ef þeir hefði ekki mætur á fallegum íslenzkum orðum og yndi af þeim, eins og fallegum íslenzkum hlíðum, grundum, skógum, ám og vötnum. En misjafnar geta auðvitað skoðanirnar verið um það, hver orð sé »verulega falleg og smellin«, eða hvort vel fari á þeim í málinu, eða þau svari til þeirrar hugsunar, sem þau eiga að tákna, eða sé laus við að vera villandi að einhverju leyti. Þeir munu alt af geta fundið eitthvað að íslenzkum heitum í tugakerfinu, sem leggja vilja kapp á það, að útlendu metramálsheitin verði hér ein um hituna. En undarlega má þeim Íslendingum vera farið, er segja, að alíslenzk orð láti sér í eyrum sem orðskrípi, ef þau eru notuð sem máls- og vogareindir, og þeim finst að þau geti táknað eitthvað annað, en hafa ekkert að athuga við það, að nota annað eins orð og »ari«, sem altitt er í íslenzku máli sem

fuglsheiti og mannsnafn, til að tákna með ákveðna flatarmálsstærð.

Mér finst hvorki næg ástæða til að binda sig við frakknesku heitin, sem samþýðast illa tungu vorri, né orðréttar þýðingar þeirra, sem geta aldrei orðið liðlegar né hentugar í daglegu tali, hversu hugvitsamlegar sem þær kunna að vera¹⁾. Hins vegar fæ eg eigi skilið, að neitt geti verið á móti því, að taka fram úr hinu mikla nægtabúri tungu vorrar orð, er táknað hafa fyrrum einhverja lengd eða þyngd, og gefa þeim ákveðna merkingu í tugakerfinu, eða festa ákveðna lengdar- eða þyngdarmerkingu við ýms orð, er tákna nú óákveðna lengd eða þyngd. Það má finna mýmörg dæmi til samskonar breytinga á merkingu orða í tungu vorri, bæði að fornu og nýju. *Sími* er nú alment haft í merkingunni fréttapráður (ritsími, talsími), og veldur það engum ruglingi né misskilningi, þótt það orð finnist í fornöld í viðtækari merkingu (um streng eða jafnvel sandrif í Hárbarðsljóðum: »þær or sandi | síma undo«). Engan glundroða gjörir það, og enginn hneykslast á því, þótt *eyrir* sé nú heiti hins minsta penings hjá oss, en hafi áður táknað aðra og miklu meiri fjárhæð, enda er hin forna merking flestum óljós. Breytingar á merkingu orða eru samkvæmar eðlilegu þróunarlögmáli, og sýna einmitt það, að málið okkar er ekki neinn smurlingur eða dauður forngripur. Þess hefir verið getið á aldarafmæli Jónasar Hallgrímssonar, að mörg nýyrði úr þýðingu hans á stjörnufræði Ursins væri svo vel komin inn í íslenzkuna, að þau mundu haldast þar mörg hundruð ára, og hefir Jónas ýmist sett þau saman eða tekið orð, sem til voru í málinu, og fengið þeim nýja merkingu. Þrátt fyrir þetta halda sumir því stöðugt fram, að íslenzk heiti í tugakerfiu sé

¹⁾ Hér er átt við þýðingar þeirra Bjarna Jónssonar frá Vogu og Guðmundar Björnssonar landlæknis (sjá Sumargjöf 1907), sem mér þykja hvorki vel fallnar til daglegrar notkunar né líklegar til að ná hylli almennings, þótt eg virði mikils viðleitni höfundanna. Sbr. greinar Ól. Dan. og Þork. Þork. í „Ing.“ 1907.

villandi, með því að þau hafi einhverntíma (fyr eða síðar) táknað eitthvað annað en þær stærðir, sem þær eiga nú að tákna. En þessi ástæða er því að eins gild, að orðin sé höfð um ákveðnar stærðir í nútíðarmáli, annars skiftir það mjög litlu, hvort nokkru eða engu munar í þessu efni frá því, sem fyrrum var, því að fæstum er kunnugt um merkingu þeirra tákna á máls- og vogar-eindum, sem eru fyrir löngu úr gildi gengnar. Þannig finst mér hreinasta hótfyndni að segja, að *stíka* sé villandi tákun á »meter« (sem á að tákna ákveðinn hluta úr ummáli jarðar, er hefir þó ekki reiknast alveg rétt), af því að þar muni einhverju örlitlu frá hinu forna stikumáli, sem er hætt að hafa í viðskiftum fyrir langalöngu¹⁾, eða að það taki engu tali að kalla »kilometer« *röst*, af því að röstin hafi í fornöld verið lengri (hvað miklu veit enginn, enda er ekki ólíklegt, að orðið hafi táknað misjafna vegarlend á ýmsum tímum og stöðum²⁾).

Það á heima um bæði þessi orð (*stíka* og *röst*), að þau eru falleg og smellin og vel fer á þeim í málinu, og ættum vér ekki að sleppa þeim, til að koma útlendum orðum að. *Stíka* er fornt heiti á kvarðanum (mælistönginni), sem mælt (eða *stíkað*) er með, öldungis eins og útlenda orðið »meter« (μετρον á grísku³⁾) og getur kvarðinn verið lengri eða styttri, eftir því sem frumeind lengdarmáls er í hverju landi. Það má eins vel miða lengd hans (og stíkunna) við frakkneska »metrið« eins og hvað annað. Þá er skifta skal stíkunni að tugamáli, horfir beinast við

¹⁾ Hafi íslenska alinin í fyrstu verið 18⁵/₇ þumlungur, eins og Bogi Th. Melsteð ætlar, þá hefir ekki vantað mikið á, að stíkan forna, sem átti að vera 2 álnir íslenskar, væri eins löng og hin nýja (=: frakkneska „metrið“). Annars hefir álnarmálið verið ærið misjafnt.

²⁾ Rússneska röstin („verst“) er ekki miklu lengri en „kilometer“, og bendir það helst til þess, að hin forna röst hafi ekki ætíð eða alstaðar á Norðurlöndum farið langt fram úr þeirri vegarlengd, því að líklega er rússneska orðið þaðan komið (úr fornsænsku?). Sbr. mismuninn á mílu í ýmsum löndum.

³⁾ Orð þetta tákna mælistíku (upphaflega) og mál eða mæli yfirleitt.

að draga skiftinefni af mörkunum á kvarðanum; kalla t. d. »centimeter« *skor* og »millimeter« *strík* (sbr. strich á þýzku), enda var skor haft í forn málinu í merkingunni deild, og minsta lengdarmáls-eind hefir lengi verið kölluð strík¹). »Decimeter« er miklu sjaldhafðara skiftinefni en hin, og mætti kalla það á íslenzku *spönn* eða *læfð* (fornt orð, dregið af *lófi*, sbr. palm í stikumáli Hollendinga). »Dekameter« og »hektometer« munu líka vera sjaldhöfð orð í viðskiftalífinu, og sýnist vel mega kalla »dekameter« *spöl* og »hektometer« *skeið* (sbr. skeiðrúm um *σταδιον*). »Kilometer« eru nú margir farnir að kalla *röst*, enda má telja það orð mjög vel viðeigandi og alls eigi villandi, þótt vera megi, að það hafi upphaflega táknað áfanga (sjá »Reykjavík« VIII 29), en síðan orðið úr því ákveðið lengdarmál líkt og lengdarmálsheitin *öln* eða *alin*, *fet* og *þumlungur*, sem eru dregin af handleggjum, fótum og fingrum mannsins og tákna ákveðnar lengdir hjá oss og fleirum þjóðum, en hafa upphaflega táknað framhandlegginn og lengd hans, iljar-lengdina og lengd eða breidd (fremra hluta) þumalfingursins, af því að menn hafa frá alda öðli haft þessa líkamshluta til að mæla með, og fest síðan heiti þeirra við ákveðnar stærðir²). Eins eru tákn-

1) Svo kvað Hallgrímur Pétursson:

„Hvorki fyr' hefð né valdi
hopar dauðinn eitt *strík*“.

2) Framhandleggurinn (frá ölnboga út á lengsta finger) hefir verið undirstaða álnarmálsins hjá fornþjóðunum (*πηχυς* hjá Forn-Grikkjum, *cubitum* og *ulna* hjá Rómverjum), en skiftinefni dregin af spori því, er fóturinn stígar (fótur, *fet*, skref, sbr. *πους* hjá Grikkjum, *pes* og *passus* hjá Rómverjum), eða ýmsum hlutum handarinnar (spönn, þverhönd, þumlungur, sbr. *σπιθαμη*, *παλαιστη*, *δακτυλος* hjá Grikkjum, *palma* og *digitus* hjá Rómverjum), en allar þessar lengdir hafa verið nokkuð mismunandi hjá ýmsum þjóðum — sumar nærri því sín á hverjum stað. »*Δακτυλος*« hjá Grikkjum og »*digitus*« hjá Rómverjum mun eigi hafa táknað fingurhæðina, heldur fingurbreiddina, og hér á landi var til »þumalöln«, frábrugðin hinni algengu *alin*.

anir lagarmálsins bæði hjá oss og öðrum þjóðum dregnar af ílátunum, sem mælt er í (sbr. tunna, kútur, pottur, peli), og höfum vér þar mjög hentugt orð fyrir frumheitið »liter«, þar sem er *mælir*, því að *pottur* mætti heldur segja að væri villandi, eins og nú stendur á. Engin vandræði eru heldur að fá íslensk orð yfir »dekaliter« (*skjóla*), »hektoliter« (*ker*) og »kiloliter« (*áma*), en »deciliter« mætti vel kalla *staup* og »centiliter« *skel*, eins og Hollendingar kalla það »vingerhoed« (o: fingurbjörg). Annars munu þessi smærri skiftinefni vera fremur sjaldhöfð í viðskiftum.

Flatarmálsstærðirnar¹⁾ »are« og »hektare« hefir verið lagt til að fengi íslensk heitin *reitur* og *teigur*, sem virðist að flestu leyti vel fallið. Teigur er fornt og fallett heiti á afmarkaðri landspildu (einkum sléttlendi), sem farið er nú að úreldast um ákveðna flatarmálsstærð (í stað þess komið: *dagslátt*), og hefir auk þess táknað sitt hvað í túni og á engjum (vallarteigur, engjateigur), svo að það getur varla fremur talist villandi, að nota það um »hektare«, heidur en orðið *míla* (metramíla) um »myriameter«, eins og gjört var í stjórnarfrumvarpinu og stendur nú í lögnum um »metraméli og vog«, enda mætti kalla »hektare« til skýringar í viðlögum málteig eða mæliteig (sbr. málband, málfaðmur). Auðvitað getur sitt sýnst hverjum um það, hvort hin eða þessi íslensk heiti á ýmsum máls- og vogareindum stikukerfisins sé heppileg, og má vera að sumum þeirra sé vandfundnar táknanir, en fyrir því þurfum vér ekki að leggja árar í bát, fremur en Hollendingar, sem munu hafa valið hverri eind í stikukerfinu hollenzkt heiti. Mestir annmarkar eru líklega á því, að finna hentug íslensk nöfn á sumum vogareindum, en þó má þar beita sama ráði og við lengdarmál og

¹⁾ Ólafur Danielsson stærðfræðingur hefir bent á það, að betra væri í flatarmáli að hafa flatar- en fer-, og mætti þá t. d. segja: »flatarstíka«, »flatarrúst«, »ílatarskor« (o: »fersentimetri«) o. s. frv. — Samkvæmt því væri réttnefni í rúmmáli: »rúmmstíka« (o: »teningsstíka«) o. s. frv. sem þeir Þarni Jónsson frá Vogu og Guðm. Björnsson hafa fundið. Þó virðist mega vel una við heitin: »ferstíka«, »teningsstíka« o. s. frv.

lagarmál, og draga aðalheitin af áhöldum þeim, sem vegið er með (sbr. »lód« í nútíðarmáli = *met* í fornu máli), en sum skiftinefni af handhægum hlutum, sem jafna má til þeirra, er vegnir eru. Höfum vér gott orð fyrir frumheitið »gram«, þar sem er *met*, og vilji menn eigi kalla »kilogram« *tví pund* eða *kljá*, eins og lagt hefir verið til áður, þá virðist mega kalla það *vog*, því að stundum er það orð haft í fornu máli um ákveðna þyngd, að líkindum miklu meiri en tvö pund, en sú merking er nú úrelt fyrir löngu. »Hektogram« mætti þá kalla *hnót* (sbr. *hnóttafl*¹⁾, og »dekagram« *örtug*, sem fer eigi fjarri hinni fornu merkingu þess orðs. Minstu vogareindir hafa áður verið kallaðar *korn* (sbr. »gran« = byggkornspungi) og *ögn*, en þær eru fremur sjaldhafðar í viðskiftalífinu, eins og hinar minstu rúmmáls-eindir. Líka mætti nota hina fornu vogareind *þveiti* (sbr. holl. *duit*, d. *döjt*), eða orðin *eyfi* (austfirzkt mállýzku-orð) og *hæti*, sem hvorttveggja táknar eitt-hvað mjög smávægilegt.

Til glöggara yfirlits set eg hér þau heiti úr frakkneska stikukerfinu, sem algengust eru í viðskiftalífinu og islenzk heiti hjá hverju þeirra:

Kilometer — <i>röst</i> .	Are — <i>reitur</i> .
Meter — <i>stika</i> .	Hektoliter — <i>ker</i> .
Centimeter — <i>skor</i> .	Liter — <i>mælir</i> .
Millimeter — <i>strik</i> .	Kilogram — <i>vog</i> .
Hektare — <i>teigur</i> .	Gram — <i>met</i> .

Getur nú hver og einn skoðað huga sinn um það, hvort honum finnist ekki islenzku heitin mýkri í munn, liðlegri og betur fallin til notkunar í innanlands viðskiftum en hin útlendu. Að vísu má ganga vakandi að því, að ýmsum kunnri að þykja sum islenzku skiftinefnin óviðkunnanleg fyrst í stað, hversu vel sem þau væri valin, því að nýyrði og orð í nýrri merkingu vekja einatt mót-

¹⁾ Til skýringar í viðlögum mætti kenna vogareind þessa við metaskálinnar og kalla hana „skálahnót“ eða *skálhnót* (sbr. „skálapund“ í Atla og Búa-lögum).

spyrnu og jafnvel aðhlátur. Öðru máli er að gegna um ókunn orð útlend, því að frummerking þeirra dylst almenningi, og margur heldur, að mikið hljóti að vera í það spunnið, sem tíðkast úti í heiminum víða og stóra. Hefir Jón Ólafsson sagt fróðlega sögu af því, hversu fráleit mörgum Templurum þóttu fyrst í stað orðin »regla« og »stúka« um félag sitt og deildir þess, en með tímanum hafa þau rutt sér til rúms og þykja nú sóma sér einkar vel. Þótt vel megi vera, að unt sé að finna heppilegri íslensk heiti, en eg hefi fundið, á máls- og vogareindum stikukerfisins, þá gjöri eg mér fulla von um það, að þau, sem hér eru talin, muni láta betur í eyrum góðra og þjóðrækinna Íslendinga en útlendu heitin, einkum skiftinefnin samsettu, sem mörg eru nokkuð óþjál og ruglingsleg, enda lengri en góðu hófi gegnir, og þess vegna miður fallin til að koma í stað hinna stuttu og einföldu heita, er tíðkast hafa hér á landi alt að þessu (svo sem alin, mila; pottur, tunna; lóð, pund, o. s. frv.

Löng orð, sem eru mjög tíð í tali, eru oft og einatt stytt á mörgum tungum. Hið algenga enska orð »bill« er stytt úr latneska orðinu »libellus«. »Cabriolet« verður á ensku að »cab«, »automobil« að »bil« á Kaupmannahafnarmáli, og »telefonera« að »fóna« á Reykjavíkurmáli. Eftir sama lögmáli er altítt að stytta »kilogram« í »kíló«, en sumir stytta líka »kilometer« í »kíló« og má með sannri segja, að slíkt sé villandi eða að minsta kosti óviðkunnanlegt. Með svona lögum breytingum verða orðin ekki lengur alþjóðleg, heldur helgar hver tunga sér sína breytingu.

Hér skal ekki farið langt út í það, hvaða ráð eigi að hafa til að láta íslensku heitin ryðja sér til rúms hjá almenningi. Hinu nýstofnaða eða væntanlega málverndarfélagi ætti að vera vel treystandi til að leggja gott til þessa máls, eins og til alls, er að móðurmálinu lýtur, og ungmennafélögin eru líkleg til að geta miklu áorkað í þessum efnum, þegar fram líða stundir. Iðnaðarmenn hætta sjálfsagt að nefna vasakvarðann »tommustokk«,

þegar þumlungarnir (»tommurnar«) eru úr gildi gengnir, og þeir fá sér kvarða með *stiku* lengd, (*mælistiku*) markaða með *skorum* og *strikum*. Alþýða vor er svo námfús, að hún mundi ekki verða lengi að átta sig á hinum nýju heitum stikukerfisins og taka þau upp, ef eigi skorti forgangsmenn og samtök. Dæmin sýna, að ýms útlend orð hafa á vorum dögum horfið úr daglegu tali, sem voru þó orðin býsna algeng, t. d. »höndlun«, er íslenzka orðið »verzlun« hefir útrýmt að mestu, án þess að nokkrum samtökum hafi þar verið til að dreifa. Allar líkur eru því til, að almenn samtök gæti haft mikinn og góðan árangur í þá átt, að vernda tungu vora og bæta hana í öllum greinum.

Stafafelli 27. d. maím. 1908.

JÓN JÓNSSON.

Sigurður L. Jónasson.

Mér finst rétt og skylt, að þess manns sé að einhverju minst í tímariti Bókmentafélagsins. Hann var um fjölda-
mörg ár skrifari Hafnardeildarinnar. Og hann tók við
forsetastöðu þeirrar deildar eftir vin sinn Jón Sigurðs-
son árið 1880. Það starf þótti hann leysa vel og sam-
vizkusamlega af hendi, eins og hann var vandvirkur mað-
ur og í öllu grandvar. Heiðursfélagi Bókmentafélagsins
var hann líka á efri árum.

Sá sem þetta ritar, kyntist Sigurði Jónassyni fyrst
haustið 1856. Sigurður bjó þá á Garði — mig minnir
með Arnljóti Ólafssyni. Eg var daglega við nám um vet-
urinn hjá löndum á Garði; veitti eg Sigurði töluverða eft-
irtekt, svo eg gleymdi honum ekki síðan. Hann hafði þá
nýlega áður ferðast með vini sínum Dufferin lávarði og
hafði snið af heldri Englendingi (gentleman). Hann var
hár og grannur, svartur á brún og brá og skrófhár, snar
í augum og fljótlegur í fasi og þótti ekki mannblendinn;
sá eg hann og sjaldan með öðrum löndum þann vetur.
En næsta vetur, sem eg dvaldi í Höfn, það var 1871—72,
sá eg hann dagsdaglega með löndum sínum, einkum á
kvöldin við drykkju í Jakobsens kjallara í »Skaftinu.«
Þar var þá og oftast Bergslien myndasmiður, vinur okk-
ar beggja. Við Snorri kaupmaður frá Siglufirði bjuggum
saman og hentum við gaman að sumum af félögum okk-
ar í kjallaranum, er við kölluðum »Kobba-búð« og glödd-
um þá með nýjum formannavísnum. Allar voru
þær græskulausar að mestu, enda leirkendar, eins og þess
háttar vísur eru vanar að vera.

Því skal ekki neitað, að mér, sem þá hafði komið frá Englandi með aðrar flugur og fyrirmyndir í höfði, þótti Sigurður, eins og fleiri landar, er orðið höfðu eftirlegumenn í Höfn, hafa gefið heldur en ekki á milli frá því, er eg þekti þá áður. Hafnarlíf isl. námsmanna hefir lengi verið rótligt líf fyrir unga menn. Sér í lagi mun Sigurði hafa svipað til Þorleifs Repps og of margra annara gáfaðra landa vorra í því, að hafa megnan ímugust á því landi, sem þeir bjuggu í, og sárlitinn samhug við þá þjóð, sem veitti þeim uppeldi. Ef slíkt á ekki að koma manni sjálfum í koll, hlýtur hann að vera meira en meðal-skörungur eða hugsjónamaður. Um drabbaramenni tala eg ekki, heldur um meðalmenn eða þar yfir. Hinir beztu mannkostir koma að litlum notum, lífi menn lausu stórborgarlífi, heldur rýrna menn ár frá ári og kostirnir hverfa. Eg þekti nokkra menn í Höfn, sem ekki töldust neindir efnis- eða atkvæðamenn, en urðu síðar hér heima hinir nýtustu og beztu drengir. Að hneppast ungur »upp í sveit,« vera sviplega sviftur mentunum, fjörinu, glaðværdunum »Hafnarlóð á,« það þykja stundum aumleg auðnubrigði. En Íslendingurinn er og verður Íslendingur; hann fær sig sjálfan ei flúið, flýr ekki fortíð sína og sinna, flýr ekki skyldu sína og skyldusvið. Og kraftar hans kalla og knýja: heim, heim! Sigurður var engin undantekning, en vel má svo að orði kveða, að hafi jafn-vel gefinn maður sem hann var lokið sinni löngu Hafnarvist eins og fram er komið, hvers er þá von um visnu kvistina?

Eg sé og les í þessu eftirmæli eftir þennan landa vorn, í Þjóðólfi. Greinin er í alla staði vel og drengilega samín; kann eg — og eflaust allir kunningjar S., sem enn lifa — dr. J(óni) Þ(orkelssyni) beztu þakkir fyrir greinina.

Eg heimsótti Sigurð í fyrra vor eitt fagurt kvöld, út að Brunnsaug, þar sem hann bjó hjá verkfræðingi einum og konu hans. Þau voru ung og mjög góðlátleg. Sagði konan mér einslega, að hún hefði tekið hinn gamla heiðursmann til sín, þegar hún fekk húsaráð, því að hann hefði lengi búið hjá foreldrum sínum inni í Myntaragötu

og verið fóstri sinn, þegar hún var barn, og síðan hefði hún elskað hann; hann væri reyndar ömurlegur stundum, en þó beztu maður; kvaðst hún láta litla drenginn sinn leiða hann daglega þar í garðinum, og væri honum mikið yndi að barninu. Þegar við (þ: eg og dóttir mín Herdís) komum að garðshlíðinu, sáum við óðara öldunginn, og leiddi hann dreng, 3—4 ára, í garðinum.

Sigurður glaðnaði við, er eg sagði, hver eg væri. Settumst við svo inn í fremra herbergi hans. Alt var þar fábreytt inni, en hreint og víðfeldið; rak eg fljótt augun í píputrè S. og stafa-þyrpinguna. Hann var málhreifur vel, en talaði mest um skáldskap og fornvini sína — hið sama og þá fyrir 30—35 árum. Allhrumur og sjónlitill var hann orðinn, og þó sviplikari »gentleman,« að mér sýndist, en þegar við sátum í Kobba-búð.« Svo komu hjónin inn og buðu glas af öli. Var litli drengur inn þá sofnaður. En við 5 fórum út á litla flöt eða smáhæð þar skamt frá, er gatan tók enda, og horfðum á sólarlagið og fegurðina umhverfis. Gat mér þá ekki annað virzt en æfíkvöld landa míns væri vonum fremur friðsælt og víðunandi. Leiddi eg hann síðan heim að húsi hans og kvaddi þar með virktum. Var hann að sjá heill heilsu, enda heyrði eg hann ekkert æðruorð tala. Vissi eg, að hans auglit mundi eg aldrei oftast sjá, en þótt mér virtist kjör hans fátækleg, leizt mér konan, fóstara hans, vel fallin til að loka augum hans með rækt og víðkvæmni. Og ekki hefir það hún verið eða hennar maður, sem fyrst bar út til óviðkomenda atvikin að andláti hans.

MATTH. JOCHUMSSON.

Erlend tíðindi.

Frá Danmörku eru höfuðtíðindi á þessu sumri það sem kallað er Alberti-hneyksli. Sá maður, Peter Adler Alberti, hafði verið atkvæðamaður á þingi, í fólksdeildinni, 16 ár, frá því 1892, er hann bar af V. Hörup ritstjóra á kjörþingi í Köge. Og 7 ár hin síðustu hafði hann verið dómsmálaráðgjafi og þar með haft með höndum Íslandsmál nokkur missiri framan af. Vetur sem leið var mjög veizt að honum á þingi, bornar á hann þungar sakir um gjörræði og hlutdrægni sér til hagsmuna. Nokkur grunur lagðist og á hann um leið um óreiðu í fjármálum, einkum stjórn Bændasparisjóðs Sjalendinga, er hann hafði haft á hendi 18 ár, frá því er föður hans misti við, er stofnað hafði hann nú fyrir 50 árum og staðið fyrir honum til æfiloka; en hann var valinkunnur sæmdarmaður. Yfirráðgjafinn, J. C. Christensen, bar af Alberti blak, kvað engar sönnur fyrir því feugnar, að hann hefði það af sér gert, er honum var borið á brýn, og þingmálaflokkur sá, er honum fylgdi, vísaði frá, við illan leik þó, tillögu jafnaðarmanna á þingi um rannsóknarnefnd, er grafast skyldi eftir um embættisrekstur hans. Sá flokkur studdi hann og til að koma fram í síðustu forvöðum stórmerkilegu nýmæli, er verið hafði í smíðum æfalengi, um gagugerða breyting á réttarfari í Danmörku og dómaskipun. Þóttist hann mjög hafa vaxið af því máli og lét mikið yfir sér.

Þegar leið fram á sumar, fekk hann lausn frá embætti; þar fyrir sig heilsubrest. Það var 24. júlí. Lausninni fylgdi nafnbót hin veglegasta, sem til er í Danaveldi, sú að vera kallaður geheimekonferenzráð.

Nokkrum vikum síðar, 8. sept., gekk sá hinu mikli maður á fund lögreglustjóra í Kaupmannahöfn og bað hann hirða þar stórglæpamann, sem hann væri, sekan um fjársvik og skjalafals. Svikin vissi hann mundu eigi geta dulist úr því, og kaus heldur að framselja sig sjálfur en að upp kæmist hins vegar.

Fjársvikin voru fyrst sögð nema 9 miljónum, en urðu brátt uppvis að vera eigi minni en 15 milj. kr.

Glæpalifnaði þeim hafði hann lifað 16—17 ár. Svikið út fé úr sparisjóð þeim, er hann veitti forstöðu, fullar 10 miljónir alls, og dulið þann stuld með skjalafölsun og annari óreiðu. Enn fremur gert sér að óheimilli féþúfu smjörverzlun geysimikla, er hann rak við Engendinga fyrir hönd flestra smjörbúa á Sjálandi, og haft stórfé af viðskiftamönnum sínum þar á Englandi með ýmislegum svikum. Fé þessu hinu mikla hafði hann eytt að mestu í glæfralægt gróðabrall, er ólán fylgdi alla tíð, innanlands og utan, meðal annars keypt hluti í amerískum gullnámum og verið vélaður þar. Eyðslubelgur mikill hafði hann og vecið alla tíð, sællifur og mun-aðargjarn. Hann er nú hátt á sextugs aldri (f. 1851).

Það vitnaðist brátt, að meðal annarra, er stórglæpamaður þessi hafði vélað, var kær vinur hans og sessunautur í ráðuneytinu, J. C. Christensen yfirráðgjafi, — fengið hjá honum 1½ milj. króna lán á laun úr ríkissjóði til handa Bændasparisjóðnum, að kallað var, en raunar í sínar þarfir. Það gerðist snemma sumars, er J. C. Christensen þjónaði fjármálaráðgjafabætti í millibili.

Hann fekk ámæli mikið fyrir það, yfirráðgjafinn, jafnframt hinu, er hann hafði tekið svari Albertis á þingi og haldið yfir honum hlífiskildi, og töldu flestir eigi annað hlýða en að hann færi frá embætti. En það leizt honum ekki né þeim félögum, sessunautum hans, utan einum, Raben Levetzau greifa, utanríkisráðgjafa. Hann fór á konungs fund og sagði sig frá embætti. Þá var yfirráðgjafanum þangað stefnt, og mun konungur hafa eigi látið sér annað líka en að hann gerði slíkt hið sama og þeir félagar aðrir, er verið höfðu sessunautar Albertis. Fór svo, að yfirráðgjafinn baðst lausnar fyrir sjálfan sig og féлага sína alla þar í Khöfn. En sinna skyldi þeir embættisstörfum til þingbyrjunar, síðast í septembermån.

Þá voru liðin 7 ár frá því er J. C. Christensen komst í ráðgjafastöðu. Hann var barnakennari áður og hafði verið þingmaður þá 10 ár, gerðist snemma formaður stjórnarflokks þess, sem nú er, umbótaflokksins, og þótti vera atkvæðamaður. Hann var þá kenslumálaráðgjafi og kirkjumála. Nokkurum missirum síðar, í ársbyrjun 1905, gerðist hann yfirráðgjafi og tók að sér forstöðu landvarnarmála.

Samferða Alberti úr embætti í sumar varð Ole Hansen landbúnaðarráðgjafi. Hann gerðist síðan Þjóðbankastjóri, skipaður af

konungi, með 16,000 kr. launum, en hrapaði af stóli þar, er upp-
vís urðu fjársvik Albertis, með því að hann hafði verið varaformað-
ur í stjórn Bændasparisjóðsins sjálenzka og þeir Alberti unnið þar
saman margt ár.

Meðal þeirra 3, er í ráðuneyti komust þá er þeir Alberti
sleptu völdum, — einu kom í stað Vilh. Lassen, er dó í vor —
er helztan að nefna N. Neergaard, er verið hefir um hríð fremstur
maður í liði miðlunarmanna á þingi Dana. — —

Önnur tíðindi helzt í Danmörku þetta skeið er heimkoma norður-
fararleiðangursins frá vorinu 1906 á skipinu *D a n m a r k* að kanna
og mæla austurströnd Grænlands norðan til, alt frá 77. stigi og
norður fyrir landsenda. Þar réð fyrir Mylius-Erichsen rithöfundur
og Grændlandsfari áður; og urðu það ömurleg forlög hans, að hann
varð úti í Grænlandsóbyggðum snemma vetrar sem leið, og félagar
hans tveir með honum, annar grænlenzkur. Mylius-Erichsen var
rúmlega hálfertugur, er hann lézt, og var að honum mikill mann-
skaði. En vel hafði ferðin tekist að öðru leyti, land alt mælt með
sjó um 6—7 mælistig, alla leið norður fyrir landsenda, og gerður
af uppdráttur. Þar reyndist mikið öðru vísi lagað land en áður var
vitað. Og þykir landkönnun sú og þar með fylgjandi náttúru-
vísindalegar rannsóknir allmikið afrek og merkilegt.

Alment prentaraverkfall í Danmörku dagana 10.—18. ágúst
olli því, að þar kom varla út nokkurt dagblað þá daga, og þóttu
það mikil viðbrigði.

Ein höfuðtíðindi á sumrinu þessu eru þau, að *T y r k j a s o l d á n*
Abdul Hamid II., lagði niður einveldi sitt og veitti þegnum sínum
stjórnfrælsi. Hann hafði gert atrennu til þess áður, á sínum
fyrstu stjórnarárum, fyrir 32 árum. Þá var í aðsigi ófriður við
Rússa, og vildi hann bæði ávinna sér hylli og fúslegt fylgi hinnar
yngri frjálshugaðrar kynslóðar í ríki sínu, og afla ríkinu trausts
og gengis meðal menningarþjóðanna, höfuðþjóða álfunnar, í viður-
eigninni við Rússa. En er Tyrkir fóru nær eintómar hrakfarir fyrir
Rússum, kom afturkippur í frelsistilþrif soldáns, og vildi hann ekk-
ert við Ungtyrki eiga eftir það, þjóðmálaflokk þann, er stjórnar-
bótinni kom á gang. Þeir voru síðan lengi hafðir út undan og
láttnir jafnvel sæta ofsóknum. En síðari árin hafa þeir haft sig
upp aftur, er soldán tók að eldaast og margt tekið til að ganga á
tréfótum. Og í sumar varð það uppvíst, að þeir höfðu fengið her-

inn á band með sér víða um ríkið, svo að brydda tók á uppreistaróeirðum hingað og þangað meðal tyrkneskra hermanna, einkum í Makedoníu. Þá varð soldán skelkaður, og lýsti hann því yfir fyrir þegnum sínum, að nú léti hann fyrirnefnda stjórnarskrá frá 1876 ganga í gildi. Það var 25. júlí. Þá sefuðust óeirðirnar. Og var þessum tíðindum tekið með miklum fögnuði um alt ríkið. Stjórnarskráin er sögð allfrjálsleg. Kristnum mönnum og Múhameðstrúar gert jafnt undir höfði að lögum, prentfrelsi tekið í lög og kenslufrelsi, bannað að þína sakborna menn til sagna o. s. fiv. Því næst tók soldán sér ráðuneyti úr liði Ungtyrkja, þar á meðal tvo kristna menn, og heitir yfirráðgjafinn Kiamil, mikilhæfur maður og vel metinn.

Tignarbróðir Tyrkjasoldáns, Persakonungur, hefir hagað sér næsta ólíkt í sumar. Hann lét ráðast á þingið með vopnuðu liði, skjóta á þinghöllina í Teheran með fallbyssum og brjóta, eftir furðu-vasklega en skamma vörn af þingmanna hendi og þeirra vina. Tvo hina helztu foringja þingsins sér andvíga lét hann hengja þegar í stað og orðalaust, og 12 þingmenn aðra síðar. Ekki þóttist hann ætla sér þó að afnema alla þingstjórn, heldur efna til nýrra kosninga og stefna saman þingi í haust. En ekkert hefir úr því orðið enn, og mun lítið þykja í varið kjörfrelsi frammi fyrir gínandi byssukjöftum. — Að öðru leyti hefir verið töluvert um óeirðir þar í landi í sumar.

Loftferðalög hefir verið mikið fengist við hin síðustu missiri víða um heim, einkum með stórþjóðunum; þær hugsa sér að hafa þeirra mikil not í hernaði og vilja komast þar hver fram úr annari. Með Þjóðverjum hefir maður sá, er Zeppelin heitir, greifi, unnið manna mest að umbótum og framförum í loftsiglingum. Hann lauk í sumar við sitt fjórða tilraunaloftfar, afarstórt og vel út búið, og ætlaði hermálastjórn Prússa að kaupa það af honum, ef honum tækist að sigla því viðstöðulaust heilan sólarhring og tiltekna leið, ekki lægra í lofti en 600 faðma. Það hepnadist sæmilega. Loftfarið leið frá Bodenvatni í Sviss 4. ágúst norður eftir Þýzkalandi alt norður í Mainz, með Zeppelin sjálfan innanborðs við tólfta mann; þangað var ferðinni heitið. Sneri síðan við heim á leið næstu nótt og staðnæmdist daginn eftir stundarkorn hjá þorpi

einu í Bajern. Þar hafði verið gengið óvarlega frá legufærum, en stórviðri var, og slitnaði flugbelgurinn upp, laskaðist og kviknaði í, sprakk þá og ónýttist gersamlega á svipstundu. Farþegar voru hvergi nærri og varð því ekkert manntjón. En slysið var metið þjóðar-mótlæti og efnt til almenura samskota að bæta greifanum skaðann. Þau urðu 3 miljónir ríkismarka á fám vikum.

Upp var tekið í sumar af nýju málið milli Maximilian-Hardens og Eulenburgs greifa í Berlín, og greifanum stefnt um meinsæri og að hafa tælt aðra til meinsæris, í málinu um saurlífis-glæp þann, er M.-H. hafði að honum dróttað. Vitni gengu í móti honum. En þá varð að fresta málinu vegna veikinda Eulenburgs.

Þeary hinn ameríski, norðurfarinn heimsfrægi, er fann fyrir nokkurum árum að Grænland er eyja og komist hefir allra manna næst norðurheimskauti ($87^{\circ} 6'$), lagði af stað enn af nýju í sumar, 17. júlí, í sömu erindum sem áður. Skipinu, Roosevelt, heldur hann svo langt í haust, sem flotið getur, en hugsar að nota veturinn til sleðaferða beint norður að heimsskauti. Endist honum það ekki, hverfur hann aftur og hefst við á skipinu næsta sumar, en leggur á stað annan vetur á sleðum með sama hætti og áður.

Nú mun vera til skarar skriðið í Marokko með þeim bræðrum Abdul Aziz soldáni og Mulay Hafid, er hafa ázt ilt við undanfarin missiri. Abdul Aziz hefir farið halloka og hröklast af stóli fyrir bróður sínum og uppreistarliðinu, — beið algerðan ósigur í snarpri orustu, þar sem heitir Makaresch, seint í sumar. Skortir nú eigi annað en viðurkenning stórveldanna á soldánstign Mulay Hafids. Heldur hnekkir þetta Frökkum, er studdu Abdul Aziz.

Framgengt varð á þingi Breta í sumar ellistyrksnýmæli hinu mikla til handa fátæku alþýðufólki hálfsjötugu eða þaðan af eldra. Efri málstofan lá við að feldi það. En lávarðarnir óttuðust svo megnan fjandskap verkmanalýðsins, að naumast yrði við vært, og kusu heldur að samþykkja frumvarpið.

Jónas Lie, þjóðskáldið norska, andaðist í sumar, 7. júlí, hálfáttatræður.

Gráfeldur.

Eftir

JÓN TRAUSTA.

Rétt fyrir hvítasunnu eitt vor vorum við þrír á ferð úr Grundarfirði, og vorum staddir í kaupstaðnum í B-firði. Við ætluðum gangandi þaðan yfir fjallið heim til okkar aðfaranótt laugardagsins fyrir hvítasunnu.

Við Grundfirðingarnir vorum þessir: Einar gamli póstur, Jónas Árnason og eg, og allir áttum við heima á Gráfeldseyri.

Í B-firði slóst fjórði maðurinn í förina. Hann hét Baldvin og var trésmiður. Hann hafði komið á gufuskipi þangað og mæltist til þess að fá að verða okkur samferða yfir fjallið.

Þetta kom okkur því kynlegar fyrir, sem Grundfirðingar voru þar einnig á báti og ætluðu heim fyrir hátíðina. Baldvin kom koffortunum sínum á bátinn, en vildi ekkert annað en ganga yfir fjallið.

Hitt kom okkur sízt til hugar að meina manningum að verða okkur samferða.

Um háttatíma á föstudagskvöldið ætluðum við að leggja á stað. Þá var búið að loka búðum fyrir löngu. Við Einar gamli vorum alveg tilbúnir. Baldvin kvaðst líka vera tilbúinn. Hann hélt til í húsi hjá ekkju, sem við könnuðumst við, og bað okkur að vitja sín þangað.

En Jónas vantaði.

Og það var óvanalegt, að Jónas léti standa á sér. Einar gamli var farinn að blóta sárt — eða »syndga«, eins og hann nefndi það. — Eg vissi hvar Jónas var og hvað tafði hann. En eg mátti ekki geta um það.

Við biðum og biðum, skulfum af kuldahrolli og vorum ópolinmóðir. Loksins kom Jónas. Þá var að vitja Baldvins. Hann var tilbúinn. Svo var lagt á stað.

Það var logn, en sudda-þoka byrgði fjöllin alveg ofan undir bygð. Allir steinar gljáðu af bleytu. Allir lækir ultu fram kol-mórauðir.

Leiðin, sem við ætluðum að fara, heitir Finnudalsvegur. Það er stytta leið til Gráfeldseyrar. Eiginlega er það ekki skarð. B-fjarðar megin er langur aðdragandi að fjallinu, en Grundarfjarðar-megin er farið ofan í hömrum girtan dalbotn á bak við hnúkinn Gráfeld. Þar liggur sneiðingur ofan hamraflugin og heitir Finnukleif, en dalurinn Finnudalur. Finnukleif er illfær vegur og mjög hættlegur; en af því að miklu munar á vegalengd er hún mjög tíðfarin. Flestir, sem farist hafa á fjallinu, hafa einmitt farist þar. Þeir hafa hrapað úr kleifinni ofan fyrir hamrana.

Fyrst lá leið okkur út með B-firði. Þá var þokan svo dimm, að varla sá milli landa á firðinum, og er hann þó ekki nema hluti úr mílu. Miklar, leirroknar hjarnfannir teygðust eins og tungur úr fjöllunum ofan undir sjó. Þokan byrgði efri hluta þeirra; en undan tungubroddunum beljuðu lækir, sem við urðum að vaða. Sumir voru alt að því í mitti.

Við vorum allir fremur léttfærir. Allri þungri vöru höfðum við komið á bátinn. Þó höfðum við Grundfirðingarnir ofurlítið að bera, en Baldvin alls ekkert.

Lengi gengum við hljóðir hver á eftir öðrum eftir götuslóða, sem lá út með firðinum. Suddinn úr þokunni gerði okkur hélugraa utan og smátt og smátt gagndrepa. Nóttin var orðin björt fyrir löngu; þó var skuggsýnt, vegna þokunnar. Drungablær var á öllu — okkur sjálfum líka.

Á einum stað þar sem við settumst niður til þess að blása mæðinni, spurði Baldvin upp úr eins manns hljóði og eins og út í loftið:

— Hvernig var Kleifin, þegar þið komuð yfir fjallið?

Einar gamli varð fyrir svörunum:

— Bölvuð — —! Hún var bölvuð, lagsmaður, — eins og hún er vön að vera. Það var gler-harka í henni, hel...inu því arna.

— Svo-o!

Einar sagði satt, þótt Baldvin tryði honum varla. Það voraði seint og enn var lítið farið að taka úr fjöllunum. Hamrabeltin Grundarfjarðarmegin í fjallinu voru að visu orðin auð; enda voru þau móti sól. En enn þá lágu svell í Finnukleif.

— Og þú ert broddalaus, maður! bætti Einar við og virti Baldvin fyrir sér frá hvirfli til ilja, eins og hann efaðist um, að hann væri með öllum mjalla.

Við Jónas tókum eftir því, að Baldvin þyktist við það, að Einar gamli þú a ð i hann. Hann þóttist ekki vera okkar jafningi — enda lítið kunnugur okkur. En Einar gamli þúaði alla.

— Og staflaus líka, sagði Baldvin hæðnislega og rétti fram kollótt prik, sem hann hafði í hendinni.

Einari gamla varð orðfall.

— Guð hjálpi þér, aumingja maður. Þú veizt ekki hvað það er, að fara hérna yfir fjöllin, — var það eina, sem hann gat stunið upp.

Baldvin hló kuldalega.

Þó var það auðséd á honum, að hann fór að hugsa um, hvernig þetta mundi enda. Hann leit út undan sér til stafanna, sem við höfðum. Þeir voru sterklegir, með stórum, beittum broddum, og mannbroddarnir bundnir utan um stengurnar fyrir ofan hendurnar. Hann vissi, að við þektum fjöllin, og þó fanst okkur svo mikils við þurfa. Hann vildi ekki láta bera á því — en hann var samt að bera þetta saman við prikið sitt.

— Jæja, við reynum að hjálpa þér ofan Kleifna — hvernig sem við förum að því. Við höfum þurft á því að halda áður. — Er þér svimagjarnt?

— Nei — fari það kvolað.

— Og kantu að ganga á annara manna fótum?

Baldvin rak upp stór augu, en við Jónas förum að skelli-hlæja.

Einar gamli fór að skýra þetta fyrir honum. Þegar þeir voru á ferð í hálfu og bratta og einn var broddalaus, þá létu hinir tveir hann standa á ristunum á sér og leiddu hann svo á milli sín. Kunnáttan var í því fólgin, að bera svo til fæturna, að hinum yrði það sem minst til hindrunar. Á þennan hátt hafði broddalausum mönnum oft orðið komið ofan úr Finnukleif, þótt svell væri í henni.

Þetta samtal vakti okkur til ofurlitillar glöðværdar. Baldvin tók þátt í henni, en var þó eins og utan við sig. Eg er viss um, að hann hefir dauð langað til þess að snúa aftur, en fundist það litilmannlegt.

Það glæddi heldur glöðværdina, þegar við Einar gamli förum að kenna Baldvin að »ganga á annara manna fótum« á fyrstu fönn, sem fyrir okkur varð.

Jónas gekk á eftir okkur og skemti sér dátt við það, að horfa á baksvipinn á okkur og göngulagið.

Skömmu síðar beygðum við upp frá fjarðarströndinni — upp í þokuna.

Eg kemst ekki hjá því að lýsa samferðamönnunum lítið eitt nánar.

Einar gamla póst þekti hvert mannsbarn þar í fjörðunum. Það var gráhærður ferða-öldungur, gæðamaður og meinleysingi. Hann var ætíð á ferð yfir fjöllin, sýknt og heilagt, oftast gangandi. Því að auk póstferðanna var hann sendimaður allra, sem þurftu á honum að halda.

Baldvin var undarlegur flökkufugl. Hann átti hvergi heima og tímum saman vissi enginn, hvar hann var niður

kominn. Stundum var hann erlendis. Oft hafði hann áður verið að smíðum í Grundarfirði, og nú var hann á leið þangað til þess að annast húsbýggingu.

Hann var hár maður vexti, en ekki karlmannlegur, gekk oftast snyrtimannlega til fara, með hárið vel greitt og efrivararskeggið vel strokið. Andlitið var magurt með djúpum dráttum og hörundsliturinn öskugrár. Augun lágu innarlega og voru ódjörf upplits; allur var svipurinn háðskur, undirhyggjulegur og nokkuð blandinn. Flestir sneiddu heldur hjá honum; enda virtist hann vilja vera öllum kunnugur en einskis vinur.

Það orð fór af Baldvin, að hann væri fjöllyndur í ástamálum, og aldrei hafði hann staðfest ráð sitt. Hvar sem hann var að smíðum, var hann við kvenmann kendur, og það var leyndarmál, sem allir vissu, að hann hélt við þessa ekkju í B-firði, sem hann hafði verið hjá um kvöldið.

Jónas var piltur rúmlega tvítugur, ljós á hár, skegglaus með hálf-barnslegt andlit. Hann var brúnabeinamikill og nefstór, en mjög varapunnur og stóð hakan fram. Heldur var hann litill fyrir mann að sjá og væskilslegur; enda lítt harðnaður. Bar hann að því leyti menjar ills uppeldis og skorts í æskunni.

Við Jónas vorum svo gott sem uppálingar — höfðum alist upp í kotunum við Gráfeldseyri og jafnan verið mjög samrýndir. Eg var einu ári eldri. Eg held, að enginn hafi þekt hann eins vel og eg.

Jónas var einn af þeim mönnum, sem ekki var auðgert að kynnast í fljótu bragði. Hann var feiminn og ómannblendinn og kom mörgum heldur kjánalega fyrir. Þess vegna var honum oft strítt og skapraunað. Margir héldu, að hann væri einfeldningur. Að eins örfáir menn vissu það, að gáfur leyndust hjá honum. Hann var draumlyndur og hneigður til einveru — og það fór fremur vaxandi —, kviklyndur, en þó hverjum manni trygglyndari, gedrikur og barnalega viðkvæmur. Hann hafði mikla raun af því, hve allur þorri manna misskildi hann. Og heitasta óskín hans held eg hafi verið sú, að vekja á

sér eftirtekt almennings, brjóta allan misskilning á bak aftur og afla sér orðstírs og frama — helzt frægðar.

Þetta hafði honum tekist að einu leyti. Hann hafði nú þegar fengið það orð á sig, að hann væri langbeztur klettamaður þar í fjörðunum og jafnvel þótt víðar væri leitað. Enginn treysti sér til að leika það eftir, sem sagt var og sannað, að hann hefði gert.

Konsúllinn á Gráfeldseyri hafði »uppdagað« það einu sinni — eins og það var kallað á konsúls-islensku —, að Jónas mundi vera til annars betur fallinn en róa. Hann þótti linur á árinna. Konsúllinn gerði hann að vikapilti sínum, tók hann í hús sitt og lét hann hafa léttu vinnu. Hann lánaði honum einnig bækur og studdi námfýsi hans. Oftast var Jónas í sendiferðum yfir fjöllin — því konsúllinn þurfti mikið á þeim að halda —, og þá einn á ferð að jafnaði. Því undi hann bezt. Þá fór hann alt þvert og endilangt, klifraði eins og köttur upp og ofan þverhnýpt flug og fór alt annað en mannaleiðir. Með þeim hætti varð hann brátt öllum mönnum fremri í kletta-göngum.

Margt hafði Jónas haft í höfðinu viðvikjandi framtíð sinni. Stundum vildi hann komast í búðina hjá konsúlunum og verða verslunarmaður, stundum vildi hann sigla og framast, stundum vildi hann fara í Möðruvallaskólann — eða jafnvel lærða skólann. Eg vissi hvað honum var, þótt hann segði mér það aldrei. Hann vildi verða skáld — hann vissi ekkert hvað hann vildi verða annað en það. Allar aðrar fyrirætlanir hans voru leiðir að því takmarki.

Nú var hann hættur við það alt saman og vildi nú ekkert annað en fara — að gifta sig.

Stúlkan hét Sigurlína og var á Gráfeldseyri. Hún þótti fremur frið sýnum, — var dökkhærð, hvítleit í andliti, en þó nokkuð feitlægín, með smáfeldan andlitsskapnað. Augun óprýddu hana helzt. Þau voru lítil og þokuleg — næstum eins og stödupollar, og brúnasvipurinn var flegur og nokkuð tvíræður. Hún gekk ætíð þokkalega til

fara og var mjög innundir í heldri húsunum — oft tíma og tíma þar við sauma eða annað þess háttar, einkum hjá konsúlnum. Þar hafði Jónas kynst henni.

Trúlofun þeirra Jónasar og Línu hafði farið mjög leynt um veturinn, svo sárfáir vissu hana enn. Og svo var Jónas dulur, að ekki sagði hann mér frá þessu fyr en eg var búinn að komast að því og lagði að honum. — Ekki líkaði mér ráðahagurinn fyrir Jónasar hönd, og reyndi margsinnis að telja honum hughvarf, þótt það yrði árangurslaust. — Nú var eg hættur því fyrir löngu. Mér gaft ekki að Línu. Eg hafði líka ýmislegt um hana heyrt, sem ekki mælti með henni. Hún hafði verið nefnd við karlmenn oftar en einu sinni — stundum jafnvel við norska sjómenn. Einhverjir þóttust líka hafa komist að samdrætti Baldvins og hennar, síðast þegar hann var í firðinum. Alt þetta sagði eg Jónasi, en hann tók mér það illa upp. Eg sá þá, að ástin hafði blindað hann og engin von var um björg framar. Þess vegna hætti eg að aftra honum, en ásetti mér að reynast honum eins og vinur, hvað sem í skærast.

Lakast af þessu öllu var það, að eg var viss um, að Línu var engin alvara. Hún hafði tekið ást Jónasar um veturinn vegna þess að hana vantaði annan, sem henni líkaði betur. En ætlaði sér að losast við hann, áður en of langt væri farið. Þetta hafði eg ráðið af því, að alt af hafði það stadið til, að þau opinberuðu trúlofunina, en alt af dregist, — og það var henni að kenna. Fyrst átti að gera það á afmæli Jónasar snemma á góu, þá á páskunum, þá á sumardaginn fyrsta, og nú var komið að hvítasunnu. Nú átti að verða af því.

Þetta lá þungt á mér Jónasar vegna, því að eg vissi, að hann unni henni heitt og treysti henni að fullu.

Hærra, hærra með hverju spori. Öll auð jörð var þrotin og við gengum á gömlum, marg-samanlömdum

hjaranfönnum. Sorti í þokunni að baki okkar benti á, hvar fjörðurinn lá.

Leiðin lá upp marga bratta hjalla, en á milli þeirra voru snjóþaktir fláar. Gamli harðsporar á fönnunum sýndu stefnuna. Klettarnir í hjallabrúnunum voru það eina, sem stóð upp úr snjónum. Þegar við nálgðumst þá í þokunni, var eins og stórar, svartar skepnur kæmu á móti okkur.

Færðin var hálf-ill. Þess vegna tókum við upp þann hátt, sem algengur er á ferðum yfir fjöllin þegar ófærð er, að við gengum á undan til skiftis. Hinir, sem á eftir gengu, notuðu þá slóðina.

Fyrsta áfangann gekk Einar gamli á undan og Baldvin næstur honum. Við Jónas hægðum á okkur og drógumst ofurlítið aftur úr. — Það var hálf-skoplegt að sjá á eftir þeim. Einar var lágur vexti og stuttstigur, en tritlaði áfram ótt og títt; Baldvin langur, klæddur næstum skósiðri regnkápu — flik, sem við hinir höfðum ekki mikið af að segja — og hefði helzt viljað stíga yfir annað hvert spor Einars. En það skoplegasta af öllu var að sjá, hve ólundarlegur hann var á baksvipinn, einkum eftir að þeir voru orðnir einir, hann og Einar. Hann þóttist vansæmdur af föruneytinu.

Það lá óvenju-vel á Jónasi. Ánægjan skein út úr andlitinu á honum. Eg sá það vel, að hann bjó yfir einhverju, sem hann vildi segja við mig. Við vorum því samtaka í því, að hægja á okkur enn meira. Þegar við vorum orðnir svo langt á eftir, að hinir gátu ekki heyrt til okkar, mælti hann:

— Nú kemur fyrsta kvæðið mitt á prent í dag.

— Eg óska til hamingju! — Er það »Gráfeldur«?

— Já, það er »Gráfeldur«. Hann á að koma út í »Mjölni«.

»Mjölner« var blað Grundfirðinga, gefið út á Gráfeldseyri.

— Er langt síðan þú sýndir ritstjóranum hann?

— Nei — nokkrir dagar.

— Og hann lét vel yfir —?

— Já. Hann kvartaði að vísu um rúmleysi í blaðinu. Annars held eg að hann hefði tekið hann í síðasta blað

— Sjáum til.

— Svo hitti eg hann aftur, og bað hann endilega að taka hann í blaðið, sem kæmi út um hvítasunnuna.

— Og hann ætlar að gera það?

— Já, það er eg viss um.

— Spurði hann ekki um ástæðuna? spurði eg og leit brosandí framan í Jónas.

— Nei. — En hann var skolli kendur.

Jónas var svo barnalega glaður yfir þessu, að eg gat ekki annað en samglaðst honum. En sú hamingja, sem morgundagurinn átti að færa honum! Fyrst trúlofunina, og svo kvæðið í ofanálág!

Eg kannaðist við kvæðið »Gráfeld«, því Jónas hafði oftast en einu sinni þulið það yfir mér. Það var um tindinn upp af Gráfeldseyri, æskuvín okkar beggja. Það var liðlega rímað og stórlýtalaust; en raunar var það ekki annað en kvæði Kristjáns Jónssonar um Dettifoss snúið upp á Gráfeld. Bragarhátturinn var sá sami og hugsunin nauða lík. Efnið var ástar- og aðdáunargæla til fjallsins. En niðurlag kvæðisins var brennandi bæn til vætta þeirra, sem Gráfeld byggðu, að þær gæfu honum að kvæðislaunum það, sem þær sæju honum fyrir beztu.

— En hvernig gekk þér hjá gullsmiðinum? spurði eg eftir dálitla þögn.

— Vel. Eg stóð yfir karl-skrattanum þangað til hann var búinn. Var ykkur ekki farið að leiðast?

— O-o, uokkuð svo. Einar gamli var farinn að »syndga«. — En Baldvin var á vísu stað, þar sem vel fór um hann! — Þú hefir þá fengið hringana.

— Já, þeir eru hérna. — Hann seildist ofan í vestisvasa sinn og tók þar upp ofurlitinn silkipappírs-böggul og sýndi mér. Þar mótaði skýrt fyrir tveim hringum.

— Er grafið innan í þá?

— Já. — »Jónas þinn« í öðrum, en »Lína þín« í hinum. — Það var einmitt þa ð, sem tafði.

— Svo nú er það alvara?

Jónas brosti drýgindalega.

— Já, nú er það alvara.

Eftir örlitla þögn sagði eg ofurlítið kíminn:

— En hvað heldurðu að Baldvin sé að fara?

Þetta glappaðist fram úr mér, og eg dauð-sá eftir að hafa sagt það, einkum þegar eg sá, hver áhrif það hafði.

— Baldvin — ha, — sagði Jónas og góndi framan í mig, eins og hann skildi ekki, hvað Baldvin kæmi þessu við.

— Jú, hann ætlar vist að fara að smíða þarna í firðinum einhverstaðar, núna upp úr hátíðinni, sagði eg eins og til þess að leiða athygli hans afvega.

En það stóðaði ekkert. Jónas heyrði það ekki. Hann var orðinn dapur í bragði og hugsandi.

Eftir þetta var eins og þyrmdi yfir hann. Eg gat varla togað orð úr honum.

Eg fór að verða hálf-smeykur um, að hann hefði ratað á sömu grunsemdir, eins og þær, er mér höfðu gert órótt í skapi, síðan Baldvin vildi fá að verða okkur samferða.

Eg þóttist þá sem sé skilja, hvernig í öllu þessu lægi. Lína mundi hafa staðið í bréfasambandi við Baldvin um veturinn, þótt lítið bæri á. Þess vegna hefði hún dregið það á langinn, að þau Jónas opinberuðu trúlofunina. Nú loksins, þegar hún átti von á honum, hefði hún gefið eftir, en ætlaði honum að verða komnum áður en þetta kæmist í frankvæmd. Hún treysti sér tæplega til þess, að standa ein á meðan hún væri að losa sig við Jónas; ef til vill yrði það ekki svo næsta auðvelt. Þá ætlaði hún að standa í skjóli Baldvins á meðan. Þess vegna þurfti hann að ná þangað fyrir hvítasunnuna. Ef til vill hefir hann vitað um erindi Jónasar hjá gullsmiðinum, og þess vegna ekki viljað hleypa honum á undan sér til Grundarfjarðar.

Auðvitað var þetta alt saman heilaspuni úr mér, og varla gat eg annað veifið trúað Línu til annars eins svikræðis. En þetta styrktist þó fremur við það kapp, sem Baldvin lagði á það, að verða okkur — einmitt o k k u r — samferða.

— — Á einni hjallabrúninni settumst við niður til þess að hvíla okkur. Fyrst voru að eins töluð orð og orð á stangli. Svo fór að lifna yfir samtalinu og hneigðist það að háum og fögrum fjöllum.

Við Grundfirðingarnir vorum allir sammála um það, að Gráfeldur væri hæsti og fegursti tindurinn þar nærlendis og ætti fáa líka sína, jafnvel á öllu landinu.

Jónas hélt þessari skoðun fast fram. Einar studdi hana rækilega.

Baldvin hafði víða farið og margt séð. Þar á meðal Herðibreið. Hann taldi hana bera langt af islenzkum fjöllum að fegurð og tign, en gerði lítið úr fjöllum okkar — Gráfeldi líka.

— Enda hefir enginn komist upp á Herðibreið, bætti hann við.

— Menn leika sér nú ekki að því heldur, að fara upp á Gráfeld þar sem hann er hæstur og brattastur — beint upp af Eyrinni, mælti Einar.

— Ekki kannske beint upp af Eyrinni, mælti Baldvin. — En af hinum fjöllum — —

— Það vita allir. Það er engin frægð.

Nú fóru þeir að þrátta um það, hvort Gráfeldur mundi vera kleifur beint upp af Eyrinni. Einar og Baldvin voru nú orðnir sammála um það, að það mundi alls ekki vera.

Eg lagði fátt til málanna. Eg vissi, að það hafði lengi vakað fyrir Jónasi að reyna slíka þraut. Og fyrir honum var það hámark allra klettþrauta, sem hægt væri að finna í þessum landshluta, að fara beint upp Gráfeld að framan, þar sem hann var brattastur.

Þeir voru farnir að verða dálítið ákafir.

— Eg hefði gaman af að reyna þetta einhverntíma, sagði Jónas.

— Já, Jónas litli er sleipur, sagði Einar. Eg hefi séð hann fara það, sem eg hélt að hverri skepnu væri ófært nema fuglinum fljúgandi. Ef hann getur ekki klifrað upp Gráfeld, þá getur enginn það.

— Eg hefði gaman af að reyna það einhverntíma. mælti Jónas aftur dálítið drýgindalega.

— Þér eruð kannske ekki frá því, að þér gætuð það, sagði Baldvin ísmeygilega og depladi augunum til okkar hinna.

Jónas leit ekki upp.

— Upp skyldi eg! — Hvernig sem mér gengi að komast ofan aftur.

Baldvin rak upp háan hædnishlátur, svo það bergmálaði úti í þokunni.

— Ha-ha-hæ! Heyr á endemi! — Nei, heyrið þér nú. Hvað mikið sem þér gortið, þá skal eg veðja hausnum á mér að þér farið ekki upp Gráfeld beint upp af Eyrinni, og þaðan af síður ofan.

Jónas leit hvast á hann og það var eins og leiftri brygði fyrir í augunum. Svo sótroðnaði hann í framan.

Ástfangnir menn eru næmir fyrir, þegar snert er við sæmd þeirra. Einhverntíma hefði Jónas ekki tekið sér annað eins og þetta nærri. En nú sá eg vel, að hann beit á jaxlinn til þess að gráta ekki. Sæmdin var ekki hans eins, heldur líka stúlku þeirrar sem hann unni. Hver niðrun, sem honum var gerð, var henni gerð óbeinlínis. Átti hún að lifa við þá skapraun, að manns-efnið hennar væri talinn gortari og ekki neitt í neinu — jafnvel sneiddur þeim heidri, sem hann þó hefði hlotið almenna viðurkenningu fyrir? — Öllum átti hann að vera lélegri. Ekkert átti hann að geta — ekki einu sinni það sem hann þóttist geta öðrum fremur. — Í engu hafði hún sóma af honum. Og samt gerði hann kröfu til ástar frá hennar hálfu.

Samtalið féll niður með öllu. Við Einar sögðum ekkert heldur. Þar sem mönnum hefir sinnast, finst hinum, sem hjá eru staddir, eldfim efni liggja falin, sem lítið

ógætnisorð getur hleypt í bál og brand. Þess vegna er hættuminst að þegja.

Þetta hvítgráa myrkur umhverfis okkur hafði líka einhver sljóvandi áhrif á okkur alla, gerði okkur viðkvæma og eins og hálf-hrædda og hikandi. Ekkert veður er jafn-þreytandi eins og þokan.

Rétt á eftir fengum við annað til að hugsa um.

Á meðan við þögðum, heyrðum við undarlega suðu út í þokunni, eins og rokkur væri þeyttur.

— Hvað er þetta? spurði eg.

— Þei-þei — sagði Einar gamli lágt og bandaði með hendinni.

Við héldum niðri í okkur andanum og hlustuðum. Rokkþyturinn heyrðist aftur og var nú skýrari en áður. Þó gátum við ekki heyrt úr hvaða átt hann kom. Líkast var því, að þetta kæmi úr öllum áttum í einu.

Svo þagnaði það í einni svipan. Byrjaði aftur, heyrðist litla stund og þagnaði svo að fullu.

— Ó, fari hún bölvuð! sagði Einar gamli og varpaði mæðilega öndinni.

— Hver þá?

— Hún er þá á ferðinni núna.

— Hver þá?

Við lögðum að Einari að segja okkur, hvað hann ætti við. Hann var tregur, en lét þó til leiðast. En það var auðséð, að þetta hafði mikil áhrif á hann.

— Það er sagt, mælti hann, að hér hafi einu sinni kvenmaður orðið úti með rokk á bakinu. Hún kvað stundum vera hér á sveimi með rokkinn sinn, og þeytir hann hart. Sumir þykjast jafnvel hafa séð hana. — En æfinlega, þegar hún gerir vart við sig, er einhver feigur í förinni.

Það varð dauðapögn.

— Eg hefi einu sinni heyrt til hennar áður. Það var í dimmviðri eins og núna.

— Og bar þá nokkuð til tíðinda? spurði eg.

— Já, — það var þegar Sigmundur sálugi hrapaði í Finnukleif.

— Hvernig atvikadist það?

— Það var svehl í Kleifinni, eins og oftár. Hann hafði bæði staf og brodda, en kunni hvorugu að beita. En ekki var við það komandi, að við mættum leiða hann, heldur gekk hann á eftir okkur. Svo svimaði hann, einmitt þar sem verst gegndi. Við sáum hann hendast fram af hverjum stallinum eftir annan og taka löng loftköst á milli. Loks hvarf hann í sandskrið og grjótreyk. — Undir eins á eftir fanst hann þar neðan undir.

— Dauður — —?

— Dauður —! Biddu fyrir þér! — Allur höggvinn sundur.

Það sló óhug á okkur við þessa sögu. Líklega höfum við Grundfirðingarnir hugsað allir það sama, því við litum allir samtímis á Baldvin.

Eg verð að játa það, að þótt mér geðjaðist ekki að Baldvin, þá langaði mig þó ekki til þess að sjá á eftir honum fram af Finnukleif, fyrst hann var í för með okkur.

Baldvin leit ekki upp, en var orðinn nábleikur í framan.

Næsta áfanga átti Jónas að »troða fyrir«. Eg gekk næstur honum í slóðinni.

Þá gekk Jónas svo hart, að eg átti fult í fangi að fylgja honum eftir. Þeir Einar og Baldvin drógust aftur úr.

Við töluðum ekki orð saman.

Eg var að hugsa um það, hvað úr aumingja Jónasi mundi verða, ef grunur minn reyndist réttur og Lína ætlaði að svíkja hann. Eg sár-kveið fyrir því. Eg vissi, að hann mundi verða hamstola af harmi. Ef til vill mundi hann leita á að fyrirfara sér. Ef til vill mundi hann missa vitið, svo það þyrfti að halda honum, eða

hann fengi taugateygjur. Að minsta kosti mundi hann ekki geta sofð. — Eg ásetti mér að skilja ekki við hann í slikum raunum, vaka yfir honum og vera hjá honum, passa hann eins og barn og reyna að hughreysta hann. En eg kveið fyrir því.

Á næstu hjallabrun fleygði Jónas sér niður. Hann var fögur í framan og þungbúinn, en sagði ekkert.

— Er þér ilt, Jónas?

Hann svaraði dræmt:

— Já, hálf-ilt í höfðinu.

Af þeirri þekkingu, sem eg hafði af Jónasi, þóttist eg vita, að honum væri meira en »hálf-ilt«, fyrst hann kvartaði.

Þegar hinir náðu okkur, sagði eg þeim frá því, að Jónas væri orðinn veikur. Hann bar ekki á móti því og okkur leizt öllum svo á hann, að hann hlyti að vera veikur.

Nú var farið að ráðgast um, hvað gera skyldi. Það var óráðlegt að leggja á fjallið með veikan mann, en enn þá skamt ofan í B-fjörð.

Okkur kom því saman um það, að bezt væri að Jónas sneri aftur og reyndi að ná í bátinn. Hann hlaut að sjá til hans út með ströndinni og geta kallað til hans — ef hann yrði þá lagður á stað.

Svo var þetta borið undir Jónas.

Það furðaði mig þá, hve fyrirhafnarlítið hann félst á það. Eg bauðst til að fylgja honum, en nærri því var ekki komandi.

Svo stóð hann upp hægt og seint, strauk ennið, kvaddi okkur og lagði á stað ofan eftir.

En þegar hann var kominn fáein skref frá okkur kallaði Baldvin til hans:

— Góði Jónas — lánið þér mér stafinn yðar og broddana!

Eg get ekki gleymt fyrirlitningarsvipnum á Jónasi, þegar hann sneri aftur og rétti Baldvin stafinn og broddana, en tók við prikinu hans í staðinn.

Svo hvarf hann út í þökuna — en við héldum áfram.

Fögur eru fjöllin.

Fögur þykja þau farmönnum, þegar þau gnæfa »geislum merluð« upp úr hafþökunni og lýsa leið til stranda.

Fögur eru þau heiman úr héraði, þegar þau skifta blæ og bláma eftir því sem eyktir líða, og sýna mönnum hvað sól er gengin.

Fögur eru þau í fyrstu snjóum, þegar þau standa í öklasiðum »hvítaváðum«, eins og ný-skirðir vikingar. — Og fögur eru þau í fyrstu leysingum, þegar mjallstakkurinn rifnar utan af þeim og þau birtast aftur, heiðblá og forneskjuleg. — —

En fegurst og kærust eru þau öllum þeim, sem alist hafa upp við rætur þeirra.

Hvert gil, hver hnúkur, hvert hamrabelti, hver skuggi og dráttur í hinum mikla svip, brennir sig fastan í meðvitund þeirra og máist þar aldrei.

Óttaslegnir horfa þeir á þau, meðan þeir eru á barnsaldri. Þeim ógnar hrikasvipurinn. En þeir læra snemma að horfa hátt og hugsa hátt. Fjallið þeirra stendur þeim ögrandi fyrir augum með erfiðleika, sem sýnast óvinnandi.

En smátt og smátt vaxa þeir yfir ófærurnar. Mikil er gleðin, þegar þeir komast upp á lægsta hamrahjallann. Ári seinna komast þeir upp á þann næsta þar fyrir ofan. Hugrekkið vex með hverjum nýjum sigri. Óttinn minnar, en að sama skapi verður þeim fjallið hjartfólgnara. Loks hafa þeir ekki ró í beinum sínum, fyr en þeir komast upp á tindinn.

Margir ná tindinum — áður en þeir vaxa frá æskuþrá sinni og hugsjónum, eða trénast upp í brauðstritinu.

En þau áhrif! Þau eru ógleymanleg.

Alt það, sem þeir höfðu hugsað sér, að fyrir þá mundi bera þar uppi, verður fánýtt í samanburði við það sem þeir er fyrir þá. Aldrei höfðu þeir haft grun um slíkt við-

sýni, aldrei um jafn bláan og hreinan himin, aldrei um jafn viðáttumikinn hafflöt, aldrei um það, hvernig skýin voru á bakið. Loftið er léttara og tærara, en þeir höfðu nokkurn tíma áður þekt. Allir fjarlægir tindar sýnast komnir miklu nær. Hvert sem litið er, blasir við nyr heimur. — Sóln verður sem magnþota af undrun. Meðvitundin þarf að þenjast út til þess að rúma hina nýju mynd — líkt og lungu barnsins þenjast út við hinn fyrsta andardrátt og tæmast aldrei framar. — Slikur vöxtur veldur sælublöndnum sársauka. Menn þurfa að bera myndina í brjosti sér heim til sín, vaka yfir henni, dreyma um hana, njóta hennar í endurminningunni — og koma svo aftur. Þá sannfærast þeir um, að þeir hafa ekki séð alt — langt frá. Það stærsta hafa þeir séð, en ekki það smæsta, heildina en ekki hið einstaka. Hinn mikli sjóndeildarhringur á nóg eftir til næsta dags.

Þannig hafði það gengið okkur Jónasi. En sá var munurinn, að eg lét staðar numið en hann hélt áfram. Hann vildi kanna fjöllin til fulls, njóta alls, sem þau ættu og yfirstíga þau með öllu. Hann var ekki í rónni meðan nokkuð var eftir óséð eða nokkur þraut eftir óunnin.

Þess vegna hugsaði hann nú varla um annað en Gráfeld. — —

Aldrei gleymi eg þeim morgni, þegar við stóðum á egginni uppi yfir Finnukleif í þetta skifti. Þá vorum við komnir upp úr þokunni. Við stóðum allir hljóðir stundarkorn og nutum náttúrufegurðarinnar.

Sóln var komin all-hátt á loft. Himininn var dimmblár með þunnum, hvítum klósigum til og frá. Vedrið var kyrt.

Til beggja handa lá þokan eins og mjallhvítur baðmullarsjór, og klauf sig um tindana. Hún ólgaði upp með hægð og seig aftur niður eins og eitthvað hreyfðist undir henni. Yfir miðjum Grundarfirði kom módökk rák upp á yfirborð hennar og skifti henni í tvent á löngum kafla.

Það var reykur upp úr gufuskipi, sem var að fálma sig út úr firðinum.

Gráfeldur var rétt hjá okkur og sneri að okkur hnakk-anum. Finnudalsbotninn var á milli, kolsvartur og hrika-legur. Hnakkinn á Gráfeldi var breiður og tröllslegur; sólin glampaði á spegilskygðar fannirnar. Ennið horfði fram að firðinum. Það var hátt og hvast og svipurinn úfinn. Fjallið liktist afskaplegu finngálkni, sem stæði hált fram úr fjallgarðinum. Ásýndin horfði beint við sólu, en hrammarnir teygðust út í þokukafið.

Hamrabeltin í Gráfeldi voru öll auð, en fannir í skrið-unum fyrir neðan þau alt í kring. — —

Í slíkum himinljóma, sem þarna var uppi, dofna hræðslan og hjátruín. Mér er sem eg sjái framan í okkur, hefðum við þá verið mintir á »rokkþytinn« niðri í þokunni og það sem við hugsuðum þar!

Svo lögðum við ofan í Finnukleif. Við Einar létum Baldvin ganga á milli okkar. Einar átti að sýna honum hvar fara skyldi; eg átti að grípa í hann, ef hann ætlaði að hrapa. Baldvin skalf á beinunum þegar hann lagði ofan í Kleifina, en reyndi þó að harka af sér hræðsluna. Eftir nokkur skref var hann orðinn öruggur og ófeilinn, og lék þá við hvern sinn fingur. — Alt gekk slysalaust ofan Kleifina, og þá vorum við úr allri hættu.

Um venjulegan fótaferðartíma komum við ofan á Gráfeldseyri.

— — Grunur minn reyndist réttur. Baldvin var varla fyr komin á Eyrina, en Lína var komin í fangið á honum.

Eg gekk upp í loftherbergi Jónasar í húsi konsúlsins. Það stóð heima — þar lá uppsagnarbréfið á borðinu.

»Mjólnir« kom út um daginn, en kvæði Jónasar var ekki í honum. Þar biðu hans önnur vonbrigði.

Eg beið með óþreyju eftir því að báturinn kæmi, sem von var á Jónasi á. Hann kom ekki fyr en eftir háttatíma um kvöldið — en Jónas var ekki á honum.

Skipverjar vissu ekkert um hann.

Menn komu yfir fjallið um kvöldið. Þeir vissu ekkert um Jónas heldur.

Hátiðin leið og Jónas kom ekki.

Þá sendi konsúllinn yfir fjallið til þess að spyrja um hann. Það varð árangurslaust. Jónas hafði hvergi komið til bæja í B-firði.

Mönnum var safnað til að leita að honum.

Við Einar gamli póstur vorum báðir í leitinni. Eg stakk þá upp á því við Einar, að við skyldum ganga upp að Gráfeldi. Þá voru farnar að vakna hjá mér grunsendir. Við urðum hvort sem var að leita jafnt ólíklega sem líklega.

Við gerðum þetta.

Þegar við komum upp á hólaljallana fyrir ofan Eyrina og fjallið blasti alt við okkur, tókum við eftir ein-kennilegum rákum ofan fönnina á einum stað, sem þó enduðu á henni miðri.

Þessar rákir gátu varla verið eftir grjóthrun.

Þangað fórum við. Þar fundum við Jónas í urðinni fyrir neðan fönnina. Gat var á höfðinu, en líkið annars lítið skaddað. —

Það var eins og sagan væri skrifuð á fönnina.

Hann hafði komist heilu og höldnu ofan alla hamrana. En fönnin neðan undir þeim var hörð og snarbrött. Þá vantaði hann bæði staf og brodda til þess að komast hana ofan.

Hann hafði þá tekið það ráð, sem algengt er þar á ferðum um fjöllin. Prikið hafði hann sett í handarkrika sinn, lagst á það með líkamsþunganum og látið það rista snjóinn. Jafnframt hafði hann veitt viðnám með hælunum eftir megni. Þannig hafði hann rent sér á stað ofan fönnina.

Af þessu komu rákirnar á fönninni.

En á miðri fönninni hafði hvöss stein-nybba, sem stóð upp úr snjónum, orðið fyrir honum. Hún hafði krækst í aðra buxaskálmína og svift henni sundur.

Við þetta hafði hann mist jafnvægið og steypst á höfuðið. — —

Hefði þetta ferðalag tekist, þá hefði Jónas líklega komist góðri stundu á undan okkur ofan á Gráfeldseyri.

Nú lá hann þarna. En Gráfeldur stóð yfir honum sem þögult vitni, er ekki varð á móti mælt. Hann var jafn-tigulegur og svipmikill þótt hann játaði sig nú yfir-unninn. Hin brostnu augu stórðu upp á hann og Jónas hafði dáði með bros á vörum.

Eg mintist niðurlagsins á kvæði hans um Gráfeld, þar sem hann bað vættir hans að gefa sér það, sem þær sæju honum fyrir beztu.

Höfðu þær heyrt bænina?

Eg vissi, frá hve beiskum vonbrigðum hann var nú leystur. — — Og hver veit hve mörg önnur vonbrigði af líku tægi hefðu mætt honum síðar í lífinu? Menn með hans lundarfari mæta tíðum vonbrigðum og þola þau illa.

Á meðan eg var að hugsa um þetta, horfði eg framan í líkið, þangað til eg sá ekkert fyrir tárum.

— — Hinir leitarmennirnir fundu slóð Jónasar uppi á eggjunum og röktu hana fram á hæstu brúnina á Gráfeldi.

Nú snerist athygli alls fjarðarins að Jónasi. Það, sem hann gat ekki áunnið sér í lífinu, hafði hann nú hlotið með dauðanum.

»Mjólnir« mintist hans hlýlega. Hann kvað meiri mannskaða að þessum þilti en flestir hygðu, því eflaust hefði margt leynst í honum, sem ekki hefði fengið að njóta sín. Fyrir skömmu hefði hann komið til sín með kvæði. Það hefði verið barnalegt að vísu, en þó lýst nokkurri edlisgáfu. Svo tók hann upp síðasta erindið af kvæðinu.

Nú var eins og augun opnuðust á öllum. Nú var eins og þeir fyndu til þess, að i raun og veru hefði þeim verið vel við Jónas. Nú vildi enginn kannast við það,

að hafa strítt honum og hætt hann, gert hann dulan í skapi og einrænan, hræddan við mennina — enginn, ekki einu sinni Baldvin. —

Hringarnir fundust í vestisvasa líksins.

Þá varð það þegar hljóðbært, að Jónas og Lína hefðu verið trúlofuð — komin að því að opinbera.

Alla dagana, sem Jónas vantaði, hafði Lína enga dul dregið á vináttu sína og Baldvins. Eftir þetta fór hún að klæða sig alsvarta og ganga með sorgarsvip. Þannig kom hún fram við jarðarförina.

Þetta athæfi vakti svo almenna gremju og fyrirlitningu, að Línu var hvergi vært á eftir. Baldvin vildi þá ekki líta við henni heldur og hún sá þann vænstan, að hröklast burt úr firðinum. —

En langt fram eftir sumrinu fóru ungir menn á Gráfeldseyri eins konar pílgrímsferðir upp að fjallinu til þess að sjá staðinn, þar sem Jónas hafði klifrað ofan.

Sú klettapraut bíður lengi eftir þeim næsta.

Ofát.

Kenningar Hindhede.

Það mun flestum vera kunnugt, að óviða í heiminum kennir jafnmikillar örbingðar og alls konar volæðis og í mestu menningarlöndunum, eins og t. d. á Englandi og í Ameríku. Í Lundúnaborg er meiri auður og velmegun saman komin en nokkurstaðar annars á jafn-stóru svæði, og þar lifir mesti fjöldi manna við stöðugan sult og seyru og verður jafnvel hungurmorða við hliðina á kjötkötlum efnamannanna. Það er hryllilegt að hugsa til þess, að menskir menn skuli á slíkum stöðum þurfa að falla úr hor eins og skepnur í heyleysi og harðindum. En þó er enn ömurlegra til þess arna að vita, þegar manni um leið er sögð sú saga, að í þessum sömu löndum og borgum deyi langtum fleiri af ofáti en af sulti. Þetta fullyrða ýmsir frægir enskir læknar, eins og t. d. Dr. R. Wallace og Bell; Robertson og Henry Thomson eru á svipaðri skoðun og halda því fram, að alt að helmingi allra sjúkdóma orsakist af ofáti. Eyðslusemi auðuga fólksins í mat og drykk keyrir fram úr öllu hófi á Englandi, eins og víða annarstaðar. Gamall merkur Englendingur, sem í elli sinni, þegar gigtin var farin að heimsækja hann, rendi augunum aftur á við yfir líf sitt, reiknaði saman, hve mikið hann hefði hér um bil látið í magann af mat og drykk, frá því er hann var 10 ára og þar til er hann varð sjötugur. Og honum ofbuðu þau ósköp. Hann sá í anda langa lest af tvihjóludum eineykisvögnum fleytifullum af mat og alls konar drykkjum. Hægt og hægt rann lestin fram hjá honum og honum fanst sem hún ætlaði aldrei

að taka enda. Loksins kom síðasta kerran og var hún sú 107. — hundraðasta og sjöunda — í röðinni. Þegar hann fór svo betur að athuga reikninginn, varð hann að viðurkenna, að í 44 kerrunum hefði verið alls konar matvæli og áfengisdrykkir, sem hann þurfti ekki á að halda í raun og veru. Það var alt um of og honum til heilsuspillis fremur en bóta, og honum taldist svo til, að öll þessi vagnhlöss með öllum óþarfanum mundi hafa kostað sig um sjö þúsund pund sterling eða 127,000 krónur. Þessi Englendingur er ekki eins dæmi, sumir menn ljúka enn meiru¹⁾.

Þegar talað er um að menn deyi af ofáti, og það svo dags-daglega eins og ensku lækarnir, sem eg áður gat um, halda fram, þá má ekki skilja það bókstaflega svo, sem menn éti sig í spreng. Sem betur fer, mun það vera fáheyrt; en sannleikurinn er sá, að í daglegu tali er það ekki kallað svo, að menn deyi af ofáti, þó að svo sé í raun rétt, heldur er sagt, að dauðameinið sé magaveiki, lifrarveiki, nýrnaveiki, hjartveiki o. s. fr. Það þykir bæði »finna« að kalla það svo, og sumpart er mönnum ekki kunnugt um aðalástæðuna.

Ofdrykkjan bakar heiminum ómetanlegt tjón, en ofát engu síður, og margir eru þeir lækna og vísindamenn, sem vilja halda því fram, að ofátið eigi engu minni sök en ofdrykkjan á heilsutjóni mýmargra manna. Ofdrykkjuni er sem sé ofátið oft og einatt samfara, eða réttara sagt, ofátið skapar oft ofdrykkju; en hún fær síðan ein sök á því, sem í raun rétti er eigi síður ofátinu að kenna. Hér við bætist, að ofátið er algengara en ofdrykkjan, og væri því reyndar ástæða til að berjast gegn því með hófsemdarfélögum, eins og reynt er að útrýma ofdrykkju með bindindisfélagsskap.

Ofátið er svo algengt, að litið orð er á því haft og það hneykslar að eins fáa, nema þegar það keyrir fram úr öllu hófi. Flestum mun ofbjóða, þegar þeir lesa um sællífið í Rómaborg á keisarátímunum, um þau firn af

¹⁾ Russel: Strength and diet. London 1905.

fjölbreyttum réttum og hugvitsömum krásum, sem ríkir Rómverjar lögðu sér til munns í stórveizlum; sem þá tíðkuðust, og um það, hvernig þeir í miðri máltíðinni gengu fram til þess að kitla kokið með páfuglafjöður og ældu matnum, til þess að geta byrjað aftur að éta á fastandi maga. Flestir munu hafa heyrt eða lesið um það óhóf, sem enn fer fram í meiri háttar veizlum víða í útlöndum, þar sem ef til vill 20 eða fleiri réttir eru hafðir til matar með litlu millibili. Og við þurfum varla að fara út fyrir landsteinana, því að hér á landi hafa frá fornu fari ætíð þekst annálsverðir matmenn, og flestum munu vera í fersku barnsminni karlar, sem gátu torgað svo og svo mörgum baunaskálum, með svo og svo mörgum spaðbitum, brauði og smjöri, og ef til vill margra marka skál af skyri þar á eftir o. s. frv. Það þarf ekki annað en að minna á Þorstein matgogg í »Pilti og stúlku«¹⁾ til þess að nefna gott dæmi íslenzkra matmanna með afbrigðum. En eins og eg áður gat um, er ofátíð svo algengt, að vér veitum því litla sem enga eftirtekt, og sannleikurinn er sá, að allflestir gjöra sig að meiru eða minna leyti seka í því, þó að það nái sjaldan öðru eins hámarki og hjá hinum ríku Rómverjum og Þorsteini matgogg.

Vér munum flestir játa, að vér borðum töluvert meira en vér þurfum og jafnvel meira en oss verður ætíð gott af. Í flestum máltíðum borðum vér meira en nauðsynlegt er, og stundum meira en maginn þolir, sem mjög er misjafnt. En auk máltíðanna neytum vér ýmislegs góðgætis okkur til hressingar, en í rauninni fremur til veiklunar. Því að alt það kaffi, sem drukkið er, svarar fjarri því kostnaðinum, sem af því leiðir, því að næringin er engin nema í rjómanum og sykrinum, sem fylgir með. En svo algengt er kaffidrykkjan hjá oss Íslendingum, að sá þykir gikkur, sem ekki getur þegið kaffibolla á hvaða tíma dags sem er; og ekki nægir einn bolli, heldur er svo sem sjálfsgagt að þiggja enn þá »hálfan bolla«, sem auðvitað er fleyti-fullur. Það þykir sumstaðar ókurteisi og jafnvel einhver

¹⁾ bls. 253—258.

ómenska, að geta ekki drukkið að minsta kosti tvo stóra bolla af kaffi og bragðað á öllum kökutegundum, sem á borð eru bornar. Og þó veit margur, sem þiggur í bollann aftur, að honum er óhólt að drekka meira.

Húsmæðurnar eiga ekki sjaldan sök á því, að gestir þeirra borða langtum meira en þeim verður gott af. Þær ota réttunum að aðkomumönnum og mælast til þess með mestu blíðulátum, að þeir éti yfir sig. Þetta er þjóðar-ósiður jafn-algengur hér og í Danmörku, að líkindum æfar gamall, og hans vegna hefir margur ósvinnur maður etið sér aldurtrega, líkt og stendur í Hávamálum.

Það sakar ekki sem betur fer, þó að menn stöku sinnum við hátiðleg tækifæri borði meira en góðu hófi gegnir; líkaminn jafnar sig fljótt aftur, ef hófs er gætt að staðaldri. Svo var t. d. um ýmsa mikla matmenn í gamla daga, líka Þorstein gogg. Það voru oft flækingar, sem sultu marga daga á milli, enda voru þeir oft og einatt hinir hraustustu að heilsufari. En öðru máli er að gegna, þegar mataróhöfð endurtekst dag eftir dag; þá veldur það alls konar lasleika og veiklun. Maðurinn er lang-óhófsamasta skepna jarðarinnar, segir einn þýzkur spekingur, og munu vist margir skrifa undir það. Fornmenn munu hafa komið auga á hið sama, því að skrifað stendur:

Hjarðir þat vitu,
 nær heim skulu
 ok ganga þá af grasi.
 En ósvinnr maðr
 kann ævagi
 síns of mál maga.

Sagan er margbúin að sýna það, að eftir því sem mentunin eykst og velmegun vex hjá þjóðunum, eftir því aukast allar þarfir; og þegar velmegunin er orðin svo mikil, að þær þurfa lítið að hafa fyrir lífinu, leggjast þær í sællífi; og sællífið steypir þeim í glötun. Einn aðalþátturinn í

öllu sællífi er ofát. Menn fara að sækjast eftir margbreyttri fæðu, krydda hana alls konar óhollum efnum og borða meira en þeim er holt. Og ofátíð verður þeim enn óhollara, sem lítið hafa fyrir lífinu, heldur en þeim, sem erfiða í sveita síns andlitis. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hvernig hver stórbjóðin á fætur annarri hefir skemt sig og úrættast út úr sællífi og orðið undirokuð af hraustum og harðfengum þjóðum, sem voru aldar upp við skort og nægjusemi og hertar í erfiðri lífsbaráttu. Persar, Babýlóníumenn, Rómverjar, Spánverjar o. fl. hafa þannig orðið að lúta í lægra haldi, og nú nýlega höfum vér séð, hvernig Rússar fóru halloka fyrir Japönum. Það er álit flestra, að sigur Japana hafi nær því eingöngu verið því að þakka, að þeir voru óspiltari af alls konar óhófi en Rússar, og ekki sízt hinu óbreytta mataræði þeirra. »The yellow peril« eða guli háskinn, sem svo mikið er talað um á seinni árum meðal hvíttra manna, er í rauninni ekki annað en vond samvizka út af því, hve óhófsamir vér erum í samanburði við gula menn, og reynslan hefir sýnt, að nægjusemi er ein af höfuðdygðunum.

Þýzkt máltæki segir: Der Mensch ist was er isst, en það þýðir: Maðurinn er það sem hann étur, og er mikið satt í því. Efnin í líkamanum eru fengin úr matnum, sem étinn er. Til þess að viðhalda líkamanum og bæta honum upp þau efni, sem stöðugt slitna og ganga úr sér við lífsstarfið, verðum vér að borða, og með matnum bæt um vér líkamanum upp þau efni, sem eyðast. En þar að auki borðum vér til þess að gefa líkamsvélinni hita, öldungis eins og vér kyndum undir gufukatlinum til þess að gufa myndist, sem geti hreyft gufuvélina. Maturinn er því sumpart eldiviður, sem brennur í líkamanum, og hitinn, sem myndast við þann bruna, er blóðhiti vor, um 37° C.; en sá hiti er nauðsynlegur til þess að efnabreytingar þær geti orðið í frumlum líkamans, sem viðhalda lífi þeirra og allrar heildarinnar.

Fæðan þarf nú ekki að vera margbrotin til þess að líkaminn fái þau efni, sem hann þarfnast sér til viðhalds og vaxtar, og nægilegt eldsneyti til viðhalds hitanum, því

að reynslan hefir margsýnt, að líkamanum er hollast að fæðan sé óbrotin og fremur af skornum skamti en um of.

Kongarnir drekka kryddað vín,
krásir drotningar taka til sín,
biskupar súpu sæta — o. s. frv.

stendur í gömlu kvæði. En það er áreiðanlegt, að drotn-ingarnar verða ekki heilsubetri og hraustari af krásunum, og sætsúpa gjörir ekki biskupa að betri mönnum.

Sulturinn er bezta kryddið, því að hann gjörir allan mat ljúffengan, þó að annars þyki bragðvondur, og hann örvar betur meltingarstarfið en nokkurt krydd; en auðvitað má sulturinn ekki ná því marki, að líkaminn veikist og verði lé magna. Bezt er hverjum manni að finna vel til svengdar á undan hverri máltíð; það er ekki einungis holt fyrir meltinguna og líkamann í heild sinni, heldur virðist það verka göfgandi á sálarlíf mannsins. Sá, sem oft liður sult, lærir að bæla niður þá ástriðu, sem ef til vill er sterkust af öllum mannlegum ástriðum, þ: sú, að seðja svangan maga, en um leið stælast kraftarnir ósjálfrátt í því, að yfirbuga aðrar ástriður og fýsnir. Það er eftirtektarvert, að gáfudustu og beztu menn þjóðanna eru oft af refilstigum komnir, af fátækum foreldrum og yfirleitt oftardir upp af litlum efnum og fremur vandir á hóf í öllu en »praktuglegar vellystingar«. Þetta er auðvitað eðlilegt. Sá, sem lifir við allsnægtir í æsku, hefir bardagalaust náð því marki, sem hinn, er skortinn liður, sér í hyllingum langt fram undan sér, heillandi til aukinnar baráttu. Í öllum skólum er það gömul reynsla, að bezta gefnu nemendurnir eru að jafnaði af fátæku fólki komnir, en eigi af auðugum foreldrum, sem aldrei þekkja til svengdar en eta margréttadar máltíðir á degi hverjum. Að ýmsar höfðingjaættir, konunga og annarra stórmenna, úrættast fremur en litilmetnar almúgaættir er að kenna hóglífi og sællífi, sem ekki sízt er fólgið í óhófsömu mataræði.

Vér skulum nú ihuga stuttlega, hvaða afleiðingar ofátíð er vant að hafa, þegar það keyrir fram úr hófi.

Þegar mikið er í magann látið, þenst hann út eins

og útroðin skjóða. Vöðvarnir í veggjum hans, sem eiga að ýta matnum áleiðis niður í garnirnar, linast við þessa þenslu og ofreyna krafta sína á þeim ósköpum, sem þeim er skyndilega fengið að starfa. Kirtlar magans, sem eiga að mynda safu til þess að uppleysa fæðuna og gera hana auðmeltari, hrökkva heldur ekki til við slíkt ofurefni. Afleiðingin verður sú, að maturinn dvelur lengur en eðlilegt er í maganum, ef til vill sólarhring eða lengur, í stað þess, sem vanalegt er, 3—6 tíma. Með löngum tíma kemst maturinn sína réttu leið, án þess að ilt hljótist af; en stundum neitar maginn þeirri ofraun, sem á hann er lögð, og selur matnum upp. Með þessu móti lækna hann bæði sjálfan sig og kemur í veg fyrir að líkaminn veikist. Uppsalan er lækningaradferð, sem náttúran notar oft til þess að losa líkamann við ýmislegt óheilmæmi, og reynum vér lækna að líkja eftir þessu með því að skola magann eða pumpa upp úr honum. Það er í rauninni dásamlegt, hve maginn er næmur að finna, hvað sé óholt líkamanum. Stundum fer smekkurinn með oss í gönur og kemur oss til að neyta þess, sem er óholt, þrátt fyrir það þótt bragðið sé gott; þá hefir maginn vit fyrir oss og segir til með velgju og magaverkjum og kastar því næst öllu upp. Að því búnu batnar alt, ef maginn hefir ekki skemst að neinum mun. En þessi næmleiki magans er mjög misjafn, því að eins og kunnugt er, kemur það varla fyrir, að sumir menn selji nokkurn tíma upp, hvað sem þeir hafa í sig látið; en sennilegt er, að þeim mönnum sé miklu hættara við að verða magaveikir, ef þeir gæta eigi hófs í mat og drykk.

Ef ofát endurtekst dag eftir dag um langan tíma, fer sjaldan hjá því, að maginn veikist; magaverkir og velgja verða dagleg plága; í fyrstunni fylgja einnig uppköst, sem lækna til bráðabirgða í hvert skifti, en smám saman linast maginn svo, að hann verður ekki lengur fær um að lækna sig með uppsölunni eins og áður. Vöðvarnir linast meira og meira við þensluna, þynnast og veiklast svo, að kraft vantar til að geta komið fæðunni upp. Með matnum, sem vér borðum, fylgja oft ótal bakteríur, sem

vanalega drepast í magasýrunni í hraustum maga; en það er öðru nær en svo sé, þegar maginn er orðinn þannig á sig kominn. Maturinn, sem dvelur tímum saman í maganum, úldnar fyrir áhrif bakterianna. Það kemur ólga í hann, ýms lofrefni myndast, sem leita upp og framleiða ropa; og roparnir verða mjög daunillir (fýluropar), ef mikil brögð eru að bakteríunum. Komi daglega fyrir að maturinn úldni þannig í maganum, verður slímhúðin fyrir skemduð, kirtlarnir og vöðvarnir veikjast, líkaminn fær ekki þá næringu, sem hann þarfnast; en af því leiðir, að maður megrast og verður gugginn útlits. — Veikindi í maganum draga margan dilk á eftir sér, ef þau ná nokkurri rótfestu um lengri tíma. Eins og eðlilegt er, breiðist veikin úr maganum niður í garnirnar, frá görnunum til nýrnanna, lifrarinnar og út í blóðið. Þeir sjúkdómar eru óteljandi, sem rekja má til óreglu í meltingarfærunum, sem aftur stafar af ofáti.

Maginn í fullorðnum, heilbrigðum manni rúmar vanalega 2—3 potta; en magi þeirra, sem daglega kýla vömb sína langt fram úr hófi, verður mörgum sinnum stærri — alt að 4—5 sinnum stærri. Í stað þess að ná að eins lítið eitt niður fyrir bringspalirnar vinstra megin, nær magi þessara vambmiklu manna góðan spöl niður fyrir nafla. Hér á landi þekkjast ekki aðrir eins kúluvambar og sjá má erlendis, enda er líka annað eins ofát og þar tíðkast óþekt hér um slóðir.

Margir eru nú hins vegar svo magahraustir, að þeir þola að éta langt fram yfir það, sem öðrum er unt, og magi þeirra tekur ekki þeim breytingum, sem eg gat um; en þá kemur það vanalega niður á öðrum meltingarfærunum eða líffærum annarstaðar í líkamanum, ekki sízt blóðinu.

Þegar líkaminn fær að staðaldri meiri fæðu en hann hefir þörf á, verður hún eingöngu til trafala, öldungis eins og ef of miklum eldivið er troðið í ofn; eldurinn kafnar eða ofninn óhreinkast svo af sóti og illa brunnu eldsneyti, að bruninn getur ekki lengur haldist eðlilegur. Blóðið ofhleðst af næringu og það verður líkamanum of-

raun að losna við það, sem honum er óþarft og óholt. Af þessu kemur gigtveiki, nýrnaveiki, lifrarveiki o. m. fl.

Nú munu margir segja, að þeir borði ekki of mikið, þeir borði ekki meira en eðlileg matarlyst hvetji þá til, og þá sé boði náttúrunnar nógu rækilega fylgt. En matarlystin leiðir marga á glapstigu og kemur þeim til að tryggja illa; það er algengur ósiður, sem hjá sumum er afsakanlegur vegna tannleysis; en þeir menn eiga að fá sér tilbúnar tennur, því að tyggingin er nauðsynleg. Sá, sem tyggur matinn illa, þarf miklu meira að borða til þess að sedjast en sá, sem tyggur vel, og margur étur meira en holt er einungis vegna vanrækslu í þessu efni.

Flestir lækna munu vera sammála um, að mikill hluti allra magaveikisjúklinga hafi orðið veikir í maganum af óvandaðri tyggingu, og það er áreiðanlegt, að mörgum getur batnað magaveikin af því einu að tyggja matinn vel.

»Hálfnað er verk þá hafid er«; það máltæki má heimfæra upp á meltinguna. Vel tugginn matur má heita hálfmeltur. Munnvatnið bleytir upp matinn, leysir hann í sundur og breytir honum þannig, að garnirnar eiga hægra með að sjúga hann í sig. Stivelsið í mjölmátnum breytist þannig fyrir áhrif munnvatnsins, að það verður að sykri, en sykurinn er mjög auðmeltur, þ. e. kemst hæglega út í blóðið.

Því betur sem vér tyggjum, þess meira kemur af munnvatni til að þynna og uppleysa matinn. Tennurnar herðast við brúkunina, en veikjast, þegar þær eru litt notaðar. Margir vilja halda því fram, að tannpína fari í vöxt að miklu leyti vegna þess, að fólk notar tennurnar langtum minna nú en áður tíðkaðist. T. d. var hér á landi etið áður mikið af harðfiski, sem nú er orðinn sjaldséður réttur. Sumir kenna því um, að meira sé etið af heitum mat en áður tíðkaðist, en hitinn sprengi glerunginn utan af tannbeininu. Aðrir halda hins vegar, að tannpínan sé að eins einn vottur ásamt öðrum um að »heimur versnandi fer«, þ. e. a. s. að nútíðarkynslóðin sé að úrættast. — Hvað sem þessu líður, þá er það víst,

að illa tugginn matur er oss óhollur, og aldrei verður nógu vel brýnt fyrir fólki að tyggja sem allra bezt allan mat. — Danskur tannlæknir, A. Bramsen, hefir öðrum fremur reynt að sýna fram á, hve nauðsynlegt sé að tyggja vel, í bæklingi, sem hann kallar »Kunsten at spise« (Listin að eta), og hefir sá bæklingur hans náð mikilli útbreiðslu og vakið töluverða eftirtekt viðs vegar um lönd. Vil ég í stuttu máli skýra frá kenningu Bramsens, þó að eg sé honum ekki að öllu samdóma. Bramsen segir listina í því fölgna að tyggja nógu rækilega, og það ekki einungis alt þurmeti, heldur einnig alla fjótandi fæðu. Þetta kveðst hann sjálfur gera og tyggja þangað til að alls ekkert bragð finst af matnum, eða þangað til alt er orðið vatnspunt. Þá segir hann, að maturinn rennist ósjálfrátt niður. Með þessu móti segist hann ekki þurfa að borða nema þriðjunginn af því, sem hann þurfti áður. En þetta tekur langan tíma í hvert skifti, því að hann situr vanalega þrjá fjórðunga stundar við hverja máltíð. Afleiðingin verður sú, að hann sparar töluvert fé; enn fremur liður honum betur, því að hann finnur aldrei til neinnar óþægilegrar fylli á eftir máltíð; og í þriðja lagi kveðst hann losna við það ómak, að ganga þarfinda sinna á hverjum degi, eins og menn annars eru vanir. Þegar maturinn er svo ýtarlega tugginn, geta meltingarfærin sögið hann því nær allan í sig, án þess að nokkuð fari til spillis. Með öðrum orðum, hann þarf ekki að hafa hægðir oftár en í mesta lagi einu sinni á viku. Og þar við bætist, að hægðirnar eru ekki að eins ofurlitlar, heldur öldungis lausar við allan óþef. Hann lýsir þessum litlu hægðum sínum svo, að þær séu ámóta geðslegar og rjúkandi brauð, nýtekið út úr bakaraofni. —

Þetta mun vera nokkuð orðum aukið; en ekki sakar að tyggja eins og Bramsen, og má þá sannfærast um, hvort hann hefir rétt að mæla.

Það er annar danskur maður og merkari en Bramsen, sem á seinni árum hefir skrifað mikið um mat, og hversu það sé holt manni að gæta hófs, ekki síður í mat en drykk. Þessi maður er Hindhede læknir í Skanderborg

á Jótlandi. Kenningar hans hafa vakið mikla eftirtekt viðs vegar, og að maklegleikum hefir hann fengið mikla viðurkenningu fyrir þær bæði í Danmörku og annarstaðar; vil eg því leitast við að gefa íslenzkri alþýðu dálitinn smekk af aðalatriðum í bókum þeim, sem hann hefir skrifað þessu aðlútandi¹⁾.

Fyrst ber þó að geta þess, að amerískur læknir, prófessor Chittender við Yale háskólann, varð fyrri til en Hindhede að vekja máls á sömu kenningum og hann í bók sinni: *Physiological economy in nutrition*, New York 1905. En tildrögin til þess að hann fór að gefa sig við þeim voru þau, er nú skal greina:

Maður er nefndur Horace Fletscher, amerískur miljóna-eigandi. Hann hafði frá unga aldri lifað í »vellystingum praktuglega«, eins og mörgum auðmönnum er tamt; einkum hafði hann verið matmaður mikill og matvandur og vanið sig á alls konar kræsingar. Afleiðingin af þessu varð sú, að þegar hann var rúmlega fertugur, var hann orðinn mesti ístrumagi og heilsan farin að bila, svo að lífsábyrgðarfélög neitudu að vát tryggja líf hans. Hann sá sér nú þann kost vænstan að breyta lífnaðarháttum sínum til batnaðar. Hann fór því að lifa sparlega og borðaði ekki annað en fábreyttan mat, sem kostaði ekki meira en um 40 auru á dag. Hann hafnaði að mestu leyti kjöti og annarri kjarnfæðu, sem svo er kölluð, en lifði því nær eingöngu á jurtafæðu. Hann vandi sig á að tyggja matinn einstaklega vel, miklu betur en hann hafði áður verið vanur. Hann megraðist reyndar á stuttum tíma, svo að hann léttist um 36 pund; en hann hrestist daglega og varð ungur í annað sinn, því að kraftarnir jukust svo, að hann gat boðið tvítugum aflraunamönnum byrginn. Hann lét nú prófessor Chittender skoða sig og sannfærast um þá breytingu, sem á sér hefði orðið, og ári seinna skrifaði hann honum: »Mér fer stöðugt fram bæði að líkamlegu og andlegu atgervi. Eg finn langtum minna

¹⁾ *M. Hindhede*: En Reform af vor Ernæring. 3. Udg. Kbh. 1906. — Sami: Ernæringsforsög. 3. Udg. Kbh. 1907.

til þreytu en áður, starfsþróttur minn hefir vaxið stórlega og um leið öll starfslöngun. Þetta er að minni hyggju því að þakka, að eg borða miklu minna af eggjahvítuefnum nú en áður.»

Prófessor Chittenden þótti þetta merkilegt og ásetti sér að rannsaka það betur. Alt til þessa höfðu vísindin haldið því fram, að eggjahvítuefnin væru mesta kraftfæðan og þær fæðutegundir, sem hafa mest af þeim, eins og kjöt, fiskur, egg, mjólk, ostur o. fl., væru nauðsynlegar til þess að gjöra menn holduga og sterka. Chittenden fekk nú yfirherforingja Bandaríkjanna til þess að leyfa sér að gera tilraun með hóp af hermönnum, sem vildu ganga sjálfviljugir undir þær. Mataræði þeirra breytti hann svo, að þeir fengu hér um bil þrisvar sinnum minna af eggjahvítuefnum en áður. Í stað þess að kjöt hafði áður verið dagleg fæða þeirra, fengu þeir því nær ekkert af því, en nóg af brauði og smjöri, grautum, kartöflum, ávöxtum og jurtafæðu alls konar. Dátunum þótti þetta ill skifti í byrjuninni, en vöndust brátt matnum og líkaði hann svo vel, að þeir héldu þessu mataræði áfram, eftir að tilraununum var lokið, því að þeir fundu, að þeim leið betur en áður; þolgæðið var meira í öllu erfði og þeir urðu léttari á sér og liðugri. Chittenden fekk enn fremur nokkra af hinum allra beztu fimleika- og afraunamönnum við Harvardháskólann til þess að gera svipaðar tilraunir. Niðurstaðan hjá þeim varð sú sama. Þeir urðu þolbetri og sterkari við að lifa á fábreyttri fæðu, sem hafði að eins lítið af eggjahvítuefnum. Þeim varð léttara um að vinna sigur í kapphlaupum, kappglímum, kappróðri o. s. frv. Fleiri og fleiri urðu nú til þess að reyna þetta sama, og Chittenden sannfærðist betur og betur um það, að Fletscher hefði haft rétt að mæla.

Of mikið af kjöti og annarri eggjahvíturíkri fæðu er ekki einungis óþarft líkamanum, heldur óholt, og miðar einungis til þess að draga úr þrótt og þolgæði líkamans.

Þetta er niðurstaða sú, sem Chittenden komst að, og Hindhede læknir hefir eftir margra ára itarlegar rannsóknir og tilraunir komist á alveg sömu skoðun. Hind-

hede ólst upp hjá fátækum foreldrum, þar til er hann var 16 ára gamall. Hann fekk sjaldan kjöt, en nærðist mest-megnis á smurðu brauði, grautum og mjólk, kartöflum og kálmeti. Hann þreifst vel á þessu og honum leið ágætlega. Seinna, þegar hann var orðinn stúdent og síðar læknir, fór hann að borða fjölbreyttari fæðu, betri mat sem kallað er, og langtum meira af kjöti en áður. Á því þreifst hann ver og leið að ýmsu leyti lakara en fyr. Hann tók sig því til og breytti aftur um mataræði og fór aftur að lifa á smurðu brauði, litlu af kjöti, en kartöflum, grautum og ávöxtum. Þá fór honum að líða betur, starfsþolið óx, kraftarnir jukust og hann varð ánægðari með degi hverjum. Sömu athugun gjörði hann á börnum sínum. Hann á t. d. tvær dætur um fermingu. Hvorug þeirra hefir bragðað kjöt eða fisk, svo teljandi sé, en þrifist ágætlega á sams konar fæðu og faðir þeirra.

Fjöldamargir menn í Danmörku hafa á seinni árum farið að lifa að dæmi Hindhede og hafa sannfærst um, að hann hefir á réttu að standa. Flestir hafa byrjað á því í þeim tilgangi að spara með því fé, með því að mataræði eins og Hindhede kennir er ólíkt ódýrara en það, sem víðast tíðkast. Þannig hefir nú Hindhede fengið flokk mikinn, sem betur og betur hefir styrkt hann í trúnni, og reynsla þessara mörgu manna hefir farið saman við reynslu hans sjálfs.

Hindhede fullyrðir, að hver meðalmaður þurfi eigi nema helminginn og ef til vill nægi þriðjungur af þeim eggjahvítefnum, sem hingað til hefir verið álitid nauðsynlegt til manneldis.

Læknavísindin og sérstaklega lífeðlisfræðingarnir hafa fyrir mörgum árum þózt fá fulla vissu um það með rannsóknnum á fæði manna, að hver meðalmaður, er ynni skaplega vinnu, þyrfti daglega 120 grömm af eggjahvítefnum í fæðunni til þess að þrifast vel og halda kröftum. Til þess að fá alla þessa eggjahvítu (albúmin), yrði því kjarninn í fæðunni að vera kjöt, fiskur, egg, ostur eða jurtafæða með miklum albúminefnum, eins og t. d. baunir.

Þessu hafa allir trúað og eftir þessum grundvelli hefir verið farið, þegar matarhæfi hefir verið ákveðið handa hermönnum, vinnufólki o. s. frv.

Hindhede hefir með mikilli skarpskygni og viðlesnum fróðleik sýnt fram á, að tilraunir þær, sem þessi grundvöllur byggist á, séu ónákvæmar og villandi, og að sannleikurinn sé sá, að *hver meðalmaður geti látið sér nægja 60 grömm af eggjahvítuefnum, og ef til vill séu 40 grömm nægileg til þess að halda fullum þroska.*

Enn fremur heldur hann því fram, að eggjahvítuefnin í jurtafæðu séu fyllilega eins auðmelt og dýraeggjahvita. En þetta atriði riður einnig bág við skoðanir, er hingað til hafa drotnað með visindamönnum.

Allar þær matartegundir, sem eru auðugar af eggjahvítuefnum, hafa hingað til verið álitnar undirstöðubeztar og mesta kraftfóðrið, sem hægt sé að fá, eins og t. d. kjöt, fiskur, egg, mjólk, ostur o. fl. Þess vegna hefir þessi matur orðið allra dýrastur.

Ódýrasti maturinn, eins og t. d. brauð, grautur, kartöflur o. fl., segir Hindhede, að sé bezti maturinn, því að í honum séu fólgin nægileg eggjahvítuefni handa oss, og hafi það einmitt sér til ágætis, að í honum sé ekki of mikið af þessum efnum.

Einhver bezta sönnunin, sem Hindhede færir máli sínu til stuðnings, er sú, að bæði Kínverjar og Japanar hafi öld eftir öld þrífist ágætlega á mjög tilbreytingarlausri fæðu, aðallega hrísgrjónum. Nú nýlega hafa Japanar sýnt í viður-eign sinni við Rússa, að þeir eru karlar í krapinu, þó að þeir bragði sjaldan kjöt eða aðra kraftfæðu, sem vér köllum.

Japanar hafa reyndar á seinni árum farið að semja sig að síðum Evrópumanna í því sem öðru, að neyta kjöts í því skyni að verða ef til vill stærri og sterkari; en þeim hefir gefist það illa og flestir hætt við það aftur.

Það er algengt í Japan, eins og víðar í Austurlöndum, að menn eru látnir beita sér fyrir tvihjólaðar kerrur, sem kallaðar eru »Rickscha«, og er aðdáunarvert að sjá, hversu þolgóðir þeir eru að hlaupa upp og niður fjöll og

hálsa liðlangan daginn með þunga menn eða byrðar í eftirdragi. Fæðan, sem þessir menn lifa á, er oftast nær eingöngu jurtafæða, mestmegnis hrísgrjón soðin í vatni og krydduð ýmsum kryddum. Dæmi eru til þess, að svona karlar geta dregið fullorðinn mann 17 danskar milur á 14 klukkustundum. Læknir einn, Baeltz að nafni, gerði þá tilraun á ökumanni sínum, að láta hann fá töluvert af kjöti til eldis í stað hrísgrjóna og bjóst við, að hann yrði enn þolbetri að hlaupa fyrir bragðið. En raunin varð öll önnur. Hann melti reyndar kjötið vel, en hann varð fyr lúinn en áður og honum fanst kraftarnir linast. Svipaðar tilraunir gerði hann á fleiri ökumönnum og urðu úrslitin hin sömu.

Hindhede tilfærir nú mjög mörg dæmi lík þessum. Í öllum löndum Evrópu er líka mikill flokkur manna, sem lifir eingöngu á jurtafæðu (Vegetarianere), og ber þeim flestum saman um, að öll liðan sín hafi breyzt til batnaðar, þegar þeir hættu við kjötátið. Þetta kemur nú ekki til af því, að kjötið sé neitt eitur, heldur einungis af því, að í kjötinu er meira af eggjahvítu efni en í nokkurum öðrum matvælum; og sá, sem etur saðning sinn í kjöti, fær langtum meira af eggjahvítu efnum í einu en líkaminn hefir þörf fyrir. Sá, sem neytir jurtafæðu, fær hins vegar eggjahvítu efnið af skornari skanti, en nægilega mikið til þess að líkaminn fái sitt.

Svo sem flestum mun kunnugt, er mannleg fæða hvort sem hún stafar frá dýraríkinu eða jurtaríkinu, eða frá báðum, samsett af: eggjahvítu efnum, fitu og kolvetni (þ. e. sykri og stívelsi).

Að líkamanum veiti örðugra að hagnýta sér eggjahvítu efnið heldur en fituna og kolvetnin, virðist mjög edlilegt. Því að bæði fita, stívelsi og sykur brenna í líkamanum nær því eins vel og þegar vér kveikjum í þeim utan líkamans, og verða að kolsýru, sem vér öndum frá oss, og vatni, sem fer burt með þvagi og útgufun. Eggjahvítu efnið brenna hins vegar illa og láta eftir sig mikla ösku, sem ekki getur brunnið, og líkaminn verður að losna við þau, einkum gegnum lifrina og nýrun, með

gallinu og efnum í þvagini, sem kölluð eru þvagefni, þvagsýra, kreatínía, þúrínefni o. fl. Þegar líkaminn ofhleðst af þessum efnum, setjast þau að í blóðinu, í vöðvunum og liðamótum. og geta valdið ýmsum lasleika. Einkum virðist gigtin, bæði fótaveikin (podagra), sem er tíð í útlöndum, og fjöldinn allur af þeim ónotakvillum, sem ásækja roskið fólk og vant er að nefna gigt, eiga upptök sín að rekja til þessara efna. Steinsótt í nýrum og blöðru, taugagigt, höfuðverkur, þunglyndi, margskonar hörundskvillar o. m. fl. sjúkdómar eru af sama toga spunnir.

Það er gömul reynsla allra lækna, að allflestum sjúklingum sé óholt að borða mikið af kjöti og annarri eggjahvíturíkri fæðu. Sjúklingar með hitaveiki þola ekki kröftuga fæðu og flestir lækna banna þeim kjöt, og sama er gert við ótal aðra sjúkdóma, af því að reynslan hefir kent oss að það sé hollast.

»Er það nú ekki sennilegt«, spyr Hindhede, »að það mataræði, sem getur læknað sjúkdóma, sé jafnvel enn þá hæfara til þess að geta afstýrt sömu sjúkdómunum?«

Flestir munu hafa veitt því eftirtekt, að þeim veitir örðugra að melta kjöt en annan mat. Oss hættir við að leggjast á meltuna, eins og rándýrum, þegar vér höfum neytt mikils kjöts. Margir hafa tilhneigingu til að fá sér dúr eftir miðdegisverð, einmitt þá máltíðina, þegar kjöt og fiskur eru aðalréttirnir. Eftir morgunverð og kvöldverð, þegar jurtafæða er aðalmaturinn, eru flestir léttir á sér og finna enga löngun til að leggja sig út af. Kjötið virðist gera oss linari. Það dvelur lengur í maganum en flest önnur matvæli, af því að meltingarvökvarnir eru svo lengi að vinna á því, og eins og áður er getið, brenna eggjahvítuefnin seinna og ver en önnur efni fæðunnar. Til þess að melta kjötið eyðir því líkaminn meiri kröftum en til þess að melta aðra fæðu, og þess vegna linast líkaminn fremur. — Dýrafræðingar eru vanir að lesa af tannbyggingu dýranna, á hverju þau nærast. Tannbygging mannsins bendir á, að honum sé ætlað að lifa á jurta-

fæðu, því að hún er líkust tannbyggingu þeirra dýra, sem oss eru skyldust, apanna.

Vísindin hafa fært rök að því, að vagga mannkynsins muni hafa staðið í heitu löndunum

„þar gul sítrónan grær
og gulleplið í dökku laufi hlær“,

en þar eru ávextir og ætjurtir alstaðar við hendina og engin ástæða til að seilast eftir öðru. Það var þá fyrst, er þjóðirnar fóru að tvístrast út um heiminn og lenda út í köldu löndunum, að »neyðin kendi naktri konu að spinna«, og sulturinn svarf svo að, þegar ávextir og jurtafæða fór að þverra, að menn fóru að leggja sér til munns kjöt dýranna. Og líklegt er, að menn hafi gjört svo í fyrstu út úr öldungis sömu neyð eins og þegar skipbrótsmenn fara að leggjast á náinn til þess að verða ekki hungurmorða. Smátt og smátt hefir svo mannkynið vanist kjötinu og þótt það gott, því að »svo má illu venjast að gott þyki«. Meltingarfærin hafa smám saman fram af manni og kynslóð eftir kynslóð vanist kjötinu, en þó erum vér ekki enn búnir að venjast því betur en svo, að oss verður bumbult eftir saðning af kjöti

Hindhede álitur ekki kjöt vera skadlegt neinum, ef þess er neytt í hófi, og hann álitur óþarft að hafna því öldungis, eins gróðurneytendur gera. En allir ættu að sjá hag sinn í því að takmarka kjötátið sem mest, ef ekki af öðrum ástæðum, þá vegna þess, að það er svo dýrt. Kjöt er sem sé feykilega dýrt víðast hvar í útlöndum og kostar pundið af kinda og nautakjöti frá 50 aurum og upp yfir 1 krónu; sumstaðar enn meira. Í stórborgunum verður fátæklingum með þessu móti ókleift að kaupa sér annað kjöt í sodið en magurt hrossakjöt, og sumstaðar, eins og t. d. í Berlín, er algengt meðal fátækra manna að borða hundakjöt.

Kenningum Hindhede hefir verið vel fagnað víðs vegar, einkum af öllum húsmæðruni, sem vilja spara, án þess þó að heilsu og holdafari heimilisfólksins hnigni við það. Það er algengt í Danmörku, að menn keppast um

að lifa sem ódýrast. Sjálfur segist Hindhede lifa fyrir 35 aura á dag eða rúmar 10 krónur á mánuði, og sumum hefir tekist að lifa enn sparlegar og láta vel yfir. Til eru þeir, sem hafa komist af með langtum minna, t. d. tómmt brauð og smjör; ekkert annað, nema vatn að drekka¹⁾.

Fyrir alla efnalitla menn eru kenningar Hindhede mesti gleðiboðskapur; en engu síður fyrir efnaða. Því að þeir eiga einnig von á heilsubetra lífi með sparlegri lifnaðarháttum.

Í Kaupmannahöfn og víðar hafa verið stofnaðir matsölustaðir, þar sem fólki gefst færi á að venjast mataræði eftir fyrirsögn Hindhede, og eru þessir staðir mjög fjöl sóttir. Hindhede hefir sjálfur samið matreiðslubók og upphugsað samsetning á fjöldamörgum bragðgóðum og einföldum, ódýrum réttum. Eg vil ráða öllum húsmæðrum, sem skilja dönsku, til að útvega sér þessa bók²⁾, sem bæði er fróðleg og skemtileg. Á heimili mínu hefir öllum líkað vel við þá rétti, sem kona mín hefir matreitt eftir bókinni, og býst eg við að svo fari fleirum, sem reyna. Eg hefi þegar fengið þá reynslu á sjálfum mér, að mér líður að öllu leyti betur, þegar eg gæti hófs um kjöt og fisk, en neyti mestmegnis jurtafæðu með viðmeti.

Hér á Íslandi er kjöt og fiskur víðast hvar langtum ódýrara en í útlöndum, og eigi óviða í sjávarplássum mun fiskur vera ódýrari og auðfengnari en nokkur annar matur. Á slíkum stöðum verður erfitt að prédika fyrir

1) Á Englandi hafa margir vanið sig á mjög óbrotna lifnaðarháttu löngu á undan Hindhede. Læknir nokkur, Dr. Cheyne, hefir nú um 16 ár lifað eingöngu á kexi og mjólk — 35 kvintum af kexi og 3 pottum af mjólk á dag — og er hann vel ánægður með sitt hlutskifti. Sbr. Russel: Strength and diet. London 1905.

2) M. Hindhede: Økonomisk Kogebog. Kbh. 1907.

fólki lífsreglur Hindhede. Í höfuðstaðnum og stærri kaupstöðum landsins er hins vegar kjöt og fiskur stöðugt að stíga í verði, svo að vér förum þar að nálgast útlöndin.

Að minsta kosti finst mér, að vér Íslendingar getum margt gott lært af Hindhede.

Matarhófið, sem hann kennir, er öllum holt og eftirbreytnisvert; og um eggjahvítuðhóf þykist eg viss um, að það á engu síður við okkur en aðrar mentaðar þjóðir. Mér er nær að halda, að mikill lasleiki hjá okkur stafir af of miklu kjöt- og fiskáti. Eg tala ekki um skyrbjúg, sem er ekki óalgengur við sjóinn sumstaðar; of mikill sjómatur virðist eiga aðalsök á honum. Skyrbjúgurinn batnar fljótt, þegar sjúklingarnir eru látnir fá eingöngu mjólk og jurtafæðu. Annan sjúkdóm, eða réttara kvilla-semi, sem er ef til vill algengari hér en víða annarstaðar, nefnir fólkid einu nafni *gigt*; það er hugmynd mín, að mikill hluti sjúklinga þeirra, sem þjást af henni, fái hana af of eggjahvíturíkri fæðu. Að minsta kosti hefir mér gefist vel að ráða fólk til hófsemi og jafnvel hafna algerlega kjöti og fiski um tíma.

Menn leggja enn of litla stund á kartöflu- og rófnarækt í landinu. Báðir þessir jarðávextir eru bæði nærandi og sérstaklega hollir. Það er enn fremur trú mín, að oss Íslendingum sé holt að borða mikið feitmeti, og að vér ættum að bera með rentu nafnið »mörlandar«. Þegar kalt er í veðri, ættu okkar húsmæður að kappkosta að geta skamtað riflega feitmeti handa fólkinu. Fítan er bezta eldsneytið af öllum mat, sem vér borðum. Af engu hitnar manni jafn-vel og feitum mat í vetrarkuldunum. Þverhandarþykkar síður, feitir bringukollar, magálar og hnakkaspik — þetta eru réttir, sem frá fornu fari hafa verið í miklum metum hér á landi, og þeir mega sannarlega ekki falla úr sögunni, því að engar kræsingar eru hollari hraustum Íslending, sem leggur út í hriðarveður og á við óbliða náttúru að berjast. Það er einungis kjötið sjálft, magurt kjötið, sem vér verðum að gjalda varhuga við og borða ekki um of; því að í sjálfu

kjötinu er eggjahvítan, og því nær ekkert annað en eggjahvíta. Og sama er um magran fisk. Fiskur og kjöt er að efnasamsetningi nær því eins.

Brauð og kornmatur með góðu viðmeti, smjöri, floti eða tólg, mjólk og mjólkurmatur, skyr og grautar, þetta eru alt hinir hollustu réttir, og eiga að vera aðalfæða vor Íslendinga. Kjötið og fiskurinn eiga að vera oss til smekkbætis og búdrýginda, en ekki aðal-undirstöðumaturinn, eins og margir hafa viljað halda.

Annars væri á margt að minnast, ef fara ætti út í að tala um mataræði vort Íslendinga og verður það að biða annars tækifæris. Það er margt óholt, sem vér borðum, of mikið af súr- og saltmeti o. s. frv., en það heyrir ekki til efni þessarar greinar að fara frekar út í það.

Eg vildi óska, að þessi grein mætti vekja forvitni manna eftir að kynna sér nánara þær bækur, sem eg hefi minnst á. Þau málefni, sem þær ræða um og eg hefi litilega drepið á, eru ofarlega á dagskrá um allan mentaðan heim. Staðhættir lands vors hafa það í för með sér, að oss verður aldrei unt að fylgja Hindhede út í æsar, en eigi að síður getum vér hagnýtt oss margt af kenningum hans.

STEINGRÍMUR MATTHÍASSON.

Ágrip

af

upptökum og sögu kvenréttindahreyfingarinnar í Ameríku.

I.

Ameríkumenn hafa verið forvigismenn flestra framfara á nitjándu öldinni. Hvergi hafa mannréttindin átt sér heitari talsmenn en með þeim. Það var því eðlilegt, að einmitt þeir, yrðu fyrstir til að hefja kvenréttindabaráttuna. Vesturheims konur hafa ekki heldur beðið eftir því, að karlmennirnir réttu þeim réttindi þeirra alveg fyrirhafnarlaust upp í hendurnar. Þær hafa sjálfar barist fyrir þeim. Jafnvel á 18. öldinni, þegar Bandaríkin brutust undan Englandi og sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna var samin, voru ýmsar konur uppi í Ameríku, sem kröfðust þess, að í nýju stjórnarskránni væru konur teknar til greina. Enda héldu margir því fram, að orðið »borgari« ætti jafnt við karla og konur, og því væru konur líka kjósendur. Sömuleiðis tóku ýmsar konur þá fram, að nýju lögin ættu að bæta hagi giftra kvenna og veita þeim jafnrétti við karlmenn.

Ýmsir karlmenn voru því og fylgjandi á fyrstu þjóðveldisárunum. Í stjórnarskránni í New Jersey-rikinu, sem samþykkt var 2. júlí 1776, tveimur dögum fyrir sjálfstæðisyfirlýsinguna, eru kjósendurnir kallaðir »íbúar«, og var fyrst skilið svo, sem það næði jafnt til karla og kvenna. Sagt er líka, að í rikjunum á Nýja Englandi og Virginíu

hafi konur kosið á fyrstu lýðveldisárunum. Í New-Jersey fekk kvekari nokkur sett orðin »hann« og »hún« inn í stjórnarskrána, þar sem talað var um kosningarnar, um 1790. Og við forsetakosninguna 1800 kúsu margar konur. En 1807 mistu þær þessi réttindi, og þessi hreyfing dó út um sinn.

Á árunum 1820—1830 voru þó stöku konur, sem hreyfðu þessu máli í Ameríku. Má þar einkum til nefna auðuga og ættstóra skozka konu Frances Wright, sem fluttist til Ameríku og settist þar að. Hún ferðaðist með landa sínum Robert Dale Owen, sem var jafnaðarmaður, og flutti fyrirlestra um jafnaðarmensku og kvenréttindi. Hún var fyrsta konan í Ameríku, sem bæði í riti og ræðu barðist fyrir þessum málum. Þau Owen gáfu út blaðið *The Free Inquirer*; það barðist fyrir jafnaðarkenningunni og réttindum og jafnrétti kvenna á við karlmenn í öllum greinum.

Önnur kona, *Ernestine Rose*, dóttir pólsks Gyðingaprests, fluttist til Ameríku um 1830. Hún kyntist þeim Frances Wright og Owen og fylgdi fram kenningum þeirra. Árið 1836 sendi hún áskorun til löggjafarþingsins í New York-rikinu um að giftar konur skyldu hafa sérstök fjárráð. Udir áskorunina tókst henni með miklum erfidismunum að fá 5 — f i m m k v e n n a — undirskriftir. Hún ferðaðist um landið nokkur ár og hélt fyrirlestra um réttindi kvenna, þrælafrælsismálið og kenningar jafnaðarmanna.

Þriðja konan, sem um þessar mundir braut bág við venjuna og flutti almenningi fyrirlestra, var hin alkunna kvekarakona *Lukretia Mott*. Hún var fædd 1794 og var náskyld Benjamín Franklin. Hún giftist kornung ötulum kvekarakaupmanni. Frá barnæsku hafði hún heyrt foreldra sína, og ýmsa kunningja, sakfella þrælaverzlunina og ekki vilja hafa nein verzlunarviðskifti við þrælaeigendur. Lukretia var að öllu hin mesta ágætiskona, bæði að gáfum, mannkostum og allri framkomu. Svo mikils metin var hún, að hún var prestur kvekara í Philadelphíu. Þar átti hún heima. Hún hafði á ferðum sínum milli

kvekarasafnaðanna, frá Massachusetts til Virginíu, tækifæri til þess að kynna þælamálinu. Og hún segir sjálf, að sér hafi fundist skylda sín að tala móti þælahaldinu, bæði í tíma og ótíma, hvar og hvenær sem færi gafst, ekki einungis innan safnaða sinna, heldur einnig á fundum í þælafrelsisfélögunum. Hún var ein af fyrstu konunum, sem hafði kjark til þess. Þetta líkaði söfnuðunum illa. Það þótti ósvinna og var óvenjulegt, að konur töluðu á mannfundum utan safnaðanna. Og þetta reið auk þess bag við hagsmuni margra þeirra, sem verzludu með ýmsar vörur frá þælaeigendum, t. d. baðmull. Kvekarar voru jafnan mjög frjálslyndir í mörgum greinum; samt gerðu þeir víða ýmsa menn og konur safnaðarræka fyrir þessar sakir.

En svo var Lukretia Mott mikils metin, og öll framkoma hennar þrúð og óaðfinnanleg, að henni gátu þeir ekki vikið úr embætti eða úr söfnuðinum.

Ýmsar fleiri ágætiskonur voru uppi um þessar mundir, sem tekið hafa mestan og beztan þátt í að hrinda kvenréttindamálinu af stað, t. d. Lydia Maria Child, Maria Chapman, Harriet Martineau og þó einkum hin fræga skáldkona Harriet Becher Stove, höfundurinn að hinni heimsfrægu sögu »Kofi Tómasar frænda«, sem í rauninni voru alveg sannsögulegir viðburðir, er hún hafði sjálf þekt. Sú bók vann þælamálinu meira gagn en nokkuð annað.

En það var ekki kvenréttindamálið, heldur þælamálið og síðar bindindismálið, sem fyrst kom þessum konum til þess að fara að fást við almenn mál. Um þessar mundir hafði öflug hreyfing myndast gegn þælasölnni og mátti heita að fyrir henni stæðu flestir mestu andans menn og stjórnámálaskörungur Norður-Ameríku, t. d. þeir Emerson, Longfellow, Channing, Whittier, Garrison, Wendell Phillips og Horace Greeley.

Þeir Garrison og Horace Greeley voru blaðamenn og beittu öllum þeim áhrifum sem þeir gátu haft, móti þælasölnni. Hún jókst með hverju ári. Árið 1776 var tala þæla í Bandaríkjunum 675,000, en árið 1830 2½

miljón, og 1860, árið sem þrælastríðið hófst, voru þrælarnir um 4 miljónir, enda voru settar á fót þrælaræktun-
arstofnauir, eins og gert er með skepnur.

Móti þessari svívirðingu 19. aldarinnar tóku allir beztu mennirnir að berjast. Skáldin orktu kvæði, sem sýndu átakanlega þá eynd og ranglæti, sem þrælarnir urðu að þola, og sorg mæðranna, þegar börn þeirra voru tekin frá þeim, eða þær sjálfar seldar. Stjórnámálamenu-
irnirnir og blaðamennirnir stofnuðu blöð til þess að ber-
jast móti þessu, og félög, sem bæði karlar og konur gengu í. Fyrsta félagið móti þrælasöllum var stofnað 1774 af Benjamin Franklín. Árið 1830 voru þessi félög orðin um 150, í norðurríkjunum. En eftir það fjölgaði þeim svo mjög, að um 1838 voru þau orðin um 1000, og tóku konur eins mikinn þátt í þeim og karlmenn.

Sá maður sem stóð fremstur í þessu máli og blés í lúðurinn, sem safnaði öllum beztu mönnum og konum þjóðarinnar saman til að vinna móti þessu, var William Garrison, ritstjóri dagblaðsins Liberator í Boston. Til þess að gefa mönnum litla hugmynd um þau áhrif, sem blað hans og ræður muni hafa haft, og áhugann og hitann í þeim, sem börðust með honum gegn þessu máli, vil eg setja hér lítið ágrip úr stefnuskrá hans í fyrsta tölublaði Liberator's.

»Eg ætla að vera beiskur eins og sannleikurinn, og ósveigjanlegur eins og réttlætið . . . Eg vil ekki tala með hógværd um þetta mál. Segið þeim, sem sér hús sitt brenna, að hann skuli blása hægt í brunalúðurinn. Segið eiginmanninum, að hann skuli rífa konuna sína með hægð úr höndum niðingsins, sem svívirðir hana. Segið móðurinni, að hún skuli draga barnið sitt með hægð út úr eldinum. En talið ekki við mig um hógværd í þessu máli. Eg skal ekki víkja um hársbreidd, óg þjóðin skal verða að hlusta á mig. Mér er borið á brýn, að eg skaði þetta mál með ákafa mínum, og vægðarlausri baráttu. Þessi ásökun er ósönn. Þótt áhrif mín séu lítil, þá ná þau þó, um þessar mundir, langt, og menn skulu

framvegis finna til þeirra, ekki til tjóns eða bölvunar, heldur til blessunar, og komandi kynslóðir skulu votta að eg hafi haft á réttu máli að standa. Eg þakka guði, sem hefir kent mér að fyrirlíta ótta við menn, og að bera sannleikanum einum vitni«. Og hann endar greinina með þessum orðum:

»Eg sver það, að eg skal ætíð berjast gegn ofbeldi og ranglæti, meðan blóðið bærisk í æðum mínum, þangað til fjótrar þrælanna eru brotnir og frelsið og réttlætið sett í hásaetið, ofbeldismönnum hrundið af stóli, og veldisproti þeirra brotinn í sundur. Þessu heiti eg; svo sannarlega hjálpi mér guð«.

Menn geta getið nærri, að rit og ræður, sem eru fluttar af slíkum sannfæringar og áhugans eldi, muni hafa áhrif. Og það voru einmitt þessi áhrif, sem amerískar konur urðu fyrir. Þær gengu í lið með þessum mönnum og í þeirra skóla. Undir þetta merki safnaðist fjöldi kvenna. Helstar þeirra, sem héldu fyrirlestra og ferðuðust til þess að vinna málinu áhangendur voru þær systur Angelína og Sarah Grimke. Þær voru dætur auðugs þrælaeiganda í Charlestan. Hann var mikilsvirtur lögfræðingur og rithöfundur, og hafði um mörg ár verið formaður yfirréttarins í Charlestan. Þegar hann dó, gáfu þær systur þrælunum frelsi. En minningin um harmkvæli þrælauna á heimili þeirra gerði þær að heitustu talsmönnum þeirra.

Angelína var orðlögð fyrir gáfur, yndisleik og prúða framkomu. Hún var svo mikil mælskukona að samtíðarmenn hennar segja fáa hafa jafnast á við hana, og enga tekið henni fram í þeirri grein.

Garrison heyrði talað um hæfileika Angelínu, og fekk þær systur til að fara fyrirlestraferð um alt Massachusettsríkið og tala gegn þrælahaldinu. Hún talaði þar hvervetna, á kvennafundum og í heimahúsum, í kirkjum og í skólum. Alstaðar var húsfyllir, og alstaðar hreif hún svo hjörtu áheyrendanna, að þeir urðu síðar heitir fylgismenn málsins. Sarah ritaði í blöð, sendi út flugrit og áskoranir,

sem voru lesin svo skifti tugum þúsunda. Foringjarnir segja sjálfir að ekkert hafi gert málinu annað eins gagn og þessi ferð Grimkesystranna.

Þannig drógust Vesturheimskonur ósjálfrátt inn í afskiftin af almennings málum. Og í allri þessari samvinnu við karlmennina tóku þær fullkomlega sinn skerf af erfiðinu. Engum gat heldur verið slíkt mál viðkvæmara en einmitt konum. Enginn skildi betur hjartasorg mæðranna þegar þær voru teknar frá maani og börnum og seldar á uppboði, eða þegar dætur þeirra, — sem stundum voru líka dætur eða systur húsbóndans, — voru seldar auðugum ólífnaðar seggjum til stundargamans. En alstaðar ráku þær sig á það að kynferðið meinaði konum að ná sömu mannréttindum sem karlmennirnir höfðu. Það virðist ótrúlegt, en er þó satt, að oft voru karlar og konur ger safnaðarræk fyrir að hlusta á fyrirlestra kvenna. Prestarnir prédíkuðu móti þeim, og væru þær kosnar í nefndir með karlmönnum neituðu þeir oft að vinna með þeim. Þetta opnaði smámsaman augu kvenna, sýndi þeim nauðsyn þess að fá stöðu sinni breytt, bæði réttarfarslega og stjórnarfarslega.

Árið 1840 boðuðu Englendingar til alheimsfundar í Lundúnum. Þar áttu að mæta fulltrúar frá öllum þrælafrelsisfélögum. Ameríkumönnum var auðvitað boðið að vera með. Massachusetts og Pensylvaníuríkin sendu margar konur sem fulltrúa, og þar á meðal Lukretiu Mott og Elizabeth Cady Stanton, sem þá kom fyrsta sinn frána á sjónarsviðið enda varð þessi fundur henni mikilsverður.

Enskum þrælavinum varð bylt við, þegar þeir fengu að vita, að konur voru sendar sem fulltrúar á fundinn. Og prestarnir frá Ameríku létu ekkert ógert, til þess að æsa menn upp á móti þeim. Það bætti heldur ekki úr skák, að allar konurnar, nema Elizabeth Cady Stanton, var úr frjálslynda kvekaraflokkinum.

Menn vildu fá þær til að hætta þegjandi við að koma á fundinn. Lukretia Mott, sem var alkunn fyrir

prúða framkomu, sagði að þær gætu ekki brugðist svo trausti félaga sinna, sem hefðu sent þær. Wendell Phillips hélt svörum uppi fyrir þær, og kvað menn ekki geta strikað þær út af félagsskránum. Til þess hefðu þær of mikið hjálpað þeim. Þær hefðu borið fánann; þeir hefðu fylgst á eftir. Svo mikið gætu þeir ekki tekið ensk háðblöð til greina.

En engin vörn dugði. Konurnar, sem ferðast höfðu um þvera Ameríku til að vekja áhuga manna á þrælamálinu, voru nú gerðar fundarrækar, og fengu að eins að hlusta á frá rimlaðri áheyrandastúku.

Þegar þær Elizabeth Stanton og Lukretia Mott gengu heim í gistihúsið, sem þær höfðust við í, um kvöldið eftir þenna eftirminnilega fund, þá má geta nærri, að þeim hafi verið allþungt í skapi. Þeim kom þá ásamt um, að þegar þær kæmu heim til Ameríku skyldu þær setja *Kvenréttindafélag* á fót.

Elizabeth Stanton hafði oft furðað sig á því í uppvexti sínum, að menn teldu það meiri hamingju að eignast son en dóttur. Þegar hún var 4. ára, eignaðist hún systur og heyrði kunningjafólkið aumka foreldra sína fyrir það. Þegar hún var 11 ára, dó einkabróðir hennar, og hún ásetti sér nú að bæta föður sínum upp sonarmissinn með því að læra það sama sem hann mundi hafa lært. En hversu vel sem henni gekk, hrósaði faðir hennar henni aldrei, heldur sagði andvarpandi: »Eg vildi óska að þú værir drengur«.

Faðir hennar var dómari. Oft sá hún og heyrði fátækar skozkar konur koma þangað og leita lagaverndar hjá honum gegn því, að menn þeirra gæfu sonum sínum allar eigurnar eftir sinn dag, en skyldu þær eftir blá-snauðar. Einu sinni þegar hún var barn, ætlaði hún að rífa þessi ákvæði úr lögþóki föður síns, en þá sýndi hann henni fram á, að það væri gagnslaut. Hún skyldi heldur, þegar hún yrði fullorðin, fá að tala máli þessara kvenna fyrir þinginu, og fá það til að breyta þessum lögum. Hún segir sjálf síðar, að það hafi verið undarlegt,

að einmitt sá maður. (faðir hennar), sem óánægðastur hafi verið með framkomu hennar í kvennamálinu, hafi orðið fyrstur til að benda henni á réttustu leiðina.

Af ýmsum ástæðum varð þó ekki af því að þær Elizabet og Lukretia stofnuðu kvenréttindafélag þegar er þær komu heim. Elisabet var þá nýlega gift Henry Stanton, lögfræðingi, sem tók mikinn þátt í þrælamálinu. Þau áttu heima í Boston og heimili þeirra varð samkomustaður margra af helztu stjórnámálamönnum og rithöfundum Bandaríkjanna, sem búsettir voru í Baston. Hún kyntist því ýmsum almennings málum, einkum þrælamálinu. 1847 fluttust þau til smábæjarins Seneca Falls; þar vantaði hana öll þægindi stórborgarinnar, og alla umgengni við andlega jafningja sína. Hún varð að berjast við óholt loftslag, lélegri húsakynni, og þar af leiðandi sjúkdóma, vinnukoeuleysi og ýmsa örðugleika. Alt þetta varð til þess, að hún fór að bera hagi kvenna saman við hagi karlmanna. Auk þess voru í nágrenni við hana margir fátæklingar; þeir höfðu fengið svo mikið traust á henni, að hún var oft sótt um nætur, þegar börnin voru veik, eða konu og börnum var ekki vært fyrir drykkju-skap húsbóndans. Hún sá, að konurnar voru daglega alveg ósjálfbjarga, ef menn þeirra notuðu rétt sinn. Fyrir því byrjaði hún að berjast fyrir lögum um séreign giftra kvenna með Ernestina Rooce. Komust þau loks á í þinginu í Massachusells 1848.

En erfiðar heimiþástæður og bágindi ýmsra kvenna sem hún kyntist í Seneca Falls, sýndu henni fyrst, hvaða ráð væru til að bæta úr þessu. Og þegar hún svo 14. júlí 1848 hittir Lakretíu Mott og fleiri kunningjakonur sínar með henni, þá jós hún út í áheyrn þeirra allri gremju sinni út af kjörum kvenna. Það varð til þess að sama kveldið sendu þær út fundarboð í Seneca Falls. Á fundinum átti að ræða um kvenréttindamálið. Undir fundarboðinu stóðu þær Elizabelh Stanton, Lukretia Mott, Maria Wriqth, Mary Ann, M. Clintack og Jane Hunt. Allar voru þær kvekarar nema Elizabet. Fundinn átti

að halda 19, og 20. júlí. Ekki var ætlast til, að hann sæktu nema konur.

Þær Lukretia og Elizabet höfðu ekki minst á þenna fund síðan í Lundúnum, fyrir 8 árum, og voru því alls-ekkert við honum búnar. Nú varð að raða öllu niður á 4 dögum. Engin fundarsköp voru eða lagafrumvörp eða fundarályktanir til hliðsjónar. Þá las ein þeirra upp frelsisýfirlýsingu Bandaríkjanna. Hana tóku þær til fyrirmyndar, og sömdu nú yfirlýsingu, sem lesa skyldi upp á fundinum, í jafnmörgum greinum. Öllum 18 sakargiftunum móti Georg Englakonungi, sneru þær upp á karlmennina, og kröfðust allra þeirra réttiuda sem amerískum borgurum bæri. Yfirlýsingin endaði þannig:

»Nú þegar vér hefjum þessa baráttu, þá göngum vér að því vísu, að vér ávinnum oss með því óvild, misskilning, og alls konar rangfærslur. En vér ætlum að nota öll þau meðul, sem í voru valdi standa, til að ná takmarki voru. Vér ætlum að senda út málsflytjendur, bænaskrár og áskoranir til löggjafarvaldsins í ríkinu, og sjálfs sambandsþings Bandaríkjanna. Vér ætlum að fá presta, stjórnámamenn og blaðamenn í lið með oss, strá út flugritum og áskorunum og ferðast um landið þvert og endilangt til að halda fyrirlestra og umræðufundi um þetta mál.

Fundurinn var haldinn í Methodistakirkjunni, og var hún troðfull báða dagana bæði af konum og körlum. Þótt konur einar ættu í fyrstu að vera með, varð karlmönnum þegar í fundarbyrjum leyft með fundarsamþykkt að taka þátt í honum. Ýms mál voru þar á dagsskrá. En aðalfundarefnið var þó yfirlýsingin; í henni fólust öll sérmál kvenna. Undir hana rituðu 100 konur nöfn sín. Á þessum fundi var kvenréttindafélagið stofnað, hið fyrsta í sinni röð í heiminum. Aðalmálin á þessum fundi voru, auk yfirlýsingarinnar, kröfurnar um, að konur fengju aðgang að öllum æðri mentastofnunum, embættum og iðnaðargreinum sem karlmenn, með sömu launum og þeir og jafnrétti í hjónabandinu: að konur ráði yfi sjálfum sér,

börnum sínum, eignum og atvinnu. Loks kröfðust þær fullra stjórnálaréttinda, og var það eina atriðið, sem ekki var samþykkt í einu hljóði. En Mrs. Stanton hélt því fast fram, að atkvæðisréttur um stjórnámál væri hyrn-
ingarsteinninn undir öllum öðrum réttindum kvenna. Málið marðist í gegn með litlum atkvæðamun. Ekki höfðu þær árátt að stjórna þessum fundi sjálfar; James Mott maður Lukretíu gerði það fyrir þær.

BRÍET BJARNHÉDINSDÓTTIR

Tolstoj áttæður!

Enginn spámaður, og ekki sjálfur Múhamed, hefir hlotið meiri frægð og orðstir á æfi sinni en Tolstoj, þessi Messias vorra daga, þessi mikla hrópandans rödd hins voðalega Rússaveldis, sem, á líkan hátt og Búdda hinn góði, varpaði frá sér völdum og virðingum, audi og allsnægtum, tign og tímanlegum gæðum, »gerðist fátækur þótt ríkur væri« og batt félag sitt við ánauðuga alþýðumenn, en kendi jafnframt í ritum og ræðum með þeim andans og snildarinnar krafti að allur heimurinn hlýddi til með undrun og lotningu.

Hafi nokkur kent »eins og sá er vald hefir« síðan Kristur talaði, er það hann. Og þó hefir aldrei í frá Krists dögum, eða þeirra Esaiasar og Jeremíasar, einrænni og öfgameiri spámaður uppi verið en hann.

Í timaritinu *Open Court* stendur merkileg grein um þetta áttæða stórmenni. Þar segir meðal annars, að í öfgum Tolstojs felist afl hans mest og áhrif; guðmóður hans falli fram sem óstöðvandi móða, sú er hvergi kvíslast út, svo alt aflið lendir á einum stað. Hins vegar spyr höf., hvort líklegt sé, að Búdda hefði gerst betlimunkur, hefði hann verið í örbirgð borinn, eða Tolstoj slíkur skósmíður, hefði hann verið í ánauð alinn. En slíkar spurningar eru ekki veigamiklar. Slíka menn má aldrei meta eða mæla eftir hversdags mælikvarða. En rétt er, að reyna til að gera sér grein fyrir öfgunum.

Tolstoj vex upp í landi hinna mestu öfga og lifir hjá þjóð, sem sumpart er ánauðugur villilýður með hálfvegis Austurlanda brag, en sumpart er ofnautnarfólk og harðstjórnarherrar, gjörspiltir, ofan frá og neðan frá skoðað.

Kirkjan full af harðstjórn og hégiljum — gjörvöll þjóðin í dróma dæmalausra vanþrifa, og þó ægileg og ógnandi. Þannig var, þannig er þessi Jötunheimur, þessi hin Kalda-Svíþjóð, sem vesturþjóðunum hefir æ staðið stuggur af. Og þetta varð Tolstois fósturland, enda ótal annara ágætra manna, gæddra guðlegum eldmóði, þótt minni orðstír næði, og margir léti fyr frelsið eða vitið eða lífið, en að þeim entist auðna til að sýna til fulls hvað í þeim bjó. Á Rússlandi einu verða ódæðin að afreksverkum, og er þá langt komið öfgunum — og örvinglaninni.

Sé Tolstoj athugaður í því ljósi, verður hann — ekki minni, heldur skiljanlegri, hann sjálfur og allar hans öfgar. Það er hin siðferðislega hlið hinnar rússnesku stjórnar og siðmenningar, sem Tolstoj hefir eingöngu einblínt á. Og það, að hann hefir séð þá hlið eina, er lykhillinn að einræni hans og miskunarlausu æði gegn öllu, sem siðmenning er annars kallað. Enginn neitar því, að hver þáttur, hver stétt og stofnun vorra tíma siðmenningar — og Rússlands sérstaklega — sé blendið og ísjárvert og að þjóðirnar þurfi yfirleitt að endurfæðast; en saga þjóðanna, og einkum þróunarsaga allrar menningar, sýnir, að það er ekki siðafræðin ein, sem mannkynið þarf að nema — þótt guðstrú og réttvísni verði ávalt efst á blaði — heldur margt fleira, svo sem þekking, listir, kunnátta, vísindi, stjórnspeki, lögskil, læknislist og ótölulegar sérgreinar þekkingar, kunnáttu og listar.

Tolstoj afneitar öllu þessu og situr við sinn skó! Og þó er enginn keisari voldugri, enginn snillingur meiri og enginn frumherji eða forvígismaður aldar vorrar æðri né afkastameiri en hann.

Í hverju er sú gáta fólgin?

Hún er fólgin í því, að hér birtist **Kristur í manninum**, Kristur með Fjallræðuna og guðdóm hins góða, hins miskunnsama, hins réttvísa, Kristur, sem opinberaði **alveldi guðs föðurkærleika!**

MATTH. JOCHUMSSON.

Íslenzk heimspeki.

Ich wunderte mich darüber, dass das so hochbegabte isländische Volk noch nicht einen einzigen Philosophen hervorgebracht habe. Ganz richtig bemerkte er [Matthías Jochumsson] dass die isländische Sprache dazu nicht geeignet sei, weil sie überängstlich alle Fremdwörter fern hielte, und zum Philosophieren gehöre einmal ein ganz bestimmt ausgeprägter Wort- und Begriffsschatz.

*P. Herrmann, Island,
1907, 2. bd. bls. 253.*

I.

Í fljótu bragði fer ef til vill mörgum eins og Paul Herrmann, vísindamanninum þýzka, sem hér ferðaðist um fyrir nokkrum árum, og ritað hefir tveggja binda bók um ferð sína, landið og þjóðina; þeir furða sig á því, að hin »hágáfaða íslenzka þjóð« skuli ekki hafa eignast neinn heimspeking enn þá. En líklega verður fáum að kenna íslenzkri tungu um þetta, eins og óðsnillingurinn Matthías Jochumsson hefir gert, þótt undarlegt megi virðast.

Þvert á móti.

Íhugun málsins mundi líklega koma mönnum til að undrast heimspekingsleysið enn þá fremur. Því að íslenzkan virðist einmitt frábærlega vel fallin til heimspékilegra, eða blátt áfram spaklegra, hugleiðinga. Eigi aðeins er hún ótæmandi jarðvegur nýrra orða, ef vér kynnum þar rækt við að leggja, heldur einnig full af fornri vizku og þó einkum einstök orð, fremur en málið,

ef gera má þar á greinarmun án þess að valda misskilningi. Við sum orð verður ihugandanum líkt og að horfa í djúpspakt auga; þar er svo mikil hugleidd lífsreynsla bak við.

En hins vegar ber þó að hugleiða, að svo ómetanlega sem orðin og málið hafa hjálpað hugsuninni, þá er öll djúp hugsun — og raunar mörg grunn líka — orðlaus í fyrstu; það er eins og leiftri bregði fyrir í huga mannsins og honum veitist sú innsýn, sem ef til vill þarf langan tíma til að koma í orð, og er aldrei auðið til fulls. Því að hvert orð, jafnvel hið viturlegasta, er þó að einhverju leyti villa, nokkurs konar erfðavilla. Það er því stundum, að hugsanir eru viturlegri en orðun þeirra eða orðagerfi, en líka eigi ósjaldan þvert á móti, erfðavitið í orðunum kemur fram, og það er eins og málið hugsí að nokkru leyti fyrir þann sem notar það.

II.

Ekki er nú ólíklegt, að í öllum málum muni menn finna, ef þeir gá vel að, meira eða minna af fornri speki; því að góð orð munu vanalega vera uppgötvanir hinna vitrustu, og þeir óvitrari, sem síðan nota þau, geta ekki altaf slókt þann hugvitsnéista, sem í þeim var að upphafi.

En fá mál hyggjum vér að taki í þessu efni fram íslenskunni. Ýms orð og málshættir koma oss til að minnst þess, að áður voru hér menn er áttu sér kenningarnafnið hinn spaki; málið sjálft sýnir að hér hljóta að hafa lifað menn, sem með réttu áttu þetta heiðursnafn. Og þó að ekki séu aðrir nefndir djúpúðgir en einn kvenmaður, þá mundi það þó hafa verið réttnefni um fleiri. Annars er það einkennilegt, að eini maðurinn sem sögurnar geta um með því kenningarnafni, skuli vera kvenmaður. Weininger mundi víst hafa sagt, að Unnur muni í raun réttir ekki hafa verið kvenmaður; telur djúpúðgi

svo ókvenlegan eiginleika. En kyn Unnar hefir þó, eftir sögunni, mátt sanna með svipuðum rökum og Skarphédinn færði fram, þegar Flosi ætlaði að kvenkenna Njál.

Það er eitt — sem nefna mætti í gamni og þó ekki alvörulaust — til marks um ágæti íslenzkunnar, að hún gerir ekki eins upp á milli karla og kvenna eins og önnur höfuðmál, gríska, latína og þýzka, heldur lætur vera tvenns konar menn, karlmenn og kvenmenn. Það er eins og einhver kvenréttindahugmynd komi þar beinlínis fram í málinu; þar er eins og lýst yfir, að ekki sé til æðra mannkyn og óæðra kvenkyn, heldur að eins tvenns konar mannkyn. Og auðvitað er kvenmannkynið nokkrum rangindum beitt þar sem »maður« er nú undantekningarlaust látið þýða »karlmaður«; það er svolíttill keimur af »kúgun kvenna« í því; tekið aftur það sem áður hafði veitt verið í málinu. Eg minnst þess hér, hvað mér lét undarlega í eyrum, þegar gömul og gáfuð sveitakona (sem nú er því miður dái) tók svo til orða um alkunnan kvenskörung, að hún væri »mesti reglu-maður«. En Aldís gamla hafði alveg rétt að mæla, þá eins og oftar.

III.

Íhugun íslenzkrar tungu kemur oss á þá skoðun, að Íslendingar hafi átt ekki einn, heldur marga heimspek- inga, eða réttara sagt menn sem voru spaklega huga farnir og að ýmsum ytri ástæðum breyttum, hefðu getað verið það sem menn í þrengri mörkingu orðsins nefna heimspek- inga. Viturleg orð og djúpúðgir málshættir eru sá arfur, sem þessir spekingar hafa eftirlátið oss, tungan sjálf er mótuð af vizku þeirra og við meiru getum vér ekki búist; eins og betur mun verða ljóst af ýmsu sem síðar segir. Raunar mætti hér ef til vill líka nefna löggjöfina fornu, sem kvað vera svo framúrskarandi. Því að lögvitringur- inn og heimspekingurinn eru um sumt svipaðir að hugar- fari, og hinir mestu spekingar hafa einmitt verið að leitast

við að finna eitthvert allsherjar lögmál fyrir breytni manna.

Enn eitt mætti nefna, sem bendir til þess að heimspokilegt hugarfar muni jafnvel vera ríkt í íslenzku eðli, en það er fjöldinn af sérvitringum, sem hér virðist hafa verið fyr og síðar. Því að eigi einungis hafa spekingar oft verið nefndir sérvitringar, og þá stundum eigi rangnefndir, heldur má einnig skoða sérvitringinn eins og nokkurs konar skrípamynd spekinga; hann hugsar og hagar sér öðru vísi en almenningur, í efnum þar sem er einskisvert eða hlægilegt að eyða sér í að vera frumlegur. En í lífinu er algengt að sjá menn, sem vegna óheppilegra lífskjara eru eins og skrípamyndir af því sem þeir hefðu getað orðið. Og ekki er ólíklegt, að því fámennari sem einhver þjóð er og fátækari, þeim mun meira sé um þess háttar skrípamyndir að tiltölu.

En sá sem fæðist heimspekingsefni, á líklega fremur á hættu en allflestir aðrir að hann fari svo að einhverju leyti. Og líklega er það meðfram af þeirri ástæðu, sem vikið var á, að einungis stórþjóðirnar hafa — þegar Forn-Grikkir eru frátaldir — eignast heimspekinga í fyrstu röð. Það er óséð hvað mörg efni í slíka menn smáþjóðirnar hafa eignast, þó að minna yrði úr þeim er þeir uxu upp, sakir óheppilegra lífskjara.

Dæmi Schopenhauers og Herberts Spencers, einhverra mestu spekinga sem verið hafa á síðari tímum, sýna vel hversu margt þarf að fara saman, til þess að slíkir geti náð sinni hæð. Feður beggja voru sérvitringar og nokkurs konar heimspekingar, þó að annar væri kaupmaður en hinn kennari (Spencer). Báðir voru svo efnum búnir, að þeir þurftu aldrei að takast neitt embætti á hendur, ekki einu sinni við háskóla, heldur gátu verið sér öllum til að hugsa og semja þau rit, sem eru einhverjar merkilegustu vörðurnar á leið mannsandans; og hinn andlegi jarðvegur var svo undirbúinn, að sá kynlegi kvistur, sem er heimspeki þeirra hvors um sig, gat vaxið þar upp.

Því að það er víst óhætt að fullyrða, að hvorugur

hefði komið upp með heimspeki sína, þó með sömu gáfum hefðu fæðst, ef á steinöld hefðu uppi verið, eða jafnvel á járnöld á Íslandi á dögum Njáls (eða þó á vorum dögum hefði verið, eins og síðar skal dregið á). Einnig í andans heimi rísa hæstu tindarnir upp af því hálandi, sem tímarnir hafa skapað, og góðar nýjar hugsanir eru ávalt áframhald — þó að stökk kunni að vera á milli — af því sem vel hefir verið hugsað áður, hversu frumlegar sem þær eru. Ófrumlegt er einmitt það, sem ekki er áframhald.

En ekki þykir mér ólíklegt um Schopenhauer eða Spencer, hefðu þeir verið samlandar og samtíðarmenn Egils, eða Njáls eða Ara, að einhvern spaklegan málshátt mundi þangað að rekja, eitthvert djúpúðugt orð hefðu slíkir mótað, af þeim er oss virðast svo einkennilega viturleg.

Og svo hefðu þessir menn sjálfsagt verið skáld, hefðu þeir fæðst Íslendingar; eða réttara sagt ort. Því að hvergi eru víst jafn margir að tiltölu, sem yrkja þótt ekki séu skáld, en á Íslandi. Enda er við því að búast. Þetta mál hefir verið rímað, og oft af mikilli snild, í meira en 1000 ár, eins og kunnugt er, og sönglandinn er orðinn svo magnaður, að það er varla furða þó að einnig þeir, sem ófimir eru á bragarfótum, reyni til að stiga eftir hljóðfallinu. Svo er t. a. m. um Bjarna Thórarensen, sem víst einna mestur spekingur hefir verið af skáldum vorum og í sínu mergjada líkingamáli minnir stundum á Schopenhauer. Mér er til efs að Bjarni hefði fengist við að ríma, hefði hann ekki verið Íslendingur. Njóla Björns Gunnlaugssonar ber líka vott um hvernig íslenzkur heim-spekingur hugsar undir kvæðalögum; og svo er enn fremur að nokkru leyti um þann heim-speking, sem síðar ræðir um nánar í grein þessari, Brynjúlf frá Minnanúpi.

IV.

Heimspækisgáfa Íslendinga hefir þá mest komið fram í viturlaga hugsuðum einstökum orðum, í kvæðum hér og hvar, í málsháttum (og í sérvizku). Íslenzkan er, eins og menn vita, mjög auðug af ýmis konar orðskviðum, og er skaði mikill að ekki hefir verið haldið áfram sams konar málsháttasafni og bókmentafélagið byrjaði að gefa út 1830, eftir heiðurskarlinn sira Guðmund Jónsson á Staðarstað. Fyrir íslenzka ritlist væri slíkt safn ómetanlegt. Fróðlegt væri, ef einhver sem nógu vel er að sér í þeim efnunum, ritaði sögu málsháttanna, sýndi, eða leiddi líkur að, hve gamlir þeir eru, hvenær flest spakmæli koma upp og hvenær fæst; hvernig saga þjóðarinnar á ýmsum tímum kemur fram í þeim. Málshættirnir, þannig ihugaðir, gætu orðið til að skýra skilning á andlegu lífi þjóðarinnar á ýmsum tímum, líkt og lífrænar leifar í jarðlögum geta gefið mikilsvarðandi bendingar um loftslag og fleira á umliðnum öldum.

Málshættina hafa menn oft nefnt heimspeki alþýðunnar. En varla er það rétt álitid. Það er ekki alþýðleg speki, sem þá hefir skapað, speki sem komin er upp hjá allri alþýðu, þó að þar sé að ræða um efni sem alþýðu eða réttara sagt alla þjóð varða, þó að ýmsir af þessum málsháttum lifi á vörum alþýðunnar og þó að vér eigum þar vafalaust mikið að þakka ýmsum einstökum alþýðumönnum. En slíkir menn voru víst einmitt ekki alþýðlegir að öðru en þeirri fátækt og þeim þrönga kosti, sem kyrkti gáfur þeirra. Kemur oss hér í hug hversu furðanlega þær hafa verið lifseigar í sumum þeirra. Hugsunum oss menn eins og t. a. m. Hallgrím Pétursson og Bólu-Hjálmar. Hallgrímur var sárfátækur almúgamaður þangað til hann varð prestur seint og síðar meir. Segir sagan — ef eg man rétt — að hann hafi stundum verið svo tötralega búinn á ferðalagi, að hann þótti ekki í húsum hæfur og var úthýst; vantaði Hallgrím þá illa eitthvað af því sem goldist hefir síðan fyrir 40 (og nokkrar) útgáfur af Passiusálmunum.

V.

Varla þarf mörgum blöðum að fletta um það, hvar í mannfélaginu vorir beztu málshættir muni upprunnir; það er sennilega á sama stað og sögurnar, þar sem svo margir þeirra eru skráðir, hjá bændahöfðingjunum íslenzku, þeim er gerðu sér svo mikið far um að tala sem snjallast á alþingi, og höfðu svo gaman af að hlusta á vel sagðar sögur, eða segja sjálfir sem bezt frá. Vér vitum að Heimskringla er ekki klaustraverk og Njála er það sennilega ekki heldur. Og þó að vér eigum kirkjunni sjálfsagt nokkuð að þakka, þá megum vér ekki eigna henni of mikið af heiðrinum fyrir fornbókmentir vorar. Aðalheiðurinn eiga bændahöfðingjarnir íslenzku, í raun réttir íslenzkur aðall, sem matti meir tungu forfeðra sinna heldur en latinuna, og hafði, eins og Jón Loftsson, meiri virðingu fyrir »sinu foreldri« heldur en páfanum. Það var lán íslenzkra bókmenta, að kaþólskan var hér svo máttlaus framan af. Í meir en 100 ár eftir kristnitökuna er líklegt að andlegt frelsi hér á landi hafi verið meira en nokkurn tíma síðar.

Eg hefi áður í þessu tímariti¹⁾ bent á hvernig Böðvar Ásbjarnarson, sem var í liði með Hafliða Mássyni á alþingi 1118, jatar það hreinskilnislega að hann sé trúlaus, það er að segja að kenningar kirkjunnar hafi ekkert vald yfir huga hans. Og það er gegn öllum líkindum að slíkt trúleysi hafi verið eins dæmi.

Eg hygg, að tæpast verði of mikið gert úr þýðingu þess andlega frelsis sem lýsir sér á alþingi 1118, fyrir íslenzka speki. Afbragðs vit hefir víst varla nokkurn tíma getað fundið fyrir betri skilyrði til að þrífast hér á landi en þá. En því miður, tíminn var svo stuttur, ókunnugleikinn á því sem grískir og rómverskir fornmennt höfðu áunnið í þekkingu svo mikill; þó að hér væru til menn með heimspekingseinkennum, þá gat hér ekki komið upp neitt heimspekiskerfi; spekin gat að eins náð

¹⁾ Úr trúarsögu Forn-Íslendinga. Skirnir 1906.

að lýsa sér í viturlegum orðum og málsháttum, sögusnild og löggjöf, eins og áður er á vikið. Kapólskan magnaðist of fjótt, en með þeirri trú var loku skotið fyrir allar heilbrigðar heimspekilegar hugleiðingar, og kirkjan eyðilagði meginstoð islenzkrar vizku, aðalinn islenzka. Staða-Árna og eftirmönnum hans tókst það sem Þorlákur hinn helgi hafði orðið að gefast upp við. (Um þetta efni þyrfti sérstaka ritgerð).

VI.

Hér á eigi illa við að minnast fáum orðum á beztu spekingslýsinguna sem vér eigum í bókmentum vorum. Eg á auðvitað við lýsinguna á Njáli. Lýsingin á Njáli á við eigi að eins um þann eina speking, heldur, í mörgu, um alla spekinga og yfirleitt er mjög eftirtektarvert hversu oft þetta víðsýni kemur fram í skaplýsingum Njálu; það er eigi að eins einn maður sem er lýst, heldur sérstök manntegund. Svo er t. a. m. um lýsinguna á Hallgerði, á Gunnari, og jafnvel á Hrappi. (Alkibiades hinn gríski hefir líklega verið stórskornasta eintak þeirrar tegundar sem sagan segir frá, ef ekki verður að telja þar til Napóleon mikla). Margt sem sagt er um Njál minnir á tvöföldu merkinguna í orðinu spakur, sem nú orðið er notað mest um hesta; það er sams konar breyting og orðið hefir í dönsku, því máli sem annars að ýmsu leyti er ólíkast islenzku; í orðinu »spag« er ekkert nema hæglatís og þróttleysis hugmynd. Danskan hefir engan grun um neina veglegri merkingu í orðinu.

Á þessa tvöföldu merkingu orðsins spakur minnir það þegar farandkonurnar segja um Njál — nærri því eins illgirnislega og það stæði í blaðagrein frá þessum síðustu tímum — stritaðist hann við að sitja. Það virðist hafa verið vandi hans að sitja og hafast ekki að. Og sjálfsagt hefir það verið álit flestra er til sáu, að vitringurinn væri iðjulaus, þegar hugur hans var raunar önnum kafinn. Sjálfur segist hann löngum hafa verið værugjarn.

Og enn er sagt um Njál að hann hafi farið einförum og þulið; má geta þess til, að um sum efni hafi hann ekki getað talað við aðra en sjálfan sig.

En mjög líkt þessu sem sagan segir um Njál, hefir verið sagt um ýmsa heimsfræga spekinga á síðari tímum; þeir hafa farið einförum, talað við sjálfa sig, setið og horft í gaupnir sér og tekið illa þegar á þá var yrt; þózt truflaðir í iðju sinni og líklega fundist hún ekki ómerkilegri en flest önnur, þareð ihugun liggur til alls fyrst. Og líklegt er að maður eins og Njáli er lýst, hafi haft huga líkan þeim mönnum sem vér nefnum heimspekinga, og varla er annað trúlegt en að einhvern tíma hafi slíkur maður rent huga sínum í áttina að einhverju því er vér nefnum heimspeki, eitthvert skiftið er hann stritaðist við að sitja, förukerlingum og fávitríngum til undrunar og frásagnar. En varla er neitt sem af speki hans segir í sögunni í þá átt; nema ef vera skyldi að eitthvað slíkt hafi búið undir er hann varar Gunnar við að vega aldrei »meir í hinn sama knérunn enn um sinn«. Eins mætti geta þess til, að frá slíkum vitríngum eins og Njáli sé runnin forlagatrú forfeðra vorra, því að komið gæti manni til hugar að sú skadlega og lamandi trú væri ávöxtur nokkurs konar heimspekilegs skilnings á orsakarsambandinu, þótt óljós sé og óttablandinn. En þetta er auðvitað lítilsvert. Hitt er víst, að flest sem í sögunni segir af speki Njáls minnir á, að vitur er víst upphaflega sá sem veit krók á móti bragði, en ekki sá sem eitthvað veit um uppruna tegundanna, eða tilgang mannlífsins, eða þó að minna sé tiltekið; og spakur er sá sem spáir hvað fram muni koma við sig eða vini sína. Gáfna farið hefir verið líkt og hjá heimspekingnum, en hugurinn ekki frjáls að sveima, heldur bundinn við þá nauðsyn að verjast hættum á ófriðarsömum tímum, líkt og slíkir hugir hafa oft verið fjötraðir af þörfinni til að hafa ofan af fyrir sér.

Eftirtektarvert er annars, hvernig Njála gerir þá menn ýmsa sem hún segir frá að vitríngum, eða líklega, réttara sagt, skilur betur en aðrar sögur hverjir hafa verið vitrir.

Menn beri saman frásögn Njálu og Laxdælu um Hrút Herjólfsson. Minnir þetta dálitið á hvernig Shakespeare lætur jafnvel suma þá sem fið eru taldir í leiknum lýsa djúpri speki í orðum sínum. Ef til vill hefir Shakespeare þar viljað lýsa yfir þeirri skoðun, að í augum hinna heimsku séu vitringar oft fið. En þó getur þessi skýring vel verið röng, enda munu heimskingjarnir ekki ávalt hafa rangt fyrir sér.

VII.

Það sem komið hefir þessum hugleiðingum, að vísu ekki af stað, en á pappirinn er, auk þýzku greinarinnar hér að framan, íslenskt heimspekisrit, sem mér hefir borist í hendur, eftir Brynjúlf Jónsson frá Minna-Núpi. Heitir það »Saga hugsunar minnar um sjálfan mig og tilveruna«.

Ritið er fróðlegt, bæði það sem í því er skráð, og eins hitt, sem lesa má milli línaanna. En það eru, eins og kunnugt er, oft fróðlegustu kaflar bóka fyrir rosna lesendur.

Það er heimspekingur sem þetta ofangreinda rit lýsir, á því er enginn vafi. Ástriðan til að hugsa virðist honum meðfædd. Hann er undrandi, sispurult og óvanalega ihugult barn, og safnar sér fróðleik með spurningum og athugunum. Kemur ýmislegt sem hann segir í ritinu af barnsæfi sinni lesandanum til að hugleiða, hvernig sveita-börn standa að ýmsu leyti betur að vígi til náms í skóla lífsins heldur en kaupstaðarbörnin. Hann er orðinn dálitill náttúrufræðingur og heimspekingur, en svo fer eins vant er, hann er of snemma gerður að guðfræðing. Þetta barn, sem hungraði í þekkingu, fær í staðinn guðfræði; hann fer að gera sér hugmyndir um guð, hugsa út í bláinn, bókstaflega.

Nú er að vísu þetta tvent, heimspeki og guðfræði, ekki alveg óskýlt, og í guðfræðinni er jafnan mikið af heimspeki fyrri tíma, líkt og læknisfræði alþýðunnar, — eg á við

sumt það sem nefnt er kerlingabækur—hefir að geyma ýmislegt af læknavísdómi horfinna kynslóða. Einnig mun það ekki fjarri sanni, að hið trúaða hugarfar sé að sumu leyti ekki fjærskilt hugarfari heimspekingsins. Trúin er aðallega runnin frá óttanum, en heimspekin frá undruninni. En í þessum hættulega heimi eru ótti og undrun, furða, náskyldar tilfinningar. Geigblandin undrun hlýtur að vakna hjá hverjum manni, sem hugleiðir hvílikum ráðgátum og hættum sjálfs hans líf býr yfir og öll tilveran; en trúmaðurinn, að minsta kosti í eldri merkingu þess orðs, hyggur að þegar sé svarað þeim spurningum sem hann varða mestu, þar sem heimspekingurinn er á öðru máli og leitar úrlausnar.

Vikjum aftur að heimspeking vorum á barnsaldri. Hann gjörist nú svo trúður, að þegar hann er eitthvað lasinn, liggur við að hann langi til að deyja. En heimspekingseðlið verður of ríkt, og einn þáttur þess er að efast, leita að sönnunum eða líkindum. Án þess að Brynjúlfur lesi eða heyri nokkuð í þá átt, kvikna hjá honum efasemdir um trúna. Hann verður órólegur og hugsjúkur, og leitar loks til móður sinnar í vandræðum sínum. Móðir hans, sem hefir verið góð kona, og eins og flestar gáfaðra manna mæður, sjálf gáfuð vel, leggur honum ýms heilræði, og það ekki sízt, að hugsa sem minst um þessi efni. Og betra ráð gat hún varla gefið honum, eftir sínu viti. Því það mun vera bezta ráðið til að vera alt af rétttrúður, að hugsa ekki um trúna, og ef til vill er það meðfram þess vegna sem ýmsir miklir framkvæmdamenn eru og hafa jafnframt verið trúmenn; þeir hafa aldrei hugsað um annað en framkvæmdir. Efavagjarn hugur mun einnig vera síður líklegur til framkvæmda. En þó mundu án efunarmannaanna fáar villur leiðréttar og lítið um framfarir.

Nú fór Brynjúlfur líka að stálpast og vinna, og studdi það að því að bæla niður efasemdir hans. Því líkamleg áreynsla er góð til að kæfa niður hugsanir, eins og hins vegar mikil hugleiðingasemi virðist gera menn frábitna.

líkamlegri vinnu. Af því er líklega að nokkru leyti sprottin þessi leti, sem stundum er kvartað um á gáfumönnum; þess vegna er Njáll værugjarn og situr oft auðum höndum.

En á Brynjúlfi sannaðist hið fornkveðna: Þótt náttúran sé lamin með lurk, o. s. frv. Nýjar efasemdir vakna hjá honum og hann fer nú að glíma við þær voða mót-sagnir, sem hans rökvisa skynsemi finnur í trú þeirri, sem hann hafði verið alinn upp í. Og það ber vott um hversu ljóst þessi ungi útróðrarmaður hugsar, að hann verður tvígyðistrúar. Því þegar að er gáð, sést að það sem hann hafði lært var í rauninni þetta, að stjórnendur himins og jarðar séu tveir; heitir annar guð en hinn djöfull og hvorugur almáttugur, en eiga með sér nokkurs konar skinnleik um forlög mannanna og veitir ýmsum betur.

Nú kyntist Brynjúlfur (og lærði utanbókar spjalda á milli), Njólu, hinu heimspekisborna guðfræðiskvæði Björns Gunnlaugssonar. Þetta var boðskapur frá skyldum anda, og þarna fekk hugur hans hvíld að mestu leyti frá efasemdum sínum. Það er að segja um stund. Brynjúlfur hefði ekki verið heimspekingur að eðli, hefði Njóla ekki einmitt knúið hann til að hugsa áfram.

En guðfræðin ber, eins og búast mátti við eftir mentun hans, heimspekina hjá honum alveg ofurliði. Heimspekin var þarna hjá honum einmitt það sem fornu guðfræðingarnir vildu að hún væri, ambátt guðfræðinnar. Sannleiksleitin var ófrjáls, og því búið að færi líkt og »skyli haltur henda hrein í þáfjallí«.

VIII.

Þegar Brynjúlfur er á 32. ári verður hann undarlega veikur. Eitthvert heilsuleysi virðist því miður ekki óalgengt á miklum vitmönnum og mætti nefna þess ýms dæmi frá Pascal (og þó fyr væri) og til Nietzsche. En

eg ætla að eins að minna á, að Herbert Spencer varð undarlega veikur um líkt leyti æfi sinnar og Brynjúlfur, eða þegar hann var hálfertugur. Fer það nú ekki allsjaldan saman, að menn telja hugsanir heimspekinganna hégóma, en heilsuleysi þeirra uppgerð, og skilja hvorugt.

En Brynjúlfur urðu þessi veikindi sá aðalstuðningur, sem lífið hefir veitt heimspekisgáfu hans. Því að nú varð hann ófær til líkamlegrar vinnu, en þoldi, að minsta kosti þegar fram í sótti, að lesa og reyna á sig andlega. Varð þessi harðleikna hjálp, sem vikið var á, til þess að styrkja trú Brynjúlfs á guðlegan kærleika og forsjón. Það er að þessu eins og svolitill keimur af trú rómverska spekingins Seneca, að vitrum manni geti í rauninni ekkert ilt viljað til; er það undarleg trú og væri góð ef hún gæti breytt illu í gott.

Það má nærri því geta, að lífið horfði fremur örðugt við Brynjúlfur þegar svona var komið, og ekki virtist auðvelt að vinna fyrir sér; og ekki síst þar eð mönnum hefir af auðskildum ástæðum hætt mjög við að tengja hugmyndina »vinna« eingöngu við líkamlega áreynslu. Og þó að Brynjúlfur hafi alt af verið vinsæll maður vegna framkomu sinnar, þá hefir velvildin sjálfsgagt verið blandin lítilsvirðingu að minsta kosti framan af, og ef til vill alt þangað til honum var sýnd opinber viðurkenning með því að veita honum riddarakross dannebrogssorðunnar, — nei, dannebrogsmannanna heiðursteikn var það. Því að allur fjöldinn sér ekki með eigin augum, heldur annara; það sem hann metur við menn, er eiginlega ekki hvað þeir eru af sjálfum sér, heldur sú viðurkenning, sem þeim hefir hlotnast.

En heiðursteikn Brynjúlfs sýnir, að ‚orður‘ geta komið vel niður og gert gagn.

Að það lægi í rauninni nokkur vinna í hans mörgu blaðagreinum t. a. m. eða í því að vera annar eins fræðari fyrir þá sem í kringum hann voru, eins og Brynjúlfur mun jafnan hafa verið, hefir víst verið færrum ljóst en skyldi, þegar frátaldir eru einkum nokkrir prestar. Því

að ekki er nema skylt að geta þess hér, að svo mikinn hnekki sem guðfræðin gerði heimspeki Brynjúlfs, þá var alt öðru máli að gegna um prestana. Átti hann þar eitt-hvert sitt mesta athvarf sem prestarnir voru (einkum nokkrir alkunnir menn í þeirri stétt), og er það þeim til mikils sóma hvernig þeir hafa reynst heimspeking vorum.

Þá segir Brynjúlfur frá því, hvernig rit Magnúsar Eiríkssonar vöktu hjá honum trúvarnarhvöt, og hver voru tildrög kvæðisins »Skuggi og ráðgáta«. En þó að Brynjúlfur hafi ort talsvert mikið, þá er hann víst, eins og hann sjálfur hefir fundið, naumast skáld. Og þó að hann riti skýrt og glögt og á allgóðu máli yfirleitt, þá getur hann líka naumast kallast málsnillingur; glæsilegar og hljómandi líkingar t. a. m. rekur lesandinn sig ekki á hjá honum og svipar honum í þessu til sumra merkra heimspekinga. Hugur hans hefir umfram alt beinst að því, að fá sem bezt samræmi í hugmyndakerfið. En þar sem engu slíku kerfi var til að dreifa, eins og hjá spekingum fornaldar vorrar, beindist hugvitið, þegar frístund gafst frá uppeldis- og ófriðaráhyggjum, að því að móta einstök orð og orðskviði.

Þegar hér er komið sögunni reynir Brynjúlfur til að hverfa frá þessum hugleiðingum sínum. Liggur nærri að geta þess til, að hann hafi fundið til þess þótt óljóst væri, að hann væri á afvegum sem heimspekingur, með trúvörn sína og kveðskap. Fer hann nú að hugsa um landsins gagn og nauðsynjar og ritar fjölda af blaðagreinum. Og líða svo nokkur ár.

En svo fer þó að lokum, að heimspekin laðar hann til sín enn að nýju, og um fimtugt hefst sú hugsun hans sem bezt er og sízt til бага guðfræðiblandin. Það lýsir sönnu heimspekingseðli hvað það er, sem nú vekur hugsun hans. Hann undrast hina sterku og margbreyttu eftirsókn eftir því að lifa, frekjuna til fjörsins, er mætti svo nefna; og hins vegar, að lifandi verum er lífsskilyrði að eyða lifandi verum. Lífið er óvinur lífsins. Þar rísa upp geigvænlegar spurningar. En andinn er enn ekki nógu

frjáls. Hann er fyrirfram sannfærður um, að þarna sé mótsögn sem hverfur ef hann nær að sjá »hvernig í öllu liggur í raun og veru«.

Ekki er það raunar að furða. Allir heimspekingar höfðu vist kent eitthvað líkt þessu, og Leibniz hefir sagt, að þetta væri sá heimur, sem beztan væri unt að hugsa sér. Schopenhauer einn hafði verið á öðru máli; hann sneri setningu Leibniz við og kvað réttara að segja, að bölvaðri mætti heimurinn ekki vera, ef ekki ætti alt að kollsteypast. Og líklegt virðist mér, að Schopenhauer hafi rétt fyrir sér frá sínu sjónarmiði. Hann fylgdi Plató og Kant í sumum undirstöðuatriðum kenningar sinnar, en ein hin mesta sigurvinning mannkynsins í andlegum efnum, framsóknarkenningin, sem hinn mikli Lamarck lagði grundvöllinn að, einmitt á dögum Schopenhauers, var þá lítt komin til sögunnar, og hafði edlilega engin áhrif á Schopenhauer. Skal eg þó ekki lengja þetta mál með því að skýra þetta efni nánar hér.

Skaði hefir það sjálfsagt verið, að heimspekingur vor hefir ekki kynst framsóknarkenningunni er hann var að búa í hugsanavef sinn; en þó er nokkurs konar dulvís framsóknartrú einmitt aðalatriði í hugsanavef Brynjúlfs.

IX.

Ekki treysti eg mér til að gera, svo vel sé, í stuttu máli grein fyrir heimspekiskerfi Brynjúlfs, því sem hann byggir á »einda«-hugmyndinni. Ekki heldur með því að nota það ágrip af aðalatriðum kenningarinnar sem stendur í niðurlagi bókar hans. Að koma með einhverja þessháttar beinagrind, yrði auðveldlega til þess að vekja rangar hugmyndir um heimspeki hans; það mundi illa sýna hversu mikið er í hana spunnið af hugviti og viturlegum hugleiðingum.

Sjálfsagt hefði ýmislegt orðið öðru vísi hjá Brynjúlfi hefði hann átt kost á meiri þekkingu, og eftirtektarvert

er hvernig hann af gaumgæfni notar hvern mikilsvarðandi þekkingarþátt, sem hann hefir getað náð til, í hugsana-vef sinn. En guðfræðin er það, sem einkum hefir frjófgað hugsun hans, og fær hún aftur yfirhönd hjá honum eftir þetta tímabil, sem áður er getið um; leitast hann mjög við að samþýða hugsanir sínar við trúna — eða réttara sagt guðfræðina — og minnir dálítið á hina fyrri jarðfræðinga, sem voru alt af að berjast við að láta hugmyndum sínum og athugunum bera saman við Nóaflóðs-söguna.

Eins og við er að búast, virðist hugsun Brynjúlfs skörpust í guðfræðisefnum, eins og t. a. m. 27. kaflinn sýnir vel. En ýmislegt gæti einnig bent á mjög góða eðlisfræðingshæfileika hjá honum og koma sumar »einda«-hringferðar hugmyndir hans lesandanum til að minnast þess, að ýmsir hinna »nýju« eðlisfræðinga vilja telja nokkurs konar aflhringiður undirstöðu allrar efniveru (materia); og hugmyndir hans um eindir í geimnum, minna á hvernig ljósvakinn á, að sumra hyggju, að vera nokkurs konar alheimsmysa, sem sólkerfin með öllum sínum efnum hafa skilist úr.

Til dæmis um hve óholl áhrif guðfræðin hefir á hugsunarhátt þessa heimspekings, sem hér ræðir um, má nefna þetta. »Mér var bæði ógeðfelt«, segir hann, »og enda ómögulegt, að fallast á það, að trúin á guðlega forsjón væri hugarburður. Eg þurfti hennar með«.

Minnir þetta mig á spakmæli eitt sem stendur í minningarriti Cæsars um hernað hans í Gallíu (eina spakmælið sem þar er), en það er á þá leið, að menn séu jafnan trúgjarnir á það sem þeim þykir æskilegt. En slíkt er ekki heimspeking samboðið; á því svæði er ekki sannana að leita. Það er t. a. m. ekki vitund ólíklegra að vér séum komnir af öpum, þó að oss sé sú hugmynd næsta ógeðfeld.

X.

Hugsunarsaga Brynjúlfs frá Minnanúpi er merkilegt rit. Það er óhætt að segja það. En þó mundum vér óefað gera honum rangt til, ef vér dæmdum heimspekingsgáfu hans eingöngu eftir þessu riti; teldum að þar kæmi fram hið bezta og viturlegasta, sem í honum hefir búið. Vér verðum vel að ihuga, hversu afarilla þessi íslenski heimspekingur hefir staðið að vígi.

Goethe talar einhversstaðar um hverju hann átti að þakka að hann gat orðið það sem í honum bjó:

Euclid verdanke' ich was ich bin
Meines Wesens Vollgewinn.

Í síðustu orðunum kemur fram nokkuð af því sem lyftir Goethe himinhátt yfir flest önnur skáld, hann dregur þar »arnsúg í flugnum«; það sem hann drepur á, er einmitt hið æðsta takmark mannsins, að öðlast og glæða alt hið góða sem í honum býr, verða eins og hann getur orðið beztur í orðsins fylstu merkingu. Þetta er líklega að ýmsu leyti því ördugra, sem þjóðin er smærri, og mér þykir ekki ólíklegt, að það sé meðfram þess vegna, sem smáþjóðirnar eiga svo sjaldan þá ágætustu menn, sem uppi hafa verið. Grikkir eru þar raunar undantekning um margt, og ef til vill Íslendingar um söguritun og óðsnild. Og einmitt á því og á sjálfu málinu byggjum vér þá von, að það kunni fyrir Íslendingum að liggja að verða enn í einhverjum greinum fremsta bókmentarþjóðin á Norðurlöndum, þó að þeir hafi þar verið flengdust, og séu þar enn þá flegnust þjóð. Hér rísa nú raunar stundum upp alvarlegar efasemdir, sem eg verð þó að láta Skirni sleppa við að sinni.

En svo eg viki aftur að heimspekingunum, þá er líklega með smáþjóðunum engum eins erfitt að verða það sem í þeim býr eins og þeim.

Engin manntegund er eins vönd að andlegum jarðvegi eins og heimspekingurinn. Engum riður eins mikið á að vera bráðþroska, vera fljótt búinn að átta sig á því, sem þegar hefir áunnist í vísindum og heimspeki,

svo að hann geti farið sína rannsóknarferð meðan hann er í fylstu fjöri. Engum riður eins mikið á að hafa snemma komið þar sem víðsýnast er á svæðum andans. Nú hefir á þeim svæðum enginn sjónarturn verið reistur annar eins og verðandi-heimspekin (evólútionar-), og þaðan þykir mönnum nú fróðlegast umhorfs. Hafa líklega engir skýrt eins vel og Nietzsche og H. G. Wells hvílikar furðusýnir blasa þaðan við.

En einmitt sú útsjón hlotnaðist ekki heimspeking vorum þegar honum reið mest á.

Betur en af almennum hugleiðingum skilst hvað eg á við, ef vér hugsum oss einhvern af höfuðskörungum heimspekinnar islenzkan. Gerum t. a. m. ráð fyrir að Herbert Spencer hefði fæðst uppi í sveit á Íslandi; að hann hefði ekki getað farið að hugsa um að menta sig — og það alt á eigin spýtur — fyr en hann var kominn á fertugs aldur; að hann hefði aldrei kynst dýrafræðisheimspeki Lamarcks, jarðfræði Lyells, fósturþroskunar sögu K. E. v. Baers, þeim ritum, sem mest urðu til þess að beina honum leið að sínu takmarki; að hann hefði verið bókalitill og bláfátækur, og langt fram eftir æfi ekki kynst neinni heimspeki nema mjög guðfræðiblandinni. Það virðist óhætt að gera ráð fyrir, að Spencer hefði þá ekki skapað verðandi-heimspeki sína og orðið heimsfrægur í elli sinni, en hugsanir hans afl í flestum andlegum framförum, og eigi að eins andlegum, sem nú raunar varla þarf að taka fram, því að andlegar framfarir búa undir framförum á öllum öðrum svæðum. Hitt er líklegra, að hann hefði orðið sérvitringur, alræmdur í nokkrum hreppum, því að lundin var ekki sem bezt og mundi ekki hafa batnað við þau kjör, sem vér hugsum honum hér. En úr því að ástríðan til að hugsa var svo rik, er ekki ólíklegt, að hann hefði komið sér upp einhverju heimspekikerfi og spunnið þar í hvern þekkingarþátt, sem hann hafði getað öðlast, en skráð svo alt með vandvirkni og samvirkusemi á bók, sem enn^{g.} biði prentunar.

Eins og heimspekisrit Brynjúlfs frá Minnanúpi hefir nú gert í nokkur ár. En svo ætti nú ekki þurfa að vera lengi úr þessu. Ritið er merkileg viðbót við íslenskar bókmentir. Þegar það er komið út, munu þýzkir fræðimenn ekki framar segja heiminum að Íslendingar eigi engan heimspeking. Það er talandi vottur um djúpa fróðleikslöngun og að vísu einnig þá örðugleika, sem hún hefir átt við að stríða. Það er sómi íslenskri alþýðu. En það er oss sem bókmentaþjóð til lítils sóma, ef ekki veitist þessum heiðvirða öldungi bráðlega sú ánægja, að sjá á prenti þetta rit sitt, sem, þótt stutt sé, er ávöxtur svo langvinnra hugleiðinga. Hefði annað varla verið betur fallið til að minnast sjötugsafmælis heimspekings vors, þó að seint sé tekið nokkuð, en það að koma á prent hugsunarsögu hans.

HELGI ÞJETURSS.

Ritdómar.

JÓHANN SIGURJÓNSSON: BÓNDINN Á HRAUNI. Leikrit í fjórum þáttum. 1908. 115 bls. (Sigurður Kristjánsson).

Íslendingar hafa tvöfalda ástæðu til þess að taka þessu leikriti vel. Það er gróði íslenskum bókmentum. Og því hlotnast, fyrstu íslenskra leikrita, sú sæmd að vera leikið í erlendum leikhúsum.

Leikurinn gerist í landskjálftum. Alt er á tjá og tundri. Húsin eru að hrynja. Enginn þorir að vera í bænum, nema bóndi og húsfreyja. Hún þorir það, af því að hún vill láta eitt yfir þau bæði ganga. Hann þorir það, af því að hann elskar ekki að eins jörðina sína, sem hann hefir sjálfur ræktað, heldur og bæinn sinn, sem hann hefir sjálfur reist. Þar hefir alt gerst, sem hann hugsar til með ljúfustu geði. Jafnvel myrkrið í bænum hefir honum fundist taka utan um sig með ástúð. Engin manneskja hefir nokkurn tíma tekið eins vel á móti honum, ekki einu sinni dóttir hans, þegar hún var barn — eins og myrkrið í bænum, þegar hann kom inn úr stórhrið, og menu höfðu talið hann af.

Að lokum hrapar bærinn; aftasti hluti baðstofunnar stendur einn eftir; þakið hangir ekki á öðru en einni stoð.

Á þetta uppnám alt er aukið því vandamáli bónda að ráða fram úr gjafirði einkadóttur sinnar. Hann vill gefa hana efnilegum bóndasyni. Dóttirin ann honum ekki; en hún lætur um stund undan fortötum móður sinnar. Móðir hennar hefir ekki unnað föður hennar, þegar hún var honum gefin; hún hefir unnað öðrum manni. En hún hefir talið skyldu sína að láta að vilja foreldra sinna. Og lífið hefir alt orðið ein skyldukvöð. Hún hyggur, að svo eigi lifinu að vera háttáð. Og um stund fær hún hún dóttur sína á sitt mál.

En ekki nema um stund. Ástin nær valdi á henni. Hún og grasafreðingur, sem er í rannsóknardvöl þar í sveitinni, fella hugi

saman. Bóndi trúir þeim manni fráleitt fyrir dóttur sinni. A hinu ber samt meira, að hann trúir honum ekki fyrir jörðinni. Kona hans gengur í lið með dóttur sinni, þegar á herðir. Bóndi sér, að hann fær ekki sínu máli framgengt. Hann hefir aldrei látið undan á æfinni. Og hann getur það ekki nú. Hann fer inn í rústirnar, kippir stoðinni undan baðstofuþakinu, verður undir því og týnir lífinu.

Þetta er í stuttu máli s a g a n í ritinu.

Ekki leynir það sér, að höf. er ungur og hefir enn ekki náð fullu valdi á efni sínu. Hann sýnir alt vinnufólkið á bænnum. Þeir menn eru lítið einkendir. En þeir eru látnir segja sumt af því, sem allra skáldlegast er í ritinu, Hér fara á eftir fáein dæmi:

— Það var eins og eg væri að rista í lifandi skepnu — það var eins og eg væri að flá lifandi hold. — — Og risturnar frá því í fyrra voru eins og ljót ör, segir einn vinnumaðurinn um torfristu í landskjálfta.

— Og eins og jörðin skalf — hún hafði ekki — gráturinn er erfiður gömlum, segir annar vinnumaðurinn.

— Við seinustu stóru landskjálftana kom sprunga, sem var margar mílur á lengd; eg sá hana sjálf; það lagði upp úr henni heita gufuna. Jörðin dró andann með opnum munninum. — — Vitið þið hvers vegna vetrarsnjórinn fyllir ekki gjóturnar? Hafið þið nokkurn tíma séð svo stórar snjóflyksur, að þær festist í munnunum; það er jörðin, sem blæs á móti snjónum; hún býr til gildrur fyrir mennina. Jörðin er mannæta, segir kerlingin á bænnum.

Þetta er afburða-vel að orði kveðið. En af því að lesandi veit svo lítið um þessa menn, annað en að þeir geta talað svona, þá komast ummælin ekki í samband við neitt hugsanalíf, sem honum er kunnugt um. Þau verða líkust gimsteinum, sem vantar um-gjörðina.

Aðalgalli ritsins er samt í mínum augum sá, að lesandi fær svo lítið að kynnast grasafraeðingnum. Er nokkuð réttmætt í þeirri óbeit, sem bóndi hefir á honum? Eru tvær menningarstefnur þar að reka sig hvor á aðra? Eða gagnstæðar lífsskoðanir? Þeim spurningum er engu svarað. Lesandi er jafn-ókunnugur manningnum, þegar leiknum er lokið, eins og þegar maðurinn er fyrst nefudur.

Og samræðurnar eru ekki hvarvetna sem eðlilegastar. Hugsana-sambandið er sumstaðar furðu laust. Eg bendi t. d. á bls. 64.

Sveinungi (bóndinn) spyr Jóranni (konu sína), hvort hún geti ekki sofið. — Nei, eg get ekki sofið, segir Jórunn. — Þá segir

Sveinungi: Það var þá nótt, sem þú hélzt, að eg hefði orðið úti í stórhriðinni, o. s. frv., löng klausa um atvikin, þegar hann kom heim. Hér er alls ekki sjáanlegt sambandið við það, sem talað hefir verið um. Svona tala menn ekki. Og sams konar hugsana- los kemur fyrir hvað eftir annað.

En að hinu leytninu leyur það sér ekki, að íslensk þjóð hefir eignast nýtt skáld, þar sem Jóhann Sigurjónsson er — afgangsskáld vafalaust, þegar lífsreynslan hefir fengið meiri þroska, og listamaðurinn hefir átt kost á að temja sér betur glímuna við yrkisefni sitt. Hjólin eru sýud með skýrum dráttum listarinnar. Ritið er fult af yndislega vel orðuðum ummælum. Og yfir allt er lagður einkennilegur og hugnæmur þunglyndis-blær, sem samboðinn er heimilinu þar sem skyldan hefir gengið í gleðinnar stað, og samboðinn þeim stundum, er verk manna eru að verða að rústum — þeim stundum, er vilji manna brotnar, af því að hann getur ekki bogað, sá viljinn, er engan tekur til greina annan en sjálfan sig — þeim stundum, er æskan fær ekki notið sín, nema ellin farist í rústunum. Slíkan blæ leggja góðskáldin ein á hugsanir sínar.

* * *

BJÖRN BJARNASON dr. phil.: **ÍPRÓTTIR FORNMANNA** á Norðurlöndum. Reykjavík 1908 [Sigurður Kristjánsson].

Ritið er upphaflega samið á dönsku. Höf. hlaut doktorsnafnbót fyrir það. Hann er sennilega fróðastur allra núlifandi manna um þetta efni. Næumast getur hjá því farið, að þessi bók verði eftirlætisbók íslenskra ungmenna, enda væri það og vel farið. Nú er stórum að lifna áhugi æskulyðsins hér á landi á ípróttum, og það svo, að gagngerð breyting hefir orðið á 2—3 árum. Vafalaust eflir þessi bók þann áhuga. Þekking á fornritum vorum og lífi forfeðra vorra hefir að undanfögnu verið einna sterkasta hvatningaraflíð til allrar manudáðar hér á landi. Svo mun verða hér eftir. Og bók dr. B. B. eykur þá þekking að miklum mun.

* * *

ÞJÓÐTRÚ OG ÞJÓÐSAGNIR. Safnað hefir **ODDUR BJÖRNSSON.** **JÓNAS JÓNASSON** bjó undir prentun. I. bindi I.—II. hefti. Akureyri 1908 [Oddur Björnsson].

Þetta er upphaf að miklu safni, sem Oddur Björnsson hefir í hyggju að koma út. Fyrsta bindið, sem þetta er partur af, virðist hann fullráðinu að prenta. Um síðari bindin fer eftir þeim viðtökum,

sem þetta bindi fær. Vér efumst ekki um, að þær verði góðar. Í safninu verður vafalaust mikill fróðleikur; og þá skemtun ekki síður.

Síra Jónas Jónasson hefir ritað formála, og gerir þar grein nýrrar efnisskiptingar á þjóðlegum fræðum, sem hann ætlar að fara eftir: 1. Manneðlissögur. 2. Náttúrusögur. 3. Viðburðasögur eða sögusagnir. 4. Venjur, þjóðsiðir og þjóðtrú. 5. Þjóðkvæði, ýmis konar.

Allar þær sögur, sem út eru komnar, eru Manneðlissögur. Þær skiftast í eftirfarandi kafla:

- I. Draumar: berdreymi, draumspár, viðvarana- og bendingadraumar, samdreymi, draumgöngur.
- II. Vökuvitránir: sjónir, heyrnir.
- III. Dulargáfur: skygni, heyrn, forspár.
- IV. Dularkraftar: áhrínsorð, kyngi og forneskja.
- V. Aðrar mannverur: huldufólk, tröll, sæbúar.
- VI. Áhrif frá öðru lífi: svipir, afturgöngur, sendingar.
- VII. Frá trúarsvæðinu: dómar guðs, ásóknir hins vonða, himnaríki og helvíti.

Skírnir vill mæla hið bezta með þessum sögum. En hins virðist oss rétt að láta getið, að vér fáum ekki séð, að mikill hluti þessa tviheftis, sem út er komið, sé í raun og veru neinar þjóðsagnir, né komi þjóðtrúnni neitt verulega við. Ef mann dreymir draum, sem með einhverjum hætti reynist merkilegur, skrifar hann og sendir hann til prentunar, þá er frásögnin um hann engin þjóðsaga. Ekki heldur, þó að hann segi hann öðrum manni, og sá maður skrifi drauminn og láti prenta hann. Ekki getur það heldur talist með réttu nein þjóðsaga, þó að vakandi maður verði var einhverrar hvíkskynjunar, sjái svip, sjái eða heyri það sem gerist í fjarlægð o. s. frv., og láti þess getið. Slíkar frásagnir geta verið mjög merkilegar. Þær eru rannsókuarefni sálarfræðinga nú á tímum. En þær eru ekki fremur þjóðsögur, en sérhvað annað, sem fyrir einstaka menn ber. Sæti þeirra á þjóðsagnabekknunum er ekki annað en leifar þeirrar fáfræði-ímyndunar, að frásagnir um dularheims-skynjanir séu eingöngu hjátrúar-hjal fávísrar alþýðu.

Þær geta vitaskuld orðið efni í þjóðsögur. Þjóðsögur verða þær, þegar þær hafa gengið mann frá manni og skáldskapur þjóðarinnar hefir ummyndað þær. En ekki heldur fyr.

ÞORSTEINN BJÖRNSSON: SKUGGAMYNDIR. Alþýðlegar frásagnir úr sögu pávadómsins. 1908. 200 bls.

Marga skynsama menn mun furða á þessari bók; en einkum á því, að höf. hennar skuli vera guðfræðingur. Hún er svo einhliða, að sérþekkingarinnar verður lítið vart. Af þessari bók verður ekki annað séð, en að höf. liti svo á elztu og mannflestu deild kristninnar, sem ekkert sé af henni að segja um allar þær mörgu aldir, sem hún hefir staðið, annað en hneykslissögur, meira og minna skringilegar. Svo römm er hlutdrægnin, að jafnvel um Fransiscus af Assisi, einn af mestu guðsmönnum mannkynssögunnar, er ekkert annað sagt en það, sem ætlast er til að verði honum til smánar. Á öðrum eins fróðleik er ekki mikið að græða, og ritið hvorki sæmd Íslenskum bókmentum né Íslenskum guðfræðingum. Höf. ætlast til þess að rit hans fæli menn frá því að aðhyllast kaþólska trú. Vér erum honum sammála um það, að ekki sé það æskilegasta stefnan, sem hugir Íslendinga geta tekið. En vér hyggjum betra að vera einlæglega kaþólskur maður, en að svívirða kaþólska kirkju í algerðu skilningsleysi og óvirðulegri hneykslisfíkn.

Íslenska höf. er ekki gallalaus, en að jafnaði lipur og fjörug. Óskandi, að hann beiti henni næst á betra efni.

* * *

STURLUNGA SAGA. Búið hefir til prentunar BJÖRN BJARNASON dr. phil. Fyrsta bindi. Reykjavík 1908 [Sigurður Kristjánsson].

Sigurður Kristjánsson gerir ekki endaslept við forurit vor. Eftir að hafa komið út Fornaldarsögum Norðurlanda, Íslendingasögum, Íslendingaþáttum, Sæmundar Eddu og Snorra-Eddu, er hann nú kominn af stað með Sturlungu. Bindin eiga að vera fjögur. Í þessu bindi eru: Geirmundar þáttur heljarskinns, Þorgils saga og Hafliða, Ættartölur, Sturlusaga, Prestssaga Guðmundar góða, Guðmundar saga dýra og Hrafn saga Sveinbjarnarsonar. Þess þarf naumast að geta, að útgáfa Sturlungu er hið mesta nauðsynjaverk, jafnóknug sem þjóðin er þessu merkilega söguriti sínu.

E. H.

* * *

SKOTLANDS RÍMUR, Icelandic Ballads on the Gowrie Conspiracy. Edited by W. A. CRAIGIE. Oxford. At the Clarendon Press, 1908. IV, 144, 8vo. Með rithandar sýnishorni.

Þetta mun vera í fyrsta sinn, sem Englendingur hefir gefið út íslenskar rímur, og byrjunin er góð, útgáfan sérlega vönduð að

öllum frágangi og sannkallað augnayndi. Útgefandinn sýnir sjálfur, að hann skilur það, sem hann er að fara með. Fyrir framan bókina er sýnishorn af einni blaðsíðu handrits þess, sem rímurnar eru skrifaðar eftir undir prentun, er það er handritið No. 146, 8to í Árnasafni í Kaupmannahöfn. Rímurnar eru ortar fyrir miðja 17. öld, því að höfundur rímnanna, síra Einar Guðmundsson, var á lífi síðast 1640, það menn vita til. Útgefandinn hefir ritað fróðlegan og skemtilegan formála (Introduction) fyrir framan (bls. 1—16). Því næst er ágríp af æfi höfundarins á íslenzku (bls. 17—25). Þar eftir koma rímurnar (bls. 27—103). Þær eru 6 að tölu, en þar fyrir aftan er fróðlegt orðasafn úr rímunum og ýmsar kenningar, með enskum skýringum, sem bera ljóst vitni um yfirburða fróðleik og nákvæma þekkingu á mörgum íslenskum fræðum, sem þessum enska útgefanda er svo gagnkunnug að undravert er. Þar fyrir aftan (bls. 120—142) er sagan, sem rímurnar hljóða um, rituð á miðaldadönsku, eða frá þeim tíma, sem sagan gerist, sumarið 1600.

Vér Íslendingar megum vera þakklátir þeim útlendu ágætismönnum, sem á einhvern hátt stuðla að því, að leiða í ljós bókmentir okkar, og ekki sízt þann hluta þeirra, sem vér höfum sjálfir ekki mannrænu á að verja töpun og tjóni, svo sem rímur og kveðskap frá miðöldunum, en gleypum allan útlendan sora og saur, hversu óhollur sem er. Hinn heiðraði útgefandi, prófessor Dr. W. A. Craigie í Oxford, á sannarlega þakkir skilið fyrir þessa útgáfu sína af rímunum, því þær verða þó lesnar meðal enskumælandi vísindamanna, þótt Íslendingar hafi lært það af Jónasi Hallgrímssyni að fyrirlíta sína eigin fjársjóði, rímurnar.

S. Gr. Borgfirðingur.

*

*

*

JÓN TRAUSTI: HEIÐARBÝLIÐ. Framhald sögunnar Höllu. Fyrsti þáttur. Barnið. Reykjavík [Arinbj. Sveinbjarnarson og Þorst. Gíslason] 1908.

Eins og nafn skáldsögu þessarar ber með sér, er hún framhald sögunnar Höllu, er koma út fyrir rúmum tveimur árum. Hér greinir frá samvistum Höllu og Ólafs sauðamanns, sem hún hefir gifzt til þess að bjarga sæmd sinni og mannorði prestsins. Hún elur barn það, er síra Halldór var faðir að, á bæ einum í sókn síra Halldórs. En af kvíða fyrir og ótta við, að barnið muni líkjast föður sínum og koma þannig öllu upp, fær hún Ólaf mann sinn til þess að flytja sig búferlum í aðra sveit á eyðikot eitt upp til [fjalla. Segir svo frá ferð þeirra til Heiðarhvamms og hinni

köldu og óvistlegu aðkomu þar. Halla hefir látið dragast að skíra barnið, til þess að þurfa ekki að láta síra Halldór skíra það, er enginn mun lá henni. Þegar þau eru sezt að í Heiðarhvammi sýkist barnið, en samt fer Halla með það til kirkju til að láta skíra það. Við það elnar barninu sóttin og deyr svo nokkru síðar. Halla verður í fyrstu úrvinda af harmi við missi barnsins síns, og það því fremur sem Ólafur maður hennar reynist henni hluttekningarlaust lítilmenni í raunum hennar, en með tímanum grær yfir sárasta harminn, Halla finnur aftur sjálfa sig og verður betri og göfugri kona, sem fastræður að láta gott af sér leiða og rétta þeim hjálparhönd, sem bera skarðan hlut frá borði í lífinu.

Innan í sögu-umgjörð þessa, sem stuttlega hefir verið drepíð á, fléttar höf. lýsingar á Íslenzku vordýrðinni á heiðum uppi og lýsingar og frásagnir af nágrönnum þeirra Höllu, bæði körlum og konum. Ber jafnvel svo mikið á þeim, að manni leikur efi á, hvort Heiðarbylinsafnið á bókinni sé rétt valið og hvort höf. hefði ekki heldur átt að velja henni eitthvert annað heiti.

Ekki er því að synja, að víða koma fyrir skáldleg tilþrif í bók þessari og höf. ann landi sínu og þjóð og leikur hugur á að tala máli lítilmagnanna og olnbogabarnanna, sbr. lýsingu hans á Sölkunni niðursetning og Finni, ráðsmanni Settu í Bollagörðum. Í náttúrulegum hans bregður allvíða fyrir næmum skilningi á Íslenzkri náttúru, meira að segja næmari og gleggri en vér eigum að venjast.

En á hinn bóginn eru ýmsir agnóar á bókinni, sem eru sumpart sprotnir af fljótvrirki höf., sumpart af því, að frásögn hans og lýsingar eru víða helzt til mæðarfullar og ekki ósjaldan nokkuð barnalegar. Skal síðar bent á nokkur dæmi því til sönnunar. Höf. hættir stundum við að láta lýsingar sínar og hugleiðingar bera orð og athafnir sögupersónanna ofurliði, og athugar ekki, að ágæti skáldsagna er oftsinnis ekki síður í því fólgið, sem skýrir lesendur gera sér í hugarlund af orðum og athöfnum sögumannanna, en því sem þar er sagt með berum orðum. Orðfæri höf. er allvíða ábótavant; en það virðist alloft stafa af skorti á vandvirkni og yfirlegu.

Skal nú að lokum gera stuttlega grein fyrir nokkrum aðfinslum þeim, sem hér eru taldar. Inngangur sögunnar virðist allsendis óþarfur, enda kemur hann ekkert við söguna. Og vart mun þeim, sem vita deili á högum lands og þjóðar, þegar »leiðir almennings lágu« eingöngu »um landið«, dyljast, að dómur höf. á

landinu, eins og það var þá, er ærið einstrengingslegur, að vér ekki segjum hlutdrægur.

Lýsingin á Höllu á 18. bls. virðist eugan veginn sjálfri sér samkvæm og óviðkunnanlegt er orðatiltækið: »En raunar hélt hún öllum jafn langt frá sér«. Hugleiðingar höf. á 23.—24. bls. hefðu vel mátt missa sig, og óþarfi var að geta þess, að »augnalokin á Ólafi voru þau sömu, en svefnsvipurinn minni«. Sama er að segja um speki höf. á 29. bls.: »Það getur tekist að glepja mönnun sýn, en það getur líka mistekist«.

Á sömu blaðsíðu er »sagði ljósmóðirin skipandi«, meinleg dönskusetta. Sama er að segja um: »Hvísið dó niður«, á 32. bls. Á 44. bls. virðast lýsingarorðin í malsgreininni: »Svipurinn hinn sami, harðlegi, en þó góðmanulegi«, ekki koma vel heim hvort við annað.

Hugleiðingin á 46. bls. »Hýrt og hraust barnsandlit« o. s. frv. er óþörf. En ef endilega hefði þurft að koma þeirri hugleiðing að, færi betur á að lesandinn læsi hana milli línanna, ef svo má að orði komast, af tilburðum gömlu prestsekkjunnar.

Á 49. bls. er gömlu prestsekkjunni lýst svo, að hún hafi verið »höfðingleg og einarðleg þrátt fyrir ellina. En höfðingleg ásfynd er oft og tíðum einkenni ellinnar.

Ekki er ólíklegt, að mönnum, sem eru vanir vötnum, stökkvi þros, er þeir lesa frásögn höf. um förina yfir Heiðarkvísl og sundþrot rakkans.

Höf. farast á 74. bls. svo orð: »Þessi gæluyrði voru henni þó að eins á vörunum. Angurbliðar móðurtilfinningar gagn-tóku hana svo að hún viknaði«. Mundi ekki eins eðlilegt að ætla, að gæluyrðin væri sprottin af angurbliðum móðurtilfinningum, og því ekki »að eins á vörunum«?

Lýsingin á trúarhræsninni á 123.—124. bls. er víst allmiklum öfgum blandin.

Á 136. bls. er greinin: »Halla gaf sér ekkert tóm til þess að líta yfir í hugarum, hversu mikið hún væri búin að leggja á sig sakir veikinda barnsins«, óþörf og smekklaus. Móður, sem ann barni sínu eins heitt og Halla, kemur slíkt sízt til hugar.

Bréfið prestsekkjunnar gömlu hefði vel mátt missa sig. Það er ónærgætið mjög og kemur heldur ekki vel heim við skaplyndi gömlu konunnar að því er virðist. Vegur Höllu hefði og orðið enn meiri, ef hún hefði fundið sjálfa sig án bréfa þessara.

Vitaskuld er sumt af þessu, sem hér er til tínt, smámunir, en miklu fleira er þó slept, sem fetta mætti fingur út í. Það er innileg ósk mín, að höf. temji sér meiri vandvirkni og hafi það hugfast, að án þess kemst skáldið aldrei upp í öndvegissessinn, hversu góðum gáfum sem hann kann að vera gæddur.

Forleifur H. Bjarnason.

Skírni hafa enn fremur verið sendar þessar bækur og verður sumra þeirra getið síðar nákvæmara:

Lewis Wallace: Ben Húr. Saga frá dögum Krists. Pytt hefir á íslenzku Bjarni Símonarson prófastur. Rvík (Guðm. Gamallielsson) 1908

Jónas Jónasson: Reikningsbók. Fyrri hluti. Akureyri (Oddur Björnsson) 1906.

Smásögur handa börnum og unglingum. Akureyri (O. B.) 1907.

Jónas Jónasson: Stafrófskver 2. útg. endurbætt. Með 50 myndum. Akureyri (O. B.) 1907.

Fedor v. Zobelitz: Hringar Serkjakonungs. Saga frá 18. öld. Akureyri (O. B.) 1907.

Laufey Vilhjálmsdóttir: Nýja stafrófskverið. Síðari hluti. Myndir eftir Ásgrím Jónsson o. fl. Rvík 1908.

Tímarit fyrir kaupfélög og samvinnufélög. Ritstj.: Sig. Jónsson. II. ár. Akureyri. (Útgef.: Samvinnukaupfélag Íslands) 1908.

Finnur Jónsson: Málfræði íslenzkrar tungu og helztu atriði sögu hennar í ágripi. Khöfn (Sigurður Kristjánsson) 1908.

Þorvaldur Thoroddsen: 1808—1908. Æfisaga Péturs Péturssonar dr. theol. biskups yfir Íslandi. Rvík (kostnaðarmenn: Þorvaldur Thoroddsen og Sigurður Kristjánsson) 1908.

Theódór Friðriksson: Utan frá sjó. Smásögur. Akureyri (O. B.) 1908).

Bjarni Sæmundsson: Fiskiransóknir 1907. Skýrsla til stjórnarráðsins. Sérprentun úr Andvara.

María Jóhannsdóttir: Systurnar frá Grænadal. Rvík (Sigurður Kristjánsson) 1908.

Áramót hins evangelísk-lúterska kirkjufélags Íslendinga í Vesturheimi. 1908. Fjórða ár. Ritstjóri: *Björn B. Jónsson*. Winnipeg.

Islandica. An Annual relating to Iceland and the Fiske Icelandic Collection in Cornell University Library. Edited by George William Harris Librarian. Volume I. Bibliography of the Icelandic Sagas and Minor Tales. By Halldór Hermannsson. Ithaca, New York (Issued by Cornell University Library) 1908.

Foreningen til norske Fortidsmindesmærkers Bevaring, *Aarsberetning* 62 og 63. Aargang 1906—1907. Kristjania 1907—1908.

Orkney and Shetland Old-lore. Series of The Viking Club 1—7. London 1907—1908.

Bjarni Sæmundsson: Zoologiske Meddelelser fra Island. Sérpr. úr Vidensk. Meddel. fra den naturh. Foren. i Kbhvn 1907.

Dr. Helgi Péturss.: Einige Hauptzüge der Geologie und Morphologie Islands. Sérprentun úr Zeitschrift der Gesellschaft für Erdkunde zu Berlin 1908.

Dómur Galileis.

Árið 1633, 22. dag júnímánaðar, var kveðinn upp einn af illræmdustu dómum mannkynssögunnar.

Sökudólgurinn var Galileo Galilei, mestur náttúrufræðingur Ítalíu og einn þeirra manna, sem lagt hafa undirstöðuna að náttúruvísindum nútímans. Dómararnir voru rannsóknarréttur kaþólsku kirkjunnar í Rómaborg. Sakarefnið var bók, *Samtöl*, sem hann hafði ritað um alheimskerfið. Hann hélt því fram, að því væri svo háttað, sem hinn síðaði heimur hefir nú kannast við um langt skeið. Bókin er enn talin eitt af mestu snildarritum vísindanna.

Bókin var lögð fyrir páfa árið 1630. Hann virðist ekki hafa fundið neina hættu stafa af henni, og 1632 fekst leyfi til að prenta hana. En þegar hún var komin út, komst alt í svo mikið uppnám, að fullyrt er, að annað eins hafi aldrei komið fyrir út af neinu vísindariti. Vínar höfundarins tóku bókinni með miklum fögnuði. En mótstöðumenn hans reyndu að sannfæra páfa um það, að hér væri um mikla hættu að tefla fyrir kirkjuna, og að auk þess væri páfi sjálfur óviturur í bókinni. Hann setti þá kardinálanefnd til þess að yfirfara bókina af nýju. Og kardinálarir vísuðu málinu til rannsóknarréttarins.

Galilei átti heima í Flórens, en var stefnt til Rómaborgar, til þess að mæta þar fyrir rannsóknarréttinum. Hann var þá 69 ára og farinn að heilsu. Rannsókninni lyktaði með þeim hætti, að farið var með hann inn í þingarsalinn og honum sýnd þislarfærin. Þá virðist hann hafa látid þugast að fullu.

Ágrip það af dómnum, sem hér fer á eftir, er eftir enskri þýðing. Hún var gerð eftir ljósmynd af dómnum, er tekin hefir verið í þáfahöllinni.

Dómurinn byrjar á því, að Galilei sé kærður fyrir, „að þú hefir haldið því fram, að rétt sé sú villukenning, sem margir breiða út, að sólin sé hreyfingarlaus í miðju veraldar og jörðin hreyfist daglega; að þú kennir lærisveinum þínum þetta; að þú hefir haft bréfaskifti um þetta efni við stærðfræðinga Þýskalands; að þú hefir gefið út bréf um sólblettina, og haldið því fram þar, að þessi kenning sé rétt; að þú hefir svarað þeim mótbárum, sem fram hafa komið gegn þér, með þeim hætti að skýra heilaga ritningu eftir þínum eigin hugmyndum. . . .

„Rétturinn hefir viljað afstýra þeim óþægindum og hættum, sem af þessu stafa, og fara vaxandi, trúarbrögðunum til tjóns.

„Eftir skipun páfans og kardinálanna hafa guðfræðingar þeir, sem mál þetta er falið, orðað tvö kenningar-atridi þín á þessa leið:

„Hið fyrra er þetta: Sólin er miðja veraldar og hreyfist ekki. Sú kenning er fráleit, vísindalega röng, og villitrúar-kenning, af því að hún er gagnstæð heilögum ritningum.

„Síðara atríðið er þetta: Jörðin er ekki miðja veraldar, og er ekki óhreyfanleg, heldur hreyfist hún dag-

lega. Sú kenning er jafn-fráleit og visindalega röng, og frá sjónarmiði guðfræðinnar villitrúar-kenning. . .

„Vér lýsum yfir því, að þú hefir komið á sjálfan þig sterkum grun um villutrú,

„af því að þú hefir trúað og haldið fram kenningu, sem er röng og gagnstæð heilagri og guðdómlegri ritningu, þeirri kenning, að sólin sé miðja alheimsins og hreyfist ekki frá austri til vesturs, en að jörðin breyfist og sé ekki miðja veraldar, og

„af því að þú hefir gert þér í hugarlund, að þú gætir baldið fram, sem líklegri, skoðun, sem lýst hefir verið gagnstæð heilögum ritningum.

„Fyrir því lýsum vér yfir því, að þú hefir unnið til allra þeirra aðfinsla og refsinga, sem ákveðnar eru af heilögum kirkjurétti og öðrum almennum og sérstökum lagafyrirmælum gegn þeim mönnum, sem óhlýðnast lögnum og öðrum auglýstum fyrirmælum.

„Frá slíkum refsingum þóknast oss að leysa þig, með því skilyrði í fyrsta lagi, að þú, af einlægu hjarta og sannri trú, samkvæmt formála, er vér munum leggja fyrir þig, afneitir með eidi frammi fyrir oss, formælir og lýsir andstygð þinni á tédum villukenningum, og allri annari villu gagnstæðri kaþólskri, postullegrri og rómverskri kirkju. Og til þess að hin mikilvæga og skaðvæna villa þín og óhlýðni verði ekki látin óhegnd, og til þess að þú verðir eftirleiðis gætnari, og til þess að þú verðir öðrum til fyrirmyndar og þeir megi sneiða hjá syndum þínum — lýsum vér yfir því, í almennri tilskipun, að bókin „Samtöl“ eftir Galilei er bönnuð

„Vér dæmum þig til almenns fangelsis hins heilaga rannsóknarréttar, svo langan tíma, sem oss kann að þóknast. Til gagnlegrar yfirbótar skipum vér þér að lesa hátt einu sinni á viku um þrjú ár sjö iðrunarsálma.

„Vér áskiljum oss vald til þess að takmarka allar téðar refsingar og yfirbætur eða nokkuð af þeim, og til þess að breyta þeim eða gefa þær upp.“

Þáfinn breytti dómnum á þá leið, að Galilei var leyft að dveljast á tilteknum stað utan fangelsisins. Hann hélt áfram vísinda-athugunum sínum, þar til er hann var orðinn blindur. En erlendis varð hann að gefa út rit sín. Eftir dóminn mátti ekkert prenta eftir hann. Og jafnvel eftir andlát hans, hélt kirkjan áfram að ofsækja hann. Hann hafði valið sér leg á tilteknum stað. En bannað var að fara eftir þeirri ósk hans, þangað til nærri því 100 árum eftir andlát hans.

Ekki er það að sínu leyti síður merkilegt en dómur Galileis, hve langvint bannið gegn bók hans varð í kaþólskri kirkju. Það entist rúm 200 ár, var ekki numið úr gildi fyr en 1835. Tveir páfar höfðu samt úrskurðað, að það skyldi úr gildi falla, Benedikt 14. 1754 og Pius 7. 1822. En svona varð mótspyrnan endingargóð hjá hinum kaþólsku klerkahöfðingjum.

Og ekki sæti það vel á mótmaendum að nú kaþólskum mönnum þessari ljósfælni mjög um nasir. Siðbótarforingjarnir og mikils metnir guðfræðingar eftir þeirra daga fóru háðungarorðum um hugmyndir Koperniks um alheimskerfið. Og á 19. öld hafa merkir kennimenn á Þýskalandi og í Danmörk haldið fram stjörnufræði ritningarinnar gegn niðurstöðu vísindanna.

Erlend tíðindi.

Höfuðtíðindin síðustu mánuði ársins, önnur en landskjálftarnir á Ítalíu, hafa gerst suður á Balkansskaga og koma mjög við hinn sjúka mann, er svo hefir verið nefndur langa hríð, en það er Tyrkjaveldi, — frá því geigur sá hinn mikli, er öðrum Norðurálfbjóðum stóð af Tyrkjum, snerist í meðaumkun yfir bágbörnum högum þeirra, er úr varð greinileg uppdráttarsýki, sem bakaði stórveldunum miklar áhyggjur og varð að vandræðamáli þeirra í milli og nefnt löngum austræna málið. Þær áhyggjur voru þó satt að segja ekki ekki sprotnar af brjóstgæðum við sjúklinginn, heldur miklum kvíða um voða-skálmöld og skeggöld, um allsherjar-ófriðarbál, er að því kæmi að skifta reitum hans, miklum löndum og fögrum og frjósömum, en illa hirtum alla þá hríð, 4—5 aldir, er hann hafði haft þau undir höndum. Þeim þótti undarlegt, eins og Agli forðum, ef allir skiftu vel silfrinu, er því yrði sáð að því allsherjar-lögbergi.

Því er það, að vestrænu stórveldin hafa skorist í leik hvað eftir annað, er úlfurinn í Austurvegi, Rússinn, hefir gerst fjölþreifinn um hjörð Tyrkja. Þau gengu á hólmeð þeim fyrir rúmlega hálfri öld (Krímskríð 1853—1856) og nær fjórðung aldar eftir það hrifsuðu þeir úr höndum Rússa töluvert af herfangi þeirra eftir mannskæðan hernað á hendur Tyrkjum og afarkostnaðarsaman (1878). Það gerðu þau með ófriðarhótunum við sigurvegarana vígmóða og allsherjarráðstefnu í Berlín s. á.

Öll létust stórveldin vera að hjálpa kristnum þjóðum í ríki Tyrkjasoldáns, hvert sinn er þau hlutuðust til um hans mál. En því olli rígurinn þeirra í milli, að jafnan skiftust þau í sveitir og urðu sum með honum, en önnur í móti. Þar varð Rússakeisari hinum kristnu þjóðum drengur beztur, er í harðbakka sló, þótt minst þyki vera um siðmenning með Rússum. En eigi þótti þar heilt undir búa með öllu, heldur ágirnd fjár og landa um leið.

Fyrir 30 árum bárust miklar sögur af harðýðgi Tyrkja við eina hinna kristnu þjóða í ríki þeirra, Búlgara, með ofboðslegum hryðjuverkum. Þá reis upp mannvínurinn W. E. Gladstone, hinn mikli stjórnskörungur Breta, og eggjaði landa sína lögeggjan að hefjast handa og duga kristnum bræðrum sínum austur þar. En þeir daufheyrðust við og lögðu um hríð fæð á Gladstone fyrir þá talsmensku hans. Hann var valdalaus í þann mund. En þá skárust Rússar í leik og börðust þeim til lausnar. Þá gerðist Búlgaría hálf-fullvalda ríki, skattgilt undir Tyrkjasoldán. Það var árið 1878. En sjö árum eftir, 1885, jókst Búlgaríuríki það um þriðjung, með þeim hætti, að annað skattland soldáns, Rúmilía hin eystri, gerði uppreist og sagði sig í lög við Búlgara. En soldán fekk engu við ráðið. Hann gerði sig sáttan á það síðar, að þjóðhöfðingi Búlgara væri jafnframt landstjóri í Rúmilíu hinni eystri. Búlgaría sjálf liggur norðan Balkanfjalla, milli þeirra og Dunár að norðan. Þjóðin, Búlgarar, er náskyld Finnum, settist þar að löndum fyrir 14 öldum, og tók kristna trú á 9. öld.

Fyrstu árin eftir lausnina undan Tyrkjum var sá maður höfðingi (fursti) yfir Búlgaríu, er Alexander hét frá Battenberg, vaskur maður og vel að sér. Hann óvingaðist við Rússa; þeir vildu hafa hönd í bagga um stjórn landsins, en það vildi hann ekki þýðast né landsmennu yfirleitt. Fyrir það fengu Rússar honum hrundið úr völdum (1886). Þá var tekinn til ríkis Ferdínand prinzi af Koburg (1887) og hefir setið að völdum síðan. Hann kom sér brátt í vinfengi við Rússakeisara.

Það gerðist tíðinda í haust, 5. okt., að Ferdínand brá sér til hins foina höfuðstaðar Búlgara, er Tirnova heitir, frá þeim tímum, er Búlgaría var fullvalda ríki, á 11.–14. öld, tók sér þar konungsnafu með þeirri viðhöfn, er hlýða þótti, og lýsti ríkið óháð Tyrkjasoldáni. Viku síðar, 12. okt., hélt hann dýrlega innreið sína í hina nýju höfuðborg, Sofíu, og stefndi saman þingi, er staðfesti þær tiltekjur og veitti fé til vígbúnaðar, ef til þyrfti að taka, svo sem við var búist alment. Tyrkir létu og ófriðlega fyrst í stað, en hikuðu við, er til kom, með því að uppvíst varð skjótlega, að stórveldin sum að minsta kosti létu sér eigi illa líka atferli Ferdinands. Enda gerði í sama mund stjórn Austurríkiskeisara og Ungverjakonungs heyrnkunnugt, að hún hefði álimað til fulls og alls ríki sínu landskíka þann á Balkanskaga útnorðanverðum, er nefnist Bosnía og Herzegowina, og Austurríkiskeisari hafði haft í sínum vörzlum frá því eftir stórveldafundinu í Berlín 1878, en var þó

talinn lúta Tyrkjasoldáni. Hann er á stærð við hálf Ísland og riflega þó, með 2 miljónum íbúa.

Þau urðu ókvæða við, hin stórveldin, og var búist helzt við allsherjar-ófriði um hríð. Þau þóttust grátt leikin af félagi sínum þar í Vín. Hitt varð úr, fyrir skörulega íhlutun þeirra stjórnvitringa álfunnar, er friðinn vilja varðveita til lengstra laga, að ófriði tókst að afstýra, og skyldi þá gengið á allsherjarráðstefnu til að jafna það mál alt, austræna málið gamla. Þegar frá leið, dró nokkuð úr því áforami aftur, og óráðið enn, hvort nokkuð verður úr þeim fundi eða ekki.

Í sama mund sem Búlgarar lýstu sig óháða Tyrkjasoldáni, hugðu Kriteyingar sér til hreyfings og sögðu sig í lög með Grikkjum, líkt og þeir hafa brugðið fyrir sig áður oftár en einu sinni. En eigi dirfðist Grikkjakonungur að taka því, við mótmæli soldáns og ósamþykki stórveldanna. Þar situr því enn við sama og áður.

Hér er yfirlit, sem sýnir, hvað saxast hefir á limina hins sjúka manns á síðari tímum, frá því snemma nokkuð á öldinni sem leið; og merkja ártölinu aftan við nöfn hinna nýju ríkja, hvenær þau urðu fullvalda.

Búlgaría (1908).....	1800	fermíl.	4	milj.
Grikkland (1830).....	1200	—	$2\frac{1}{2}$	—
Moutenegro (1852)	150	—	$\frac{1}{4}$	—
Rúmenía (1878)	2400	—	7	—
Serbía (1878)	900	—	$2\frac{3}{4}$	—
Bosnía-Herzegovína ...	1000	—	2	—
	Samtals...	7450	fermíl.	$18\frac{1}{2}$ milj.
Tyrkland	3000	—	$6\frac{1}{2}$	—
	Alls...	10450	fermíl.	25 milj.

Ríki Tyrkja hér í álfu er því nú orðið ekki þriðjungur þess sem það var fyrir 80 árum, hvorki að viðlendi né fólksfjölda, nema síður sé.

En austur í Asíu á Tyrkjasoldan landeignir, sem nema 30,000 fermílum, og tala þegna hans þar 17—18 milj.

Tyrkjaveldi alt er því nú 33,000 fermílur og íbúarnir um 24 milj.

Hálfullvalda urðu framantalin lönd, er gengið hafa undan Tyrkjasoldáni, nokkuru fyr en þetta flest, sem fullveldisártölin votta: Serbía 1812, Grikkland 1827, Rúmenía 1856, Búlgaría

1878. Montenegro hefir raunar aldrei lotið Tyrhjasoldáni að fullu, þótt svo væri kallað fyrrum. Tvö stórveldi könnuðust við fullveldi þess 1853, en öll 1898, á Berlínarfundinum. Rúmenía varð konungsríki 1881 og Serbía 1882. Grikkland var þjóðveldi 1830—1833, en konungsríki síðan.

Eftir allmiklar seimur á þingi D a n a í haust fyrstu vikuna út af Alberti-hneykslinu tókst að koma saman nýju ráðaneyti, er fyrir varð N. Neergaard fjármálaráðgjafi 2—3 mánuði undanfarna. Það var 12. október. Þeim manni frýr enginn vits, en grunaður er hann um kjarkleysi. Og þótti það lýsa sér óðara í því, að hann lét stjórnarflokkinn gamla, þann er stutt hafði Alberti til síðustu laga, þröngva sér til að halda í ráðuneytinu nokkrum sessunautum hans, er almenningsálit taldi að vísu eigi beint samæka honum, en þó það kámaða af samneyti við hann, að þeim hæfði eigi slík hefðarstaða áfram. Að tveimur hinna gömlu ráðgjafa, þeim J. C. Christensen yfirráðgjafa og Sigurði Berg, er stýrt hafði innanríkis-málum, bárust svo fast böndin um, að þeim hefði alls eigi g e t a ð verið grunlaust um athæfi Alberti og það mörg missiri hin síðustu, að þeim var eigi vært í ráðuneytinu áfram, og þótti báðum súrt í brotið. J. C. Christensen hlaut þær sárabætur, að hann var kjörinn formaður stjórnarliðsins, umbótaflokksins, sem verið hafði hann áður en hann gerðist ráðgjafi, og ætla menn að því muni fylgja helzti mikil áhrif á þing og stjórn.

Eftirmaður hans í yfirráðgjafasessinum tók og að sér að fara með hervarnamál, og hafa menn fyrir satt, að snúinu muni hann vera á sömu sveif um meðferð hervarnanýmælisins mikla, er milli-þinganevnd hafði unnið að 6—7 ár og bera skal upp á þingi í vetur; en þar með hefir hann brugðist gersamlega sinni fyrri stefnu-skrá: að hafa sem minst um sig í hernaðarbúskapnum.

Það er kunnugt um V i l h j á l m keisara hinn þ ý z k a, að hann vill mikið láta á sér bera, og að honum hættir til að vera marg-máll og örórður, frekara en vel þykir við eiga um slíkan þjóðhöfð-ingja eða vel henta góðri sambúð við önnur ríki. Enskt blað mikils háttar, Daily Telegraph, birti í haust einu sinni viðtal, er keisari hafði átt við einhvern enskan stjórnmalamann. Hann kvartaði þar um óviðráðanlega tortrygni Bréta við sig saklausan, og

taldi sér margt til ágætis um góðvild og greiðvikni þeim til handa. Hann kvaðst meðal annars hafa afstýrt því, að hin stórveldin, aðallega Frakkar og Rússar, skærust í leik til liðs Búum í viður-eign Breta við þá um árið, og meira að segja lagt ráðin á, hvernig hafa skyldi Búa undir.

Þetta hjal mæltist illa fyrir og varð úr úlfabýtur mikill bæði í blöðum Breta og Þjóðverja. En veizt að Bülow rikiskanzlara óðara en þing kom saman í Berlín og hann sakaður um vanrækslu áriðandi embættisskyldu, er hann hafði eigi afstýrt því, að keisari léti þetta samtal frá sér fara til birtingar alþjóð. Lá við sjálft, að þetta yrði kanzlara að falli, og sefuðust þingmenn þá fyrst, er hann flutti þau orð frá keisara, að hann kannaðist við, að nauðsyn bæri til að tala varlega jafnvel einslega og hvernig sem á stæði.

Hjal keisara hafði þau áhrif á Breta, að þeir sækja nú einn harðara róðurinnu að auka herskipastól sinn. Þeim þótti sem þar hefði legið fiskur uundir steini fyrir honum, að láta þá ugga miður að sér og fást eigi um, þótt Þjóðverjar ykju sinn herskipastól af kappi. Það var eitt í skrafi keisara, að vel mætti svo fara, að hvorirtveggju gerðu samlög um hernað í Austurveg heims að hnekkja uppgangi stórveldanna þar (í Asíu austanverðri), og kæmi þá í góðar þarfir, að hvorirtveggju væri sem bezt vígir á sjó. En ekki gerðu þau ummæli nema að blása að kolum um tortrygni Breta.

Bandaríkjamenn í Norður-Ameríku kusu sér nýjan forseta 3. nóv., með því að embættistími Th. Roosevelt var þegar á enda runnin. Hann mundi þeir hafa viljað hafa áfram yfir sér, ef þess hefði verið kostur. En svo var eigi. Hann þvertók fyrir það. Enda þykir og hefir alla tíð þótt betur hlýða, að skift sé um forseta jafnan, er lög gera ráð fyrir, en það er á 4 ára fresti, eða þá að minsta kosti sami forseti eigi látinn vera við völd lengur en tvö kjörtímabil í senn. En Roosevelt tók við að McKinley látnum árið 1901.

En svo hefir Roosevelt kynt sig vel, að stórníkill meiri hluti varð með manni þeim, er hann lagði með. En það var William Taft hermálaráðgjafi, stórvel metiun atkvæðamaður, þótt vera muni minni skörungur en Roosevelt. Kjörmenn hans megin urðu 302, en 181 með keppinaut hans, William Bryan, er sérveldismenn

vildu kosið hafa. Hann hafði verið í forsetakjöri áður tvívegis, en borið lægra skjöld. Mælskuskörungur er hann einhver hinn mesti með Bandamönnum. — Hinn nýi forseti tekur við völdum 9. marz 1909.

Laust fyrir áramótin urðu syðst á Ítalíu landskjálftar meiri og mannskæðari en dæmi eru til hér í álflu frá því er fyrst fara sögur. Spjöll urðu mest á suðurtá meginlandsins, og í Sikiley næst sundinu þar í milli, Messina-sundi. Borgin Messina gjörhrundi. Ennfremur bæirnir Reggio og Palmi hinumegin sundsins, á meginlandinu, og margir bæir fleiri. Bæjarlýður í Messina var 155 þús., í Reggio 55 og Palmi 12. Manntjón sannfrétt 120 þús. Mesta landskjálftamanntjón áður hér í álflu 60 þús. Það var á Sikiley árið 1693. Drepsótt og hungurnauð fylgdi þeim ósköpum, og nóg spellvirki.

Mesta slys þessa mánuði er kolanámsprenging í Vestfali á Þýzkalandi 11. nóv., er varð 360 manna að bana.

Þjóðhöfðingjaskifti urðu seint á árinu í Kína. Kwangzu keisari lézt, svo og ekkjudrotningin, er þar hafði mestu ráðið um landsstjórn fullan mannsaldur. Hún hét Tsu-shi, skörungur mikill og vel viti borin, ráðrik og drotnunargjörn. Hún varð hálfátræð, en keisari hálfertugur.

Dánir merkismenn árið 1908. Buller, enskur hershöfðingi frægur úr Búaófriðinum, 2. júní, nær sjötugur.

Campbell-Bannerman, yfirráðgjafi Englakonungs 1905—08, 22. apríl, 72 ára.

Carlos I. Portúgalskonungur 1889—1908, myrtur 1. febr., f. 1865.

Cleveland Bandaríkjaforseti 1885—89 og 1893—98, 24. júní, f. 1837.

Devonshire hertogi, brezkur, margsinnis ráðgjafi, 24. marz, f. 1833.

Drachmann, Holger, 14. jan., mesta skáld Dana, f. 1846.

La Cour, danskur vísindamaður og lýðháskólakennari í Askov, 5. apríl, f. 1846.

Michaelsen (Joseph), danskur póstmestari, sá er fyrstur stakk upp á alheimsbréfburðareyri hinum sama, 12. apríl, f. 1826.

Sankey (Ira David), d. í ágúst, f. 1840, heimsfrægur kenni-
maður amerískur og sálmaskáld.

B. J

Ísland árið 1908.

Frétta-ágrip.

Markverðasti viðburður þessa árs hefir gerst í stjórnmálum landsins, en það er starf millilandanefndarinnar og undirtektir þjóðarinnar og svar hennar við nefndartillögunum. Í júlímánuði 1907 skipaði konungur nefnd manna, 13 Dani og 7 Íslendinga, til þess að »rannsaka og ræða stjórnskipulega stöðu Íslands« og koma fram með tillögur um málið. Þessi nefnd settist á rökstóla í Kaupmannahöfn 28. febr. þ. á. Réð hún þar ráðum sínum og tefldi með tillögur tvo og hálfan mánuð. Hafði hún þá lokið starfi sínu. Kom þá í ljós, að nefndin öll gat eigi orðið á einu máli, en skiftist um skoðanir í tvent; annars vegar voru allir dönsku nefndarmennirnir og sex hinir íslenzku, en hins vegar einn íslenzki nefndarmaðurinn, Skúli Thoroddsen. Tillögur meiri hluta nefndarinnar komu fram í frumvarpsformi, »frumvarp til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands«, en Skúli Thoroddsen kom fram með breytingartillögur við það frumvarp. Um þær sömu mundir, er nefndin lagði fram tillögur sínar, kom opið bréf frá konungi, er tilkynti, að kosningar til alþingis skyldu fara fram 10. sept. þ. á., og að hann (konungur) mundi leggja fyrir alþingi tillögur nefndarinnar. — Þegar fregnin um nefndartillögurnar kom til landsins, komust hugir manna mjög á flug út af þessu máli. Hefir íslenzka þjóðin naumast nokkuru sinni á síðari áratugum orðið jafn-gagntekin af stjórnmalahugleiðingum og þetta sumar. Ræður manna í milli huigu mjög að þessu máli. Blöð landsins fjölluðu að mestu leyti um þetta mál. Fundarhöld voru um alt land og ræðuhöld mikil. Breytingar urðu á hinni gömlu flokkaskiftingu. Þjóðin skiftist nú í tvo stjórnmalaflokka. Hélt annar flokkurinn fast fræm frumvarpi því, er meiri hluti millilandanefndarinnar hafði komist á eitt mál um. Hinn flokkurinn var andstæður frumvarpinu að ýmsu leyti og hallaðist að breytingartil-

lögum Sk. Th. Flokkadráttur magnaðist mjög í milli frumvarpsmanna og frumvarps-andstæðinga. Aðalágreinigurinn milli þessara flokka var sá, að frumvarpsmenn litu svo á sem sjálfstæðis- og réttindakröfum Íslendinga væri fullnægt með frumvarpinu; en frumvarps-andstæðingar töldu frumvarpið gjörsamlega ófullnægjandi réttmætum kröfum Íslendinga um sjálfstæði og réttindi þjóðarinnar; þeir álitu og, að í frumvarpinu fælist réttinda-afsal í hendur Dönum í ýmsum greinum. Þjóðin kvað upp úrskurð sinn í þessu máli 10. september. Þá fóru kosningar fram um land alt. Kom þá í ljós, að stór meiri hluti þjóðarinnar var andstæður frumvarpinu, því að af 34 þjóðkjörnum þingmönnum voru 25 frumvarps-andstæðingar kosnir þingmenn. — Málið biður nú byrjar til næsta þings.

Tíðarfarar hefir verið mjög gott mestan hluta þessa árs. Árið byrjaði með einmuna blíðu, oft í janúar heitara hér á landi en í Færeyjum. Veturinn var allur mjög mildur, og hefir eigi komið jafn mildur vetur síðan 1879—80. Á Suðurlandi gátu menn unnið að húsasmíðum og jafnvel jarðabótum mikinn hluta vetrar. Heyskortur varð mjög óviða, þótt bændur væru miður birgir af heyforða undir veturinn. Vorið var víðast um land nokkuð kalt framan af. Sumarið var í betra lagi um land alt; rigningar um miðsumarið á Suðurlandi, og urðu þar nokkurar skemdir á heyjum vegna óþurka. Haustið var hlýviðrasamt, votviðri á Suðurlandi og stormaköst nokkur. Á Norðurlandi urðu mennu tæplega varir við vetrarveðráttu fyr en eftir miðjan nóvember. Á Suðurlandi hefir verið góð tíð oftast nær fram að áramótum.

Fyrir landbúnaðinn hefir árferði verið fremur gott að því leyti, að afurðir hafa orðið meira en í meðal-ári, en miður góð verzlun hefir dregið úr því, að þær yrðu bændum arðsamar. Heyfengur varð með bezta móti í sumar nálega um alt land. Mestur heyforði á landinu í sumar varð á bæjunum Hvanneyri í Borgarfirði og Kallaðarnesi í Árnessýslu. Jarðabætur hafa verið gerðar þetta ár að minsta kosti eins miklar og síðasta ár, jafnvel meiri; sérstaklega hafa aukist girðingar að miklum mun. Mjólkurbú hafa komið tvö ný í viðbót við 34, er áður voru.

Argæzka til sjávarins var mikil framan af þessu ári í öllum helztu veiðistöðum suðurlands og vestan, bæði á opin skip og þilskip, og ekki sízt á botnvörpuskipin íslenzku; en aflinn varð minni er á leið sumarið. Á Suðurlandi og Vestfjörðum hefir fiskaflinn um allan tímann orðið með bezta móti; á Austfjörðum líkt og í meðal-ári og svipað á Norðurlandi. Vélarbátum hefir fjölgað og nokkur innlend botnvörpuskip hafa bæzt við. Útlendum skipum hefir fjölgað við fiskiveiðar hér við land þetta ár. Norðmönnum þeim fjölgar nú árlega, er stunda síldarveiðar við Norðurland. Frakkar hafa fært út kvíarnar í ár og fjölgað fiskiskipum hér við land. En einkum eru það Danir, er hafa lagt meiri hug á að fiska hér við strendur landsins, en hingað til hefir verið. Fiskiveiðafélag var stofnað á síðastliðnu ári suður í Danmörku til þess að reka fiskiútgerð hér við land. Aðalstöð sína hefir nú félag þetta á Reykjanesi syðra. Úr rikissjóði Dana voru veittar 100 þús. kr. þetta ár til eflingar atvinnurekstri þessum hér.

Verzlun hefir verið miður góð þetta ár. Flestar íslenzkar vörur í lágu verði. Smjörsalan ein hefir gengið mjög vel; íslenzka smjórið er stöðugt að áviunna sér gengi í útlöndum, og hefir fengist fyrir gott rjómbúsmjör erlendis yfir 90 a. pd. Ullarverð hefir fallið um þriðjung frá í fyrra, hæst nú 50—60 a. pd. Kjötverð hefir lækkað mjög. Sala á kjöti, er fram hefir farið í haust, er mjög slæm, bezt 50—60 kr. t., (í fyrra yfir 70 kr. bezt); ilt útlit nú með kjötsölu. Fiskverð hefir lækkað um nál. 20% frá í fyrra, bezt þá nál. 80 kr. sk., nú hæst 60—70 kr. sk. Óáran hefir verið hin mesta í peningaviðskiftum hér á landi alt árið. Ísland gat eigi farið varhluta af peningavandræðum þeim hinum miklu, er heimsóttu mikinn hluta Evrópu og stöfuðu frá hinum alræmdu amerísku stórgróðasamlögum. Og þessi peningavandræði hafa haft verri afleiðingar hér á landi en víðast annarstaðar. Vegna þess að landið er í mikilli framför í ýmsum greinum, hefir peningaskortur landsmanna dregið í stórum mæli úr ýmsum framförum og arðvænlegum fyrirtækjum. Vextir af bankalánum hafa verið hærri en nokkuru sinni áður hér á landi. Í byrjun ársins voru þeir 8½%, en þegar á árið leið, lækkuðu þeir nokkuð; í október voru þeir komnir niður í 6% og haldast svo enn. Bankarnir hafa verið mjög tregir á að lána fé og hefir átt mikinn þátt í því getuleysi þeirra, er stafar af skuldaviðskiftum þeirra við er-

lenda banka. Peningaþróingin nú í árslokin gerir útlitið mjög ískeygilegt, hætt við að peningaskorturinn hafi viðtæk áhrif á hagi landsmanna, ef eigi verður viturlega ráðin bót þar á.

Samgöngur á sjó hafa verið með betra móti þetta ár. Strandferðirnar betri en síðastliðið fjárhagstímabil, þótt því fari fjarri, að þær sjeu fullnægjandi enn. Samgöngur við útlönd hafa batnað að stórum mun. Skip Samein. gufuskipafélagsins og Thore-félagsins hafa farið svipaðar ferðir og að undanfögnu, en skip O. Watneserfingja hafa farið miklu fleiri ferðir þetta ár en áður, alls 23 ferðir milli Kaupmannahafnar, Norvegs og Íslands, (aðallega til Austur- og Norðurlands). En auk þessa hefir orðið mikil samgöngubót að 5 ferðum, er Björgvinjar gufuskipafélagið í Norvegi hefir látið skip sín fara hingað til lands í sumar. Er þetta að eins tilraun, en halda mun félagið áfram ferðunum, ef árangurinn verður góður. — Til samgöngubóta á landi er símalagning hið helzta, er gert hefir verið. Sími hefir verið lagður á þessu ári frá Hrutafirði til Ísafjarðar og þaðan til Patreksfjarðar; sömul. á Austfjörðum milli Eskifjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Ýmsar ákvarðanir frá síðasta þingi hafa komist í framkvæmd á þessu ári, svo sem stofnun lagaskóla og kennaraskóla, er báðir tóku til starfa í október síðastl. Fyrir kennaraskólann var reist hús sunnanvert í Skólavörðuhæðinni við Rvík en hús-næði hefir orðið að leigja handa lagaskólanum. — Samkvæmt lög-um frá síðasta þingi hefir Hafnarfjarðarverzlunarstaður öðlast kaup-staðarréttindi frá 1. júlí síðastl.

Samkvæmt þingsályktun neðri deildar alþingis 1905 og aug-lýsingu frá landsstjórninni 4. ágúst þ. á. fór fram jafnhliða alþing-iskosningum 10. sept. um land alt almenn atkvæðagreiðsla alþing-iskjósenda um það, hvort lögleiða skuli bann gegn að- flutningi á fengra drykkja. Atkvæðagreiðslan fór svo, að með aðflutningsbanni voru greidd 4897 atkv., en á móti 3248 atkv.

Ameríkufærðir hafa engar verið, er teljandi sé, þetta ár. Þar á móti hafa nokkurir tugir Íslendinga vitjað heim til átt-haganna, al-fluttir vestan um haf.

Á þessu ári hefir verið gerð leit mikil eftir kolanámum í Dufansdal í Barðastrandarsýslu og á Skarðsströnd við Breiðafjörð í landi jarðanna Níps, Tinda og Heiðnabergs; er álit fróðra manna í þeim efnum, að á báðum stöðunum muni vera steinkolanámur, en óvíst enn, hversu aðgengilegar þær séu.

Brunar hafa orðið miklir á þessu ári. Eru hér taldir flestir þeir stærstu: Um áramótin síðustu brann hús Helga bakara Eiríkssonar í Keflavík. 29. jan. brann verzlunarhús Guðjóns og Hallgríms Hallgrímssona á Hjalteyri við Eyjafjörð. 13. marz brann íbúðarhús N. Nielsens kaupm. á Seyðisfirði, kvenmaður skaðbrendist þar og dó nokkuru síðar. 13. apr. brann mestallur bærinn á Vðivöllum í Skagafirði. 24. júlí brann íbúðarhús í Skarfanesi á Landi. 10. okt. brann bær á Þrasastöðum í Fljótum. 18. október brunnu þrjú hús í Akureyrarkaupstað, Hótel Oddeyri og verzlun-arhús Sigurðar Faundals. 30. nóv. brann smíðahús Antons Jens-sonar á Akureyri.

Heilsufar. Mislingar komu upp vestur á Snæfellsnesi í fyrra sumar, hafa þeir farið víða um land síðan, en víðast hafa þeir verið vægir. Barnaveiki hefir gengið á þessu ári hingað og þangað um alt Vestur- og Norðurland en verið mjög væg. Kíg-hósti hefir gengið þetta ár víða um landið.

Nokkur mannalát og slysfarir: Fyrir síðustu áramót andaðist Friðrik Gíslason úrsmiður og bæjarfulltrúi á Seyðisfirði.

3. jan. Zophonías próf. Halldórsson Viðvík í Skagafirði 62 ára.

5. jan. Júlíus Jörgensen verzlunarm. Reykjavík.

15. jan. Andrjes Bjarnason söðlasm. Reykjavík.

18. jan. Gísli Oddsson frá Lokinhömrum.

14. febr. Guðný Sigmundsdóttir kona Eyjólf's bankastjóra á Seyðisfirði.

25. apr. Pétur Jónsson blikksmiður í Reykjavík.

13. maí Guðjón Guðmundsson búfræðiskandiðat Reykjavík.

21. maí Kristján Jónsson Hergilsey Breiðafirði.

4. júní Hallbera Guðmundsdóttir kona Arnórs prests Þorlákssonar.

24. júní síra Lárus Halldórsson Reykjavík.

13. ágúst Þorsteinn Jónsson fyr læknir í Vestmanneyjum.

11. sept. Einar Guðbrandsson frá Hvítadal í Dalasýslu.

Í sept. andaðist Daníel próf. Halldórsson síðast prestur á Hólmum í Reyðarfirði.

8. okt. Zimsen konsúll í Reykjavík.

12. okt. Eggert prestur Sigfússon Vogsósum (bráðkvaddur).

15. okt. Jón A. Hjaltalín gagnfræðaskólastjóri Möðruvöllum og Akureyri.

Í nóv. andaðist Þorlákur bóndi Þorláksson Vesturhóphólum í Húnavatnssýslu.

Í des. Jón Bjarnason Galtafelli í Ytrihepp.

6. des. Kristjana Jónsdóttir, kona Helga Sveinssonar bankastjóra á Ísafirði.

Í febr. druknaði Kristján Snæbjörnsson bóndi í Haga á Barðaströnd í lendingu við Hagavaðal.

Í febr. hrapaði maður að nafni Halldór Eiríksson til bana í Mjóafirði eystra.

9. febr. druknuðu í Hvítárósi 2 karlmenn og 2 kvenmenn frá Hvanneyri.

14. marz fórst bátur með 6 mönnum út undan Álptanesi.

1. apr. fórst bátur með 6 mönnum frá Vestmanneyjum.

2. apr. druknuðu 8 menn í brimróðri Stokkseyrarsandi.

5. apr. druknuðu tveir menn á Hvalfirði, Vernharður Fjeldsted og Jón Vestdal.

Í apr. druknuðu 4 menn í lendingu hjá Loftsstöðum eystra, komu úr fiskiróðri.

27. júní hrapaði til bana stúlka að nafni Ragnheiður Boga-dóttir frá Hringsdal í Barðastrandarsýslu.

4. júní köfnuðu 3 menn undir þiljum í vélarbát á Grundarfirði í Snæfellsnessýslu.

12. júlí druknaði maður að nafni Ingimar Hoffmann í sundlauginni við Reykjavík.

Í ágúst druknuðu 3 menn af bát í Bakkafirði eystra.

31. júlí druknaði í Ytri-Rangá Bogi bóndi Þórðarson frá Varmadal Rangárvöllum.

Í sept. druknaði í Héraðsvötnum Sveinn Stefánsson unglingspiltur frá Hrólfsstöðum í Blöndublið.

20. sept druknaði í Álftafirði við Hvammsfjörð Loftur Gíslason úr Stykkishólmi.

24. okt. druknuðu 5 menn af báti í Blönduósi.

4. nóv. strandaði enskt botnvörpuskip við Fossfjöru í Vestur-Skaftafellssýslu, 10 menn björguðust, en 2 dóu af þreytu, er á land var komið.

28. nóv. sökk Breiðafjarðargufubáturinn Geraldine undan Snæfellsnesi og druknuðu 3 menn.

Í nóv. fórst milli Íslands og Færeyja fiskiskútan Golden Hope, 10 menn druknað.

Í des. 1908.

A. J.

Skýrslur og reikningar Bókmentafélagsins árið 1908.

Félagið hefir árið 1908 gefið út þessar bækur, og látið félagsmenn fá þær fyrir árstillagið, 6 krónur:

Skírnir, tímarit hins ísl. Bókmentafélags, 82. ár, kr.	4,00
Ísl. fornbréfasafn VIII ³	— 4,00
Lýsing Íslands eftir Þorv. Thoroddsen I ²	— 3,00
Safn til sögu Íslands IV ²	— 1,20
Sýslumannaæfir III ⁴	— 1,00
Æfisaga Jóns Ólafssonar Indíafara I	— 2,25
	<hr/>
	kr. 15,45

Fyrri aðalfundur Reykjavíkurdeildarinnar var haldinn 27. apríl 1908. Forseti lagði fram endurskoðaðan reikning deildarinnar fyrir árið 1907, og var hann samþykktur. Þá skýrði forseti frá bókaútgáfum deildarinnar á hinu liðna ári, og fyrirhuguðum bókaútgáfum hennar þetta ár. Þá skýrði hann frá því, að mag. Guðmundur Finnbogason hefði afsalað sér ritstjórn Skírnis um síðastliðin áramót, og að stjórnarnefndin hefði ráðið kand. Einar Hjörleifsson til að taka við ritstjórn tímaritsins eftir Guðmund. Þá gaf forseti skýrslu um skírnarnafnarit Lind's í Uppsölum og um þjóðlagasafn síra Bjarna Þorsteinssonar, sem Karlsbergssjóðurinn í Höfn ætlar að gefa út. Þá voru kjörnir 70 nýir félagar, er höfðu beiðst inntöku í félagið. Að lokum var rætt eitt minni háttar innandeildarmál.

Ársfundur Hafnardeildarinnar var haldinn 11. apríl 1908. Forseti lagði fram endurskoðaðan reikning deildarinnar fyrir árið 1907, og var hann samþykktur. Þá skýrði forseti frá

starfsemi og bóka-útgáfu félagsdeildarinnar á hinu umliðna ári, og gat þess, hver rit yrði gefin út af deildinni þetta ár. Þá gat hann þess, að engin ný rittilboð hefði komið til stjórnarinnar, en hún ætlaði sér að auka alþýðuritin, þegar saga Jóns Indíafara væri búin. Þá var kosin stjórn og endurskoðendur deildarinnar, og voru kosnir: forseti prófessor Þorvaldur Thoroddsen, féhirðir læknir Gísli Brynjólfsson, skrifari kand. mag. Sigfús Blöndal, bóka-vörður stud. med. Pétur Bogason; varaforseti mag. Bogi Th. Melsteð, varaféhirðir stórkaupmaðar Þórarinn Tulinius, varaskrifari kan. júr. Stefán Stefánsson, varabókavörður stud. mag. Jónas Einarsson; endurskoðunarmenn: kand. Þorkell Þorkelsson og læknir Sigurður Jónsson. Þá var kjörinn heiðursfélagi prófessor W. C. Ker í Lundúnum. Þá mintist forseti látiuna félagsmanna þriggja, læknis Guðna Guðmundssonar, kaupmanns Jóns Magnússonar og dr. Solone Ambrosoli'ó. Þá voru kjörnir 40 nýir félagar. Að lokum gerði einn félagsmaður fyrirsögn um heimflutningsmálið, og urðu um það nokkrar umræður.

Síðari ársfundur Reykjavíkurdeildarinnar var haldinn 8. júlí 1908. Forseti skýrði frá athöfnum og bóka-útgáfu deildarinnar þetta ár. Þá lagði hann fram reikning Hafnardeildarinnar fyrir síðastliðið ár, og skýrði frá bókaútgáfum hennar þetta ár. Þá voru kosnir embættismenn, varaembættismenn og endurskoðunarmenn fyrir deildina, og voru þessir kosnir: forseti háyfirdómari Kristján Jónsson, féhirðir bankagjaldkeri Halldór Jónsson, skrifari kand. theol. Haraldur Níelsson; bóka-vörður skólastjóri Morten Hansen; varaforseti rektor Steingrímur Thorsteinsson, varaféhirðir læknir Sæmundur Bjarnhéðinsson, varaskrifari prestaskólakennari Jón Helgasou; varabókavörður bóksali Sigurður Kristjánsson; endurskoðunarmenn: augnlæknir Björn Ólafsson og bankastjóri Sighvatur Bjarnason. Þá voru kjörnir 9 nýir félagar, er beiðst höfðu inntöku í félagið. Þá las forseti upp bréf frá 5 félagsmönnum í Höfn um heimflutningsmálið, og las upp og lagði fyrir fundinn tillögu stjórnarnefndarinnar um það mál, og var til-
lagan þannig hljóðandi:

að kosin sé nefnd, 4 félagsmenn með forseta sjálfkjörnum, til að endurskoða lög félagsins, og sérstaklega segja álit sitt um og gera tillögu um, hvort nú sé ráðlegt að sameina báðar deildir félagsins í eina deild.

Eftir allmiklar umræður var tillaga þessi samþykkt með samhljóða atkvæðum allra fundarmanna. Í nefndina voru kosnir: Prófessor Þórhallur Bjarnarson, dr. phil. Jón Þorkelsson, dósent Jón Helgason og bóksali Jón Ólafsson. Nefndin á að ljúka starfi sínu fyrir árslok.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Reykjavíkurdeildar Bókmentafélagsins árið 1907.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar samkv. fyrra árs reikningi:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	3000,00	
b. Á vöxtum í sparisjóði	—	184,17	
c. Í sjóði hjá féhirði	—	610,29	
		<hr/>	kr. 3794,46
2. Greidd tillög, að frádregnum umboðslaunum (flskj. 1)...	kr.	2535,65	
Ársgjöf frá heiðursfélagi landsh. M. Stephensen	—	10,00	
		<hr/>	— 2545,65
3. Tekjur af Skírni:			
a. Fyrir auglýsingar (flskj. 2)...	kr.	63,00	
b. Tillög Skírniskaupenda (flskj. 3—7)	—	820,54	
		<hr/>	kr. 883,54
4. Seldar aðrar félagsbækur og uppdrættir að frádregnum umboðslaunum (flskj. 8.)	—	741,13	
5. Sjöunda greiðsla fyrir handritasafnið	—	1000,00	
6. Styrkur úr landssjóði	—	2000,00	
7. Vextir:			
Ársvextir $\frac{1}{1} - \frac{31}{12}$ '07 af 3000			
kr. bankavaxtabréfum	kr.	135,00	
Af fé í sparisjóði til $\frac{31}{12}$ '07 ...	—	9,27	
		<hr/>	kr. 144,27
8. Til jafnaðar móti gjaldlið 6	—	500,00	
		<hr/>	kr. 11609,05

Gjöld:

1. Hafnarðeild greiddur helmingur 7. greiðslu fyrir handritasafnið (flskj. 9)	kr.	500,00
2. Kostnaður við bókagerð: a, Skírnir:		
1. Laun ritstjóra (flskj. 10—13)	kr.	600,00
2. Ritlaun og prófarkalestur (flskj. 14—17)	—	938,70
3. Prentun, pappír, hefting o. fl. (flskj. 18—20).....	—	1662,73
4. Útsending, frímerki, o. fl. (flskj. 21—31)	—	292,01
	_____	kr. 3493,44
3. b. Kostnaður við aðrar bækur:		
1. Ritlaun og prófarkalestur (flskj. 32—33)	kr.	336,50
2. Prentun, pappír, hefting o. fl. (Flskj. 34—40) ...	—	1462,91
	_____	kr. 1799,41
4. Kostnaður við útsending félagsbóka, skriftir, fyrirhöfn bókavarðar o. fl. (flskj. 41—45)	—	451,45
5. Brunabótagjöld, auglýsingar og ýms önnur gjöld (flskj. 46—57)	—	257,33
6. Keypt bankavaxtabréf	—	500,00
7. Styrkur til bókavarðar Lund í Uppsölum (flskj. 58—59)	—	1000,00
8. Eftirstöðvar til næsta árs:		
a. Bankavaxtabréf	kr.	3500,00
b. Peningar á vöxtum í sparisjóði	—	107,42
	_____	— 3607,42
	_____	kr. 11609,05

Reykjavík 10. apríl 1908.

Halldór Jónsson

varaféhirðir.

Reikning þennan höfum við endurskoðað ásamt fylgiskjölum og höfum við ekkert við hann að athuga.

Reykjavík 21. apríl 1908.

Björn Ólafsson.**Eggert Briem.**

Reikningur

Hafnardeildar hins íslenska Bókmentafélags reikningsárið 1907

T e k j u r :

I. Eftirstöðvar við árslok 1906:			
1. Í veðdeildarbréfum landsbankans	kr.	12000,00	
2. Í kredítkassa skuldabr. landeigna	—	4000,00	
3. Í húskridítkassa skuldabr.	—	2200,00	
4. Í kredítbankaskuldabréfum józkra landeigna	—	200,00	
5. Í þjóðbankahlutabréfum...	—	1600,00	
6. Á vöxtum í banka	—	2000,00	
7. Í sjóði hjá gjaldkera	—	804,57	
			kr. 22804,57
II. Andvirði seldra bóka og uppdrátta			
1. Frá Gyldendals bókaverzlun	kr.	88,11	
2. Frá bókaverði deildarinnar	—	423,32	
			kr. 511,43
III. Gjafir og félagsgjöld:			
1. Náðargjöf konungs f. 1907	kr.	400,00	
2. Frá heiðursfélaga Finni Jónssyni.....	—	10,00	
3. Frá heiðursfélaga Þorvaldi Thoroddsen	—	10,00	
4. Árstillög félagsmanna	—	526,66	
			— 946,66
IV. Innkomið frá umboðsmönnum:			
1. Frá H. S. Bardal.....	kr.	753,13	
2. Frá J. Bergmann	—	500,00	
3. Frá The Viking Club	—	46,89	
			— 1300,02
V. Styrkur úr ríkissjóði fyrir árið 1907	—	1000,00	
VI. Frá landsbókasafninu 7. ársborgun af handritasafninu	—	500,00	
VII. Frá stofnun Hjelmstjerne Rosenkrone	—	500,00	
	flyt		kr. 27562,68

		Fluttar	kr.	27562,68
VIII. Leigur af innstæðu félagsins:				
1. Af 12000 kr. í veðdeildarbréfum landsbankans ...	kr.	540,00		
2. Af 4000 kr. í kreditkassa skuldabr. landeigna	—	140,00		
3. Af 2200 kr. í húskreditkassaskuldabr.	—	88,00		
4. Af 200 kr. í kreditbankaskuldabr. józkra landeigna	kr.	7,00		
5. Af 1600 kr. í þjóðbankahlutabréfum	—	128,00		
6. Af 2000 kr. á vöxtum í banka	—	99,94		
7. Af peningum í sparisjóði	—	89,55		
			kr.	1092,49
	Tekjur alls		kr.	28655,17

Gjöld:

I. Bókaútgáfukostnaður:

1. Prentun	kr.	1865,43
2. Pappír	—	694,97
3. Hefting og bókband	—	185,11
4. Ritlaun og prófarkalestur	—	1196,00
5. Myndagerð	—	439,70
6. Litun uppdrátta	—	104,00

 kr. 4485,21

II. Annar tilkostnaður:

1. Brunabótaábyrgð á bókum o. fl.	kr.	62,50
2. Skrifstofukostnaður, fundarhald, burðareyrir o. fl. ...	—	487,60
3. Hátíðahald á 100 ára afmæli J. Hallgrímssonar ...	—	100,00

 650,10

III. Eftirstöðvar við árslok 1907:

1. Í veðdeildarbréfum landsbankans ...	kr.	12000,00
--	-----	----------

 flyt kr. 12000,00 kr. 5135,31

	Fluttar kr.	12000,00	kr.	5135,31
2. Í kreditkassa skuldabréfum landeigna	—	4000,00		
3. Í húskreditkassaskulabréfum	—	2200,00		
4. Í kreditbankaskuldabréfum józkra landeigna	—	200,00		
5. Í þjóðbankahlutabréfum ...	—	1600,00		
6. Á vöxtum í banka	—	2500,00		
7. Í sjóði hjá gjaldkera	—	1019,86		
			kr.	23519,86
	Gjöld alls		kr.	28655,17

Kaupmannahöfn 4. apríl 1908.

G. Brynjólfsson,
gjaldkeri.

Við undirritaðin teljum reikning þenna rjettan.

Kaupmannahöfn 9. apríl 1908.

Sigurður Jónsson.

Porkell Þorkelsson.

Hið íslenska Bókmentafélag.

VERNDARI:

Friðrik konungur hinn áttundi.

EMBÆTTISMENN:

I. Reykjavíkurdeildin.

Forseti: Kristján Jónsson, háyfirdómari, r. af dbr

Féhirðir: Halldór Jónsson, bankagjaldkeri, r. af dbr.

Skrifari: Haraldur Níelsson, cand. theol., prestaskólakennari.

Bókavörður: Morten Hansen, skólastjóri.

Varaforseti: Steingrímur Thorsteinsson, rektor, r. af dbr.

Varaféhirðir: Sæmundur Bjarnhéðinsson, læknir.

Varaskrifari: Jón Helgason, lektor r. af dbr.

Varabókavörður: Sigurður Kristjánsson, bóksali, r. af dbr.

2. Kaupmannahafnardeildin.

Forseti: Þorvaldur Thoroddsen, prófessor, dr. phil., r. af dbr.

Féhirðir: Gísli Brynjólfsson, læknir.

Skrifari: Sigfús Blöndal, undirbókavörður v. konungl. bókas.

Bókavörður: Pétur Bogason, stud. med. & chir.

Varaforseti: Bogi Th. Melsteð, mag. art.

Varaféhirðir: Thor E. Tulinius, stórkaupmaður, r. af dbr.

Varaskrifari: Stefán Stefánsson, cand. jur.

Varabókavörður: Jónas Einarsson, stud. mag.

HEIÐURSFÉLAGAR:

Anderson, R. B., prófessor, í Ameríku.

Baumgartner, Alexander, S. J., Luxemburg.

Björn Jónsson, cand. phil., ritstjóri, r. af dbr., Reykjavík.

Björn M. Ólsen, prófessor, dr. phil., r. af dbr., Reykjavík.

Bryce, James, Rígt Hon, sendiherra Breta í Washington.

Eiríkur Briem, prestaskólakennari, comm. af dbr., Reykjavík.

Eiríkur Magnússon, M. A., r. af dbr., bókavörður í Cambridge.

Finnur Jónsson, prófessor, dr. phil., r. af dbr., Khöfn.

Jón Jónsson Borgfirðingur, bókfræðingur, í Rvík.

Kaalund, Kr., bókavörður, dr. phil, í Khöfn.

Ker, W. P., prófessor við háskólann í Lundúnum.

Magnús Stephensen, fyrv. landshöfðingi yfir Íslandi, stórkross af dbr.

Matthías Jochumsson, uppgjafaprestur, r. af dbr., Akureyri.

Ólafur Halldórsson, konferenzráð, r. af dbr. og dbrm., í Khöfn.

Páll Melsteð, sögukennari í Reykjavík, r. af dbr.

Poestion, J. C., rithöfundur í Vínarborg, r. af dbr.

Steingrímur Thorsteinsson, r. af dbr., rektor í Reykjavík.

Valdimar Briem, prófastur, r. af dbr. Stóranúpi.

Wimmer, L. F. A., prófessor, dr. phil., comm. af dbr., í Khöfn.

Þorvaldur Thoroddsen, prófessor, dr. phil., r. af dbr. í Khöfn.

F É L A G A R :

- Agúst Bjarnason, mag. art., Rvík 1908¹⁾.
- Ágúst Helgason, bóndi í Birtingaholti, dbrm. 1908.
- Ágúst Þórarinnsson, bókhaldari í Stykkishólmi 1907—08.
- Albert Jónsson, Winnipeg 1905—06.
- Anderson, Ernst, Godsegare, Allenstein, Preusen 1907.
- Alexander Jóhannesson, stud. mag., Khöfn.
- Andrés Fjeldsteð, héraðslæknir á Þingeyri.
- Ári Jónsson, cand. jur., ritsjóri í Rvík 1908.
- Arngrímur Bjarnason, prentari á Ísafirði 1907.
- Arnesen, J., konsúll á Eskifirði 1907.
- Árni Bjarnarson, prestur á Sauðárkróki.
- Árni Eggertsson, Winnipeg 1906.
- Árni Friðriksson, námsmaður, Stokkseyri 1908.
- Árni Gíslason, leturgrafari í Rvík 1908.
- Árni Guðmundsson, hreppstjóri, bóndi á Þórisstöðum.
- Árni Hólm, bóndi í Saurbæ í Eyjafirði.
- Arni Jóhannesson, prestur í Grenivík.
- Árni Jónsson, prófastur á Skútostöðum 1907.
- Árni Jónsson, bóndi á Þverá 1907.
- Árni Jónsson, Sleipner P. O. Sask., Canada 1906.
- Arni Kristjánsson, Bryggju í Eyrarsveit 1908.
- Arpi, Rolf, fil. lic., Uppsölum 1907.
- Ásgeir G. Ásgeirsson, kaupmaður, r. af dbr. í Khöfn 1907.
- Ásgeir Guðmundsson, hreppstjóri á Arngerðareyri 1907.
- Ásgeir Gunnlaugsson, stud. polyt. í Khöfn.
- Ásgeir Sigurðsson, kaupm. og konsúll, r. af dbr., Rvík 1908.
- Ásmundur Sigurðsson, bóndi á Grund í Eyrarsveit 1907—08.
- Beauvois, E., Dr., r. af dbr. í Corberon, Cote d'or á Frakklandi 1907.
- Benedikt Bjarnason, kennari, Húsavík.
- Benedikt Þ. Gröndal, cand. phil., Rvík 1908.
- Benedikt Jónsson, Húsavík 1907.
- Benedikt Kristjánsson, r. af dbr., prófastur að Grenjaðarstað 1907.
- Benedikt Magnússon, kaupfélagsstjóri, Ólafsdal 1908.
- Benedikt Sveinsson, cand. phil., ritstjóri í Rvík 1908.
- Benedikt Sveinsson, bóksali á Borgareyri í Mjóafirði.
- Benedikt Þórarinnsson, kaupmaður í Rvík 1908.
- Bergur Jónsson, bóhaldari, Eskifirði 1907.
- Berndsen, Carl, kaupmaður á Hólanesi.
- Bjarni Benediktsson, verzlunarm., Húsavík 1907.
- Bjarni Einarsson, próf. á Mýrum í Álftaveri 1908.
- Bjarni Eiríksson, námsmaður í Rvík.
- Bjarni Jensson, læknir í Vestur-Skaftafellssýslu 1906—07.
- Bjarni Jónsson, cand. jur., Seyðisfirði 1907—08.
- Bjarni Pétursson, kennari á Þingeyri.

¹⁾ Ártölin aftan við nöfnin eru sama sem kvittun fyrir tillag það eða þau ár, 6 kr. hvert.

- Bjarni Símonarson, prófastur á Brjánslæk.
- Bjarni Þorsteinsson, prestur að Hvanneyri 1906—07.
- Björgólfur Ólafsson, stud. med., Khöfn.
- Björgvin Vigfússon, sýslumaður í Rangárvallasýslu 1906—07.
- Björn Arnason, gullsmiður, Rvík 1907.
- Björn Benediktsson, verzlunarm., Húsavík.
- Björn Bjarnarson, sýslumaður í Dalasýslu.
- Björn Bjarnason, dr. phil., Rvík 1908.
- Björn Guðmundsson, kennari, Næfranesi í Dyrafirði 1908.
- Björn Guðmundsson, óðalsbóndi í Grjótnesi 1907.
- Björn Guðmundsson, kaupmaður í Rvík 1908.
- Björn Hallsson, bóndi á Rangá 1908.
- Björn Jóhannesson, Kirkjufelli í Eyrarsveit 1908.
- Björn Jónsson, prestur að Mikla bæ.
- Björn Kristjánsson, kaupmaður í Rvík 1908.
- Björn Línadal, cand. jur., Akureyri.
- Björn Ólafsson, símritari, Íslandi.
- Björn Ólafsson, læknir í Rvík 1908.
- Björn Sigurðsson, kaupmaður í Khöfn 1907.
- Björn Þorsteinsson, Markland, Man. Can.
- Björn Þorláksson, prestur að Dvergasteini 1907.
- Björn Þórarinnsson, bóndi á Víkingavatni 1907.
- Blankenstein, M. v., litt. dr., Leiden 1907.
- Bley, A., próf, Gent 1907.
- Boer, R. C., prófessor í Amsterdam á Hollandi 1907—08.
- Bogi Th. Melsteð, mag. art. í Khöfn 1907.
- Bogi Sigurðsson, kaupmaður í Búðardal.
- Bókasafn Cornell háskóla.
- Bókasafn Flateyjar á Breiðafirði.
- Bókasafn Húsavíkur 1907.
- Bókasafn Norðuramtsins.
- Bókasafn Vesturamtsins í Stykkishólmi 1908.
- Bókasafn Vestur-Barðastrandar-sýslu.
- Bryde, J. P. T., stórkaupmaður, r. af dbr., etazráð í Khöfn 1907.
- Brynjólfur Bjarnason, búfræðingur á Hvanneyri.
- Brynjólfur Björnsson, tannlæknir í Rvík 1907—08.
- Bræðrafélag Kjósarhrepps 1906—08.
- Buergel Goodwin H. H., Dr. phil., lector í Uppsölum 1907.
- Búnaðarskólinn á Eiðum 1907.
- Byskov, J., Gjedved Seminarium í Danmörku 1907.
- Bændaskólinn á Hvanneyri 1907.
- Böðvar Jónsson, cand. phil., bóndi í Eimarsnesi.
- Böðvar Kristjánsson, cand. mag. í Rvík 1908.
- Böðvar Þorláksson, sýsluritari á Blönduósi.
- Carel Sveinsson, bókbindari í Rvík.
- Cederschöld, Gustav, philos. dr., prófessor í Gautaborg 1907.
- Clemens, J., prestur í Glenboro.
- Craigie, W. A., M. A., Oxford 1908.
- Daði Davíðsson á Gilá í Húnavs.
- Daníel Bergmann, verzlunarm. í Stykkishólmi 1907—08.
- Dahl, Jakob, cand. theol., Færøjum.

- Davíð Gíslason, bóndi á Skáldstöðum í Eyjafirði 1906.
- Davíð Þorsteinsson, Arnbjarnarlæk 1908.
- Eggert Benediktsson, óðalsbóndi í Laugardælum 1908.
- Eggert Claessen, cand. jur., mála-færslum. 1908.
- Eggert E. Briem, skrifstofustj. í Rvík 1908.
- Eggert Jóhannesson, Winnipeg 1906.
- Egill Erlendsson, skóggræðslum. í Rvík 1907—08.
- Egill Sigurjónsson, bóndi á Laxamýri 1907.
- Einar Benediktsson, fyrv. sýslumaður.
- Einar Gíslason, kenvari, Urriðafossi í Flóa.
- Einar Gunnarsson, cand. phil. í Rvík 1908.
- Einar Helgason, bóndi á Þorbrandsstöðum 1908.
- Einar Helgason, garðyrkjufraeðingur í Rvík 1908.
- Einar Hjörleifsson, cand. phil., ritstjóri í Rvík.
- Einar Jónsson, lausam. á Bala í Gnúpverjah. 1907.
- Einar Jónsson, bóndi í Flatartungu 1907.
- Einar Jónsson, Hvanneyri.
- Einar Thorlacius, prestur í Saurbæ 1907.
- Einar Þorkelsson, skjalaritari Rvík 1907—08.
- Eiríkur Einarsson, skólapiltur frá Hæli.
- Elías Kristjánsson, Lágafelli ytra í Snæfellsness. 1907—08.
- Engilbert Kolbeinsson, bóndi á Lónseyri 1907.
- Erkes, Heinrich, kaupmaður í Köln.
- Eyjólfur Guðmundsson, bóndi á Hvoli í Mýrdal.
- Eyjólfur E. Wíum, Winnipegosis.
- Foreningen til norske Fortidsmindesmærkers Bevaring, Kristiania.
- Finnbogi Hjálmarsson í Vesturheimi.
- Finnbogi Lárusson, kaupmaður á Búðum á Snæfellsu.
- Foulke, Miss C. Reeves, Richmond, Ind. U. S. A.
- Friðbj. Steinsson, bóksali, dbrm. á Akureyri.
- Friðjón Friðriksson, kaupmaður, Winnipeg, Man. Can.
- Friðjón Jensson, héraðslæknir á Eskifirði 1907.
- Friðrik Bergmann, prófessor í Winnipeg í Ameríku.
- Friðrik Bjarnason, kennari á Stökkseyri 1908.
- Friðrik Guðmundsson, bóndi á Syðralóni.
- Friðrik Hallgrímsson, prestur í Argyle í Ameríku.
- Gad, G. E. C., bóksali í Khöfn, r. af dbr. 1907.
- Gebhardt, Aug., dr. phil., Nürnberg
- Geir G. Zoëga, stud. polyt., Khöfn.
- Geir T. Zoëga, yfirkennari í Rvík 1908.
- Geirm. B. Olgeirsson, Edinburgh, N. Dak.
- Georg Ólafsson, stud. mag. í Khöfn 1906—07.
- Gestur Einarsson, bóndi á Hæli.
- Gestur Þórðarson, Borgarholti í Miklaholtshreppi 1907—08.
- Gísli Brynjólfsson, læknir í Khöfn 1907.
- Gísli Egilsson, Lögberg Sask., Can.

- Gísli Goodman, Winnipeg.
 Gísli Helgason, gagnfræðingur, Skógargærði 1908.
 Gísli Isleifsson, sýslum. í Húnavatnssýslu 1908.
 Gísli Jónsson, Stóru-Reykjum í Flóa 1908.
 Gísli J. Ólafsson, símritari á Akureyri.
 Gísli Pétursson, læknir á Húsavík 1907.
 Gísli Skúlason, prestur, Eyrarbakka 1907—08.
 Gísli Sveinsson, stud. jur., Khöfn 1906—07.
 Goodie Stephens, Miss., San. Francisco, Cal., U. S. A.
 Goodmansson, Barney, Ivanhoe, Minn.
 Gotzen, Jos., dr. phil., Köln 1908.
 G. B. Björnsson, Minneota Minn.
 Grímur Grímsson, kennari, Ólafsfirði 1908.
 Grímur Jónsson, cand. theol. á Ísafirði 1907.
 Grímur Thorarensen, hreppsjóri á Kirkjubæ 1908.
 Grönfeldt, H., skólastjóri á Hvítárvöllum 1906—07.
 Guðbrandur Björnsson, prestur í Viðvík.
 Guðgeir Jóhannsson, í Hlíð við Reykjavík 1908.
 Guðjón Baldvinsson, stud. mag., Bøggvisstöðum 1907—08.
 Guðjón Guðlaugsson, bóndi og búfr, Kleifum 1906—08.
 Guðjón Jónsson, bóndi í Hlíð í Skaftártungu.
 Guðjón Rögnvaldsson, Rvík 1908.
 Guðmundur Ásbjarnarson, cand. phil. á Eskifirði 1907.
 Guðmundur Bergsson, póstaftgreiðslum., Ísafirði 1907.
 Guðmundur G. Bárðarson, bóndi á Bæ í Hrutafirði.
 Guðmundur Björnsson, landlæknir, r. af dbr., Rvík 1908.
 G. J. Evendsson, Edinburgh N. D.
 Guðmundur Finnbogason, mag. art.
 Guðmundur Garnafelsson, bóksali í Rvík 1907—08.
 Guðmundur Guðmundsson, bóndi á Nýjubúðum í Eyrarsveit 1907—08.
 Guðmundur Guðmundsson, bókhaldari, Múla í Seyðisf. 1905—08.
 Guðmundur Guðmundss., hreppstjóri, dbrn. á Þúfnavöllum.
 Guðmundur Guðmundsson, bóksali á Eyrarbakka 1907—08.
 Guðmundur Guðmundsson, stud. jur., Khöfn.
 Guðmundur Hannesson, stud. jur. í Khöfn 1907.
 Guðmundur Hannesson, héraðslæknir í Rvík 1908.
 Guðmundur Helgason, præg. hon. í Rvík 1907—08.
 Guðmundur Jónsson, trésmiður í Stykkishólmi 1907—08.
 Guðmundur Lýðsson, bóndi á Fjalli á Skeiðum 1908.
 Guðmundur V. Kristjánsson, úrsmiður í Rvík 1908.
 Guðmundur Magnússon, dócent, r. af dbr., Rvík 1908.
 Guðmundur Magnússon, prentari í Rvík 1908.
 Guðmundur Ólason, Hvanneyri 1907—08.
 Guðmundur Ólafsson, stud. jur., Khöfn 1904.
 Guðmundur Sigurðsson, söðlasmíður, Höfu í Hornafirði 1906.
 Guðmundur Sigurðsson, Berserkjahrauni í Snæfellsnessýslu 1907—08.
 Guðm. S. Snædal, Hallson N. D.
 Guðmundur Sveinsson, kaupm. í Huífsdal 1907.
 Guðmundur Thoroddsen, stud. med. í Khöfn 1907.
 Guðmundur Vilhjálmsson, Ytri-Brekku á Langanesi 1907.
 Gunnar Egilss., stud. mag., Khöfn.

- Gunnar Jóhannsson, Dongola.
 Gunnlaugur Jónsson, bóndi á Krossum.
 Gunnlaugur Jónsson yngri, í N. Dak. Ameríku.
 Gunnlaugur Kristmundsson, kennari, Miðnesi 1908.
 Gunnsteinn Eyjólfsson, Iceland River P. O. Man.
 Guttormur Jónsson, smiður, Rvík 1908.
 Guttormur Pálsson, skógræðingur 1907.
 Guttormur Vigfússon, præp. hon., prestur að Stöð í Stöðvarfirði 1906—07.
- Hafsteinn Pétursson, prestur í Khöfn 1907.
 Halberg, J. G., kaupmaður í Rvík 1908.
 Halldór Benediktsson, bóndi á Skriðuklaustri.
 Halldór Daníelsson, yfirdómari, r. af dbr., Rvík 1908.
 Halldór Gunnlaugsson, læknir í Vestmanneyjum.
 Halldór Hermannsson, bókav. við Cornell-háskóla.
 Halldór Jónsson, bankagjaldkeri, r. af dbr. í Rvík 1908.
 Halldór Jónsson, bóndi á Rauðamýri.
 Halldór Jónasson, steinsmiður í Rvík 1908.
 Halldór Kr. Júlíusson, cand. jur., fullmekt. í Rvík 1908.
 Halldór Stefánsson, verzlunarm. á Seyðisfirði 1907.
 Halldór Þórðarson, bókbindari í Rvík 1908.
 Halldóra Bjarnadóttir, skólastýra á Akureyri 1907.
 Hallgrímur Davíðsson, verzlunarstjóri á Akureyri.
 Hallgrímur Jónsson, kennari í Rvík 1908.
- Hallgrímur Johnson, Winnipeg 1906.
 Hallgrímur Sveinsson, biskup í Rvík, comm. af dbr. og dbrm., 1908.
 Hallgrímur Thorlacius, prestur í Glaumbæ.
 Hammerich, M., stud. jur., Khöfn 1907.
 Hammershaimb, U. V., uppgjafa-prófastur í Khöfn, r. af dbr. og dbrm. 1907.
 Hannes Hafstein, ráðherra, comm. af dbr. í Rvík 1907—08.
 Hannes Thorsteinsson, cand. jur. í Rvík 1908.
 Hannes Þorsteinsson, ritstjóri í Rvík 1908.
 Haraldur Gunnarsson, prentari, Rvík 1908.
 Haraldur Nielsson, cand. theol., Rvík 1908.
 Hartmann Ásgrímsson, kaupm., Kólkuósi 1907.
 Háskólabókas. í Kristjaníu 1907.
 Háskólabókasafnið í Toronto, Canada 1907.
 Haukur Gíslason, cand. theol. í Khöfn.
 Havsteen Jakob, r. af dbr., kon-súll, Oddeyri.
 Havsteen, Júlíus, amtmaður í Rvík, comm. af dbr. og dbrm., 1908.
 Helgi Jónsson, mag. scient. í Rvík 1908.
 Helgi Péturss, cand. mag., Rvík.
 Helgi Sveinsson, bankastjóri á Ísafirði 1907.
 Hermann, Paul, próf., dr. phil., Torgau, Þýskalandi 1907.
 Heydenreich, W., dr. phil., Nordlingen, Bayern 1907.
 Hjálmar Ólafsson, verzlunarm., Nesi í Norðfirði 1907.
 Hjörleifur Einarsson, præp. hon., r. af dbr., Rvík 1906—08.
 Hjörtur Snorrason, skólastjóri, Skeljabrekku.

- Hólmgeir Jenson, dýralæknir í Tungu í Önundarfirði.
- Hólmgeir Þorsteinsson, bóndi í Vallakoti 1907.
- Hoogt, J. M., van der, Litt. cand. Amsterdam 1908.
- Hotton, M. W. La Grange, Georgia U. S. A. 1908.
- Indriði Þorkelsson, Ytra Fjalli 1907.
- Inga Thorlaksson, Mountain N.D.
- Ingimundur Benediktsson, bóndi í Kaldárholti, Rangárvs. 1907.
- Ingimundur Steingrímsson, verzlunarmaður á Djúpavogi 1907.
- Ingólfur Gíslason, héraðslæknir á Vopnafirði 1908.
- Ingólfur Jónsson, verzlunarstjóri í Stykkisshólmi 1907—08.
- The Icelandic Library »Mímir« í Pembina 1908.
- Isdal, J. P., Winnipeg.
- J. Baldvin Jóhannesson, bóndi í Stakkahlöð.
- Jakob Gunnlögsson, stórkaupmaður Khöfn 1905—07.
- Jakob Hálfðánarson, borgari á Húsavík 1907.
- Jansen, frk., Mien, Leiden 1907.
- Janus Jónsson, prófastur, Rvík 1907.
- Jens Pálsson, prófastur, prestur að Görðum á Álftanesi.
- J. M. Bjarnason, Marskland Man. Canada.
- Jóhann Eyjólfsson, bóndi í Sveinungu 1908.
- Jóhann Kristjánsson, ættfræðingur, Rvík 1908.
- Jóhann Straumfjörð, Icelandic River Seamo P. O. Man.
- Jóhann Lúter Sveinbjarnarson, prófastur á Hólmum 1907.
- Jóhann Þorsteinsson, prófastur í Stafholti 1908.
- Jóhannes Friðlaugsson, kennari, Stórólshvoli.
- Jóhannes L. L. Jóhannsson, prestur á Kvennabrekku.
- Jóhannes Sigfússon, aðjunkt í Rvík 1908.
- Jóhannes Straug, Winnipeg Can.
- Johansen, J., Landbrugsskolelærer, Ladelundgaard 1907.
- Johnston, A. W., Esq., Lundúnun 1908.
- Johnston, Paul, í Winnipeg.
- Jón Abrahamsson, Sinclair.
- Jón Árnason, óðalsbóndi í Múla í Álftafirði 1907.
- Jón Arnason, bóndi á Stóra-Vatnsskarði.
- Jón Bergsson, kaupmaður á Egilstöðum.
- Jón Bjarnason, prestur í Winnipeg, Man. Can.
- Jón Björnsson, kaupmaður, Borgarnesi 1908.
- Jón Brandsson, prestur, í Broddanesi.
- Jón Einarsson, Winnipeg.
- Jón Finnsson, prestur að Hofi í Álftafirði 1907.
- Jón Guðmundsson, kennari, Höfn í Hornafirði 1907.
- Jón Guðmundsson, kaupmaður í Eyrardal í Ísafjarðars.
- Jón Guðmundsson, óðalsbóndi á Ægissíðu í Holtum 1908.
- Jón Gunnarsson, Holti í Mjóafirði.
- Jón Halldórsson, prestur að Sauðanesi 1908.
- Jón Hallgrímsson í Ameríku.
- Jón J. Hallsson, Winnipeg.
- Jón Helgason, lektor, r. af dbr., Rvík 1908.
- Jón Hermannsson, skrifstofustj., Rvík 1908.
- Jón Hjörleifsson, dbrm., hreppstóri í Drangshlíð 1908.
- Jón Ívarsson, kennari, Snældubeinsstöðum 1908.

- Jón Á. Jakobsson, kaupmaður, Húsavík 1907.
- Jón Jensson, yfirdómari í Rvík 1908.
- Jón Jónsson, héraðslæknir á Blönduósi.
- Jón Jónsson, bóndi á Hrafna-
björgum.
- Jón Jónsson, kennari, Markúsar-
sæli í S-Múlas. 1907.
- Jón Jónsson, prófastur á Stafa-
felli 1908.
- Jón Jónsson, cand. phil., sagn-
fræðingur í Rvík 1908.
- Jón Jónsson, kennari í Kirkju-
vogi 1907—08.
- Jón Á. Jónsson, verzlunarm. á
Blönduósi.
- Jón Jónasson, yngism. Húsavík
1907.
- Jón Jónasson, stud. júr. Khöfn.
- Jón Kristjánsson, stúd. júr. í
Khöfn.
- Jón Laxdal, kaupmaður, r. af
dbr., Ísafirði 1907.
- Jón Magnússon, bæjarfógeti, r.
af dbr. í Rvík 1908.
- Jón Ófeigsson, cand. mag. í Rvík.
- Jón Ólafsson, ritstjóri í Rvík.
- Jón Ólafsson, kennari í Vík í
Mýrdal 1908.
- Jón Ólafsson, Króktjarðarnesi í
Barðastrs. 1908.
- Jón Rögnvaldsson, yngismaður í
Réttarholti í Skagafirði 1908.
- Jón Hj. Sigurðsson, héraðsl. í
Rangárvallasýslu 1906—07.
- Jón Sigurðsson, Reynistað, Skaga-
firði 1906.
- Jón Sigurðss., stud. mag. Khöfn.
- Jón Sigurðsson, bæjarfógetaskrif-
ari 1908.
- Jón Stefánsson, ritstjóri á Akur-
eyri.
- Jón Sveinsson, prófastur á Akra-
nesi 1908.
- Jón Sveinsson, S. J. prestur í
Ordrup 1907.
- Jón Thorsteinsson. prestur á
Þingvöllum.
- Jón Þórarinnsson, umsjónarmaður
fræðslumála, Rvík 1908.
- Jón Þorkelsson, dr. phil, skjala-
vörður í Rvík 1908.
- Jón Þorláksson, ingeniör í Rvík
1908.
- Jón Þorvaldsson, prestur á Stað.
- Jónas Björnsson, bóndi á Geira-
stöðum í Húnavatnssýslu.
- Jónas S. Bergmann, Ameríku.
- Jónas Danielsson, Winnipeg.
- Jónas Einarsson, stud. mag. í
Khöfn 1907—08.
- Jónas Guðlaugsson, ritstj. í Rvík.
- Jónas Halldórsson, hreppstjóri í
Hrauntúni 1908.
- Jónas Hallgrímsson, próf. á Kol-
freyjustað 1907.
- Jónas Illugason, bóndi í Bratta-
hlið í Húnavatnss.
- Jónas Jónsson, bóndi í Finns-
tungu í Húnavs.
- Jónas Jónsson, realstúdent Hríflu.
- Jónas Jónsson, verzlunarstjóri
Flatey í Þingeyjars. 1906—07.
- Jónas Jónasson, própastur að
Hrafnagili í Eyjaf.
- Jóseph Arngrímsson, Minneota,
Minn. 1906.
- Karl Olgeirsson, verzlunarstjóri,
Ísafirði 1907.
- Kjartan Einarsson, próf. að Holti
nndir Eyjafjöllum 1906—07.
- Kjartan Helgason, prestur í
Hruna 1908.
- Klemens Jónsson, landritari, r.
af. dbr., Rvík. 1908.
- Klemens, Jónasson, Selkirk.
- Kock., A., prófessor, dr. phil. í
Lundi 1907.
- Kolbeinn Jakobsson, hreppstjóri
í Unaðsdal 1907.
- Konráð Stefánsson, cand. phil. í
Rvík.

- Konráð Vilhjálmsson, kennari í Rvík 1907.
- Kristinn P. Briem, verzlunarm. Rvík 1908.
- Kristinn Guðlaugsson, búfræðingur á Núpi í Dýrafirði.
- K. K. Ólafsson, prestur, Garðar N. D.
- Kristinn Stefánsson, Winnipeg.
- Kristján Abrahamsson, Crescent P. O. Man. Can.
- Kristján Guðmundsson, bóksali, Oddeyri.
- Kristján Jónsson, læknir, Clinton, Iowa U. S. A.
- Kristján Jónsson, háyfirdómari, r. af dbr. í Rvík 1908.
- Kristján Jónsson, búfræðingur á Rangá 1908.
- Kristján Kristjánsson, læknir á Seyðisfirði 1907.
- Kristján A. Kristjánsson, verzl. á Suðureyri í Súgandaf. 1907.
- Kristján Þorgrímsson, kaupm. og konsúll í Rvík 1908.
- Kristjánú kathedralskóla bókasafn 1907.
- Kristvarður Þorvarðsson, kennari, Leikskálum í Dalasýslu.
- Larsen, Frk. A., kenslukona í Khöfn 1907.
- Lárus M. Árnason í Ameríku.
- Lárus H. Bjarnason, r. af dbr., lagaskólastjóri í Rvík 1908.
- Lárus Bjarnason, kennari í Hafnarfirði 1908.
- Lárus A. Snorrason, kaupm. á Ísafirði.
- Lascaronsky, Bas. Greg., prófessor í Kiew, Rússlandi.
- Lestrarfélagið Árgalinn, Wild Oak. P. O. Man.
- Lestrarfélag Árskógsstrandar.
- Lestrarfélag Auðkúlusóknar.
- Lestrarfélag Bjarndælinga og Fjarðarmanna í Önundarfirði 1907.
- Lestrarfélag Borgarfjarðar 1907.
- Lestrarfélag Búðabörps í Fáskrúðfirði 1907.
- Lestrarfélag Dalmanna í Önundarfirði 1908.
- Lestrarfélagið Dagsbrún. 1907.
- Lestrarfélag Fáskrúðsfj. 1907.
- Lestrarfélag Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu 1908.
- Lestrarfélagið »Fjólan« Nes P. O. Can. 1906.
- Lestrarfélagið »Fróði« Brown, Man.
- Lestrarfélagið »Gangleri«, Gardar N. D.
- Lestrarfélag Gálmarstrandar.
- Lestrarfélag Grenjaðarstaðarsóknar 1907.
- Lestrarfélagið »Harpa«, Blaine.
- Lestrarfélag Hálssóknar í Fnjóskadal.
- Lestrarfélag Hálsþinghár 1907.
- Lestrarfélag Hjaltastaðahrepps.
- Lestrarfélag Hríseyinga.
- Lestrarfélagið »Íðunu« Markerville P. O. Alberta, Can.
- Lestrarfélagið »Ísland«, Grund, Man.
- Lestrarfélag Íslendinga í Brandon, Man.
- Hið ísl. Þjóðminningarfélag (í Ameríku).
- Lestrarfélagið »Ípaka« í Rvík 1908.
- Lestrarfélag Kirkjubólshrepps í Strandasýslu 1907.
- Lestrarfélag Kollafj. í Strandas. 1907.
- Lestrarfélag Landmannahrepps 1908.
- Lestrarfélag Langdælinga.
- Lestrarfélag Lónsmanna 1908.
- Lestrarfélag Miklabæjarsóknar.
- Lestrarfélag Íslendinga í Glenboro.
- Lestrarfélag Mikleyinga, Hecla P. O. Canada.
- Lestrarfélag Rauðsendinga 1908.
- Lestrarfélag Seltirninga 1908.

- Lestrarfélag Seyðisfjarðar 1907.
 Lestrarfélagið »Stjarnan«, Selkirk, Man.
 Lestrarfélag Svalbarðshrepps í Þistilfirði 1907.
 Lestrarfélagið »Tilraunin« Kewatin, Ont. Can.
 Lestrarfélag Undirfellssóknar.
 Lestrarfélagið »Vestri«, Ballard, Wash.
 Lestrarfél. »Æskan«, Dak., Am.
 Lestrarfélag Öxndæla.
 Lestrarsalur Ísafirðinga 1907.
 Long, S. M., Winnipeg.
 Lundfríður Hjartardóttir, kenslukona á Akureyri 1907—08.
- Magnús Andrésson, r. af dbr., próf. prestur að Gilsbakka 1908.
 Magnús Bjarnason, Mountain, P. O. Dak.
 Magnús Björnsson, skólapiltur, Rvík.
 Magnús Blöndal, kennari í Stykkishólmi 1907—08.
 Magnús G. Blöndal, ritstj. Rvík.
 Magnús Blöndal Jónsson, prestur að Vallanesi.
 Magnús Einarsson, dýralæknir í Rvík 1908.
 Magnús Guðbrandsson, steinsm. í Rvík 1908.
 Magnús Guðlaugsson, bóndi í Hvammsdal 1905—1908.
 Magnús Helgason, prestur, skólastjóri Rvík 1907—08.
 M. G. Jónsson, Winnipeg.
 Magnús Jónsson, bóndi í Tjaldanesi.
 Magnús Jónsson, stud mag. Rvík.
 Magnús Jónsson, sýslumaður í Vestmanneyjum 1908.
 Magnús Jónsson, kennari, Fecjukoti 1908.
 Magnús Jónss. Bergm., hreppstj., Fuglavík á Miðnesi 1908.
- Magnús Jónsson, stud. theol. frá Bjarnarhöfn 1908.
 Magnús Kristjánsson, gagnfræðingur, Hvoli í Mýrdal 1907—08.
 Magnús Magnússon, prestur á Jótlandi 1907.
 Magnús Sæbjörnsson, héraðslæknir í Flatey.
 Magnús Torfason, sýslumaður og bæjarfógeti á Isafirði 1907.
 Marteinn Þorsteinsson, bóndi á Hvoli í Stöðvarfirði 1907.
 Matthías Eggertsson, prestur í Grimsey 1907.
 Matthías Einarsson, spítalalæknir í Rvík 1908.
 Matthías Jónsson, bóndi á Háholti í Gnúpverjah. í Rvík 1908.
 Matthías Matthíasson, kaupm. í Rvík 1908.
 Matthías A. Matthiesen, skósm., Rvík 1908.
 Matthías Þórðarson, cand. phil. forngripavörður í Rvík 1908.
 Mayer, E., prófessor, dr. phil., Würzburg 1907.
 Meissner, R., prófessor, Königsberg 1907.
 Mogk, E., dr. phil, prófessor í Leipzig 1907.
 Mórítz Halldórsson, læknir í Park River.
 Morten Hansen, cand. theol., skólastj. í Rvík 1908.
 Móses Jónsson, kennari, Keldum í Mosfellssveit.
 Möller, J. V., prentari í Khöfn 1907.
- Newberry Library í Chicago 1907—08.
 Nordenstreng, R., fil. mag. í Uppsölum.
- Oddgeir P. Ottesen, hreppstjóri á Ytra-Hólmi 1907.

- Oddur Gíslason, málafærslum. í Rvík 1908.
- Oddur Hermannsson, stud. jur. í Khöfn.
- Ólafur Briem, alþingismaður á Álfgeirsvöllum.
- Ólafur Finnsson, prestur í Kálfholti.
- Ólafur Jónsson, hreppstj. í Hattardal 1907.
- Ólafur H. Johnsen, yfirkennari í Odense 1907.
- Ólafur Kjartansson, verzl., Vík 1907—08.
- Ólafur Lárusson, stud. jur., Rvík 1907—08.
- Ólafur Ólafsson, kennari í Haukadalsdal í Dýrafirði.
- Ólafur Ólafsson, prentari, Rvík 1908.
- Ólafur Rósenkranz Ólafsson, leikfímiskennari, Rvík 1908.
- Ólafur Runólfsson, bókhaldari í Rvík 1908.
- Ólafur Runólfsson, Vík í Mýrdal 1908.
- Ólafur Sigurðsson, stud. agr. í Khöfn.
- Ólafur Stephensen, læknir, Winnipeg.
- Ólafur Thorlacius, héraðslæknir í Suður-Múlasýslu 1907.
- Olgeir Friðgeirsson, verzlunarstj. á Vopnafirði 1908.
- Olrik, A., Dr. phil., háskólakennari, Khöfn 1907.
- Óskar Halldórsson, yngispiltur í Rvík.
- Páll Benjamínsson, búfræðingur á Djúpavogi 1907.
- Páll V. Bjarnason, sýslumaður á Sauðárkrók.
- Páll Einarsson, borgarstjóri í Rvík 1907—08.
- Páll H. Gíslason, verzlunarsjóri, Fáskrúðsfirði 1907.
- Páll Halldórsson, skólastjóri í Rvík 1908.
- Páll Jónsson, bókhald., Djúpav. 1907.
- Páll Lýðsson, bóndi í Hlíð í Gnúpverjahl. 1907.
- Páll Eggert Ólason, cand. phil. í Rvík 1908.
- Páll Sigurðsson, stud. theol. í Khöfn.
- Páll Stefánsson, búfræðingur, bóndi á Elliðavatni.
- Páll Stephensen, prestur í Holti 1907.
- Pálmi Pálsson, adjunkt í Rvík 1908.
- Pálmi Pétursson, óðalsbóndi á Sjávarborg.
- Patursson, J., kóngsbóndi í Færeyjum.
- Petersen, Fr., prófastur í Færeyjum 1907.
- Pétur Bogason, stud. med. í Khöfn 1907.
- Pétur Hjálmsón, prestur, Markerville, P. O. Alta.
- Pétur Jónsson, bóndi á Gautlöndum, alþingism. 1907.
- Pétur Oddsson, kaupm., Tröð í Bolungarvík 1907.
- Pétur Pétursson, bóndi á Gunnsteinsstöðum.
- Pétur Sighvatsson, úrsmiður á Sauðárkróki.
- Pétur Zófóníasson, bankaskrifari í Rvík 1908.
- Pétur Þorsteinsson, prestur í Eyðölum 1907.
- Philpotts, Bertha S., Miss, Cambridge, England 1908.
- Poor, H. W., Esq., New-York.
- Proppé, Carl, verzlunarstjóri á Þingeyri 1907.
- Rist, L. J., kennari á Akureyri. Ríkisbókasafnið í München 1907.
- Runólfur Marteinsson, prestur, Gimli.
- Runólfur Runólfsson, Neðra-Hálsi í Kjós 1908.

- Rögnvaldur Ólafsson, húsameistari, Rvík 1908.
- Sars, J. E., prófessor, Kristjánú 1907.
- Scheving, S. P., Point Roberty, Wash.
- Sephton, J., prestur í Liverpool.
- Sigbjörn Ármannsson, verzlunarmaður á Ísafirði 1907.
- Sigfús Blöndal, cand. mag. í Khöfn 1907.
- Sigfús Eymundsson, bóksali í Rvík 1908.
- Sighvatur Bjarnason, bankastj., jústitsráð í Rvík 1908.
- Sighvatur Grimsson, bóndi á Höfða í Dýrafirði 1907—08.
- Sigrún Pálsdóttir, ungrú, Hallormsstað 1907.
- Sigtryggur Guðlaugsson, prestur á Núpi 1907.
- Sigtryggur Helgason, bóndi á Hallbjarnarstöðum í Þingeyjar-sýslu 1907.
- Sigtryggur Jónasson, þingmaður, Winnipeg, Man., Can.
- Sigtryggur Jónatansson, bóndi á Reykjum.
- Sigurður Antoníusson, búfræðingur á Stóra-Bakka 1908.
- Sigurður Briem, póstmeistari, r. af dbr., í Rvík 1908.
- Sigurður Brynjólfsson, Hofi í Álftafirði 1907.
- Sigurður Eggerz, sýslumaður í Skaftafellssýslum 1905—07.
- Sigurður Einarsson, stud. veter., Khöfn 1905—07.
- Sigurður Fjeldsteð, bóndi í Ferjukoti.
- Sigurður Gunnarsson, prófastur í Stykkishólmi 1907—08.
- Sigurður Halldórsson, trésmiður Rvík 1908.
- Sigurður Hjörleifsson, ritstjóri á Akureyri.
- Sigurður Jensson, prófastur í Flatey 1901—08.
- Sigurður Jóhannesson, r. af dbr., stórkaupm. í Khöfn 1907.
- Sigurður Jónsson, bókbindari í Rvík 1908.
- Sigurður Jónsson, trésmiður í Khöfn.
- Sigurður Jónsson, fangavörður í Rvík 1908.
- Sigurður Jónsson, kennari, frá Álhólum 1908.
- Sigurður Jónsson, læknir í Khöfn 1907.
- Sigurður Jónsson, Yztafelli, Þingeyjarsýslu.
- Sigurður P. Johnsen, kennari á Vopnafirði 1907—08.
- Sigurður Kristjánsson, bóksali, r. af dbr. í Rvík 1908.
- Sigurður Lýðsson, stud. jur. í Rvík.
- Sigurður Nordal, stud. mag. í Khöfn.
- Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Arnessýslu 1908.
- Sigurður Pálsson, verzlunarstj. á Hesteyri 1907.
- Sigurður Palmason, búfræðingur, Ælustöðum, Húnavs.
- Sigurður Sigfússon, verzlunarstj. á Húsavík.
- Sigurður Sigtryggsson, stud. mag. í Khöfn.
- Sigurður Sigurðsson, búfræðisráðunautur í Rvík 1908.
- Sigurður Sigurðsson, kennari á Hólum.
- Sigurður Sigurðsson, Halldórstöðum í Kinn 1907.
- Sigurður P. Sívertsen, prestur á Hofi 1908.
- Sigurður Stefánsson, prestur í Vigur.
- Sigurður Thoroddsen, adjunkt í Rvík 1908.
- Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Arnarholti.
- Sigurður Þórólfsson, skólastjóri á Hvítárbakka.

- Sigurður Þorvaldsson, kennari á Hvítárþakka.
- Sigurgeir Björnsson, Grímstungu í Húnavatnussýslu.
- Sigurgeir Sigurðsson, bóndi á Öngulsstöðum.
- Sigurjón Jónsson, kennari á Ísafirði.
- Sigurður Jónsson, Tjörnum undir Eyjafjöllum 1908.
- Sigþór Jóhannsson, Skarði í S. Þing.
- Simon Símonarson, Winnipeg.
- Símur av Skarði, lýðskólastjóri, Færeyjum 1908.
- »Skinfaxi«, bókasafn skólapilta í Flensborg 1908.
- Skólabókasafn Vestmanneyja 1908.
- Skúli Bogason, stud. med., Khöfu 1907.
- Skúli Jónsson, verzlunarstjóri á Borðeyri 1908.
- Skúli Skúlason, prestur í Odda 1908.
- Skúli Thoroddsen, ritstj., alþm., Rvík 1908.
- Skúli Thoroddsen, stúdent, Khöfn 1908.
- Snorri Jóhannsson, bókhaldari í Rvík 1907—08.
- Snorri Jónsson, Þverá 1907.
- Sóphónías Jónsson, relalstúdent, Skaga í Dýrafirði 1907.
- Sóreyjarsóla bókasafn 1907.
- Stefán Benediktsson, bóndi á Merki, Jökuldal.
- Stefán Guðjohnsen, verzlunarstj. á Húsavík 1907.
- Stefán Guðmundsson, verzlunarfylltrúi í Khöfn 1907.
- Stefán Guðmundsson, bóndi á Fitjum 1908.
- Stefán Jónsson, bóndi á Munkaþverá.
- Stefán Jónsson, stud. med., Khöfn 1907.
- Stefán Sigurðsson, Ærlækjarseli 1907.
- Stefán Stefánsson, skólastjóri á Akureyri.
- Stefán Stefánsson, cand. jur. í Khöfu 1907.
- Steingrímur Jónsson, sýslumaður á Húsavík 1907.
- Steingrímur Matthíasson, læknir á Akureyri.
- Steingrímur Þorláksson, prestur, Selkirk.
- Steinunn Bjartmarsdóttir, kenslukona í Hafnarfirði.
- Styrkár Vésteinn Helgason í Vesturheimi.
- Sumarliði Halldórsson, skógfræðingur, Jótlandi.
- Sveinbjörn Sveinbjarnarson, yfir kennari í Árósum 1907.
- Sveinn Jónsson, trésmiður, Rvík 1908.
- Sveinn Nielsson, bóndi á Lambastöðum á Mýrum 1908.
- Sveinn Sveinsson, bóndi á Hofi í Álftafirði 1907.
- Sveinn Vald. Sveinsson, stud. med. í Rvík.
- Sveinn Bjarnason, gagnfræðingur á Hoffelli 1908.
- Sýslubókasafn Vestmanneyinga 1908.
- Sæmundur Bjarnhéðinss., læknir á Laugarnesspítala 1908.
- Söderwall, K. F., prófessor í Lundi 1907.
- Thomsen, Ditlev, kousúll, r. af dbr., Rvík 1908.
- Tómas Jónasson, Icelandic River.
- Tómas Sigurðsson, hreppstjóri á Barkarstöðum 1907.
- Tómas Snorrason, kennari í Grindavík 1908.
- Tómas Jóhannesson Zoëga, verzlunarm., Nesi í Norðfirði 1907.
- Torfi Hermannsson, trésmiður, Fremstuhús í Dýrafirði.
- Tryggvi Gunnarsson, bankastj., comm. af dbr. og dbrm., Rvík 1908.

- Tulinius, Axel, sýslumaður á Eskifirði, r. af dbr. 1907.
- Tulinius, Thor E., stórkaupm., r. af dbr., Khöfn 1907.
- Valdimar Erlendsson, stud. med. í Khöfn.
- Valdimar Magnússon, hreppstjóri á Bakka á Ströndum.
- Valdimar Valvesson, kennari á Húsavík 1907.
- Valtýr Guðmundsson, háskólakennari, dr. phil., r. af dbr., Khöfn 1907.
- Vernharður Þorsteinsson, stud. mag. í Khöfn 1907.
- Vidal, Sig. J., Huansar, Man.
- Wiehe, Holger, mag. art., Khöfn 1907.
- Vigfús Bergsteinsson, hreppstj., á Brúnum 1907—08.
- Vigfús Einarsson, stud. jur. 1907.
- Vigfús Guðmundsson, bóndi í Haga 1908.
- Vísindafélagið í Þrándheimi 1907.
- Zadig, V., stud. phil., Málmhaugum 1907.
- Zimsen, K., ingeniör í Rvík 1908.
- Þórarinn Guðmundsson, kaupm. á Seyðisfirði 1907.
- Þórarinn Jónsson, bóndi á Halldórsstöðum 1907.
- Þórarinn Kristjánsson, stud. polyt. Khöfn.
- Þórarinn B. Stefánsson, verzlun arstj. á Djúpvaggi 1907.
- Þorbergur Guðmundsson búfr., Nesi í Norðfirði 1907.
- Þorbergur Þórarinsson, hreppstj. á Sandhólum, S.-Þing., 1907.
- Þorbjörn Þórðarson, læknir á Bíldudal 1908.
- Þórður Edlónsson, læknir í Hafnarfirði 1906—07.
- Þórður Erlendsson, bóndi í Gíslaholti í Holtum.
- Þórður Þórðarson, bóndi á Fossi 1908.
- Þorgerður Þórðardóttir, Winnipeg 1906.
- Þorgils Þorgeirsson í Winnipeg.
- Þorgrímur Kristjánsson, stud. jur. Khöfn.
- Þórhallur Bjarnarson, r. af dbr., biskup, í Rvík 1908.
- Þórir Björnsson, Duluth Minn. U. S. A.
- Þorkell Þorkelsson, cand. mag., Akureyri 1907.
- Þorkell Þorláksson, stjórnarráðs-skrifari, Rvík 1908.
- Þorlákur Vigfússon, kennari, Þykkvabæ.
- Þorlákur Vilhjálmsson, Rauðará 1908.
- Þorleifur H. Bjarnason, aðjunk í Rvík 1908.
- Þorleifur Jónsson, hreppstjóri á Hólum í A. Skaftafellssýslu alpm., 1908.
- Þorleifur Jónsson, póstafræðslumaður, Rvík 1908.
- Þorleifur Jónsson, prestur á Skinnastöðum 1907.
- Þorsteinn Arnljótsson, Þórshöfn.
- Þorsteinn Benediktsson, prestur í Landeyjum 1906—07.
- Þorsteinn Erlingsson, cand. phil., Rvík 1908.
- Þorsteinn Grímsson, sjómaður í Hrísey.
- Þorsteinn Jónsson á Engimýri.
- Þorsteinn H. Jónsson, gagnfræðingur, Útnyrðingsstöðum 1908.
- Þorsteinn Þórarinsson, Drumb oddsstöðum í Biskupstungum 1908.
- Þorsteinn Þorsteinsson, cand. polit. í Rvík 1908.

Þorvaldur Jakobsson, prestur í Sauðlauksdal.	Þorvarður Þorvarðsson, prentsmiðjustjóri í Rvík.
Þorvaldur Jónsson, læknir á Ísafirði, r. af dbr., 1907.	Ögmundur Sigurðsson, skólastjóri í Hafnarfirði 1908.
Þorvaldur Jónsson, prófastur, r. af dbr., á Ísafirði 1907.	Östlund, D., trúboði í Rvík 1908.

AUKAFÉLAGAR.

Lehmann Filhés, fröken, í Berlín.
 Minner, J. N., kennari, þýðari m. m. í Frakkafurðu.
 Sourindro, Mohun Taggore, dr. mus., r. af dbr., í Calcutta.

TILLÖG DÁINNA OG ÚRGENGINNA FÉLAGSMANNA.

B. Gröndal, magister, 1903—04.
 Daníel Halldórsson, prófastur, Útskálum 1907.
 Einar B. Guðmundsson, dbrm., Hraunum 1907—08.
 Faraday, W., Miss., Manchester 1908.
 Guðni Guðmundsson, læknir, Svaneke 1907.
 Jón Guðmundsson, prestur, Nesi í Norðfirði 20 kr.
 Jón Gunnarsson, verzlunarstjóri, Hafnarfirði 15 kr.
 Magnús Bjarnarson, prestur á Prestsbakka 18 kr.
 Ólafur Sigurðsson, dbrm., Ási 1906.
 Pétur Pétursson, bæjargjaldkeri, Rvík 1908.
 Svavar Sigurbjarnarson, bókhaldari, Rvík 1907.

UMBOÐSMENN FÉLAGSINS.

- Bardal, H. S., bóksali, 557 Elgin Ave, Winnipeg, Man. Can.
Bergmann, Jónas S., Gardar Pembina, Dak. U. S. A.
Björn Hallsson, bóndi á Rangá, N.-Múlas.
Bogi Sigurðsson, kaupmaður í Búðardal.
Böðvar Þorláksson, sýsluskrifari á Blönduósi.
Davíð Ketilsson, kaupmaður á Oddeyri.
Guðmundur Bergsson, bóksali á Ísafirði.
Gyldendals bókaverzlun (Hegel) í Kaupmannahöfn.
Jón Jónsson, prófastur á Stafafelli.
Jón Runólfsson, sýsluskrifari á Eskifirði.
Jón Sighvatsson, bóksali í Vestmanneyjum,
Lárus Tómasson, bankagjaldkeri á Seyðisfirði.
Olgeir Friðgeirsson, verzlunarstjóri á Vopnafirði.
Páll H. Gíslason, verzlunarstjóri á Fáskrúðsfirði.
Páll Jónsson, bókhaldari á Djúpavogi.
Sigurður Stefánsson, prestur í Vigur.
Stefán Guðjohnsen, verzlunarstjóri á Húsavík.
Sveinn Jónsson, bóksali í Stykkishólmi.
The Viking Club, 36 Margaretha Terrace, London.
Þorbergur Guðmundsson, búfræðingur í Nesi í Norðfirði.
-

ON THE NATURE OF THE ...

The first part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The second part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The third part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The fourth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The fifth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The sixth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The seventh part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The eighth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The ninth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The tenth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The eleventh part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The twelfth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The thirteenth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The fourteenth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The fifteenth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The sixteenth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The seventeenth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The eighteenth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The nineteenth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

The twentieth part of the paper is devoted to a discussion of the ...

SKÍRNIR

TÍMARIT HINS ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGS

LXXXIII. ÁR

RITSTJÓRI

EINAR HJÖRLEIFSSON



REYKJAVÍK

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA

1909

SKIRBO

THE SKIRBO

Efnisyfirlit.

	Bl.
Skapstórar konur (alþýðuerindi) eftir <i>Einar Hjörleifsson</i>	1
Úr ferðasögu eftir <i>Helga Péturss</i>	26
Vistaskifti (smápættir) eftir <i>Einar Hjörleifsson</i>	46
Um ættarnöfn eftir <i>Jóhannes L. L. Jóhannsson</i>	53
Agrip af upptökum og sögu kvenréttindahreyfingarinnar í Ameríku eftir <i>Briet Bjarnhédinsdóttur</i>	65
Ritdómar eftir <i>Þorleif H. Bjarnason, Indriða Einarsson</i> og <i>Einar Hjörleifsson</i>	77
Erlend tíðindi eftir <i>Þorstein Erlingsson</i>	89
Pundið (kvæði) eftir <i>Einar Benediktsson</i>	97
Um sjúkrasamlög eftir <i>Guðm. Björnsson</i>	100
Síðustu minningarnar (saga) eftir <i>Jóh. Þorkelsson</i>	122
Úr ferðasögu eftir <i>Helga Péturss</i>	130
Mærin frá Orleans eftir <i>Þóru Friðriksson</i>	147
Hitt og þetta um drauma eftir <i>Guðm. Friðjónsson</i>	168
Grikkir og Páll postuli (þýð.) eftir <i>Matth. Jochumsson</i>	179
Erlend tíðindi eftir <i>Þorstein Erlingsson</i>	183
Prestarnir og jätningarritin eftir <i>Jón Helgason</i>	193
Abraham Lincoln eftir <i>Þorleif H. Bjarnason</i>	225
Betur má ef duga skal (ræða) eftir <i>Björn Bjarnason</i>	242
Vistaskifti (smápættir) eftir <i>Einar Hjörleifsson</i>	258
Út af æfisögu Péturs biskups eftir <i>Þorv. Thoroddsen</i> og <i>Þorleif</i> <i>H. Bjarnason</i>	264
Upphaf konungvalds á Íslandi (ritd.) eftir <i>Þorleif H. Bjarnason</i>	273
Erlend tíðindi eftir <i>Þorstein Erlingsson</i>	279
Endurminningar (saga) eftir <i>Martu Jóhannsdóttur</i>	289
Um starf og stjórn sjúkrasamlaga eftir <i>Guðm. Björnsson</i>	307
Agrip af upptökum og sögu kvenréttindahreyfingarinnar í Ameríku eftir <i>Briet Bjarnhédinsdóttur</i>	328

Að verða úti eftir <i>Steingrim Matthiasson</i>	Bls. 347
Erlend tíðindi eftir <i>Þorstein Erlingsson</i>	367
Ísland 1909 eftir <i>Jakob Möller</i>	378
Skýrslur og reikningar Bókmentafélagsins	I—XXIV

Skapstórar konur.

Alpýðuerindi.

Margar eru þær konur í fornsögum okkar, sem okkur Íslendingum hefir fundist mikið til um á einhvern veg, margra kvenna þar getið, sem hafa laðað hug okkar eða fælt hann. En óhætt tel eg að fullyrða það, að mest höfum við hugsað og talað um þrjár þeirra.

Þessar konur eru þær *Hallgerður Höskuldsdóttir* langbrók, *Bergþóra Skarphédinsdóttir* og *Guðrún Ósvífursdóttir*.

Þessar fornkonur hafa læst sig inn í huga okkar öllum öðrum fremur, af því að lýsingar þeirra eru svo ljósarísögunum — vér verðum svo mikils visari um þær — af því að ástríðumagnið er svo mikið í lífi þeirra, og af því að söguhöfundarnir skilja við þær svo óvenjulega eftirminnilega undir æfilokin eða í þeim.

Síðast er okkur sagt það af einni þeirra, eða gefið í skyn að minsta kosti, að hún hafi gerst fylgikona eins hinna mestu varmenna, sem getið er um í fornsögum okkar.

Við aðra er skilið á tindi ástrikisins og trygðarinnar. Hún gengur sjálfviljug til hvílu með manni sínum, þegar hibýli hennar standa í björtu báli utan um hana.

Þriðja konan býr við auð og sæmd í elli sinni. En hugurinn er fullur af harmi. Hún er löngum um nætur að kirkju á bænum sínum. Og þá grætur hún heitum tárurum.

Hér er hver harmsögupátturinn öðrum stórfeldari og átakanlegri. Það er engin furða, að þessar konur hafi orðið Íslendingum fastar í minni.

Eg veit það, að Njála og Laxdæla eru ykkur öllum kunnar. Svo að því leyti er það að bera í bakkafullan lækinn að segja ykkur nokkuð úr þeim. En eg minnst þess jafnframt, að eitt af skáldum okkar, sem alla sína æfi hafði setið við lindir Norðurálfu-mentunarinnar, yrkir um það, að hann sé

leiður á öllu utan
Íslendingasögum.

Og eg veit það líka, að flestir Íslendingar geta lesið Njálu og Laxdælu, hvað oft sem þeir hafa lesið þær áður — alveg að sínu leyti eins og okkur getur verið yndi að því að lita yfir það útsýnið, sem við unnum mest, þó að við höfum séð það í gær, og þó að við höfum séð það í fyrra, og þó að við höfum séð það dag eftir dag og ár eftir ár og áratug eftir áratug, og þó að við þekkjum hvert fjallið í því eins og rúmið okkar, og hvern stein, og hvern hól, og hverja lækjarsprænu, og alt, sem þar er að sjá. Þess vegna er eg að vona, að þið takið ekki hart á mér, þó að eg rifji upp nokkur af æfiatriðum þessara kvenna. Eg skal láta þess nú þegar getið til skýringar, að eg geri það í því skyni, að einhverju okkar kunni að verða ljósara eftir en áður, hvernig á öllum þessum einkennilegu og ógleymanlegu æflokum stendur.

Við rennum þá fyrst augunum til Hallgerðar.

Fáa mundi hafa grunað það, þegar hún var barn heima hjá föður sínum, að hún mundi nokkuru sinni lúta svo lágt á ofanverðum árum sínum, sem Njála gefur í skyn. Reyndar segir sagan okkur, að Hrútur föðurbróðir hennar hafi haft orð á því við föður hennar, að hún hefði þjófsaugu. En við getum gengið að því vísu, að það sé munnmæla-tilbúningursíðari tíma. Hrútur var alt of mikið ljúfmenni og príðmenni til þess að láta sér slíkt um munn fara um saklaust barnið — þó að hann hefði eitthvað séð. Og hann hefir að líkindum ekkert séð, annað en það sem allir sáu, að

mærin var frið sýnum og mikil vexti og hárið svo fagurt sem silki og svo mikið, að það tók ofan á belti.

Og ekki skorti ættgöfgina, sem forfeðrum okkar þótti svo mikils um vert. Hallgerður var af allra-beztu ættum Íslands. Af hennar, Dala-Kollur, hafði verið hersir í Noregi. Og Þorgerður kona hans, en amma Hallgerðar, var dóttir Þorsteins rauðs, sem unnið hafði hálf Skotland og gerst konungur yfir því. Móðir Þorsteins var Unnur djúpúðga, sem sennilega hefir verið mest tilkvæmdakona í öllu landnámsmanna liðinu. Móðir Hallgerðar, Jórunn Bjarnardóttir, var stóráttuð, skörungur mikill í vitsmunum, þótti bestur kostur í öllum Vestfjörðum, og heldur skapstór jafnan, segir Laxdæla. Og Höskuldur, faðir Hallgerðar, er einn af mestu höfðingjum Íslands um sína daga, stórauðugur maður, og hagaði svo ráði sínu um tíma, sem fátítt var, eða með öllu dæmalaust, jafnvel um forfeður okkar, að »hann var jafnan sinn vetur hvárt með Hákonu konungi (Aðalsteinsfósta) eða at búi sínu,« segir Laxdæla, og varð nafnfrægur maður bæði í Noregi og á Íslandi. En vikingslundin, ósanngirnin og ágengnin auðsæ í öðru veifinu. Stórmenska vikingaaldarinnar er í ættunum með kostum hennar og göllum. En lítilmenskan hvergi, svo menn viti.

Þessi höfðingjadóttir vex upp í föðurgarði, þar til er hún er gjafvaxta. Örlynd þótti hún og skaphörð. En hún var kvenna friðust sýnum og mikil vexti. Hún var fagurhár, og svo mikið hárið, að hún mátti hylja sig með, segir Njála. Þá er hún föstnuð manni, og alls ekki til þess kvödd. Hún fær ekkert um þetta að vita, fyr en biðillinn er riðinn heim. Hún tekur því fálega. »Ekki legg ek svá mikið við ofmetnað þinn, at hann standi fyrir kaupum mínum«, segir faðir hennar; »ok skal ek ráða, en eigi þú, ef okkr skilr á.« »Mikill er metnaðr yðvarr frænda« segir hún, »ok er eigi undarlegt, at ek hafi nakkvarn.« Svo óvænlega er til fyrsta hjónabands hennar stofnað.

Þið vitið, hvernig því hjónabandi lauk. Hallgerður var fengsöm og stórlynd, kallaði til alls þess, er aðrir áttu í nánd og hafði alt í sukki. Fyrsta vorið er matarskortur í búinu. Bónda hennar þykir eyðslan gegndarlaus. Hún svarar harðyrðum, kveðst ekki fara að því, þó að hann hafi svelt sig til fjár og faðir hans. Maður hennar reiðist, lýstur hana í andlitið, svo að hún verður sár og blæðir. Höfðingjadótturinni verður svo skappungt, að hún ræður manni sínum bana.

Hallgerður var manni gefin annað sinn, og þá að ráði og vilja sjálfrár sín. Þeim manni, Glúmi Ólafssyni, var hún góð kona. Sambúðin við hann hefir sjálfsagt verið bjartasta sólskinið á æfi hennar. En ólánið situr um hana. Þjóstólfulur fóstri hennar hefir verið henni eftirlátastur allra manna, þó að hann sé annars ofsamaður og illmenni. Henni þykir vænt um hann. Hann hefir verið rekinn burt frá föður hennar og leitar á nádir hennar. Hún leggur hendur um háls manni sínum og biður hann að lofa Þjóstólfi þar að vera. Hann hefir verið við því varaður að taka þann mann á heimili sitt; en hann stentz ekki bliðu konu sinnar. Þjóstólfulur reynist illa, spillir öllu á heimilinu og hlífist við engan mann nema Hallgerði. Einn dag hefir hann haft óvenju-mikinn ofsa í frammi við Glúm. Glúmur hefir orð á því við Hallgerði. Njála lýsir því, sem þá gerðist, af hinni mestu snild, þó að frá-sögnin sé fáorð:

»Hallgerðr mælti þá eftir Þjóstólfi ok varð þeim þá mjök at orðum. Glúmr drap til hennar hendi sinni ok mælti: »Ekki deili ek við þik lengr«, og gekk síðan í braut. Hon unni honum mikit ok mátti eigi stilla sik ok grét hástöfum. Þjóstólfr gekk at henni ok mælti: »Sárt ert þú leikin ok skyldi eigi svá oft«. »Ekki skalt þú þessa hefna«, segir hon, »ok engan hlut í eiga, hversu sem með okkr ferr!«

Hann gengur í braut, glottir við og vegur mann hennar. Svo mikið alvörumál hefir henni verið, að Glúmi væri ekkert mein gert, þó að hann berði hana, að hún sendir

fóstra sinn út í opinn dauðann, þegar hann hefir unnið þetta verk.

Hallgerður fastnar sig sjálf hið þriðja sinn, einhverjum glæsilegasta, drenglyndasta og hreinhjartaðasta kappanum á söguöld vorri, Gunnari Hámundarsyni að Hlíðarenda. Sjálfsagt hefir svo verið litið á, sem betra gjaforð gæti engin kona fengið á Íslandi. En ekki verður henni það að öðru en hinu megnasta óláni. Hún lendir í fjandskap við beztu vini Gunnars. Þið munið upptökin; Hallgerður átti þau ekki. Þau hjónin eru í heimboði að Bergþórshvoli hjá Njáli og Bergþóru konu hans. Þegar þau höfðu verið þar nokkura hríð, kom Helgi Njálsson og Þórhalla kona hans heim. Þá gekk Bergþóra að pallinum og Þórhalla með henni, og Bergþóra mælti til Hallgerðar: »Þú skalt þoka fyrir konu þessi«.

Forfeðrum okkar var það viðkvæmt mál, hvar þeim var ætlað sæti í samkvæmum. Sumum mönnum er það í meira lagi viðkvæmt enn. Meðan eg átti heima í Canada, neitaði erkibiskup kaþólskra manna í Quebec að þiggja boð landstjórans, af því að honum var ekki ætlað að sitja við hliðina á honum. Meiri árangur hefir enn ekki orðið sumstaðar í kirkju Krists af þeirri viðvörun meistarans, að sækjast ekki eftir hinum æðstu sætum. Fornmenn hafa sjálfsagt oft verið í vandræðum út af því stærilæti gesta sinna. En stundum réðu hinir beztu og vitrustu menn fram úr þeim örðugleikum og réttu húsráðendum hjálparhönd. Við sjáum það á Njálu. Þegar hún hefir skýrt frá því, hvernig nokkurum af höfðingjunum var skipað í brúðkaupi Gunnars á Hlíðarenda, segir hún það af Holta-Þóri, bróður Njáls, að hann hafi viljað sitja yztur virðingamanna; því at þá þótti hverjum gott þar sem sat.

Hallgerði þykir sér nú svivirðing ger. Og það hefði sjálfsagt fleiri konum þótt í hennar sporum á þeim tímum. Hún er af engu ógöfugri ættum en Þórhalla. Maður hennar hefir unnið sér miklu meira til frægðar en maður Þórhöllu. Sjálf er hún eldri kona en Þórhalla og vafalaust miklum miklum mun friðari sýnum og glæsilegri. Og hún

lítur svo á, sem hún hafi ekki til þessa unnið. Hún hefir einmitt skipað þessari Þórhöllu hið næsta sér í brúðkaupi sínu. »Hvergi mun ek þoka«, segir hún, »því at engi hornkerling vil ek vera«. »Ek skal hér ráða«, segir Bergþóra. Og svo varð að vera, sem hún vildi. Hallgerður reynir að ná sér niðri með því að stríða Bergþóru á því, að hún hafi kartneglur og að maður hennar sé skegglaus. Bergþóra svarar með enn meiri móðgunar-yrðum, bregður henni um, að hún hafi ráðið fyrsta manni sínum bana. Hallgerði verður æ skappyngra. »Fyrir lítit kemr mér«, segir hún, »at eiga þann mann, er vaskastr er á Íslandi, ef þú hefnir eigi þessa, Gunnarr«. Hann fer heim með hana úr miðri veizlunni — enda hefir honum naumast lengur verið sætt — og kennir henni um alla deiluna.

Eftir þetta verður Hallgerður um nokkur ár beinlínis og óbeinlínis völd að mörgum manndrápum. Hún hefnir svivirðingarinnar á Bergþórshvoli með því að láta drepa þræl Bergþóru. Bergþóra vill ekki láta hana eiga hjá sér, og gerir henni sömu skil. Og að lokum láta þær ekki drepa þræla hvor fyrir annarri, heldur beztu vini þeirra.

Enn hefir Hallgerður, eftir því sem mér virðist, naumast hafst neitt annað að en það, sem nokkurn veginn mátti búast við af skapstórri og skapharðri höfðingja og vikingsdóttur. Sé lítið á atferli hennar nútíðaraugum, verður það auðvitað ein samfeld glæpafesti. En menn verða að gæta að aldarfarinu. Á þeim tímum er það ekki að eins óvirðing, heldur og æruleysi, sem sviftir menn borgaralegum réttindum, að hefna sín ekki. Ekkert tekur metnaðar- og virðingamenn með forfedrum vorum jafnsárt og það, ef vandamenn þeirra leggjast þá skyldu undir höfuð. Fornsögur okkar eru fullar af slíkum dæmum. Eg skal að eins geta eins.

Þegar Ögmundur dyttur, frændi Víga-Glúms, fer utan hið fyrra sinn, fer hann svo óvarlega við Noreg, að hann siglir í kaf langskip, sem einn af vinum Hákonar Hlada-

jarls á. Fé tynist alt, sem var á skipinu, en mönnum var borgið. Vigfús son Viga-Glúms leitar um sættir. En Ögmundur svarar af svo miklu mikillæti, að maðurinn, sem fyrir tjóninu hafði orðið, hefir ekki lund til þess að semja við hann og lemur Ögmund með öxarhamri, svo að hann féll þegar í óvit. Vigfús biður hann oft að hefna sín og býður honum sitt liðsinni. En Ögmundur er þá alt í einu orðinn gætinn maður. Hann sér, að með því mundi hann stofna Vigfúsi í opinn dauðann; »á ek annat at gjalda Glúmi föður þínum«, segir hann, »en hafa þik í þeiri hættu, at þér sé víð ván meiðsla eðr bana af mínu tilstilli«. Vigfús tekur þeirri afsökun hið versta, og smánar Ögmund í orðum. Og ekki tók betra við, þegar Ögmundur kom heim til Glúms. Ögmundur færir fram sömu málsbætur eins og við Vigfús; hann vildi ekki stofna syni hans í hættu. Glúmur segir, að sér hefði þótt tilvinnandi, að þeir væru báðir dauðir, sonur hans og Ögmundur, ef hann hefði hefnt sín. Og þó að Ögmundur sé hinn mesti nytsemdarmaður á heimili hans, þá rekur Glúmur hann burt. Þá fyrst, er Ögmundur hefir farið utan hið annað sinn, og komið fram hefndinni, tekur Glúmur hann aftur í sátt við sig.

Og mennirnir hafa svo sem ekki losað sig við þessa hefndardýrkun enn. Með sumum helztu menningarþjóðunum er það sæmdarskylda hinna heldri manna enn í dag að ganga á hólm við þá, sem hafa móðgað þá. Vitanlega er það ekki gert í því skyni að fá útkljáð með skynsamlegum hætti, hvor á réttu hefir eða röngu að standa. Einvígis-úrslitin geta enga bendingu gefið um það. Það er ekki gert í neinu öðru skyni en því að hefna sín. Og nokkurn veginn hið sama má segja um meiðyrðamálaferlin, sem tíðkast hafa svo mikið með okkar þjóð. Sé maður borinn því, sem kallað er meiðyrði, frammi fyrir almenningi, þá telja flestir svo sem sjálfsagt, að hann höfði mál. Það er sjaldnast, mér liggur við að segja aldrei, gert í því skyni, að mennirnir fái að sjá, hvað sé rétt og hvað sé rangt. Málsúrslitin sýna sjaldn-

ast annað en það, ef þau verða sækjanda í vil, að verjandi hafi ekki getað fært fram þau sönnunaratvik með sínum málstað, sem dómstólarnir hafa tekið gild, eða að hann hafi dregið þær ályktanir af viðurkendum atvikum, sem ekki séu sannar, eða að hann hafi verið of harðorður, þó að um atvikin sjálf og ályktanir af þeim sé í raun og veru enginn ágreiningur. Málsúrslitin gefa sjaldnast minstu bendingu um það, hvoru megin sannleikurinn er og réttlætið og drengskapurinn. Og til málaferlanna er í raun og veru ekki stofnað í neinu öðru skyni en því að hefna sín. Og árangurinn af þeim verður aldrei annar en aukin óvild og vonzka. Samt telja flestir það óvirðing og lítilmensku að »liggja undir skömmum«, sem kallað er, og fara ekki í mál. Svo langt erum við enn frá hugsjónum hans, sem við kristnir menn kennum okkur við.

Enn sæmir okkur því bezt að tala varlega um hefndir Hallgerðar.

En æfisögu Hallgerðar einkennir það mest, að leiðin liggur alt af niður á við. Næsta stigið er þjófnaður hennar í Kirkjubæ. Hallæri kemur um allar sveitir, heyskortur og matarskortur. Gunnar miðlar mönnum, þar til er hann skortir bæði mat og hey. Þá fer hann þess á leit við Otkel í Kirkjubæ, að hann hjálpi sér um það hvorttveggja. En Otkell afsegir. Vafalaust hefir Hallgerður reiðst þeim undirtektum í meira lagi, sem von var, og hugsað sér, að ekki skyldi Otkell hafa betra af því. Og þegar Gunnar er ridinn til þings, kúgar hún þræl til þess að fara til Kirkjubæjar, stela þar mat á tvo hesta og leggja eld í útibúrið, sem maturinn er geymdur í. Vitanlega var þetta glæpur á þeim tímum. En sjálf-sagt hefir hefndarhugurinn ráðið þar mestu. Og á þeim tímum var hefndargirninn talin dygð en ekki löstur. Og þegar menn athuga, hvernig vikingarnir, frægustu menn Norðurlanda, fóru að ráði sínu í öðrum löndum, hvernig þeir létu greipar sópa um eignir bænda og borgara, hvar sem þeir komu, og drápu hvern mann, sem veitti þeim nokkura mótspyrnu, þá er það ekki óskiljanlegt, að meðvitundin um eignarrétt þeirra, sem sýnt höfðu manni

ódrengskap, hafi ekki verið sem viðkvæmust með skapstórum og ofsafengnum mönnum eins og Hallgerði. Sennilega hefir henni fundist rétt að stela frá þeim manni og spilla á laun eigum þess manns, sem synjaði henni hjálpar í hallæri. Auðvitað skemtilegast og vasklegast að fara að honum um hábjartan dag með vopnuðu liði, brjóta bæ hans og drepa hann sjálfan. En þess var enginn kostur. Og þá var að tjalda því eina ráðinu, sem til var.

Þá komum við að sambúð Hallgerðar við Gunnar, sem lauk svo óvenjulega hrapallega og hörmulega, að hvert islenskt mannsbarn hryllir við. Sjálfsagt hefir hún hugsað til þess með miklum fögnuði, »að eiga þann mann, er vaskastr er á Íslandi«. En hún bar ekki gæfu til þess að láta þann fögnuð verða langvinnan. Hún fær aldrei beint vaskleikanum í þá átt, sem hana langar til. Gunnar er stöðugt bezti vinur verstu óvina hennar. Hann lætur jafnvel Sigmund frænda sinn, sem Skarphéðinn hafði vegið, liggja óbættan um nokkur ár, hreyfir ekki eftirmálum eftir hann — mann, sem verið hafði hinn mesti vin Hallgerðar og týnt lífinu fyrir þá sök eina, að hann hafði reynst henni um of talhlýðinn. Geti má nærri, hve það tómlæti hans hefir reynt á skapsmuni hennar. Og eftir eina sáttargjörð Gunnars við Njál út af vígum þeim, er hún stofnar til, var Gunnar lengi fár við hana, »þar til at hon lét til við hann«. Eitt skiftið, er Gunnar kemur inn í dyngju hennar — þegar hún hefir fengið Sigmund til að niða Njál og sonu hans — stendur svo mikil ógn af honum, að enginn þorir að mæla orð frá munni; en áður hafði þar verið háreysti mikil og hlátur. Með öllu hennar ráðriki, og öllu hennar stærilæti, og öllum hennar ofsa, er það auðsætt, að vilji hennar, höfðingjadótturinnar auðugu, sem komið hefir með ógrynni fjár í búið, og ef til vill er fríðust kona á Íslandi, verður undantekningarlaust að lúta í lægra haldi, þegar mest reynir á, í sambúðinni við þennan mann. Og hugur hennar hefir að sjálfsögðu stöðugt fylst meiri og meiri mótþróa gegn honum.

Ofan á þetta bætast eftirköstin eftir þjófnaðinn í Kirkjubæ. Gunnar kemur heim af þingi með fjölda manns. Hallgerður ber mat á borð, ost og smjör. Gunnar veit ekki slíks matar von, og spyr, hvaðan hann sé kominn. Hallgerður færir undan svörum og segir það ekki karla að annast um matreiðu. Gunnar reiðist, segir það ilt, ef hann sé þjófsmatur og lýstur hana kinnhest. Hún verður að bera matinn af borðinu aftur og koma með annan mat. Þessi mikla smán er henni gerð í viðurvist margra manna. Þann kinnhest kveðst hún skyldu muna og launa, ef hún mætti. Hún fyrirgefur hann aldrei. Frá þeirri stund hefir hún vafalaust hatað mann sinn, og sennilega aldrei gleymt hatrinu nokkurt augnablik.

Sjö árum síðar, eða þar um bil, gefst henni kostur á að launa kinnhestinn. Gunnar er orðinn sekur, hefir verið dæmdur til utanfarar og er réttdræpur óvinum sínum, ef hann legst þá för undir höfuð. Hann getur ekki slitið sig burt frá landinu, vill heldur leggja út í nokkurn veginn vísan dauðann. Og nú hafa óvinir hans sótt hann heim með ofurefli liðs. Hann er einn til varnar. Bogi hans er það vopnið, sem hann fær bezt við komið. En bogastrengurinn hefir verið höggvinn sundur fyrir honum. Hallgerður heldur enn hárinu mikla og fagra, þó að hún sé orðin nokkuð roskin kona. Gunnar segir þá við hana: »Fá mér leppa tvá ór hári þínu ok snúið þit módir mín saman til bogastrengs mér«. »Liggr þér nakkvat við?« segir hún. »Líf mitt liggr við«, segir hann, »því at þeir munu mik aldri fá sóttan, meðan ek kem boganum við«. »Þá skal ek nú«, segir hún«, »muna þér kinnhestinn; ok hirði ek aldri, hvárt þú ver þik lengr eða skemr«. »Hefir hverr til síns ágætis nakkvat«, segir Gunnar, »ok skal þik þessa eigi lengi biðja«. Að nokkurri stund liðinni er hann drepinn eftir frábæra vörn.

Hallgerður hefir þá komið fram hefnd sinni, og það greinilegar, en hún hefir að líkindum gert sér nokkura von um. En hverju er hún nær? Er hún nokkuð sælli kona eftir en áður? Því fer svo fjarri, að svo virðist,

sem þá fyrst hafi vansæla hennar orðið að marki. Hún, sem öllum hefir boðið byrginn, jafnvel metnaðarmestu höfðingjum landsins, hún hröklast nú frá Hlíðarenda undan gamalli kerlingu, Rannveigu móður Gunnars. »Hon var svá hörð við Hallgerði, at henni helt við at hon mundi drepa hana«, segir Njála. Nokkurum árum áður mundu líkurnar hafa verið meiri þess, að Rannveig yrði að hrökkva undan Hallgerði, þegar Gunnar væri fallinn frá, en að Hallgerður létu kerlingarskar flæma sig burt af hennar eigin búi. Sýnilega er nú eitthvað hrokkið sundur í sálarlífi hennar, sem áður hefir verið heilt. Niðingsverkið hefir nagað sundur ræturnar að lífsins tré, eins og öll niðingsverk, smá og stór, gera æfinlega.

Svo er ekkert af henni sagt, unz við verðum þess visari, að hún er orðuð við Víga-Hrapp, afhrak og illmenni, sem ekkert hefir til sins ágætis. Okkur er ekkert frá því skýrt, hvernig slikt hefir atvikast um hana, höfðingjadótturina mikillátu og höfðingjakonuna stóraudugu, sem aldrei hafði verið við neitt lauslæti kend, meðan hún var í blóma aldurs síns. Og ekki er okkur heldur neitt frá því skýrt, hvað um hana verður eftir víg Hrapps. En við getum gizkað á, hvernig tómlaikinn þjáir sál hennar. Og hún grípur til þess úrræðis að fylla líf sitt einhverri æsingu, að sinu leyti eins og drykkjuaðurinn leitar í flöskuna. Og hún sekkur lengra og lengra niður í djúpið. Og hennar er að engu getið.

Nú hverfum við frá Hallgerði um stund, og litum til Bergþóru.

Eitt af skáldum okkar hefir ort um hana yndislegt kvæði. Hann minnst eingöngu á æfilokin. Ekki er það nema rétt og edlilegt. Þar kemur vafalaust fram sterkasti og hljómmeisti strengurinn í sálarlífi hennar, insti edli hennar. En eftirtektavert er það engu síður, að mest af því, sem okkur er sagt af atferli hennar, er nauðalíkt sumu atferli Hallgerðar.

Hún móðgar Hallgerði að fyrri bragði í veizlunni á Bergþórshvoli, sem eg hefi áður minnst á. Hallgerður

verður fyrri til að láta drepa fyrir henni mann. En eftir það haldast þær í hendur um manndrápin. Nálega æfinlega, þegar sagt er frá athöfnum Bergþóru, er hún að stofna til manndrápa. Logar hefndargirninnar virðast hafa verið heitari í hennar hug en nokkurs annars á Bergþórshvoli. Njáll sér það, alt af öðru hvoru að minsta kosti, eins og fleiri hinna vitrustu og beztu manna, að þessar hefndir allar séu nokkuð viðsjárverðar. »Kemst, þó at seint fari, húsfreyja«, segir hann eitt sinn við konu sína, þegar hún geisar um bæinn, friðlaus af hefndarhug. »Ok ferr svá um mörg mál, þó at menn hafi skapraun af, at jafnan orkar tvímælis, þó at hefnt sé«. En í þeim efnum verður hún ekki sefuð. Þrásinnis eggjar hún syni sína með hinum beiskustu napuryrðum, og virðist þó svo, sem þeir væru sæmilega fúsir stórræðanna. Hvað eftir annað kemur það fram, að henni þykir þeir, með öllum þeirra ofsa og vikingslund, óþolandi tómlátir til hefnda. Stundum er hún eins og á nálum út af því, að hefndina muni bera undan, synir hennar kunni að fresta henni, þangað til góðir menn hafi komið sættum á, svo að alt verði um seinan.

Þetta er megnið af því, sem okkur er sagt af þessari konu fram undir æfilokin. Og ekki fegurra en það er, er ekki til nokkurt mannsbarn á Íslandi, sem ekki fyllist metnaði — ekkert, sem ekki hlýnar um hjarta-ræturnar við umhugsunina um það, að Bergþóra skuli hafa verið íslenzk kona. Og öll finnum við til þess, að hún er ein þeirra kvenna, sem hlotið hafa dýrlegastan dauðdaga. Hvernig verður þessu komið heim?

Við vitum ofurlítið meira um hana.

Við vitum, að þegar Njáll ræðir við Atla, húskarl hennar, um það, að hann sé í alt of mikilli hættu þar á heimilinu, og að hann skuli fyrir því ráðast austur í fjörðu, þá svarar Atli: »Betra þykkir mér að látast í þínu húsi en skifta um lánardrotna«. Og við vitum, að það var Bergþóru vegna, fremur en nokkurs annars manns, að

honum fórust svo orð. Svo mikla ást hefir hún getað kveikt hjá vandalausú vinnufólki.

Og við vitum, hvað drengurinn Þórður Kárasón, dóttursonur hennar, sagði í brennunni. »Þik skal bera út, ok skalt þú eigi inni brenna«, segir Bergþóra við hann. »Hinur hefir þú mér heitit, amma«, segir sveinninn, »at vit skyldim aldrei skilja, meðan ek vilda hjá þér vera. En mér þykkir miklu betra at deyja með ykkur Njáli, en lifa eftir«. Við vitum, að hún hlýtur einhvern tíma að hafa verið góð við þann dreng.

Þegar við athugum þetta, fer okkur að verða skiljanleg, hvað sem öllum hermdarverkum og manndrápum liður, sú óumræðilega dýrlega stund, þegar hún velur um lífið og dauðann.

Eldur hefir verið kyntur fyrir öllum dyrum. Allur skálinn logar ofan. Öll húsin eru tekin að loga. Angist dauðans hefir gagnað konurnar, sem vonlegt var, þó að Njáll reyni að sefa þær með fortölum um miskunnsemi guðs. Og nú eru þær allar komnar út, nema Bergþóra.

»Gakk þú út, húsfreyja«, segir Flosi þá; »því at ek vil þik fyrir engan mun inni brenna«.

Bergþóra mælti: »Ek var ung gefin Njáli — ok hefi ek því heitit honum, at eitt skyldi ganga yfir okkr bæði«.

»Síðan gengu þau inn bæði« — inn í logandi húsin, inn í opinn dauðann, hvort inn í annars ástararma, sem vafalaust hafa þá jafnan opnastir og útbreiddastir verið í öllu lífinu, þegar mest reyndi á og andstreymið var örðugast — hvort inn í annars faðm, sem hlýjastur er í sjálfum dauðanum.

Við komum þá að þriðju konunni, sem eg nefndi í upphafi þessa máls, Guðrúnu Ósvífursdóttur.

Um enga íslenzka fornkonu hefir okkur Íslendingum orðið jafn-tíðrætt. Það kemur af því, að engin fornkonan okkar fær hugsjónaaflinu jafn mikið að starfa.

Hún virðist hafa verið mest atgerviskona, líkamlega og andlega, af öllum konum í fornsögum okkar. Laxdæla

segir um hana. Þegar hún nefnir hana hið fyrsta sinn, að hún hafi verið »kvenna vænst, er upp óxu á Íslandi, bæði at ásjánu ok vitsmunum. Guðrún var kurteis kona, svá at í þann tíma þótti alt barnavípr, þat er aðrar konur höfðu í skarti hjá henni. Allra kvenna var hon kænst ok bezt orði farin«. Og þegar Hrefna tekur að stríða Kjartani á Guðrúnu — um það leyti, sem Kjartan er í grimmustum hug til hennar og vandamauna hennar og hefir gert Lauga-fólkinu hina mestu svívirðing — þá segir hann, að Guðrún mundi »ekki þurfa að falda sér motri. til þess at sama betr en allar konur aðrar«. Hún hlýtur að hafa verið óumræðilega yndisleg, bæði ásýndum og í viðmóti, þegar hún vildi það við hafa. Við sjáum það bezt á því mikla valdi, sem hún á á þeim mönnum, sem komast í mest kynni við hana.

Hitt hefir þó enn meira á okkur fengið, hve fjöllynd hún er. Skapferlið er svo óvenjulega fjölbreytilegt — eins og allar andstæður komist þar fyrir. Grimm er hún, eins og þær, sem grimmastar eru; í því efni er Hallgerður henni fráleitt meiri. En Guðrún er undirfórulli, af því að hún er vitrari. Hún tælir menn út í hættulegustu vandamál, og varpar þeim frá sér eins og útslitnum skógörmum, þegar hún hefir fært sér í nyt flasfengni þeirra og auðtrygni. En hún er ekki að eins full ástúðar við vandamenn. Hún getur reynst vandalausum mönnum svo mikill drengur, að hún stofnar öllu í hættu fyrir nauðleitarmenn sína, jafnvel sæmd og metorðum og gæfu sjálfrar sín. Hún festir ást við mann og ann honum fram í dauðann. Hún lætur taka þann mann af lífi. Og hún lætur fóstbróður hans, sem aldrei getur annað en elskað hann, verða banamann hans. Ástríðurnar eru óhemjulegar. En stillingin er svo mikil, að mann hryllir við, eins og komið sé út úr mannheimum. Bergþóra geisar um bæinn í geðshræring. Hallgerður hleder menn illyrðum. En Guðrún er eins og fjörður í hvítalogni, þegar henni er skapþyngst. Þegar Bolli maður hennar er veginn, gengur hún til tals við vegendurna og

fylgir þeim á leið, í því skyni að vita sem gerst, hverjir hafa verið í ferðinni. Hún spyr þá, hvað til tíðinda hafi orðið í skiftum þeirra Bolla. Þeir segja slíkt sem í hafði gerst. Enginn finnur á henni, að þeir hafi neitt það gert, er henni var í móti skapi. Einn vegandinn hefir í frammi við hana það illmenschubragð, að hann þerrir á fötum hennar blóðið af því spjótinu, sem hann hafði lagt mann hennar í gegn um með. »Guðrún leit til hans ok brosti við«.

Langmest af því, sem okkur er sagt um Guðrúnu, er bundið við ástamál hennar og hjónabönd. Laxdæla leggur sérstaka áherzlu á giftinga-örlög hennar með því að segja, þegar Guðrún er nýkomin til sögunnar, drauma, sem hana dreymir fyrir mönnum sínum. Einn er krók-faldur, sem henni þótti illa sama; og hún greip hann af höfði sér og kastaði honum út í læk. Annar er silfurhringur, sem henni þótti mikil gersemi og ætlaði lengi að eiga. En hann rendi af hendi henni út í vatn og hún sá hann aldrei síðan. Þriðji er gullhringur, sem hún hugði, að hún mundi lengur njóta en silfurhringsins; en ekki þótti henni sá gripur þeim mun betur sama, sem gull er dýrra en silfur. Gullhringurinn lenti á steini og brotnaði, og henni þótti dreyra úr hlutunum. Hugmynd hafði hún um það í draumnum, að ef hún hefði betur til gætt, mundi hringurinn ekki hafa brotnað. Fjórði er gullhjálmur, mjög settur gimsteinum. Hann var henni nokkuð þungur, svo að hún bar halt höfuðið. Hann steypist af höfði hennar út á Hvammsfjörð.

Guðrún er manni gefin, 15 ára gömul, nauðug eins og Hallgerður. Samfarir þeirra voru nokkuð dæmislíkar sambúð Hallgerðar við fyrsta mann hennar. Hallgerður eyddi mat gegndarlaust. Guðrún er manni sínum erfið í gripakaupum. »Váru engar gersimar svá miklar á Vestfjörðum, at Guðrúnu þætti eigi skaplegt at hon ætti, en galt þó fjandskap þorvaldi, ef hann keypti eigi, hversu dýrar sem metnar voru«. Loks brestur hann þolinmæði út af öllu þessu hófleysi og slær hana kinnhest. Hún tekur

högginu með stillingu. »Nú gaftu mér þat, er oss konum þykkir miklu skifta, at vér eigim vel at gert, en þat er litaraft gott, ok af hefir þú mik ráðit brekvisi við þik«, segir hún. Hún ræður honum ekki bana, eins og Hallgerður mundi hafa kosið. Hún legst það ekki undir höfuð fyrir þá sök, að henni mundi vera neitt sárt um það að honum væri stytur aldur. En til þess þykir henni hann of lítilfjörlegur. Hún féflettir hann, segir skilið við hann og tekur saman við annan mann.

Sá maður er kvæntur. Guðrún smánar konu hans saklausa, teygir hann og tælir til skilnaðar við hana, gefur honum ekki tíma til þess að ráðgast um skilnaðinn við vini sína, og giftist honum. En hann druknar skömmu síðar.

Og nú spinnur örlaganornin þann þráð inn í lif hennar, sem aldrei slitnar fyr en í andlátinu. Hún fær ást á Kjartani Ólafssyni, sjálfsagt glæsilegasta manni landsins þá. Dáleikar verða miklir með þeim. Kjartan hefir að sjálfsögðu verið hugfanginn af fegurð hennar og vitsmunum. En hann virðist ekki hafa unnað henni hugástum, að minsta kosti ekki neitt líkt því, sem hún unni honum. Svo lítur Laxdæla vafalaust á það mál. »Þótti Kjartani gott at tala við Guðrúnu, því at hon var bæði vitr ok málsnjöll«, segir hún, þegar hún skýrir frá samdrætti þeirra. Meira segir hún ekki um það mál frá Kjartans hlið. Hann ræður utanferð að henni fornspurdri. Henni gezt illa að því. Hann biður hana að láta sér þetta ekki mislíka, og býðst til að gera eitthvað annað fyrir hana, sem henni þyki vænt um. »Entu þetta, því at ek mun brátt yfir því lýsa«, segir hún. Hún vill fá að fara með honum, »ok hefir þú þá yfirbætt við mik þetta bráðræði«. En hann afsegir það og biður hana að biða sín þrjá vetur. Henni þykir fyrir, og vill engu um það heita. Kjartan fer utan og með honum Bolli frændi hans og fóstbróðir.

Bolli kemur út aftur á undan Kjartani. Hann segir Guðrúnu þau tíðindi, að Kjartan muni naumast væntan-

legur hingað til lands, hann sé í svo miklum hávegum hafður í Noregi, og að Ólafur konungur Tryggvason muni gifta honum Ingibjörgu systur sína, sem Laxdæla segir, að verið hafi þeirra kvenna friðust, er þá voru þar í landi. Guðrún tekur þessari fregn út á við með sömu stillingunni, sem hún tekur öllu því, er henni ber að höndum og henni þykir mestu og verstu máli skifta. Hún kvað það góð tíðindi — »en því at eins er Kjartani fullboðit, ef hann fær góða konu, ok lét þá þegar falla niðr talit, gekk á brott ok var allrauð, en aðrir grunuðu, hvárt henni þætti þessi tíðindi svá góð, sem hon lét vel yfir«, segir Laxdæla. Skömmu síðar tekur Bolli að biðja Guðrúnar. Hún veitir afdráttarlaus afsvör um það mál, segist engum manni giftast, meðan hún spyrji Kjartan á lífi. En faðir hennar sækir málið afar-fast með Bolla. Guðrún metur orð hans stórmikils, því að hann er spekingur að viti, þó að honum skjátlaðist í meira lagi þetta skiftið. Bræður hennar eru þessa líka mjög fýsandi. Og þar kemur um síðir, að Guðrún lætur undan, þó að hún ætti sjálf svör fyrir sér, af því að hún var ekkja, »ok var þó hin tregasta í öllu«, segir Laxdæla. Og Guðrún giftist Bolla — og glatar með því sálarfriði sínum það sem eftir er æfinnar.

Kjartan kemur heim úr utanför sinni með hinni mestu virðingu. Meðal þeirra gersima, sem hann hefir með sér, er sverð, sem Ólafur konungur hefir gefið honum að skilnaði, og motur, sem Ingibjörg konungssystir hefir gefið honum, og býst við, að hann muni gefa Guðrúnu. Laxdæla segir um það djásn, »at engi var þar svá vitr, eða stórauðigr, at slíka gersemi hefði sét eða átta. En þat er hygginna manna frásögn, at átta aurum gulls væri oft í motrinn«. Kjartan gengur að eiga Hrefnu og gefur henni moturinn að línfé.

Nú ágerist óþokki með þeim Hjarðhylltingum og Laugamönnum, þó að feður Kjartans og Guðrúnar héldu vináttu sinni og Ólafur þá reyndi af alefni að halda við friðinum. Bolli vill halda vináttu Kjartans, en Kjartan

er hinn örðugasti. Hann ætlar ekki að fást til þess að sækja veizlu að Laugum. Hann þverneitar að þiggja hinar virðulegustu gjafir, sem Bolli vill gefa honum. Hann úrskurðar í boði að Hjarðarholti, að Hrefna skuli sitja í öndvegi og vera mest metin að öllu, á meðan hann sé á lifi. »En Guðrún hafði þó áður ávalt skipat öndvegi í Hjarðarholti ok annarstaðar. Guðrún heyrði þetta ok leit til Kjartans ok brá lit, en svarar engu«. Hann bannar Hrefnu að falda sér með motrinum að þessu boði, þegar Guðrún biður hana um það, »því at meira þykki mér skifta, at Hrefna eigi ena mestu gersemi, heldr en boðsmenn hafi nú augnagaman af at sinni«. Sýnilega er hann yfirleitt afundinn og fullur þverúðar.

Nú fer Guðrún smátt og smátt að taka til sinna ráða. Sverðinu konungsnaut er stolið í þessu boði. Það finst niðri í feni, og spor Laugamanna eru rakin þangað. En umgjörðin fanst aldrei. Því næst er motrinum dýra stolið að Laugum, í veizlu, sem þau Kjartan og Hrefna sækja þangað. Kjartan hefir orð á þessu hvorutveggja, þegar hann er ferðbúinn, og kallar eftir báðum gripunum, sverðsumgjörðinni og motrinum. Bolli bregst við ókunnuglega, og segist við öllu öðru mundi hafa búist, en að Kjartan þjófkendi þau. En Guðrún tekur alt annan veg í málið. Hún játar engu og þrætir engis; séu þeir einhverjir þar, eins og Kjartan haldi, sem valdir séu að moturhvarfinu, þá muni þeir hafa gengið að sinu; og hún segir, að sér mislíki það ekkert, þó að Hrefna hafi litla búningsbót af motrinum þaðan í frá. »Eftir þetta skilja þau heldr þunglega«.

Næst gerir Kjartan Laugamönnum þá svivirðing, sem hann ætlast til að verði þeim eftirminnileg. Hann sezt um bæ þeirra með ofurefli liðs, skipar liðinu fyrir allar dyr og bannar öllum mönnum útgöngu, í því skyni, að enginn skuli komast til salernis. Þessari umsát heldur hann þrjá sólarhringa. Laugamönnum þótti þetta miklu meiri svivirðing og verri, en þótt Kjartan hefði drepið fyrir þeim menn. Bræður Guðrúnar voru æstastir. Bolli reyndi

að draga úr ofsanum. Guðrún talaði fæst um; »en þó fundu menn þat á orðum hennar, at eigi væri vist, hvárt öðrum lægi í meira rúmi en henni«. Og síðasta bragðið, sem Kjartan leggur á Guðrúnu, er það, að hann kúgar mann til þess að rjúfa samninga um jörð, sem hann hafði lofað að selja þeim Bolla og henni, og þau ætluðu að flytjast á.

Nú er það, að Guðrún ræður af að taka Kjartan af lífi. Hún þykist sjá það, sem sennilega hefir verið rétt athugað, að þau Bolli mundu verða að hrökkva úr héraðinu, ef þessu færi fram. Hún fór þaðan síðar sjálfkrafa í því skyni að firrast nábyli við Hjarðhyllinga. En undan Kjartani vill hún ekki hrökkva. Þegar er hún fréttir, hvernig farið hafi um jarðakaupin, fer hún að ögra manni sínum og eggja hann til hefnda. Hann svarar engu og gengur þegar af þessu tali. Hún vekur máls á því síðar með nöprum storkunarorðum. Hann »lét sem hann heyrði eigi, sem jafnan, er Kjartani var hallmælt, því at hann var vanr at þegja eða mæla í móti«, segir Laxdæla.

Svo er það einn morgun, að Guðrún er mjög snemma á fótum. Hún veit, að þann dag verður Kjartan á ferð um sveitina við annan eða þriðja mann. Hún vekur bræður sína og eggjar þá svo fast með sárbeittum ögrunarorðum, að þeir ráða af að sitja fyrir Kjartani um daginn. Því næst fremur hún eitt af þeim mestu niðingsverkum, sem fornsögur okkar segja frá. Hún fer til Bolla og biður hann til ferðar með þeim. Bolli hefir verið allinn upp af foreldrum Kjartans, og þau unnu honum ekki minna en sínum börnum. Hann hefir elskað Kjartan mest allra manna. Og svo virðist honum enn vera farið. Laxdæla, sem er afar-hlutdræg Kjartani, sýnir það, að Kjartan hefir verið örðugur Bolla eftir heimkomuna, að hann hefir þykst við það, að Bolli hefir gengið að eiga Guðrúnu í fjarvist hans. En Laxdæla sýnir ekki, að Bolli hafi í raun og veru neitt til unnið, að hann hafi nokkuru sinni gert neitt á hluta Kjartans vísvitandi. Segi Laxdæla rétt frá atvikum í Noregi, þá hefir Bolli

haft mjög mikla ástæðu til þess að ætla, að Kjartan mundi ekki koma til Íslands að sinni. Ólafur konungur býður honum systur sína, eftir því sem Laxdæla segir. Og atferli Kjartans í Noregi hefir ekki borið þess merki, að hann væri neitt um Guðrúnu að hugsa. Bolli hefir sjálfur orð á því við Kjartan, að félagar hans hafi það fyrir satt, að hann muni fátt það, er á Íslandi sé til skemtunar, þegar hann sitji á tali við Ingibjörgu konungssystur. Kjartan eyðir reyndar öllu umtali um mægðir sínar við konung. En hann talar ekkert um útkomu sína til Íslands, og biður ekki einu sinni að heilsa Guðrúnu sérstaklega. Guðrún er honum ekki heldur heitin. Svo að það verður ekki séð af Laxdælu, að Bolli hafi vísvitandi reynst Kjartani neitt illa, þegar hann hóf bónorð sitt til Guðrúnar. Og eftir heimkomu Kjartans er honum það sýnilega hið mesta áhugamál að halda vináttu við Kjartan, svo þunglega sem á horfðist. Hann lætur aldrei spilla sér, hvað reiðir sem mágar hans verða, og hvað reið sem kona hans verður, og hvað mikið sem Kjartan gerir á hluta þeirra. Hann hefir fest þá trygð við Kjartan, sem er óslítandi.

Þetta veit Guðrún. Og nú fer hún til Bolla til þess að biðja hann að sitja fyrir Kjartani um daginn með þeim bræðrum hennar. Bolli færist undan. Hann bendir henni á frændsemi þeirra Kjartans, og hversu ástsamlega Ólafur, faðir Kjartans, hafði hann upp fæddan. Guðrún sam-sinnir því. En hún segir, að nú beri hann ekki lengur giftu til að gera svo öllum liki, og skerist hann undan förinni, þá sé lokið þeirra samförum. Hún veit, að þar er höggstaðurinn; þar er hann hlífarlaus fyrir. Hann ann henni svo mikið, að hann má ekki af henni sjá. Hún er honum meira en fósturforeldrar og ástkær vinur. Hún er honum meira en drengskapurinn sjálfur. Hún er honum alt. Með þeim hætti fær hún kúgað hann til þess að leggja af stað þess erindis að taka af lífi þann manninn, sem hann unni mest næst sjálfri henni. Það er

hið mikla niðingsverk Guðrúnar, álika hrapallegt eins og atferli Hallgerðar, þegar hún neitaði Gunnari um lokkinn.

Bolli fer af stað og verður banamaður Kjartans um daginn. Fráleitt reyndar með þeim atvikum, sem Laxdæla segir — að Kjartan hafi kastað vopnunum, þegar Bolli réð að honum. Það virðist blátt áfram ekki ná nokkurri átt, eftir því sem Kjartani er lýst bæði á þeim fundi og endranær. Sagan er full-átakanleg og hörmuleg samt.

Bolli kemur heim harmþrunginn. Guðrún má ekki tala um þetta við hann. »Þó mætti mér þat óhapp seint ór hug ganga, þóttú mintir mig ekki á þat«, segir hann. »Ekki tel ek slíkt með óhöppum«, segir hún; »þótti mér sem þú hefðir meiri metorð þann vetr, er Kjartan var í Noregi, en nú er hann trað yðr undir fótum, þegar hann kom til Íslands, en ek tel þat þó síðast, er mér þykkir mest vert, at Hrefna mun eigi ganga hlæjandi at sænginni í kveld«. Hrefna hefir aldrei, svo menn viti, stigið á það strá, er henni mætti til meins vera. Þann dag er Guðrún eins og djöfull í mannsmynd, eins og ill vættur og örg í líki hinnar fegurstu og atgervismestu konu á Íslandi.

Og samt kemur það fram, einmitt í þessari samræðu, sem bjargar henni að lokum. Bolli finnur, hve illmannlega þetta er mælt, og reiðist. »Ósýnt þykki mér«, segir hann, »at hon fölni meir við þessi tíðendi en þú, ok þat grunar mik, að þú brygðir þér minnr við, þó at vér lægim eftir á vígvellinum, en Kjartan segði frá tíðendum«.

Eg verð að fara fljótt yfir sögu. Kjartans er hefnt. Bolli er veginn af mannfjölda og með engu meiri drengskap en beitt er við víg Kjartans. Gullhringurinn í draumnum er hrokkinn sundur. Og Guðrún er þá sjálf beitt þeirri hranalegu illmensku, sem eg hefi áður minst á. Bolla er hefnt. Helgi Harðbeinsson er veginn, sömuleiðis af mannfjölda og með litlum drengskap. Guðrún ginnir til þess mann, sem engan hlut á að þessum mál-

um, dótturson bezta vinar föður hennar, lætur honum skiljast sem hún muni giftast honum, ef hann geri henni þetta að skapi, en svíkur hann um það að verkinu loknu. Hún giftist hið fjórða sinn — einum af mestu höfðingjum landsins. Hann druknar á Hvammsfirði. Gullhjálmurinn í draumnum er týndur, eins og allir hennar dýru draumagripir.

Hún situr eftir með endurminningarnar. Hún situr eftir í sæmd og auði. En hún er vitur kona, vitrust kona á Íslandi. Hún sér það, að líf hennar hefir farið forgörðum, að hún hefir spilt því og farið illa með það á ýmsa lund. Hún sér það, að alt, sem hún hefir eftir kept, er ekkert, þegar eilífdin er framundan. Hún sér það, að metorðin eru ekkert, og skartgripirnir eru ekkert, og auðurinn er ekkert og allar hefndirnar eru verri en ekkert. En sárast finnur hún samt til þess, vitkonan mikla og tilfinningaríka, að hún, sem var fædd til að elska, hefir aldrei veitt kærleiksþrá sinni fullnægju. Átakanlegra er ekkert til í fornsögum okkar en samtál hennar við Bolla, son hennar undir æfilokin. Bolli spyr hana, hvort hún vilji segja sér nokkuð, sem honum sè forvitni á að vita — hverjum manni hún hafi mest unt. Hún fer undan í flæmingi, svarar alls ekki því, sem hún er um spurð, en fer að lýsa mönnum sínum, hvernig þeim hafi verið farið. Hún vill auðsjáanlega ekki um aðra tala við son sinn en um eiginmenn sína. Bolli bendir henni á, að hann hafi ekki verið að spyrja um þetta. Og þegar hún kemst ekki undan, þá er eins og hún sópi öllum mönnum sínum burt. Hún er ekki í neinum vafa. Krókfaldurinn er orðinn að engu, enda hafði hann aldrei mikill verið í hennar augum. Silfurhringurinn er orðinn að engu. Gullhringurinn er orðinn að engu. Gullhjálmurinn er orðinn að engu. Enginn þessara getur nú komið til neinna mála. Enginn er orðinn eftir, annar en hann, sá eini, sem náð hefir valdi á sál hennar, hann, sem hún hefir hlaðið á hefndar og mannvonzku-hugsunum dag eftir dag, hann, sem hún hefir tekið af lífi. Og hún gerir syni sín-

um þessa ógleymanlegu játningu: »Þeim var ek verst, er ek unna mest«.

Slík sár græðir enginn maður. Slíkan ófrið sálarinnar sefar enginn maður. Ekkert er að leita, nema til hans, sem Íslendingar voru nýfarnir að fá fræðslu um að sé öllum hlutum ofar, sè máttugur í veikleikanum, og miskunnsamur, þó að hugir mannanna séu fullir af heift og hefnd. Og Guðrún verður trúkona mikil og fyrst nunna á Íslandi. Og hún er löngum um nætur að kirkju á bænum sínum. Og hún grætur þá svo heitum iðrunar- og trúartárum, að heiðin völván, sem hvílir þar undir, brennur öll og hefir engan frið.

Þegar við nú rennum að lokum augunum allra snöggvást til þeirra allra saman, þessara þriggja kvenna, sem allar eru svo mikilfenglegar, hver með sínum hætti, þá sjáum við, að yfirsjónir þeirra allra eru nokkuð svipaðar. Allar eru þær blóðþyrstar, þegar því er að skifta, gjarnar til manndrápa. Og allar koma þær manndrápum sínum fram. Og samt er þetta ómælilega djúp staðfest milli æfilokanna. Þetta bendir á þann sannleika, sem forfeðrum okkar var svo ljós, að siðferðilegt gildi mannanna verður ekki metið, nema að tiltölulega litlu leyti, eftir yfirsjónum þeirra, hvorki mergð né magni yfirsjónanna, né jafnvel glæpanna.

Það er alt annað en yfirsjónirnar, sem gerir þessar konur svo ólíkar hverja annarri. Það er hæfileikinn til þess að elska.

Ekki sá hæfileiki, sem þeim er meðfæddur. Hallgerður hefir sjálfsgagt verið honuna gædd eins og hinar. Hún á hann enn í sambúðinni við Glúm. Hún hefði að líkindum orðið góð kona, ef hún hefði fengið að njóta Glúms. En hún hlynnir ekki að honum. Hún lætur hann visna og deyja. Og hún verður að illkvendi og skækju.

Það er hæfileikinn til að elska, sem maðurinn hefir sjálfur eft og þroskað. Það er hann, sem lætur Bergþóru leggjast niður hjá manni sínum í brenninni og gerir

hana að sæmd íslenzkra kvenna. Það er hann, sem bjargar Guðrúnu Ósvífursdóttur. Innan um alla sína synd og alla sína harma hefir hún hlúð að því, sem bezt var í huga hennar, ástinni. Og að lokum verður ekkert annað eftir en ástin. Og þá finnur hún, vitkonan mikla, að enga leið er að fara aðra en til guðs.

Við megum með engu móti meta manngildið eins og töðuvöll. Við metum töðuvöllinn eftir því, hvað mikinn arð hann gefur að meðaltali. Við megum ekki leggja saman mannkosti og galla manna, góðverk þeirra og yfirsjónir, og deila svo því, sem út kemur. Með þeim hætti skiljum við aldrei mennina né mannlífið. Manngildið er líkara fjallshæð. Við mælum fjallið þar sem það er hæst. Fjallið er svo hátt, sem það er hæst. Við eigum að meta mennina eftir því sem þeir komast hæst. Það sem maðurinn kemst hæst, það er hann. Þetta skildu forfeður okkar svo einstaklega vel. Það er auðséð á öllum sögunum.

Það er hæfileikinn til þess að elska, sem lyftir þeim upp, Bergþóru og Guðrúnu. Bergþóra elskar mann sinn og syni og heimamenn. Guðrún elskar Kjartan. Gerum ráð fyrir, að þær hefðu eftir hæfileikann til þess að gera kærleikann viðtækari. Gerum ráð fyrir, að þær hefðu tamið sér að elska fleiri menn. Þá hefðu þær auðvitað komist þeim mun hærra. Gerum ráð fyrir, að þær hefðu lært að elska alla menn — líka óvini sína. Þá hefðu þær, eftir því sem eg fæ bezt séð, verið komnar, að einhverju mjög miklu leyti, alla leið að guddóminum. En þið sjáid, hvað jafnvel Bergþóra hefir átt langa leið fyrir höndum.

Og það er ein hlið á hinu guddómlega dýrlega eðli kærleikans að þar sem hann er einhver til — þótt ekki sé nema einhver ofurlitil ögn — þar verður manngildið ekki metið rétt eftir neinu öðru en honum. Og þar sem hann er enginn, þar er manngildið ekkert. Þess vegna finnum við, að það er eðlilegt — jafn-raunalegt og það er — að Hallgerður lendir í fadmi-num á Hrappi. Og þess vegna fögnum við því réttlæti,

að Bergþóra legst til hvíldar í bálinu og að lotningaraugu aldanna á eftir henni hafa starað á hana, legst niður hjá þeim manningum sem hún hafði unnað mest og verið bezt, og að Guðrún leitar friðar guðs í sál sína og huggunar fyrir það, að þeim hafði hún verið verst, sem hún unni mest.

EINAR HJÖRLEIFSSON.

Úr ferðasögu.

I. Weimar.

1.

Goethe og Schiller.

Forðum var það síður að heita á þá sem bezt átti við af mentaðisunum þegar mikils þótti við þurfa. Og ætti Íslenzkan sér nokkra verndargyðju, sem maklegt væri, þá mundi eg biðja hana að styrkja minn veika penna svo að hann yrði því vaxinn að lýsa Weimar, sem maí-sólin skein yfir og frægustu nöfnin í mentasögu Þjóðverja; þar sem áin í dalnum heitir Ilm og líður um grænar grundir fyrir neðan garðhús Goethe; þar sem höllin Silfurblik — en þar lifði Nietzsche sín síðustu ár — horfir hátt úr brekku á fagurávalann hinumegin við dalinn.

Einn af mínum lærðu kunningjum í Berlín, sem eg sagði frá fyrirætlun minni að koma við í Weimar, spurði hvað eg vildi þangað, og svaraði eg því fáu. En Weimar er heilög borg öllum menningarvinum. Þar lifði Goethe mestan hluta sinnar löngu ævi, þar lifði Schiller síðustu ár sín, og löngu síðar Nietzsche. Og hafa þó fleiri merkismenn gjört þann stað frægan, þó að lágt beri þá hjá þessum, sem nefndir voru.

Hús það, sem Goethe bjó í um hálfu öld, er varðveitt enn að mestu óbreytt að allri hóbýlaskipun frá því sem var á hans dögum. Bústað sinn hafði Goethe smátt og smátt gert að vísinda- og listasafni, þar sem öllu var raðað niður af mestu snild. Vekur það einkennilegar tilfinningar að ganga um þessi herbergi, þar sem einu sinni mátti heyra hinar andrikustu

orðræður í Evrópu. Því að Goethe var spekingur svo mikill, að Eckermann hefir gefið þýzkum bókmentum einhverja þá beztu bók með því að rita upp ýmislegt af því sem Goethe varð af munnnum í daglegum viðræðum.

Eins og hið allrahelgasta í húsinu er skrifstofan, með skrifborðið stóra, og bækurnar og náttúrusöfnin. Og lengst dvelst komumanni þar við að horfa á náttúrugripi skáldspekingsins og bækurnar og skrifborðið, þar sem svo margt ódauðlegt orð hefir verið ritað, og stólinn auða, þar sem hann sat löngum, svo goðumlíkur á svip, að honum var jafnað til Seifs á efri árum, en Appollos á yngri. Og einmitt í þessu herbergi kennir frekar en annarstaðar eins og gusts af auðninni, sem varð við fráfall þessa manns, sem engan sinn líka á sér nú í öllum þeim 60 miljónum er Þýzkaland byggja, eða jafnvel ekki í öllum þeim 1500 miljónum, sem nú eru fyrir ofan mold. Goethe lifði að vísu fram yfir áttætt, en þó dó hann of ungur, og ekki fullorðinn. Að náttúran skuli ekki geta gefið þeim margra kynslóða líf, sem henni tekst eins sjaldgæft vel með eins og Goethe!

Enginn rithöfundur, sem öðlast hefði tíunda hlutann af frægð Goethe, mundi nú á dögum búa ekki ríkmanngar en hann gerði. En þó er bústaður hans herramannslegur hjá íbúð Schillers, sem einnig er varðveitt til minja; og hafði þó fátæktin altaf þjakað Schiller meir en þessi fáu ár, sem honum entist aldur í Weimar. Að sjá þá svefnherbergisholu; það er líkara fangelsisklefa en vistarveru fyrir einn af snillingum mannkynsins ófangelsaðan. Það er helzt trúá mín, að þetta svefnherbergi muni ekki hafa lengt lífið í Schiller, því að hann dó úr brjóstveiki, ekki nema hálfimtugur.

Í búðarglugga sá eg rit um sálargöfgi Schillers (Ueber den Seelenadel S.) og varð það með öðru til að minna mann á hversu leiðinlegt það var, að menn skyldu ekki uppgötva göfgi þessarar sálar nógu snemma til þess að hennar hefði getað notið lengur við; því að varla er efi á því, að fátækt hefir styttað mikið í honum, og hefir hann líklega ekki órað fyrir því þegar honum virtust allar þjargir bannaðar, að nokkur mundi

nokkurn tíma vilja gefa 650 mörk fyrir eitt sendibréf frá honum, eins og nú hafði verið gert fyrir skömmu.

Eitt af því sem Schiller taldi sitt mesta lán, var sú velvild og viðurkenning, sem Goethe sýndi honum síðustu árin, og er alúðarvinátta þessara tveggja snillinga eitt hið geðfeldasta, sem bókmentasagan hermír frá.

Það er altitt, að menn nefna í sömu andránni Schiller og Goethe, og í daglegu máli má oft í þýzkumælandi löndum heyra menn eigna Goethe ýmislegt af því sem Schiller hefir kveðið, og þvert á móti. Ber slíkt nú raunar ekki vott um mjög næmt eyra eða smekk; það er engu betra en að eigna Jónasi hendingar t. d. eftir Kristján Jónsson eða Jón Thoroddsen (eða á hinn veginn). Betur og betur kemur það í ljós, að Goethe hafði höfuð og herðar yfir Schiller og jafnvel meira; og er við því að búast. Því að jafnvel þó að gjörvuleikur hefði verið jafn, þá var gæfunni ólíkt farið. Goethe lifði til hárrar elli — þó að oss þyki slíks mann ævi altaf of stutt — og hann var altaf að læra. En Schiller dó fyrir örlög fram á bezta aldri, og fekk ekki að njóta sín fyrir fátækt, fyr en það var um seinan. En samt fyllir nafn Schillers oss djúpri virðingu; góður sundmaður var Kjartan þó að hann væri ekki jafningi Ólafs Tryggvasonar, og það eru fleiri tindar háir en þeir allrahæstu.

Goethe hlotnaðist það lán, að kynnast ungur hertoganum í Sachsen-Weimar, er Karl Ágúst hét; þótti hertoganum þegar svo mikið til Goethe koma, að hann bauð honum með sér að vera og vinátta sína. Það þá Goethe og hélst sú vinátta meðan þeir lifðu báðir. Eitt til marks um hvað mikið mönnum fanst um Goethe, eru orð Wielands, sem var frægt skáld á sinni tíð, og gamall orðinn þá; sál mín er eins gagntekin af Goethe, sagði hann, eins og daggardropi af morgunsólinni.

Hertoganum þótti fátt of gott handa Goethe og gaf honum fyrst Garðhúsið svonefnda, en síðan annað stærra hús, þar sem Goethe-safnið er nú, og er það nálægt hertogahöllinni. Bjó Goethe í Garðhúsinu fyrstu sjö árin sem hann var í Weimar, en fór þangað oft síðan þegar hann vildi hafa betra næði til óðs — og ef til vill ásta — en honum gafst inni í bænum. Stendur Garðhúsið í brekku og er fagurt þaðan að

litast yfir grundirnar með ánni Ilm og lystiskóginn fræga, sem lagaður var að svo miklu leyti eftir fyrirsögn Goethe.

Eftir því sem hagaði til á þeim tímum, þá hefði Goethe varla á nokkurn annan hátt getað notið sín eins vel og þarna í Weimar, og á mannkynið mikið að þakka hertoganum, er honum fórst svona vel við þennan afburðasnilling; hefir Karl Ágúst þar unnið sér sannari og betri frægð, en þó að hann hefði sigur fengið í stórum orustum.

Sá Íslendingur, sem Goethe minnir mest á, er Jónas Hallgrímsson, þó að lítið næði fram að koma af því sem í Jónasi bjó, og þó að hann hafi sennilega aldrei frá upphafi verið jafn fjörmikill og Goethe. Hjá báðum fór einkennilega saman vísindaleg og skáldleg íhugun náttúrunnar; og báðir höfðu englatungu. Öllum kemur nú saman um, að jafn ómfagurt og ljúft hafi ekki verið kveðið þar í landi fyr eða síðar, eins og Goethe gerði, og hann skyldi við þýzkuna fyllra og fegurra mál en hann tók við henni.

Og vinátta Karls Ágústss og Goethe minnir dálítið á vináttu Tómasar og Jónasar. Að visu var Tómas ekki hertogi, en hann var konungur¹⁾ að stórhug og hjartalagi, og sjálfsagt hefði honum farist ekki síður við Jónas, en hertoganum við Goethe, hefði hann ráðið fyrir hertogadæmi og stóreignum.

Skáldið Goethe er svo viðfrægt og völdugt, að það skyggir eins og við er að búast á náttúrufræðinginn; og varði þó Goethe mjög miklum tíma til náttúrufræðisóknanna og hefir mikið um þau efni ritað. Hann hafði áhuga á öllu, frá forngrýtinu til mannshjartans, elzta barni náttúrunnar til hins yngsta, eins og hann segir sjálfur. Merkar ritgerðir eru til eftir hann í grasfræði og dýrafræði, og einnig um jarðfræði hefir hann ritað. En einna mestum tíma varði hann þó til eðlisfræðisrannsóknanna (litfræði), og þykir honum þar sízt hafa tekist, af því að honum var ósýnt um stærðfræði og skorti þar mjög þekkingu.

Eitt af því sem frægt er í Weimar er standmyndin fagra, þar sem þeir eru saman á stalla Goethe og Schiller, Annað sem tengir nöfn þeirra saman, er Goethe-Schiller skjalasafnið, og var þar gaman að sjá m. a. bréf Goethe til ýmissa merkis-

¹⁾ Þ. e. a. s. eins og vér mundum konung kjósa.

manna, og þeirra til hans. Minnstætt er mér einkum bréf frá Byron til Goethe, skrifað er Byron var að leggja af stað til Grikklands, í sína síðustu ferð. Fór þar illa, því að Byron fékk á Grikklandi bana en ekki konungdóm, eins og maklegt hefði verið. Það var eins og hreinn og snjall rómur yfir þessu bréfi, drengilegt og þó full lotning sýnd skáldkonungnum. Goethe dáðist hins vegar mjög að Byron, og er sagt að bæði ökusveinnian (Knabe Lenker) í gervileiknum í Fást, og eins Evfórion í síðari hlutanum, eigi að einhverju leyti við Byron.

2.

Nietzsche og systir hans.

Í Silfurbliks-höll — því að villa Silberblick er svo réttnefnd — býr hin nafnkunna systir hins frábæra spekinga og ritsnillings, frú Elizabeth Förster-Nietzsche. Hefir hún sjálf gera látið þessa höll, og stofnað þar til safns til minningar um bróður sinn. En ekki er það safn opið almenningi enn, eins og Goethe-safnið. Frú Förster-Nietzsche er ófað einhver mesta merkiskona, sem nú er uppi, og í hana væri kvenfrelsis-konunni óhætt að vitna; mundi margur karlmaðurinn hafa gugnað í hennar sporum. Hún tók eigi að eins að sér bróður sinn þegar hann hafði mist vitið og leitaði honum lækninga, og annaðist hann af dæmafarri alúð til dauðadags, heldur lét hún sér einnig ant um rit hans, og henni á heimurinn að þakka, að ekki hafa tapast óprentuð sum allra merkustu rit eftir Nietzsche. Ævisögu bróður síns hefir hún ritað í þykka bók, og væri það eitt nóg til að halda nafni hennar á lofti.

Hún hafði farið ung til Suður-Ameríku með manni sínum Dr. Förster, og misti hann þar. Stóð hún þar ein uppi eftir lát manns síns og veitti starfi hans forstöðu. Og því miður var hún þar úti í Paraguay þegar Nietzsche varð alt í einu brjáláður, og tapaðist þá sumt af handritum hans, en sumt komst í óvinveittar hendur, og var á fremsta hlunn komið að það yrði brent. Átti frúin við ramma reip að draga áður hún gat bjargað úr böðlahöndum og trygt sér umráð yfir öllum handritum bróður síns. Þegar menn lesa sögu þessa máls í

bók sem frú Förster-Nietzsche hefir gefið út, þá hlýtur hver maður að furða sig á því þreki og þolgæði, sem þessi einstæðings kvenmaður sýndi, og þeirri óbilandi ást og trú á bróðurnum sem hefir lýst sér í öllu hennar framferði. En af framgöngu hennar sjálfrar segir þó mest *milli* línanna¹⁾.

Einn salur í Silfurblikshöll virðist sérstaklega helgaður minningu Nietzsche. Þar eru hinar ýmsu prentanir af ritum hans, þar er bókasafn hans, og þar stendur fyrir gaffi hin fræga marmaramynd af heimspekingnum eftir Max Klinger. Salurinn er einkennilega hátíðlegur, og verður ekki annað sagt, en að hinum ágæta byggingameistara van de Velde — ef eg man nafn hans rétt — hafi þar frábærlega vel tekist. Eg hafði ekki lengi beðið, og of stutt þótti mér, því að eg var ekki búinn að virða fyrir mér eins vel og eg vildi salinn sjálfan og bækur þær sem Nietzsche hafði haft í höndum og huga, þegar inn kom lítill kvenmaður, látlaust búin og fjörleg í bragði. Mér brá í brún, því að mér var ekki ókunnugt um að systir Nietzsche mundi vera á sjötugs aldri, en þessi kona virtist miklu yngri, sléttleit og jarpt hárið ekkert farið að grána. Þetta var þó frú Förster-Nietzsche og virtist hún, eftir myndum að dæma, mjög svipuð bróður sínum, einkum augun, einkennilega blá, og nærsýn. Í öðru sást líkingin einnig brátt; Nietzsche var tilfinningamaður mjög mikill, eins og ekki leynir sér í ritum hans þrátt fyrir dóma hans um vorkunnsemina; en þegar frúin mintist bróður síns, var ekki laust við að henni vöknaði um augustundum. Enda er víst leit á jafn sögulega hörmulegum förlögum og þess manns, er átti svo arnfleygan huga sem fáir aðrir og sveif yfir sínum tíma, en lamaðist svo alt í einu á bezta aldri og varð eins og barn í anda, einmitt er hann var byrjaður á því verki, sem alt hans starf hafði hnigið að. En þó var það mjög mikið, einnig að vöxtum, sem hann hafði afkastað, er hann þraut, 44 ára gamlan. Rit hans eru 15 stór bindi. Það var m. a. skaði fyrir skilning heimsins á bókmentum vorum að hans skyldi ekki njóta lengur við. Hann var

¹⁾ Elizabeth Förster-Nietzsche: Das Nietzsche-Archiv, seine Freunde und Feinde. Berlin 1907.

fyrir skömmu farinn að kynna sér Íslendingasögur og hafði þótt mikið til þeirra koma, enda segir hann einhversstaðar á þá leið, að í öllum heimsbókmentunum sé engin jafnsnjöll lýsing og vottur fyrimannlegs hugsunarhátar eins og Íslendingasögur. Og þau orð í munni þess manns þýða dálftið. Það var víst Georg Brandes sem hafði vakið eftirtekt Nietzsche á Íslendingasögum.

Eg spurði frúna hvort engin olíumynd væri til af bróður hennar; kvað hún nei við, en sagði síðan frá dálitlu atviki þar að lútandi. Þau systkin voru einhverju sinni stödd í Rómborg samtímis Lenbach, málaranum fræga, sem bezt þykir mál að hafa Bismarck, og bar saman fundum þeirra. Hafði þá Lenbach einu sinni látið sér einhver undrunaryrði um munn fara um augun í Nietzsche, hve sjaldgæf þau væri; systirin, sem frá barnæsku hafði trúað á afburðagáfur bróðursins, sætti þá færinu til að biðja þennan frægasta málara Þýskalands um að mála Nietzsche. Tók Lenbach því vel, en vildi fá 3000 mörk fyrir. Á því strandaði, því að þau voru ekki fyrir hendi og var það skaði mikill. Er þetta núgu eftirtektarvert, en Lenbach virðist minni maður eftir, að hann skyldi ekki betur sjá hvað í Nietzsche bjó, og hvílíkan greiða mentavinum, en sóma sjálfum sér hann hefði gert með því að mála hann. Og þó var það einmitt þetta, sem Lenbach átti að vera og var víst afburðasnillingur í: að sjá og skilja hvernig afbragðs andi lýsi sér í andlitssvipnum. Af Lenbach hefði þó mátt búast við að hann hefði ekki þurft að biða eftir dómi »miljónarinnar« um Nietzsche.

Það er eitt raunalegt í forlögum Nietzsche, að hans afburðasnild og gáfum hlotnaðist ekki viðurkenning fyrir en eftir að vitið var farið. Og aðeins vegna þess að hann var ekki efnalaus, gat hann gefið sig við hugsunum sínum og ritsmíðum, og fengið rit sín prentuð; því að það vildi veita ervitt stundum, og varð hann sjálfur að kosta til í launa stað.

Georg Brandes átti víst drygstan þátt í því að vekja eftirtekt manna á Nietzsche, eins og á öðrum manni, sem síðan varð stórfrægur, Max Klinger. Og þegar viðurkenningin kom, þá munaði líka um hana. Hefir víst enginn heimspekingur á

síðari tímum jafn viðfrægur crðið og Nietzsche; og þegar hann var orðinn frægur og brjáláður, þá kom hver orðlagður listamálarinn af öðrum og vildi mála hann, sagði frá Förster og brosti hæðnislega.

Um Nietzsche hafa þegar verið skrifuð ósköpin öll og hefi ég sama sem ekkert af því lesið. En saga hugsunar hans er mjög fróðleg og aðaldrættir í henni virðast augljósir af ritum hans. Hans göfuga sál var á unga aldri svo hneigð til að dá og vegsama og hans næmi andi drakk í sig fegurðarást og vizku úr beztu ritum hinna auðugu þýzku bókmenta. Einkum varð hann gagntekinn af speki Schopenhauers, hins mesta rit-snillings af þýzkum heimspekingum, að Nietzsche einum ef til vill frátöldum. En svo þegar Nietzsche vex þroski, finnur hann að sjáfur á hann anda, sem ekki stendur á baki jafnvel þeim, sem arnfleygastir hafa verið; honum finst bölsynisspeki Schopenhauers hafa vilt sig og vera skaðleg fyrir mannkynið ef of mjög er á hana trúað. Eftir skoðun Schopenhauers á mannkynið eiginlega enga framtíð fyrir höndum, mannsævin er og verður altaf þetta sama, vonlaus, óhöppum háða strit, sem altaf endar á sama hátt, og það færi betur, að þetta bölvada (böli þrungna) líf hefði aldrei skapast. Framfarir trúir Schopenhauer ekki á; er ekki tíminn óendanlega langur, og á óendanlega löngum tíma hlýtur alt að hafa borið við, sem á annað borð getur borið við. Nú er ekki óhugsandi, að Schopenhauer hafi rétt fyrir sér. En það verður þá að líta lengra en til jarðarinnar; ef til vill er einhversstaðar, á einhverjum hnetti úti í geimnum, lífið á því hæsta fullkomnunarstigi sem lífandi verur geta komist á, en annarsstaðar er lífið rétt að byrja; en á öðrum hnöttum eru öll stig upp að fullkomnun og niður frá fullkomnun. Og ef til vill hefir þetta altaf svona verið og mun altaf svona verða. En þegar til jarðarinnar er lítið, þá er alt öðru máli að gegna. Náttúrufræðingarnir — og þar lýsir nafn Lamarcks bjartast — hafa sýnt að lífið á jörðinni á sér afarlanga og mjög frábrugðna fortíð því sem nú er; að tegundirnar breytast; að jafnvel ekki mannkynið er komið af mönnum, þegar nógu langt er lítið aftur. Og þegar menn nú sjá hve sögulegar breytingar hafa gjörst, og að öll vera er verðandi, þá verður

þeim, sem mestir eru hugkvæmdarmenn og viðskygnastir, að líta fram. Orðið framtíð fær nýja merkingu; má svo að orði komast, að nú fyrst er verðandispekin kemur til sögunnar, sé það uppgötvað, að mannkynið á framtíð fyrir höndum.

Eg hefi áður í þessu tímariti (í ritgerð um upptök mannkynsins) minst lítið eitt á Lamarck og afstöðu hans við Lyell, Spencer og Darwin. Má svo segja, að þeir sem helzt eru taldir frumherjar verðandispekinna, Spencer og Darwin standi á herðum Lamarcks.

Verðandispekinni hefir verið líkt við sjónarturn þann, sem mest útsýni veitir; en hinir miklu byggingarmeistarar þessa sjónarturns áttu of ænrikt og örðugt við að reisa hann, til þess að þeir gæti til fulls notið útsýnisins sjálfir. En þeir höfðu áunnið það, að jafningjar þeirra — eða þó að nokkru minni menn væri, — sem á eftir þeim kæmu, gæti séð lengra en þeir.

Úr þessum hæðum er það nú sem Nietzsche sér einhverstaðar fram á ókominni öld, yfirmennið, æðri veru en manninn og þó af honum komna. Og væri nú engin furða, þótt sumt kunní að vera missýningar. Þar sem svo er ervitt að sjá. En hann sér líka, að það er engin örlaga nauðsyn, að framtíð mannkynsins verði furðulega dýrðleg, hún gæti orðið á alt aðra leið ef rangt er að farið. Þess vegna stendur honum ótti af skaðsemi bölsýnismannsins, sem niðir lífið og óskar þess að hann hefði aldrei fæðst; að vísu hlær hann að »optimistunum«, bjart-sýnismönnunum, þykir þeir heimskir, að sjá ekki hið illa. En hann elskar lífið þrátt fyrir alt; kvalir og þjáningar er engin ástæða gegn lífinu segir hann, og hann þekti þetta of vel af eigin reynd, þó að hann hefði verið hraustur unglíngur og væri jafnvel á síðari starfsárum sínum vel hress á milli, eins og verk hans bera með sér. Hann segir einhverstaðar, að það, sem hann hafi skrifað með höfuðverk, striki hann vanalega út aftur.

Nietzsche hefir líklega hugleitt flest það sem heimspekingum hefir verið ihugunarefni og jafnvel fleira; hans arnfleygi hugur eins og sveimaði yfir tilverunni og skimaði eftir leiðinni að beztu framtíð mannkynsins. Ervið leit vissulega og mikilfengleg. Sennilega má svo að orði komast, að það hafi verið líkleg-

asta leiðin sem hann þóttist sjá, er hann ætlaði sér að lýsa í hinu mikla verki, sem að mestu var óritað þegar andi hans lamaðist; og er síður furða þó að hann sé mjög misskilinn þar sem hann entist ekki til að ljúka við sjálft aðalritið, sem átti að verða. En mörg drög eru til þessa aðalverks í ritum hans, eða réttara væri ef til vill að segja: rit hans eru öll drög til þess.

Nietzsche hefir eigi aðeins til síns ágætis frumsæi og víðsæi, heldur einnig frábæra málsnild; aldrei hefir sennilega óbundin þýzka verið rituð eins og Nietzsche gerir: aðdánlegt er hvernig hann notar djúpyðgi þýzkunnar og kemur hún úr hans höndum og huga ennþá djúpúðgara mál, en hann tók við henni.

Hversu langt skyldi þess að biða, að íslenzka, sem er svo miklu hljómfegurra mál en þýzka, og engu ógöfugra, verður rituð einsog henni er samboðið, eitthvað líkt því sem Nietzsche ritaði þýzku. Gaman væri að geta litið upp þegar íslenzk menning verður komin á það stig. En þess mun sennilega langt að biða, þó að vér vonum að svo verði.

Eitt af ritum Nietzsche er stundum nefnt biblía fyrir frjálsa anda, og virðist það ekki allskostar heppilegt. »Frjálsir andar« þekkja engar biblíur. Hversu mjög sem þeir undrast þá speki og snild sem ein bók getur borið vott um, þá trúu þeir ekki á hana. Enda var óskeikulleika-hugmyndin Nietzsche sjálfum fjarlæg.

En vegna þess að rit þessa mikla manns eru til, þá kemst næsti skyldur andi lengra en hann, án þeirra, mundi gert hafa. Þann stuðning, sem sjálfur Nietzsche hafði af verðandispekinni, er lauslega drepið á hér að framan; og ekki hefði hann komist jafnlangt og hann gerði í ritsnild, ef ekki Lessing og Goethe, Schopenhauer og Heine, hefðu verið á undan honum og skapað þann jarðveg, sem listgáfa hans þróaðist í, svo að hún gat náð sinni háu hæð.

Verður manni hér að minnast þess, hversu mjög ættgöfgi í ritsnild hefir vantað hjá oss úr því sögunum lýkur; hversu margt hefir stuðlað að því, að snillingar vorir hafa aldrei getað náð sinni fullu hæð; hvernig þeir minna á bjarkirnar íslenzku,

sem eru kýttað og kræklóttar; þó að mörg sé fögur greinin, bitnar af sauðum og beygðar af fannþunga.

3.

Í Silfurblíkshöll dvaldi, þegar eg kom þar, ungur foringi úr þýzka hernum og náfrændi frúarinnar, Oehler að nafni, frið-ur maður sýnum, fasteygur og knálegur, vel búinn að íþróttum eins og líklegt er um foringja í hinum fræga þýzka her, og vel mentaður. Ættarsvipur virtist greinilegur með heimspekingnum og honum. Við áttum samleið um nokkurn hluta bæjarins, og benti hr. Oehler, sem er nákunnugur í Weimar, mér á bústaði ýmsra merkra þýzkra nútíðarskálda á brúninni fyrir ofan Garðhús Goethe. Ernst v. Wildenbruch var víst þeirra þektastur. Voru hús þessi æði miklu skrautlegri en bústaður Goethe, en þó vantaði það sem mest hafði prýtt hús skáldjófursins. Margir efnamenn setjast að í Weimar, einkum af þeim sem leggja stund á listir eða skáldskap, þykir þar fagurt og friðsælt, og svo er endurminninga-bjarminn af hinum miklu nöfnum. Og hvort sem það er nú ímyndun ein, eða ekki, þá virtist mér fólk í Weimar yfirleitt góðlegra og svipfriðara en í nokkrum öðrum bæ sem eg hefi komið í; það var eins og mannúðarandi snillinganna sem þar hafa lifað, hefði ekki látið það alveg ósnortið. Liðsforinginn lét mikið yfir þýzku smábæunum, einkum Weimar, og ef mig ekki misminnir, drap hann á að þar væri mjög frítt kvenfólk. Lá nærri að ímynda sér, að slíkt gæti verið meir en augnagaman eitt, fyrir jafn drengilegan mann.

Við Oehler töluðum auðvitað mest um Nietzsche, og fanst mér sem liðsforinginn mundi dást mest að ýmsu því í heimspeki frænda síns, sem mér fyrir mitt leyti þykir minst um vert. Og yfirleitt virðist lýð- og víðfrægð Nietzsche vera bygð nokkuð á misskilningi, á þeirri trú að hann styðji ýmislegt sem hann í raun og veru alls ekki styður; en einnig á því sem ef til vill sízt er frægðarvert í ritum hans, og líklega sumt stafar af því, að hann var maður sem enga áheyrn fekk, sem var gagn-tekinn af vissunni um að hann færi með afar áriðandi erindi og gat þó ekki fengið heiminn til að gefa sér gaum; þá verð-

ur rómurinn ef til vill stundum byrstari en annars mundi hafa orðið. Til viðfræðar styður það heimspeking miklu fremur, ef haldið er að hann beiti sér fyrir einhvern völdugan hleypidóm, heldur en þó að hann hafi djúpyðgi og ritsnild til að bera á jafn frábærilega háu stigi eins og Nietzsche. Líklega er jafnvel óhætt að segja að flest viðfræð sé að ekki litlu leyti byggð á misskilningi, — nema viðfræð kraftamanna, þar er gáfa sem jafnvel »dómgreind miljónarinnar« getur ekki villst á.

Liðsforinginn hafði á skólaárum sínum oft séð Nietzsche, og talað við hann eftir að hann var orðinn brjáláður. Gat hann vel talað um ýms einföld efni, þar sem ekki þurfti við nema mjög lítillar andlegrar áreynzlu; slík efni voru t. a. m. ýmsar skólasögur, en liðsforinginn gekk í sama latínuskóla og frændi hans.

Nietzsche segist einhversstaðar teljast til þeirra véla, sem alt í einu geta sprungið sundur (»Ich höre zu den Maschinen, welche zerspringen können«) og sönnuðust orð hans því miður alt of vel.

II.

München.

1.

Eftir of stutta dvöl hvarf eg frá Weimar og hélt til München, höfuðborgar Bæverjaland. Herbergi mitt á gæsthusinu sneri út að járnbrautarstöð einni mikilli, og var þaðan að heyra ólinnandi hávaða alla nóttina. Járnbrautarstöðvar stórborganna eru eins og nokkurskonar hjörtu, þar sem hreyfingin hættir aldrei. Þar gengur sífelt á dunum og dynkjum og eimreiðarnar eru stundum með þungum stunum, líkt eins og þessar furðulegu járnskæpnur væru að kasta mæðinni eftir langar og strangar dagleiðir. Það er nógu gaman að sjá farandann og komandann og allann ganginn á stórri járnbrautarstöð, einkum á Þýzka-land, því að þar virðist alt í þeim efnum stórfenglegra en annars staðar í Evrópu, útbúnaður betri og regla meiri en t. d. á

Englandi, þar sem járnbrautirnar eru allar í gróðafiknum einstaklingshöndum, til mikils meins fyrir þjóðfélagið að dómi merkra manna. Eins er að mestu í Bandaríkjunum, þar sem talið er, að þrisvar sinnum fleiri járnbrautarslys verði að tiltölu en á Þýzkalandi, mest vegna þess að járnbrautarliðið fær ekki nóga hvíld. Ofauðungarnir vilja ekki skerða tekjur sínar með því að halda nógu margt fólk. Fær fyrir það margur hroðalegan dauðdaga, beinbrotnar fyrst en brennur svo lifandi þegar kviknar í vagnarústunum. Þekkja menn naumast hörmulegri slys en þau seta of oft verða á járnbrautaferðum. Sú er nú ranghverfan á því að setja Loga fyrir ferðina, hann orkar meiru en nokkur hestur, en það er líka meira í húfi ef nokkuð ber útaf og taumhaldið missist.

2.

München er á stærð við Kaupmannahöfn, eða líklega öllu fólksfleiri (rúm $\frac{1}{2}$ milljón íbúa) og er einkum fræg fyrir bjór sinn og listir; listabær mestur á Þýzkalandi, og að því er ölið snertir, á München sjálfsagt engan sinn líka um víða veröld. Í öðrum stórbæjum, og einkum á mjög háu stigi í París, er allstaðar verið að auglýsa bjór frá München, og Pschorr Bräu, Löwenbräu o. s. frv. eru heimsfrægir drykkir. Bæverjar hafa kunnað að gera, ef ekki mat, þá drykk úr bygginu sínu, en það þrífst bezt korntegunda hjá þeim, því að landið liggur nokkuð hátt, München 530 m yfir sjávarmál, líkt og hálendi Íslands víða, með söndum og auðnum.

Vísindabær er München allmikill; þar hafa verið ágætis jarðfræðingar eins og Gümbel og Zittel, og þar var Penck, er hann hóf sínar frægu rannsóknir á ísaldamenjum Alpafjallanna; og þar var Íslandsvinurinn Konrad v. Maurer.

Konungar í Bæverjalandi hafa verið mjög listelskir sumir, látið reisa hvert stórhýsið af öðru fyrir listasöfn og hlynt mjög að listamönnum. enda hafa ágætir málara og aðrir listamenn safnast til borgarinnar. Og segir þó hér ekki af söfnum þessum, þar eð lítill tími vanst til að skoða þau. Á myndasýningu þar voru tvö að mér virtist mjög vel gerð málverk frá Íslandi, bæði úr Mývatnssveit, eftir F. Lissmann, Hamborg.

Í München er eins og nærri má geta margur Brimir, þar sem gott er til góðs drykkjar þeim er það þykir gaman, eins og segir í Gylfaginning. Kom eg um kvöld í eina slíka bjórhöll, geisimikinn sal, þar sem múgur og margmenni sat og kneifði bjór, ekki af hornum þó, eins og vel hefði átt við, því að þessi ofdrykkja öls virðist arfur úr forneskju, þegar munngát var æði miklu sjaldgæfara en nú. Var þar á boðstólum haft brimsalt hagldabrauð til að æsa þorstann, og var þó bjórin svo gómpækkur, að hvergi hyggr eg að jafnvel litlum drykkjumanni mundi eins erfitt að vera bindindismaður og í München. Eg hef aldrei séð eins drukkið; það hefði verið dálaglegur foss, hefði sá bjór verið kominn í eina bunu, sem þar rann um mannakverkar það kvöld, og sá þó lítt drykk á mönnum. En bæversku bjórhjörtun, sem svo eru nefnd, bera því þó vitni, að holt mundi ýmsum að drekka minna. Bjórþamb er víst annars hvergi í heimi jafn stórkostlegt og á Þýzkalandi og er talið að Þjóðverjar drekki fyrir um 3000 miljónir marka á ári, eða hátt upp í 5 miljarðana frægu, sem þeir tóku í skatt af Frökkum. Er nú raunar í þessum 3000 miljónum talið alt áfengi og eigi öl eitt, en mest munar um ölið. Þegar nú þess er gætt, að ágóðinn af öldrykkjunni lendir aðallega hjá ýmsum auðugustu mönnum ríkisins — aðvera ölgerðarmaður þykir jafnvel enn þá vissari vegur til auðs en lyfsala — þá má nærri geta að bindindismenn eiga við ramman reip að draga, og að versta mótspyrnan kemur ekki frá þeim sem drekka, heldur frá hinum sem brynna. Kemur þetta þó ennþá greinilegar fram á Englandi, þar sem ölvararnir — þeir eru vanalega gerðir að lávörðum þegar þeir eru orðnir nógu auðugir — eru engu síður fjáðir en á Þýzkalandi, þó að ölið þeirra sé æði mikið verra.

Mér hefir varla litist betur á nokkra stótbæjarbúa sem eg hef séð, en í München, þrátt fyrir bjórþambið; glaðleg og góðleg andlit virtust þar fremur algeng. Og yfirleitt kom viljinn til að flá útlendinginn hvergi nærri eins leiðinlega fram þar og víða annarsstaðar, t. a. m. í Lundúnum og þó einkum í París, og ærlegan málsverð má í München fá fyrir sanngjarnara verð en í flestum ef ekki öllum öðrum stórborgum.

Listabragurinn, sem er yfir svo mörgu í bænum, virtist koma fram jafnvel í gesthúsinu þar sem eg bjó, og var það þó auðvitað ekki af betri endanum. Dögurðarstofan var ljósum viði prýdd af listahöndum t. a. m., og alt var svo skemtilega þokkalegt í samanburði við það sem mér síðar reyndist í París, þessum fræga listabæ, og var þó gistingin líku verði goldin.

3.

A viðum völlum sunnan til í borginni var verið að hefja stóra vísinda-, lista-, iðnaðar- og skólasýningu, og var þar fagurt og fróðlegt um að litast. Ekki virtist mér, síðar meir, annar eins fegurðarblær yfir fransk-brezku sýningunni í Lundúnum, þó að meiri væri um sig, meira í hana borið og af henni látið. Ýmisleg aðdánleg kensluhöld voru þarna og teikningar skólabarna og handavinna og þótti ótrúlega vel gert.

Einkennilegt var að sjá á afstöðinni, hvernig æðandi afhafir verið beizlað og beint í mannanna þarfir, en óskemtilegt þó að hugsa til þess, að hve litlum notum öll þessi tanning á jötunöflum náttúrunnar kemur ennþá, hjá því sem verið gæti, hve margt er enn þá óunnið, eða illa unnið af veikum og ofþreyttum höndum, sem vinna mætti með vélum; hvernig mikill hluti mentaþjóðanna er enn þá ekkert annað en nokkurs konar húsdýr, arðsömustu húsdýrin, eins og verksmiðjueigendurnir sýna á sjálfum sér og bústöðum sínum.

Einkar fróðlegt var þarna á sýningunni snildar vel gert yfirlit yfir bæversku hásléttuna og Alpafjöllin sunnan að henni; var sumt upphleypt, en málað það sem fjær var, og höfðu lagt saman listamenn og landfræðingar. Eru slíkar landamyndir frábærlega vel fallnar til að sýna landslag alt, hversu lítið borganna gætir í víðlendinu og hversu smá eru mannaverkin hjá byggingum náttúrunnar. En þó er furða hvað mikið mennirnir hafa að gert, einkum þegar þess er gætt, að þessi undarlega litlu dýr, sem í fylstu merkingu orðsins hafa risið upp á móti því sem einu sinni var niðurröðuan hlutanna, með því að fara að ganga á afturfótunum, eru rétt nýfarnir að leggja hönd á plóginn. Því meira sem maður sér af furðuverkum manna, því sterkari verður sú hugsun: við hverju má ekki búast,

þegar svona er af stað farið. Því að það verður ekki of vel brynt fyrir mönnum: menningin er rétt að byrja, vér erum rétt að komast út úr steinöldinni, notkun eldsins jafnvel má heita ný, þegar litið er á tímalengd þá, sem mannkynið hefir þegar uppi verið.

Myndir eins og þessar, sem minst var á, væri gaman að hafa af íslenzku landslagi; útsýn af Sellandafjalli t. a. m. yfir Ódáðahraun og suður í Vatnajökul, til að sýna hina hryllilegu hátígn auðnarinnar; en svo annað yfirlit af Vörðufelli á Skeiðum t. a. m., þar sem ef til vill er vinalegast víðlendi umhorfs á landi hér og framtíðarvænlegast.

Ísar heitir eins og kunnugt er, áin sem München stendur við, og í vorbliðunni valt hún áfram ygd og ólm með jökulsár-
eða réttara sagt hvítár-lit. En þó að hún velti »eins og vitlaus skepna«, þá er hún engin bægisá, því að henni er mörkuð rás með sterklega steinlímdum bökkum og straumbrjótum. En sú var tíðin, og þó löngu fyrir Münchenar minni, að áin valt að vild sinni yfir auða sanda eins og jökulsárnar á Íslandi gera enn. Er það ein mikil sigurveining manna, að beljandi stórár skuli vera borgarþryði, en enginn farartálmi. Jökull sunnan úr Alþafjöllum teygði sig á ísöld norður yfir sléttuna sem München stendur á, og ísaldarmenjar fara að sjást úr því komið er suður fyrir Dóná.

III.

Innsbruck.

1.

Svo leitt sem mér þótti að fara frá München eftir of stutta dvöl, þá hefi eg þó ekki hlakkað meira til ferðar í annað sinn en er eg steig upp í járnbrautarvagninn á stöðinni sem eg mintist á fyrir skemstu; því nú var ferðinni heitið suður í Alþafjöll og veður var hið fegursta. Eimlestin rann slóð sína á hröðum hjólum og brátt var München horfin, en grænar og fifilglóandi grundir óðu fram hjá vagnluggunum. Og í fjarska reis yfir sléttuna ljósblá hamragirðing, norðurrönd Alpa-

fjallanna, þessa megingarðs álfu vorrar. Eimreiðin herti á sér, það var eins og kapp í henni að komast áfram og vagnarunan brunaði suður vellina á dunandi teinum. Fjallgarðurinn suður frá blánaði dökkar, og stöku fjöll fóru nú að draga að sér at-hyglina, einkum Zugspitze, sem er hæsta fjall í þýzka ríkinu (nærri 3000 m.). Og óðar en varir erum vér komnir í mynnið á Inndalnum, og stefnum nú suður dalinn til Innsbruck. Hjá Kufstein er þýzka ríkið á enda, en komið inn í Austurríki, og tekur þar við Tirol; vígaleg og varðhaldsleg höll gnæfir þar á felli yfir húsin í smábænum.

Innsbruck er höfuðborgin í Tirol (50,000 íbúar) og er þar talið eitt af fegurstu bæjarstæðum um víða veröld. Áin Sill hefir eftir ísöld síðustu sorfið sér gljúfur, en kastað allri möl-inni fram í Inndalinn, svo að Innfjótíð hefir hröklast undan yfir um dalinn; stendur Innsbruck á eyrinni sem Sill þannig hefir gert. Mætti vel segja að borgin standi á vindkers víðum botni, eins og Egill kemst að orði, því að reginhá fjöll lykja útsýn af borgarvöllunum, hvert sem litið er. Fjöllin eru mest ljósleit og bregður yfir þau rauðum blæ stundum, svo að þeim svipar að lit til liparitfjallanna íslenzku, Baulu t. a. m. eða Móskarðshnúka; tindótt eru þessi fjöll og skörðótt efst, það sem stóð upp úr jökli til forna. Því að þessi fólksmargi dalur var einu sinni fullur af jökli og má greinilega sjá þó úr fjarska sé, hvað af fjöllunum stóð upp úr, því að það sem skriðjökullinn gekk yfir er alt kúftara.

Eitt sem eykur mjög á fegurð Inndalsins er breiður hjalli (das Mittelgebirge, Miðfjallið), sem liggur eitthvað 200 metra yfir dalbotni. Er mikil byggð á hjalla þessum, en bratt upp á hann, og á einum stað liggur þar upp dráttbraut; er mönnum undið þar upp í nokkurs konar geisistórum kláf; er heldur ægilegt til að sjá þegar þessi seilavagn eða kláfur er í háa lofti uppi yfir Innfjótinu. Ýmsir auðmenn eiga sér sumar-bústaði þarna á hjallanum gegnt Innsbruck, og er fagurt þaðan að líta yfir borgina.

Jarðfræðingum hefir orðið mjög tíðrætt um þetta miðfjall í Inndalnum, sem hefir að geyma miklar menjar úr sögu dals-ins; er hjallinn það sem eftir er af gömlum dalbotni, en áin

hefir rist þetta niður úr honum og hefir þó fimbulvetur ísaldar gengið yfir, síðan fljótsbotninn lá svo miklu hærra en nú.

Skamt frá Innsbruck er á hjalla þessum þorpið Hötting, en þar nálægt hefir A. Penck gert ýmsar nú frægar athuganir, sem sýna, að ýmist hefir dalur þessi verið fullur af jökli, hæst upp í hliðar, eða loftslag jafnvel mildara en það er nú, og því enginn jökull í dalnum eða nálægt. Hafa jarðfræðingar víða úr veröld komið til Innsbruck til að skoða þessa merkilegu staði, en þó held eg mér sé óhætt að segja, að þeir taki ekki fram, eða jafnist ekki einu sinni á við ýmsa staði á Íslandi, að því er þann fróðleik snertir, sem þar má fá um hina undraverðu sögu ísaldanna.

2.

Innsbruck var um þetta leyti í uppnámi út af athæfi háskólakennara eins er Wahrmund hét. Lesandinn má nú samt ekki ætla, að Wahrmund hafi neina óhæfu aðhafst, er nokkurn veginn óhleypidæmir meun mundu telja svo; hann hafði að eins í riti komið eitthvað óþægilega við sannleikshatur kaþólsku kirkjunnar. Þetta var auðvitað óvarlega gert af kennara við kaþólskan háskóla, og klerkastéttin reis nú upp og með henni aðall og stóreignamenn, kváðu Wahrmund hafa svívirt trúarbrögðin og ætti hann að rekast frá háskólanum. Varð af þessu mikið uppþot, því að nemendum eigi að eins við háskólann í Innsbruck, heldur einnig við Vínarháskóla (þar sem eru um 9000 nemendur) og aðra háskóla í Austurríki, þótti sem von var, að hér væri hin mesta hætta á ferðum andlegu frelsi, ef klerkar kæmu sínu fram um Wahrmund, og heimtuðu þeir að hann fengi að vera kyr í embætti sínu. Á móti Wahrmund var eigi að eins fyrirfólk og klerkar, heldur einnig meiri hluti bænda í Tirol, því að þeir eru mjög í tjóðurbandi klerka, og áttu þeir hægt með að telja bændum trú um, að þessi djarfi háskólakennari væri óvinur guðs og manna og óheill mundi landinu standa af slíku guðleysi. Þyrptust bændur nú til Innsbruck og höfðu hótanir í frammi.

Hóp af tírólskum bændum sá eg í veitingagarði nálægt Isselfelli, þar sem Andreas Hofer, þjóðhetja Tirolinga og menn

hans háðu frægan bardaga 1809. Beið eg þar eftir Jósef Blaaß háskólakennara, sem ætlaði að sýna mér þá velvild, að skýra fyrir mér ýmislegt í jarðmyndun og landslagi þar umhverfis.

Ekki veit eg hvort bændur þessir voru á leið til Innsbruck til að andæpa Wahrmond, en hitt sá eg, að þeir höfðu eitthvað með sér af sauðfé og var það ljótt og rófulangt. Og var þar fé fóstrum líkt, því að ekki leist mér betur á bændalyð þennan. Margir voru alveg fádæma óhreinir, svo að mér komu í hug fornkunningjar ýmsir á Grænlandi, og voru þennirnir þó í kaupstaðarferð og ekki að vinna neina saurvinnu, en veður hið fegursta. Vér Íslendingar erum — þar sem menn þekkja til vor í útlöndum, en það er nú satt að segja mjög lítið um það — illræmdir fyrir sóðaskap. En ekki hefi eg í neinum réttum t. a. m. séð líkt því jafn óhreina menn og þessir Tirolar-bændur ýmsir voru. Sumir þessir menn voru knálegir og höfðu einkum sterklega fætur, en aðrir, einkum gömlu bændurnir, voru einkennilega illa vaxnir, sveigfættir mjög og sveigarma og einhvern veginn eins og limunum væri klunnalega krækt á kroppinn; hefir þar sjálfsagt nokkuð komið til lúí. Málrómarnir voru margir einkennilega óþjálir, svo að manni kom til hugar hvort ekki mundu ýms dýr vera með svipuðum rómblae, ef þau gætu lært að tala. Þýzka á það að heita sem þessir Tirolingar töluðu, en þó að eg kunni talsvert í því máli, skildi eg ekki mikið meir hvað þeir fóru með heldur en þeir hefðu mælt á rússnesku; svo er þýzkan hjá þeim skæld og bjöguð.

Mállýzkur eru aðallega vottur um menningarskort, og það er sagt, að í ýmsum löndum megi sjá hvernig dregur úr þeim með vaxandi lestrarkunnáttu. Dæmi vor Íslendinga bendir í þessa átt, því að hvergi munu vera jafn fáir ólæsir að tiltölu, og hvergi á jafnstóru svæði jafnlítið um mállýzkur. Hitt er auðvitað rangt, að segja þær séu hér engar. En það er í góðu samræmi við eðli færeyskunnar, að svo fáir sem hana tala, og svo lítið svæði sem hún gengur yfir, þá skiftist hún samt í mállýzkur.

Þessir Tirolar trúverndarar og klerkaskjólstaðingar munu að klæðaburði og framgöngu vera líkir því sem menn gerðust um þessar slóðir langt aftur á öldum; og virtist nú að vísu

klæðnaðurinn hentugur. En verra var það að þeir munu hugsa svipað og forfeður þeirra á miðöldunum gerðu; það er miðaldamyrrkur hjá þeim fyrir því þó að þeir ferðist við og við á járnbraut og sjái rafhljóð; og þá grunar ekki, að þessi þarfa þing og mörg önnur væru ókomin enn í þennan heim, ef vinir þeirra klerkarnir hefðu fengið að ráða eins miklu og þeir vildu, og sá andi sem vill bola Wahrmund af kennarastóli fyrir sannleiksást hans og djarflyndi.

En þó að þessi Wahmundsdeila minti á miðaldirnar, þá sýndi hún þó enn þá greinilegar hversu langt er nú frá þeirri ísöld menningarinnar, eins og miðaldirnar hafa verið nefndar. Sú var öldin, að litlir vafningar hefðu orðið á að koma slíkum sannleiksmunnum frá (wahr, sannur, mund, munnur) og búa þeim bálköst í ræðustóls stað. [Meira].

HELGI PJETURSS.

Vistaskifti.

Nokkurir smápættir eftir

EINAR HJÖRLEIFSSON.

V.

Eg var að sækja vatn. Og mér fundust berar hendurnar ætla af mér.

Útmánaða-sólin réð ekki við neitt.

Dalurinn var ekkert annað en snjór. Út og suður snjór; uppi í fjallinu og niðri við ána snjór; háir snjóskafar upp að bænum; þykk snjóbreiða á bæjarþökunum. Og skafrennings-snjómóða uppi yfir jörðinni; hún barst sumstaðar beint áfram fyrir golunni; sveiflaðist sumstaðar til og varð að kófi, virtist koma úr öllum áttum og vita ekki sitt rjúkandi ráð.

Og kuldinn lagði íspak á hverja sprænu, sogaðist inn göngin, fylti alla hrolli, ef lokið var upp hurð, hleypti öllu í gadd, ef hann náði í nokkura deiglu, kvaldi mennina með þeim margvíslega hætti, sem hann einn getur hugsað upp, og hæddist að þeim í þokkabót með því að draga upp yndislegar kynjarósir á gluggana hjá þeim, eins og hann ætlaði að búa þeim einhverja paradisarhöll, og alt annað yrði honum alveg óvart.

Eg var að rogast með föturnar heim eftir hlaðinu. Þá kom Jón í hlaðið á Bleikskjöna. Hann var að koma af fundi, sem bændur í sveitinni höfðu haldið daginn áður. Báðir vorum við fönnugir frá hvirfli til ilja.

— Komdu blessaður, Steini minn, sagði Jón og vatt sér af baki.

— Gott! Nú er hann góðgláður, sagði eg við sjálfan mig.

— Farðu upp í hesthús með hann Bleikskjóna, og gefðu honum tuggu, og skafðu þig svo upp, og komdu inn í hlýjuna, inn í baðstofu, sagði Jón.

Eg kom inn eftir dálitla stund. Jón var kominn úr vosklæðum og seztur á rúm þeirra hjónanna, snöggklæddur. Þorgerður sat á stóli móti rúminu og var að spinna. Mér heyrðist þjóta með snarpasta móti í rokknum.

Eg settist á rúmið mitt í frambaðstofunni. Hurðin að hjónahúsinu stóð opin.

Þorgerður kallaði fram til mín:

— Ertu búinn að sækja vatnið?

Eg kvað svo vera.

— Farðu þá að moka flórin. Það var aldrei gert í morgun.

— Ekkert liggur á, sagði Jón.

Þorgerður dæsti við þreytulega.

— Jæja . . . þá það!

Og rokkhjólid tók gríðarlegan fjörkipp. Og allur rokkurinu urraði og argaði.

— Komdu hérna til mín, Steini minn, og seztu hjá mér, sagði Jón.

Eg lét sem eg heyrði það ekki. Mér þótti það of mikil virðing. Og mér fanst ekki sem fýsilegast né friðvænlegast að vera þarna inni hjá hjónunum.

Komdu, Steini, sagði Jón aftur.

Mér þótti þá ráðlegast að hlýða.

Jón strauk um höfuðið á mér, þegar eg var seztur.

— Nú er eg fullur, sagði Jón. Þegar eg er fullur, þá er eg góður. Þá vil eg hafa alt hjá mér, sem á bágt, alt, sem er undirokað.

Hann strauk aftur um höfuðið á mér.

— Og þá finn eg, að eg er ekkert skitseiði. Þá vil eg vera vondur við alt, sem er ilt, alla yfirdrotnun, allan þjösnaðskap, alla harðýðgi. En það er af því, að í raun og veru er eg góður.

Nú varð þögn.

— Heldurðu ekki, Steini? sagði hann þá.

En hann horfði glampandi ölvímu augunum á Þorgerði.

Eg samsinti honum í huganum. En mér fanst gæti-
legast að segja ekki neitt.

— Sér eru nú hver gæðin líka í brennivinsrostanum!
sagði Þorgerður.

Jón leit upp fyrir hana, út í gluggann. Mér fanst,
eins og honum þykja of lágt litið þar sem Þorgerður sat.
Á miðjum rúðunum voru auðir blettir innan í klakanum.
Eg sá skafrenninginn skjótast fyrir og heyrði hvassviðri
á þakinu. En eg var hræddur um, að eins mikið væri
að hvesa inni.

— Af því að eg er góður, er eg glaður nú, sagði
Jón, eins og út í gluggann.

— Við þekkjum þá gleði, sagði Þorgerður.

— Eg er ekki glaður af því að eg er fullur. Eg er
glaður af öðru.

Þorgerðar hélt áfram að spinna af mesta kappi. Jón
horfði enn út um gluggann með íbygnum spekingssvip.

Þá leit hann á mig.

— Eg er ekki allveg sannfærður um, að þú verðir
drepinn, sagði hann því næst.

Mér var ekki ljóst, hvað það kæmi málinu við. En
Þorgerður leit á hann snögglega.

— Hvað er að fréttu af fundinum? sagði hún.

— Ýmislegt, sagði Jón hróðugur.

Þá tók hann í nefið, og var miklu lengur að því en
hann var vanur.

— Sveitarómagarnir voru á undirboði, sagði hann,
þegar hann hafði komið pontunni aftur fyrir í buxnavasa
sínunum.

Eg vissi ekki, hvað undirboð var. En mér fór að
skiljast, að eitthvað mundi hafa gerst, sem mér kæmi við.
Og eg hlustaði mjög vandlega.

— Nú-nú? . . . Hverjir? sagði Þorgerður.

— Þeir verstu.

Eg fór að gráta. Eg fann, að eg mundi hafa verið í þeim hópnum, og að á almennum bænda fundi mundi hafa verið farið um mig smánarorðum.

— Já-já? Hverjir voru þá þessir verstu? sagði Þorgerður. Henni var, auðheyrt, farið að sárleiðast, hvað tregt gekk að toga út úr honum fréttirnar.

— Þeir, sem menn eru verstir við, sagði Jón. . . . Vertu ekki að gráta, Steini. Þú verður ekki drepinn.

Það var vitanlega huggun. Samt grét eg enn hærra.

— Hvað ertu að öskra þetta, Steini? sagði Þorgerður. Ekki þarftu að vera hræddur um, að þú hafir verið á neinu undirboði. Eg læt þig aldrei fara. Eg hefi marg-sagt það.

Nú skildi eg, að undirboð stæði eitthvað í sambandi við vistaskifti. Og að vistaskifta yrði mér aldrei auðið. Eg hélt áfram að gráta.

— Hvenær hefirðu sagt það? sagði Jón.

— Er eg ekki nýbúin að segja, að eg hafi marg-sagt það? Og líklegast ræð eg svo litlu.

Nú stóð Jón upp og fór í vasann á treyjunni sinni; hún hékk uppi yfir höfðagaffinum á rúminu hans. Hann tók þar upp pelaglas sitt, saup á því ósleitilega, stakk því niður aftur, settist á rúmið, hvesti augun á Þorgerði og var harðneskjulegur í málrómnnum:

— Ekki er það nú víst, sagði hann.

Mér hnykti svo við, að eg hætti að gráta.

— Hver ætli ráði því? . . . Þú? sagði Þorgerður.

Og lotningin fyrir eiginmanni hennar var ekki sem auðheyrdust í rómnum.

— Hvað segirðu um sveitarstjórnina? sagði Jón . . . Ólafur á Gili vildi fá hann.

— Fyrir hvað? sagði Þorgerður.

— Sama og þú.

— Ekki fara þeir þá að færa hann til.

— Finnur á Hóli vildi fá hann.

— Fyrir hvað?

— Tíu krónum minna.

— Við ættum að geta gert það líka, sagði Þorgerður?

Hjartað í mér tók að slá af óvenjulega miklum hraða.

— Sveinn á Bergi vildi fá hann.

— Fyrir hvað?

Þorgerður var hætt að spinna. Hún laut áfram og starði á Jón áfergjulega.

— Tuttugu krónum minna.

Þetta var þá undirboð!

Mér var ýmist heitt eða kalt af æsingunni. Hvers vegna sagði Jón ekki umsvifalaust, hvernig farið hefði? Hvers vegna lét hann toga hvert orð út úr sér?

— Og bölvapur! sagði Þorgerður. . . . Þú hefir gengið að því. Auðvitað hefirðu gengið að því! . . . Gekstu ekki að því? . . . Hvers vegna í fjandanum svararðu ekki, maður? . . . Hafirðu ekki gengið að því, þá göngum við að því nú.

Mér sýndist Þorgerður belgjast öll út af áfergjunni.

— Þórarinn í Dal vildi fá hann, sagði Jón.

Eg vissi, að Þórarinn í Dal var maður fölleitu konunnar, sem hafði talað við mig við lækinn. Eg vissi varla af mér. Eg spratt upp af rúminu, gekk að rokk Þorgerðar, studdi mig á hann og góndi framan í hana, eins og afglapi. Öll hræðsla við hana var horfin undan æsingunni. Og öll hugsun líka. Ekkert eftir, annað en einhver óljós meðvitund þess, að nú væri verið að hrinda mér til beggja hliða — og að öðrumegin væri himnaríki, en hinumegin helvíti.

— Fyrir hvað? sagði Þorgerður.

Ekki held eg, að nokkur lifandi maður hafi nokkurn tíma áður getað verið jafn-lengi að taka í nefið eins og Jón þá.

Loksins kom hann með það.

— Fyrir ekkert, kelli mín. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Ekki hálfan eyri. Ekki eitt lambasparð.

Þorgerður sat hreyfingarlaus og orðlaus drygklanga-stund. Þá hratt hún mér frá roknum og spann eina.

kembu þegjandi af gríðarlegu kappi. Eg hröklaðist aftur á rúmið. Jón horfði á hana og brosti ljúfmannlega.

Hún tók ekki nýja kembu. Mér sýndist, sem hún hefði ekki rænu á því. Hún vafði endanum um rokkbrúðuna, eins og í leiðslu, og ýtti rokknum frá sér.

— Og bölvuð lymsku-tóan! sagði hún þá. Þetta er eftir Ragnhildi. . . . Veiztu, hvað eg geri? Eg hefi hann meðgjafarlaust sjálf. Eg læt ekki Ragnhildi ráða neinu á mínu heimili. Hún skal leika sér að einhverju öðru en því að taka fólk af mér.

Nú þóttist eg sjá, hvoru megin eg lenti í hrindingunum! Sigga vinnukona hafði sagt mér, að öllum mönnum væru ásköpuð forlög, ill eða góð; sumir fæddir lánsmenn, aðrir ólánsmenn. Mér hafði æfinlega þótt það undarlegt réttlæti, og það hafði fyllt mig ótta. En nú vissi eg, hvort hlutskiftið mér var ætlað. Eg átti að verða einstæðingur og aumingi og afhrak veraldar alla mína æfi. Og eg óskaði mér, að henni yrði lokið fyrir kvöldið.

Jón drakk alt, sem eftir var í pelanum. Að því loknu tók hann til máls:

— Heyrðu nú, Þorgerður. Nú er eg fullur. Og þess vegna er eg góður. Og þess vegna þykir mér vænt um, að þú fáir einu sinni að kenna á því, hvernig þú ert. En eg er ekki svo fullur, að þér sé ekki óhætt að trúá hverju orði, sem eg segi. Þú fengir ekki að halda Steina, þó að þú byðir sveitinni þúsund krónur. Þórður, vinur þinn, hefir sagt Ragnhildi, hvernig þú ert við barnið, og fengið hana til þess að bjóðast til að taka drenginn. Hana mun líka eitthvað hafa grunað eftir kirkjuferðina hans Steina í sumar, segir Þórður. Og hann hefir líka sagt oddvitanum, að Steini sé gæðabarn, og að þú sért sú versta norn, sem til er á guðs grænni jörð. Og þó að Þórður hefði ekkert sagt, þá skyldi eg hafa sagt frá því. . . .

— Þú?! sagði Þorgerður.

Oft hefir mig síðan furðað á því, hverjum kynstrum

af reiði og fyrirlitning hún gat komið fyrir í því einsatkvæðisorði.

— Já, e g, sagði Jón harkalega. Eg hefði ekki lofað þér að drepa barnið hér á mínu heimili. Því að eg er góður. Og eg er ekkert skítseiði. Það veit eg aldrei betur en nú. Því að nú er eg fullur. Og eg læt þig aldrei ráða neinu — aldrei að eilífu.

— Við tölum nú um það á morgun, sagði Þorgerður.

En þó að hún gæfi með þeim orðum í skyn, að hún ætlaði sér ekki að taka beizlið að fullu og öllu út úr eiginmanni sínum, þá varð henni svo mikið um þennan ósigur, að hún lagðist upp í rúm, breiddi upp yfir höfuð og lá þar alt kvöldið.

Jón bjó svo vel, að hann gat látið aftur í pelann sinn úr kút frammi í bænum. Hann varð meira og meira drukkin, því lengra sem leið á kvöldið. Og altaf öðru hvoru var hann að strjúka um höfuðið á mér og klappa mér, og segja mér, að nú væri hann fullur, og að nú væri hann góður.

Mér var ekkert sagt að gera. Og eg gerði ekki handarvik. Eg var eins og í fagnaðardraumi.

Veðrið versnaði. Stormurinn buldi á þakinu. Nóttin lagðist á jörðina, köld og hörð og dimm. Gluggarnir urðu allir að einu svelli.

En á framtíðar-rúðunni minni var auður blettur. Þar sá eg út í himinblámann. Og í honum syntu skýjaborgir, með undarlegum og yndislegum, óljósum og draumkendum litum.

Niðurl. næst.

Um ættarnöfn.

I 2. hefti af Skirni 1908 ritar Guðmundur Kamban um ættarnöfn og vill endilega koma þeim á alment hér á Íslandi. Hann vill í þessu efni láta oss fara að dæmum annarra þjóða, er lagt hafa niður fornvenjuna að kenna karla og konur við föðurinn. Honum er það ljóst, að ættarnafna ómyndir þær, er nú eru að læðast inn á landi voru, eru hreinastu málskemnd og vill því koma á ættarnöfnum, sem séu alveg íslenzk, og er það mikil bót í málefni. En yfirleitt virðist mér öll ritgjörðin samt vera vantraustsyfirlýsing á því, að vér komumst undan þessum aðsækjanda ættarnafnasjúkdómi og að maðurinn sökum þess einkum sé með upptöku ættarnafna hjá Íslendingum; en svo mun vera um marga fleiri, sem halda með ættarnöfnum. Þeir sjá ekkert annað fangaráð til að bjarga þessu mikilsverða máli úr óefni því sem það nú er í.

Það er að vísu satt, að jafnan er við raman reipi að draga fyrir smáþjódir, að halda föstum þjóðarvenjum sínum fyrir áhrifum frá stórþjóðunum. En svo bætist hér við þetta mikla ræktarleysi við sitt eigið, en dekur við hið annarlega, sem lengi hefir fylgt Íslendingum; ræktarleysi við þjóðina sína, kirkjuna sína, landið sitt og ættarbúgarðinn sinn. En með þetta flest hefir nú hugsunarhátturinn stórum breyzt til batnaðar á síðasta áratugi, svo nú er fremur alls góðs að vænta af framtíðinni. Einkum ætti það að léttu undir að varðveita þjóðlega hluti, þegar svo er, að aðrar þjódir bera hina mestu virðingu fyrir þeim. En

svo mun vera um þá venju vor Íslendinga, að kenna afkvæmin við föðurinn einn.

Herra Brynjólfur á Minna-Núpi ritar í 28., 30. og 33. tbl. Lögréttu greinar nokkrar, er hann nefnir Þjóðernismálefni, og talar hann þar meðal annars um ættarnöfnin, sem hann er alveg á móti að Íslendingar séu að taka upp. Svo sem við var að búast úr þeirri átt, eru greinar þessar að flestu leyti ágætar. Hann talar um að oss Íslendingum sé mesta nauðsyn á að varast alt, er vott beri um lítilsvirðingu á þjóðerninu; og eitt af því er ættarnafna-farganið nýja. Það er og alveg víst, að eftirnöfn margra kvennanna undir áskorun kvenréttindafélagsins hafa hjá ýmsum mönnum stórum spilt fyrir því, að áskoruninni væri gegnt. Mörg nöfnin þar eru hneykslanleg frá íslenzku sjónarmiði og vöktu því sárustu gremju hjá mönnum með sannislenzku hugarfari. Það er jafnan illa farið, er góðu máli er spilt af klaufaskap.

Það er annars undarlegt, hversu óþjóðlegt og vitgrant sumt af mentuðu heldra fólki getur verið í ýmsu. Allir ætti þó að vita, að rétta útlenda venjan er sú, að kona með ættarnafni, er giftist manni með ættarnafni, missir nafnið, er hún átti áður og fær nafn manns síns í staðinn. Ef t. d. stúlka, sem heitir Guðrún Möller giftist manni, er heitir Sigurður Sívertsen, þá heitir hún upp frá því frú G. Sívertsen. En ef nú stúlka með ættarnafni giftist manni ættarnafnslausum, þá missir hún á sama hátt ættarnafn sitt, en getur ekkert nýtt ættarnafn fengið í staðinn, úr því að maðurinn átti það eigi til, heldur á hún upp frá því að kenna sig við föður sinn. Ef t. d. stúlka sem er Finnsdóttir, en heitir Ingibjörg Stephensen, giftist manni er heitir Einar og er Þorkelsson, þá er það fjarstæða bæði með útlendu og innlendu venjuna að hún eignist skírnarnafn tengdaföður síns og heiti úr því I. Þorkelsson, heldur ber henni eftir giftinguna að taka upp föðurnafn sitt og nefnast I. Finnsdóttir. Þetta er svo auðskilið, að það er furða að nokkur kona skuli villast á því. Raunar er sökin í þessu efni jafn-mikil

hjá karlmönnunum, sem eigi leiðréttu slíkar firrur eigin-
kvenna sinna.

Eitt af því, sem G. Kamban færir máli sínu til stuð-
nings, er það að fjölmargar embættismannakonur í Reykja-
vík hafi tekið upp ættarnafn eða kenning við föðurnafn
eiginmanna sinna. Eg fæ nú eigi séð, að embættismanna-
konur í höfuðborginni eða annars staðar á landinu séu
nokkurt fyrirmyndardæmi í þessu efni. Svo sem vant er
að vera um allar framfarir og afturfarir, þá mun þessi
ættarnafna-upptaka hafa byrjað á meðal æðri stéttanna í
öllum löndum og færst svo til lægri stéttanna. Eg fæ
eigi skilið, að hann Sigurður Höskuldsson, sem höf. tekur
að dæmi, sé endilega tilneyddur að nefna konuna sína
Karen Höskuldsson eftir giftinguna, þótt hún sé dönsk og
fædd Jørgensen. Látum föður hennar hafa heitið »Sören«
og þá er hún eigi of góð til að verða eftir íslenzkum
hætti að nefna sig Karen Sörensdóttur í hjúskapnum. Eg
fæ eigi betur séð, en að ennþá sé hægt að verjast þessari
nýbreytni með ættarnöfn hjá þjóð vorri, og það ásamt með
ýmsu fleira veldur því að eg er á móti þeim. En
samt vil eg í ritgerð þessari sýna fram á, hvornig sann-
íslenzk ættarnöfn ætti að verða mynduð, ef sú mæða á
fyrir oss að liggja að innleiða þau; því að ennþá er mál
þetta eigi nærri nógu vel skoðað frá öllum hliðum.

Mjög lítið vill G. Kamban gjöra úr því, að þessi venja
að kenna sig við föðurinn, sé þjóðleg og íslenzk. Hann
segir að þetta sé íslenzkt öldungis eins og það hafi áður fyr
verið þýzkt, danskt o. s. frv. En að neita því að þetta
sé af þessari ástæðu sérstaklega þjóðlegt með Íslendingum
er alveg röng og háskaleg kenning. Fæstir þjóðlegir hlut-
ir eru þannig lagaðir, að þeir hafi hvergi í heimi til ver-
ið nema hjá þeirri eða hinni þjóðinni. Flest það sem
einhversstaðar er þjóðlegt hefir áður verið sameign heilla
þjóðbálka, en svo orðið þjóðlegt við það eitt, að hafa varð-
veizt kynslóð eftir kynslóð á þessum eina stað, þegar það
var gleymt hjá öllum öðrum. Engum manni dettur í hug
að neita því, að málið, sem á vorum dögum er talað hér

á Íslandi, sé þar einkarþjóðlegt nú. En þetta er svo fyrir þá sök, að hinar norðrænu þjóðirnar hafa týnt því af tungu sinni, því fyrir hundruðum ára var það alls eigi neitt sérkennilega þjóðlegt á Íslandi, heldur var tungan sam-norðræn. Líkt mun mega segja um íslenzku glímuna þjóðlegu eða um vikivakadansinn hjá Færeyingum. En öldungis sama gildir um þenna sið að kenna menn ein-göngu við föðurinn.

Enginn efi er á því, að vér Íslendingar eigum beint samskonar heiður skildan fyrir að hafa varðveitt þenna sið, sem fyrir það að hafa framan úr fornöld haldið óbreyttu tungumáli. Nú orðið erum vér einir allra gotneskra þjóða um venju þessa, svo á vorum tímum er hún í hæsta máta þjóðleg hér á landi og því skaði að sleppa henni. Með útlendum þjóðum hafa ættarnöfn eigi komist í hefð í ættum konunganna og því er það, að einstaka útlendingur lætur sér um munn fara, að það sé engu líkara en að allir Íslendingar séu konungbornir menn. Eigi má því heldur mótmæla, að ættarnafnasiðurinn komst inn hjá hinum gotnesku þjóðum á þeim tímum, sem virðingin fyrir þjóðerninu var nálega engin og finast þótti að apa alt eftir rómversku þjóðunum. Væri það enn venja t. d. hjá Englendingum og Þjóðverjum að kenna karla og konur við föðurinn, en nota fornafnið eitt í daglegu tali, myndi þeir eigi nú fara að fá sér ættarheiti.

Sumir halda því fram, að ættfræðingunum sé stór hæðarauki í ættarnöfnum, en aftur segja aðrir að þau geri þeim stórt ógagn. En eftir því sem ættfróður maður hefir látið í ljósi við mig, þá gera ættarnöfn hvorki gagn né ógagn í ættfræðinni. Sannleikurinn er eflaust sá, að það stendur öldungis á sama um þetta í ættvísinni.

En hér kemur fleira til skoðunar. Sá sameiginlegi stórgalli er á gersamlega öllum þeim ættarnöfnum, sem innleidd hafa verið á Íslandi, að þau, að máli, eru hvorki íslenzk né útlenzk, heldur málleysur. Af *Borgarfjörður* er t. d. myndað »*Borgfjörð*«, af *Bárdardalur* »*Bárdal*« o. s. frv., en svona eru þau hvert og eitt, svo það er stór

furða að íslenzkir menn með þjóðrækni, er fengið hafa þenna slæma arf frá feðrum sínum, skuli eigi allir hafa kastað honum frá sér, svo sem sumir menn hafa þó gert. En auðvitað er, að slíkt verður að gerast mjög snemma, því þegar menn eru orðnir þjóðkunnir, er það lítt mögulegt, og eru hér því miklar málsbætur. Hitt er ófyrirgefánlegra, að ýmsir menn eru nú á dögum að taka sér ný ættarnöfn og þau illa mynduð. Sérstaklega tíðkast slík ættarnafnafíkn hjá Íslendingum, sem eru eða hafa verið í Ameríku. Þannig láta þeir skáldin Einar Hjörleifsson og Jón Ólafsson börn sín nefna sig og skrifa: »Hjörleifsson« og »Ólafsson«, bæði syni og dætur. Er það undur mikið um slíka menn andans, er þó vilja eflaust báðir vera þjóðlegir í hegðun. En svona getur spillingin hjá heilli þjóð etíð um sig.

Öll ritgjörð G. Kambans er virðingarverð tilraun til að koma á þjóðlegum ættarnöfnum í staðinn fyrir óþjóðlegu afskræmin, sem nú eru að læðast inn í landið. Höf. færir fyrirtaksgóð rök fyrir því, að ættarnafnaendingin »son« við nöfn kvenna er óhæfa og vitleysa við nöfn karla, og er því verst allra ættarnafna fyrir íslenzka tungu og hugsun. Þetta finnur líka nálega hver íslenzk sál, og einnig margir þeirra, er slík nöfn bera, svo um það verður varla þráttáð. Það er ómótmælanlegt, að þetta enska »son« er enn óviðfeldnara í íslenzku og þrælslegra fyrir kvenfólkið en hið danska »sen«. Hér er beint verið að særa þjóðerni sitt á viðkvæmasta stað. Að minsta kosti eru Engilsaxar oss fjarskildari en Danir, svo að eigi er fremur ástæða til í þessu efni að taka upp enska háttu en danska; hvorugt á að vera, og þó síður sú aðferðin, sem miklu meira rekur sig á fornt og nýtt mál, íslenzkt og rétt.

Til þess að fá framgengt í verki hugmynd sinni um ættarnöfnin, hljóta þeir sem vilja koma þeim alment á og hafa þau í lagi, að leita hjálpar löggjafarvaldsins og láta það skipa fyrir, hvornig ættarnöfn skuli mynda og um leið hvornig þau megi eigi vera. Annars verður engin regla

á þessu. Víst væri það engin fjarstæða að löggjöfin skifti sér af þessu, því hún lætur sumt taka til sín, sem eigi er meiri ástæða til, enda eiga margar þjóðir lög um þetta. Þar á meðal Svíar mjög ný lög. En vér, sem höfum á móti ættarnöfnum, ættum eins vel að geta fengið löggjafarvaldið til að banna þau með öllu á Íslandi, og í þá átt gekk frumvarp Jóns heitins landritara hérna á árunum. Það er fljótvirkasta ráðið til að lækna mein þetta. Mannheitin eru svo mikill hluti af tungumálinu og standa í svo nánú sambandi við alt sálarlíf og séredli hvers einstaklings, að því atriði þjóðernisins ber að gefa mikinn gaum.

Ein vitleysan með ættarnöfnin hér á landi er það, að sumir láta skira börn sín ættarnöfnum alóskyldra manna, svo að við það missa þau alveg þá þýðing, er þau eiga að hafa. Þetta nafnahnúpl og sömuleiðis ættarnöfn með »son«-endingum ætti alþingi beint að fyrirbjóða, hvað sem hinu líður, er hér var nefnt næst á undan. Ungmennafélögin, er alt íslenzkt eiga að styðja, hafa hér veglegt verkefni fyrir höndum. Þau ætti og að stuðla til þess, að skírnarnöfn manna verði íslenzk einnefni.

Auðsætt er það, að G. Kamban er mjög ant um að sanna það, að íslenzk orð megi vel hafa fyrir ættarheiti, svo að þau geti orðið þjóðleg. Það er eflaust rétt hjá honum að tungan er svo auðug, að fá má nóg af góðum ættarnöfnum, en þessi 40 sýnisdæmi hans hafa þann gallann, að þau öll eru *ein-* eða *tvíkvæð*, en forðast að nefna *þri-* og *ferkvæðu* orðin. En slíkt gefur beint efni til útlenzkulegra styttinga og afbakana á íslenzkum orðum og færir því niður í sama fenið sem gömlu ættarnöfnin hér á landi. Maðurinn yrði t. a. m. nefndur *Finnur Fróðstað* fyrir *F. Fróðastaður*, *Björn Bildal* fyrir *B. Bildudalur* og annað þvilíkt. Mega nú allir sjá, að hið fyrra er ljót útlenzka, en hið síðara hrein íslenzka. Fornaldarheiti þau sum, er höf. vill gera að ættarnöfnum, eru þar að auki írsk að uppruna og því óíslenzkuleg. Það mundi verða eðlilegast að mynda ættarnöfnin sem flest af nöfnum sveita

og bæja og öðrum örnefnum, hugsuðum eða raunverulegum, þá yrði þau fögur og fjölbreytt, en þó því að eins, að málið sé eigi afmyndað með úrfellingum atkvæða og öðrum styttingum, sem er beint óþjóðlega einkennið við gömlu ættarnöfnin hjá oss.

Eftir því sem ráða má af allri ritgerðinni, þá er það vist álit höf. að helzt beri að taka nafnorð í eintölu af sterku beygingunni fyrir ættarnöfn, ef þau eiga að geta farið vel í málinu, og jafnframt beri að sleppa nefnifallsmerkinu af karlkynsorðum. Segja t. d. *Guðmundur Þórðarhóí* og *Sólbjörg Hjaltadal*; er þá auðsætt að hvorugkynsorðin yrði bezt viðfangs; t. d. *Sigmundur Mýrarholt* og *Guðlaug Eyrarland*, en aftur yrði næsta örðugt að nota kvenkynsorð, þótt sterk séu, vegna eignarfallsins, sem vill ávalt að geti endað á *s*, eins og í dönsku og sænsku, hvað sem réttu máli islenzku liður. Þessu eina falli í ættarnöfnum vill hann halda, auðsjáanlega heillaður af danskri og þýzkri málvenju, en hitt er honum vist ókunnugt um, að í ýmsum öðrum málum, svo sem slafnesku tungunum, geta ættarnöfnin verið alfalla. Það yrði nokkuð undarlegt að hafa t. d. *Jón Mágahlíð* og *Guðrún Fífilgrund*, ef eignarfallið þar ætti að hafa *s* fyrir *ar*, enda væri slíkt argasta málleysa. Af sömu ástæðu væri alveg útilokað, að geta notað þau orð, þótt karlkyns séu, sem endá á *ar* í eignarfalli, einkum ef það eru *u* stofnar, hversu fögur sem þau eru; því það yrði óhæfu afbökun að segja t. d. til *Þorsteins Stöðvar/jörðs* (f. fjarðar) eða *Þórdísar Smáravöllu* (f. vallar). Af þessu fer nú að verða nokkurn veginn auðsætt að ættarnafnakerfið hans G. Kambans er að mörgu leyti vandræðagripur í tungu vorri, og efnisviðurinn hjá honum mjög takmarkaður, þótt vel geti verið að hann sé nægur í nokkur hundruð nafna. Að vitna í norskuna og önnur beygingarsnaud mál dugir eigi í þessum efnun. Það er systemni á milli nýnordrænu mála, t. d. norsku og sænsku, en alls eigi milli norsku og islenzku, því þær eru mæðgur; hin fyrri er dóttirin en

hin síðari móðirin og myndrikt foraldarmál, er eigi verður borið saman við hitt, með þetta.

Sannleikurinn er sá, að eigi ættarnöfn að verða sannislensk og um leið fjölbreytt og fögur, þá verða þau að geta myndast af öllum flokkum nafnorða, jafnt með veikri og sterkri beygingu og hvers kyns sem orðin eru. Þau eru engin íslenska nema þau geti hneigst öldungis eins og hver önnur orð í málinu, ýmist mikið eða lítið eftir atvikum, enda sé eg enga ástæðu til, hvers vegna þau mega eigi halda öllum fallendingum óbrjáluðum, og nefnifallsmerki og þágufalls alveg eins koma þar fram, sem merki þolfalls og eignarfalls. Eða hvi skyldi eigi mega halda réttu *ar* fyrir rangt *s* í eignarfalli þeirra orða, er eg tók fyrir dæmi nú síðast? Fólk mundi fella sig einmitt betur við réttu myndirnar, þegar málkunnáttan væri í þolanlegu lagi og nöfn þessi orðin algeng. Hitt að geta sætt sig við beygingarlausu *meginhluta* orða (um *orðrætur* er þar sjaldnast að tala), sýnir ekkert annað en stórskemda málkend, er beinleidis hefir skapast af endingarlausu og útlendu ættarnöfnunum, er nú um sinn hafa verið að flækjast um landið og í málinu, svo eigi eru upptökin góð.

Þegar öllu er á botninn hvolft, þá er nefnifallið eina orðmyndin, sem deila er um, hvort halda skuli fallsmerkinu eða fella það niður. En um það getur þó engum blandast hugur, að það er íslenskara og í meira samræmi við önnur orð í málinu og einkum við ættarnöfn af veikri beygingunni, að halda nefnifallsmerkinu, annars verður endalaust ósamræmi á milli sterku og veikri ættarnafnanna. Með því að halda fullri beygingu verða t. d. nöfnin *Arni Hólmur* og *Ólafur Múli* alveg hliðstæð, en ef hið fyrra endilega á að heita *Á. Hólmi*, þá verður hitt að hljóða *Ó. Múli*, sökum samkvæmninnar, en slikt afbökkun væri víðurstygd. G. Kamban telur upp sæg af orðum til að sýna vöntun fallendinga í orðflokkum, sem svo aftur á að vera sönnun þess að sleppa megi nefnifallsmerkinu í ættarnöfnum. En með þessu sannar hann bókstaflega ekkert. Hann sannar það eitt, sem allir vita og engrar

sönnunar þarfnaðist, að til eru orðflokkar í málinu er vantar sum fallsmerkin; en hitt, að til sé nokkur tegund hluta, sem jafnan eigi sér fallendingalaus heiti í málinu, það tekst honum eigi að sanna, sem eigi var heldur von. Þetta hefði hann þó þurft að gera; að t. d. nöfn á lagardýrum væri ávalt endingalaus eða sú tegund eiginnafna, sem eru stáðaheiti, því ættarnöfnin heyra undir eitthvað slikt, en eru engin sérstakur beygingarflokkur orða. Hefði eg viljað færa sönnun fyrir þessu máli, mundi eg enga aðra sönnun þókst þurfa en þessa: *Íslensk ættarnöfn með sterkri beygingu geta verið endingarlaus í nefnif. öldungis eins og orðið »sonur« er endingarlaust, þegar það er haft að föðurkenningarnafni t. d. »Sighvatsson« o. s. frv.* Þessi sönnun ein fer ofurlítið í rétta átt, þótt hún vitanlega sé allsendis ónóg til að réttlæta til fulls endingaleysið, og svo yrði þessi aðferð til þess að skapa ósamræmi við ættarnöfn með veikri beyging, svo sem áður var sagt.

Í Norðurlandi 19. septbr. 1908 hefir Ólafur farmaður ritað grein eina, sem einnig ber fyrirsögnina; »Ættarnöfn«. Margt er vel sagt í þeirri grein, en eigi fekk eg hana í hendur fyrr en eg hafði lokið við að gera uppkast að þessari ritgjörð og gat eg því eigi stuðst við hana sem vert væri. En það gleður mig, að hann er mér alveg samdóma um það, að ættarnöfnin eigi að hafa fulla beyging sem hver önnur orð í íslenzku. Það sem mér líkar illa við grein hans er þetta, að hann heldur með því, að Íslendingar taki sér upp ættarnöfn. En vel valin og rétt mynduð vill hann hafa þau. Hann stingur og upp á því, að menn kalli sig *frá, úr og af* með viðeiganda staðarheiti t. d. *Jón frá Vatni, Bjarni úr Tungu, Geir af Hóli*. Slikt ættarnöfn hafa eflaust þann kostinn, að þá yrði siður hætt við að fólk hætti alveg í daglegu tali að nota eiginnafn einstaklingsins, en láti ættarnafnið eitt duga. Eg er mjög hræddur um samt, að Íslendingar felli sig aldrei við þau og það komist aldrei á. Sönnun þess er það og, að ekkert norrænt mál hefir tekið þau upp. Ólafur farmaður vill og láta mynda ættarheitin jafnt úr

veikri sem sterkri beygingu orðanna í málinu, svo aftur þar erum við sammála.

Erfitt mun G. Kamban ganga að sannfæra marga menn um það, að enskan fyrir beygingarleysi sitt sé langþroskaðasta mál heimsins. Flestir munu álíta að t. d. þýzka með sinni fullu nafnorðabeyging og spánskan með fjölbreyttu sagnorðabeygingunni sinni séu fult svo þroskaðar tungur og miklu fegurri. Og mundi eigi slíkt mega segja um íslenzku? Eða hvað skyldi það vera í ensku, sem eigi er hægt að segja á hinum málunum? Er nú kinverskan orðin fullkomnasta málið í heiminum? En hvað sem þessu líður, þá sannar þetta með enskuna, á engan veg, að íslenzkan og ættarnöfnin í henni eigi að vera beygingarlaus. Rómverjar eru sú þjóð, er fyrst kom ættarnöfnum í fast skipulag, enda eru ættarnöfn þeirra bæði fögur og þjóðleg. Þau eru alveg samvaxin tungumáli þeirra og hafa fulla beyging sem hver önnur latnesk orð. Þar er því ágætt dæmi, sem þeim ber að taka til fyrirmyndar og samanburðar, er koma vilja ættarnöfnum inn í íslenzkuna, en vera eigi að vitna í það, sem alls eigi á við.

Eg neita því, þvert ofan í G. Kamban, að kynferði orða sjáist beinlínis á endingum orðanna og því beri að halda meginhlutanum einum í ættarnöfnum, en sleppa fallendingum. Kynferðið fylgir beint orðstofninum af eintómum gömlum vana, sem málvísir getur, enn sem komið er, eigi greint fullnægjandi ástæður fyrir, að minsta kosti eigi við nöfn á þeim lífverum, er eigi er unt að greina náttúrlegt kyn hjá við fyrsta álit og svo hjá dauðum hlutum, sem eftir hugsuninni væri eðlilegast að hafa hvorugkyns eða kynlausa. Kynferðið fylgir, sem sagt, alls eigi endingunni, þótt eitt kyn orða taki fremur til sín þessa fallendingu en annað aftur hina og kynið þann veg oft komi í ljós, líka af endingunni. Vanalega sést kynferðið undir eins í máli, er maður kann til fulls, þótt nakinn meginhlutinn sé tekinn, og svo er í öllu mþeim 40 orðum, er höf. tekur fyrir dæmi í kerfi sínu, að þar sést kynferði

allra þeirra við fyrsta álit, þrátt fyrir alt endingarleysið. Og nú skal eg, rétt að gamni mínu, nefna úr málinu orðin *fugl, hurð, lok*. Þau eru öll fallendingarlaus, en þó er kynferðið þegar ljóst hverjum islenskum manni. Það er því hégómi einn, að nota kynferðið sem átyllu til þess að fella burt nefnifallsmerki í ættarnöfnum.

Niðurstaðan verður þá, að sjálfsagt er að halda nefnifallsmerkinu í ættarnöfnum þó beygingin sé sterk. Systkinin eiga þá t. d. að heita *Guðni* og *Gróa Galtarlækur* (eigi *Galtarlæk*) og er þetta í ágætasta samræmi við fornu víðurnefnin og nýju auknefnin og uppnefnin, sem hafa öll rétta beyging og auðsætt er því að taka til fyrirmyndar. En einkum ætti að nota sem mest orð með veikri hneiging fyrir ættarheiti, þau eru oft svo mjúk í munni. Hjónin ættu þá að heita t. d. *Þorvaldur* og *Áslaug Fjólubali* eða *Grimur* og *Björg Valþúfa* og jafnvel *Halldór* og *Elin Ljónshjarta*. Slik ættarnöfn hafa fulla beyging, sem er samkvæmt réttu eðlisfari islenskunnar. Rómverjar gátu kynbeygt ættarnöfn sín; ef bróðirinn t. d. hét *Titus Cornelius*, þá hét systirin t. d. *Claudia Cornelia*. Þetta getum vér eigi, en í þess stað getur islenskan þolað að karlar beri, ef vill, kvenkend víðurnefni og konur karlkend, svo sem ótal dæma að fornu og nýju sýnir.

Með ýmsu því sem hér er sagt vona eg að hafa sýnt, að ættarnefnakerfi herra G. Kambans er óhæfur grundvöllur fyrir islenskumyndun ættarnafna alment, þótt sum nöfnin hjá honum séu miklu betri en það flest, er vér áður höfum átt að venjast af þessu dóti. Frá sjónarmiði þjóðernisins er hér um afar-mikilvægt málefni að ræða, svo nauðsyn ber til að hugsa þetta rækilega og hrapa að engu. Væri því gott, að sem flestir menn, er til þess eru hæfir, vildi rita og ræða sem vandlegast um mál þetta frá öllum hliðum. En sjálfur er eg fremur efablandinn um, að auðvelt verði að koma alment þeim umbótum á ættarnöfnin að tungumál vort verði óskemt af upptöku þeirra.

Eg ræð það af rússneskum skáldsögum, að Rússar noti íðulega bæði föðurnafn og ættarnafn. Ef sú aðferð væri höfð hjá oss, mundi fornafn manna síður hverfa úr talmálinu og væri það mikill kostur. Í riti yrði t. d. haft *Guðbrandur Þórarinnsson Engey* og *Guðbjörg Steinsdóttir Hvalvogur*, en í tali yrði mest notað fornafnið svo sem nú, og ættarnafnið myndi aldrei útrýma því.

En hver er svo hagurinn við ættarnöfnin? Svári nú þeir sem geta. Mér vitanlega er að eins eitt gagn, sem þau gera, og það er líka allmikið, eigi skal því neita. Þetta eina gagn er það, að hægra er miklu, oft og tíðum, að greina menn sundur. Hann *Jón Jónsson Fljótstunga* og *Jón Jónsson Vallhólmi*, eru auðþektir á ættarnöfnum sínum, en annars væri ilt að vita, við hvern þeirra átt væri. En hér mun líka alt gagnið upp talið og er hætt við að meira sé mist en fengið við nýbreytni þessa, enda má vel finna ráð til að greina samnefnda menn í sundur með ýmsu öðru en ættarnöfnum. Lýk eg svo þessu máli og bið alla góða menn að hafa einungis heiður islenskrar tungu og þjóðar fyrir leiðarstjörnu í tillögum sínum um það.

Kvinnabrekku í desbr. 1908.

JÓHANNES L. L. JÓHANNSSON.

Ágrip

af

upptökum og sögu kvenréttindahreyfingarinnar
í Ameríku.

II.

Sagan um kvennafundinn í Seneca Falls flaug eins og eldur í sinu um alla Ameríku og gerði þennan smábæ sem fáir þektu, frægan á fáum dögum. Alt komst í uppnám út af þessum dæmafáu tíðindum. Blöðin skopuðust napurlega að konunum, prestarnir þrumuðu á móti þeim frá prédikunarstólnum, kölluðu þær »Belialsdætur« og ýmsum öðrum sæmdarnöfnum. Eiginmenn ýmsra fundarkvennanna náðu ekki upp í nefið á sér út af allri þeirri svívirðingu, sem þær hefðu gert þeim. Faðir E. Stanton kom með fyrstu hraðlest um nóttina á eftir til að vita hvort hún væri með öllu ráði. Og hún segir sjálf, að ef heilbrigðisástand sitt hefði ekki verið jafn-gott og það var, þá mundi sér hafa verið stungið inn í vitlausra spítala.

Árið 1849 sendu þeir Garrison og Phillips áskorun um kosningarrétt kvenna til þingsins í Massachusetts, undirskrifada af 2000 konum. Árið 1850 myndaðist fyrsta kvenréttindafélagið í Boston, og sama árið boðaði Mrs. Paulina Wright Davis til fundar í bænum Worcester í Massachusetts. Þessi fundur var miklu betur undirbúinn en fundurinn í Seneca Falls. Meðal fundarboðendanna var Abbey Kelly, ein af allra harðvítugustu og duglegustu fyrirlestrakonunum, Garrison, Phillips, Friðrik Douglass, (hinn frægasti maður, einn af þrælunum, sem

flúið höfðu og síðar voru keyptir úr ánaud af nokkrum kvekarakonum), Mrs. L. Mott og ýmsir fleiri frægir karlar og konur fyrir baráttu sína fyrir þrælafrelsinu, bæði frá Nýja Englandi, New-Yorkríkinu, Ohio og Pensylvaníu. Á þessum fundi var kvenréttindafélags-samband Bandaríkjanna stofnað, með stjórn af kjörnum fulltrúum frá hverju ríkissambandsfélagi, sem aftur hafði sína sambandsstjórn innan hvers ríkis. Öll þessi félög sameinuðust nú í aðalsambandsstjórn kvenréttindafélaga Bandaríkjanna, með sameiginlegu ársþingi á tilteknum stað og tíma. Þetta fyrirkomulag hefir til skamms tíma verið haft að fyrirmynd allra annara kvenréttinda-landsfélaga.

Á þessum fundi voru ýms kvenréttindamál rædd. T. d. um rétt mæðra yfir börnum sínum, rétt kvenna til að stunda læknisfræðinám við háskóla, sem engin kona hafði áður fengið. Ýmsar ákvarðanir voru einnig gerðar samskonar og á fundinum í Seneca Falls. En efst á blaði af öllum réttarkröfum kvenna var nú sett krafan um pólitískan kosningarrétt, sem lykillinn að öllum öðrum réttarbótum þeirra. Þetta mál kvaðst Garrison álíta mikilsverðasta málið í allri mannkynssögunni.

Ýmislegt fleira var rætt á þessum fundi; t. d. hrakti Antoinette Brown mótbáru prestanna gegn því að konur tækju þátt í opinberum umræðum mála. Hún var fyrsta konan, sem stundaði guðfræðinám, og var vígð til prests sama árið.

Eftir greinilegum fundarskýrslum blaðanna barst fréttin um fund þennan til Englands og varð fyrsta ástæðan til fyrstu ritgerða J. Stuarts Mill og konu hans um þetta efni, og kröfu hans í parlamentinu um kosningarrétt kvenna. Þessar undirtektir jafn-frægs manns styrkti amerískar konur aftur í baráttunni til að heimta rétt sinn óskiftan, hverjir sem í móti mæltu.

Kvenréttindafélögin fóru eftir þetta að þjóta upp og vinum þeirra fjölgaði með degi hverjum. Allflestar ágætustu konur Ameríku gengu í lið með forsprökkunum. Og sjálfar héldu þær ekki kyrru fyrir, heldur ferðuðust

borg úr borg og ríki úr ríki til að halda fyrirlestra, setja félög á stofn og vinna máli þessu vini og gagn. Á þessum fundum voru kröfurnar mismunandi, þótt aðalkröf væri jafnan sú sama. Stundum var það endurskoðun og umbætur á hjónabandslögnum, sem voru, eftir enskum lögum, mjög ill og óeðlileg, stundum var það réttur kvenna til að fá aðgang að háskólum og embættum, opinberum sýslunum o. fl. Stundum voru það hærri vinnulaun kvenna, jafnrétti í atvinnurekstri og launum a við karlmenn. Stundum var það um fjárráð giftra kvenna yfir atvinnu sinni og séreign þeirra. Stundum um rétt mæðra yfir börnum sínum, um hjónaskilnað o. s. frv.

Mrs. Paulina Wright Davis var fyrir þeirri baráttu í Nýja Englandi um nokkur ár, ásamt fyrra manni sínum Frances Wright. Eitt kvöld, þegar þau höfðu haldið fund um þrælamálið, safnaðist múgur manna utan um hús þeirra með ópum og óhljóðum og ætlaði að brenna þau inni. Foringinn klifraðist upp á viðarköstinn, sem átti að kveikja í, til að sjá inn um gluggann, hvað hafst væri að inni, en sá þá, að heimilisfólkið hélt venjulega heimilisguðsþjónustu og kraup þar á bæn. Þá hætti hann við að brenna þau inni.

Mrs. P. Wright var ein af fyrstu konum í Ameríku, sem lögðu stund á líffærafræði og líkskurðarfræði. Hún hélt fyrirlestra um þessi efni, og hafði brúðu til skýringa á fyrirlestrunum, sem vakti mikið hneyksli fyrst í stað. Þó varð þetta til þess að ýmsar konur af áheyrendum hennar urðu með þeim fyrstu til að stunda læknisnám, þegar konum var veittur aðgangur að skólunum.

Eftir dauða fyrri manns síns giftist hún aftur Thomas Davis frá Rhode Islande og settist þá að í Boston. Þar stofnaði hún fyrsta kvenréttindablað heimsins 1853, »The Una«. Árið eftir var maður hennar kosinn á sambandsþingið í Washington. Hún fylgdist með honum þangað. Þar kom hún því síðar á, að konur skyldu jafnan halda allsherjafund fyrir Bandaríkin um þingtímann í Washington, til þess að reyna að hafa áhrif á þing-

mennina, bæði í kvenréttindamálunum og ýmsum öðrum mannúðar og framfaramálum.

Susan B. Anthony, hin alpekta forvígiskona kvenréttindabaráttunnar á síðari hluta 19. aldar, kom ekki til sögunnar fyr en á aðalfundi kvenréttindafélags-sambands Bandaríkjanna 1853. Hún var kvekaradóttir og alin upp við alvarlegan aga og vinnu. Þó var faðir hennar ekki eins strangtrúaður og aðrir trúarbræður hans, og leyfði börnum sínum meiri gleði og fjölbreyttari mentun en þeir; t. d. fengu þau að læra að leika á hljóðfæri og dansa, sem ekki var venjulegt eða vinsælt í kvekarasöfnuðum. Að lokum sagði hann skilið við kvekarana og gekk inn í Unítarasöfnuð.

Susan B. Anthony fekk góða skólamentun. Hún var að eins 15 ára, þegar hún fór sjálf að kenna við barnaskóla; milli þess vann hún stöðugt heima. Síðar varð hún fastur kennari við barnaskóla, og svo langt frá því að hún fengist við nokkrar kvenréttindahugmyndir, að hún gerði að eins gys að þeim. Auðvitað varð hún með sínum sterka vilja og starfskröftum að hafa eitthvað meira og viðtækara fyrir stafni en smábarnakenslu. Það urðu því bindindismálin, sem fyrst komu henni til að taka þátt í almennum málum. Í þeim starfaði hún lengi, einkum bindindisfélagi kvenna (Temperancedætrum), þar var hún ritari. Hana hafði lengi langað til að verða kvekaraprestur, en með tímanum varð hún þeim trúarflokki fráhverf.

Arið 1851 hitti hún Abbey Kelly og mann hennar, og fylgdist með þeim á fyrirlestraferðum þeirra um Massachusetts. Þá fekk hún löngun til að taka þátt í baráttunni fyrir þrælafrelsinu, með því að fara að tala opinberlega fyrir því. En ekki treysti hún sér enn til þess að koma opinberlega fram. Svo er vaninn ríkur.

Þetta sama ár hittust þær Mrs. Elisabet Stanton og Susanna B. Anthony og Elisabet sá skjótt, hver veigur var í Susönnu. Hún sannfærði hana um réttmæti kven-

réttindakröfunnar. Þær bundu með sér félagsskap og vináttu, sem hélzt meðan þær lifðu báðar.

Eftir þetta voru þær óaðskiljanlegar í kvenréttinda-baráttunni um 40 ár. Þeim bar aldrei á milli opinberlega og þær bættu hvor aðra upp. Súsanna stjórnaði og skipaði fyrir um alla framgöngu; hún útvegaði fundarstaði, sendi út auglýsingar, gerði alla samninga, og sá um útvegum peninganna, þegar í harðbakkana sló. Hún var allra kvenna þrautseigust, einbeittust og hagsýnust. Orðtak hennar var: »Failure is impossible.« »Ósigur er ómögulegur«. Trú hennar á málefni því, sem hún barðist fyrir meira en heilan mannsaldur, var óbilandi. Hún starfaði ekki einungis í Massachusettsríkinu, þar sem hún var borin og barnfædd, heldur var varla sá smábær til í öllum Bandaríkjunum, sem hún hafði ekki ferðast um, og haldið fyrirlestra í um kvenréttindamálið. Það varð henni fyrir öllu í lífinu, hennar einasta hugsjón, að sjá konurnar ganga jafnfrjálsar að atvinnu og embættum, úti og inni, á heimilunum og á löggjafarþingunum, eins og karlmennina. Og frá Ameríku hefir hún breitt kvenréttindahugsjónina út yfir takmörk Ameríku, til allra síðaðra landa, með Allsherjarkvenréttindasambandinu, sem boðað var til í Washington 1902.

Mrs. Stanton, sem þekkir hana allra manna best, hefir lýst henni á þessa leið: »Hún hefir stjórnað og stýrt kvenréttindahreyfingunni meira en 50 ár, og ferðast um þvert og endilangt allt landið. Hvar sem minstu líkindi voru til að vinna mætti kvennamálunum eitthvert gagn, þangað var Súsanna komin. Aldrei lét hún ósigrana hræða sig frá því að byrja á nýjan leik. Við næsta tækifæri var hún komin af stað, með sama dugnaði og áður. Hún er fljót og einbeitt í kappræðunum, ætíð orðheppin og róleg, og verður aldrei ráðafátt. — — Hún hefir ætíð verið ástúðleg dóttir og systir, og tryggur vinur vina sinna. — — Eg get sagt með sönnu, að hún er hreinskilnasti, hugrakkasti og ósérplægnasti maður, sem eg hefi þekt. Og hefi eg þó verið meira og minna sam-

vistum við hana um 45 ár. Eg hefi séð hana kvalda með smámunalegustu ertingum, hædda og misskilda, rægða og ofsóttá. Eg hefi þekt konur, sem neituða að rétta henni hönd sína til kveðju, en aldrei hefi eg orðið vör við, að þykkjuspíp brygði fyrir hjá henni. Og þegar eg hefi ör-vænt og hugsað, að þessi stöðuga baráttu væri árangurslaus, að eins til að eyða tíma og kröftum, þá hefir hún með hinni sterku trú sinni á mönnunum blásið mér nýjum kjarki og nýrri trú í brjóst. — — Þegar eg lit yfir æfi Susan B. Anthony, þá líki eg henni við dórísku súluna í grísku byggingarlistinni: Svo óbrotin og tignarleg stendur hún mér fyrir sjónum, laus við alt ytra skraut, sem brautryðjandi þessarar einu miklu hugsjónar: Frelsi kvenna«.

Um samvinnu og samband sitt við Susan B. Antony segir Mrs. Stanton:

»Oft hefir það verið sagt af vinum okkar, að Miss Anthony væri verndarengill minn, sem ætíð hvetti mig til starfa, og án staðfestu hennar og þrautseigju hefði eg aldrei unnið það lítið, sem eg hefi gert. Á hinn bóginn hefir verið sagt, að eg hafi smíðað þrumufleygana, sem hún skaut út. Eg hefði ef til vill, eins og mörgum öðrum giftum konum hættir við, kafnað alveg í þröngsýnni heimiliseigingirni, ef vinkona mín hefði ekki stöðugt fundið ný verkefni handa mér. Þegar eg sá hina höfðinglegu kvekarakonu koma gangandi heim að húsdýrunum með úttroðna töskuna, þá vissi eg, að nú væri eitthvað á ferðinni, sem þyrfti að laga. Þegar við svo fórum að fara ofar í töskuna, þá komu þar upp úrklippur úr blöðum með fölskum biblíuskýringum, skýrslur um svívirðileg málaferli til þess að sölsa eignir kvenna undir sig, útilokun kvenna frá háskólunum, hálfgreidd vinnulaun kvenna, alt saman meira en nóg til að snúa huga hvaða konu sem væri frá sokkum og býtingum. Svo fórum við að rita blaðagreinar, eða áskoranir, eða bréf til vina okkar hingað og þangað, til að vekja áhuga kvennanna í Ohio, Pensylvaníu eða Massachusetts, ellegar áskoranir til

blaðanna »Lily«, »Una«, »Libertor« eða »Standard«, til að taka að sér málefni okkar ekki síður en þrælamálið.

Við höfðum sömu áhuga- og hugðarmál. Við vinnu-skiptinguna bættum við hvor aðra upp. Hún gengur til botns og athugar öll smáatriðin. Eg tek fljótara yfirlit yfir heildina. Eg rita betur. Hún er betri gagnrýnir. Hún útvegar skýrslur um viðburði; eg sé um formið og málið. Báðar höfum við sameiginlega komið með þær röksemdir, sem standa óhraktar um allar aldir«.

Margt er það, sem þessum fyrstu kvenréttindakonum var fundið til foráttu, en ekkert var þó, sem þær voru jafnmikið svivirtar fyrir eins og fyrir Bloomabúninginn. Um hann urðu allir á sama máli, karlar og konur, blöð og kennimenn. »Bloomabúningurinn var tilraun til að fá hentugan og hollan búning handa konum, bæði til vinnu og ferðalaga. Þessi búningur var við treyja og pils, sem náði ofan á kné, með síðum, víðum buxum undir. Sömuleiðis höfðu »Bloomarnar« stuttklipt hár. Búningurinn er kendur við Amalíu Bloomer, sem fyrst tók hann upp til að vera í honum og mælti með honum í vikublaðinu »Lily«, sem hún gaf út.

Það var þó ekki hún, heldur hin fríða dóttir auðmannsins Gerritt Smiths, sem kom búningnum á framfæri. Hún tók hann upp, þegar faðir hennar var þingmaður í sambandsþinginu í Washington, og gekk í honum innan um helzta fólk bæjarins. Svo tók Mrs. Stanton, sem var frænka hennar, búninginn upp og ýmsar fleiri. En aldrei urðu Bloomarnar yfir 100 í Ameríku, og meðal þeirra voru margar af helztu forvígiskonum kvenréttindanna: Mrs. Stanton, Miss Anthony, Mrs. Bloomer, Mrs. Wright Davis, Lucy Stone og Sarah og Angelina Grunke. Þess vegna var búningurinn kendur við kvenréttindakonurnar og talinn merki kvenréttindamálsins, þótt þær bæru hann að eins tvö ár í hæsta lagi, nema Mrs. Miller og Mrs. Bloomer héldu honum frá 1851 til 1858.

Frá þessum búningi stafar sú hugmynd, að kvenréttindakonur séu ókvenlegar, með stutt hár og andhælis-

legar í framgöngu. Enginn getur trúað því, hvaða ofsóknum »Bloomarnar« urðu að sæta, meðan þær voru í þessum búningi. Hvar sem þær sáu, elti þær heill lýður af götustrákum og skríl. Prestarnir réðust á þær á stólnum, og blöðin ætluðu að sökkva þeim. Oftlega urðu þær að forða sér undan árásum, grjótkasti og öðrum misþyrmingum inn í kirkjur og aðrar opinberar byggingar. Frændur þeirra og vinir vildu ekki láta sjá sig með þeim. Og flokksbræður þeirra voru ráðþrota, og gerðu alt til að fá þær til að hætta við þetta uppátæki.

Eftir eitt ár hætti Mrs. Stanton við búninginn, og segir hún þó, að aldrei hafi sér líðið betur líkamlega, með því að þá hafi hún verið laus við öll bönd og höft, sem venjulegum kvennabúningi fylgi, en aldrei ver andlega.

Til að sýna lítið eitt, hvernig blöðin töluðu um þessar konur, sem stóðu í broddi þessarar hreyfingar, skulu hér sett fáein sýnishorn af rithætti þeirra.

New York Herald: Það var skritin samkunda, sem við sáum í gær, haldin í Broadway Temple. Það var samansafn af konum, sem í gláðasólskini höfðu afneitað kynferði sínu svo gersamlega, bæði í sinni og skinni, að þær hættu að klæða sig kvennaklæðum; þær heimta rétt til að taka þátt í opinberum störfum og vanrækja þær skyldur, sem guðs og manna lög hafa boðið þeim að gegna. Það er ekki vert að eyða orðum að því, að svara þessum hlægilegu skoðunum. Vér viljum einungis spyrja: hver á að gegna þessum skyldum, sem vér og forfeður vorir höfum ímyndað oss að konurnar ættu að sinna? Hver á að fæða börnin? Kannske heimurinn eigi að verða mannlauus? Hver á að búa til mat og sjá um heimilin?

Það þarf ekki að geta þess, að þessar konur eru flestar gersneyddar öllum yndisþökka; þær eru flestar grúthoradar gamlar piparmeyjar, eða það eru konur, sem ekki hefir tekist að ná í brækur og réttindi ógæfusamra eiginmanna sinna, piparjómfrúr, sem engan mann hafa

getað náð í, en vilja hefna sín á þeim af auðskildum ástæðum«.

The Syracuse Star: »Á fundinum, sem nú er haldinn hér í borginni, vaða konurnar um bibliuna og guðs boð. Þessar vesölu skepnur, sem skipa þessa samkomu, eru æpandi kerlingar og æfagamlar piparkarlkonur, sem eru feykilega sérkreddufastar og æstir þrælafélagar og skodanabræður guðniðinganna, þeirra Garrisons, Pillsbury, Barleigh og Forster. Þeir eru allir kvenréttindamenn og flytja svo fordæmandi kenningar og bölvaða villutrú, að sjálfum djöflunum í helvíti mundi hrylla við að hlýða á það«.

Sum blöð skopuðust að þeim: »Þær ættu um leið að samþykkja, að karlenn skyldu þvo þvott, ræsta gólf, bæta föt, vinna að húsverkum með vinnukonunum, gæta barnanna, klæða sig eftir nýjustu tízku, bera skrautgripi og vera eins yndislegir í öllu og þær blessar dýrðarverur, sem guð setti í heiminn til þess að síða þessa ruddalegu karlmanna harðstjóra«.

Eitt blað í Philadelphíu: »Konurnar okkar hérna í Philadelphíu eru alkunnar, ekki einungis að gáfum heldur og að látleysi, hægð og feimni. Hver hefir nokkurn tíma heyrt getið um, að þær hafi risið upp til að fara að endurbæta nokkuð, eða til að heimta kvenréttindi? Nei, konurnar í Philadelphíu brenna af æðri metnaðarlöngun: þær vilja ríkja yfir hjörtum dýrkendasinna og tryggja sér hlýðni þeirra með veldissprota kærleikans. Þær hafa þegið vald sitt frá náttúrunni, en ekki frá mannlegum lögum. En allar konur eru ekki eins skynsamar konur og konurnar í Philadelphíu. Konurnar í Boston berjast fyrir að fá kvenréttindi. New York-konurnar vilja fyrir hvern mun komast upp í ræðustólinn, fá pólitískan kosningarrétt og — eftir því sem vér vitum bezt — ganga í bardaga. Konurnar okkar hérna vilja ekki fá neina nýja George Sand fyrir forseta, eða einhverja Corunna fyrir landsstjóra. Þær hafa líka fullmikil áhrif á stjórn málin án þess. Hvað geta karlmenn gert

annað en heyrt og hlýtt? Undir slíkri stjórn geta þeir ekki heimað réttindi, því síður jafnrétti. Ógift kona er ekkert, eiginkonan er alt. Unga stúlkan fallega er meira verð en tíu þúsundir karlmanna. Móðirin gengur næst almáttugum guði. Philadelphíu-konurnar vilja tryggja sér réttindi sín með æsku og fegurð, sem eiginkonur, en ekki sem kvenmenn«.

Um 1852 var góðtemplarahreyfing mikil í Bandaríkjunum. Konurnar höfðu um 20 ár tekið mikinn þátt í þessari hreyfingu, stofnað fjölda félaga og staðið fyrir mörgum, ferðast um til að halda fyrirlestra og vekja áhuga á bindindismálinu. Karlar og konur voru þá sér í félögum, Temperancesynirnir og Temperancedæturnar. Í janúar 1852 héldu Temperancesynirnir aðalfund í Albany fyrir öll félögin. Susan B. Anthony mætti sem fulltrúi fyrir eitt félag »dætranna«. En þegar hún stóð upp og bað sér hljóðs, þá var því neitað og sagt, að konur væru að eins boðnar sem áheyrendur. Hún gekk þá út og 4 konur með henni, öllum hinum til stórhneykslis.

Eftir þetta ákvörðuðu konur að stofna stórt aðal-góðtemplarkvenfélag fyrir New York ríkið. Mrs. Stanton átti að vera formaður, Susan B. Anthony ritari og ýmsar aðrar helztu kvenréttindakonur styrktarmenn. Þær ferðuðust nú um, einkum S. Anthony, héldu fyrirlestra, stofnuðu deildir, og mæltu fast með vinsölubanni.

Næsta ár var haldinn ríkisbindindisfundur. Þar fór á sömu leið. Konurnar fengu ekki að tala. Prestarnir réðust einkum á þær og hófu umræður um, hvort þeim væri einu sinni leyfilegt að stofna félög. Þegar Susan Anthony var bannað að tala, yfirgáfu allar konur salinn og héldu mót-mælafund, sem var svo vel sóttur, að þar var húsfyllir, þótt fáment væri á aðalfundinum eftir. — Á sömu leið fór ári síðar á alheimsfundi bindindismanna. Þangað var Antoinette Brown send sem fulltrúi undir vernd Garrisons, Thillips og Channings. Hún hafði þá nýlega fengið prest-vígslu. En þegar hún ætlaði að fara að tala, þá kváðu við óp og óhljóð, sem héldust í 1½ kl.st. í hvert sinn.

sem hún ætlaði að taka til máls. Allan þann tíma stóð hún án þess að fá hljóð. Eins fór næsta dag. Þriðja daginn var ekki rætt um annað en, hvort konur hefðu rétt til að tala á fundum. Um þetta segir Horace Greeley í New York Tribune daginn eftir: »Fyrsta daginn var kona blístruð niður af ræðustólum, annan daginn var troðið upp í hana, þriðja daginn var sömuleiðis haldið áfram að troða upp í hana. Fyrst þessu aðalstarfi bindindisfundarins er nú lokið á þremur dögum, þykir oss líklegt að hinum smámununum verði lokið síðdegis í dag«.

Rétt á eftir bindindisfundinum var haldinn stór skólafundur fyrir allt New York ríkið. Tveir þriðju hlutar allra kennaranna voru konur, sem sátu aftast á bekkjunum, og datt ekki í hug að þær mættu tala. Þá stóð Susan Anthony upp og bað sér hljóðs. Mörgum hinna skólakvennanna þótti það óhæfa, og prófessorinn, sem var fundarstjóri, bar það undir karlmennina, sem ræddu þetta stórmál í 1½ kl.st. og varð hún að hlusta á. Loks var það samþykkt. Hún talaði þá fyrir jöfnum launum karla og kvenna við kenslu og að öll kenslulaun væri hækkuð, svo að sú staða yrði jafn-mikilsverð og önnur embætti. Sýndi, að meðan konur væri álitnar fullgóðar í kennarastöðuna, þótt þær hefðu hálfu lægri laun, þá gæti kennarastaðan aldrei náð álit. Annaðhvort yrði að gera, að útiloka þær frá kenslunni eða launa þeim jafnt og karlmönnum.

Kenslukonurnar urðu nú djarfari. Eftir ræðu Miss Anthony sömdu þær áskorun um jöfn laun karla og kvenkennara. Þau voru samþykkt á fundinum, þvert á móti vilja prófessorsins, sem hélt hátiðlega ræðu um kvenleika og fingert eðli kvenna, sem ekki mætti dragast ofan í saurinn með því að þær tækju þátt í almennum málum og opinberum fundum. Hann sagði, að þrátt fyrir mælsku hennar og ágæta röksemdafærslu vildi hann þó heldur fylgja dóttur sinni til grafarinnar en heyra hana halda fyrirlestur opinberlega.

Árið eftir tók hún þetta mál enn þá upp og talaði þá fyrir sameiginlegum skólum fyrir drengi og stúlkur,

og aðgangi kvenna að öllum æðri mentastofnunum. Próffessorinn varð jafn-hissa sem árið áður. Hann kvaðst vera móti öllu, sem gæti skaðað kvenlegan finleika og yndisleik og hreinleika. Þetta væri fyrsta sporið til að uppræta hjónabandið. Annar ræðumaður spurði, hvort rósin og eikin ættu að hafa sömu ræktun, sá þriðji spurði, hvort drengir og stúlkur ættu þá að sofa saman í svefnherbergjunum. Margt fleira var það viðvikjandi skólum, sem hún fekk lagað. T. d. að konur kæmust að æðri kennaraembættum, börn af svertingjaettum mættu vera í sömu skólum o. fl. (Niðurl. næst).

Ritdómar.

ÞORVALDUR THORODDSEN: ÆFISAGA ÞJETURS ÞJETURSSONAR, dr. theol., biskups yfir Íslandi. Reykjavík 1908. 8° (IV+349 bls.).

Í útlöndum er það gamall og góður siður að minnast 100 ára afmælis látinna merkismanna. Á síðustu árum er venja þessi einnig farin að ryðja sér til rúms hér á landi. Er það vel farið, því að bæði glæðir það áhuga hinnar upprennandi kynslóðar á sögu vorri og högum, og ef maðurinn, sem minst er, hefir verið mikill yfirburðamaður, má vel vera, að dæmi hans örvi vel gefna og stórhuga unglinga til eftirbreytni, enda eru þess mörg dæmi.

En þegar ræða er um slík minningarrit sem æfisaða Þjeturs biskups er, þá er ekki að leyna því, að það er mikill vandi að leysa þau vel af hendi. Slík rit fjalla einatt um menn, sem í lifanda lífi hafa hlotið meira lof og last hjá samtíðarmönnum sínum en fólk flest, ekki sízt ef þeir hafa látið mörg mál til sín taka og skipað einhvern öndvegissess í þjóðfélaginu. Verður þá oft vandratað meðalhófið, að segja hvorki of né van.

Synd er að segja, að höf. hafi slegið slöku við að viðað sér efni í rit þetta. Heimildir þær sem hann skírskotar til eru svo mýmargar og fjölbreyttar, að mestu furðu gegnir, að honum hefir unnist tími til, auk mikilsverðra annara ritstarfa, að tína þær saman. En á hinn bóginn dylst engum þeim, sem gefur sér tóm til að kryfja heimildir höf. og brjóta til mergjar, að sumar þeirra ber miklu fremur að telja til dagdóma og palladóma en til áreiðanlegra heimilda.

Allvíða hefir höf. prentað upp langar tilvitnanir úr öðrum ritum, blöðum eða bréfum, sem hefðu stundum mátt missa sig eða ættu að minsta kosti fremur heima í »Viðaukum«. Slíkar tilvitnanir og ýmsir útdúrar höf., — enda þótt þeir séu í sjálfu sér einkar fróðlegir, svo sem lýsingin á kennurum Bessastaðaskóla (19—23. bls) og kaflarnir úr »Ársriti presta í Þórnesþingi« (47.—51. bls.), sem Þjetur biskup er ekki höf. að —, lengja bæði bókina töluvert

og rýra heildaráhrif hennar, svo að æfiferill biskups stendur lesendunum ekki eins skýr og óslitinn fyrir hugskotssjónum og ef þeim og öðru af sama tagi hefði verið slept eða að minsta kosti vísað til »Viðauka«.

Höf. skiftir riti sínu í XI kafla. Er sú skifting hans einkar skilmerkileg og skal hún því tekin hér upp til leiðbeiningar þeim, sem ekki hafa átt kost á að kynnast sjálfu ritinu.

- I. Ætt Pjeturs biskups og foreldrar.
- II. Æska og námsár Pjeturs biskups.
- III. Pjetur Pjetursson prestur á Helgafelli og Staðarstað (1837—1847). Ársrit presta í Þórnesþingi.
- IV. Utanferðir Pjeturs Pjeturssonar. Vísindaleg starfsemi.
- V. Dr. Pjetur Pjetursson forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík (1847—1866).
- VI. Landstíðindin. Þjóðfundurinn.
- VII. Dr. Pjetur Pjetursson á alþingi (1849—1885).
- VIII. Dr. Pjetur Pjetursson biskup yfir Íslandi (1866—1889).
- IX. Guðfræðisbækur og alþýðurit Pjeturs biskups Pjeturssonar.
- X. Heimilislíf Pjeturs biskups. Æfilok.
- XI. Viðaukar.

Skulum vér því næst fara nokkurum orðum um hvern einstakan kafla og gera svo stuttlega grein fyrir skoðun vorri á ritinu í heild sinni.

Fyrst rekur höf. stuttlega ætt Pjeturs biskups. Átti hann, eins og kunnugt er, að telja til helztu höfðingja á Norðurlandi í föður- og móðurkyn og telur höf. nokkra mestu atkvæðamenn í ætt hans. Annars virðist lítið á því að græða, þótt talin sé upp nöfn og einstök æfatriði látinna forfeðra, ef ekki er jafnframt sýnt fram á, að hverju leyti manningum, sem æfisagan ræðir um, kippir í kyn til þeirra. Margt er það vel sagt og fróðlegt, er höf. greinir frá Pjetri prófasti á Viðivöllum, föður biskups, og virðist hann hafa verið maður ágætur og vel gefinn til líkama og sálar. Munu þeir Pétur biskup og bræður hans hafa sótt atgervi og háttþrýði til gamla mannsins föður þeirra. Í kafla þessum koma fyrir, eins og víðar í bókinni, nokkrar endurtekningar, og allsendis óþarft virðist það vera, að taka upp lýsingu Hallgríms djákna á prófasti, þegar höf. hefir sjálfur gefið gagnorða og góða lýsingu á honum, sem styðst einmitt við dóm Hallgríms og annara samtíðarmanna prófasts.

Það er leiðinlegt, hversu lítið vér vitum um æsku og námsár Pjeturs biskups og ýmissa annarra ágætismanna vorra, sem fæddir

eru í byrjun síðastliðinnar aldar. En engan veginu skal það sagt höf. til ámælis. Hann mun hafa greint frá því litla, sem menn vita um uppvaxtarár hans og nám; en vera má þó að einhverja frekari vitneskju um það efni sé að fá í bréfum frá þeim árum, ef vel væri leitað. Höf. tekur réttilega fram áhrif þau, er kennarar á Bessastöðum hafa haft á endurreisn íslenzkunnar og íslenzkra fræða, og var full ástæða til að geta þess, þar sem öllum almenníngi hættir við að eigna Fjölnismönnum einum viðreisnina. Ekki mun höf. hafa ofhermt af samvirkusemi og skyldurækni Pjeturs biskups við nám sitt bæði innanlands og utan, og höfum vér fyrir mörgum árum heyrt prófessor Madvig gera orð á því, hve Pjetur biskup var iðinn og ástundunarsamur.

Kaflinn um aðgerðir og starfsemi Pjeturs biskups þau ár, sem hann var prestur á Helgafelli og Staðarstað, er yfirleitt veigamikill og vel sagður. Mun mega fullyrða, að síra Pjetur hafi, þrátt fyrir brest nokkurn, sem þá var nokkur ár á ráði hans, tekið fram flestum ef ekki öllum prestum hér á landi, að Tómasi Sæmuudssyni einum undanskildum, að sönnum félagsanda og einlægum áhuga að láta gott af sér leiða. Enda sýndu verkin merkin.

Vera má að Anna Sigríður fyrri kona síra Pjeturs hafi verið »lftill skörungur og engin búkona« og það hafi verið meir henni að kenna en honum, að þeim búnaðist lítt á Staðarstað. En það höfum vér fyrir satt, að honum hafi seint fyrnst missir hennar. Um próventufólk þeirra hjóna verður höf. helzt til skrafdjúgt og hefði mikið af því máli gjarnan mátt missa sig. Sama er að segja um lýsingu Daða Nielssonar á Önnu Sigríði (sbr. athugasemd höf. á 31. bls.).

Merkilegt rit að mörgu leyti er »Ársrit presta í Þórnesþingi« og gullfalleg er herhvöt sú til Íslendinga, er síra Pjetur byrjar ritið með, og höf. hefir tekið upp sem sýnishorn af ritsnild dr. Pjeturs. Þess var lauslega getið hér að framan, að síra Pjetur hefði ekki sjálfur samið 2 ádeilugreinarnar í »Ársritinu«. Höfundur þeirra er Magnús Hákonarson, er síðast var prestur á Stað í Steingrímsfirði. Mjög merkur maður og réttorður heyrði dr. Pjetur skýra Bjarna amtmanni á Stapa frá því, að Magnús væri höf. fyrnefndra greina, enda telur höf. ekki fullvíst, að þær sé, »að öllu leyti« eftir dr. Pjetur. Þó að síra Pjetur hafi vafalaust sýnt lofsverða viðleitni að manna og menta sóknarbörn sín og vekja félagsanda hjá prestum í prófastsdæmi sínu, mun höf. samt taka heldur djúpt árinni,

er hann segir á 34. bls.: »Þar komst miklu meira fjör í andlega lífið en meun þar um slóðir áður höfðu séð dæmi til«.

Um vísindalega starfsemi Pjeturs biskups hefir höf. greint frá öllu, sem nokkru skiftir. Þó hefði verið ástæða til að taka það itarlegar fram, að kirkjusaga hans er í raun rétttri hvorki vísindaleg eða alþýðuleg kirkjusaga, heldur öllu fremur safnrit, sem hefir að geyma urmúl af tilskipunum, stjórnarbréfum og öðrum merkjum skilríkjum, er snerta kirkju, klerka, kenslumál vor o. fl. Höf. telur víst, að Pjetur Pjetursson hafi safnað efni til kirkjusögunnar á námsárum sínum í Kaupmannahöfn. Skulu engar brigður bornar á það, en vera má og að hann hafi fengið nokkur drög til hennar og doktorsritgerðar sínar hjá hinum margfróða tengdaföður sínum Boga Benediktssyni, enda bar Jón rektor Þorkelsson Jón Pétursson háyfirdómara fyrir því, að svo hefði verið.

Í kaflanum um forstöðu dr. Pjeturs fyrir prestaskólunum og kennarastarfsemi hans við skóla þannu kennir margra grasa. Er þar greint frá ýmsu, sem kemur lítið við aðalefninu, svo sem tali embættismanna í Reykjavík, er dr. Pjetur fluttist þangað, lýsing á vígslu dómkirkjunnar í Reykjavík og hreyfingum þeim, sem áttu sér stað í Reykjavík veturinn 1849—50. Þar bólar einnig á aðdróttunum, sem virðast ekki nægilega rökstuddar, t. d. ummæli höf. um, að það hefði verið í almæli, að »það hefði haft tölverð áhrif á veitingu dómkirkjuprests-embættisins, að síra Ásmundur var vel efnaður og lofaði að kaupa hús Helga biskups í Landakoti«. Því þó mönnum kunni að virðast, að Pjetur Pjetursson hefði sakir ýmissa yfirburða, sem höf. hefir réttilega bent á, átt að fá embættið fyrir síra Ásmundi, er ekki þar með sagt, að biskup hafi ekki þózt hafa einhverjar aðrar gildari ástæður til að mæla með síra Ásmundi en hin væntanlegu húsakaup. Annars virðist bæði hér og víða annarstaðar í ritinu bera helzt til mikið á viðleitni höf. að halda uppi vörn fyrir dr. Pjetri og velja þeim mönnum ákúrur, sem hafa leyft sér að líta öðrum augum á starfsemi hans en höf. telur rétt vera.

Dómur höf. um starfsemi dr. Pjeturs, er hann var forstöðumaður prestaskólans (1847—1866) virðist í flestum greinum nægilega rökstuddur og viðleitni hans að koma skólanum upp og stofna þar styrktarsjóði handa fátækum nemendum var í alla staði lofsverð. Yfir höfuð mun dr. Pjetur hafa tekið mörgum ef ekki flestum samöldrum sínum fram í áhuga og þekkingu á skólamálu, og bera bæði ræður hans á alþingi og ritstjórnargreinar hans í

»Landstíðindunum« vitni um það. Ummæli höf. um Bókmentafélagið meðan Pjetur Pjetursson var forseti Reykjavíkurdeldarinnar eru alls kostar rétt, að eins hefir höf. á 93. bls. ranglega talið dánardag Brynjólfs Péturssonar 27. október fyrir 18. s. m. (sbr. 12. bls. að framan og Lögfræðingatal Magnúsar Stephensen).

Skoðanir manna um stjórnmalastefnu Pjeturs biskups og afskifti hans af stjórnmalum vorum hafa, eins og kunnugt er, verið ærið skiftar. Verður því vart mótmælt, að hann hafi stundum verið helzt til varfærinn í stjórnmalunum og ekki nógu kröfuharður fyrir hönd þjóðarinnar, þar sem stjórnin var á öðru máli en fulltrúar þjóðarinnar. En þess ber og að gæta, að aðstaða æðstu embættismanna landsins og konungkjörinna þingmanna til stjórnarinnar var þá alt önnur en nú á síðari árum, og menn þeir er ólust upp á fyrstu áratugum síðastliðinnar aldar litu allajafna öðrum augum á konungsvaldið og stjórnina en vér gerum nú. Til marks um það sem nú var sagt má skírskota til ummæla dr. Pjeturs á alþingi 1857 í máli um stofnun lögfræðingaskóla í Reykjavík, sem hann hafði áður flutt (sjá Alþingistíðindi 1857, 90. bls.):

„Eg er öldungis á sömu meiningu og eg hefi áður verið um nytsemi stofnunar þessarar hér á landi, en það er regla mín, þegar stjórnin neitar einhverju því, er alþingi hefir farið fram á, en þótt án þess að gefa ástæður fyrir neitun sinni, að eg þá ekki vil fara hinu sama á flot strax um hæl, því eg treysti stjórninni fullvel til að hafa góðar og gildar ástæður fyrir neitun sinni, þó ekki láti hún þær í ljósi, að minsta kosti verð eg að beiðast þess, ef nefnd verður kosin í þetta mál, [að] eg þá ekki verði kosinn í hana, þar eð eg í þetta sinn, eftir því sem á stendur, verð að vera málinu mótfallinn, og þar með kann að spilla fyrir því.“

Mörg önuur dæmi upp á helzt til mikla varfærni og stíma-mykt Pjeturs biskups gagnvart stjórninni mætti telja, ef þess gerðist þörf. Fer stundum vel á henni, stundum miður, eins og gerist. Stundum kann hún að hafa verið hagfeld og hyggileg fyrir sjálfan hann, stundum vafalaust sprottin af einlægum vilja að koma á góðu samkomulagi og góðri samvinnu milli þings og stjórnar landi og lýð til gagus og blessunar.

Kaflinn um »Landstíðindin« og Þjóðfundinn er skrifaður af mikilli þekkingu og leidd góð og gild rök að því, að Þjóðfundurinn hlaut að fara eins og raun bar vitni um. Hefir höf. að vorri hyggju tekist mætavel að gera grein fyrir hinum pólitísku skoðanaskiftum dr. Pjeturs og nokkurra annarra embættis-

manna í Reykjavík, og bréf þau frá Brynjólfi Péturssyni og Rosenörn, sem höf. meðal annars byggir röksemdaleiðslu sína á, og hefir því látið prenta þau í »Viðaukum«, eru í alla staði stórmerkileg. Svar Brynjólfs, þegar Rosenörn innanríkisráðherra fór þess á leit við hann að taka að sér konungsfulltrúaembættið á hinum væntanlega þjóðfundi, mun flestum íslenskum lesendum minnisstætt: »*Þar sem um Íslands velferð er að gera um aldar og æfi, get eg samvitzku minnar vegna ekki tekist kommissari-embættið á hendur, nema stjórnin fallist á uppástungur mínar*«.*) Loks tilgreinir höf. nokkra vel valda kafla úr ritstjórnargreinum dr. Pjeturs í Landstíðindunum og úr óprentuðu ritgerðarbroti, sem lýsa miklum stjórnsmálaþroska og stjórnsmálahyggindum.

Kaflinn um þingmensku Pjeturs biskups er allitarlegur og mun það vera nær sanni, er höf. segir, að prófessor Pjetur Pjetursson hafi á hinum ráðgefandi þingum verið einn af hinum atkvæðamestu og starfsömustu þingmönnum. Höf. er hér sem oftast í ritinu nær því óþarflega nákvæmur í að árfæra og tilgreina ýmsa smá viðburði í lífi biskups, svo sem hver ár hann hafi verið varaforseti og haft ritstjórn alþingistíðindanna á hendi, hve oft hann hafi talað á sumum þingum, í hve margar nefndir hann hafi verið kosinn, hvenær hann hafi flutt þingsetningarræður og þar fram eftir götunum. Þá gerir höf. ítarlega grein fyrir afskiptum prófessors Pjeturs af ýmsum landsmálum, svo sem af kirkjumálum, mentamálum, stjórnarskipunarmálinu og mörgum fleirum. Pjetur biskup hefir sjálfur á alþingi 1867 og 1869 lýst afstöðu sinni til stjórnarbótarmálsins (sbr. bls. 144—145) og virðist sú lýsing hans, borin saman við aðrar ræður hans í því máli, fara nær réttu. Verður hver, sem lítur hlutdrægnislaust á afstöðu biskups, að kannast við, að hann var í raun réttir allfrjálslyndur í stjórnarbótarmálinu, þrátt fyrir alla varfærni hans og miðlunarstefnu. En annað mál er það, að hann gat sjaldan, þegar á herti, orðið meiri hlutanum samferða í stjórnarbótarmálinu. Athugasemd höf. á bls. 149 er ekki réttársett. Það var eftir Þingvallafundinn 1873, að dr. Hjaltalín sagði hin umræddu orð við Jón Sigurðsson, þegar hann varð á vegi forseta á Bakarastígnum, er hann kom af fundinum. Ekki er ólíklegt, að Pjetur biskup hafi á þingunum 1871 og 1873 að miklu leyti leitt stjórnarbótarmálið hjá sér einmitt af því, að þá var bæði innanlands og í Kaupmannahöfn kominn svo mikill æsingur í það, að ýmsum íhaldssamari mönnum og stiltari stóð stuggur af. Skil-orðir menn, sem enn eru á lífi og voru í Reykjavík 1873, bera

*) auðkent af höf.

brigður á að byssan, sem skotið var með inn um gluggann á skrifstofu biskups, hafi verið hlaðiu höglum eða kúlu, heldur aðeins lausu púðri og »forhlaði«.

Í VIII. kaflanum um biskupsdóm Pjeturs Pjeturssonar eru ýmis ummæli höfundarins lítt rökstudd. Þannig nær dómur hans á æfiágrípi Pjeturs biskups, er dr. Grímur Thomsen samdi í 18. ári »Andvara«, engri átt. Að vísu er hið áminsta ágríp helzt til stuttort og ekki alls kostar áreiðanlegt í einstökum óverulegum atriðum, en í allflestum atriðum, er nokkru skiftir, er dómur Gríms að vorri hyggju réttur og svo gagnorður, að hann fyrnist þeim seint, er lesa hann með athygli. Vera má að Grímur Thomsen hafi á fyrri árum sínum borið nokkurn kala til Pjeturs biskups, en vér höfum það fyrir satt, að óvild sú hafi verið þorin fyrir löngu, er hann reit æfiágrípið. Og víst er það, að grein sem Grímur reit til varnar biskupi (sjá Ísafold VI. ár 1879, 19. bls. og æfisögu Pjeturs biskups 244.—246. bls.) á móti Styrbirni í Nesi bendir ekki á neinu kala eða óvildarhug nema síður sé.

Annars virðist höf. í kafla þessum gera helzt til mikið að því, að taka upp bréf, ávörp og kafla úr öðrum ritum, að ógleymdum öllum hnútunum til manna þeirra, sem höfðu risið öndverðir gegn ýmsum aðgerðum biskups. Mörgu af því, sem nú var talið, hefði höf. að réttu lagi att að vísa til »Viðauka«, og sumt hefði alveg mátt missa sig. Við það hefðu lesendur bókarinnar fengið glegggra og ákveðnara yfirlit yfir hina mikilsverðu og heillaríku starfsemi Pjeturs Pjeturssonar í biskupsdómi hans og ekki freistast til þess að draga óhlutdrægni höf. í efa, þar sem sumir andstæðingar biskups eiga hlut að máli. En því er ekki að neita, að margir dómar höf. um mótstöðumenn biskups eru smellnir og meinfyndnir, en stundum virðist aftur slá út í fyrir honum, svo sem þegar hann á 183. bls. 2. neðanmálgrein fer að lýsa nútímastíl síra Friðriks Bergmanns eða þar sem hann á 213. bls. segir, að Guðbrandur Vigfússon hafi »í andlegum skilningi aldrei« komist »út úr afdalnum sem hann var fæddur í«.

Höf. leiðir gild rök að því, að ósanngjarnt er og ástæðulaust að kenna Pjetri biskupi um þá rýrnun á biskupsvaldinu, er gerðist um hans daga. Rýrnun sú var eðlileg og sjálfsögð afleiðing af stjórnmálastefnu þeirri, sem nú um alllangt skeið hefir gengið ekki að eins yfir lönd með lúterskum sið, heldur er og búin að ná sér niðri í katólskum löndum, sem standa frammarlegast í menningu. Um þessa staðreynd fer höf. þessum orðum, sem að vorri ætlun

eiga ekki að eins við þenna þátt af æfistarfi Pjeturs biskups, heldur að nokkru leyti við alt æfistarf hans: »Þess var því ekki von á Íslandi, að Pjetur biskup . . . færi að brjótast í að berjast móti ofurefli, þar sem ósigurinn var viss fyrirfram, það hefði ekki getað samræmst við hin vanalegu hyggindi hans, reynslan hafði líka á yngri árum kent honum, að í þessu efni var árangurslaust að berjast mót straumnum«.

Í kafla þessum, sem víða annarstaðar í bókinni, lýsir það sér, hversu höf. er afbragðsvel að sér í sögu Íslands á 19. öld og skilur hana vel. Stundum gerir hin víðtæka og fjölbreytta þekking hans honum aftur á móti þannu grikk, að frásögnin verður sakir ýmissa útúrdúra hans ekki eins ljós og óslitin og skyldi (sbr. 196.—202. bls.).

Afskifti Pjeturs biskups af sálmabókarmálinu telur höf. með réttu höll og hyggileg, og hagsýni hans að ávaxta og efla sjóði þá, er hann gekst fyrir að stofna eða hafði eftirlit með, var beinlínis frábær.

Fáir lesendur mundu hafa erfð það við höf. þó að hann hefði undanfellt að dagsetja og ársetja allan sæmdarauka og heiðursmerki, sem Pjetri biskupi voru veitt um æfina (sbr. 225.—226. bls.). Í embættismannatali býður tízkan slíkt, en í æfisögum er það óþarfa tildur.

IX. kaflinn um guðfræðisbækur og alþýðurit Pjeturs biskups finst oss heldur magur og á sínum stöðum óþarflega beiskyrstur í garð þeirra manna, sem hafa litið öðrum augum en höf. á þessa starfsemi biskups. Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að sumar af árásum þeim, er Pjetur biskup varð fyrir út af guðfræðisbókum sínum, voru ómaklegar og gerðar af rasandi ráði. En af því að höf. ritdóms þessa brestur sérþekkingu til þess að kveða upp dóm um þessa þýðingarmiklu starfsemi Pjeturs biskups, leyfir hann sér að skýrskota til hinnar glöggu og stillilega rituðu greinar »um kirkjuleg ritstörf Pjeturs biskups og guðræknisbækur hans«, sem prentuð er í æfisögunni fyrir aftan IX. kafla 258.—269. bls. Höfundurinn, mjög merkur prestur og um eitt skeið handgenginn Pjetri biskupi, hefir ritað greinina fyrir tilmæli prófessors Þorvalds Thoroddsen.

Í kaflanum »heimilislíf; æfilok«, gerir höf. í stórum dráttum grein fyrir ytra borðinu á einkalífi Pjeturs biskups. Lýsingin á biskupi 285.—287. er góð og réttorð, það sem hún nær, og niðurlagsorð höf. á 291.—292. bls. um starfsemi og framkvæmdir Pjeturs biskups í þjónustu kirkjunnar og þjóðfélagsins munu í flestum greinum fara sönnu nær.

Í »Viðauka« hefir höf. tekið upp nokkur merkileg bréf til Pjeturs biskups, eins og fyr var á vikið, og ými skilríki, er lúta að prófum hans innan lands og utan, skrá yfir prentuð rit hans, ritgerðir í tímaritum, dagblöðum m. m., kvæði sem Pjetri biskupi hafa verið flutt eða ort til hans og loks erfiljóð eftir hann og konu hans, frú Sigríði Bogadóttur.

Þegar litið er á æfisögu Pjeturs biskups í heild sinni, dylst mönnum ekki, að höf. hefir tilgreint flest atriði úr ytra borði lífs hans, þingmensku hans og embættisfærslu og gert ítarlega grein fyrir mörgum þeirra. Auk þess hefir ritið að geyma mikinn fróðleik um ýmisleg atriði í stjórn mála og menningarsögu Íslendinga á 19. öld, sem hér yrði oflangt að telja, enda þótt margt af því sé stórmerkilegt. En sá hængur er á því, að iðulega kemur það harla lítið við æfi biskups og gerir mönnum því torveldara að ná skýru og glöggu yfirliti yfir hana. En sumir lesendur og ef til vill ekki þeir lökustu, hefðu þráð að fá að vita eitthvað meira um sálarlíf og hugsjónalíf Pjeturs biskups: hverjum andlegum áhrifum hann hafi orðið fyrir af samtíðarmönnum sínum, hverjar hugsjónir hafi verið ríkastar í brjósti hans á æsku- og fullorðinsárunum, hvernig hann hafi barist fyrir þeim, vaxið með þeim eða yfirgefið þær, hverjar vonir hans hafi rætst og hverjum vonbrigðum hann hafi orðið fyrir. Frá þessu og þvílíku greinir ritið helzt til lítið og það er að vorri ætlun aðalannmarki þess.

Þorleifur H Bjarnason.

*

*

*

JÓN ÓLAFSSON: STAFROF VIÐSKIFTAFRÆÐINNAR.

Jón Ólafsson alþingismaður er kennari við verzlunarskólann í Reykjavík; hann hefir nýlega gefið út bók, sem heitir: »Verzlunar- löggjöf Íslands«, og ætluð er nemendum skólans, og fyrir skömmu »Stafrof viðskiftafræðinnar«, sem eru fyrirlestrar hans fyrir lærisveinum skólans um þau vísindi, sem fyrst voru kölluð »Þjóðmegunarfræði« á íslenzku, Arnljótur Ólafsson kallaði »Auðfræði« og Jón Ólafsson hefir nú kallað »Viðskiftafræði«. Í formálanum fyrir bókinni getur höf. um þær tvær bækur, sem áður hafa komið út, og segir að »Auðfræði« síra Arnljóts Ólafssonar sé of löng, hún hefir fleiri ókosti en lengdina, hún er of þung, og nær ekki nógu langt, því að hún nefnir t. d. varla banka á nafn. Þjóðmegunarfræði Maurice Blocks, sem Indriði Einarsson þýddi, er, eins og höfundur-

inn segir, gengin upp, en hún hefir galla til þess að vera kenslubók við verzlunarskóla, þann ekki sízt, að hún er ætluð börnum eða unglingum.

Jón Ólafsson byrjaði snemma að hneigjast að viðskiftafræði og mannfélagsfræði. Hann varð blaðamaður á unga aldri, fann fljótt hverja yfirburði þekking á þeim greinum gefur blaðamanninum, löggjafanum og þeim, sem fást við lýðstörf almenningi til handa. Fyrir allmörgum árum skrifaði J. Ó. ritgerð um banka, sérstaklega góða ritgerð, sem mun hafa verið lítið lesin hér á landi, því að alt þess háttar liggur fyrir utan og ofan þekkingu flestra landsmanna, þótt það sé ekkert annað en almenn mentun. Bankaritgerðin lagði einnig verk Macleods til grundvallar. Enda er það rétt, því alt sem Macleod hefir skrifað um bankamál og bankafræði stendur óhaggð en í dag, þótt sumt af því sé hugsað og skrifað fyrir 60 árum. Beztu rök fyrir hverju máli hafa jafnt sönnunargildi, hvort sem þau eru 100 ára eða fárra daga gömul.

J. Ó. hefir einnig lagt bók eftir Macleods til grundvallar fyrir þessari kenslubók, og valið heppilega grundvöllinn. Fáir eða engir viðskiftafræðingar hugsa skarplegar en Macleod, og námsfólkið í skólanum ætti að læra betur að hugsa af honum en nokkurum öðrum manni. Sá sem lærir viðskiftafræði lærir aðallega að hugsa eftir hennar reglum, og til þess að létta honum það, gefur hún honum með sér nokkrar skilgreiningar (definitioner), sem hann verður að muna orðréttar.

Þótt bók Macleods sé lögð til grundvallar, þá er hún snúðin upp aftur til þess að hún fari vel á íslenzkri sál. Flestir geta t. d. séð í hendi sér, að kaflinn »frá hákarlaveiðimanni og bókbindara« er ekki eftir Macleod. Smáa stilsgreinin á bls. 16 um Landsbankann er það heldur ekki. Sú grein er heldur ekki algjörlega rétt, eða að minsta kosti gefur hún ekki rétta hugmynd um Frakklandsbankann. Höf. segir »Bréfpeningar (óinnleysanlegir) Slikir seðlar sem þetta eru t. d. seðlar Landsbankans hér; eins eru seðlar Frakklandsbanka.« Þetta verður ekki vel skilið öðru vísi en svo, að seðlar Frakklandsbanka séu óinnleysanlegir, eins og seðlar Landsbankans. Þegar Frakkland átti að greiða 5000 milj. franka til Þýskalands eftir styrjöldina 1870—71, þá varð franska stjórnin að fá allan málmforða Frakklandsbanka til að greiða skuldina með, og gerði seðla bankans óinnleysanlega í staðinn. Will. Scharling: Bankpolitik bls. 245, segir, að seðlarnir hafi aftur verið innleystir með peningum 1. jan. 1878, og það er Frakklandsbanki skyldur að

gera síðan og gerir það. Höf. hefir líklega leiðst inn á þessa skoðun sína af því, að Frakklandsbanka eru engin lög sett um það hvernig hann tryggi seðla sína, að öðru leyti en því að hann mátti um síðustu aldamót ekki gefa út meira en 5000 miljónir franka í seðlum, og er skyldur til þess að leysa hvern seðil inn þegar hann er sýndur.

Bókin er ágæt kenslubók að minni hyggju, og eg vona að hún verði forðabúr fyrir íslenzk orð í Viðskiftafræðinni. Sá sem íslenzkaði Maurice Block var lítill málfræðingur, Arnljótur Ólafsson var alt of »tyrfinn« í orðmyndunum í Auðfræðinni, og orð hans hvorki auðskilin né tungutóm; orðasafn Viðskiftafræðinnar verður líklegast ofaná í þeirri vísindagrein; sum þeirra eru þegar í fyrstu mjög aðgengileg.

I. E.

*

*

*

ÁGÚST BJARNASON: YFIRLIT YFIR SÖGU MANNSANDANS. AUSTUR-LÖND.

Að mjög miklu leyti flytur þessi bók fróðleik, sem íslenzkri alþýðu hefir verið alveg ókunnugt um. Hún skýrir frá trúarbrögðum Kínverja, Indverja, Babelsbúa og Assyríumanna, Medíumanna og Persa, Gyðinga og kristinna manna. Og hjá því getur ekki farið, að hún auki að miklum mun andlegt útsýni lesenda sinna.

Hún sýnir okkur meðal annars, hvílíku óhemjuafli mannsandinn hefir á það beitt að gera sér grein tilverunnar. Hún sýnir okkur, að mannsandiinn hefir oft sligast, þegar hann hefir verið að lyfta því heljarbjargi. Hún sýnir okkur, að hinar furðulegustu og fráleitustu hugmyndir hafa orðið að áreiðanlegum sannleik í hugum manna, og jafnvel að ímynduðum sáluhjálparatriðum. En hún sýnir okkur líka svo dýrlegar sigurveiningar mannsandans utan hins kristna heims, að þeir, sem á annað borð leggja nokkurn trúnað á guðs anda, ættu að geta saunfærst um, að hann hafi víðar verið starfandi en með kristnum mönnum.

Vér bendum til dæmis á R a m a n ú j a, kenniföður Hindúa. Frá honum er svo sagt í bókinni:

»Hann kom á eingyðinu á Indlandi og hélt því fram, að til væri að eins einn sannur persónulegur guð, Brahma, er vér mennirnir værum útgengnir af og lifðum og hrærðumst í bæði þessa heims og annars. Mannssálin væri á einlægri framrás til þess að ná fullkomnuninni í Brahma og mundi henni auðnast það að lok-

um fyrir miskunnsemi hans. Ramanúja kom og fram með föðu-
hugmyndina, að þessi æðsti guð heimsins væri gæzkurkur
faðir mannanna og vér börn hans: hann er hin æðsta vera, búinn
öllum hinum beztu eiginleikum, fullur ástríkis og miskunnar við
hinar brotlegu verur, er tilbiðja hann; hinni hólpnu sál býr hann
eilífan sælustað í návist sinni, þar sem hún getur haldið öllum
sérkennum sínum og dvalið í eilífum friði. Af hinni óumræðilegu
ást sinni og meðaumkun hefir guð þessi birzt í margvíslegum mynd-
um, mannkyninu til sáluhjálpar, en í fylstu og háleitustu mynd
sinni sem Rama Kandra, hinni miklu fyrirmynd mannanna.

Þessum Rama hefir eitt af skáldum Hindúa lýst í yndisfögr-
um ljóðum og hugsunarferillinn er þessi:

»Til er einn guð öllum æðri. Maðurinn er að eðlisfari synd-
um spiltur og er ekki endurlausnarinnar maklegur. En af hinni
óumræðilegu miskunnsemi sinni hefir hin æðsta vera birst í Rama
til þess að leysa heiminn af syndum hans. Rama þessi er nú aft-
ur horfinn til himna og eigum vér þar guð, sem ekki einungis er
fullur meðaumkunar, en veit af eigin reynslu, hversu mikill breysk-
leiki mannanna er og freistingar þær, er bera þeim að höndum;
og enda þótt hann sé sjálfur syndlaus, er hann ávalt reiðubúinn
að hjálpa þeim syndugum mönnum, er flýja á náðir hans og biðja
hann ásjár. En af þessu leiðir, að mennirnir eiga að auðsýna hver
öðrum miskunn og mildi og að mannkynið alt er ein bræðraheild.

Þegar fyrstu krisniboðarnir komu til Inlands, gerðu þeir þá
grein þessara trúarbragða, að djöfullinn hefði búið þau til svona
sviplíka kristninni til þess að blekkja mennina! Og »heiðingjun-
um«, sem þessa trú hafa, senda kristnir menn trúboða til þess að
bjarga þeim frá eilífri ófarsæld!

Bókin er rituð af góðvildarhug til trúarbragðanna, þó að höf-
trúi sýnilega ekki á neina algilda opinberun. Hann segir, að menn
eigi að líta á þau með umburðarlyndi, »og ekki kasta þungum steini
á manussálina fyrir alla hjátrú hennar og hindurvitni. Það er
ekki nema vorkunn, þótt hún hafi þózt sjá ýmsar ofsjonir í myrkra-
skotum tilveru vorrar og þótt hún sjaldnast rati réttustu og greið-
ustu leiðina út úr því völundarhúsi. Henni var aldrei gefinn neinn
sá Ariadneþráður, að hún gæti ekki vilst. En hitt er eins víst,
að veglegustu leiðarljósin, sem mannsandiinn hefir átt, hafa runnið
upp fyrir honum einmitt í trúarbrögðum hans.

Erlend tíðindi.

At vinnuleysið beggja vegna Atlantshafs er í rauninni mestu tíðindi þessara þriggja fyrstu mánaða ársins, þótt um þau sé reyndar færri talað en margt annað, sem minna er um vert, og er svo að sjá sem heimsblöðin miklu hafi ekki meira en svo í fullu tré að ræða það mál alvarlega eða rekja það til rótar. Því það er víst, að stjórnendur landanna horfa ekki áhyggjulaust á það, að verkmennt og iðnaðarmenn ganga í hundruðum þúsunda iðjulausir um löndin og mergð manna í hverju landi, sem skortir flestar eða allar lífsnauðsynjar fyrir sig, konur sínar og börn sín. Og flest af þessu atvinnulausa fólki er hvorki öreigar né ónyttingar, heldur blómi og viðkoma verkmanalýðsins, en bardagi þessara manna við atvinnuskort og örbirgð hefir harðnað ár frá ári og út yfir tekið þrjú missirin síðustu.

Á Englandi hafa verkmennt verið svo aðþrengdir undanfarið, að stappað hefir nærri, að þeir gerðu upphlaup, til þess að herja út eitthvað að gera, og líkt hefir verið háttað um flest iðnaðarlönd Norðurálfu og Vesturheims. Í Danmörku hefir aldrei þrengt svo að sem í vetur, og hafa menn leitað þar ýmsra bragða til að bæta úr sárasta vetrarsultinum með því að veita atvinnuúrlausn með ýmsu móti, en í febrúarmánuði var búið að skjóta saman um landið á þriðja hundrad þúsundum króna til bráðabirgðahjálpar verkamönnum, og sá þó fremur litla staði. Engu minni eru vandræðin meðal Þjóðverja og Frakka og hvergi er sultarúlfurinn langt frá garði.

Tröllslegust sýnist þó iðjuleysis-martroðin vera í Bandaríkjum Ameríku. Þaðan hefir árið sem leið flúið atvinnuleysið fjöldi manna úr öllum atvinnugreinum og þó hafa farið hryllisögur þessa síðustu mánuði af þeim sem eftir eru.

Í New York kvað svo ramt að um miðjan febrúar, að gildir menn buðu sig þar hópum saman fyrir matvinnunga og fengu þó

fæstir hnossið. Þá er sagt að maður tæki það til bragðs, að bjóða mennina til leigu um alt að þriggja ára bil fyrir ákveðið kaup, mjög lágt, og lánaðist það skár, en þá er sagt að maður þessi fengi svo mörg bótarbréf frá mönnum, sem vildu selja sig á leigu, að hann stofnaði til reglulegra sölupinga og frá New York var sent svolátandi símskeyti 25. febrúar:

»200 verkamenn átti að selja í gær á opinberu uppboði í einni kirkjunni. 165 seldust, en að 35 fengust engir kaupendur. Vinnuleysingjarnir stóðu þar á palli með svartar grímur fyrir andliti, en á orgelið var leikið líksöngslag. Margar konur, sem á horfðu, gátu ekki varist tárur. Gamlan maun slitinn og gráhærðan vildi enginn kaupa, en mannvinnur einn tók hann loks fyrir 1 dollar um vikuna«.

Svona var símað og er það líkast þrælasölu.

En samtímis þessum atvinnuskorti, hungri og klæðleysi standa vöruhúsin full af matvöru, klæðum og hvers kyns nauðsynjum, sem alt bíður óselt einmitt af því hinn fjölmenna sjálfbjarga verkalyð skortir atvinnuna til að afla sér kaupeyris. Vörurnar grotna niður og ónýttast í húsunum, en þeir veikjast og farast jafnvel úr hungri, sem þessar vörur voru ætlaðar. Öfugri en þetta hefir engum manni hingað til lánast að hugsa sér hagi mannkynsins á þessari jörð. Á vistinni hjá Belsibupp er þó sá himneski munur, að þar hefir enginn neitt.

Hingað til hafa auðvaldarnir, sem ráða ríkjunum, ekki þurft annað en loka augunum eða bæna sig þegar Glámsaugun litu á þá úr skugganum, en næstliðin ár sýnist þessi spurning vera orðin töluvert áleitin við marga: »Hvað verður til bjarga ef hungrið og kúgunin siga þessum lýð á oss og forðabúr vor?« Gamla svarið var þetta: »Við sendum herin á þá og skjótum þá niður«, en á því er sá hængur, að þessi her, sem skjóta skal, er einmitt synir, bræður, mágar og náfrændur þeirra manna, sem skjóta á fyrir það, að þeir fá ekki að vinna, og þeim er nú gert þetta ljósara dag frá degi. Hingað til hefir auðvaldið treyst því, að efnuðu borgararnir reyndust því trúir og synir þeirra í hernum; þeir sæju sér borgið efnalega, yndu við sitt og óttuðust breytingar og byltingar, en þessa síðustu mánuði hafa einmitt efnuðu borgararnir leut í sömu atvinnuleysis-fordæmingunni og gengið mjög í sveit jafnaðarmanna bæði meðal Breta og Þjóðverja og sennilegt, að það sé ekki síður vestan hafs.

Og er þó minst komið upp af því enn, sem skotið hefir rótum undir snjó og klaka þessa vetrar.

Rússland hefir orðið fyrir nokkuð miklu umtali þessa mánuði síðustu, og er það af því, að svo hefir higt á, að ódádaverk stjórnarinnar, grimd lögregluliðsins og svik embættismanna hafa orðið nokkru heyrinkunnari en vant er, eða af því, réttara sagt, að sjálf t lögregluliðið og embættismennirnir hafa sagt frá þessu í þetta sinn, svo stórborgarablöð og tímarit hinna landanna hafa ekki séð sér fært, að kalla þetta ýkjur eða lygar byltingamanna.

Öll veröldin hefir vitað, að minsta kosti þennan síðasta mannsaldur, að lögregluliðið í Pétursborg leigði menn til þess að æsa byltingamenn til hryðjuverka og segja síðan til þeirra sem verkin unnu, svo lögreglustjórn gæti þínt þá menn og hengt.

Með þessu var unnið tvent í einu: keisararnir, keisaraekkjan og stórfurstarinn höfðu sífeldan beig af byltingamönnum og töldu lögreglustjórnina og þjóna hennar varðhaldsengla ríkisins og lífgjafa sína, og með þessu móti trygði lögreglustjórnin sér og embættismönnum sama sem einveldi í ríkinu. En í öðru lagi gat þessi embættislyður losað sig svo ekkert bar á við hvern þann mann, sem ætlaði að verða of voldugur eða erfiður og látið byltingamenn lyfja honum elli.

Auðvitað sóR Rússastjórn og Rússavinir fyrir þetta, en tíðindin í febrúar sýndu vel, hvers virði þeir eidar voru.

Maður heitir Mikael Bakai; hann var forstjóri njósnarlögregluliðsins í Varsjá á Pólverjalandi nokkur ár fyrir 1905 og þótti standa vel í stöðu sinni, en þá var honum boðið að þína fangana í fangelsum Varsjárborgar og leggja þar píslarverkfæri á menn, konur og hálfvaxin börn. Undan þessu færðist hann og var hann þá kærður um þetta og logið sökum á hann, refsað sem glæpamanni og sendur síðan langt inn í Síberíu. Bakai tókst nú samt að sleppa þaðan og brautz með margföldum lífsháska yfir landamærin og kom loks fram í Parísarborg. Þar skrifaði hann í stórblað eitt um grimd þá og svívirðingar, sem beitt er í dýflissum Rússlands, og þar komst Bakai að því, í samvinnu við jafnaðarmann einn, að Azeff nokkur, ötulasti foringi byltingamanna, væri hinn mesti svikari, ginti þá til morða og væri leigubjónn lögreglustjórnarinnar, og kæmi öllu upp um þá og fengi hjá stjórninni 100,000 kr. um

árið fyrir vikið. Þetta var borið á Azeff, en hann gat smeygt sér út úr því í það sinn.

En þeir Bakai uppgáfust ekki og grófu dýpra. Það kom í ljós, að stjórnin hafði fengið nákvæma vitneskju um öll verk, sem Azeff var riðinn við, en margt mistókst hjá honum, að því er virtist með vilja, og þeir menn, sem hann fekk til meðverknaðar, utan byltingamanna, voru dæmdir til hengingar að yfirvarpi einu og svo slept; einn leigubjónn stjórnarinnar hefir verið dæmdur 5 sinnum til hengingar til málamynda, svo byltingamenn grunaði ekki, og sjálfur slapp Azeff altaf.

Þá tekur stjórn byltingamanna það ráð, sem lýgilegt þætti í skáldsögu, að hún gerir sendimann beina leið til Lapúkíns yfirlöggreglustjóra Rússlands. Maðurinn kemst heill til Pétursborgar og finnur Lapúkin og hann segir:

»Það er rétt, Azeff er níðingur; við launum hann til að segja oss öll leyndarmál félaga sinna, og haun myrðir vora menn til þess að halda trausti yðar. Hann fær 6000 kr. um mánuðinn og myrðir til beggja handa«.

Þá var Azeff kvaddur fyrir byltingadóminn, en hvarf þá og hefir heyrst, að hann væri lokaður inni í kastaladýflissu í Pétursborg, en ekki til að bíða hengingar, heldur vafalaust til að verja hann fyrir byltingamönnum, því dómur þeirra dæmdi hann þegar til dauða og þeim dómum er jafnan fullnægt. Azeff veit líka svo margt, að stjórninni liggur lífið á, að enginn maður fái af honum sanuar sögur, en það er víst, að hann hefir stofnað til sóðamorðanna nafufrægu á Plehve ráðgjafa, Sergíusi stórfursta og ýmsum öðrum og banatilræði lét hann sýna keisara, en lét það þó mistakast. Hann hafði og sjálfur æst til allra morðanna og lagt á ráðin. En sennilegast er, að enginn viti nú hvar Azeff er.

Lapúkin hefir og verið tekiu höndum og kærður um lögbrot, en alþýða veit, að það er einungis til þess, að hann geti ekki lostið upp svívirðingum stjórnariunar, og öll hans bréf og skrif tekin og hus hans ramsakað, svo það komi ekki fram af ódæðinu, sem nokkur kostur er að byrgja.

Það er fullyrt, að mörg banaráðin hafi Lapúkin bruggað með Azeff og sagt, að einu frænda Sergíusar stórfursta hafi vitað um banaráðin við hanu, og sýnir það, að stórmenni nota byltingamennina til að sjá fyrir þeim, sem orðnir eru valdastóðinu Þrándar í Götú.

Fyrirspurnir hafa verið gerðar um alt þetta athæfi á þingi Rússa, en stjórnin svarað því, að þetta væru alt álygur byltingamanna á Azeff, en þingið svo taumliðugt stjórninni, að þaðan er talin lítil von aðgerða. En það segja menn, að þetta mál alt og umtal vesturþjóðanna muni helzt verða Rússastjórn kenning og töluvert minnisstætt.

Ofan á þessa þjóðarminkun Rússlands bætist sá heimsósómi, sem Bakai segir af þislum manna í fangelsum Rússa. Sjálfur reyndi hann þetta meðal annars í Varsjá :

Lögreglustjórnin þurfti að biðja Rússastjórn um fé og þótti tryggara að hafa eitthvað til að ýta undir veitinguna, en morð varð ekki pantað þá í bili af einhverjum sökum. Lögregluliðið tekur þá nokkra unglingsmenn, sem töldu sig vinveitta byltingamönnum, en gat ekki sannað að orðið hefðu mús að meini. Tveir þeirra eru síðan þindir svo rækilega inni í fangelsisklefunum, að þeir eru látnir ljúga á ýmsa kunningja sína byltinga- og glæparáðum. Þessir unglingar eru síðan hengdir, svo þeir geti frá engu sagt, en hinir teknir og þindir og er fátt sárara að losa en um meðferðina þar á tveim ungu stúlkum. Þær lágu þar naktar á gólfinu eins og blóðugur kökkur þegar Bakai kom inn og augað úti á kinn á annari og þessum ungu líkómum alstaðar misþyrmt og það á þann hátt, að hver maður fyrirverður sig alls mannkynsins vegna að segja það á prenti, þó það væri leyfilegt.

16 unglingar voru eitt sinn hengdir í einu án dóms, eins og oft var, en þessar hendingar voru Bakai sérstaklega minnisstæðar af því, hve sárlega einn pilturinn bar sig sakir móður sinnar.

Við lestur hörmungafréttanna frá Rússlandi þessa síðustu mánuði hefir maður verið að reyna að hugga sig með því, að þessir aumingja þislarvottar geti, ef til vill, stutt að því, að þjáningardögum hinnar rússnesku þjóðar fari að fækka úr þessu, og þó þorir hugurinn ekki einu sinni að treysta því að svo verði.

Enn varð það uppvíst um embættismenn í Moskvóv, að þeir höfðu dregið undir sig í Moskvóvfylkinu einu saman, af fé og vörum, sem áttu að fara til herliðsins, 1,000,000,000 — þúsund miljónir króna. Þessar tölur verður að tvískrifa, því annars halda menn það sé prentvilla. Og enn hefir verið stolið á suðurjárnbrautum Rússa á árunum 1905 til 1907 30 miljóna króna virði af vörum þeim, sem fluttar voru og í umsjá ríkisins.

Alt þetta, sem hér er sagt, hefir þó fengið svo á Rússa, að kalla má að þjóðin hafi skolfið af skömm og gremju og ekki

ósennilegt, að það verði alt til að þoka heldur í áttina breytingu á stjórnarháttum landsins, og það því fremur, sem embættismenn eiga sjálfir mikinn þátt í, að þetta er uppvíst orðið.

Um þetta hefir Norðurálfan helzt talað síðustu mánuðina. Önnur tíðindi eru fremur smávægileg og skal þeirra stuttlega getið.

D a n m ö r k. Þar í landi hefir mest verið talað um frumvarp stjórnarinnar til landvarnarlaga og rifist um þau á þingi. Danir höfðu lengi hug á því, að vinna aftur hina mistu landshluta sína af Þjóðverjum með styrk einhvers stórveldanna eða í sambandi við þau, einkalega Frakka og Rússa, og jók og bætti hægrimanna-stjórnin strandvirkin við Kaupmannshöfu nú fyrir nál. 20 árum, en reisti nokkur virki í hálfhring um borgina landmegin, alt í samráði við Alexander III Rússakeisara, að því er blöð vinstrimanna sögðu. En bæði þá, og einkalega eftir dauða Alexanders, hefir það kveðið við jafnan hjá hægrimönnum, að þeir víggirtu og hervæddust að eins til að vernda hlutleysi sitt, af því stórveldin krefðust þess. Þessu mótmæltu vinstrimenn harðlega og sögðu, að það eitt gæti orðið lífsháski fyrir Danmörku, að víggirða Khöfn, því þá gætu einmitt Þjóðverjar eða Bretar neyðst til að skjóta niður borgina, svo víggirðingarnar yrðu ekki skjól hinu þjóðinni. Vinstrimenn kröfðust því, og síðast með I. C. Christensen í broddi fylkingar, að virkin væri rifiu niður, en er hann komst í ráðgjafasessinn brást hann bæði þeirri og flestum öðrum kröfum sínum og vinstrimanna, í félagi við Alberti. Þegar Christensen féll, var hann að búa út einhverja miðlun í landvarnarmálinu og sýndist það vel búið í haginn fyrir Neergaard eftirmann hans, sem var úr hinum litla og rýra miðlunarflokki, en svo leggur Neergaard fyrir þingið landvarnarfrumvarp, sem boðar víggirðingu Khafnar á sjó og landi og það nokkrum miljónum dýrari en hægrimenn höfðu heimtað mest þangað til. Hefir Neergaard auðsjáanlega ekki treyst frjálslyndari hluta stjórnarflokksins né bændum til fylgis við sig og ætlað með þessu að ná styrk hægrimauna. Stjórnarflokkurinn klofnaði og um þetta, og hefir svo mikill meirihluti skilist við Neergaard, að Christensen sá sér haldkvæmast að fylgja þeim hlutanum og vonar víst með einhverri miðlun að geta brætt upp úr karmolunum meirihluta á síðan handa sjálfum sér til að fljóta á. Enda segir símskeyti nú um daginn, að Neergaard hafi lagt

árar í bát og gengið að sjóvörnum með þeim Christensen, en látið landvirki öll falla.

Er það nú öllum bert, að Dönutm kemur ekki til hugar að herbúnaður þeirra sé eyrisvirði, ekki svo mikið sem til að verja hlutleysi þeirra, enda hafa stórblið Þjóverja og Breta gefið berlega í skyn, að sama sé hvoru megin hryggjar liggi vígbúnaður Dana, nema því að eins að þeir víggirði svo amlóðalega, að beint sé í hag annari hvorri þjóðinni.

Þetta mál er nú að eins leiknuöttur í höndum flokkanua til að ná í völdin og kjósendurna, því að þeim virðist sjálfum ljóst, að þeir geta ekkert varið með vígvirkjum sínum, en stofnað ríkinu með þeim í voða, ef út af ber.

Jafnaðarflokkurinn magnast óðum í Danmörku. Nú við bæjarstjórnarkosningar 12. marz gengu jafnaðarmenn einir sér að kosningum um alt land, og fengu 20 sæti í Khöfn og eru þeir nú sterkasti flokkurinn, og hafa meiri hlut með styrk 5 gjörbreytenda, en hægrimmenn að eins 17 á móti. Í öllu landinu fengu jafnaðarmenn 54,300 atkv., en allir aðrir flokkar samtals 83,300.

England. Út úr orðum Vilhjálms Þjóðverjakeisara, þeim sem getið var síðast, ætla Bretar að auka flota sinn stórum, svohann verði nokkru meiri en hverra tveggja stórvelda annara sam-
anlagðir, og láta nú smíða 4 eða 5 risabryndreka. En komið hefir það mjög fram í umræðunum, að menn búast eins við, að herskip og víggirðingar verði ekki til frambúðar úr þessu, þar sem loftförin eru þegar komin á þann veg, að þau geta farið að ausa eldi og glötun jafnt yfir herskip sem hervirki og það á svipstundu.

Índverjar hafa lengi unað illa yfirráðum Breta og hefir þar brotist um undir niðri illa falinn eldur. Nú hefir Morley lávarður borið fram á Bretaþingi lagafrumv. um ofurlitla hluttöku landsmanna sjálfra í stjórn landsins, og segja brezk blöð, að landsmenn láti vel yfir umbótunum, en ekki er það trúlegt eftir fyrri kröfum þeirra. Annars heftir lávarðadeildin nú öll verulega frjálsslynd lög fyrir þessari stjórn og þorir hún, enn sem komið er, ekki til við lávarðana, og menn eru jafnvel trúardaufir á, að hún þori það nokkurn tíma.

Nú í janúar gengu í gildi ellistyrkslög Breta. Fær þar hver sjötugur maður 4 kr. 50 au. um vikuna ef hann hefir minni árstekjur en 567 kr., hefir ekki þegið sveitarstyrk né orðið sekur

við hegningarlög. Þessa styrks nýtur rúm $\frac{1}{2}$ miljón manna og kostar það ríkið ekki meira en vextir eru af því fé, sem fór til að drepa Búa hér um árið.

Játvarður konungur heimsótti nýlega Vilhjálms keisara frænda sinn til Berlínar og er gert þar mikið úr vináttumálum, en flestar hafa þær konungastefnur reynst lítilsvert hégómahjal síðan Bismarck gamli dó. Hann kunni að tefla fram konungunum sér til gagns.

Suðurheimskautið er nú sama sem fundið. Það vann Shackleton, enskur sjóliðsforingi, og komst á 88. stig 23 mín. og átti eftir einar. 25 mílur til skautsins. Hann segir skautið sjálft sé á hálandi miklu nálægt 8 til 10 þúsund feta yfir sjávarmál.

Tyrkir. Stjórnbyltingarmönnunum tekst þar enn vel stjórnin og giftusamlega. Búlgarar slitu sambandi við þá og Austurríki hrifsaði algjörlega undir sig Bosnía og Hersegóvínu og urðu úr hótanir og herbúnaður, en er nú alt jafnað og sætt. Tyrkir unnu þar síðast svig á Austurríki með því, að þeir hættu einhuga að kaupa vörur þaðan og gerðu þeim miljóna tjón. Aftur urðu Serbar æfir við Austurríki út úr Bosnía og Herzegóvínu; þar búa mest Serbar og hugðu þeir allir til bandalags áður sín í milli. Her væddust Serbar í ákafa og var ríkiserfingi foringi ófriðarflokksins, en friðarvinir hafa orðið þar hlutskarpari, og segir í símskeyti um daginn, að ríkiserfingi hafi verið gerður landrækur; það er maður um tvítugt, en úttaugaður drykkjumaður og ólifnaðar og hefir jafnvel orðið mönnum að bana í ölæði.

Ýmislegt. Fljótasta ferð yfir Atlantshaf gerði nýlega Míritanía farþegaskip Cunardfélagsins enska; fór það á 4 sólarhringum 17 stundum og 5 mín. — Sven Hedin, Tibetfarinn sænski, kom heim 18. jan. Hafði fundið uppsprettur Indusfljóts og Bramapútra, sem enginn vissi um áður og roknafljallgarð norðan Himalaya, sem var nær ókunnur. Þykir það mesta stórvirki. — Norskt blað gat þess í janúar, að Friðþjófur Nansen ætlaði vísindaför hingað til Íslands nú á sumri komandi, en ekki var það glöggvar til tekið.

Þ. E.

Pundið.

Sólbjarmans fang vefst um alt og alla;
æska og fegurð á loftbránni hlær.
Moldarundið glitrar og grær,
gullbros af náð yfir jörðina falla.
Með þagnandi ekka hafbrjóstið hnígur,
er himinsins blær
lognhljóðum sporum af ströndunum stígur.

Ljósherrann breiðir á lífsins brautir
liljuprýði og eikarþrótt —
en myrkrið felur sig helkalt og hljótt
í hjarta mannsins, með nagandi þrautir,
þar dagsins ásýnd er eins og gríma,
en undir býr nótt —
herfjötruð veröld takmarks og tíma.

— Eitt skipbrotslíf starir í sorgasæinn,
sökkvir augum í hjarta síns eymd,
þess auður er týndur, þess ákvörðun gleymd.
Hann á ekki neitt, sem vermist við daginn.
Hann leitar í eðlis síns leyndasta djúpi,
hver lind þess er streymd
í sand, og á dreif undir hafborðsins hjúpi.

Hann leitar á víðavangi síns anda,
 sem visnar í sumarandans blæ,
 og sér að eins öræfi og eyðisæ,
 þar aldini lífsins í blóma standa,
 agndofa, þögull í heimsins hjörðu,
 eitt helkalið fræ,
 sem dó fyr en það fann jarðveg á jörðu.

Hann leitar, hann leitar í hljóðsins heimi
 og hvelfing ljóssins, en alt er dautt,
 hvert þankans rúm er svo örent og autt,
 sem ísvatn í farvegum blóðsins streymi,
 svo djúpt er himneska djásnið falið,
 svo dáðlaust og snautt
 er gjörvalt hans líf og til einkis alið.

[Dauði og þögn. Þó til grafar hann græfi
 í glitlausum brotum síns fölnaða þrjáls.
 Hann horfist í augu við svip sín sjálfs
 og sér að eins skuggann af glataðri æfi.
 Hans líf var sem helför með hrylling og feiknum
 til haugs eða báls
 — en likið sjálft hafði svikist úr leiknum.

Andvörpin líða frá orðlausum vörum,
 afstola skeyti er varpast á bug;
 bænirnar lyftast af hálfum hug
 sem hópveltir ungar, seinir í förum,
 á óravegum, um víðáttu sanda,
 með vænglamað flug,
 er falla við sjónhring fjarlæggra stranda.

Eitt ósvikið bros. Eitt blik af tári.
Eitt blóðkorn af trygð í hjartans reit.
Einn vin í minningamúgans sveit.
Nei, moldkaldur dofi í ólífs sári.
Einn draum. Eina von, sem dregur á talar
Nei, dauðaleit
um hyldýpis auðnir öreiga sálar.

Aldrei skín framar í lífdagsins ljósi
lokkbjarta sveinsins vöggugjöf.
Vaxtalaust, óþekt um hauður og höf
ber hjartað sitt pund að dauðans ósi.
Það borgast ei fyr en himininn hrynur
á hataða gröf
og Hel undir dauðadómnum stynur.

EINAR BENEDIKTSSON.

Um sjúkrasamlög.

Berið hver annars byrðar.

Forsjálmi og félagsskapur Þegar verið er að ræða um framfarir Norð-urálfupjóðanna á síðustu öldum, þá er venjulega ekki á annað minnst en vélar og vísindi; það er talað um gufuvélar, rafvélar, vinnuvélar, sjóskip, loftskip, símskeyti, loftskæpti o. s. frv.; síðan er vikið að hinum afarmikla þekkingarauka vísindamanna á öllu lífandi og dauðu, dýrum og jurtum, láði og legi, sól og stjörnum.

Miklu sjaldnar er minst á þá mannfélagsbót, sem felst í aukinni forsjálmi og félagsskap, er miðar að því, að bæta úr andstreymi lífsins; en það eru einkum hin afar mörgu og margvíslegu ábyrgðarfjelög og tryggingarsjóðir.

Fyrir nokkrum öldum áttu menn alt á hættu, bóta-laust, eignir sínar, líf og heilsu. Ohöpp og slys vofðu yfir hverjum manni, eins og óheillanornir, sem ekki varð rönd við reist; hver maður varð sjálfur að leiða sjálfan sig; húsið hans brann, bótalaust; skipið hans fórst, og hann var þeim mun fátækari; menn gátu mist aleigu sína á einni nóttu. Vátrygging var ekki til. Ef maður dó ungur frá börnum í ómegð og hafði ekki safnað fé, þá hlutu börnin að deyja úr sulti eða fara á sveitina, því að eini útvegurinn fyrir efnalitla menn til þess að sjá börnum sínum farborða, ef þeir deyja frá þeim ungum, það er lífsábyrgð, en hún þektist ekki í þá daga. Ofan á allt þetta bættist sú hörmung, að allur þorri manna, hver efnalítill maður, átti á hættu að svelta eða verða upp á

aðra kominn, ef hann varð ófær til vinnu vegna veikinda eða slysfara. Sjúkrasamlög og slysfaratrygging voru ekki til og eru enn víða skamt á veg komin.

Nú er þó öldin önnur. Nú geta menn trygt hús sín gegn eldsvoða og skip sín gegn sjávarháska. Með litlu iðgjaldi (árgjaldi) geta menn aflað sér áreiðanlegrar tryggingar fyrir fullu endurgjaldi ef hús brennur, eða skip ferst. Kaupmaðurinn getur nú keypt ábyrgð á vörum sínum á sjó og landi. Hver maður getur keypt ábyrgð á innanstokksmunum. Ábyrgð á kvikfénaði er líka til. Lífsábyrgð þekkja allir. Og nú er svo komið hjá mestu framfarabjóðum heimsins, að hver alþýdumaður, sem hefir við lík kjör að búa og lausafólk hér á landi, á hægt með að kaupa sér ábyrgð gegn veikindum, slysum, vinnuskorti og ellilasleik.

Þetta, að vera við öllu búinn, óhöppum og slysum, eignatjóni, veikindum, meiðslum, vinnuskorti og ellilasleik, skapa sér tryggingu gegn alls konar áföllum, og geta því bjargast af, hvað sem á dynur, án þess að beiðast beinlinga, eða lifa á náðargjöfum úr einhverjum styrktarsjóði, eða sveitarsjóðnum, þa ð er sjálfstæði, þa ð er persónulegt frelsi, þa ð er efalaust stærsta menningarsporið nú á tímum.

Ábyrgð og trygging voru ekki með öllu ókunn í fornöld og á miðöldum. En þó má segja fullum fetum, að þau séu nútíðarbörn, komin til á 18. og einkum 19. öldinni.

Þessi fyrirhyggjuviðleitni er jafnan félagsvinna á einn eða annan hátt. Húseigendur í einu héraði stofna t. d. brunabótasjóð; gerum að þeir séu 2000, eigi eitt hús hver þeirra og 10,000 kr. virði hvert hús að meðaltali. Þeir íhuga þá, hversu mörg hús hafi brunnið á undanförunum árum og komast að raun um að búast megi við, segjum 10 húsbrunum á hverju ári, en það verða 100,000 kr. útgjöld fyrir sjóðinn, því að hver félagsmaður á heimtingu á fullu andvirði húss síns, ef það brennur. Þeir verða því að jafna þessum 100,000 kr. niður á öll húsin og iðgjaldið verður þá 50 krónur á ári af hverju húsi

(5⁰/₁₀₀). Ef færri hús brenna á ári, en hugað var, þá græðir sjóðurinn, en tapar ef fleiri brenna. Það er fyrsta og helzta undirstöðuatriðið í öllum tryggingarfélögum, að afna sér vitneskju af annara reynslu, eða eigin, fyrir því, hversu mörgum óhöppum og miklum útgjöldum búast má við á hverju ári. Eftir því fara iðgjöldin.

Mjög mörg tryggingarfélög eru í þessu sniði, eins konar samvinnufélagsskapur.

En þeim getur líka verið þannig háttað, að einn maður (eða hlutafélag) eigi tryggingarsjóðinn, taki t. d. hús í tryggingu, af hverjum sem vill, gegn ákveðnu ársgjaldi, og borgi virðingarverð hússins úr sjóðnum, ef það brennur.

Alt sprettur þetta af einni rót, forsjálninni. Forsjálni manna hvetur þá til félagsskapar. Margir saman geta orkað því, sem einum er ofvaxið, og margir saman þola vel það óhapp, sem einn getur ekki risið undir. En hver félagsskapur frjálsra manna verður að hvíla á fullu jafnrétti; það gera líka öll þessi tryggingarfélög; allir hafa sömu skyldur — um iðgjöld — og allir sömu réttindi — til endurgjalds.

Fyrirhyggja og félagsskapur — það er upphaf og endir allrar mannfélagsstarfsemi nú á dögum. Frelsi, jafnrétti og bróðerni — það eru höfuðhugsjónir fjöldans í hverri þjóð.

Sjúkrasamlög og nauðsyn á þeim. Millipinganefndin, sem vann að nýju fátækralögunum, safnaði skýrslum um orsakir fátæktarinnar, um það, hvers vegna menn fara á sveitina hjer á landi; það var fardagaárið 1901—1902. Þá voru 2369 þurfamenn á öllu landinu og orsakirnar þessar:

Sjúkdómar og heilsubílan	753
Ellilasleiki	538
Geðveiki	154
Drykkjuskapur	121
Ráðleysi og leti	287
Barnafjöldi og aðrar ástæður	516

Peir, sem taldir eru þurfamenn vegna ellilasleika, voru þvínær allir komnir yfir sjötugt.

Skýrslan ber þess ljósan vott, að veikindi eru algengasta andstreymi lífsins, tíðasta orsökkin til þess, að menn glata sjálfstæði sínu, frelsi sínu og verða að lífa á náðargjöfum annara.

Þessu er eins farið í öllum öðrum löndum; alstaðar eru veikindin versta hættan, sem vofir yfir allri alþýðu manna, öllu efnalitlu fólki, öllum, sem lífa á handafla sínum og eiga ekkert afgangs, er neinu nemi.

Nú hefir alþýðumentunin alstaðar aukist og þá jafnframt sómatilfinning manna og sjálfstæðisþrá, og alþýðumenn — í öðrum löndum — hafa þá fljótlega fundið og skynjað, að vinnuskortur og veikindi eru verstu torfærurnar á lífsleið þeirra. Þeim hefir skilist, að það er ekki vegur til sjálfstæðis, að hver leiði sjálfur sjálfan sig. Þeir hafa sannreynt að eina hjálpin fyrir þá úr torfærum lífsins, eini vegurinn til sjálfstæðis, er sá, að hver leiði annan, allir leiðist saman.

Þess vegna hafa alþýðumenn í öðrum löndum stofnað tryggingarfélög gegn veikindum, þannig, að hver vinnandi maður getur fyrir mjög lágt iðgjald keypt sér fullan rétt á því, ef hann verður veikur, að þá verði goldin úr tryggingarsjóðnum læknishjálp, lyf, sjúkrahúsvist og þar að auki dagpeningar meðan hann er ófær til vinnu.

Þessi tryggingarfélög eru kölluð sjúkrasamlög (dönsku: Sygekasser, þýzku: Krankenkassen).

Þau hafa aukist og margfaldast í öllum nálægum löndum undanfarna áratugi.

Mjög víða njóta þessi sjúkrasamlög mikils styrks af almannafé, úr ríkissjóði og sveitasjóðum; eru þá sett landslög um það, hvaða skilyrðum þau eiga að hlýða til þess að fá styrk, líka um eftirlit af hálfu landsstjórnar, því til tryggingar, að jafnrétti félagsmanna sé ekki haggð og engin svik höfð í frammi. Á þessu stigi eru t. d. sjúkrasamlögin í Danmörku.

Síðasta sporið er svo, að setja lög, er skylda hvern vinnandi mann til þess að tryggja sig í einhverju sjúkrasamlagi, ef árstekjur hans eru ekki svo miklar, að ætla megi, að honum sé ekki hætt við sveit, þótt veikindi beri að höndum. Þess konar lög hafa verið í gildi á Þýzka-landi síðan fyrir aldamót.

Sjúkrasamlög England: Þar er til mesti fjöldi af fé-
i öðrum lögum (Friendly Societies = vinafélög), er
löndum. hafa það markmið meðal annars, að veita
 hverjum félagsmanni dagpeninga, úr félags-
 sjóði, ef hann fellur frá verki vegna veikinda. Félagsmenn
 eru allir jafnrétt háir og eiga h e i m t i n g u á þessum dag-
 peningum, þurfa ekki að sækja um þá. Árið 1902 voru
 til á Englandi 27452 þess konar félög og í þeim samtals
 5,609,000 manns. Eigur þeirra (félagssjóðir) samtals
 657,000,000 kr.

Lög hafa verið sett þar í landi, síðast 1896, um eftir-
 lit með þessum félögum og ýms réttindi þeim til handa,
 en ekki njóta þau styrks úr ríkissjóði.

Frakkland: Þar er einnig til mesti sægur af
 alþýðufélögum, er veita tryggingu hverjum félagsmanni
 fyrir ákveðnum fjárstyrk, ef veikindi ber að höndum. Þau
 eru kölluð samhjálpafélög (sociétés de secours mutuels).
 Árið 1901 voru þessi félög 14872 að tölu og flest (14186)
 háð eftirliti ríkisins; félagatala, í þeim öllum, var þá
 2,718,002. Útgjöld á ári 13—15 milj. króna. Ýms af
 þessum frönsku sjúkrasamlögum veita þeim, er þess æskja,
 tryggingu gegn slysförum, eða öryrkjategyggingu, eða lífs-
 ábyrgð.

Noregur: Iðnaðarmannafélögin fornu veittu félög-
 um sínum veikindastyrk. Þess konar félög tíðkuðust áður
 víða um lönd; þau voru stéttafélög; þá voru ýms höft á
 atvinnufrelsi manna; hver iðnaðarstétt var í félagi (gildi)
 út af fyrir sig og hafði einkarétt á iðn sinni. Enginn
 mátti t. d. vinna að trésmíði nema hann fengi inngöngu í
 trésmíðafélagið.

Um miðbik 19. aldar var þetta atvinnuófrelsi numið úr lögum alstaðar á Norðurlöndum, en hélst nokkru lengur sumstaðar á Þýzkalandi.

Það var um 1850, að atvinnufrelsi var leitt í lög í Noregi. En þar fór sem annarstaðar, að iðnaðarmenn, er höfðu verið í gömlu félögunum, sáu óðar að heilsutryggingar máttu þeir ekki án vera. Því var það, að sjúkrasamlögin, eins og þau nú tíðkast, risu upp úr rústum einokunarfélaganna gömlu. Sjúkrasamlögum hefir síðan fjölgað æ meir og meir í Noregi. Ekki hafa þar verið sett lög um sjúkrasamlög og ekki njóta þau styrks úr rikissjóði, en búist er við, að þess verði ekki langt að bíða.

Svíþjóð: Þar voru sett lög um sjúkrasamlög árið 1891; er þeim veittur styrkur úr rikissjóði, 0,25—1,50 kr. á hvern félagsmann á ári. Árið 1901 voru til 1618 lögskráð sjúkrasamlög. Félagsmenn samtals 293,260.

Danmörk: Atvinnufrelsi var leitt í lög 1857. Sjúkrasamlög — frjáls félagsskapur alþýðumanna — komust nú á fót, hvert á fætur öðru. Árið 1868 voru 29000 manns í sjúkrasamlögum. Árið 1884 voru 128,000 manns komnir í sjúkrasamlög. 1892 voru sett lög um sjúkrasamlög og öllum lögskráðum sjúkrasamlögum ánafnaður styrkur úr rikissjóði, 2 kr. á hvern félagsmann og þar að auki ofanálag, miðað við ársgjöld félagsmanna í hverju samlagi; má ofanalagið ekki fara fram úr $\frac{1}{5}$ af ársgjaldi hvers samlags. Í árslok 1907 voru sjúkrasamlögin orðin 1452. Félagsmenn í öllum þessum samlögum voru alls 552,962; eru þeir einir taldir, karlar og konur, er greiða ársgjald, en þess ber að gæta, að börn hjóna, sem eru í sjúkrasamlagi, fá líka ókeypis læknishjálp, lyf og sjúkrahúsvist á samlagsins kostnað. Lögskráð sjúkrasamlög eru nú til í því nær öllum bæjum (96%) og hreppum (95%) í Danmörku. Og nærfelt þriðjungur (31,6%) þjóðarinnar, karla og kvenna, eldri en 15 ára, er í þessum félagsskap. Í árslok 1907 áttu sjúkrasamlögin í sjóðum sínum samtals 4,227,904 kr., eða 7 kr. 65 aur. til uppjafnaðar á hvern félagsmann.

Tekjur þeirra allra árið 1907 voru 6,034,846 kr., þar af 1,691,188 kr. úr rikissjóði. Útgjöldin voru 5,809,565 kr. (Dagpeningar, umbúðir, sængurkonugjald, sjúkrahúsvist, læknishjálp, lyf, stjórnarkostnaður).

Þýzkaland: 17. nóv. 1881 mun jafnan verða talinn merkisdagur í veraldarsögunni. Þann dag lýsti Vilhjálmur mikli, Þýzkalandskeisari, yfir því í stólræðu á Sambandsþingi Þjóðverja, að hann teldi það hina þörfustu þjóðarframför, að allir verkamenn og launalitlir menn yrðu trygðir gegn því tjóni, sem hlýzt af veikindum; hvatti hann þing og stjórn að koma þessu til leiðar.

Þessi mikla nýjung komst á gang tveim árum síðar, með lögum 15. júní 1883. Eftir þeim lögum og síðari breytingum á þeim eru allir verkamenn, verzlunarmenn og aðrir starfsmenn skyldir til að vera í einhverju lögskráðu sjúkrasamlagi, ef árstekjur þeirra nema ekki 2000 mörkum (mark = 90 aurar). Undanþegið þessari skyldukvöð er enn í dag vinnufólk í sveit. Lögin heimta að öll lögskráð sjúkrasamlög veiti hverjum félagsmanni: 1. læknishjálp; 2. lyf; 3. sjúkrahúsvist, ef með þarf; 4. dagpeninga, ef sjúklingurinn er heima og getur ekki unnið, og nemi þeir í minsta lagi helming af venjulegum daglaunum mannsins, og skulu þeir haldast eigi skemur en 26 vikur á ári, ef með þarf; 5. 6 vikna dagpeninga handa hverri félagskonu, er eignast barn (gildir þó ekki um öll sjúkrasamlög); 6. útfararkostnað, 20 × daglaun þess, sem dáinn er. Sjúkrasamlögunum er ekkert lagt úr rikissjóði, en vinnuveitendum er gert að skyldu að greiða $\frac{1}{3}$ af því árstíllagi, sem kemur á hvern félagsmann í þjónustu þeirra. Sveitastjórnir eru skyldar að koma á fót sjúkrasamlögum, ef engin eru fyrir.

Árið 1906 voru íbúar í þýzka ríkinu rúmar 60 milljónir. Þá voru þar til 23,214 sjúkrasamlög og í þeim samtals 11,689,388 manns, karlar og konur, eldri en 15 ára. Þar að auki njóta börn hjóna, sem eru í sjúkrasamlagi, allra sömu hlunninda og foreldrarnir að undanskildum dagpeningum, og á það við öll börn, sem eru í foreldra-

húsum, þangað til þau eru orðin 15 ára. Á alla þá, sem voru í sjúkrasamlögum þetta ár, 1906, komu samtals 87,444,605 veikindadagar. Árstekjur samlaganna voru 293,305,160 mörk; ársútgjöld 264,236,035 mörk; í sjóðum samlaganna voru þá til 230,211,298 mörk.

Á Þýzkalandi eru vinnuveitendur skyldir að lögum að tryggja alt starfsfólk sitt, líka vinnufólk í sveitum, gegn slysförum. Árið 1906 var fullur þriðjungur þjóðarinnar trygður gegn slysförum, 20,727,213 manns.

Loks er þar í lögum, síðan 1891, öryrkjatrýgging, en hún er í því fólgin, að ef menn verða öryrkjar, ófærir til vinnu að staðaldri, vegna veikinda, eða fyrir elli sakir, þá fá þeir eftirlaun, svo rifleg að þeir geta varist sveit. Þeir eru nú rúmar 14 miljónir, sem trygðir eru þessari tryggingu. En hér greiðir rikissjóður rifan bróðurpart af kostnaðinum.

Hvergi í heimi er heilsutrygging komin á svona hátt stig. Allar þjóðir dást að þessu mikla menningarspori Þjóðverjanna og reyna að feta í för þeirra.

Danir standa þeim næstir; sjúkrasamlög eru orðin álika algeng þar og á Þýzkalandi, þótt alþýðumenn séu ekki skyldir að lögum að vera í þeim; en slysfaratrygging er nú lögskipuð í Danmörku (Lov af 15. Maj 1903 om Tillæg til Lov af 7. Jan. 1898 om Arbejdernes Forsikring mod Følger af Ulykkestilfælde i visse Virksomheder. Lov af 1. April 1905: Søfolks Forsikring mod Følger af Ulykkestilfælde i Søfartsvirksomhed. Lov af 30. Marts 1906 om Udvidelse af Lov af 3. April 1900 om danske Fiskeres Ulykkesforsikring til ogsaa at omfatte anden Søfartsvirksomhed. Lov af 27. Maj 1908 om Forsikring mod Følger af Ulykkestilfælde i Landbrug, Skovbrug, Havebrug m. m.) Ellistyrktarsjóðum var komið á fót í Danmörku með lögum 9. april 1891 (breytt með lögum 7. april 1899, 23. maí 1902 og 13. marz 1908); þessir sjóðir eru s t y r k t a r-sjóðir, ekki t r y g g i n g a r-sjóðir og eftir þessum dönsku ellistyrktarlögum eru sniðin lög um almennan ellistyrk, er samþykkt voru á alþingi í vetur.

Víða í öðrum löndum hafa verkamenn komið á fót vinnuábyrgðarsjóðum; ef verkmaður verður atvinnulaus, fær hann lág daglaun úr þeim sjóð, sem hann geldur til; í Danmörku hafa nýlega verið sett lög um þessa sjóði (Lov om anerkendte Arbejdsløshedskasser af 9. April 1907) og þeim veittur styrkur úr rikissjóði.

Hér er ekki rúm til að ræða frekar um slysfaratryggingu, öryrkjatryggingu og ellitryggingu; það mun eg gera síðar; enda hafa sjúkrasamlögin alstaðar verið fyrsta sporið á þessari alþýðutryggingarbraut og alstaðar talin brýnust þörf á þeim.

Markmið sjúkrasamlaga og skipulag þeirra.

Sjúkrasamlög mega ekki vera mjög fámennt; þá er þeim hætt við sjóðþurð, af því að ársútgjöldin verða þeim mun misjafnari, sem samlagið er fámennara. Útgjöldin verða hins vegar þeim mun jafnari, sem fleiri eru í samlaginu, og fjölmenn samlög eru því jafnan tryggust. Telja má sjúkrasamlag áhættulaust að þessu leyti, ef í því eru 40—50 menn gjaldskyldir. Í flestum (um 79⁰/₀) dönskum sjúkrasamlögum eru 100—500 manns; fáein (8⁰/₀) ná ekki 100, en nokkur (13⁰/₀) eru yfir 500.

Sjúkrasamlög geta verið miðuð við stéttir eða staði. Það er stéttarsamlag, ef t. d. trésmiðir í Reykjavík stofna samlag út af fyrir sig; þess konar samlög voru áður mjög algeng í öðrum löndum og eru víða til enn. Þeim lík eru verksmiðjusamlög, þegar alt vinnufólk í stórri verksmiðju er í samlagi fyrir sig, einnig námusamlög, þar sem alt vinnufólk í einhverri námu er í einu samlagi og aðrir ekki. Nú er orðið öllu algengara, að menn af öllum vinnustéttum ganga í samlög, en binda þó félagsskap sinn við einhvern sama stað, kaupstað, kaupún, þorp eða hrepp til sveita, svo að þeir einir geta verið í samlaginu, sem eru heimilisfastir á því svæði, sem samlagið hefir markað sér. Það er auðvitað, að samlögin geta verið fleiri en eitt í sama kaupstað eða sama hreppi, og eins hitt, að samlag getur náð yfir 2 áfasta

hreppa. Þegar sjúkrasamlög eru komin á fót víða um sveitir, gera þau jafnan þann samning milli sín, að hver maður, sem er í sjúkrasamlagi í sinni sveit, en flytur sig nú í aðra sveit, þá fer hann jafnframt úr sínu fyrra samlagi, en öðlast tafarlaust öll félagsréttindi í samlagi þeirrar sveitar, sem hann flytur sig í.

Fyrir hverja eru sjúkrasamlögin? Þau eru fyrir þá alla, karla og konur, sem eru eignalausir eða eignalitlir og atvinna þeirra svo mögur, að efnahagur þeirra og sjálfstæði er í voða, ef veikindi ber að höndum. Efnamenn og tekjumiklir menn eiga ekki og mega ekki vera í sjúkrasamlögum, af tveimur ástæðum, þeirri fyrst, að þeir þurfa þess ekki, þola veikindakostnaðinn, verða ekki hjálparþurfar hans vegna; en hin ástæðan er sú, að ríkið veitir jafnan sjúkrasamlögum ýms hlunnindi og venjulega einhvern fjárstyrk og það gera líka oft sveitasjóðir; efnadir menn þurfa ekki þá hjálp; þess vegna eiga þeir ekki að vera í sjúkrasamlögum.

Inngönguskilyrðin eru venjulega þau, að manneskjan sé:

1. Eigi yngri en 15 ára og ekki yfir sextugt.
2. Hafi óflekkað mannorð.
3. Sé heilbrigð; ef einhver gengur með langvinnan sjúkdóm, má undanskilja þann sjúkdóm.
4. Hafi arðlitla atvinnu; sjálfsagðir eru allir, sem lifa á handafla sínum, daglaunamenn, iðnaðarmenn, sjómenn, smábændur í sveitum, lausafólk og vinnufólk; þá þeir, er annað starfa, en hafa álíka mikið upp úr vinnu sinni, t. d. skrifarar og verzlunarþjónar.
5. Sé efnalaus eða efnalítill; í Danmörku er mönnum ekki leyft að vera í lögskráðum sjúkrasamlögum, ef eigur þeirra nema 5000 kr., eða þaðan af meiru.

Réttindi félagsmanna mega ekki koma í gildi fyr en eftir nokkurn tíma, t. d. 6 vikum eftir að þeir eru komnir í samlagið. Annars fer svo, að mjög margir hlaupa til og ganga í samlagið í byrjun veikinda, eða þegar von

er á einhverri farsótt, og getur þess konar áhlaup riðið samlaginu að fullu, og ávalt verða útgjöld samlaga miklu hærri; ef þau veita full félagsréttindi tafarlaust.

Það er talið sjálfsagt, að hvert sjúkrasamlag veiti þau hlunnindi, er nú skal greina:

1. Læknishjálp; Það er þá algeng venja, að hvert samlag gerir samning við einn lækni um ákveðna ársþóknun fyrir hvern félagsmann. Stór samlög ráða 2 lækna eða fleiri. Ef hjón eru bæði í samlagi, fá börn þeirra, sem hjá þeim eru og yngri eru en 15 ára, líka ókeypis læknishjálp; ef annað hjóna er í samlagi, en hitt ekki, verður það að greiða samlaginu sérstakt gjald fyrir börnin.

Börnin fá þá líka lyf og sjúkrahúsvist, ef með þarf, á samlagsins kostnað. Um læknisþóknun er það að segja, að hún er venjulega helmingi hærri fyrir fjölskyldu (foreldra og börn) en fyrir einhleypan mann. Mjög mörg dönsk sjúkrasamlög borga 3 kr. á ári fyrir hvern einhleyping, en 6 kr. fyrir hverja fjölskyldu; þar við bætist ferðakostnaður lækna í sveitum (sendimaður, vagn, hestar eða sjóvegsflutningur).

2. Lyf; þó borgar samlagið ekki önnur lyf en þau, sem lækni samlagsins telur sjúkum félagsmönnum nauðsynleg.

3. Sjúkrahúsvist; ef lækni samlagsins telur nauðsynlegt að sjúkum félagsmanni, eða barni hans, sé komið í sjúkrahús, þá annast samlagið það og greiðir legukostnað sjúklingsins; það er þá jafnan venja, að öll sjúkrahús, sem rekin eru á almennings kostnað, veita sjúkrasamlögunum talsverða ívilnun.

4. Dagpeningar; margir eru svo fátækir, að þeir komast ekki af, ef þeir falla frá vinnu vikum saman. Þess vegna koma sjúkrasamlög því að eins að fullu liði, að dagpeningar sé ein grein tryggingarinnar. Eftir þýzkum lögum mega dagpeningar eigi nema minnu en $\frac{1}{2}$ af venjulegum dagtekjum þess, sem sjúkur er. Eftir dönskum lögum mega þeir ekki vera minni en 40 aurar á dag

handa karlmanni 18 ára eða eldri, en mega vera minni handa unglíngum 15—18. ára og kvenmönnum, og verður árstíllag þeirra þá þeim mun lægra. Mennt geta trygt sér misháa dagpeninga; fer þá hæð árstíllagsins eftir því. Það er talið rétt, að vinnuhjú tryggi sér ekki dagpeninga öðruvísi en svo, að þau verði þeirra þá fyrst aðnjótandi, ef sjúkdómurinn heilt lengur en nemi þeim tíma, sem húsbóndi er skyldur að greiða þeim kaup. Þá er það alstaðar venja, að sjúkrasamlög greiða því að eins dagpeninga, ef félagsmaður er frá verki vegna sjúkdómsins, og það lengur en nemi 3 dögum. Er þá jafnan farið eftir úrskurði læknis. Nú verður félagsmaður heilsulaus og ófær til vinnu misserum saman, og má þá ekki heimta af sjúkrasamlaginu, að það standi straum af honum, greiði honum stöðugt dagpeninga eða borgi legukostnað, ef hann er í sjúkrahúsi. Einhverstaðar verða takmörkin að vera, og þau verður að setja ljósum orðum í lög hvers samlags. Eftir dönskum lögum verður hvert lögskráð samlag að heita félagsmönnum dagpeningum upp í 13 vikur á hverjum 12 mánaða fresti, en þá er maðurinn talinn úr samlaginu, ef hann hefir notið dagpeninga eða sjúkrahúsvistar 60 vikur í röð, eða 60 vikur samtals á þriggja ára fresti.

Auk þessara 4 sjálfsögðu hlunninda veita mörg erlend sjúkrasamlög tvent í viðbót, en það er einhver ákveðinn styrkur handa hverri félagskonu, sem elur barn, og útfararkostnaður, hvenær sem einhver félagi deyr.

Barnsfarargjaldinu úr samlagssjóði er þannig háttað, að hver sængurkona fær tiltekið fé, t. d. 10 kr. (mörg dönsk sjúkrasamlög¹⁾, eða þá dagpeninga, tiltekinn tíma, t. d. 6 vikur (ýms þýzk samlög).

Útfararkostnað greiða mörg erlend samlög, en misháan, sum meira og sum minna, venjulega 50—100 kr. Þeim kostnaði er jafnað á félagsmenn með ýmsum hætti. Sum samlög hafa í lögum sínum ákvæði um tiltekið ársjald frá hverjum félagsmanni í þessar þarfir. Önnur hafa

¹⁾ Ýms af þeim láta 20 kr. fyrir tvíbura og 30 kr. fyrir þrjúbura.

það svo, að þegar einhver deyr, er heimtað aukatillag af hverjum félagsmanni, t. d. 1 kr., í útfararkostnað.

Því má aldrei gleyma, að sjúkrasamlög eru trygg-
ingarfélög, ekki styrktarfélög. Styrktarsjóðum, t. d. al-
þýðustyrktarsjóðnum hér á landi, er þannig háttað, að
allir gjalda jafnt, en hafa þó ekki sama rétt til hlunninda,
því að þeir einir njóta góðs af sjóðnum, sem allra erfð-
ast eiga, og verða að sækja um styrk og eiga undir
náð annara hvað þeir fá. Þessir styrktarsjóðir eru ekki
annað en ný útgáfa af fátækra sjóðunum (sveitasjóðum) og
litlu vinsælli. Alt öðru máli er að gegna um sjúkrasam-
lög; þau eru á borð við lífsábyrgðarfélögin, brunabótasjóði
o. s. frv. Allir eru jafn rétt háir; menn greiða tiltekið
iðgjald á ári hverju og öðlast þar í móti tilkall til ýmsra
hlunninda, ef veikindi ber að höndum, þurfa ekki að sækja
um þessi hlunnindi, eiga heimtingu á þeim, rétt á
þeim, og allir sama rétt án nokkurs tillits til efnahags.

Um sjúkrasamlög Í upphafi þessa máls var gerð grein
hér á landi, hvernig fyrir því, að veikindi eru versta hætt-
þeim skuli háttað. an hér á landi, eins og annarstaðar,
fyrir efnahag og sjálfstæði alþýðu-
manna. Allur þorri alþýðumanna stenztt ekki veikindi
ef nokkru nema, og allra sízt ef þeir þurfa í sjúkra-
hús; verða þá hjálparþurfar, og neyðast til að flýja á nádir
hreppsnefndanna.

Þörfin á sjúkrasamlögum er því öll hin sama og í
öðrum löndum.

Eg hefi oft átt tal um sjúkrasamlög við menn af ýms-
um stéttum. Þeir hafa flestir talið ókleift að koma á
fót sjúkrasamlögum hér á landi; þeir hafa játað þörfina,
en þeir hafa sagt að alþýðu manna sé það um megn vegna
fátæktar, og þeir hafa sagt að útgjöldin séu orðin svo
mörg, að menn geti ekki bætt við sig nýjum útgjöldum.
Þetta heyri eg úr öllum áttum, og mér koma þá jafnan í
hug orð eins kennara míns við pilt, sem svaraði honum

skakt: »Það er öldungis rétt,« sagði kennarinn, »eða með öðrum orðum hringlandi vitlaust.«

Það er öldungis rétt, að alþýða manna á við fátækt að búa, en einmitt þess vegna hefir hún ekki efni á að vera ekki í sjúkrasamlögum. Fátæklingarnir þurfa um fram alt að vera í sjúkrasamlögum, og það því fremur, sem þeir eru fátækari. Því fer fjarri, að alþýðumenn séu fátækari hér en í öðrum löndum; ársarður verkamanna í kaupstöðum og sjómanna er meiri hér en víða annarstaðar, þar sem sjúkrasamlög eru komin á fót í hverri sveit. Og það er víst, að allur þorri sveitabænda hér á landi lifir við meiri efni en t. d. fullur helmingur af bændum í Danmörku; það eru hjáleigubændurnir dönsku (Husmænd); þeir búa á smáskikum, þetta 5 dagsláttum, ef vel lætur, eiga eina kú eða tvær, nokkur hæns, eitt eða tvö svin — það er allur bústofninn. Þessir dönsku smábændur eru nú allflestir komnir í sjúkrasamlög.

Það er öldungis rétt, að alþýða manna hér á landi má illa við nýjum álögum eða útgjöldum. En það er hringlandi vitlaust, að segja um sjúkrasamlög að þau mundu baka alþýðu manna ný útgjöld. Gæti nú hver í sína sveit. Tökum t. d. heila sýslu í huga; okkur mun þá öllum koma saman um það, að á hverju ári verða sýslubúar fyrir mjög miklum veikindakostnaði, miklum útgjöldum fyrir læknishjálp og sendiferðir eftir lækni, fyrir líf og fyrir legukostnað þeirra, sem senda verður í sjúkrahús; og þar við bætist svo alt vinnutjónið, sem af veikindunum hlýzt. En þessi útgjöld koma ekki jafnt niður á alla sýslubúa á hverju ári; sumir sleppa alveg, en aðrir verða hart úti, og margir þeirra standast ekki þennan kostnað, fara á sveitina. En hver maður á veikindin yfir höfði sér, ef ekki í ár, þá að ári, einhvern tíma fyrr eða síðar, og ef hann er fátækur, þá vofir jafnan sú hætta yfir honum, að sjúkdómar komi honum á sveitina. Nú skulum við hugsa okkur að alt fólk í einni sýslu ætti heilsu sína tryggða í sjúkrasamlögum. Ekki yrðu veikindin meiri fyrir því, og ekki yrði veikinda-

kostnaður sýslubúa meiri en áður; en þá kæmi hann ekki niður á einstökum mönnum í senn, þeim um megn, því að þá yrði þessi kostnaður greiddur úr sjóðum sjúkrasamlaganna. Og árstíllög sýslubúa í þessa sjóði mundu alls ekki nema meiru en veikindaútgjöld þeirra nú; samlagsgjöldin yrðu einmitt í hverju héraði miðuð við þann veikindakostnað, sem héraðsbúar verða nú fyrir að samtöldu á hverju ári. Hér er því alls eigi að ræða um ný útgjöld, nýjar álögur, heldur það eitt, að héraðsbúar gangi fylktu liði gegn hættulegum sjálfstæðisóvin þeirra allra, sjúkdómunum, með vísa. sigur fyrir höndum, í stað þess að nú mætir hver þessum óvin einn síns liðs og fer þess vegna halloka.

Nú er þá að ihuga hversu mikill þessi kostnaður er hér á landi, eða, með öðrum orðum, hversu há árstíllög manna þyrftu að vera, ef sjúkrasamlög kæmust hér á fót; verður að athuga væntanleg útgjöld sjúkrasamlaganna lið fyrir lið, læknishjálp, lyf, sjúkrahúskostnað og dagpeninga handa sjúkum samlagsmönnum.

Læknishjálp er erlend sjúkrasamlög vön að afla sér á þann hátt, að hvert samlag gerir samning við einn lækni um ákveðna ársþóknun fyrir hvern félagsmann. Í Danmörku er alsíða, að samlög greiða lækni 3 krónur fyrir hvern einhleypan mann og 6 krónur fyrir hverja fjölskyldu (foreldra og börn) á ári, en læknir er þó ekki skyldur að draga út tennur, svæfa eða inna af hendi lækniadgerðir, sem mikið kveður að, t. d. stóra holdskurði, nema þá fyrir sérstaka borgun. Þar er og alsíða að læknar vísa sjúklingum í sjúkrahús, ef um alvarlegan sjúkdóm er að ræða, eða erfiðan viðureignar, en þeim mun minni verður fyrirhöfn læknisins. Þá er þess að gæta, að með læknikostnaði í sveitum er talinn sá kostnaður að sækja lækinn. Alt í alt verður því læknikostnaður í Danmörku meiri en 3 kr. á hvern félagsmann á ári. Árið 1907 var læknikostnaður á hvern félagsmann í samlögunum í Kaupmannahöfn til uppjafnaðar 3 kr. 55 aur., í samlögum annara danskra bæja 4 kr. 28 aur., í sveita-

samlögum á eyldunum 3 kr. 86 aur., í sveitasamlögum á Jótlandi 4 kr. 37 aur. Hér á landi er, utan Reykjavíkur, ekki öðrum læknum til að dreifa, en héraðslæknum. Þeir fá laun verka sinna eftir lögboðinni gjaldskrá (Gjaldskrá fyrir héraðslækna 14. febr. 1908) og tímaborgun eftir 5. gr. læknskípunarlaganna 16. nóv. 1907. Hvorutveggja gjöldin eru afarlæg, miklu lægri en tíðkast í öðrum löndum. Sjúkrasamlög hér á landi mundu því gera réttast í að halda sér við þessi lög í byrjun, gera engan samning við héraðslækni sinn, en borga honum eftir reikningi samkvæmt gjaldskránni og læknskípunarlögnum; en sjálfsgagt er þó hyggilegast, þegar fram í sækir og reynsla er fengin, að komast að samningi við lækni um tiltekna ársþóknun; það er mikill hæðarauki fyrir samlagið og lækinn og útgjöld samlagsins verða jafnari, borgun til læknis söm, þótt mikil veikindi gangi. Mér er það kunnugt um tekjur sveitalækna, að eg þykist mega fullyrða, að það sem þeir fá árlega fyrir verk sín og í ferðapeninga nemur ekki $\frac{1}{2}$ krónu á hvern fullorðinn héraðsbúa (eldri en 15 ára). Öðru máli er að gegna um kauptún og kaupstaði þar sem læknar búa; þeir, sem eiga stutt til læknis, leita hans miklu oft. Hins vegar er mjög erfitt að meta í sveitum þannu kostnað, að »sækja lækni«, enda mjög mikill munur á þeim kostnaði, eftir því, hve langt er og erfitt að ná til hans. Nú vilja menn stofna sjúkrasamlag í sveit og nái það yfir einn hrepp, þá er rétt að hreppsþúar hittist allir að máli og athugi, hve mikil útgjöld þeirra hafa verið að samantöldu undanfarin ár fyrir læknishjálp og fyrir að vitja læknis. Þá vita þeir, hve mikill þessi kostnaður muni verða á hvern félagsmann, ef sjúkrasamlag kemst á fót. Sömu aðferð geta menn notað í kauptúnum og sjóþorpum. Það ætti að sjálfsgöðu að vera í lögum allra sveitasamlaga, að hver húsráðandi skuli sækja lækni og lyf handa öllum samlagsmönnum á heimili sínu, samlaginu að kostnaðarlausu, ef hann hefir hesta og mann til ferðarinnar, eða skip, en geti hann ekki vitjað læknis sér að útlátalaus,

þá verður útlátaskyldan að hvíla á samlaginu. Strjálbygðin er mikið mein að þessu leyti, en við getum — til bráðabirgða — áætlað að útgjöld samlaga hér fyrir lækni-
ishjálp og fyrir að vitja lækni og lyfja verði 3 krónur á hvern félagsmann. Þessi útgjöld eru þó efalaust nú víðast hér á landi miklu minni, en þessu nemi; það mun hver sveit sanna, ef menn bera sig saman. Mjög mörg sveitasamlög, þau er ekki eiga langt til lækni, mundu komast af með $1\frac{1}{2}$ —2 kr. á mann.

Lyf. Í dönskum samlögum er sá kostnaður til uppjafnaðar $2\frac{1}{2}$ króna á hvern félagsmann á ári, 1906 t. d. 2 kr. 45 aurar og 1907 2 kr. 61 eyr. Hér á landi eru lyf að vísu lítið eitt dýrari, og þau lyf, sem áfengi er í, talsvert miklu dýrari vegna tollhækkunar á áfengi; en Danir eru miklu meiri meðalahítir en Íslendingar, og mun því vel í lagt, að ætla $2\frac{1}{2}$ krónu á mann í kaupstöðum fyrir lyf; til sveita mundi þessi kostnaður vafalaust ekki nema meiru en $1\frac{1}{2}$ —2 kr. á mann.

Sjúkrahús. Í öðrum löndum eru sjúkrahús til í hverjum bæ og hverju héraði og kostuð af almanna fé og þeim lagt svo mikið úr sveitasjóðum, amtssjóðum, eða rikissjóði, að alþýðumenn fá vist í þeim fyrir krónu meðgjöf á dag, og þar alt í talið, fæði og hjúkrun, lækni-
hjálp, lyf og umbúðir. Sumstaðar er meðgjöfin enn lægri (t. d. 85 aurar á dag), en stundum líka nokkru hærri (t. d. 1 kr. 25 aur.). Hér á landi eru sjúkrahúsin fá og alt sparað við þau af hálfu sýslusjóða og landssjóðs; sjúklingarnir verða því miklu harðara úti, og mun láta sem næst, að allur kostnaður sjúklinga, sem þeir sjálfir verða að greiða, nemi til uppjafnaðar 2 kr á dag. Af því að sjúkrahúsin eru fá og legukostnaður hár og landið strjálbyggt, þá fara miklu færri sjúklingar í sjúkrahús hér en í öðrum löndum, miðað við fólksfjölda; hér fara menn ekki í sjúkrahús nema brýna nauðsyn beri til. Það mundi lengi haldast, þó að sjúkrasamlög kæmst á fót, og þess vegna mundi sjúkrahúskostnaður íslenskra sjúkrasamlaga ekki ná því, sem tíðkast í útlendum samlögum, en þar er þessi

kostnaður um 1 kr. á hvern félagsmann á ári; í dönskum bæjum (öðrum en Kaupmannahöfn) var hann t. d. árið 1907 1 kr. 35 aur., en ekki nema 58 aurar á mann í sveitasamlögum eylandanna dönsku, og fyrir tíu árum einir 30 aurar. Hér á landi mundi þessi kostnaður sjúkrasamlaga að svo komnu vafalaust ekki fara fram úr 50 aur. á mann.

Dagpeningar. Sjúkrasamlag er ekki í réttu lagi, nema félagsmönnum sé trygðir dagpeningar, ef þeir fatlast frá vinnu vegna veikinda. Þörfin á þessari tryggingu er mjög misjöfn, meiri í kaupstöðum en til sveita, yfirleitt meiri fyrir þurrabúðarmenn en bændur, minni fyrir einhleyp fólk en þá sem eiga fyrir öðrum að sjá. Á því bezt við að árgjald allra félagsmanna sé miðað við lága dagpeninga, t. d. 40 eða 50 aura, en hverjum félagsmanni frjálst að tryggja sér hærri dagpeninga gegn hærri gjaldi, en þó svo, að dagpeningarnir nemi eigi meiru en $\frac{2}{3}$ af venjulegum dagtekjum hans, til þess að enginn hliðri sér frá vinnu í því skyni, að ná í dagpeningana. Það er alsiða að greiða enga dagpeninga, ef sjúkdómur veldur ekki verkfalli lengur en 3 daga. Sum samlög greiða ekki dagpeninga, ef sjúkdómur stendur skemur en viku. En haldist veikindin, á félagsmaður að fá dagpeninga frá upphafsdegi verkfallsins, eða frá þeim degi, er hann tilkynnir stjórn samlagsins veikindi sín. Það er nú afar áriðandi fyrir þá, sem vilja koma á fót sjúkrasamlagi, að vita fyrirfram, hversu mörgum veikindadögum gera þarf ráð fyrir á hvern samlagsmann árlega. Heilsufar manna er líkt hér og í Danmörku. Þar koma hér um bil 5 veikindadagar á hvern karlmann og $4\frac{1}{2}$ á hvern kvenmann á ári, samkvæmt skýrslum sjúkrasamlaganna. Því lík mundi reyndin verða hér á landi. Er þá auðveld áætlanin um þennan kostnað. Hugsum okkur 100 manna samlag og til uppjafnaðar 5 veikindadaga árlega á hvern mann — 1—3 daga veikindi ekki talin — þá verður samlagið að greiða dagpeninga fyrir $5 \times 100 = 500$ daga á ári. Gerum að dagpeningar séu 50

aurar, þá verður þessi útgjaldaliður samlagsins $500 \times 0,50 = 250$ kr. á ári, eða 2 kr. 50 aur. á hvern félagsmann.

Útgjöld sjúkrasamlaga hér á landi mundu mjög víða verða á þessa leið:

Fyrir lækniverk	}	3	kr.	árl.	á hvern	félagsm.
— að sækja lækni og lyf						
— lyf						
— sjúkrahúsvist						
Dagpeningar						
Stjórnarkostnaður						
		Samtals	$6\frac{3}{4}$	kr.		

Sumstaðar mundu útgjöldin verða meiri, t. d. fyrir læknishjálp og lyf og sjúkrahúsvist í kaupstöðum, þar sem alt þetta er ávalt við hendina og því miklu oftar notað; en sumstaðar til sveita mundu þau vafalaust verða minni en hér er ráðgert.

Þá eru tekjurnar. Alþingi ætti að veita styrk úr landssjóði, segjum 2 kr. á hvern samlagsmann. Samlögin hljóta að koma smátt og smátt hér eins og annarstaðar og þessi útgjöld landssjóðs mundu ekki verða mikil fyrstu árin, líklega 1—5 þúsund krónur, en smáhækka eftir því sem samlögunum fjölgaði, og þó litlar líkur til, að þau komist upp í 20 þús. kr. fyr en að 20 árum liðnum. Þá ætti engu síður að miðla samlögunum ársstyrk úr sveitasjóðum, því að þau mundu léttu af sveitaþyngslunum að geysimiklum mun; ein króna á ári úr sveitasjóði á hvern samlagsmann er smáræði á við þann létti, sem samlögunum mundi fylgja. Ef samlögin fá 3 kr. styrk á hvern félagsmann, þá munu árstíllög þeirra ekki þurfa að nema meiru en 3—5 kr. Sjúkrasamlög reyna líka jafnan að auka sjóð sinn á ýmsan hátt, safna gjöfum, halda hlutaveltur, afla sér hlutlausra félaga, en það eru efnamenn, sem greiða árstíllag, en eru ekki hlutgengir, eiga ekki tilkall til styrks úr sjóðnum. Í allflestum sveitasamlögunum dönsku er árstíllag félagsmanna 3—5 krónur. Í mörgum bæjasamlögum er árstíllagið hærra, alt upp í 14 kr., en þau samlög greiða miklu meiri dagpeninga.

Þegar menn ganga á jökla hafa þeir taug í milli sín; hún er þeim ekki byrðarauki, en ef einhver þeirra dettur eða hrapar, þá taka hinir í taugina og kippa honum úr hættunni.

Sjúkrasamlög íþyngja ekki alþýðu manna, þau auka ekki veikindakostnað þjóðarinnar, en þau eru bjargtaug milli manna; ef einhver verður fyrir sjúkdómsáfalli, þá kippa hinir honum úr kostnaðarhættunni, úr sjálfstæðisvoðanum. —

Sá verður þræll þjóðfélagsins, sem á sveitina fer; hann er sviftur frelsi sínu, ýms dýrmæt réttindi eru tekin af honum, t. d. kosningarétturinn. Sjúkdómar eru algengasta orsökkin til þess, að menn lenda í slíkum þrældómi. Sjúkrasamlög verða dýrmæt vernd gegn þeirri þrældómshættu.

Vinnukona í sveit getur losað 3 kr. af kaupinu sínu til að gjalda í sjúkrasamlag, en fái hún lungnatæringu og þurfi að fara í heilsuhæli og vera þar 1—2 misseri, þá verður hún um leið að fara á sveitina — ef hún er ekki í sjúkrasamlagi. Kotbóndi getur greitt lambsverð á ári í sjúkrasamlag fyrir sig, konu og börn, en fái hann hnémein og verði að liggja 10—12 mánuði í sjúkrahúsi og kosta til 5—6 hundruð krónum, það getur hann ekki, þá fer hann á sveitina — ef hann er ekki í sjúkrasamlagi.

Því er það, að fátæklingar í öðrum löndum klífa þrítugann hamarinn til þess að komast í sjúkrasamlag og standa í skilum við það.

Er minni sómatilfinning í fátæklingunum hér á landi? Af og frá.

En íslenska alþýðu hefir skort þekkingu á þessari miklu og merku veraldarnýung.

Mér vitanlega er ekki til nema eitt sjúkrasamlag hér á landi, er líkist erlendum sjúkrasamlögum; það er »Sjúkrasamlag prentara í Reykjavík«. Það var stofnað árið 1897, er átrúnaðargoð prentarastéttarinnar og hefir líka dafnað ár frá ári. Í árslok 1908 voru samlagsmenn 22 og áttu í sjóði 4073 kr. og 4 aura. Það er mikill sómi fyrir þá stétt.

Lög þessa samlags eru þó ekki til eftirbreytni; þau eru ekki að öllu leyti í samræmi við þær kenningar um sjúkrasamlög, sem nú eru taldar réttastar, og lýst hefir verið í þessari ritgerð.

Það er mjög mikill vandi að semja góð lög handa sjúkrasamlögum. Menn geta ekki hér á landi farið að öllu leyti eftir því, sem tíðkast í öðrum löndum; í hverju landi verða sjúkrasamlög að semja sig að landsháttum og landslögum. Það má til að hafa hliðsjón af fátækralög-gjöfinni, vinnuhjálögum, farmannalögum, sóttvarnarlög-um o. s. frv.

Fari nú svo, að einhverjir vilji koma á fót sjúkra-samlagi í nútíðarsniði, og verði þeim ráða skortur, þá mega þeir snúa sér að Oddfellowfélaginu í Reykjavík. Það félag hefir, eins og menn vita, komið mörgu góðu til leiðar. Og nú að undanfögnu hefir það haft þetta málefni í huga og afráðið, að láta sér ant um, að sjúkrasamlög séu sett á stofn. Í Oddfellowfélaginu eru góðir menn af öllum stéttum, lögfræðingar og læknar, bændur og sjómenn, iðn-aðarmenn, verzlunarmenn o. s. frv., og munu leiðbeining-ar þess reynast mjög mikils verðar fyrir alla þá, sem fara að hugsa um sjúkrasamlög. Eg hefi verið í þessu félagi frá því er það komst hér á fót (1. ág. 1897) og er yfir-maður Oddfellowfélagsskaparins hér á landi og hefir mér hlotnast að ríða á vaðið — með þessa ritgerð; formaður Oddfellowdeildarinnar í Reykjavík — hún heitir »Ingólfur« — er nú Klemens Jónsson landritari, en ritari Jón Þórar-insson fræðslumálastjóri; má senda einhverjum okkar þriggja hvers konar fyrirspurnir um sjúkrasamlög og skulu þær verða ihugaðar og þeim svarað svo fljótt sem unt er.

Berið hver annars byrðar. Góðgerðasemi er fögur dygð; það hefir jafnan verið einróma álit allra þjóða. En tryggingarfélögin nú á dögum bera langt af góðgerðaseminni; þau auka og glæða enn betur bræðra-þel mannanna; þau hlýða æðsta lögmáli mannfélagsfræð-innar, að sá er þjóð þarfastur, sem þarfastur er sjálfum

sér; þau lúta fegursta boðorði allra helztu trúbragða heimsins, því boðorði, er skipar öllum mönnum að hjálpa hver öðrum. Berið hver annars byrðar — segir Páll postuli — og uppfyllið þannig lögmál Krists.

15. maí 1909.

G. BJÖRNSSON.

Síðustu minningarnar.

Undir sólaruppkomuna hafði gjört þéttan og vatns-
mikinn skúr af suðri. En svo lýsti hann undir kápuna,
hyssaði henni upp og gekk hana út af sér, svo að nú
skein sólin í hlýju og kyrru heiði yfir dalinn og fjalls-
hliðarnar, er luktu að honum, roðaði og gylti skýbólstrana,
sem á við og dreif sátu enn eftir uppi yfir fjallabrúnun-
um, og jaðra þykkisbakkans, sem óðum var að ganga
niður í norðrinu. — —

Nyrzt og vestast í kirkjugarðinum á Strönd, vinstra
megin við sáluhliðið, er inn er gengið, eru fjórir menn
að taka gróf. Tveir þeirra eru uppi, að moka moldinni,
er upp kemur, í bing, en hinir tveir eru niðri. Eru þeir
hvortveggi unglegir menn; annar á að gizka um tvítugt.
Hann er í léttri dúktreyju, og losar mold og kastar upp;
en hinn er fimm eða sex árum eldri. Hann er snögg-
klæddur og krýpur niðri í gröfnni og er í óða önn að
skorða og koma fyrir kistubroti framan við beinahrúgu,
er þeir hafa varpað í skot, sem gjört hefir verið útundir
grafarbakann. Þegar hann þykist hafa komið því í þær
stellingar, er hann vill vera láta, lítur hann um öxl sér
og segir:

— Hana nú, Gísli minn! Að þessum frágangi vona
eg þó að hvorki þú né aðrir hafi neitt að finna. Sjáðu!
Búinn að þilja alt í hólf og gólf og það bæði fallega og
sterklega, eftir atvikum. En hvað er nú? Á hverjum
— — ertu nú strandaður?

— Það er svo lítill kistustokkur, sem við urðum ekki

varir við áðan, því að hann var ögn neðar, segir Gísli heldur þurlega.

— Ja, hver — —! mikið — —! En það er ekki um það að fást, segir hinn snöggklæddi. Svo stendur hann á fætur og stingur rekunni niður með höfuðgaffinum.

— Svona, Gísli minn, stiktu svo þinni reku niður með hinum gaffinum. Ætli það geti ekki verið, að hún þoli það, að við tökum hana svona upp á milli okkar á rekunum.

— Nei, ekki á eg von á því, segir Gísli og er heldur stuttur í spuna; stingur þó rekunni niður með kistunni.

Þá er þeir ætla, að þeir hafi náð niður fyrir kistugafflana, tóku þeir með mestu hægð og varasemi að vega kistuna upp. En er þeir höfðu nokkurn veginn komið henni upp á grafargólfíð, þá hrundi hún sundur og saman. Örsmáar kjúkur, ofurlitlir liðir, leggir og rifbein komu í ljós, og auk þess nokkurir næfurþunnir og veigalitlir hauskúpuhlutar. Beinir rugluðust og rótuðust saman hvert innan um annað. Hrökluduðust sum niður í holuna aftur, en sum upp á grafargólfíð.

Gísli rétti sig upp, stakk rekunni lauslega niður með annari hendinni, hallaði sér á aðra öxlina upp að grafarveggnum og virti fyrir sér beinin. Áhuginn og ákafinn var nú farinn að skína út úr snöggklædda manningnum, þótt hann í fyrstunni yrði dálítið vandræðalegur á svipinn og klóraði sér í höfðinu. Gísli segir við hann:

-- Einhvern tíma hefir nú líklega verið grátíð yfir þessum beinum.

Snöggklæddi maðurinn tekur rekuna tveim höndum og segir:

— Mjög líklegt, Gísli góður, nærri sjálfsagt. En hvað er um það að tala? Burt með þau! Upp með þau! Áfram með þau? Upp undir bakkann! Inn undir grafar-bakkann!

Og svo mokuðu þeir beininum, ásamt mold og kistubrotum, inn í skotið, sem áður er getið um.

Að því loknu grafa þeir gröfina lítið eitt dýpri; og er þeir hafa varpað moldinni að mestu upp, vegur snöggklæddi maðurinn sig upp úr gröfinni, skimar sig um, lítur suður fyrir túnið, segir svo við þá, sem fyrir voru:

— Nú ætla klárar okkar að taka á rás suður á dal. Langbezt, bræður, að taka þá strax, láta húsið geyma þá, svo einn okkar eða fleiri þurfi ekki alt af að vera á þön-um við þá. Búnir að rífa nóg af grasi í kviðinn á sér«.

Hinir féllust fljótlega á þetta og skunduðu suður túnið.

Þá kemur maður innan úr bænum og út á hlaðið. Hann signir sig, þegar hann kemur út á varinhelluna, styður niður priki, setur hönd fyrir augu, skimar til veðurs og yfir sveitina. Honum verður lítið til kirkjugarðsins, og er hann sér mennina þar, þá heldur hann fram á hlaðið í áttina til þeirra, fer höktandi og styðst við prikið. Má sjá, að honum er áhugamál að hraða sér, en þarf þó að fara varlega, því að bæði eru rigningarpollar á hlaðinu, er sneiða þarf hjá, og svo verður að ætla fótunum af, sem auðsælega eru bæði stírðir og þróttlitlir. Maðurinn virðist vera mjög aldurniginn og er hár hans og skegg fannhvitt.

— Guð gefi ykkur góðan daginn, piltar mínir, segir karlinn um leið og hann stumrar inn úr sáluhliðinu. Nú hafið þið tekið af ykkur rekkjuvöðina dálítið á undan Jóni gamla. Búnir að taka gröfina! og hafið tekið hana, — tekið hana hérna!

— Já, búnir erum við að því, og þurftum þess líka, því að bráðum fer að verða von á líkfyldg og líki. Þetta er nú heldur ekki svo mikið verk fyrir fjóra unga menn, röskva og hressa í huga: liðugar þrjár álnir á lengd og tæpar tvær á breidd, og, eins og sér, dýptin hæð hans Gísla þarna. Jarðvegurinn eins og smjör. En settu þig nú niður, Jón minn, og hvíldu þín gömul og lúin bein.

Þetta lét Jón gamli sér að kenningu verða, settist niður á leiði eitt þar hjá, tók ofan, virti fyrir sér moldarbinginn, nuddaði augun ofurlítið, virti hann svo aftur

fyrir sér; tekur svo til orða og snýr máli sínu að manni þeim hinum snöggklædda, er við hann hafði talað:

— Ó já, Björn minn, ekki ætti eg nú að vera orðinn lúinn af dagsverkinu, sem eg hefi unnið í dag; en eg er nú tekinn að gjörast gamall og rúmlatur og — —

— Já, Jón minn, orðinn gamall og rúmlatur, og það sem verra er, eða þá betra, — annaðhvort, ríst nú bráðum hvorki fyr né seinna úr rekkju, eins og við allir, segir Björn og var þá kropinn á kné milli leiða þar rétt hjá, rakti þar í sundur vaðmálstreyju, tók innan úr henni flösku og rétti Jóni gamla.

— Þetta gjörir þér að minsta kosti ekkert ilt, karl-inn minn. — Já, orðinn gamall og grár. En — »Við skulum ekki víla hót«.

— Raunar get eg nú ekki neitað því, að eg hefi haft gaman af að dreypa í dropann um dagana, og svo er enn, segir Jón gamli og saup á, og guðlaun fyrir, Björn góður. Þó hefi eg aldrei verið talinn svæsinn drykkjumaður. En hefði eg risið fyr úr rekkju í morgun og verið kominn á fætur fyr en þið byrjuðuð, þá hefði eg fengið ykkur til að taka gröfina annarstaðar en hérna.

— Hvað er að heyra til þín, Jón minn! Hér var gott að grafa. Okkur mátti heita ganga vel.

— Það getur nú verið, en þið hafði hlotið að koma hér ofan á kistu og róta því til, sem eg vildi að hefði haft frið, meðan eg náði til.

— Rótuðum svo sem ekkert, Jón minn, neinu. Þú mátt óhætt vera rólegur þess vegna og bera þig að vera glaður. Bezt að súpa á aftur, Jón gamli, sagði Björn og fekk karli aftur flöskuna; og er hann hafði sopið á henni, tók hann aftur við henni, saup á, hallaði sér að Jóni gamla og sagði í lægra rómi um leið og hann þrýsti tapanum í:

— Jú, eg skal ekki neita því, að við komum ofan á kistu, auk stokksins. Við hugsuðum okkur fyrst að færa hana til, en þá datt hún öll í — — við sáum nefnilega þá, að hún þoldi það ekki. Var það nokkur ættingi eða

venzlamaður þinn, Jón minn? Sjálfsagt orðið fjarska langt síðan hún var grafín.

— Ójá, víst er það nokkuð langt síðan. Þá var eg tíu ára gamall, en nú er eg hálf-niræður. Nei, ekki var hún neitt skyld mér. Það var kona hérna í sókninni, sem eg veit ekki hvort þú kannast nokkuð við, orðin hálf-átræð, og södd lífdaga þegar hún dó. Mér var ofurlítið kunnugt um æfiferil hennar undir hið síðasta, vissi að hún gekk þreytt til hvíldar og — —

— Já, en, Jón minn, sjötíu og fimm ár! hugsaðu um það! Er það ekki blessaður tími svona í einu? Við færðum hana heldur ekki nema svo sem um eina alin; komum því öllu fyrir í röð og reglu hérna út undir grafarbakkanum.

Svo klappaði hann litillega á herðarnar á Jóni gamla, sem nú sat með aftur augun og höfuðið hálfsigið ofan á bringuna, vippaði sér á hnjúnum svo lítið til á milli leiðanna, þangað sem treyjan hans lá, stakk flöskunni, sem nú var orðin tóm, undir hana, en tók upp aftur háflösku, sem hann lét koma í vasa sinn.

Jón gamli rumskaðist við, strauk hendinni um skallann, sem nú var orðinn brennheitur af sólarylnum, er einlægt var að aukast, og segir síðan og leit þó ekki upp:

— Gott og hlýtt er blessað veðrið, og kannske guð fari nú að gefa okkur góða tíð hér eftir og bærilega grasprettu, ef framhald verður á þessu.

— Já, efalaust, Jón minn, verður það; að minsta kosti hefði eg hagað því svo, ef eg hefði ráðið fyrir regni og skini sólar.

Jón gamli heyrði vist ekki; að minsta kosti gegndi hann engu. En Gisli gegndi, þar sem hann enn þá stóð niðri í gröfinni á litilli trétröppu og lagði hendurnar upp á grafarbakkan:

— Ekki hefi eg nú góða trú á því, Björn minn, að við breyttum um til batnaðar, þótt þú tækir við þeim störfum, sem þú nefndir.

— Jú, áreiðanlega máttu trúa því, Gísli góður; þá skyldi margur dagurinn verða þægilegur og notasæll.

— Það getur verið, að svo yrði innan um. En ekki kæmi mér það á óvart, þótt heldur óviðfeldnir hvellir kæmi svona við og við. Og þótt eg þekki þig nú lítið, þá er eg sannfærður um það, að ef þú kæmist í þá tá, þá yrðirðu óþolandi sóði og fantur og beinlínis þræll.

— Því talar þú svona, Gísli minn? Þú leggur nafn mitt við hégóma og verra en það. En farðu nú að hugsa um að komast upp úr gröfinni, segir Björn og rétti honum hönd sína. Tók Gísli í hana og kleif svo upp úr gröfinni, settist svo niður og batt skóþveng sinn. Björn sópaði mestu moldina af baki hans og herðum og segir um leið:

— Eg var farinn að halda, að þú ætlaðir að leggjast til hvíldar við hlið gömlu konunnar þarna niðri.

— Mér sýndist þú nú búa svo að henni áðan, að ekki væri hægt að tala um neina sérstaka hlið á henni hér eftir: rótaðir öllu til, mölvaðir alt og brauzt, sem fyrir varð, að nauðsynjalausu.

Jón gamli hrökk upp og horfði á þá á víxl stórum og opnum augum.

— Mölva og brjóta hvað?

— Ekkert, Jón minn, alls ekkert! Við Gísli minn sitjum hér meinlausir og gjörum ekkert af okkur, og hérna undir bakkanum eru bein gömlu konunnar efalaust öll með tölu, óg upp á það máttu öruggur dreypa í þetta, karlinn minn! Og svo rétti Björn honum hálfflöskuna.

Jón gamli gjörði sem fyrir hann var lagt; segir síðan um leið og hann skilaði flöskunni aftur:

— Þakka þér nú fyrir alt, Björn minn góður! Mér þykir vænt um að heyra, að þið hafið sem allra minst rótað þessum leifum. Hvíli þær í friði guðs og hjálpi hann okkur öllum saman! En að eg fari nú að hökta heim!

Svo reisti hann sig á fætur og veitti all-erfitt, tók

prikið í hönd sér, stildraði vestur fyrir gröfina og svo á nyrðri bakkann, studdist fram á prikið og horfði niður.

— Eg er nú orðinn svo sjóndapur; en þið hafið víst litlu eða engu rótað. Mér sýnist eg sjá í kistuhliðina þarna út undir.

— Þar hefir þú alveg rétt að mæla, Jón minn. En komdu nú sömu leið og farðu ekki suður fyrir binginn.

— Óhætt er mér það; eg fer mér gætilega, segir Jón gamli, mjakar sér svo áfram og söng með gamla laginu:

HO.

Umhugað er einum drotni
allra sinna barna lík;
í jörðu hér þótt holdið rotni,
huggun traust mig gleður slík. — —

— Jæja, Jón minn, gjörir ekkert til; eg skal þá lagfæra veginn fyrir þig, segir Björn, tekur sér reku í hönd og gengur suður fyrir binginu. Voru þar rif, liðir og leggjabrot nokkur. Hann færði moldina yfir þau og sléttaði svo með rekunni.

— Nú er eg búinn að gjöra alt greiðfært fyrir þig og komdu nú, gamli Jón minn!

Jón kemur stumrandi og syngur:

Hann vill ei týnist bein né brotni,
blessuð sé hans elskan rík!

— Fallega syngur þú nú, karlinn minn, eða að minsta kosti eftir því sem von er til af þér afgömlum, vitlausum, sjónlausum og heyrnarlausum. En viltu nú ekki bragða? segir Björn og rétti fram flöskuna.

Jón gamli hafði víst heyrt óglögt eða alls ekki heyrt annað af orðum Björns en niðurlagið, því að hann hristi höfuðið og svaraði:

— Ónei, Björn góður, má ekki meira; og þakka þér nú og ykkur fyrir öll þægilegheitin og verið þið nú í guðs friði!

Svo hökti hann út um hliðið við prik sitt og norður með garðinum. Björn lítur upp og til hans, þaðan, sem hann var á hnjúnum við treyjuna sína og segir:

— Hvað hét hún annars, kerlingin, sem þú varst að minnast á?

Jón gamli snerist við og hváði.

— Eg var að spyrja að, hvað hún hefði heitið, kerlingin, hún — — hún hérna uppi og niðri.

— Ó, það er ekki til neins; eg heyri það ekki.

— Svo sneri hann sér í áttina til bæjardyranna, nam staðar á varinhellunni, strauk niður hárið í vangnum, sem glóðvolgur sumarblærinn hafði flett upp, sneri sér við aftur, horfði ofan eftir túninu og eftir sólargeislastafnum, þar sem hann lá suðaustur dökkgrænt og döggvott engið, þaðan á ská yfir vatnið smágárað af morgunandvaranum, síðan enn yfir engjarnar hinu megin, unz fyrir hann tók af forsælu fjallshliðarinnar að austanverðu.

— Jú, það vona eg að guð gefi okkur nú gott og blessað grasár í sumar.

Að svo mæltu hvarf hann inn í bæinn.

JÓHANNES ÞORKELSSON.

Úr ferðasögu.

(Framhald).

IV.

Suður yfir Alpafjöll.

Innsbruck er í þjóðbraut til Ítalíu. Raunar liggur nú við, að hér komi fremur til hugar að nota orðið þjóðabraut, þar sem ræða er um veg til Ítalíu, landsins þar sem Róm stendur, borgin sem svo lengi var höfuðborg hins mentaða og afmentaða heims. Járnbraut liggur frá Innsbruck yfir Brennerskarð, hið mesta mannvirki, og var fullger 1867. Vanaleg vagnbraut liggur auðvitað líka um skarðið, frá fornu fari, en nú á þessum síðustu tímum notuð nokkuð á annan hátt en menn gerðu sér hugmynd um að verða mundi. Má nú oft sjá þar ljósleitar ríkismannabífreidar renna akbrautina í kapp við eimlestina á járnslóð sinni, akfæri nítjándu aldar og tuttugustu aldar, sem eiga nú samleið um stund, hvað lengi sem það verður.

Daginn sem eg fór suður yfir fjöllin var veður hið fegursta, álíka bjart yfir eins og á Íslandi á fögrum sumar-degi. En jafn heiðbjartan himin og hér getur verið, hefi eg annars hvergi séð nema á Grænlandi, inni við jökulinn mikla. Sögðu samferðamenn, sem farið höfðu þessa leið ár eftir ár, að aldrei hefðu þeir séð fjöllin jafn glást. Enda gaf á að lita. En lítið var hægt að skrifa þessa dagleiðina, því að eg varð að hafa mig allan við að skoða, alt af var eitthvað nýtt og fróðlegt að bera fyrir augun, er eimlestin brunaði áfram, en fjalladýrðin óumræðileg.

Furðu gott yfirlit má fá yfir jarðlagabyggingu Alpa-fjallanna á þessari leið, þó hraðfarin sé, einkum hafi menn þegið ýmsar góðar bendingar, eins og Blaas prófessor hafði látið mér í té. Nyrzt eru kalkfjöll, þá gneis- og flögugrjótstjöll, þá granít, sem mikið er brotinn og notaður til bygginga, þá porfyrar eða dilagrjót, en síðan kalkfjöll aftur. Er lagið á fjöllum nokkuð mismunandi eftir því hvaða efni er í þeim, en fer þó líka mjög mikið eftir því hvaða úfl hafa um þau leikið.

Brautin liggur yfir 3000 fetum hærra en sjávarmál, þar sem hæzt er; þá fer að halla suður af, til Ítalíu. Er það dálítill nýlunda, að þarna sem vötnum deilir er, þegar lestin stöðnæmist, selt vatn til drykkjar, úr einhverri afbragðs svalalind, en ekki þessi vanalegi ólinnandi bjór. Hjá Bozen kemur brautin niður í Etsch-dalinn, og er þar komið ítalskt loftslag og ítalskur gróður; hefir seilst eftir þessum djúpa dal langt norður í fjöllin. Í Etsch-dalnum er Meran, en þangað leita brjóstveikir víða af löndum sér til heilsubótar.

Útsjónin frá Bozen var fögur og furðuleg. Eins og jötnakastalar og turnar gnæfðu dólómítfjöllin frægu upp, 8000—9000 feta há, og sló á þau rauðföllum bjarma. Í fjöllum þessum er kórallakalk, og er undarlegt að hugsa til þess, að hin örsmáa kóralladýr skuli geta unnið efni í heil fjöll, svo skoplítið sem hvert einstakt dýr leggur til af steini. Hvílikar afarbreytingar hafa ekki orðið, síðan í stað þessara reginfjalla voru sjávarklappir morandi af smádýrum. Í það mund voru spendýrin að hefjast, og forfeður mannkynsins þá munu hafa verið dýr svipaðri rottu en manni á vöxt og framgang, en þó að vísu langt um ófullkomnari að byggingu en rottur, sem ekki komu fram fyr en löngu seinna. Hvað skyldi þá verða um niðja mannkynsins, þegar þessir bergjötnar hafa orðið að lúta kerlingunni Elli og eru að velli lagðir, en sjórinn flæðir aftur yfir fornar stöðvar á ókomnum áramiljónum, eins og telja má víst að verði, ef náttúran ein fær að ráða. Eða verða niðjar mannanna, þegar svo langt er

komið sögunni, ef til vill eitthvert ofurmannkyn, sem ræður takmörkum lands og hafs? —

Frá Bozen brunar lestin enn suður á við, djúpan dal, há og brött kalkfjöll á báðar hendur. Sumstaðar eru aurar miklir framundan giljum og gróðrardrög í; gróðurinn keppist við að klæða aurana, en hefir ekki við, svo öflugur sem hann er í þessu loftslagi; grjótframburðurinn er svo mikill, að sumir aurarnir eru nærri islenzkir á svip. Skriður hafa fallið niður í dalina hér og hvar og stíflað vatnsrásirnar svo myndast hafa einkennilega grænleit vötn; einkum er þetta afar stórkostlegt nálægt Rovereto; það er eins og heilt fjall hafi hrunið þar niður í dalinn. Jöklar á ísöldu eru valdir að því, að fjöllin hafa orðið svo brött að til hruns leiddi, hafa þeir sorfið neðan úr hliðunum, en líklegt er, að skriðurnar hafi einkum fallið í landskjálftum.

Á Íslandi er mjög mikið um slíkar skriður, eins og sjá má austan við Skagafjörðinn, í Vatnsdalnum og mjög víða annarstaðar.

V.

Á Vatnsenda.

Í Mori fóru þeir út sem ætluðu að Vatnsenda (Lago di Garda), en hraðlestin brunaði áfram til Verona. Í Mori tók við innanhéraðslest, fornfáleg að útbúnaði og hægfara. Umskiptin eftir hraðlestina voru svipuð því að setjast á latan húðarjalk eftir bráðfjörugan gæðing. En það gott fylgdi lestaskiftunum, að ekki sviftist eins fljótt fram hjá það sem fyrir augun bar, svo hægara var að skoða landið. En nú var skamt eftir dagleiðar, enda sá brátt á Gardavatn; er það afarlangt og firði líkast, en brött fjöll og sumstaðar þverhnýpt báðu megin að. En við vatnsendann er talsvert undirlendi, þar sem vatnið hefir fyllt af árburði. Er þar frjósamt land og mikil bygð, og þar

stendur smábærinn Riva (bakki), en þangað var förinni heitið það kvöld.

Orð hafði verið gert á því, hvað gott væri að koma á Vatnsendagesthúsið (Hotel du Lac), enda var þar setinn bekkurinn. Þar voru ilflátir, hvikeygir Gyðingar, amerískur herforingi og eitthvað fleira þaðan úr heimi, auðugar og fáránlega ófriðar enskar fornmeypjar. Og svo ýmsar þýzkar og austurríkskar útgáfur af Adam og Evu, eftir syndafallið, en áður en þau voru rekin burt úr garðinum sæla.

Stór og fjölskrúðugur garður var við gesthúsið, með alvarlegum, dökklaufguðum miðhafslanðatrjám og brosandandi blómjurtum. Garðurinn var svo fagur í morgunskininu daginn eftir, er fuglarnir kvökuðu og ferfætlurnar skutust yfir gangana, að mér kom í hug, hvort ekki mundi einhverjum af þessum þýzku brúðhjónum meðal samferðamannanna þykja sem þau væru í aldingarðinum í Eden. Hafði margt þess háttar fólk, sem ætlaði sér að njóta þess sem á ensku er nefnt hunangsmánuður, í landinu þars gul sítrónan grær, verið með í lestinni. Sum voru þessi brúðhjón svo þreytuleg, að þau hafa vist ekki gefið mikinn gaum hinni ytri náttúru, en önnur voru aftur sælleg og skemtileg að sjá, einkum ein, sem voru í sama vagnklefa og eg; höfðu þau haft klefann fyrir sig ein og gáfu mér ilt auga þegar eg kom inn, en bliðkuðust brátt er þau sáu að eg var vinveittur og óforvitinn og horfði alt af út um gluggann. Eg hefi aldrei séð gleðina skína eins af svip nokkurs manns eins og þessara ungu hjóna, ástarsælan beinlínis fegradi þessi fremur hversdagslegu andlit; það var auðséð, að þau voru að lifa sitt fegursta, að sú ást, sem, ef trúa má enska orðinu, er sæt eins og hunang, blómgaðist í brjóstum þeirra.

VI.

Gardavatn.

Riva er í Austurríki, því að landamæri þessa ríkis og Ítalíu liggja yfir norðurendann á Gardavatni. En

náttúran er þarna orðin ítölsk, og jafnvel ítalskari meðfram Lago di Garda og öðrum þessum vötnum, en nokkuru sunnar, á Pósléttunni; skjólið er svo mikið sunnan í fjallgarðinum og sólarbrekkur.

Svipdimmir kirkjugarðsýpressar standa á við og dreif um héraðið, og aðrar trjátegundir með dökkgrænum, skinnkendum blöðum, eins og myrtusviður, og jafnvel oliutré, sjást hér og þar, þó að þeirra eiginlega heimkynni sé ekki fyr en sunnar. Tré með þunnu, ljósgrænu laufi, eins og t. a. m. linditré og beykitré, þrífast ekki á þessum stöðvum, því að þess konar blöð standast ekki hina miklu sumarþurka, sem einkenna loftslagið í miðjarðarhafslöndunum.

Vér leggjum á stað suður eftir Gardavatni, sem er álika langt og Eyjafjörður, á litlu gufuskipi, snemma morguns, í ljómandi sólskini og blálogni. Liturinn á vatninu er frægur og ótrúlega fagur, langt fram yfir það sem eg hafði búist við, einkennilega lýsandi blátær. Vatnið út frá skipinu er að sjá eins og gimsteinsflötur, þess er turkis heitir, og er á lit einna fegurstur steina. Líklega kemur þessi fagri litur á vatnið af því að í það berst ofurlítið af jökulleðju ofan úr háfjöllum.

Fjöllin að vatninu eru mjög brött og víða þverhnýpt, úr kalksteini, sem mjög er lagður í fellingar; lítið er um vatnsrensi úr fjöllum þessum hjá því sem er úr íslenskum fjallahlíðum; en sumstaðar steypast þó niður smáfossar og á einum stað mjög einkennilega, því að þar spýtist fossinn út um gat á bergveggnum. Allsstaðar er bygð fram með vatninu, þar sem henni er með nokkuru móti hægt að fóta sig, og er það helzt þar sem lækir hafa gert smáeyrar fram í vatnið. Er þar að sjá appelsínu- og sítrónulunda, og glóa ávextirnir innan um dökkgrænt laufið, eins og segir í hinu fræga kvæði eftir Goethe, þar sem einmitt er í fyrsta erindinu svo meistaralega lýst Suðurevrópugróðrinum og þeim frábrugðna svip, sem hann setur á héraðið, því sem gerist norðar í Evrópu. En um appelsínulundana er annars líkt að segja og oliutrén,

að þá er, þegar vötnunum sleppir, ekki að finna fyrir en allmiklu sunnar, og er Sikiley mesta appelsínuland Ítalíu; þroskast þær frá janúar og þangað til í apríl, og lengur ef rétt er með farið, og mun varla vera tiljafn arðsamur jarðargróði.

Snjór sást í fjöllum, hátt uppi yfir þessum suðræna gróðri, og var undarlegt að sjá þarna svona skamt öfganna í milli. En þó var annað undarlegra. Við suður-endann á þessu mikla vatni eru stórir jökulgarðar, allir uppgrónir nú auðvitað, og vatnsstæðið sjálft er eins og geysimikið trog, sem skriðjökullinn hefir grafið, og af skriðjökuls völdum hefir það orðið, á þann hátt sem drepíð var á hér að framan, sem fjöllin að vatninu eru svona brött og undirlendi meðfram því svona lítið. Þetta einkennilega landslag er með öðrum orðum vottur um stórkostlegar breytingar, sem hér hafa orðið á loftslagi, og hafa rannsóknir Pencks bezt leitt í ljós hvernig vötn þessi hafa skapast.

Undarlegt er hins vegar að hugsa til þess, að svipað loftslag og nú er þarna á Norður-Ítalíu hefir áður fyrir, eins og jurtaleifar í fjöllum sýna, verið á Íslandi; svo að Ítalía hefir eigi að eins líkst um þessar slóðir því sem nú er sumstaðar á Íslandi, heldur hefir einnig, og þó löngu fyrir, Íslandi svipað til Ítalíu, sem nú er.

Suður af jökulgördunum við vatnsendann eru vellir víðir og fagrir, og er þar komin Pósléttan; er þar raunar forn jökulsandur, líkt og Skeiðarársandur nú, þar sem ultu fyrrum yfir ólgandi jökulsár. Gætum vér brætt t. a. m. Skeiðarárjökul, þá mundi sennilega koma fram stöðuvatn þar sem jökullinn er, innan við jökulöldurnar, og lægi vatnsbotninn að öllum líkindum stórum dýpra en sandurinn fyrir utan; yrði þar nú raunar ekki lengi eyðisandur þegar jökullinn væri horfinn.

En næsta ótrúlegt virðist það sem þó má telja víst, að þarna skuli hafa verið sandauðn fyrrum, sem eimlestin rann nú um hið fegursta land, en hitinn (nokkuru eftir miðjan maímánuð) framundir 30° C. í skugganum.

Rósir glóðu þar sem þær máttu, og virtust ekki eiga erfðara uppdráttar en fiflar og sóleyjar hjá oss. Sumstaðar var verið að hirða grænt hey, eg veit ekki í hvaða skifti, því að á Pósléttunni kvað mega fá uppskeru allt að því 6 sinnum. En þó er sagt, að þegar Rússlandi sleppir, sé óviða í Evrópu fátækari bændalýður en á Pósléttunni, og verður manni hér að minnast málsháttarins: ekki er öll fátækt guði að kenna.

Í hitanum mátti oft heyra orðin *che caldo* (en sá hiti), og minti þetta á íslenzkt orð gagnstæðrar merkingar. Yfirleitt minnir hljómurinn í ítölsku mjög á íslenzku; það eru þessir sömu ærlegu, ósviknu hljóðstafir eins og í íslenzku, og svipuð ráðvendni í áherzlu orðanna. Og ítalskan er að því leyti fegurri en íslenzka, sem hún er laus við þessar »ur« endingar, sem svo leiðinlegur ofvöxtur hefir hlaupið í hjá oss, og svo við *ddn* og *ddl* hljóðin, sem vort mál lýta; aftur á móti beita Ítalir töluvert blísturhljóðum og er það auðvitað til stórlýta.

Eg hefi aldrei fengið neina tilsögn í ítölskum framburði, né borið við að tala ítölsku nema þessa fáu daga, sem eg var innanum Ítali; en að talsvert af því sem eg var að reyna að setja saman skildist, bendir til þess hvað hljóðin í þessum málum sem eg nefndi eru lík. Menn ættu að reyna að bera ensku eða dönsku fram á íslenzku, eins og eg gerði að mestu við ítölskuna og sjá hvað mikið skildist; Englendingurinn eða Danskurinn mundi varla geta sér til, að verið væri að reyna að tala hans mál. En þetta sem eg drap á, bendir líka til þess, að framburður á latínu hafi verið mjög líkur og á íslenzku, og er nú ef til vill ekki svo erfitt að gera grein fyrir þessu, og hefir sjálfsagt verið gert.

En svo hljómfögur sem dóttir latínunnar er, þá er hún samt æði úrkynjuð og hvergi nærri eins göfugt mál eins og íslenzka, »þriðja klassiska málið«; ítalskan er nokkurs konar latínsk færeyska, eða sveitamál eins og þau gerast í Noregi, enda skiftist hún mjög í mállýzkur; hin þrúða setningaskipun latínunnar hefir ruglast mjög, og mesti fjöldi af orðum aflagast og

afskræmst, eins og t. a. m. orðið exitus, sem á ítölsku er uscita. Er ljótt til þess að vita, hvernig sú mikla heimskunaralda, sem gekk yfir hinn síðaða heim, drekti, með annari siðmenningu, miklu af fegurð og speki hinna göfugu forn-mála, og verður það tjón líklega seint bætt. En þegar um þetta efni er að ræða, má þó auðvitað ekki ætla, að alþýða rómverska ríkisins hafi nokkurn tíma talað hið fagra mál, sem er á ritum Cæsars eða Hóratsar t. a. m., fremur en Íslendingar tala daglega það mál, sem er á Gylfaginning, Njálu eða jafnvel Grasaferð Jónasar. Þeir fræðimenn, sem vilja gera sem mestan mun á íslenzku að fornu og nýju, en þá aftur minstan mun hennar og annara Norðurlandamála, virðast of mjög gleyma þessu. Kemur þessi grundvallarmisskilningur mjög greinilega fram í riti eftir Paul Passy (sem dr. Valtýr Guðmundsson segir frá í timariti Bókmentafélagsins 1893, bls. 268). Er óneitanlega í meira lagi skringilegt að sjá íslenzka rithöfunda hvatta til að taka sér ekki fornritin til fyrirmyndar. Það er víst satt, að tungan mundi þá fljótar breytast, en efalaust ekki til batnaðar. Og ekki þykir mér líklegt, að sá sem er svo andlaus að stæla í blindni fornritin, muni fyrir það verða snjallari rithöfundur, ef hann sleppir sér mótspyrnulaust við allt það smekkleysi, allt það hugsunarleysi og þá hugsunar- og tunguleti, sem svo mjög markar daglega málið. En þá mundi íslenzkan á endanum verða svipuð ítölsku eða færeysku, og af henni aðalsbragurinn; en einmitt hans vegna er það, sem oss ridur á að halda í þetta mál. Íslenzkan varðveitir ýmislegt, sem annarsstaðar leið undir lok í heimskufflóði miðaldanna, og því betur sem vér sjáum þetta, því verra þykir oss að hugsa til þess að glata henni, því fremur keppum vér að halda í horfið eftir beztu fyrirmyndunum, í stað þess að láta togast niður í kæruleysisvaðal daglegs máls¹⁾. — Erfiðleik-

¹⁾ Í ritgerð eftir dr. E. Brandes: Dansk og fremmed Sprog (Det ny Aarh. okt. 1908) er ýmsum þeim skoðunum haldið fram um eðli tungumála, sem eg álit fjarstæðastar og oss óhollastar, og ættum vér að varast að taka mikið mark á slíkum ritgerðum þó eftir merkismenn séu. Sjónarmiðið hlýtur að vera svo ólíkt voru.

arnir á að læra vel útlend tungumál eru ekki litlir, og ekki minstur er sá að læra að misbrúka málið, skæla það og skemma, eins og gert er, og víst verður að gera, í daglegu tali í hverju landi sem er. Það læra menn ekki, hvað mikla stund sem þeir leggja á beztu höfunda málsins. Útlendingar sumir, sem eru að kvarta yfir því hvað þeir skilji illa mælt mál íslenzkt þó að þeir lesi auðveldlega sögurnar, virðast ekki hafa athugað þetta nógu vel, og byggja á skilningsleysi sínu of viðtækar ályktanir um breytingar þær, sem orðið hafi frá fornmálinu.

VII.

Milano.

1.

Milano, er Þjóðverjar nefna Majland, er álika fólksmörg og borgin á jökulsandinum forna norðanfjalls, München (rúm $\frac{1}{2}$ miljón íbúa). Eru þar mörg vegamót og járnbrauta, og verzlun mjög mikil, enda talsverður nýtizku bragur þýzku á bænum, og er því ófróðlegri fyrir ferðamenn en ýmsar aðrar borgir, um ítalskt borgalíf. Yfirleitt er talið, að allmikið sé af germönsku blóði í Norðurítölum, enda er þar ekki mjög sjaldgæft ljóshætt fólk; og stórvaxnara kvað það vera en á Suður-Ítalíu. En þó virðist öllu minna um þetta en búast mætti við, þegar þess er gætt hvað miklu Norður-Ítalía tók við af þessum germönsku þjóðflokkum, sem steiptust eins og stríðir straumar niður í þjóðahaf rómverska ríkisins; og voru þar nú raunar margir drepnir niður »fyrir úlf og örn« framan af. En síðarmeir varð helzt að treysta mönnum af germönsku kyni til landvarna Rómaveldis, og germönsk ríki voru stofnuð á rústum þess; nokkur hluti Norður-Ítalíu ber enn nafn eins af þessum germönsku þjóðflokkum (Langbarða), líkt og Frakkland og England.

Milano, er Rómverjar nefndu Mediolanum, var til forna frægari borg en nú, og var þá um eitt skeið aðsetur keisaranna. Alt er furðulegt í Mediolanum, segir skáldið Ausonius (*Et Mediolani, mira omnia* —). Hversu herskátt land þarna hefir verið, en borgin þótt mikilsverð, má marka af því, að 48 sinnum hefir herlið setið um Milano, en 28 sinnum hefir borgin verið í hershöndum. Er því ekki að furða, þó að fremur lítið sé þar um fornmenjar. — En annað eins og þetta minnir á, hvernig mannkynið hefir eytt sínum beztu kröftum í styrjaldir og alls konar deilur, oft hégómlegar að öllu öðru en þeim hörmungum, sem þær ollu; og er ekki furða, þó að siðmenningin sé ekki komin lengra áleiðis en er, svo margar og fjölmennar kynslóðir, sem eru til moldar gengnar.

2.

Milano er líklega frægust út um löndin vegna dómkirkju sinnar, enda eru það engar ýkjur þó að hún sé talin eitt af furðuverkum heims. Eins og fell gnæfir dómkirkjan upp yfir bæinn, öll úr hvítum marmara, en logagylt líkneski á efsta stöpli. Eru myndasmiði og líkneski svo mörg utan á kirkjunni að þúsundum skiftir, en stöplafjöldinn og gluggarnir marglitu, sem eru eins og dýrir steinar greptir inn í kirkjuveggina, gera þessa miklu byggingu líkari tröllstöru helgiskrini, heldur en húsi.

Annar eins gimsteinn húsgerðarlistarinnar ætti að standa á víðum völlum og fögrum, en ekki í kreppu grárra hversdagshúsa. Torg allmikið er nú raunar fyrir framan kirkjuna og veitir þaðan og þangað vagnarás um allan bæinn, svo að þar er eins og nokkurs konar hjarta borgarinnar, og er þar eins og við er að búast ókyrt mjög og hávaðasamt.

Hvilík viðbrigði að koma úr þessu glampanði sólskini, og öllum skarkalanum úti, og inn í hið hátíðlega rökkur og kyrð kirkjunnar. Hvilikur geimur, hvilikar hvelfingar og súlur. Og hvilikir gluggar; þeir minna á

gluggana í töfrahöllinni hans Aladdins. Þrjátíu álnir eru þeir vist á hæð og allir með fögrum litum; gluggarnir eru tómar myndir, svo þúsundum skiftir eru í þeim af þessum dýrmætu listaverkum. Áleitnir sólargeislar brjótast gegn um þá, og töfrafögurum glitbjarma bregður á rökkrið hátt uppi í kirkjugeimnum. En annars er skuggsýnt, sólin fær ekki að njóta sín í kirkjunni fyrir helgum sögum, líkt og segja mætti um sannleikann. —

Það er verið að syngja messu, margir klerkar; mítur er tekinn ofan og settur upp aftur, klerkarnir ganga til og frá með ýmsum undarlegum látburði og þylja latínu, ilmandi glóðarkerum er veifað af sveinum í hvítum sloppum. Virðist undarlegt að sjá nokkurn guð tignaðan á þennan hátt.

En alt í einu er eins og foss fegurstu hljóma steypist inn í kirkjurökkrið, fagur og voldugur organsöngur dunar undir hvelvingunum; svo magnþrungnir eru tónarnir, að það er líkt eins og þrumur dynji undir við lagið, þrumur tamdar undir furðuvald söngsins. Þetta er guðsþjónusta, sem hlýtur að hafa áhrif einnig á þá, sem engri goðasögu trúá, hvorki norrænni, grískri né hebreskri; það er eins og þetta fagurdunandi hljómflóð lyfti hverri hugsun og hverri von, eins og þessi tónastraumur hafi upptök sín í einhverjum fegra og betra heimi, sem flestir vildu vist fúslega trúá að til væri, ef skynsemin gæti fengið eitthvað að fóta sig á.

Kapólska kirkjan vissi hvað hún gjörði, þegar hún tók svo mjög í sína þjónustu sönglistina, sem huggar og gleður, og ein af öllu jarðnesku megnar að breyta öllu í fegurð sem hún snertir á. Margur mun sá vera, sem einmitt söngsins vegna er kirkjunni ekki eins andstæður og hann annars mundi. Og það var heldur ekki illa til fundið, að nota mest organið, það sem bezt fróar af öllum hljóðfærum, og þó hið tignarlegasta; undraómi þess má lýsa með orðum sálmsins fræga: tuba mirum spargens sonum, orðunum sem í sálminum eiga raunar við dómslúðurinn, sem eitt sinn átti að kveða við í skýjum, eftir trúnni.

Latínan og organið, það tvent á vel saman, því að líklega er ekkert tungumál eins fært um organtóna eins og latínan, með sínum langt dunandi endingum. —

Mér virtist il duomo, dómkirkjan í Milano, bera langt af öllum kirkjum, sem eg hefi séð, jafnvel Frúarkirkju í París og Pálskirkju í Lundúnum; og annað eins organ hefi eg hvergi heyrt.

Kapólsku kirkjurnar eru svo dimmar, en myrkrið er holt hjátrú og allskonar sóttkveikjum. En skemtilegt er að þær skuli altaf vera opnar hverjum sem inn vill setjast til bænagerðar eða hugleiðinga, eða þá til að hvíla sig. Voldugur vottur eru þessi hátt gnæfandi steinlistaverk um afl trúarinnar og þeirra, sem notuðu trúna í þjónustu vilja síns til valdsins. Og fagrar safnbyggingar eru slíkar kirkjur, því að sjálfsagt fer tala þeirra vaxandi, sem líta á þessi musteri, sem einu sinni voru hinum trúðu mynd himinríkis á jörðunni, eins og nokkurskonar forn-gripasöfn, og minnisvarða yfir einni hinni máttugustu stofnun mannanna, kapólska kirkjufélaginu, sem mergsaug hið sterka Rómaveldi, og erfði nokkuð af afli þess í annari mynd. En þó mun vera of fljótt að líta svo á, því að fleira er í þeirri kirkju slungt en sóttkveikjurnar, sem þrífast svo vel í rökkrinu og vígsluvatninu. Og hver veit nema nýtt heimskuflóð eigi eftir að ganga yfir löndin, og eigi virðist það fjarri óskum ýmissa þeirra, sem mestan hafa máttinn.

VIII.

Norður yfir fjöllin.

1.

Veður hafði verið óvanalega skinandi bjart yfir Alpa-fjöllunum þessa daga, og svo mjög sem mig langaði til að dvelja nokkra daga á Ítalíu, þá þorði eg ekki að eiga undir því að bjartviðrið héldist. En aðalerindi mitt var

að fá einhverja hugmynd um Alpa fjöllin, og hefði mér þótt ill min ferð, hefði eg farið um fjöllin blindandi sakir dimmviðris. Eg hélt því leiðar minnar frá Milano og Gottharðsbrautina til Basel. Og það stóð heima, þegar til Basel kom, var lokið hjartviðri því sem um tíma hafði verið yfir allmiklum hluta Evrópu.

Undrafagurt er það útsýni, sem víða bregður fyrir augað á leiðinni frá Milano til Basel, nóg efni til að horfa á vikum saman og lengur. Auðvitað er það ekki nema svipur hjá sjón, þegar svona fljótt er farið yfir; og oft vildi maður geta hægt á lestinni, sem eins og gefur að skilja, geisar áfram án þess að gera nokkurn greinarmun á fögru og miður fögru landslagi, fremur en rigning og sól-skin á réttlátum og ranglátum. Og of oft stingst hún inn í kolsvartan hellismunna, og dunar langan í berggöngum, kafin í sínum eigin reyk; vilja farþegar koma þaðan allsótugir og bildóttir út, þó að fullsnyrtilægir færu þeir inn. Það er ekki allskostar rétt sem segir í fyrirsögninni fyrir kafla þessum, að farið sé yfir fjöllin, því að margar mílur að öllu samanlögðu, liggur leiðin gegnum fjöllin. Frá Milano er farið upp Langbarðaland og leiðin liggur síðan með suðurendanum á Comovatni og er þá bráðlega komið inn í Sviss hina ítölsku; því næst fram með Luganovatni og yfir um það til Lugano, og er þar fagurt mjög, vatnið mjög vogskorið en há fjöll að, og á bökkunum gægjast fram sumarbústaðir ríkismanna, umhørfnir vínviði, appelsínulundum, oliutryám og öðrum suðrænum gróðri. Eftir langt kaf í gegnum fjall, brunar lestin uppeftir Ticinodalnum, sem er djúpur en ekki breiður. Airolo heitir þar sem koma á þessari leið aðal berggöngin, gegnum sjálfan St. Gottharð. eru þau rúmar 2 mílur á lengd, en alls er lengdin á berggöngunum á þessari leið yfir 6 mílur; öll eru þau þó langtum styttri en aðalgöngin, svo geta má nærri að þau verða oft fyrir. Er það mikill sjónarsviftir, að steypast svo í jörð niður, er blasir við hið fegursta útsýni, skinandi snjófgir hátindar, glampanði vötn og grónar hlíðar og hjallar með ramlega húsudum bæum. Göschenen

heitir þar sem kemur út úr aðalgöngunum að norðanverðu. Þótti það að vonum hið mesta þrekvirki, þegar berggöngum þessum og brautarlagningu var lokið árið 1882; 20 mínútur er hraðlestin að renna um lengstu göngin. Brautin liggur í Airolo 1144 stikur (m.) yfir sjó, eða nokkru hærra en efsti tindur á Botnssúlum; sumstaðar liggur hún skrúfu, og sjá menn þegar upp eftir er farið, æ dýpra og dýpra fyrir neðan sig beljandi ár og gljúfur og glæfralega djarfbygðar brýr.

Frá Göschenen er farið niður og út eftir Reussdalnum, og er einkum frábærlega fagurt eftir að sést á Vierwaldstaettervötnin og næsta fróðlegt að sjá grjótlögin í fjöllunum nálægt Flueelen, sem svissneski jarðfræðingurinn Albert Heim hefir rannsakað og lýst af frábærri snild; er fjallalögin svo beygð og undin saman, og líkara er að þar væru í mjúkir dúkar, en harða grjót. En grjótlög þessi eru til komin á sjávarbotni, og voru að upphafi lárétt eða því sem næst.

Á þessari fleygiferð um Alpafjöllin var mér einkum hugur á að sjá það sem gæti skerpt eftirtekt mína og skilning á íslenzku landslagi, og þá ekki sízt hvernig lagið á fjöllunum lýsti áhrifum jöklanna á ísöldunum. En þau áhrif hafa verið afarmikil, eins og Penck hefir manna bezt sýnt framá. Og sá sem hefir fengið góða leiðbeiningu, og vanur er að reyna að sjá, getur líka talsvert séð þótt á fljótri ferð sé. Var ekki sízt fróðlegt að taka eftir hvernig jöklarnir höfðu grafið niður úr fornum dalsbotnum, og skilið leifar þeirra eftir eins og sillur og hjalla í hliðunum. Á þessum hjöllum er oft mikil bygð, og hin mesta prýði að þeim í landslagi. Eins var fróðlegt að taka eftir hvar verið hafði efri rönd hinna miklu jökulþjala, sem eftir öllum lægdum í fjöllunum höfðu gengið, því að þar fyrir ofan breytist enn landslag mjög; þar eru hornin og tindarnir. Skarðsheiði (með Skessuhorn) minnir dálítið á suma þessa Alpatinda, og jafnvel frá Reykjavík má greinilega sjá hvað hátt á henni gengu jöklar síðustu ísaldar.

Leiðinlega lítið vita menn ennþá um edli og ævisögu þessarar jarðar, sem mannkynið hefir þó bygt nú,

líklega ekki skemur en svo sem í miljón ár. En þó má furða heita hvað þekkingin er á veg komið í þessum efnum, þegar þess er gætt hve ung sú grein er vísindanna, og hve fáir þeir eru að tiltölu, sem þar hafa unnið að. Allur þorri manna álitur engu skifta þessi fræði, sem þó hafa átt svo drjúgan þátt í að breyta lífsskoðun þeirra sem í andlegum efnum eru »salt jarðar«. Og ennþá skifta þeir ef til vill miljónum, sem festa trúnað á jafn fátánlega fjarstæðu og þá t. a. m., að alt þurlendi hafi farið á kaf í vatnsflóði.

Eg var að gefa gætur að samferðafólki mínu þegar farið var fram hjá sumu því sem stórkostlegast var, og það virtist t. a. m. alveg greinilegt, að engir þeir af samferðamönnum, sem eg gat veitt eftirtekt, komu auga á jafnvel hinar aðdánlegu bugður og fellingar í grjótlögum fjallanna við Vierwaldstättervatn, og er þó þar að ræða um sannkölluð og augljós furðuverk náttúrunnar.

En að visu má alt að einu éta dýrindis mat í glæsilegum gesthússölum fyrir því, þó að menn skynji lítið af því sem fyrir augun ber á ferðinni; og ekki allfátt af þessu fólki, sem er svo heppið að hafa efni á að ferðast, virtist mér ferðast einna helst til þess. Eg hefi ekki séð matelskara fólk en sumt sem mér bar fyrir augu í þessari ferð, einkum sum miðaldra hjón¹⁾. Það virtist bersýnilegt, að sameiginleg ást á mat getur verið meginþáttur í bezta hjónabandi. Það er að segja, þegar nóg er til handa báðum.

2.

Ekki vil eg skiljast við þetta mál án þess að minnst nokkurum orðum á uppruna Alpafjallanna. Talsverðar breytingar hafa orðið á ætlunum manna um þau efni síðastliðin 50 ár. Menn héldu fyrst, að fjöllin hefðu spyrnst

¹⁾ Eg verð að sýna lesandanum það vantraust að taka það fram, að hann má ekki af þessu sem þarna er sagt, leiðast til að ætla mér þá óhæfu, að eg lasti góðan mat.

upp af afli sem stefndi beint að neðan, og hefðu vatnagrjótslögin (kalkið o. s. frv.) bagnað og hrukkast er granitinn og gneisinn í miðölpunum ruddist upp eins og eldleðja. Frekari athuganir virtust sýna, að þetta gæti ekki verið rétt; þá kom upp sú skoðun, að lögin hefðu hrukkast af því að jörðin dregst saman er hún kólnar, og yrði þá grjótskurnið of vitt, líkt og hýðið á epli sem er þurkað; hefðu því fellingarnar orðið af hliðarþrýstingi en ekki af þrýstingi sem kom beint að neðan¹⁾. Nú hefir enn, á allra síðustu árum, orðið breyting á þessum skoðunum; menn hafa fengið vitneskju um, að vatnagrjótlög muni hafa runnið til á forngrýtisgrundvelli sínum, líkt og snjór á þaki t. a. m., og lögin stundum færst jafnvel svo milum skiftir þaðan sem þau mynduðust. Er þá svo að sjá eins og upphaf slíkra fjallgarða, sem Alpafjöllin eru, sé bunga eða kryppa sem jörðin skýtur upp, og er bungan svo brött, að jarðlögin hrapa niður brekkuna og leggjast í fellingar við brekkufótinn; hafa þau þá stundum færst yfir lög sem yngri voru, en jarðfræðingunum risið af því miklir erviðleikar, er til þess kom að þýða þetta. Síðan lyftast þessi bognu lög upp sjálf, því að bungan sem nefnd var, virðist færast yfir jörðina eins og alda á sjó.

Alt fer þetta mjög hægt. En gætum vér látið oss bera fyrir sjónir, á fáeinum augnablikum, þá atburði sem verða raunar á miljónum ára, þá mundi oss virðast sjálf hin steini studda fold kvikul eins og hafið, löndin breyta lögun sinni á svipstundu, og fjallgarðarnir hefjast og hníga líkt og öldur sjávar. Og myndir lífsins mundu breytast eins og í sjónhverfingaleik, skynlaust eða skynlítið þangað til á þessum síðustu augnablikum, að mannvitið kemur til sögunnar, undarlegast af öllu sem enn hefir orðið og framtíðarþrungnast.

IX.

Á leið til Parisar.

En nú ætla eg að hverfa frá þessum náttúrufræðishugleiðingum og biðja lesandann, — sem auðvitað er góðgjarn,

¹⁾ Þessu er nákvæmar lýst í ritgerðinni „Um fjöll“, Tímarit Bókmentafélagsins 1899.

eða að minsta kosti hefir honum helzt verið valið það lýsingarorð um langan aldur, — að koma með mér til þeirrar borgar, sem lengi hefir verið talin höfuðborgin á meginlandi Evrópu, Parísar. En áður en þangað vikur sögunni, verður að segja frá dálitlu atviki, sem fyrir mig bar á leiðinni, þó að lesandanum kunní að þykja það ómerkilegra en mér. En það sem eg sá var hæna, sem var að kroppa nokkrar álnir frá brautinni og leit ekki upp, heldur hélt áfram að kroppa þegar hraðlestin, þetta ferliki, sem spýr gneistum þrungnu myrkri, brunaði dunandi framhjá. Eg hefi aldrei séð merkilegri fastheldni við regluna, „nil admirari“ (ekkert ber að undrast) heldur en þessi hæna sýndi, aldrei jafn greinilega andstæðu þess hugsunarháttar, sem stundum kemur mönnum til að gleyma eigin hagsmunum til að undrast og hugsa um eitthvað af því merkilega sem fyrir þá ber á þessari merkilegu jörð, aldrei séð lýst yfir með jafn mikilli einlægni og alvöru, þeim óhrekjandi sannindum, að það verði að ganga fyrir öllu að hafa ofan í sig. Og nú verður að gæta þess, að í augum hænunnar er hraðlestin líklega ekki nein dauð vél, heldur einhver ótrúlega stór ormur, sem skriður áfram með hræðilegum dyn og hraða, og er því stilling hennar og hagsýni þeim mun aðdánlegri.

HELGI ÞJETURSS.

Mærin frá Orléans.

Alþýðu-erindi.

Af öllum þeim konum, sem veraldarsagan talar um, er engin mér jafn-lifandi fyrir hugskotssjónum eins og mærin frá Orléans, Jeanne d'Arc. Þetta mun meðfram koma af því, að eg hefi lifað 6 mánuði í Orléans; þar er ekki hægt að þverfóta án þess að vera mintur á hana á einhvern hátt.

Strætið, sem ber nafn hennar (rue Jeanne d'Arc), er fult af búðum; þar er ekki annað selt en myndir af henni og ýmsir smámuir til minningar um hana; á stærsta torgi borgarinnar — *Martroi* — er fagurt líkneski af henni á hestbaki; annað líkneski af henni er fyrir framan ráðhúsið, og hið þriðja hinumegin við brúna yfir *Loire*, í frambænum *Olivet*.

Merkilegasta safnið í Orléans er helgað Jeanne d'Arc og öllu því er viðkemur sögu hennar. Þar má sjá merki það, er hún sjálf bar eða lét bera í broddi fylkingar allan þann tíma, sem hún var fyrir liði Frakka. Merkisblæjan er fannhvít og þar á dregin mynd lausnarans; englar eru til beggja handa og rétta liljur að Kristi — en liljublómið var einmitt merki Frakkakonunga.

Loks eru aðalatriðin úr sögu Jeanne d'Arcs undursamlega vel máluð á gluggarúður dómkirkjunnar *St. Croix*, og þykir mesta prýði hennar.

En það er ekki einungis þessir ápreifanlegu hlutir, sem minna hér á Jeanne d'Arc og hennar tíma, heldur hefir borgin ýms einkenni, sem ósjálfrátt draga hugann að liðnum tíma. Auk þess sem sumir borgarhlutar eru

alveg óbreyttir frá því á miðöldunum, þá hafa þar haldist við ýmsir gamlir siðir, sem löngu eru lagðir niður annarstaðar.

En það eru einmitt þeir, sem fremur öðru hjálpa okkur til að gleyma nútímanum og til að skilja hugsunarhátt liðinna alda. Hér yrði of langt mál að rekja þetta út í æsar, en eg skal samt leyfa mér að lýsa hátíðarhöldum þeim, er fara fram í Orléans á ári hverju, 7. og 8. d. maímánaðar, til minningar um það, er Jeanne d'Arc leysti borgina úr umsát Englendinga. Þó að eg muni síðar vika máli mínu að þessu atriði sögunnar, þykir mér hér eiga við að minnast ofurlitið á dagana 7. og 8. maí 1429.

Umsátin hafði staðið 7 mánuði, frá því í október 1428 þangað til í maí 1429. En á einni viku tókst 18 ára gamalli stúlku að leysa borgina úr óvina höndum.

7. d. maím. stóð aðalorustan. Í henni varð Jeanne sár og nærri lá, að Englendingar hefðu handtekið hana; en ekki varð af því í það sinn. Hún lét binda um sár sitt og gjörði bæn sína og gekk þá aftur fram í broddi fylkingar og örfæði menn sína, þangað til virki Englendinga voru unnin. Brúin yfir Loire var í snatri gjörð fær yfirferðar og seint um kveldið reið hún inn í borgina með lið sitt og Englendinga þá, er teknir höfðu verið höndum, en allur borgarlýður fylgdi henni. Öllum kirkjuklukkum borgarinnar var hringt, en fólkið þyrptist inn í kirkjurnar og tók undir með prestinum í lofsöng til guðs. Næsta dag, sem var sunnudagur, lét Jeanne d'Arc reisa altari úti undir berum himni og þar voru sungnar tvær messur og lofgjörðarsálmur í vídurvist alls liðsins, þó að margir þeirra hefðu heldur kosið að veita Englendingum eftirför. Síðan var snúið heim til borgarinnar og hlýtt á ræður í kirkjunum; en að þeim loknum var hafin hátíðleg skrudganga um alla borgina.

Upp frá því var á ári hverju haldin minningarhátíð »meyjarinnar frá Orléans«. Svo var nú farið að nefna stúlkuna. Hátíðin hefir verið haldin fram á þennan dag

og mun sjálfsagt verða haldin enn um margar okunnar aldir.

Þessi minningarhátíð er að því leyti einkennileg, að tvær ólíkar stéttir manna ráða þar mestu: klerkar og hermenn, enda eru það tvær fjölmennustu stéttirnar í Orléans.

Hátíðin byrjar 7. d. maím. kl. 8 að kveldi dags með því, að hleypt er af stórrí fallbyssu og jafnskjótt er tekið að hringja öllum kirkjuklukkum borgarinnar. Allar herdeildir, sem eru í Orléans og nágrenni, margar þúsundir manna, koma í fylkingu með bumbum og hljóðfæraslætti og skipa sér í fylkingum fyrir framan ráðhúsið; en þar eru fyrir embættismenn borgarinnar, borgarstjórinn fremstur. Lögregluþjónn tekur nú upp merkisblæju Jeanne d'Arcs, en þá kveður við þjóðsöngur Frakka, la Marseillaise, og allur mannfjöldinn hrópar: vive la France! (lífi Frakkland!) Þá er lagt af stað til dómkirkjunnar, sem er þar skamt frá, borgarstjórinn fremstur og merkisberinn, en næstir þeim bæjarfulltrúar. Kirkjudyrnar eru opnar á gátt og kirkjan öll dýrlegá uppljómud, en á þröskuldinum stendur biskupinu í Orléans, og umhverfis hann heil hersveit innlendra og útlendra kennimannahöfðingja. Borgarstjóri fær honum hið dýrmæta merki og heldur ræðustúf, en biskup svarar honum mörgum fögrum orðum. Í sama bili kveða við fallbyssuskot, ljós sjást í öllum gluggum ráðhússins og í öðrum húsum, sem eru almennings eign; úr dómkirkjunni heyrir margraddaður söngur og fagnaðaróp kveða við hvaðanæfa.

Þessa einu nótt ársins, nóttina milli 7. og 8. maí, er fánamerki Jeanne d'Arcs geymt í dómkirkjunni.

Fyrri hluti hátíðarinnar er nú á enda; en um leið og biskuparnir ganga úr kirkjunni, lýsa þeir blessun yfir mannfjöldanum, sem hefir þyrpst saman á bersvæðinu þar fyrir utan með kerti og blys í höndunum.

Næsta morgun vakna menn enn við fallbyssuskot og klukknaþringingar. Kl. 10 byrjar guðsþjónustugjörð í dómkirkjunni. Þangað fer öll bæjarstjórnin, allur em-

bættislýður og allir liðsforingjar, að ógleymdum öllum biskupum, klerkum og munkum, sem þennan dag fjölmenna úr öllum áttum.

Frá ómunatið hafa lofræður þær, er við þetta tækifæri eru haldnar til dýrðar Jeanne d'Arc, vakið mikla eftirtekt, og ekki er öðrum en miklum mælskumönnum trúað fyrir þessu vandasama hlutverki. Ekki eru það einungis frakkneskir kennimenn, sem hljóta þennan sóma, heldur man eg t. d. að árið, sem eg var í Orléans, var það biskup frá Ameríku, sem talaði. Þessar lofræður, þótt í kirkju séu haldnar, eru mjög ólíkar því, sem við eigum að venjast af prédikunarstólnum, því að þó að reyndar kaþólska kirkjan liti á Jeanne d'Arc sem dýrling, þá er lofsöngurinn um hana við þetta tækifæri fremur miðaður við hreysti hennar, föðurlandsást og óbilandi trú á framtíð þjóðar sinnar.

Klukkustundu síðar hefst svo frá dómkirkjunni skrúðganga um alla borgina og er hún óvenjuleg að því, að í henni má sjá bæði hermenn í ljómandi einkennisbúningum, prestalýð skrýddan mislitum flos- og silkifötum, dómara í raudum klæðiskápum með hermelínsbekk o. s. frv. Kórdrengir í raudum og hvítum klæðum veifa reykelsiskerum, klerkar í messuskrúða bera fánamerki ýmissa dýrlinga, krossmörk og skrín, sem helgir dómar eru geymdir í, en á undan og eftir þeim eru hermenn með síu merki, og mjög svo veraldlegan hornablástur og bumbuslátt; þegar komið er heim aftur að dómkirkjunni, er sungið Te Deum, og merkisblæja meyjarinnar frá Orleans borin heim í safnið, sem kent er við hana og geymt er í ráðhúsinu.

Um kveldið eru hafðir flugeldar á fljótinu Loire og mikil blysför um borgina.

Eg hefi minst svo ítarlega á þessa hátið af því að 18. dag aprílmánaðar tók páfinn Jeanne d'Arc í heilagra manna tölu.

Það var 8. dag maímán. 1870 að hinn þáverandi biskup í Orléans, Dupanloup, í lofræðu sinni með óviðjafnanlegri málsnild sýndi fram á, að mærin frá Orleans hefði með

heilagleika sínum og píslardauða verðskuldað, að henni yrðu reist altari í kaþólskum kirkjum Frakklands. Viðstaddir biskupar féllust alveg á það og rituðu páfa bréf þess efnis, að hann tæki þennan verndarengil Frakklands í dýrlingatölu. Pius IX. neitaði því að svo stöddu, en Leo XIII. varð við tilmælum frakknesku klerkastéttarinnar með þeim hætti, að stofnað var til rannsókna um heilagleik hennar 1885.

Hér heima er svo lítið kunnugt um það, sem hinn heilagi faðir í Rómaborg hefir fyrir stafni, að marga mun ekki einu sinni gruna það, að hann því nær árlega gerir einhvern mann eða konu dýrleg, setur þau í heilagra manna tölu. Á útlendu máli er þetta kallað »Canonisation«. En enginn má ætla, að hlaupið sé að slíku, því að sanna verður fyrst, að hér sé um helgan mann að ræða og að hann hafi að minsta kosti gert þrjú kraftaverk. Til þess að rannsaka þetta til hlitar er beinlínis höfðað mál. Páfinn skipar einn kardinála til að vera málaflutningsmann guðs (*advocatus Dei*) og annan til að vera málaflutningsmann hins vonða (*advocatus Diaboli*). En sjálfur er páfinn dómarinn. Mál þessi geta dregist heilar aldir, og það er því ekki að furða, þó að mál Jeanne d'Arcs hafi dregist á langinn. Fyrsta stig málsins var unnið 1898 og var hún þá nefnd: »*venerabilis*« (lotningarverð). Í útlendum blöðum hefi eg séð, að sunnudaginn 13. desember. síðastliðinn hafi páfinn tekið gild þrjú kraftaverk af þeim sjö, sem upp höfðu verið borin til sönnunar um heilagleik Jeanne d'Arcs, og lýsti því jafnframt yfir, að með miklum hátíðahöldum í tveimur helztu kirkjum Rómaborgar ætti í aprilmánuði að hefja hana á næsta stig helgunarinnar, svo að nú yrði hún nefnd »*beatifica*« (alsæl), en þá er ekki langt að bíða þess, að þriðja og seinasta stig málsins sé unnið og að hún með réttu verði nefnd dýrlingur eða »*sancta*«.

En hvað hefir þá mærin frá Orlens unnið til þess að verða átrúnaðargóð frakknesku þjóðarinnar, bæði þeirra,

sem kapólskir eru, en einnig þeirra sem láta sig kirkjuna litlu skifta?

Þetta er það, sem eg vildi hugleiða í kveld, og bið því tilheyrendur mína að fylgja mér í huganum langt aftur í tímann, nærfelt fimm aldir og líta á ástandið í Frakklandi árið 1422.

Það ár dó konungur, sem hét Karl 6. Hátt upp í heila öld hafði ófriður við Englendinga staðið. Þegar tveimur árum áður hafði einn mesti höfðingi Frakka, hertoginn af Búrgúnd, gengið í lið með Englendingum, og þegar Karl 6. dó, vildi hann koma Hinriki 6. Englakonungi til valda. Hann var reyndar enn barn í vöggu; en hann var dóttursonur Karls 6. Nær ríkiserfðum stóð auðvitað sonur hans, sem tók sér líka konungs nafn og nefndi sig Karl 7. Sá flokkur, er hann fylgdi, var kendur við greifann af *Armagnac*, er hafði uppælið hann og fallið í Parísarborg árið 1418, þegar hertoginn af Búrgúnd og Englendingar náðu borginni. *Armagnac*-flokkurinn var mjög illa þokkaður á Norður-Frakklandi, því að þótt hreysti þeirra væri viðurkend, þá voru þeir álitnir mestu bófar og ræningjar af hinum flokknunum og öllum bændalýð. Flokka-dráttur og sundurlyndi var svo megent í landinu sjálfu, að ókleift var að veita útlenda hernum neina verulega mótspyrnu, þó að þessi her væri í raun og veru ekki svo geigvænlegur. Svo var komið 1428, að ekki var nema ein merkisborg, sem Englendingar áttu eftir að leggja undir sig; en hún var þeim mun merkilegri, sem hún var ekki að eins í miðju Frakklandi, heldur var einnig miðstöð óvinaflokksins og hafði verið Karli 7. trú, þegar Parísarborg og allar aðrar borgir í nágrenninu gengu undan honum. Þessi borg var Orléans og Englendingar beindu nú þangað aðal-liðsaffla sínum, reistu sterk virki umhverfis hana og tóku að herja á hana 12. d. októbermán. 1428. Það var fyrirsjáanlegt, að félli hún í hendur Englendinga, þá væri vonlaust um Karl 7. og sjálfstæði Frakklands lokið.

Enn þá leit guð í náð til sins fólks, segja trúræknir söguritarar og sendi því unga stúlku til hjálpræðis. Þessi stúlka var Jeanne, dóttir bónda nokkurs að nafni Jaques d'Arc, er bjó í þorpinu *Domremy* í *Lothringi*. Móðir hennar hét Isabella, að viðurnefni *Romé*; menn ætla af því, að hún hafi farið pílgrimsferð til Rómaborgar. Þetta má vel vera, því að öllum ber saman um, að þau hjón hafi verið kristin vel, þótt fátaek væru, og hafi alið börn sín upp í guðsóttu og góðum síðum. Jeanne var einkadóttir, en átti fjóra bræður. Móðir hennar kendi henni að sauma og spinna og allskonar innanhússtörf; en aldrei lærði hún að lesa eða skrifa. Sjálf segir hún, að móðir sín hafi kent sér Faðir vor og ýmsar bænir og sjálfsagt hefir hún einnig sagt henni heilagramanna sögur eins og þá tíðkaðist. Alt frá barnæsku hafði hún mikið yndi af að heyra hljóma kirkjuklukkanna og snemma vandi hún göngur sínar til kirkju.

Þegar hún var 13 ára, heyrði hún einn góðan veðurdag rödd frá himni, sem sagði við hana: »Jeanne, vertu gott og hlýðið barn og farðu oft í kirkju.«

Hún segir sjálf, að í fyrstu hafi hún orðið mjög hrædd, en smátt og smátt vandist hún við að heyra þessa raust, og þóttist vita, að það væri engillinn Mikael, sem talaði við sig, eða réttara sagt, hún þóttist sjá hann. Hin heilaga Margrét og hin heilaga Katrín birtust henni líka, og að því kom, að þær birtu henni ætlunarverk hennar í þessum heimi. Þær töluðu við hana hér um bil á þessa leið: »Dóttir drottins, Frakkland er í nauðum statt, þú verður að hjálpa því og konungi þess.« Þegar tímar liðu fram, urðu fyriræli þau, er hún fékk á þessa leið, ákveðnari, og að lokum hélzt hún ekki við heima, þó að hún vissi, að foreldrum sínum væri það móti skapi, að hún færi.

Fimm ár liðu frá því, að hún heyrði raddirnar fyrsta sinn og þangað til hún loksins lagði af stað að heiman. Má af því ráða, að hún hafi lengi hugsað sig um, hverjum bæri að hlýða, foreldrum hennar, eða hinum himnesku röddum (*mes voix* = raddirnar mínar, eða *mon conseil*

= ráðaneytið mitt, nefndi hún þær). Eins og ástandið var þá í landinu, var ungri stúlku ókleift að fara ein bæja á milli, enda vissi hún ekki einu sinni, hvar konungur var að finna. En »raddirnar hennar« leiðbeindu henni einnig í þessu og vísuðu henni á höfuðsmann konungs, *Baudricourt*, er var í næstu borg. Frændi hennar einn fylgdi henni til hans og talaði máli hennar, en höfuðsmaðurinn skipaði honum að fara burt með stúlkuna; það væri sjálfsagt að hún færi heim til sín aftur og ekki mundi hún hafa ilt af nokkrum kinnhestum; það mundi kenna henni að hætta þessu þvaðri. En Jeanne fór hvergi, og hún talaði af svo mikilli sannfæringu, og svo brennandi áhuga, um að hún væri send af guði til að frelsa Frakkland úr óvina höndum og til að láta krýna Karl konung í *Reimsborg*, að tveir af riddurum *Baudricourts* trúðu henni og buðust til að fylgja henni á konungsfund. Þeir skutu saman og gáfu henni hest og riddarabúning, enda lagði hún upp frá þessu niður kvenbúning sinn og lét klippa hár sitt.

Það var um hávetur í febrúarmánuði 1429, að hún lagði upp í þessa ferð. Allar ár voru uppbólgnar, vegirnir ófærir og altaf mátti búast við árasum af mönnum þeim, er fóru herskildi um landið. Jeanne hafði ekki nema 5 eða 6 vopnaða menn með sér. En hún lét ekkert á sig fá og hughreysti förunauta sína glaðlega með þessum orðum: »Óttist ekkert, drottinn sjálfur greiðir götu mína. Eg er til þess í heiminn borin að fara þessa för?« Hún fór aldrei svo fram hjá kirkju, að hún bæðist ekki fyrir eða hlýddi á messur og í allri framkomu sinni var hún svo hógvær, siðvönd og guðhrædd, að hún ávann sér fljótt virðingu og traust förunauta sinna. Eftir 11 daga ferð kom hún til borgarinnar *Chinon*. Þar var konungur þá staddur. Hún hafði þegar boðað honum komu sína í bréfi og sagt honum, að hún hefði guðlega köllun til að gera hann að löglegum konungi Frakklands, láta krýna hann í *Reimsborg* og leysa Orláans úr umsát Englendinga. Orðrómurinn hafði borist á undan henni, og öllum var forvitni að sjá þessa 18 ára stúlku, sem sagði fyrir óorðna

hluti og menn vissu ekki hvort send væri af drotni eða djöflinum, því að margir voru þeir, sem álitu hana: galdra-konu þegar frá byrjun.

Konungur tók á móti henni að kveldi dags, í stórum sal uppljómuðum með 50 blysum, og að allri hirðinni viðstaddri, mörgum hundruðum manna. Sagt er, að konungur hafi með vilja staðið dálítið til hliðar til að villa henni sjónir. En hún gekk rakleiðis til hans, tók ofan, hneigði sig og ávarpaði hann á þessa leið: »Göfugi konungssonur, eg er mærin Jeanne. Konungur himnanna sendir mig til yðar, til þess þér verðið krýndur í Reimsborg og verðið ráðsmaður himnaföðurins, sem er hinnisanni konungur Frakklands.« Það þótti dásamlegt, að bóndastúlka frá Lothringi skyldi tafarlaust þekkja konunginn innan um alla riddarana, sem þó voru klæddir líkt og hann; en samt þótti þetta teikn ekki nægja til að taka trúanlega köllun hennar. Hún var send til *Poitiers* til þess að biskupar og kennimenn prófuðu hana; Jeanne þótti þetta leitt, að orð hennar skyldu vera rengd; en við því varð ekkert gert; hún varð að fara.

Sextán lærðir guðfræðingar settust nú við að spyrja hana spjörunum úr; en henni varð aldrei svara fátt. Hún sagði þeim blátt áfram og alvarlega frá vitrunum þeim, sem hún hafði fengið. Einn munkurinn kom með þá mótþáru, að ef guð vildi reka Englendinga úr landi, þá þyrfti hann engan liðsafla til þess. Þá svaraði hún óþolinmóðlega: »Skiljið þér ekki, að þó að hermennirnir berjist, þá er það guð, sem gefur sigurinn?« Klerkur nokkur frá *Limousin* — íbúar þess héraðs þykja ekki tala sem bezt mál — spurði hana, hvaða mál englarnir töluðu. »Betra mál en þér«, svaraði Jeanne viðstöðulaust, svo að menn sjá, að hún var ekki feimin. Loksins kváðust þeir ekki geta trúað, að hún væri send af guði, nema hún sannaði það með jarteikni. Hún svaraði stillilega og einarðlega: »Eg er ekki hingað komin til að gera undur og jarteikn. Það teikn, sem eg geri, er að leysa Orleans úr

óvinahöndum. Fáíð mér lið, lítið eða mikið, og eg skal fara«.

Orðstir hennar barst út um borgina og alþýða manna fékk trú og traust á henni. Hópum saman komu menn til að sjá og tala við Jeanne, og allir voru ásáttir um, að hún væri send af guði. Jafnvel prófdómendur hennar urðu að játa, að ekkert fyndist ilt í fari hennar og að vel mætti vera, að guð hefði sent hana. Orléansbúar voru aðfram komnir; þeir kröfðust. þess, að konungur sendi þeim þá hjálp, sem guð hefði ætlað þeim, og svo fór, að seinast í apríl sendi hann þeim mikinn her manna, vistir og skotfæri og loksins það, sem mestu varðaði, Jeanne d'Arc sjálfa.

Sjónarvottar að burtför hennar lýsa Jeanne á þá leið, að hún hafi verið ung, falleg, hraustbygd og vel vaxin, en nokkuð hálsstutt. Hún var búin hvítum herklæðum, reid hvítum hesti og bar í hendi sér hvítt fánamerki; á það voru máladar liljur, mynd lausnarans og tveggja engla. Eftir þessari lýsingu er gerð hin mikla og fagra mynd af innreið Jeanne d'Arcs í Orleans, sem sjá má í höllinni í *Versailles*; en engin mynd er til af henni sjálfri. Sömu mennirnir, sem hafa gefið okkur þessa lýsingu af útliti Jeannes, hafa einnig sagt okkur margt, sem lýsir innra manni hennar. Stríð og styrjöld höfðu breytt hermönnum Frakka í óargadýr, sem drápu og rændu jafnt vini sem óvini. Þó að einhver neisti af trú fyndist enn í hjarta þeirra, þá voru trúarhugmyndirnar orðnar svo rangsnúnar hjá þeim, að t. d. einn aðalherforingi Armagnacs flokksins, *La Hire*, lét sér önnur eins orð um munn fara eins og þau, »að ef lausnarinn hefði gerst hermaður, þá væri ekki að vita nema hann rænti líka«. Og áður en hann lagði af stað í herferð, var hann vanur að biðjast fyrir á þessa leið: »Herra minn guð, eg bið þig að gera fyrir *La Hire* það sama, sem *La Hire* mundi gera fyrir þig, ef þú værir höfuðsmaður, en *La Hire* væri guð«. Það þarf ekki að segja frá því, að þessir karlar blótuðu og rögnuðu og lögðu guðs nafn við hégóma; þeir höfðu

frillur sínar með sér í ófriðnum og svifust einkis. Öllu þessu gerbreytti Jeanne d'Arc. Hún heimtaði fyrst af öllu, að þeir létu lauslætiskonur allar fara burt; þær mátti hún ekki sjá. Hún áminti þá um að skrifa og neyta heilagrar kvöldmáltíðar. Margir munkar voru í förinni, og fyrir því voru sett ölturu úti á viðavangi og messur lesnar, ef ekki var unt að gera bæn sína í kirkjum. Svo mikla virðingu báru þeir fyrir henni, að í viðurvist hennar settu þeir sér að blóta ekki, og samt téku þeir það svo nærri sér, að Jeanne t. d. kendi í brjósti um gamla La Hire og leyfði honum, hálf t. hálf í gamni, að segja: *Par mon baton!* (það veit stafurinn minn!) í stað þess að ákalla guð og djöfulinn til skiftis.

Þrátt fyrir það, að hún lifði innanum þessi ruddamenni, hélt hún virðingu sinni með öllu. Um skirlífi hennar, góðgerðasemi og guðsóttar er enginn efi; allir ljúka upp einum munni um það, enda var hún mjög vör um mannorð sitt. Þegar hún gat, gisti hún hjá góðum og guðhræddum konum; ella lá hún í öllum herklæðum, þótt óþægilegt væri.

Hún kom til Orleans að kveldi dags, 29. apríl. Borgar lýðurinn allur þyrptist á móti henni og keptist um að snerta klæði hennar eða að minsta kosti hestinn, sem hún reið á. En þótt almenningur tilbæði hana og tryði því, að hún væri send af guði til að frelsa borg þeirra, þá er eins og höfuðsmaður borgarinnar, *Dunois*, hafi ekki verið alveg öruggur um, að hún hefði vit á hermálum; að minsta kosti vildi hann ekki fylgja ráðum hennar, vildi jafnvel fara á bak við hana.

4. dag maímánaðar lagði hann til orustu við Englendinga, án þess að hún væri með. Hún svaf, þegar *Dunois* reið út úr borginni með sveit manna. En alt í einu vaknaði hún, sagði að sig hefði dreymt, að hún ætti að fara að berjast. Hún flýtti sér í herklæðin og fór á eftir liðinu, taldi kjark í það og hjálpaði því til að vinna eitt virki Englendinga. Í annað sinni sátu *Dunois* og menn hans á leyniráðstefnu og ákvörðuðu, þvert ofan í vilja

hennar, að fresta áhlaupinu á sterkasta vigi Englendinga, »*les Tournelles*«, er hefti alla umferð um Loirebrúna. En Jeanne vissi þetta líka og sagði við Dunois um kveldið: »Þér sátuð á yðar ráðstefnu en eg á minni;« sneri sér þá að skrifstofu sínum og bætti þessu við: »Vekið mig árla á morgun og verið með mér allan daginn; eg mun þurfa yðar við, því að eg mun verða sár«; þessi forspá rættist að öllu, og jók átrúnaðinn á heilagleik hennar. Hún gat í rauninni öllu ráðið í borginni. 5. maí hélt hún samt kyrru fyrir í borginni, af því að þá var uppstigningardagur; en þá var líka þolinmæði hennar lokið. Næsta morgun um sólaruppkomu reið hún niður að Loirefljótinu, en hermenn og borgarar fylgdu henni í blindni. Á bátum var farið yfir fljótið; en hún sagði fyrir, að um kvöldið mundu þeir ríða sigursælir yfir brúna, því að vígið »*les Tournelles*« skyldi falla þennan dag. Og svo varð. Eg hefi þegar minst á dagana 7. og 8. maí 1429 og get því slept þeim hér.

Lausn Orleánsborgar hafði afarmikil áhrif á alla, vini og óvini. Enginn efadist lengur um, að hér væri um yfirnáttúrlega krafta að tefla. Um hitt voru menn ekki ásáttir, hvaðan þeir stöfuðu. Frakkar trúðu því, að það væri guð, en Englendingar, að það væri djöfullinn. Frakkar litu á Jeanne d'Arc sem dýrting, Englendingar sem galdra-konu. Frakkar höfðu fengið óbilandi traust á henni og á réttmæti konungdóms Karls 7.; en Englendingum hafði hún skotið svo mikinn skelk í bringu, að þeir hörfuðu undan henni hvarvetna, þegar hún lagði af stað í krýningarferðina til Reims; en leiðin þangað lá einmitt gegnum óvinaherinn.

Sunnudaginn 17. júlímánaðar var Karl 7. hátíðlega krýndur í dómkirkjunni þar. Á þeim dögum þótti þjóðinni mjög mikils vert um krýningu, og það er eftirtektarvert, að einföld bóndastúlka skyldi sjá þetta betur en allir ráðunautar konungs. Frá upphafi lagði Jeanne mjög mikla áherzlu á þetta atriði, og til þess hafði hún fylstu ástæðu. Það var svo mikill ávinningur fyrir Karl 7. að ná krýningu, áður en Englendingar létu krýna Hinrik 6., að heita má, að upp frá því væri sigurinn honum í hendur lagður.

Það er sagt, að Jeanne hafi þegar eftir krýninguna beðið konung um heimfararleyfi, með því að nú hefði hún lokið erindi sínu, að leysa úr umsát Orleans og láta krýna konung. En Karl og menn hans höfðu haft miklu meira gagn af henni en svo, að þeir vildu missa hana, áður en Englendingar væru með öllu reknir úr landi. Sögur um afreks- og kraftaverk hennar flugu út um öll lönd, ýktar og úr lagi færðar, eins og lög gera ráð fyrir. Hún hafði náð tökum á hugum allra manna á Frakklandi, jafnvel óvina sinna; þeir óttuðust hana eins mikið og hinir dáðust að henni. Hingað til hafði alt gengið að óskum; með óbilandi trú á köllun sinni hafði hún fengið framgengt öllu því, sem hún vildi.

Daglega og oft á dag hafði hún átt tal við engla og dýrtinga guðs, og þeir höfðu birzt henni í dýrðarljóma. Hingað til hafði hún verið kát og örugg eins og saklaust barn, vís þess, að vinir sínir á himnum mundu veita sér alt, sem hún bæði um. En alt í einu breyttist þetta. Þegar hún hafði afrekað það, sem hún hafði fengið skipun um frá himnum, var eins og hún hefði mist trúna á sjálfa sig. Hún hélt reyndar áfram að segja, að hún hræddist ekkert, en bætti samt við: *n e m a s v i k*. Hingað til hafði hún hrósað sér af því, að hafa aldrei notað sverð sitt, af því að hún vildi ekki mann vega, og að sér bætti þúsund sinnum vænna um fánamerkið sitt. Nú fór hún alt í einu að hugsa um, að sverðið væri gott og hægt að verja sig með því. »Raddirnar« heyrði hún nú sjaldan og henni rann í grun, að ekki mundi hún verða langlíf. Hún hafði á orði, að bezt væri að reyna að hafa sem mest not af sér, því að varla mundi hún endast nema árið; og sú varð raunin á. Alt haustið og allan veturinn var hún eins og áður fremst í bardögunum gegn Englendingum. En 23. d. maímán. 1430 var hún tekin höndum í bardaganum við *Compiègne*, og er sagt, að bæði Englendingar og Búrgúndar hafi furðað sig á því að sjá, að galdrakonan, sem þeir óttuðust svo mikið, var ung og frið stúlka. Búrgúndar tóku hana höndum. En svo var Englendingum ant um.

að ná henni á sitt vald, að þeir keyptu hana dýrum dómum, og sendu hana síðan til *Rouen*, svo að rannsóknar-dómurinn¹ (Inquisition) og vinur þeirra, biskupinn af *Beauvais*, *Pierre Cauchon*, gætu dæmt hana til dauða fyrir galdrá og fjölkyngi. Englendingum lék mjög hugur á að fá það sannað, að það hefði verið djöfullinn, sem hefði verið á móti þeim, en ekki guð, með öðrum orðum, að mærin frá Orléans væri galdrakona en ekki send af guði. En gætandi er þess, að á eftir hinum geistlega dómi átti að koma annar dómur, svo að engin hætta var á því, að Englendingar mistu af hefndum sínum, jafnvel þótt ekki væri hægt að sanna upp á hana galdra. Undirbúningur málsins dróst lengi, en á meðan var Jeanne flutt úr einu varðhaldi í annað. Loksins var réttur settur í málinu 9. janúar 1431 í Rouen og prófin byrjuðu 21. d. febrúarm. Aðal-dómararnir voru tveir, en meðdómendur voru fyrsta daginn 41, og síðar miklu fleiri, því að þetta þótti svo merkilegt mál. Það var það líka í rauninni og skjöl málsins, sem öll hafa verið prentuð, eru aðal-grundvöllurinn, sem nýrri tíma söguritarar byggja söguna af Jeanne d'Arc á. Prófin héldu áfram þangað til í miðjum marz og eru mjög svo einkennileg.

Fyrst vildi Jeanne ekkert segja um vitranir sínar. En guðfræðingarnir spurðu mest um þær, svo að hún varð að láta undan, enda sagði hún í fjórða prófinu, að um nóttina hefði hún heyrt »raddirnar himnesku«, og að þær hefðu sagt sér að svara einarðlega öllum spurningum. Oft og einatt svaraði hún dómurum sínum svo, að þeim varð orðfall. Einu sinni ætluðu þeir að veiða hana með því, að spyrja hana, hvort hún héldi, að hún væri í náðar-ástandi. Hún svaraði: »Ef eg er ekki í því, þá mun guð hjálpa mér til að komast í það, en ef eg er í því, þá mun góður guð einnig hjálpa mér til að varðveita það«. Öðru sinni spurðu þeir hana, hvort Mikael engill hefði verið nakinn, þegar hann birtist henni. Hún svaraði þeim með hædnissvip: »Haldið þið, að drottinn hafi ekkert til að klæða hann í?« Á öllum spurningum, sem fyrir hana

voru lagðar, er auðséð, að dómarrar hennar gáfust fljótt upp við að sanna að hún væri galdrakona, og reyndu að eins að dæma hana fyrir guðlast og villutrú. Sakleysi hennar og guðhræðsla var samt svo augljós, að jafnvel ýmsum meðdómendanna ofbauð meðferðin á henni; þeir vitjuðu hennar í fangelsinu og ráðlögðu henni að skjóta máli sínu til páfans; en biskupinn komst að því, varð reiður mjög og vék þessum mönnum burt. Jeanne bar þessa réttmætu kröfu fram, en henni var ekki sint og allri von var lokið um, að henni yrði réttlæti sýnt. Í dýflissunni var hún höfð í hlekkjum og nótt og dag voru yfir henni þrír enskir hermenn. Hún þjáðist mikið af því, að geta ekki farið í kirkju eða neytt sakramentis um páskana; en til þess að fá leyfi til þess þurfti hún að afneita því, sem hún hafði sagt um raddirnar frá himnum og leggja niður karlmannsfötin. Það gat hún ekki til unnið. Af öllu þessu stríði varð hún veik, en þá urðu Englendingar hræddir. *Warwick* lávarður, sem þá var í Rouen, sagði sjálfur við lækna þá, er hann sendi til hennar: »Konungurinn vill ekki fyrir neinn mun að hún deyi náttúrlegum dauða. Konungurinn hefir keypt hana dýru verði; þér verðið að lækna hana; hún verður að deyja á bálinu.

Henni var því hjúkrað og dómarrarnir komu til hennar til að prédika yfir henni og reyna að sannfæra hana um villutrú. En hún svaraði þeim blíðlega, sagðist vera skírð og vera kristin vel og mundi deyja í trú sinni.

En nú var Englendingum farið að leiðast; þeir vildu að málinu væri flýtt og til þess að hræða Jeanne var henni sýndur böðullinn og sagt að pyndingarferin væru til búin; það hafði alls engin áhrif; þvert á móti var eins og henni yxi kjarkur, enda sagði hún sjálf, að Gabriel engill hefði komið til sín og hún tæki ekkert aftur af því, sem hún hefði sagt, hvað mikið sem þeir pynduðu sig.

Ákæran gegn henni var samin í 12 greinum og Englendingar ákvörðuðu, að hún skyldi lesin í viðurvist lýðs-

ins, bæði til að hræða Jeanne og til að æsa lýðinn á móti henni.

Tveir pallar voru reistir á kirkjugarði nokkrum fænum; á öðrum sátu 2 yfirdómarar og 33 assessorar og enski kardinálinn; á hinum var Jeanne, verðir hennar og skrifarar, sem áttu að rita orð hennar, og enn fremur einn klerkur, sem átti að áminna hana; en fyrir neðan pallinn var böðullinn á kerru sinni til taks að gripa hana, þegar hún væri dæmd.

Athöfnin byrjaði með prédikun, en ræðumaður var svo óheppinn að byrja á því, að ráðast á Karl 7., og segja að hann væri villutrúarmaður. Þá gleymdi Jeanne sér og tók fram í fyrir honum og sagði, að með allri virðingu fyrir honum, þá færi hann þarna með rangt mál; konungur hennar væri göfugastur allra kristinna manna og elskaði trúna og kirkjuna meir en nokkur annar. Henni var skipað að þegja og nú átti að fara að lesa upp dóminn, sem þegar var saminn; en þá lögðu allir, sem nærri henni stóðu, svo ríkt að henni að taka aftur orð sín, að hún varð hikandi. Þeir sögðu henni, að ef hún skrifaði undir skjal það, er kardinálinn enski rétti henni, þá væri hún sloppin úr klóm Englendinga og kirkjan ein ætti að dæma hana; ella mundi hún verða brend tafarlaust. Þá lét hún tilleiðast og gerði sem þeir sögðu.

Biskupinn af Beauvais las nú upp dóm kirkjunnar; hún átti að vera í æfilöngu fangelsi til að iðrast syndanna. En þrátt fyrir þetta var hún fengin Englendingum í hendur aftur til varðhalds. Enskar hefðarkonar heimsóttu hana þar og komu henni til að fara í kvenfötin aftur, því að ein af aðalákærunum á móti henni var sú, að hún væri svo ósvífin að vera í karlmannsbúningi. En undarlegt var það, að Englendingar, sem tóku alt af henni, jafnvel blýhring, sem hún hafði haft á hendinni, síðan hún var barn, létu karlmannsfötin vera inni hjá henni í klefanum, þau föt, sem hún sjálf hafði óskað að vera í, meðan hún þyrfti að vera innan um tóma karlmenn. Var það til að freista hennar? Líklegast er það, enda urðu allir óvinir hennar

næsta gláðir, þegar það barst út á þrenningarhátíðinni 24. maí, að hún hefði af nýju óhlýðnast guði og mönnum, og farið í karlmannsfötin aftur.

Næsta dag var hún yfirheyrð á ný og svaraði þá, að hún hefði heyrt raddirnar af himni, og þær hefðu sagt sér, að það hefði verið synd að afneita sannleikanum af ótta við dauðann. Hún hefði verið svikin; í staðinn fyrir að vera flutt í varðhald kirkjunnar, hefði hún verið fengin Englendingum í hendur aftur og hún álti sig því ekki skylda að bera önnur fót en þau, er hinar himnesku raddir þegar í öndverðu hefðu skipað henni að klæðast í; en hún væri fús að gera alt, sem þeir vildu, ef hún væri að eins höfð í varðhaldi kirkjunnar. Fyrri dómarar hennar hefðu viljað taka tillit til þessa, en þorðu það ekki fyrir Englendingum.

Dauðadómurinn var kveðinn upp 29. maí. Næsta morgun kl. 8 var munkur sendur til hennar til þess að segja henni, að nú ætti að brenna hana lifandi á báli, og til þess að undirbúa hana undir dauðann. Í fyrstu grét hún hástöfum: »Því er farið svona grimdarlega með mig? eg vildi heldur vera hálshöggvin 7 sinnum en brend svona til ösku. Eg vitna til guðs, að eg er ranglega dæmd«. Síðan varð hún rólegri, skriftaði og neytti kveldmáltíðarinnar. En þegar hún sá biskupinn af Beauvais, kallaði hún: »Biskup, þér eruð orsök í dauða mínum!«

Klukkan 9 var lagt af stað með hana til aftökustaðarins, stærsta torgs borgarinnar. Þrír pallar voru reistir þar, tveir úr timbri fyrir dómarana og hina ákærðu, en hinn þriðji úr gipsi og uppi á honum var bálkösturinn hláðinn. Í byrjuninni bar Jeanne sig illa, grét mjög, en engan ákærði hún. Og þegar hún var komin upp á pallinn, kraup hún niður, bað til guðs og bað alla, er í kring voru, að biðja fyrir sér; einkum bað hún prestana að lesa messur fyrir sálu sinni, þegar hún væri dáin. Hún var svo auðmjúk og undirgefin guðs vilja, að allir komust við og jafnvel dómarar hennar grétu hástöfum.

Biskupinn þerraði samt augun, las upp dauðadóminn og sagði, að kirkjan gæfi hana í hendur hins veraldlega dóms. En Englendingar voru orðnir alt of óþolinmóðir til að hugsa um formið, enginn annar dómur var upp kveðinn, heldur skipuðu þeir böðlinum að taka hana þarna og flýta sér að gera skyldu sína.

Jeanne bað um að fá krossmark, og Englendingur einn, sem hjá stóð, batt saman í flýti kross úr tveimur smáspýtum og fekk henni; hún kysti krossinn og stakk honum á brjóstið. En munkur sá, sem hafði fylgt henni og huggað hana, lét sækja handa henni krossmark úr næstu kirkju og á því hélt hún, þegar hún steig á bálköstinn. Þar var hún bundin. Munkurinn stóð enn hjá henni, þegar loginn tók að leika um fætur hennar. Hún bað hann bliðlega um að fara burt. En fólkíð þyrptist að, til að heyra síðustu orð hennar, til að heyra hvort hún mundi ekki ákæra konung að lokum, sem ekkert hafði reynt að hjálpa henni. En svo var ekki; þar á móti voru síðustu orð hennar: »Hvort sem eg hefi vel eða illa gert, þá er konungurinn saklaus; hann hefir aldrei lagt mér nein ráð«.

En loginn hækkaði og hækkaði.

Munkurinn, sem stóð fyrir neðan bálið og rétti að henni krossmarkið, heyrði hana enn fremur segja: »Raddirnar komu frá himnum; þær hafa ekki blekt mig«. Loksins kallaði hún: »Jesús!« og höfuðið hneig niður.

Tíu þúsundir manna grétu, en ritari Englakonungs sagði um leið og hann fór burt: »Það er úti um okkur, því að við höfum brent dýrling guðs«.

Æsingin var svo mikil, að menn þóttust sjá alls konar jarteikn; einn sá anda hennar svífa til himins í dúfulíki, aðrir sáu nafn Jesú skráð í loganum o. s. frv. Merkilegast þótti þó, að þegar allur líkami Jeanne var brunninn til kaldra kola, þá fanst hjarta hennar óskemt í öskunni, og mun þetta vera satt. En svo voru Englendingar hræddir við, að eitthvað sýnilegt yrði eftir af verndar-engli Frakka, sem hægt væri að tilbiðja, að þeir tóku

hjartað og köstuðu því í Signu. Þjóðtrúin segir, að áin hafi borið það til sjávar, en bylgjurnar unnu ekki frekar á því en eldurinn. Það sökk ekki og barst ekki burt, heldur var á verði við strendur Frakklands, svo að her Engendinga kæmist þar ekki á land aftur.

Karl 7. hreyfði hvorki legg né lið til að hjálpa stúlku þeirri, sem hann átti að þakka konungdóm sinn, og er það harla óskiljanlegt. Þar kom samt um síðir, að samvizka hans vaknaði; þá lét hann taka upp mál Jeanne d'Arcs á ný; 123 vitni voru leidd í því, og kom þá sakleysi hennar í ljós. Fyrri dómurinn var ónýttur og Jeanne dæmd sýkn saka, en þetta var 25 árum eftir dauða hennar, árið 1456.

Hér með er saga Jeanne d'Arcs á enda, og hún er stórmerkileg, frá hvaða sjónarmiði sem hún er skoðuð. Ung og umkomulaus stúlka finnur hjá sér köllun til að frelsa fósturjörðina úr óvina höndum. Hún framfylgir þessari köllun sinni með hugrekki og staðfestu, en jafnframt með þeirri auðmýkt, að hún gleymir aldrei, að gefa guði dýrðina.

Hún er í fylsta skilningi dóttir katólskrar kirkju. En biskup og kennimenn þessarar kirkju dæma hana þó fyrir villutrú. Er hægt að hugsa sér meiri píslarvott en þessa tvítugu stúlku, sem er kastað á bál og lifandi brend, af því að hún trúir í hjartans einfeldni sinni öllu því, sem henni hefir verið kent í barnæsku um dýrtinga guðs og dásamlegar vitranir þeirra? Því að þó að misjafnlega sé litið á Jeanne d'Arc, þá hefir engum nokkuru sinni dottið í hug að halda því fram, að hún þættist að eins heyra þessar raddir. Hún heyrði þær í raun og veru, hvort sem þær nú komu frá himni eða frá hennar eigin brjósti; og hún fylgdi sannfæringu sinni alt fram í dauðann, þennan óttalega dauða á bálinu. Þó að t. d. vér Íslendingar, sem eigum svo bággt með að trúa öðru en því, sem vér getum þreifað á, trúum ekki fyllilega á heilagleik hennar, þá hefir hún samt svo marga aðra eiginleika, sem vér hljótum að dást að. Hún var góð og guðhrædd,

hún var hraust og huguð, hún var óserplægin og auðmjúk, og loks var hún saklaus og skirlíf.

Það eru þessar dygðir, sem hafa áunnið henni nafnið: mærin frá Orleans.

Sunnudagsmorguninn 18. apríl. þ. á. mátti í Róma-borg sjá ógrynni fólks þyrpast að Péturskirkjunni. Þar átti að fara fram helgunarathöfn Jeanne d'Arcs. Kirkjan sjálf var prýdd rauðum damastdúkum og silkidúkum með gyltum kögrum; í kórnum voru fánamerki með myndum úr sögu hins tilkomandi dýrlings; en öll var kirkjan uppljómuð óteljandi rafljósum.

Pallar höfðu verið reistir handa helztu gestunum: ættingjum Jeanne d'Arcs, 150 að tölu; ættmönnum páfans, kardinálum og biskupum o. s. frv. Einnig var séð um, að pílgrímar þeir, sem streymdu að úr öllum áttum, fengju að komast inn. Frá Frakklandi nam tala þeirra alt að 40,000 og voru fyrir þeim flokki 75 biskupar og 3 kardinálar.

Athöfnin hófst hálfri stundu eftir dagmál með því, að biskupinn í Orléans las upp páfabréfið um »alsælu« Jeanne. Því næst var sungið: *Ora pro nobis, Beata Joanna . . .* og um leið var mynd af Jeanne afhjúpuð, en rafljósum var svo fyrir komið, að hún birtist í dýrðarljóma. Því næst las biskupinn hina fyrstu messu til dýrðar Jeanne.

Páfinn var ekki sjálfur við staddur um morguninn, en kl. 5 síðdegis lagði hann af stað í kirkjuna, til að heiðra hina alsælu meyju og lýsa blessun yfir fólkinu. Þeir sem við voru staddir segja einróma, að eigi sé hægt að lýsa dýrð þessarar guðspjónustu, sem öllum muni minnisstæð, er á hlýddu. Næsta morgun veitti páfinn viðtal í Vaticanhöllinni öllum þeim, er viðriðnir voru mál Jeanne d'Arcs og tók við gjöfum þeim, er honum voru færðar, eins og vandi er til við slík tækifæri. Því næst tók hann á móti frönsku biskupunum og kardinálunum og loksins, einni

stundu fyrir hádegi, blessaði hann alla pilgrímana í kirkjunni *Saint-Louis des Français*, en þar hafði fögur standmynd af Jeanne verið látin á eitt altarið. Um kveldið byrjaði svo sjálf kirkjuhátíðin: *Triduum*. Svo nefnast þær hátíðir katólskra manna, er standa yfir þrjá daga. Hátíðin endaði að kveldi fimtudags 22. apríl með því að biskupinn í Tivoli hélt lofræðu um Jeanne á ítölsku.

Um alt Frakkland hafa sams konar kirkjuhátíðir, *Triduum*, verið haldnar, en auðvitað bar hátíðin í Orleans af þeim öllum. Hún var með sama sniði og vant var, en miklu tilkomumeiri og stóð í þetta sinn fulla þrjá daga, eða frá kveldi hins 7. maí til 10. sama mán. 40 biskupar sóttu hana og að sama skapi fjölmentu hershöfðingjar og liðsforingjar. Standmyndir Jeanne d'Arcs voru blómum vafðar, og silfurpálmaviðargrein var látin á krossinn, er reistur er hinumegin við *Loire*, þar sem kvenhetjan mikla varð sár. Stórkostlegur samsöngur (500 söngvarar og ótal hljóðfæri) var haldinn að kveldi hins 8. maí og öll borgin var skreytt fánum og uppljómuð á kveldin.

Í Parisarborg var hátíðin haldin 14., 15. og 16. maí; í Lyon og Marseille 21., 22. og 23. maí o. s. frv.

Í sumum borgum Frakklands er hún ekki um garð gengin enn; t. d. á hún að vera í Limoges seinast í júní, í Nantes ekki fyrri en 9., 10. og 11. nóvember næstkomandi.

ÞÓRA FRÍÐRIKSSON.

Hitt og þetta um drauma.

Eftir

GUÐMUND FRÍÐJÓNSSON.

Engin dulargáfa er svo almenn sem draumskygnin; því flesta menn getur dreymt, að staðaldri, ef þeir vilja draumfarir hafa, og sjá þeir þá í svefninum ýmislega fyrirboða ókominna atburða. Eg hefi reynslu fyrir því, að þessa gáfu má glæða eins og hverja aðra gáfu, með því að leggja rækt við hana. En hitt er jafn auðvelt að tortíma henni, eða auðveldara þó, því að það er ávalt auðveldara að eyðileggja hvað sem er heldur en þróa — þeim mun auðveldara, sem léttara er að renna sér niður brekku, heldur en staulast hana upp. Ráðið til að glæða draumskygnina er það, að leggja hugann eftir draumunum á allar lundir: tala um þá og trúá þeim og gera hugann næman fyrir þeim á þann hátt. Viljinn er máttugur í þessu efni eins og öðrum. Enginn maður kemst leiðar sinnar í nokkuri grein, nema því að eins, að hann vilji komast áfram og trúi því, að það takist. Jafnvel trúin sjálf, guðstrúin, er á valdi viljans. Sá sem vill trúá getur trúað, en sá sem vill ekki trúá, hann getur ekki. —

Þvílíkt er mannum háttáð gagnvart draumunum. Sá sem ekkert mark tekur á draumum sínum og vill ekki einu sinni rifja þá upp fyrir sér, hann verður ónæmur fyrir áhrifum draumanna, og hann man ekki einu sinni, hvað hann dreymir.

En sá maður, sem er elskur að draumunum, hugsar um þá á kvöldin og óskar sér draumsjóna, þegar hann fellur í svefninn, og hann rifjar þá upp milli dúranna á nóttunni og á morgnana, þegar hann vaknar alveg. Ef draumelski maðurinn gerir þetta og er spurull þar að auk um draumskygni annara manna og forvitinn um þýðingu drauma og ráðningar, þá verður hann draumamaður með aldrinum og getur ráðið drauma þá, sem helzt er takandi mark á, ef þeir fjalla um þau efni, sem eru nokkurn veginn hversdagsleg og til þess fallin að gera vit úr. Því sumir draumar eru eintóm markleysa.

Það er víst, að þeir eru markleysa sumir hverjir. Það er ekki undarlegt; því að mestur hluti þeirra orðræðna, sem háðar eru manna milli hversdagslega, er markleysa og hégómi. — Og fyrst orðræður mannanna í vökunni eru mestallar svona léttvægar, er það ekki undarlegt, þótt hugsanir mannanna í svefninum séu fánýtar. Eg segi hugsanir í svefninum; því að eg geri mér í hugarlund, að draumarnir séu hugsanir heilans í svefninum, eða einhverrar náttúru mannsins, nema svo sé, að sálir framliðinna manna séu þar að verki og bregði upp dularmyndum draumanna. En þó að svo væri, þá ber samt að sama brunninum: Draumarnir eru alt að einu hugsanir og hugmyndir einhverrar mannveru, sem er ófullkominnar tegundar að eðlisfari.

Það held eg víst sé, að alpýðumenn séu draumspakari en lærðir menn, og sveitafólk fremur en bæjabúar. Eg hefi þreifað fyrir mér um þessar slóðir hvorar um sig og komist að raun um þetta. Þetta er blátt áfram náttúrlegt. Draumskygnin er ein tegund þjóðtrúarinnar, eða er í nánu sambandi við hana. En þjóðtrúin hefir altaf fylgt alpýðunni og jarðvegur hennar enzt bezt í sveitunum. Þjóðtrúin er nokkurs konar bergmál frá huliðsheimum náttúrunnar. Náttúran getur geymt margt í barmi sínum. Alpýðan lifir nær barmi hennar heldur en lærðir menn og kaupstaðabúar, og þess vegna gæti verið eðlilegt, að hún heyrði betur hjartslátt náttúrunnar og fyndi

betur instu slög lífæðar hennar, heldur en þeir menn, sem lifa mestmegnis á yfirborði menningar-glaumsins.

Þessi skýring kemur mér í hug, þegar eg hugsa um orsakirnar til þess, að alþýða manna sér og heyrir, t. d. í svefni, fyrirboða ókominna atburða. Eg bendi á þetta að eins svo sem eins og vörðubrot á veginum. En hitt veit eg vel, að þessar leiðir allar saman eru duldar í fjarska mikillar móðu djúpra dala og liggja sumir þeirra að baki þeirra fjalla, sem ritlistarmennirnir sjá ekki í gegnum. Það skiftir litlu máli, þegar um drauma er að ræða, hvort þeir boða stórtíðindi, eða þeir eru fyrir lítills háttar daglátum. Ef þeir boða óorðna atburði, eru þeir merkilegir og óskiljanlegir, enda þótt atburðirnir, sem þeir boða, séu lítillsháttar. Tökum t. d. þá tegund drauma, sem er algengust: veðurspár-drauma. Þeir eru ekki mikilsháttar að vísu, yfirleitt. En þó eru þeir fyrirboði, sem enginn veit hvaðan kemur, eða af hverjum rótum er runninn.

Oftast dreymir almenninginn í landi voru fyrir veðrum og gestkomum. Þessir atburðir eru algengastir og er eigi kynlegt, þó að þangað bregði draumunum, sem hugurinn hvarflar oftast. Og þó eru draumarnir ekki beinlinis afleiðing hugsunarinnar í vökunni. Eg skal benda á eitt sönnunargagn fyrir þeirri staðhæfingu minni: þegar vér alþýðumennirnir göngum að heyskap á sumrin, eða að fjárhirðing á veturna, höfum vér hugann rigbundinn við þessi störf, af edlilegum orsökum. — Starfinn þessi, hvor um sig, er svo vaxinn, einkum heyskapurinn, að hann krefur þess, að gengið sé að honum af alhuga og alefli. Ef svo væri, að draumarnir væru afleiðing og áframhald hugsunarinnar, sem maðurinn gengur mest með í vökunni, þá mundi okkur heyskapar- og fjármennina dreyma oftast og mestmegnis hey og fé. En svo er þó ekki. Okkur dreymir ekki hey og fé — nema fyrir veðrum. Hey og fé í svefni er fyrir hreggi og hrið úr þeirri átt, sem heyið er í svefninum, eða sauðféð, og er von því meiri úrkomu, sem féð eða heyið er meira. Ef

féð er alt hvítt og fer óðfluga, þá veit það á hvassviðri ásamt úrkomunni. — Egg og fuglar eru sömuleiðis fyrir úrkomu, og skyr og mjólk. — En rauðir stórgripir eru hlákuboðar og brennivín og vatnavextir sömuleiðis.

Eg veit vel, að þetta verður hlátursefni sumum mönnum, að heyra þetta og lesa. En þetta drauma-»skrök« er svo algengt og rótgróið í þjóðlífinu, að það á rétt á sér til rannsóknar, og þegar sannanir koma fram fyrir áreiðanleik þess, þá verður að taka þær trúanlegar.

En það er satt, að sannanir eru ekki algildar í þessu máli, eða svo góðar, sem lögrétta dómstólanna ákveður fullgildar, meðan sannanirnar eru að miklu leyti sögusagnir. Þó vil eg ekki láta véfengja það, sem eg segi frá sjálfs mín reynd í þessum efnum. Og þegar sannorðir menn segja mér frá sinni reynd, þá tek eg það trúanlegt. En þó er þetta ekki sannanir á því líkan hátt, sem það er t. d. sönnun fyrir tilveru sólarinnar, að sólargeislarnir skína í andlit vort. —

Eg hefi nefnt nokkur atriði, sem boða sérstök veðrabrigði í draumi. En ekki nefni eg þá drauma með sérstökum dæmum daga eða manna. Þó mætti nefna marga menn, sem dreymt hefir fyrir veðrum og hafa sagt draumana áður en veðrin komu frá. En þau dæmi eru svo mörg, að stjörnur himins eru ekki fleiri, né hárin á höfði mannsins. Draumar fyrir gestkomum eru og margir. Og einn þann draum ætla eg nú að segja, af því að hann er spánnýr og gerdist á heimili sjálfs mín (í vetur) og var sagður áður en gesturinn kom.

Hjá mér eru tvær mæðgur að heimilisfangi og dreymdi báðar mjög á sömu leið sömu nóttina: þær dreymdi kvenmann, ókunnan, með kníf í höndum og brá hún á sig knífnum og datt í sama veffangi niður. Þetta var aðalatriði draumanna og hirði eg ekki að segja þá með nákvæmara hætti. En næsta dag kom á bæ minn maður nokkur, sem kominn er af merkum mönnum. En á heimili eins merkismannsins, forföður hans, kom það fyrir, að þar dó stúlka af knífstungu og fanst dauð að morgni dags

undir smiðjubeilnum. Svo var að orði kveðið í hárnæli manna, að stúlkan hefði fyrirfarið sér. En í tæmtingi var hitt haft, að sonur merkisbóndans hefði stungið stúlkuna til bana — þungaða af völdum sjálfs hans.

Þetta mál er nú komið undir græna torfu, að því leyti, sem sannleikann snertir: hver valdur var að dauða stúlkunnar. En hitt er enn ógrasgróid: að stúlkan dó af knífstungu, og hitt er jafnvíst: að mæðgurnar dreymdi svo sem fyr er frá sagt á undan gestinum í vetur, sem kom til okkar, og átti enginn maður von á honum, því að hann var ekki heimagangur á bæ mínum, né tíður komumaður.

Marga drauma gæti eg sagt, sem verið hafa fyrir gestkomum. En þennan læt eg mér nægja. Fjöldi dæmanna hefir ekkert gildi fram yfir það sem eitt dæmi hefir, ef það er vel valið.

Vorið 1906 dó merkur bóndi í Reykjadal: Haraldur Sigurjónsson. Hann var kunnur fjölda manna, af því að hann var í þjóðbraut fjölfarinnar póstleiðar og kunnur öllum almenningi að greind og gestrisnu. Hitt var ekki alþjóðu kunnugt, þótt það væri allmörgum mönnum ljóst, að hann var enginn hjátrúarmaður, og hneigðist að trúarskodunum þeirra manna hér í sýslu og víðar, sem trúa ekki á bókstafinn. — Haraldur vissi fyrir dauða sinn, ári áður en hann dó og hafði orð á því við son sinn eitt sinn, er þeir voru að kasta heyi í hlöðu. Hann gat þess þá, að þetta sumarid yrði það síðasta, sem þeir ynnu saman að þessu verki, og hafði hann orð á því, við son sinn, hvernig haga skyldi búskýslu og fjárreiðum, ef sin misti við. Harald mun hafa dreymt fyrir dauða sínum og oftár en einu sinni. Eftir samtal þeirra feðganna í hlöðunni, sem eg gat um, dreymdi hann eitt sinn á þá leið, að hann þóttist vera í orustu einhverri og fekk lag í brjóstið og var sárið mikið, og þóttist hann í svefninum mundi bíða bana af þessu sári. — Hann dó úr brjóstveiki, og lá lengi, á því ári, sem hann sagðist mundi síðast lifa.

Steinþór Björnsson heitir bóndi á Litluströnd við Mý-

vatn, vel gefinn maður og sannorður, enginn hégiljumaður né hindurvitna. Hann var í Reykjavík »frostaveturinn« 1880—81. Hann dreymdi draum einn, nóttina áður en póstur kom að norðan, og mundi sá póstur hafa verið miðsvetrarpóstur. Hann þóttist vera staddur í ókunnum bæ og ráfa út úr bænum út á einhverjar auðnir, snævi drifnar. — Þar sá hann fyrir sér örla á tveim mönnum og voru þeir nærri því á kafi, sá á handlegg annars og höfuðið og úfið hár og í augun, og það sá hann að maðurinn rótaði augunum. En eitthvað sá á fatnað hins mannsins. — Þetta eru aðalatriðin úr draumnum og vona eg, að eg muni þau hér um bil rétt. En um daginn eftir kom sú frétt með póstinum, að tvær stúlkur hefðu orðið úti frá Þverá í Laxárdal og fundust þær eftir fimm sólarhringa útivist, í aftaka stórhriðargrimd, þannig á sig komnar, sem Steinþór sá mannamyndirnar í svefninum. Önnur þeirra var með lifsmarki og hvikaði augunum því líkt sem Steinþóri sýndist í draumnum. Og þannig voru þær huldur í snjónum, sem fyrir hann bar. En í húsi því, sem Steinþór bjó í, var systir annarar stúlkunnar, sem úti varð — eða einhver nákomin stúlka. Eg þykist vera viss um, að það sé rétt í minni mínu, að það væri systir hennar. En af því að eg tek þetta eftir minni mínu, slæ eg þennan varnagla. Steinþór hefir sagt mér sjálfur frá þessu og tel eg hann ágætan heimildarmann. En ef eitthvað er ónákvæmt í smærri atriðum draumsins, þá er mér um að kenna. En aðalatriðin eru rétt hermd.

Þessir draumar, sem eg hefi nú sagt, eru mjög merki- legir að því leyti, að þeir geta ekki verið runnir af rótum hugsunarinnar í vökunni, og get eg þessa fyrir þá sök, að margir menn vilja rekja draumana til þeirrar rótar. — Stúlkurnar, mæðgurnar, sem dreymdi í mínum húsum stúlkuna með knífinn, gat ekki dreymt á þessa lund sökum hugsunar sinnar. Þær bjuggust ekki við gestkomunni, né heldur höfðu þær rætt um eða hlýtt á umræðu um þá fornu atburði, sem gerðust, þegar stúlkann dó af knífstungunni. Önnur þeirra, móðirin, hafði að vísu

heyrð þetta óskaplega »æfintýr« fyrir löngu. En dóttir hennar hefir víst ekki verið búin að heyra það nefnt, þegar hana dreymdi þetta. —

Og Haraldur bóndi á Einarstöðum — hvernig átti hann að vita fyrir dauða sinn? — Því dreymdi hann á þessa lund, að hann væri lagður vopni í brjóstið, ef draumarnir eru afleiðing hugsunarinnar í vökunni? — Hann var að vísu ótraustur fyrir brjóstinu. En var ekki veilari þessi missiri en áður, fyrr en hann lagðist.

Og Steinþór — því dreymir hann atburð, sem liðinn er fyrir einum mánuði, með öllum ummerkjum, nóttina áður en atburðurinn kemur til hans í bréfi, í það hús, sem systir stúlkunnar býr í, sem úti varð? Þetta alt saman verður ekki leyst til úrlausnar með röksemdum.

Eg hefi haft gaman að draumum, síðan eg var milli vita, og dreymt hefir mig eitthvað flestar nætur, eða allar, þegar eg hefi verið heima hjá mér og í réttum skordum. En flestir eru draumar mínir litilsháttar og ekki færandi í frásagnir. Og þó þykist eg ekki hafa lifað þá nótt, sem mig hefir ekki rámað í drauma mína að morgni, og þykist eg þá hafa týnt þó nokkuru fémæti á því dægri.

En fyrst eg hefi nú sagt drauma annara manna, fáeina, ætla eg að gera sjálfum mér jafn hátt undir höfði, sem eg hefi gert fáeinum náungum mínum og segja einn draum, sem mig hefir dreymt. — Eg býst ekki við því, að eg verði rengdur um sannsöglina, eða mér verði brugðið um það, að eg »skáldi« drauminn, því að þá væri mér gert rangt til. — Eg tek þennan draum, af því að mér þykir hann betri en aðrir draumar mínir og dýpri að þýðingu, eftir því sem hann kom fram. Sú saga er á þessa leið:

Eg var staddur á Akureyri að vetrarlagi og dvaldi tímakorn í húsi Stefáns kennara Stefánssonar og húsfreyju hans og í góðu yfirlæti. Ferð minni var þannig háttad,

að eg gat verið að heiman, þó nokkurn tíma, án þess að nokkuð mundi horfa til vandræða á heimili mínu. Og var eg því í góðu skapi og öruggum hug og undi mér vel.

En þegar eg var búinn að dvelja hjá Stefáni nokkurar nætur, bregður svo kynlega við, að mig tekur að dreyma illa og erfiðlega — með þeim hætti fyrst og fremst, að eg þóttist vera í ógöngum staddur og í hömrum nokkurum. Það vissi eg ekki, hvar í veröld hamrarnir voru, því að eg þekti mig ekki í svefninum. En það eitt vissi eg, að eg komst hvorki fram né aftur og ekki upp á við. En sjór var undir hömrunum og fjörumál, og sá eg fram á fjörð, og nú komst eg niður í fjöruna, »eins og í draumi« og þá leystust vandræði mín í svefninum, með því móti — að eg vaknaði. Þennan draum og því líkan hafði eg tvær nætur. Og réð eg hann á þá leið, að eg mundi hreppa hörð veður á heimleiðinni. Eg var gangandi, og þetta var í bláasta skammdeginu og svartasta, þegar von er allra þeirra veðra sem vond eru. Ferðalög allskonar þoldi eg illa, bæði á sjó og landi, og hugði eg að brattinn í svefninum mundi verða fyrir því, að Vaðlaheiði yrði mér örðug í vökunni. Mig hafði dreymt áður á æfi minni á þá leið, að eg var í ógöngum og klettariði og varð mér það fyrir hörðum veðrum og þeim örðugleikum, sem þau hafa stundum í för með sér, við fjárgeymslu og önnur heimilisumsvif. Eg var þessvegna hérumbil óhræddur við þennan draum, enda þótt þjóðtrúin kveði svo að orði, að hamrar í svefni og fjallaskriður séu fyrir veikindum í vöku, sömuleiðis sjór og vötn, sem eru mannum ægileg í draumnum, eða til farartálma.

Eg hafði orð á draumþrautum mínum við Stefán kennara og frú hans og sneri þó frásögninni í glettingar. Stefán hafði enga trú á draumum eða fyrirburðum, og hafði eg gaman af að veга salt á móti honum í því efni. Eg lét í veðri vaka, að eg ætti ekki sjö dagana sæla í húsum hans, þar sem mér væri sýnt svona í tvo heimana undir þaki hans. — En eftir þriðju nóttina, sem mig dreymdi aðaldrauminn, leizt mér ekki á blikuna, því að þá tók

steininn úr og hafði eg þá þau orð við hjónin, að morgnidagsins eftir draumanóttina, að nú færi eg heim á leið og dveldi þar ekki lengur; því að annaðhvort mundi ganga eitthvað að fólki mínu heima, eða nokkuð ilt lægi fyrir sjálfum mér. En hvort sem heldur væri, skyldi eg heim til mín fara og taka þar við því sem að höndum bæri. En þess vegna sagðist eg þaðan fara sem skjótast, að mér stóð til boða að dvelja lengur hjá Stefáni, ef eg vildi þar vera enn um sinn. Og þann dag lagði eg af stað heim á leið, og hafði útivist hæga og góða heimkomu. En draumur minn var á þessa leið:

Eg þóttist vera staddur í húsi einhverju og ókendu. Þar var svo háttað húsaskipun og herbergja, að aðalsalur var í húsinu og þar undir jarðhús og lágu göng niður í jarðhúsið af aðalgólfi. Tröppur voru í jarðhúsgöngunum úr grjóti og horfði tröppugangur þessi móti vestri. Göngin voru úr torfhleðslum til hliðanna og torf í rjáfrinu og lágu göngin þannig, að rjáfrið hallaðist niður að sama skapi, sem tröppurnar gengu niður í jörðina. Eg þóttist ganga niður tröppurnar, þar til eg sé, að hliðveggir þessa rangala bunguðu inn, eins og hleðslurnar væru að bila, og við þessa misfellu þrengdist gangurinn til muna. Og þarna uppi í rjáfrinu löfðu torfutuskur niður í ganginn á sama stað, sem hleðslurnar bunguðu inn. Mér leizt illa á þetta í svefninum, og þóttist nema staðar og hugsa á þá leið: Er það skynsamlegt að halda áfram þarna niður í jörðina? Mér þótti vera spölur enn eftir niður í jarðhúsið. Og mér kom í hug, að þessi mjódd í rangalanum mundi síga saman og þrengjast, meðan eg væri niðri í jarðhúsinu. Og það þótti mér vera vafasamt, að eg kæmist þá upp fyrir mjóddina aftur. Þá kom mér og það í hug í draumnum, að eg ætti ekkert erindi niður í jarðhúsið, í raun réttri. Og að öllum þessum ástæðum samanlögðum og vegnum á draumavogina, sneri eg við í rangalanum og hafði mig út úr þessu vöfundarhúsi. — Þá var og draumnum lokið.

Eins og eg gat um fyrir stuttu, var heimili mitt laust við allan vanda, þegar eg kom heim til mín og komst eg

í engar ógöngur né fólk mitt þau missiri — var auðvitað skammaður eitthvað í sumum blöðunum eins og vant var — en ekki heldur meira en vant var, svo að fyrir þeim viðkvæmnisbeyglum, sem opinberum illyrðum fylgja, gat mig ekki dreymt í þetta sinn, fremur en önnur missiri, þegar eg var þolandi í þeim sökum. —

En Stefán kennari slapp ekki alveg við skardan hlut: Hann lagðist fáum dögum eftir brottför mína úr húsi hans í »skarlatssótt« með svo miklum ofurhita, að nálega tók yfir líf hans og krafta. En þegar hann kom fótum fyrir sig, lagðist húsfreyja hans og barn þeirra annað í tauga-veiki og mátti segja að sverð dauðans hængi yfir húsinu hálfan veturinn.

Þá sá eg hvað draumur minn þýddi: Hættan, sem yfir mér vofði, var táknud með jarðhúsinu og göngunum. Ef eg hefði dvalið lengur hjá Stefáni í þetta sinn, mundi eg hafa lent niðri í jarðhúsinu og komist í þvilíka tvísýnu með líf mitt, sem mér þótti tvísýnt í svefninum, að eg ætti afturkvæmt úr jarðhúsinu og upp fyrir mjóddina í göngunum, ef eg færi niður í þá kjallaravist. —

Mér þykir þarfleysa að segja fleiri drauma úr rusla-skrínu sjálfs mín. Þessi er fullgildur og mun hann eigi fyrnast mér meðan eg lifi. Það þykir mér einkennilegt í þessum draumi meðal annars, að tröppugangurinn lá niður í jörðina móti v e s t u r á t t — móti dagsetrinu og nóttinni, en þar sem dagurinn deyr og sólin sloknar, hugsam vér okkur dyragátt dauðans. —

Þannig eru draumarnir: eins og hálfkveðin vísa, eða gáta, stundum eins og hálfgildings skáldsaga, sjaldan blátt áfram, eða líkingalausir, þeir sem nokkuð kveður að. En flestir draumar ern lítillsháttar, enda er flestum ofurefli að ráða þá.

En hvernig stendur þá á draumunum? Eg get ekki látið vera að varpa fram spurningunni, þótt eg geti ekki svarað henni til hlítar.

Draumunum er þvilíkt háttað sem þyngdarlögmálinu: enginn veit hvernig á því stendur, en þó verðum vér varir við verkanir þess. Vér verðum varir við draumana og og komumst að raun um fyrirboða þeirra, stundum, að þeir eiga sér stað. En enginn veit, hver þeim veldur.

Þó að vér segjum, að draumunum valdi undirmeðvitund mannsins, þá er það ekkert svar — engin ráðning gátunnar. Og undarlega mætti hún vera skáldmælt og dráttþög þessi kjallaravera okkar, eða undirvitund, ef hún ætti að geta búið til annað eins málverk eins og t. d. þennan draum minn og aðra enn betri.

Getgátur hafa auðvitað ekkert sönnunargildi í þessu máli, heldur en öðrum. En ef eg skyldi nokkurs til geta um orsök draumanna, til gamans mönnum, eða þá ásteytingar, mundi eg helst geta þess til, að sálir framliðinna vina vorra og ættingja drægju upp fyrir okkur draumamyndirnar í svefninum og notuðu sér líkingar þessar, af því að þeim væri ókleift að tala við okkur blátt áfram, sakir þess að djúp mikið er milli þeirra og vor, og enginn talsími milli veraldanna né heldur neistaskeyta samband. En ólíklegt er að þorri manna fallist á þessa getgátu.

Aths. ritstj.:

Þó að rétt þyki eftir atvikum, að Skirnir flytji fram-
anprentaða grein, dylst oss ekki, að hinn háttvirti höf.
hefir eingögu lítið á málið frá alþýðlegu sjónarmiði, og
ekki tekið til greinar rannsóknir á því, sem gerðar hafa
verið með vísindalegri nákvæmni. Vitneskju um þær
rannsóknir kennir ekki heldur í öðrum ritgerðum íslenzk-
um, þar sem að sama efni hefir verið vikið. Þegar tími
vinst til og rúm í Skirni, mun verða gerð dálítill grein
þess, hverjar ályktanir skynsamlegt virðist að draga af
þeim athugunum.

Grikkir og Páll postuli.

Kaflí úr tölú eftir enskan ræðuskörung, *W. J. Fox*, † 1864, frænda stjórnvitringsins fræga með sama nafni † 1806. Fyrirsögn tölunnar var „Grikkland og Páll postuli á Aresarhæð“.

Frá því er lýsa tók af degi mannvits og menningar í álíu vorri, hefir hróður Grikklands farið með himniskautum. Á fjöllum þess settu frelsisins guðir há-sæti sín, helguðu sér hafsins öldur og blésu yfir þær ógn og storkun móti harðstjórnanna óvígu herfylkingum. Þar léku við lýðinn listir og íþróttir, er fyltu hús og heimkynni hverskyns prýði, stráðu lífsveginn rósum, bundu um brár manna ljósgrænum laufsveigum, smíðuðu lífræn líkneski, skreyttu torg og tún mjallhvítum marmarahofum, fyltu skynfæri manna fegurðarunaði og breiddu loks blæju friðar og indælis á látinna leiði. Þar kom fram óðsnildin ífærð algervum skruða úr gróðurþrungnum andans akri — eins og Mínerva í sögunni kom úr höfði Seifs íklædd alvæpni og búin til að hnekkja tímans táli og hertaka hjörtun. Þar stóðu á þingi ræðuskörungarnir, er aldrei sáu sína líka, og gáfu heiminum fyrirmyndir málsnildarinnar — strengleik sálar, hörpu hvers hugskots og geðbreytinga, tón eftir tón. Hér undu heimspekingarnir frægu í grænum lundum og gangsvölum skínandi sala, hér kendu þeir orðspekina, lífsspekina, djúpspekina, er ala skyldi og efla andans innri öfl og þroska og fylla þá fósturjörð frægð og vegsemd, sem sjálf var vegsemd allrar veraldar. —

Líklegt er að engin endanleg listasmíði hafi til verið eins töfrandi eins og blasti við auganu, er gengið var gegnum Apenuborg í almætti hennar. Frá hennar hernumdu,

sundurbrotnu listaleifum hafa vorir listamenn fengið frægð sína og snild, og í þeim afgangsmolum á vor-þjóð þá fjársjóðu, er vekja eftirsjón allra síðaðra þjóða. Hugsið yður þessa mola heila — blikandi í sólarljóma ættjarðar þeirra, hvern á sínum stað í samhljóðan við hallir og hof! hugsum oss á reiki um þau torg og stræti, þar sem stóðu á tvær hendur og hvar sem lítið var eintómar radir godumlíkra, skínandi líkneskja! og síðan stíga þaðan upp í háborgina (Akropolis), hið háreista vígið, bæði til varnar og viðfrægðar borginni! að hafa séð — hugsum oss það! — hin vegsamlegu helgihöld og hátíðir, skraut hofgodanna, rausnarviðhöfn blótanna, hinar sístreymandi fjölskreyttu fylkingar skruðgangnanna, fjölmenni samkomanna, bólstra hins ilmanda reykersis, sem eitt skygði hið heiða og hreina himinloft; og svo hinn dillandi hreimur og söngspil frá svölum og hofsríðrum, þar sem hver máttarviður var siglutré persneskra stórskipa; svo og hin tignarlegu sjónleikasvið, sem fremur fyltu lýðinn háleitum hugsjónum en þau skemtu skilningarvitunum. Og loks uppnám og hamfarir kappleikanna og úthlutun sigurlaunanna: kórónusveiga viðsmjörsviðarlaufanna, grenisins eða pétursseljunnar, er þá voru í því verði, að ekki mundi grískur sigurvegari hafa skift né einum þeirra fyrir hið dýrasta konungsdjásn nútímans Evrópu.

Að hafa horft á allt þetta og séð, að skurðgodatrú var lífið og sálin í því öllu og drotnaði yfir hugum og hjörtum, það vakti vandlætishug slíkrar trúarhetju sem Páll var. Veikari trú en hans hefði bráðnað í bikar töfranna, runnið saman við hina heiðnu dreypiförn. En Páll vissi hitt, að undir hinu fagra yfirborði leyndist vefur lygi og spillingar, risabákn svika og sjónhverfinga, bæði uppspretta og afleiðing glæpa og glapráða; grundvöllurinn skröksögur, véfréttirnar fals og hjátrú, tíðþjónustan hé gómi. Hann vissi, að guð er einn, bæði samkvæmt auglýsingum náttúrunnar og röksemdum Krists. Hann vissi og, að þakknæmileg lotning er eigi fólgin í blótfórnum til að sefa reiði guddómsins, né í ytri dýrð til fagnaðar hon-

um, heldur í iðrun og sonarást, í anda og í sannleika. Hann vissi, að skinhelg trúarbrögð æli spilta síðu, sliti skyldunnar vébönd, saurguðu alla helgi, og leiddi æ lengra brott frá þeirri hágöfgi, að vita sig sonu guðs, berendur hans myndar og njótendur hans velþóknunar. Eftir þeirri lífsskoðun gekk hann, og hann vann mikið afrek og skörulegt fyrir kristindóm og mannkyn. Þegar hann stóð og virti fyrir sér mannmúginn, er saman var kominn, stóð hann og var alþúinn að senda honum beint í hjartastað hvassar örvar helgrar sannfæringar. Og þarna var mannfjöldi saman kominn svo skarpvitur, svo gagnrýnandi, svo fágadur og svo fikinn í nýmæli, svo þyrstur í málsnilli, en um leið svo vanstiltur og firtinn, að hinn minsti eimur eða áherzla útlendrar og óheflaðrar tungu hæglega mátti spilla mestu ræðusnild og röggsemi, — mannfjöldi, sem við mátti búast að hefði öll varnarvopn sinnar tungu á lofti móti snjallasta boðskap kristinnar trúar. Þar stóð hofgoðinn, er furðaði sig á ofdirfsku hins aðkomna útlendings, og hann mældi með augunum, ýmist með reiði eða fyrirlitning, afl þess Samsons, er svo ósleitilega greip um stoðir hans musteris, sem vildi hann umsteypa því með þess blótstöllum og gervöllum goðum. Þar stóð *Stóu*-spekingurinn eins og ofrembings-ofviti og horfði niður fyrir sig, sem á barn að leik með börnum og sem hann vildi sjá hvort nokkurt leikspil væri nýtt að sjá eða heyra. Þar var lífsnautnar-vitringurinn af flokki Epíkúrs, er hugði vel að orðum prédikarans, hvort þar mundi nokkuð til gamans á borði, og það brást honum ekki, því að þegar Páll kom með upprisu framliðinna tók hláturinn fyrir mál hans. Þar var og Sofistinn og lá honum við brosi, er hann heyrði hve kringt Páli fór í formála ræðunnar, en eftir á fanst honum fátt um kenning hans, eins og slíkum mönnum jafnan verður, er þeir heyra aðra bera fram sannfæringarmálefni með einlægri ákefð. Þar stóð ánaudu-gur maður og hlýddi til á lengdar og eins og í óleyfi, ef verða mætti að til sín bærisk orð og orð yfir höfuð hús-bónda hans af hinn nýstárlegu fögru kenning um bróð-

erni allra manna. Þar var ungur og ættstór Rómverji, er komið hafði frá Rómaborg með allan hennar drotnunar-svip í augum og yfirbragði, til að tileinka sér alt það, sem listamenn og skáld, spekingar og visindamenn máttu bjóða sem skylduskatt höfðingjum jarðariunnar. Og loks hefir að líkindum einhver landi postulans staðið eigi all-fjarri og rent leynilegu lymsku-hornauga, hataður og hat-ursfullur, til hinna viðbjóðslegu heiðingja, en síðan horft með enn meiri heift og bræði á hinn frávilta son Abra-hams, er svo dælt gerði sér við óumskornar sálir, að hann bauð þeim til samneytis í kærleik og heilagleik í nafni hins viðurstygglega Galilea!

M. J. Þýddi.

Erlend tíðindi.

Ofriðarspár og umræður um vígahug og herbúnað hafa verið einar háværustu raddirnar í Norðurálfunni þessa síðustu mánuði og eru óhásar enn. Stafar órói sá og hávaði sérstaklega af herbúnaði Þjóðverja og aðförum öllum, því þeir eru nú römmust og harðbrynjuðust herþjóð á meginlandinu sem stendur og í rauninni versti valnastakkur veraldar og ekkert olnbogamjúkir. Þó hafa þeir haft hægt um sig síðasta mannsaldurinn, enda haft sæmilegt að vinna að halda herfangi sínu og völdum.

Samt fór Vilhjálmur keisari þeirra að stjaka eitthvað fyrir skömmu við afskiptum Frakka í Marokkó, norðvestan á Afríku, en þó þessir stóru glatúnshundar gjömmuðu þar dálítið og urruðu, þá urðu engin áflog úr þessu, því þeir lögðu málið í gerð og könnuðust nú báðir við um daginn, að hafa þar ofgert, og höfðu báðir skömm af, og endaði vel.

En það bar annað til núna í vetur, sem hitaði alvarlega stórveldunum, og það var innlimun Bosníu og Herzegóvínu í austuríska keisararíkið, og var þess atviks getið hér í fréttagripinu síðasta. Þessu er svo háttað, að eftir að Rússar höfðu limað frændur sína á Balkanskaganum nokkurnvegin af Tyrkjanum í ófriðnum 1877, þá samdist svo á stórveldapönginu í Berlín 1878, að löndin Bosnía og Herzegóvína skyldu koma í umráð Austurríkis en vera undir fullveldi Tyrkja sem fyr. Nú var á því sjálfsköpuð ábyrgð stórveldanna, að þessum fyrirskipunum þeirra yrði ekki haggað, ef þau áttu að halda virðingu sinni og valdi, enda hefir þar öllu mátt heita lítið haggað til þessa. Búlgarar gerðust reyndar óháð konungsríki nú í febrúar, en það mátti kalla, að það gerðist í friðsemi milli þeirra og Tyrkja, þó það væri með aðbeiningu Rússa, og stórveldin hafa látið það gott heita og virðist, sem þau telji það sjálf nægja til fulls sjálfstæðis í reyndinni, ef landið getur fleytt sér og þau mótmæla ekki, þótt þau viðurkenni ekki fullveldið í orði.

En hér rífur eitt stórveldið sjálft berlínarsamþykktina í sundur til eiginhags sèr, og dettur engum manni í hug að slíkt jafn vanbúið ríki sem Austurríki hefði þorað að fleygja þessu stórveldaskjali í svaðið og stappa ofan á það framan í öllum stórveldunum, ef Þýzkaland hefði ekki staðið að baki með báða hnefa krepta ef einhver hreyfði sig. Smáríkin urðu æf, einkum Serbar, því þeir hyggja á bandalag við Bosníu og Herzegóvínu og hétu á Rússann, frænda sinn og vin, til verndar þeim öllum. Rússar urðu sóma síns vegna að mótmæla aðförum Austurríkis, og þó ógróiu sé sár Rússans, þá hefði Austurríki fljótlega orðið að taka upp sneplana, ef það hefði verið eitt í ráðum, en þá lýsti ríkiskanzlarinn þýzki því á þingi, að Þjóðverjar stæðu óbifanlegir við hlið þessum 30 ára trygðavin sínum, og svo hvíslaði hann um leið einhverju að Rússanum, sem allir sáu en enginn heyrði, en það var nóg til þess, að Rússar lýstu yfir því, að þeir mættu enga hjálp veita frændþjóðum sínum sakir fornra samninga við Þjóðverja, en það segja allir hiklaust, að þeir hafi hótáð Rússum báli og brandi þegar í stað, ef þeir þegðu ekki eins og steinar. Urðu Serbar þá að slíðra sverðið og ráku ríkiserfingja ræksni sitt í útleð, þann sem mest lamdi á skjöldinn.

Þjóðverjar. Hver er tilgangur þeirra? Hvað ætlast þeir fyrir? Því svarar enginn nema óljóst og í ráðgátum, en helzt er að sjá að grunur manna sé þessi:

Austurríki er klambrað saman úr ýmisum alóskyldum bútum og mesti ótti á, að það gliðni til fulls í sundur þegar Frans Jósef keisari fellur frá, og það getur borið að á hverri stund, því hann er nú kominn að áttræðu (f. 1830). Nú vilja Þjóðverjar tryggja sér sem allra bezt ástarþel bræðra sinna þjóðversku, sem mestu ráða í Austurríki og taka svo við þeim og öllu, sem hræmt verður, og ef til vill meiri hluta ríkisins, þegar sem um losnar eða fá þann hlutann að minsta kosti í fast samband við sig. Balkanlöndin slavnesku geta þeir svo tengt í bandalag og gert að öflugu ríki. Ungverja eða Bæheim taka þeir eða kúga til sambands.

Hversu um Tyrkjalönd fer, er komið undir því, hvert hlutskifti Rússlands verður, en það þykir einmitt líklegast, að Þjóðverjar leyfi Rússum að leika sem þeir vilja við frændur sína á Balkan og gefi þeim í viðbót Litluasíu frá Tyrkjum, en taki Miklagarð sjálfir og löndin þeim megiu. Það má helzt ráða í, að menn gruni, að þetta séu sennilegust undirmál Rússa og Þjóðverja, því þeir dylja þess vandlega hver þau eru. En sé þetta ætlunin, þá

er sjálfgert bandalag milli þeirra til að berjast fyrir lífi sínu móti Bretum og Frökkum. Ítalir eru ekki nefndir, en eðlilegra virðist, að þeir yrðu Breta megin, en geta vel setið hjá.

Gengi þetta fram, fengju Þjóðverjar lausa höndina vestan megin til að laga til hjá sér þar með Danmörku og Hollandi ef þurfa þætti, því það kostaði ekkert.

Auðvitað er þetta grunur manna og getur, og þó sagt svo varlega, að stundum sést varla hvað við er átt, en mjög merk blöð og tímarit, svo sem *The Review of Reviews* benda Balkan ríkjunum á, að sameina sig sjálf sem allra bráðast, svo þau fari ekki í pottinn og ýmsir láta Tyrki skilja, hvers þeirra bíður.

En hvað sem þessu öllu líður, þá veit öll veröld, að Þjóðverjar hafa hervæðst látlaust meira en 50 ár og aukið flota sinn, síðustu 20 árin, svo sem þeir megnuðu ítrast, og núna árið sem leið hafa þeir verið að reisa 4 tröllbarða, þessa óvinnandi, og sjá bæði Bretar og aðrir, að flotafla Þjóðverja er eingöngu miðað á Breta og heimsveldi þeirra, og til þess varið öllu afli og nærri um megn. Og þetta er ærin bending, því enginn maður getur séð neinn stein annan á vegi Þjóðverja, sem slík heljartök eigi að lyfta. En auk alls þessa eru Þjóðverjar að koma sér upp aragrúa af loftförum til hernaðar og eitthvað þegar fullgert.

Bretar hafa lengi haft illan bifur á herbúnaði Þjóðverja og þó einkum á herskipahamförunum, en hafa þó farið fremur hægt að flota-auka hjá sér, enda talið sig eiga nægan flota til að mæta tveim stórveldum, hver sem væri, ef í það færi. Þjóðverjar höfðu og ákveðið í fyrra, að reisa að eins 2 tröllbarða hvort árið næsta, en svo kom það í ljós í vetur að þeir eru 4 á ferðinni, og skýrðu Þjóðverjar það svo, sem þeir hefðu víðað að sér til allra skipanna í ár, sakir þess að efni væri alt í svo lágu verði, en þegar við þetta bættist smíði allra loftfaranna og áhugaofboð keisara og herföngja á þeim, þá fóru Bretar að kenna sín og það alvarlega, sáu að hér gat að minsta kosti verið fjandi í leggunum og kváðu sum blöðin svo hart að orði, að England gæti fengið heilan flota loftskipa yfir sig á hverri stundu og Lundúnaborg staðið í björtu báli en floti Þjóðverja búinn að ná þeim að þrem árum liðnum, 1912. Þetta greip svo illilega þjóðina, að mörgum fataðist alveg stillingin og fóru menn að sjá loftför Þjóðverja kvölds og morgna yfir ströndunum á njósn, en það vitnaðist brátt, að þetta voru loftbelgir frá vélasmiðjum, sem þær sendu til auglýsinga og eftirtektar mönnum,

en þó fólkið spektist, sáu allir alvöruna, og þegar stjórnin bað þingið um fé til 4 tröllbarða í ár kröfðust margir þess hástöfum, að byrjað yrði á 8 tröllum þegar í stað, og varð það ofan á eftir afarníkla rimmu, þótt ægilegt væri, því ekki eru þetta nein 50 ára barnagull.

Smíð slíks risa-bryndreka stendur yfir í tvö ár og kostar fleytan ekki minna en 36 til 40 miljónir króna hver. Og 20 slíkar verða Bretar að vera búnir að reisa 1912 og verða þó ekki nema 3 á undan Þjóðverjum, því 17 36 miljóna tröll ætla þeir að eiga sér þá. Með þessu minst þykjast Bretar geta borgið heimsveldi sínu og allsherjar friði og þó því að eins, að þeir verji of fjár til loftskipa sem allra fyrst. Því enginn maður veit nú, nema þau geri alla tröllbarðana alls ónýta á fám árum og er það hryllileg hugsun, og heiminum líklega þó eina björgin, því »annaðhvort hljóta loftherskipin að aftaka allan hernað eða gjöreyða heimsmenningunni,« segir W. T. Stead.

En þó svona hafi nú hitnað síðustu vikurnar og við og við volgni í hér og hvar, þá verður ekki séð, að neitt ófriðarbál sé í vændum í bili, þó blöðin láti ófriðlega, því hvað sem Þjóðverjar ætla sér, þá sýnast þeir engan veginn tilbúnir enn og mun öllu óhætt að minsta kosti til þess er heyrast lát eða fráför Franz Jósefs keisara.

Þó hingað væri símað fyrir nokkurum dögum, að rússneskt herskip hafi skotið á farmskip brezkt, þá verður tæplega mikið úr því og naumast hugsanlegur ófriður milli þeirra þjóða fyrst um sinn.

Nýlendum Breta. Þeir eru hin eina þjóð í heimi, sem lærst hefir að stjórna nýlendum til þrifuaðar, enda blómgast þær allar sem að heiman eru bygðar og

In d l a n d sennilega að lagast. Að minsta kosti virðist þjóðin fremur hafa spekst um stund við þá réttarbót, að fá einn landa sinn í röð brezka jarlsins og hluttöku í löggjöf sinni.

Kanada og Bandaríki Ástralíu ætla nú að fara að kosta herskip til styrktar Bretaveldi, og Nýja Sjáland ætlar að gefa Bretum einn tröllbarða. Íbúar eru tæp miljón og verður það því um 40 kr. skattur á nef. Alt verður þetta Bretum mesti styrkur og hafa Þjóðverjar séð það síðustu vikurnar, að affarasælla er að farast sæmilega við nýlendum sínar, en að flá þær og hor- draga eins og þeir hafa gert.

Bandaríki Suðurafríku eru nú alstofnuð og hefir

Bretum lánast að klóra fljótt og vel yfir þá heimsvanvirðu sem þeir unnu á Búum. Það hefir reynst svo, sem allir góðir menn óskuðu, að sú þjóð, sem lagt hefir til suma hina ágætustu bjargvætti heimsmenningarinnar, ætti einn þá menn, sem vildu, að okkur yrði bætt þetta bróðurmorð, því þar vorum við allir baugþiggjendur.

Þetta eru hinar einu gleðifréttir þessara þriggja mánaða.

Geta skal þess, að Bretar verða að leggja á sig ærna gjöld til hins mikla herkostnaðar og að nokkru leyti til ellistyrksins, sem minst var á síðast, en kváðu niður enn sem fyr allar raddir um tolla á nauðsynjavöru, eins kaffi, sykri og tei, en fjármálaráðgjafi lagði til að þeir hækkuðu enn toll á víni, svo hann verði nú fullar 2 kr. á Whiskypotti, eins hækkað á tóbaki að mun. Svo lagði hann til, að leggja nýjan skatt á alla stærstu jarðeigendur í landinu og hússtæðaeigendur í bæjum og nokkur fleiri skattánymæli minni háttar. Með þessu hygst stjórnin fá efni til að hafa hervarnir og flota framvegis í því lagi, að Bretar geti haldið hafinu og skákað Þjóðverjum og öðrum bæði heima og heiman.

Danmörk. Þaðan eru litlar fréttir og heldur illar. Þar hafa nú farið fram kosningar, sem getið var síðast að til stæðu og stóðu þær, eins og þar var sagt, um víggirðingu Kaupmannahafnar, hvort víggirða skyldi, eða að hve miklu leyti, en það mál er að eins einn þátturinn úr þeim vandræðaherfjöttri þjóðarinnar, því máli, hvort hún skuli hafa landvarnir eða hversu þeim skuli þá haga, og hefir það mál alt verið ein hin versta mara á þjóðinni nú um 30 ár. Þetta mál hefir verið einkar vel lagað til pólitískra æsinga og stjórnarofbeldis, því þjóðin finnur að hún getur orðið í verstu vargakjöftum áður en varir, en sárþráir að tryggja líf sitt og frelsi.

Stefnurnar í málinu eru í rót sinni þær tvær, hvort ríkið eigi að fá sér friðtryggingu stórveldanna og hafa svo að eins lögreglu-lið á sjó og landi og þann útbúnað, sem það krefur, en engan her né hervarnir, svo alls ekki sé hugsað um að leggja til orustu. Þessu fylgja jafnaðarmenn og í aðalatriðinu gjörbreytendur, en hægrimmenn og Neergaards liðar vilja geta lagt til orustu og hagað vörnum sínum eftir því. Milli þeirra stendur J. C. Christensen með sinn flokk og einhver miðlunar óheilindi.

Nú höfðu menn vænst að kosningarnar skæru úr þessu, en því miður gaf gæfan það ekki. Hér varð enginn flokkur í meirihluta og ofan á það bættist til ókemtunar, að jafnaðarmenn og gjörbreytendur hlutu nær helmingi allra atkvæða í landinu, en fá ekki nema 41 þingmaun samtals af 112, en hægri menn og Neergaard 38 vísa og 2 eða 3 óvísa, og eru því jafusterkir. Christensen verður hér því mundangið með 24 vísa og 5 eða 6 óvísa. Í símskeyti nú í vikunni segir, að hann neiti (Neergaard og hægri-mönnum um) að semja við þá á þeim grundvelli, að Kaupmannahöfn verði víggirt landmegin. Þetta sýnir, að hann er enn í bræðingsgerð og ætlar að fá aðra hvora til að þoka svo mikið, að hann geti skammlítið keypt sig inn í ráðaneyti eða látið þá lifa af náð sinni. Annars var þetta skeyti með öllu óþarft, því við vitum fyrir löngu úr dönsku blöðunum, að Christensen og alt hans lið var rígbundið við þau kosningaheit sín, að neita skilyrðislaust landvirkjunum. Og við vissum þar á ofan af orðum Christensens sjálfs í Ringköbing Amts Dagblad 26. maí, að hann þvertók fyrir að þoka lengra á leið til Neergaards. Við þurftum ekki að fá að vita, að J. C. Christensen hefði ekki framið sjálfsmorð. Það gera þess kyns menn varla.

Þetta mál á þá að verða dönsku þjóðinni áfram til óláus, og hamingjan veit hvar lendir.

Tyrkir. Þar hafa orðið þau stórtíðindi, að soldán rak Ungtyrki frá stjórn og gerðist einvaldur í hálfra aðra viku; en þá ráku Ungtyrkir hann bæði frá völdum og ríkisstjórn og settu hann í æfivarðhald, og varð þetta alt með svo skjótri svipan, að veröldin stóð steinhissa.

Aðdragandi og atburðir byltinga þessara virðast vera á þessa leið: Margir menn vissu og fleiri grunaði, að Abdúl Hamíd kunnir sárilla hinni nýju stjórnarbót, sem honum hafði verið þröngvað til að gefa þjóðinni. Menn vissu og, að klerkalýð og mörgum gömlum og góðum hundtyrkja var meira en illa við trúarbragðafrelsi það, sem nýja stjórnin lögleiddi, einkum þar sem þeir og aðrir vissu, að margir Ungtyrkir eru mentaðir menn úr háskólum Vestur-evrópu og frihyggjendur. Enn var það, að margt af setuliði Miklagarðs var soldáni og prestum hliðholt, rétttrúað fólk og menningarlítið. Svo bar það til, að myrtur var ritstjóri nokkur, ólmur andstæðingur hinnar nýju stjórnar, eftir að hann hafði skrifað eina af

svæsnustu greinum sínum. Þetta var kent Ungtyrkjum og urðu úr megnar æsiugar og þær notaði soldán og klerkarnir til að espa herliðið og var tækifærið vænlegt, því aðalforingi Ungtyrkja, Enver bey, var auk þess norður í Berlín. Prestar og smalar gengu milli herskálanna og soldán bar óspart fé á liðið og svo var alt sett af stað 13. apríl. Þingið herkvið, dómsmálaráðgjafi veginu og stjórninni nýju vikið frá. Annars gekk þetta furðu illvirkjalítið, enda flýðu þeir sem gátu og illsáttu von. Skipar nú soldán nýja stjórn, og öllu öðru að sínu skapi.

Miðstjórn Ungtyrkja sat vestur í Salóníkí og þar áttu þeir trúar hersveitir og víðar utan Miklagarðs, og þar var yfirforingi þeirra, Mahmúd Sjekket passja (titill, yfirforingi), fljótur til ráðs. Hann lætur safna saman hersveitum víðs vegar að og heldur öllum hernum, um 30 þús., 16. apríl á leið til Miklagarðs, en Enver bey (titill, fylkisstjóri, borgarhöfðingi) kemur að norðan, og að viku liðinni hafa þeir kringt um borgina, og halda inn í hana þ. 24. Flestir hermannaskálar gáfust þegar upp, þó vörðust sumir nokkuð og varð því nokkurt maunfall. Sunnudaginn 25. var tekið hin vígirta höll soldáns og hann fangaður, hafði búið við dauða sínum og varð ákaflega vesalmannlega við, þegar hann var tekinn, og þrúbændi sér lífs, en honum voru áður ætluð grið. Er þar skemst af að segja, að þessi járnkaldi blóðhundur, Abdúl Hamíd, var rekinn frá ríki næsta dag og fluttur í æfilangt varðhald til Salóníkí í höll sem hann á þar, en hann látinn afsala sér öllum eigum sínum, um 1000 miljónum króna, sem hann hafði stolið mestu af ríkis fé, en 10 af konum sínum fekk hann að hafa með sér og þjóna, og fær of fjár í lífeyri.

Til soldáns var tekinn yngri bróðir hans, Múhamed Resjad Effendi og nefndur Múhamed 5. Hefir Abdúl bróðir hans haldið honum í varðhaldi í 32 ár í sömu höllinni, sem hann situr nú sjálfur í. Hinn nýi soldán kvað vera veiklaður af sparhaldinu, annað vita menn fátt um hann.

Nú ráða Ungtyrkir öllu aftur í Tyrkjaveldi og er auðséð að öll völd eru þar í höndum hersins og hans manna, en menningin ekki meiri en það, að sigurvegararnir hafa hengt uppreistarmenn hópum saman á opinberum torgum um borgina og fyrir dómkirkjudyrum og látið hólginn líkin hanga þar allan daginn. Sá aumingja lýður, sem er ætlað að horfa á þetta sér til betrunar, á marga sjói eftir í land.

Frakkland. Þar hefir orðið töluvert merkilegur atburður þessa manna, þó ekki megi kalla hann stórtíðindi, því ekki var það annað en að póstmenn og símaþjónar lögðu niður starf sitt. Víðast í blöðum og tímaritum var ekki meira, úr þessu gert en almennu og vanalegu verkfalli, en þó það væri svipað því, þá var þetta verkfall þó athugasverðara fyrir heiminn en þau eru annars von að vera.

Eins og allir vita, eru verkföll venjulegast bardagi vinnulyðs, sem lifir á því, að selja verkkaupendum vinnu sína. Vilji verksalinn ná hærra kaupi fyrir vinnu sína eða betri vinnukjörum, hollarí verkstofum eða einhver misklið kemur milli verksala og verkkaupanda, þá eru í flestum löndum engir dómur, sem þeir geti skotið máli sínu til. Þar ræður enn þá víðast að eins handalögma og verkfallið er þá eina vopnið, sem verklyðurinn á í eigu, og mannfélagið neyðir hann til að beita. Þetta stríð er oftast milli einstakra félaga eða þá verksmiðju- eða nánuveiganda og verkmanna hans, og þó þjóðin öll líði auðvitað óþægindin og tjónið og verði að greiða herkostnaðinn að lokum og stundum oll heimsverzlunin, þá snertir þetta þó ekki beinlínis valdsvið ríkisvaldsins, því ríkið hefir einmitt sjálft skotið sér þar undan afskiftunum og yfirráðunum og skoðað vinnuna sem vöru, sem seljandi og kaupandi réðu einir verði á.

Á Frakklandi eru póstgöngur og símar í yfirráðum ríkisstjórnarinnar, svo sem hér hjá oss og póstmenn því allir ríkisvinnumenn, embættismenn, og mikill þorri símaþjóna líka. Hér var því ríkið verkkaupandinn og vinnumennirnir vistráðnir þjónar.

Hér áttust því ekki við einstaklingar í ríkinu, heldur ríkisvaldið og þjónar þess. Þess vegna er þetta verkfall séreðlis.

Svo bar til í febrúar, að óánægja megn varð meðal póstmanna með Simyan deildarstjóra í stjórnarráðinu, sem hefir á hendi síma- og póstmál. Þótti hann hlutdrægur og ranglátur í embættaskipun og atvinnuveitingum og óþjáll viðskiftis. Varð óánægjan svo römm og almenn, að nær allir pósthjónar hættu störfum í París og víðar og urðu úr stökustu vandræði í bili og var sem París væri flutt upp á Sprengisand langt úr öllum mannabygðum. Clemenceau innanríkisráðgjafa, frelsisgarpinum gamla, tókst þó að koma mála- miðlun á þetta í það sinn, og fengu póstmenn vilja sinn að öllu nema því einu, að Simyan var ekki vikið frá embætti eða fluttur í annað embætti eins og menn höfðu þó krafist, en von hafði ráðgjafi gefið um, að Simyan yrði þokað til í kyrpey við hentugleika og

þóttist ráðgjafinn ekki mega ganga nær ríkisvaldinu en þetta, en flest stórblið landanna átöldu Clemenceau þunglega og kváðu hjúin með þessu móti ráða ein á heimilinu en húsbóndarétti ríkisins varpað í hauginn.

Hvort sem nú þessar ákúrir eða annað hafa valdið, þá sögðu póstmenn að stjórnin hefði mjög vanefnt loforð sín, og stóra hlutapríl héldu þeir um þetta marga fundi og æsta, og sögðu Simyan aldrei hafu setið fastara en þá, og fastréðu, að leggja enn niður verk sitt og fengu í lið með sér fjölda símamanna og jafnvel járnbrautabjóna víðsvegar um land. Stóð nú aðal kappleikurinn um það, auk Simyans, hvort starfsmönnum ríkisins skyldi heimilt að hafa atvinnufélagsskap sín á milli og heimtuðu stórborgarar og auðmenn, að póstmönnum yrði óheimilaður allur félagsskapur og hver maður sviftur stöðu, sem óhlýðnaðist. Harðnaði nú á öllum stögum og voru 25. apríl 8 ritsíma- og 30 talsíamennu sviftir stöðu sinni fyrir illyrði um Simyan og í byrjun maí enn fleiri; lögðu þá um 5000 póstmanna niður verk og nokkrir símameun, en voru illa samtaka og hikandi, enda var stjórnin nú vel undirbúin, hafði æft fjölda hermanna við símstörf og bréfaburð og bréfdúfufélög höfðu til taks 30 þús. dúfur og týndu verkfellendur tolunni óðum og gáfust alfarið upp eftir nokkra daga. Það áunnu þeir þó, að ráðgjafinn heimilaði þessum starfsmönnum að hafa félagsskap með sér og mynda félög, sem kysu nefndir manna, til að gera tillögur um embættaveitingar í atvinnugrein þeirra og skyldi stjórnin fara eftir þeim tillögum. Í heild sinni skoða starfsmenn þessir og aðrir út í frá þessi málalok samt sem algerðan ósigur, því ríkisvaldið hefir í þessari atrennu algjörlega neitað að kannast við félagsrétt starfsmanna sinna, en aðrir, og þeir margir, telja starfsmenn ríkisins eiga sama rétt á, að gæta hagsmuna sinna gagnvart ríki, þegar það er verkkaupandi, eins og gagnvart hverju félagi öðru og einstaklingum. Í þetta sinn hefir þessu þó lyktað svona hversu sem síðar fer.

Ýmislegt. La p ú k í n, lögreglustjóri í Pétursborg, var settur í varðhald út úr Azeffs-málinu, eins og getið var síðast og hefir hann nú verið dæmdur í 5 ára hegningarvinnu, til að missa aðalsrétt sinn og öll borgararéttindi auk þess og í æfilanga útleög í Síberíu. Ekki var honum þó gefið það að sök, þó hann bruggaði morðráðin með Azeff, heldur hitt, að hann hafði lostið upp athæfi

Þessa trúa og ágæta þjóns stjórnarinnar, og gert byltingamönnum, »fjandmönnum Rússlands og keisarans« þennan greiða. Var hann sakaður um mök við þá og vita allir, að það er bláber uppspuni og hefir dómur þessi mælst afarilla fyrir um alt Rússland og víðar og er hann talinn nðingsverk, líkast Dreyfusardómi og einn af stjórnarglæpum Rússa.

Enginn veit hvar Azeff er, en talið víst að hann hafist við á Rússlandi á laun og í vernd lögreglulíðsins.

Finna hafa enu orðið fyrir skráveifu af hendi Rússa. Brutu þeir lög á ríkisráði Finna og virðast ætla að kúga þing þeirra og er sárast að vita, að þeir gera það með styrk Finna sjálfra, því þeir hlaupa í stjórn Rússa og blöð með mál sín, svipað því, sem við höfum hlaupið til Danmerkur og hlaupum enn. Það er happ að þurfa ekki að liggja í eyrunum á Rússum.

Hveitiverð steig afskaplega nú í apríl, og er það mjög kent stórkaupum manns eins í Chicago, James Pattens. Hann hafði keypt í haust og framan af vetri 5 milj. tonnur hveitis, og réð því miklu á heimsmarkaðinum, hélt því inni og lét verðið stíga. Um 20. apríl var verðið hækkað í London 5 kr. á tunnu og hann búinn að græða margar miljónir, sumir sögðu 10 milj., en þá réð hann ekki við og 24. apríl fór hveitið að falla og brunnu um það bil fyrir Patten 500,000 bushel (rúml. 200,000 tonnur) og má vera, að það hafi kipt úr lækuninni, en það sem fréttir ná var hveiti að falla.

Landskjálftar hafa verið tíðir og víða, bæði um Ítalíu, Suðurfrakkland, Spán og Portúgal. Þar voru dregin í einum bæ 40 lík úr rústum og fjöldi húsa skemdist, en fólk meiddist.

Kuldatíð hefir verið óvanaleg nú í maí víða um Norður-álfu. Frost og snjór í miðjum maí í Noregi, Svíþjóð og Danmörku og kaldara í Ríndalnum en í Reykjavík.

Prestarnir og játningarritin.

Að stofninum til inngangsorð til umræðu, flutt á prestastefnunni
á Þingvelli 1909.

Eftir

Jón Helgason lektor.

Spurningin um afstöðu prestanna til játningarrita kirkjunnar, eða spurningin um kenningarfrelsi presta, er vafalaust ein af þeim spurningum, sem oftast hafa á góma borið og ekki hafa minstum ágreiningi valdið innan vébanda evangelisku kirkjunnar á síðari tímum.

Þetta stendur upphaflega í mjög eðlilegu sambandi við sívaxandi kröfur manna um frelsi einstakingsins á öllum svæðum mannlífsins, kröfur, sem yfirhöfuð að tala einkenna 19. öldina alla og 20. öldin hefir tekið í arf frá henni. Þessar frelsiskröfur eru aftur mjög svo eðlilegur ávöxtur vaxandi skilnings manna á persónulegu mæti einstaklingsins. Að sama skapi sem mönnum hefir aukist skilningur á mæti mannlegs persónuleika svo sem frjálsrar veru með fullri ábyrgð á öllum sínum gjörðum, hefir mönnum einnig vaxið lifandi óbeit á öllum böndum, er virzt gætu hefta þróun persónuleikans og gjöra honum erfitt fyrir að ná ákvörðun sinni sem frjáls maður.

Eldri tímum var alls ekki ljóst gildi hins mannlega persónuleika sem frjálsrar veru; fyrir því gátu menn þá horft með jafnaðargeði á ýmislegt það, sem vorum tímum hrýs hugur við sem beinlinis glæpsamlegu, og ekki að eins sætt sig við það, heldur og varið það. Og svo íhaldsamur er mannsandinn enn í dag, að fjölda annars góðra

og göfuglyndra manna veitir afarerfitt að átta sig á þessum frelsiskröfum einstaklingnum til handa, sem uppi eru á vorum tímum, eða að skilja það, að einstaklingurinn geti þróast andlega nema í fullu frelsi.

En að baki kröfunum um kenningarfrelsi presta stendur líka önnur mikilsverð staðreynd, er gjörir þessar kröfur afareðlilegar og því sem næst sjálfsgæðar. Það er vaxandi þekking manna á uppruna, eðli og markmiði játningarrita kirkjunnar, sem prestarnir eru heitbundnir við í kenningu sinni, og tilfinningin fyrir því tilfinnanlega mikla djúpi, sem staðfest er milli þess skilnings á guðs orði í ritningunni, sem þar er haldið fram eða liggur til grundvallar útlistunum þeirra, og skilnings kirkjunnar manna á nálægum tíma. Játningarritin eru arfur, sem kristni vorra tíma hefir fengið frá löngu liðnum tímum, þau eru til orðin undir kringumstæðum, sem sérstaklega einkendu þá tíma, með hliðsjón á hreyfingum, sem þá voru uppi, og umfram alt mótuð af hugsunarhætti þeirra tíma og þeim skilningi á kristindóminum, sem þá var álitinn réttur. En tímarnir hafa breyzt og með þeim einnig hugsunarhátturinn. Mannsandinn hefir aldrei staðið í stað, heldur sífellt haldið áfram rannsóknarstarfi sínu og sífellt verið að vaxa að vizku og þroska og skilningi á þessu ljúfasta viðfangsefni hugsandi mannsandans. Margt af því, sem játningarritin innihalda og var álitnið rétt og sannleikanum samkvæmt á þeim tímum, er nú álitnið sumpart vafasamt og sumpart rangt, og skilningur manna á kristindóminum er í ýmsum greinum orðinn allur annar en þá var. Guðfræði síðari tíma hefir í ljós leitt ýmsar staðhafnir, sem eldri tíma ekki óraði fyrir og þeir ekki heldur gátu þekt, svo skamt sem þeir voru á veg komnir í þekkingu sinni, og brugðið nýju ljósi upp yfir fjölda gamalla sanninda, sem nú horfa alt öðru vísi við oss en áður gjörðu. En þrátt fyrir þetta hafa menn til skamms tíma átt afarörðugt með að átta sig á því, að nokkura nauðsyn bæri til að losa um játningarhaftið á kennimönnum kirkjunnar, og álitnið kröfurnar um kenningarfrelsi presta, ef ekki bein-

linis sprotnar af ókirkjulegri sundrungaviðleitni, þá að minsta kosti altöf ótímabærar til þess að þeim væri að nokkru sinnandi.

Sannleikurinn er sá, að hvergi hefir íhaldssemi mannsandans fremur látið til sín taka en einmitt innan vébanda kirkjunnar og trúarbragðanna, og skilningurinn á öllum frelsiskröfum einstaklingnum til handa átt jafn erfitt uppdráttar og þar. Svo hefir þetta verið á öllum tímum og er enn í dag í mörgu tilliti — einnig innan hinnar evangelísku kirkju, sem eftir allri hugsjón sinni hefði einmitt átt að verða heimkynni andlegs frelsis í öllum greinum og þá ekki sízt í þeim efnum, sem hér ræðir um.

Því verður ekki neitað, að með siðbót Lúters ljómar nýr dagur yfir kirkjunni, dagur, sem boðar frelsi frá margra alda ánauð, sannfæringar- og samvizkufrelsi innan kirkjunnar. En það er ekki kirkjunni að þakka, að sú hin kirkjulega frelsishreyfing, sem Lúter hratt af stað, kafnaði ekki í fæðingunni. Því að það fær ekki dulist neinum, sem þekkir sögu vorrar evangelísku kirkju, að mjög mikið af starfi hennar eftir daga Lúters miðar að því að reisa skorður við því frelsi kirkjunni til handa, sem Lúter barðist fyrir, og fer í ýmsu tilliti í öfuga átt við það sem hann ætlaðist til í fyrstu. Ég segi í fyrstu, því að það fær ekki dulist, að sjálfur Lúter tekur í ýmsu tilliti að gjörast »ólúterskur« með aldrinum og lendir þá jafnvel í mótsögn við sínar eigin siðbótarfrumreglur. Þessi staðreynd, svo skiljanleg sem hún er og afsakanleg, hefði þó ekki þurft að verða frampróun kirkjunnar til meins, ef lærisveinum Lúters og sporgöngumönnum hefði verið það ljóst frá byrjun, að siðbótin er verk hins unga Lúters, sem í mörgu tilliti er nokkuð annar maður en hinn gamli Lúter. En þetta var eftirkomendum Lúters ekki ljóst, og fyrir því gat lúterskan orðið að »lútersku«, þ. e. kirkjulegri stefnu, sem fremur auðkendi af anda ófrelsis og þröugsýni, en sönnum frelsis og framsóknaranda, og hin evangelíska kirkja um langan aldur fjarlægst svo hugsjón sína, að ekkert átti þar síður

viðurkent heimilisfang en samvizku- og sannfæringarfrelsi einstaklingsins í þeim málum, sem snerta kristindóm og kirkju.

Á þessu hefir orðið mikil breyting á síðustu öld og umfram alt á síðustu mannsöldrunum tveimur, enda frelsiskröfurnar orðið sífelt háværi og erfiðari að leiða hjá sér. En kenningarfrelsi presta er krafa, sem menn hafa enn ekki fengist til að sinna, það hugtak er enn í dag fremur illa séð af öllum þorra þeirra lima kirkjunnar, sem eru sinnandi andlegum málum. En þetta orsakast meðfram af því, að almenningi er ekki fyllilega ljóst, hvað átt er við, þegar talað er um kenningarfrelsi presta. Eina hina fátallegustu útskýringu þessa hugtaks rak ég mig nýlega á í einu kristindómsmálgagninu íslenska (»Bjarma«), en tilefnið til þess að blaðið fer að athuga það mál er, að ritstjórninni hefir borist til eyrna, að kenningarfrelsi presta sé eitt þeirra mála, sem koma eigi til umræðu á þessari prestastefnu. Sem geta má nærri, fræðir blaðið lesendur sína á, að hér sé um sannarlega »tvíræða nýjung« að ræða. Það neitar því ekki, að til sé sannarlegt og kristilegt kenningarfrelsi, — en það sé fólgið í því að kenna eins og guðs orð kenni. En um það kenningarfrelsi, sem hér eigi að koma til umræðu, farast blaðinu orð á þessa leið: »Hitt kenningarfrelsið er fólgið í því, að smáhópa á hæl undan spiltum aldaranda og kenna ekk í eins og guðs orð kennir, alveg afdráttarlaust, heldur auka það ýmist eða skerða eftir því sem hver vill heyra(!)« Og svo bætir blaðið við þessari dýrlegu klausu: »En með því gjöra menn sig seka í því óráði að breyta á móti samvizku sinni(!)« Ég bendi hér á þetta eingöngu sem dæmi þess, hve langt þekkingarleysis-belgingurinn getur leitt annars — að líkindum — góðviljaða menn. En í sjálfu sér er ekki mikil ástæða til að furða sig á slíku hjá blaði þessu eða þeim sem að því standa, er jafnvel annar eins maður og ritstjóri »Sameiningarinnar« er ekki kominn lengra í skilningi sínum á kenningarfrelsis-hugtakinu, en raun gefur vitni hinn furðulegi fyrirlestur

hans um »gildi trúarjátninganna«, er út kom í fyrra; þar gefur hann í skyn, að kenningarfrelsiskröfurnar séu allar meira og minna sprotnar af óvild og hatri til kristindóms og kirkju, séu »heiðindómur í kirkjulegum dularklæðum«(!).

Það sem því öllu öðru fremur riður á í þessu máli er, að menn gjöri sér fulla grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, — hvað átt er við með »kenningarfrelsi presta«.

Spurningin er í sjálfu sér afareinföld. Hún er engin önnur en þessi: Eru kennimenn kirkjunnar í öllum atriðum kristilegrar trúar bundnir við þann skilning á þessum atriðum trúarinnar, sem haldið er fram í játningarritum þeim, sem kirkjan lögum samkvæmt viðurkennir?

Um þetta er spurt — og ekkert annað.

Kenningarfrelsismálið er engin nýjung eins og sumir halda. Það hefir t. a. m. verið á dagskrá í Danmörku síðan í byrjun 19. aldar og er það enn. Meðal Dana hefir þessi »heiðindómur í kirkjulegum dularklæðum« — sem sira J. B. kallar svo — ekki átt sér ómerkilegri talsmenn eða ókirkjulegri en menn eins og H. N. Clausen, N. Fr. S. Grundtvig, N. Lindberg, Visby, Vilh. Birkedal, M. Melby, L. Helveg, A. Leth, Otto Möller, Morten Pontoppidan, Skat Rördam, J. H. Monrad o. fl. o. fl. Öllum þessum mönnum kemur saman um, að kenningarfrelsi presta sé eitt af frumskilyrðunum fyrir sönnum þrifum kirkju og kristindóms. Árið 1881 samþykkti fjölmennur prestafundur í Askov áskorun til stjórnarinnar um kenningarfrelsi og fullkomið afnám allra játningaskuldbindinga. Á grundtvígskeum »vinafundi« í Óðinsvé 1890 er því haldið fram, að meðan prestarnir séu bundnir af prestaheitinu komi barátta þeirra gegn vantrúnni að engu haldi, því að vitnisburður þeirra sé ekki »frjáls« — engin trygging fyrir, að hann byggist á persónulegri sannfæringu. Og ári seinna heldur V. Birkedal því fram, að prestaheitið verði með hverju ári mein-hættulegra fyrir þrif þjóðkirkjunnar og jafnvel sjálfan kristindóminn. Árið 1902 skorar »Kirke-ligt Samfund fra 1898«, — en í því er meginþorri

Grundtvígssinna meðal prestanna — á stjórnina, að breyta prestaheitinu á þessa leið: »Ég, sem veit mig í samhljóðan við hina evang.-lút.-kirkju, lofa að hafa um hönd skírn og kveldmáltíð eftir innsetningu drottins og venju hinnar dönsku þjóðkirkju og eftir beztu sannfæringu að prédika fagnaðarerindið samkvæmt heil. ritningu¹⁾«. Í allri þessari baráttu danskra presta fyrir kenningarfrelsinu heyrir bergmál orða Grundtvígs: »Hverjum presti í ríkis- eða þjóðkirkju verður að vera heimilt að segja það, sem hann sem heiðarlegur maður álitur sannast og réttast um biblíu og kristindóm, ef menn á vorum dögum eiga að geta lagt trúnað á orð hans. Sé honum ætlað eingöngu að muðla fyrir munni sér allar trúargreinarnar gömlu, hlýtur að fara fyrir lútersku trúnni líkt og farið hefir fyrir hinni katólsku: Trúin verður mentuðum mönnum ómögulegur hlutur«. ²⁾

Á næstliðnum vetri hefir mjög mikið verið rætt um afstöðu presta við játningarritin í norsku kirkjunni. Thv. Klaveness, sem eftir allri andastefnu sinni er fullkominn kenningarfrelsismaður, kom þar hreyfingu á málið með fyrirlestri um »þýðingu játningarritanna í lútersku kirkjunni«³⁾. Þeir, sem í vetur taka málið upp til umræðu, heimta að vísu ekki fult kenningarfrelsi, heldur heimta þeir flestir, að feldar séu úr gildi nokkrar af játningum þeim, sem lögum samkvæmt gilda í Noregi, og vilja miða játningarskuldbindinguna við postullegu trúarjátninguna eina og fræði Lúters hin minni. Aðalflutningsmenn þessa máls eru nafnkendir menn úr hóp hinna ihaldssömu norsku kennimanna, prestarnir H. N. Hauge frá Skien, sem fyrir nokkru var kirkjumálaráðgjafi, og L. Dahle í Stavanger. Þeir flytja mál sitt á hinum árlega norska kirkjufundi

¹⁾ Sbr. einkarfróðlega ritgjörð eftir lic. theol. Lindegaard-Petersen: „Symbolforpligtelsen i den danske Kirke“. Theol. Tidsskrift. 1908.

²⁾ Tilvitnuð orð, tekin eftir Norsk Kirkeblad 1909 bls. 186, eru sennilega úr riti Grundtvígs: Den danske Statskirke upartisk betragtet. Kh. 1834.

³⁾ Þetta ágæta erindi er prentað í „For frisindet Kristendom I. Christj. 1906“.

(Landsmódet), sem sízt verður borin á brýn byltingagirni í nokkurri mynd, en tekur þó vel í þetta mál og samþykkir tillögu um endurskoðun játningarritanna. Síðan hefir málið verið allitarlega rætt frá báðum hliðum í höfuðmál gagni ihaldsstefnunnar í norsku kirkjunni (Luthersk Kirketidende).

En því hefi ég bent á þetta, að ég vildi með því sýnt hafa þeim, sem á annað borð vilja sjá það, að kenningarfrelsiskrafan er ekki sprottin af neinni vantrú eða löngun til að kollvarpa, heldur af einlægri virðingu fyrir stöðu hins kirkjulega kennimanns og kennimanninum sjálfum sem siðferðilegum persónuleika.

Þegar vér nú lítum til vorrar eigin kirkju, þá hefir lítið verið rætt um þetta mál meðal vor fyr en núna allra síðustu árin og lítið um það skrifað, enda skilningur manna á málinu yfirleitt býsna ófullkominn. Fyrir 10 árum hafði prestastefna vor málið á dagskrá, en síðan hefir því lítið verið hreyft þangað til hin ágæta ritgjörð síra Haralds Nielssonar um kenningarfrelsi presta kom út í Skírnirni í fyrra sumar, fyrsta tilraunin, sem gjörð hefir verið með oss til að skýra málið. Meðal landa vorra vestra hefir málið verið á dagskrá síðustu tvö árin. Síra Fr. J. Bergmann hefir varið kenningarfrelsið með miklum dugnaði í »Breiðablikum«, en »Sameiningin« hamast á móti því og flutt hverja greinina annari furðulegri um málið, að ógleymdu kirkjuþingserindi síra Jóns um »g i l d i t r ú a r j á t n i n g a n n a«, sem þegar hefir verið nefnt.

Hér á landi hefir að minsta kosti venjan löghelgað, auk hinna þriggja svonefndu allsherjar játninga fornkirkjunnar, tvær af sérjátningum hinnar evang.-lút.kirkju, Ágsborgar-játninguna og fræði Lúters. Eins og síðar mun sýnt verða, er lögfesting þessara játningarrita hjá oss mjög svo vafasöm, nema ef svo mætti segja, að hana leiði af sjálfri lögtekingu hinnar evang.-lút.-kirkju sem kirkju landsins með lögteking kirkjuordinantíu Kristjáns 3. árin 1541 og 1551. En engu að síður hafa islenskir prestar verið e i ð bundnir við »játningarrit hinna dönsku kirkna«

frá því í lok 17. aldar til ársins 1888, er presta-eiðurinn var með konungsúrskurði numinn úr gildi og presta-heitið sett í staðinn. Samkvæmt því eru prestar vorir á vigsludegi sínum látnir »lofa því, í auglýsingu allsvitanda guðs að kappkosta að boða guðsorð hreint og óblandið eins og það er kent í heilagri ritningu og trúarjátningabókum vorrar kirkju« eins og 1. gr. prestaheitisins hljóðar. Heitið tekur að vísu ekki eins djúpt í árinna eins og eiðurinn gamli, en munurinn verður minni en búast hefði mátt við, þar sem heit unnið »í auglýsingu allsvitanda guðs« nálgast óneitanlega allmjög það sem venjulega er kallað eiður. Og hvað sjálfa játningaskuldbindinguna snertir, þá er hún að því leyti ónákvæmari í heitinu en eiðnum, að eiðurinn nefnir »játningarrit hinna dönsku kirkna«, sem vér vitum áreiðanlega hver eru (sbr. Dönsku lög Kr. V. 2. bók 1. kap.), en heitið aðeins »trúarjátningabækur vorrar kirkju« sem óvíst er hvernig ber að skilja, sérstaklega þó ef svo skyldi reynast, að enginn lagastafur væri fyrir því, hvaða játningar giltu hér, svo að vér eftir altsaman værum bundnir við allar þær játningar lútersku kirkjunnar, sem út voru komnar þá er kirkjuordin-antían var gefin út 1537. — En hvað sem þessu líður, þá gjörir bæði eiðurinn og heitið játningarnar að einskonar kirkjulegum lagabálkum, sem prestunum er gjört að skyldu að kenna samkvæmt og öll frávikning frá varðar við lög.

En hvað er við þetta að athuga?

Frá því er þetta kenningarfrelsisráð komst fyrst á dagskrá hefir það sérstaklega verið tvent, sem menn hafa fundið þessari skuldbindingu við játningarritin til foráttu. Annað er þetta: Slík skuldbinding er ótilhlýðilegt band á persónulegu frelsi kennimannsins, hlýtur að draga úr andlegum vexti hans og framþróun, og getur jafnvel leitt til yfirdrepskapar og hrænsni í boðun fagnaðarerindisins. Hitt er þetta: Sú trygging, sem slík skuldbinding veitir söfnuðinum fyrir sannleika vitnisburðarins, sem fram er

fluttur, er ímynduð. Með henni er hann miklu fremur óbeinlínis sviftur allri tryggingu hvað þetta snertir. Játninga-haftið getur einmitt, ef ekki er annað, sem hið gagnstæða verði bygt á, vakið grun um, að presturinn tali það sem hann talar af því að hann sé bundinn heiti, sem það geti kostað hann embættið að víkja frá. Á bæði þessi atriði hefir öll höfuðáherzlan verið lögd í baráttunni fyrir kenningarfrelsi presta, eins og hún hefir verið háð í Danmörku meginhluta 19. aldarinnar.

Þegar ég nú í dag hefi tekið að mér að innleiða umræðurnar um kenningarfrelsismálið, eru það þó ekki svo mjög þessi tvö atriði, sem fyrir mjer hafa vakað. Það sem ég vildi hafa bent á og rökstutt með kröfuna um kenningarfrelsi prestunum til handa er aðallega s ó g u l e g s eðlis, þ. e. stendur í sambandi við það sem kunnugt er orðið um uppruna þessara rita sjálfra, eðli og markmið. Að gengið hefir verið fram hjá því atriði hingað til að miklu leyti, orsakast eðlilega af því, að hin sögulega rannsókn ritanna má heita verk síðasta mannsaldursins. Hins vegar liggur það í hlutarins eðli, að ekki ber síður á þetta atriði að líta en hin tvö. Því að eigi slík rit að geta gilt sem regla og mælisnúra fyrir oss, þá ættu þau að minsta kosti 1) að hafa upphaflega verið samin í þeim tilgangi, 2) að hafa verið viðurkend sem slík rit af kirkju vorri, 3) að vera í fullkominni samhljóðan við ritninguna sjálfa og 4) skuldbindingin við þau að vera í fullu samræmi við anda og hugsjón vorrar evangelísku kirkju.

En því betur sem ég athuga málið frá þessari hlið, þess sannfærðari verð ég um, að rangt sé að heitbinda prestana í kenningu sinni við þessi rit og að tími sé til þess kominn að breyta prestaheitinu hvað þetta snertir.

Ég mun nú leitast við að færa rök fyrir máli mínu.

1. Játningarritin eru — að minsta kosti sum þeirra — alls ekki upphaflega samin í þeim tilgangi að vera bindandi regla og mælisnúra fyrir kirkjuna á öllum tímum. Þess-

vegna er rangt að heitbinda prestana við þau í kenningu sinni.

Menn tala yfirleitt svo sem játningarritin hafi upphaflega verið samin í þeim ákveðna tilgangi að vera það, sem þau hafa orðið fyrir miður heppilega rás tímanna, að þau séu í raun rétttri verk hinnar heilögu almennu kirkju, sem eftir fyrirheiti drottins leiðist af guðs anda og að þau þess vegna hljóti að álitast engu síður óskeikul rit en sjálf ritningin. Menn skoða því alment játningarritin svo sem helga dóma kirkjunnar, sem ekki megi snerta, heilagan og ókrenkjanlegan arf, sem oss sé skylt að varðveita og beygja oss fyrir í mikilli auðmýkt og lotningu. Afleiðingin af þessu hefir þá líka orðið sú, að játningarritin hafa í reyndinni orðið slíkir helgir dómur, sem menn töluðu um með allri lotningu, en snertu ekki, létu sér ekki einu sinni til hugar koma að kynna sér flest þeirra. Því að sannleikurinn er þessi, að einungis örlitill hluti þeirra manna, sem játa algildi þessara rita, hefir nokkurn tíma augum litið önnur þeirra en fræði Lúters, sem einnig hafa að geyma postullegu trúarjátninguna, og þá oftast án þess að hafa hugmynd um að þeim bæri slík tign, sem hér ræðir um. Það væri fróðlegt að vita, hve margir menn hér á landi hafa lesið hin játningarritin, sem talin eru að gilda í vorri kirkju, t. a. m. Ágsborgar-játninguna, sem þó svo oft er talað um í bókum og blöðum, að eg nú ekki nefni Nikeu- og Atanasíusar-játningarvar svonefndu. Ég vil auðvitað ekki gjöra stéttarbræðrum mínum í kirkju Íslands rangt til, en mér liggur þó við að efast um, að þeir hafi allir lesið þessar játningar allar, sem þeir eru heitbundnir við samkvæmt þeirri skuldbindingu, sem þeir hafa undirskrifað á vigsludegi sínum¹.

¹) Broslegur gjörast síra J. B. í „Sameiningunni“ (jan. 1909 bls. 325), er hann fer að vefengja það sem „lítt huganlegt“ að Atanasíusar-játningin „muni með öllu ókunn almenningi á Íslandi“, af því að í Grallaranum gamla hafi þó stadið nálega orðrétt þýðing hinnar umræddu játningar. Það er rétt eins og hann álitir, að Grallarinn sé enn í hvers

En svo mikla og verðskuldaða lotningu sem almenn-
ingur ber fyrir ritum þessum, — þá ber því síst að neita,
að mjög mikill vafi leikur á því, hvort nokkurt þeirra er
upphaflega samið í þeim tilgangi, sem menn alment ætla nú.

Þegar siðbótarhöfundarnir sömdu þau jätningarritanna,
sem talin eru sérjätningar hinnar evangelisku kirkju,
gjörðu þeir það engan veginn í þeim tilgangi að setja
með þeim lög eða réttarreglu fyrir því, hvernig kenningin
skuli vera um allar ókomnar aldir í kirkjunni. Þeir
brutu ekki af kirkjunni ok hins rómverska páfa, til þess
svo í staðinn að setja yfir hana pappírspáfa. Lúter og
Melankton þektu altöf vel hættuna, sem slík pappírsgögn
geta haft í för með sér fyrir samvizku- og sannfæringar-
frelsi einstaklinganna, til þess að þeim gæti til hugar
komið að semja rit sín í slíkum tilgangi. Hve fjarri það
var hugsun siðbótarmanna sýna meðal annars orð Lúters
í riti, sem hann gefur út sama árið sem ríkisþingið í
Ágsborg er haldið: »Kristileg kirkja hefir ekkert vald til
þess að setja neinarn trúar-greinar, hefir aldrei gjört það
og mun heldur aldrei gjöra það. Allar greinar trúarinnar
eru svo nægilega framsettar í heil. ritningu, að engin þörf
er á að framsetja fleiri. . . Kristileg kirkja staðfestir
evangelíið og heil. ritningu svo sem þegn, bendir á það
og viðurkennir það, eins og þjónninn liti og vopn hús-
bónda síns«¹⁾. Ennfremur sést þetta berlega á því, hversu
Melankton leyfir sér blátt áfram að gjöra þær breytingar
á Ágsborgar-jätningu, sem honum þótti ástæða til, — og
það voru eins og kunnugt er allverulegar efnisbreytingar,
— er hann gaf hana út að nýju 1540 (Confessio August-
ana variata). Það hefði Melankton ekki gjört, ef hann
hefði litið svo á ritið, sem þeir afhentu keisaranum í
Ágsborg 1530, að það ætti að vera bindandi regla og

manns hendi á landi hér. Hann á þar við sálminn: „Hvör sem vildi
að hólpinn sé“, einhvern aumasta leirjúrðarsamsetning, sem nokkurn tíma
hefir prentaður verið í kristniinni.

¹⁾ Sbr. „Etliche Artikel, so M. Luther erhalten will wider die
ganze Satansschule“ (1530) Erlangen-útgáfa Lúters rita 31. bindi bls. 122.

mælisnúra fyrir kenningu kirkjunnar um allar ókomnar aldir. Og þegar Lúter amaðist við hinni breyttu Ágsborgar-játningu, gjörði hann það engan veginn af því, að hann eignaði ritinu nokkra slíka framtíðar-þýðingu, heldur blátt áfram af því, að hann áleit þær skoðanir réttari, sem haldið hafði verið fram í hinni fyrri útgáfu. Það voru kringumstæðurnar, sem knúðu siðbótar-höfundana til þess að semja rit þessi, — þarfir safnaðanna, sem í mörgu tiliti áttu erfitt með að átta sig á öllu þessu nýja í kenning og helgisiðum, er siðbótin hafði hrundið á stað. Og hvað snertir Ágsborgar-játning sérstaklega, þá átti bein krafa keisarans mikinn — ef ekki mestan — þátt í framkomu hennar, eins og ráða má af sjálfum formálanum fyrir því riti. Þar er svo að orði komist: »Yðar keisaralega hátign hefir fyrir byrjun þessa ríkisdags í Ágsborg látið birta það kjörfurstum, höfðingjum og ríkisstéttum, að sérhver ríkisstétt skuli s a m k v æ m t b o ð u m y ð a r k e i s a r a l e g u h á t i g n a r, bæði á þýzkri og latueskri tungu, skýra frá og gjöra grein fyrir meiningum sínum og áliti. . . Til þess að sýna þegnlega hlýðni vilja yðar hátignar, leggjum vér hér fram í þessu trúarmáli játningu vorra kennimanna og vora eigin til sönnunar um það, hversu þeir hafa boðað og prédikað lærdóminn söfnuðunum í löndum vorum, hertogadæmum, þegnskyldum héruðum og borgum samkvæmt heilagri ritningu og hreinu guðs orði«¹⁾. Þannig verður Ágsborgar-játning til. Hér er alls ekki að ræða um neinar skipanir eða fyrirmæli um það, hvernig kenna skuli á prédikunarstólunum á ókomnum tímum, heldur að eins um lýsing á því, hvernig kent sé þá í evangeliskum söfnuðum, og tilgangurinn með þeirri yfirlýsingu var sá aðallega að hrekja og berja niður ýmsar lygar og heilaspuna um hina nýju kenningu, sem haldið var á lofti af mótstöðumönnum siðbótarinnar.

Hversu fræði Lúters hin minni eru orðin til, vitum

¹⁾ Sbr. þýðingu Sigurðar Melsteðs bls 4. (Rvík 1861).

vér sömuleiðis. Lúter segir það sjálfur í formálanum fyrir fræðunum. »Það sem hefir knúð mig til að gefa út þessi fræði eða kristilegu kenningu í þessari afarstuttu, einföldu og óbrotnu mynd, er hið aumlega ásigkomulag [í söfnuðunum], sem ég hefi komist að raun um, er ég fyrir skemstu var að visitéra kirkjurnar. Ódauðlegi guð! Hvilik eynd hefir mér fyrir augu borið! Alþýðu manna, einkum til sveita, brestur alla þekkingu á hinni kristilegu kenningu, og margir sóknarprestar — því miður — eru býsna óhæfir til að kenna! Og þó eiga allir að heita kristnir, vera skírðir og mega neyta hins heilaga sakramentis, en kunna hvorki faðir vor, né trúarjátninguna, né boðorðin tíu«. Fræðin áttu að vera hjálparmeðal handa prestum við kristindómsfræðslu æskulýðsins. Að úr þeim ætti að verða kirkjulegt játningarrit með lagagildi í kirkjunni um ókomnar aldir, er hlutur, sem Lúter sjálfum hefir aldrei til hugar komið, því að auk þess sem það hefði verið með öllu gagnstætt allri andastefnu Lúters, ber alt snið ritlingsins það með sér, að þar getur ekki verið um játningarrit að ræða í venjulegum skilningi.

Um fornkirkjulegu játningarnar þrjár, hina postullegu, nikenisku og atanasiönsku, er það að segja, að siðbótar-mennirnir viðurkendu þær fyrst og fremst, til þess að sýna með því, að tilgangur þeirra væri alls ekki sá, að slíta sig úr samfélagi við heilaga almenna kirkju, en því næst af því að þeir álitu þær vera í fullri samhljóðan við ritninguna, eins og þeir skildu hana. Aftur á móti viðurkenna þeir þær ekki af því, að kirkjan hafi með lögum bundið söfnuði sína á öllum tímum við þær, — enda gat Lúter, samkvæmt allri skoðun sinni á kirkjunni, ekki kannast við að kirkjan hefði nokkra heimild til slíks, — né heldur af því, að þeir við rannsókn þeirra hluta hefðu sannfærst um sögulegt sanngildi þeirra. Það hefir orðið hlutverk miklu seinni tíma að rannsaka uppruna þessara fornkirkju-játninga og þótt ýmislegt sé þar enn myrkri hjúpað, þá er sú niðurstaða rannsóknanna nú talin með öllu áreið-

anleg, að engin þeirra beri nafn sitt með réttu eða sé frá þeim tíma, sem áður hefir verið haldið.

Postullega trúarjátningin er alls ekki samin af postulum drottins og ekki einu sinni framkomin á postula-tímabilinu. Í þeirri mynd, sem vér þekkjum hana, verður hennar ekki vart fyr en á 6. öld; hefir hún að líkindum verið að smámyndast frá því snemma á 2. öld með þeim hætti, að ný og ný atriði eins og hlóðust utan um skirnar-orðin, til frekari skýringar á þrenningunni, sem skirt var til samfélags við¹⁾.

Nikeu-játningin svonefnda álitu menn lengi fram eftir öldum að væri tilorðin á kirkjuþinginu í Nikea 325. Seinna sannfærðust lærðir menn um að svo gæti ekki verið, þar sem í játninguna vantaði þann lið Nikeu-játningarinnar, sem mestum ágreiningi hafði valdið, orðin: »af veru föðurins« (e k t e s ú s í a s t ú p a t r o s), og þriðja greinin væri þar miklu fyllri en í Nikeu-játningunni, auk þess sem bannfæringargreinina í niðurlagi játningarinnar vantaði með öllu. Í stað þess var tekið að nefna þessa játningu »játninguna frá Nikeu og Konstantínópel« (S y m b o l u m N i c e o - C o n s t a n t i n o p o l i t a n u m), af því menn komust að þeirri niðurstöðu, að kirkjufundurinn í Konstantínópel 381 hefði breytt Nikeu-játningunni í þessa mynd, eða »staðfest hana með smávegis viðbótum í greinunum um föðurinn og soninn og mikilvægri viðbót í greininni um heilagan anda«²⁾. En nú er álitid fullsannað, að þessi fornkirkju-játning sé hvorki frá Nikeu né Konstan-

¹⁾ Eftirtektaarvert er það í meira lagi, svo berlega sem það sýnir afstöðu Lúters til postullegu játningarinnar, sem hann annars hefir svo miklar mætur á, að hann leyfir sér að breyta einum lið játningarinnar, þar sem hann setur „ein, heilög, kristileg kirkja“ í staðinn fyrir „heilög almenn kirkja“. Sömuleiðis er það mjög eftirtektaarvert hversu hann í riti sínu um skirninna („Taufbüchlein“ frá 1523 og 1526) hefir stýtt trúarjátninguna til muna, svo að af 2. gr. er ekki annað eftir en þetta: „á Jesúm Krist son hans eingetinn, drottin vorn, fæddan og pindan“. Naumast er slíkt hugsanlegt, ef Lúter hefði litið á játninguna svo sem bindandi trúarlögmál kirkjunnar á öllum tímum.

²⁾ Sbr. Helgi Hálfðánarson: Saga fornkirkjunnar bls. 373—74.

tinópel — í Konstantínópel hafi yfirhöfuð engin játning verið samín — og hafi aldrei verið samþykkt sem játning fyrir hina heilögu almennu kirkju á nokkru allsherjarkirkjuþingi. Hún sé miklu fremur tilraun til sambræðslujátningar, sem bæði rétttrúnaðarmenn, Hálf-Arianar og Andaféndur (pneumatomachar) geti sætt sig við. Hún sé að stofninum til skírnarjátningu sú, er notuð hafi verið í Jerúsalem um og eftir miðbik 4. aldar, aðeins lítið eitt vikið við í anda Nikeu-játningarinnar af Kýrillusi biskupi í Jerúsalem, sem síðan hafi borið hana fram á fundinum í Konstantínópel sem sína játningu. Seinna, um miðja 5. öld, hafi biskupinn í Konstantínópel rekist á þessa játningu Kýrills í skjölum kirkjufundarins frá 381, og haldið hana vera játningu fundarins, en ekki athugað, að hér vantaði þann liðinn, sem Atanasíus hafði lagt megináherzluna á í Nikeu (»af veru föðurins«) og Konstantínópel-fundurinn játast undir. En þrátt fyrir þetta nær þessi játning smámsaman útbreiðslu í kirkjunni, svo að undir lok 5. aldar er tekið að nota hana sem skírnarjátningu í austrænu kirkjunni í stað Nikeu-játningarinnar, og seinna er tekið að nota hana í vestrænu kirkjunni og það jafnvel, um tíma, í staðinn fyrir sjálfa postullegu skírnarjátninguna¹). Jafnvel meðal katólskra guðfræðinga hefir játning þessi verið talin mjög grunsöm. Þannig telur Vincenzi (í riti »De process. Spiritus sancti. Romæ 1878) játningu þessa »gríska handaskömm frá byrjun 7. aldar«, en slíkt nær engri átt.

Um þriðju forn-kirkju-játninguna, Atanasíusar-játninguna svonefndu, eru menn fyrir löngu orðnir á eitt sáttir, að hún eigi ekkert skylt við Atanasíus biskup, sem mestu réð á fundinum í Nikeu 325. Þetta er meðal annars auðsætt af því, að hér er haft tillit til keininga, sem ekki verða deiluefni í kirkjunni fyr en á 5. og 6. öld. Fyrri helmingur játningarinnar álitur Harnack að sé saminn í

¹) Sbr. dr. Adolf Harnack: Lehrbuch der Dogmengeschichte 3. verbesserte und vermehrte Auflage. 2. bindi, bls. 225—26 og 265—67, sérstaklega neðanmálgreinin bls. 265—66).

Galliu á 6. öld sem frekari útskýring Nikeu-játningarinnar handa munkunum, og hafi síðar (á 8. og 9. öld) smámsaman orðið játning frankversku kirkjunnar; þá fyrst hafi síðari helmingnum verið bætt við, en um uppruna hans sé með öllu ókunnugt. Með viðurkenningu þessarar játningar er þrenningarlærdómurinn, í stað þess að vera trúarhugsun, sem mannum ber að tileinka sér með hjartanu, orðinn að kirkjulegri réttarreglu, sem hann verður að lúta, eigi hann að geta orðið sáluhólpinn¹⁾.

Þegar vér nú vitum, að sanngildi fornkirkju-játninganna, hvað sem innihaldi þeirra liður, stendur á mjög svo veikum fótum, að engin þeirra er svo til komin í upphafi, sem alment var álitid um þær mundir, er fyrst var tekið að eiðbinda prestana við þær í kenningu sinni, og að engin þeirra getur til fulls kallast allsherjar-játning kristilegrar kirkju²⁾, — og þegar vér því næst minnumst þess, hvornig á evangelisku sérjátningunum tveimur stendur, í hvaða tilgangi þær voru upphaflega samdar, þá fer óneitanlega að verða erfitt að réttlæta hina hátíðlegu heitbindingu prestanna við slík rit í kenningu sinni, eins og tíðkast hefir hjá oss síðan í lok 17. aldar. —

2. En ekki verður auðveldara að réttlæta heitbindingu prestanna við játningarritin, þegar athugað er hvornig þau hafa náð viðurkenningu og öðlast lagagildi í hinum lútersku löndum, — hvornig þeim blátt áfram hefir að oss fornspróðum verið nýtt uppá oss af hinu veraldlega valdi.

Það er mjög svo algeng skoðun, að þótt rit þessi hafi ef til vill ekki í upphafi verið samin í þeim ákveðna tilgangi, að þau skyldu gilda sem réttarregla viðvikjandi trú og kenningu í kirkjunni um ókomnar aldaradír, þá hafi nú kirkjan einu sinni samþykkt að svo skuli vera;

¹⁾ Sbr. Harnack: Lehrb. d. Dogmengesch. II. bls. 296—298.

²⁾ Grísk-katóliska kirkjan viðurkennir að vísu „játninguna frá Nikeu og Konstantínópel“, þó ekki í þeirri mynd sem vér höfum hana (með viðbótinni „og syninum“ — filioque). Hvorug hinna játninganna hefir þar „symbólskt“ gildi.

Það sé því ekki annað en einföld hlýðnisskylda vor við þessa vora andlegu móður, að taka þessari ráðstöfun með auðmýkt og undirgefni í þakklátri viðurkenningu þess, að hún hafi þar viljað það eitt, sem hún, leidd af guðs anda, vissi, að oss börnum sínum væri fyrir beztu. Þessari skoðun er ef til vill ekki haldið beint fram, en hún skín þó út úr orðum þeirra manna, sem halda vilja sem fastast við játningahaftið. Og margur maðurinn er svo gott barn móður sinnar, að hann beygir sig í auðmýkt fyrir þessari ráðstöfun.

En það er þó dálítið að athuga við allan þennan hugsanaferil, svo fallegur sem hann kann að virðast og kirkjulegur, og það er, að forsendur hans eru býsna veikar. Vér getum auðvitað aldrei fullþakkað vorri andlegu móður, kirkjunni, fyrir þá blessunarstrauma, sem hún, eftir því sem aldir liðu fram, hefir veitt út til vor, barna sinna. En þegar vér þökkum henni fyrir játningarritin að því leyti sem þau hafa verið notuð sem kenningarhaft á prestana, þá beinum vér þakklætinu í ranga átt.

Kirkjan sem kirkja á miklu minni þátt í innleiðslu og lögfestingu játningarritanna, en alment er haldið.

Eg mintist áðan á uppruna fornkirkju-játninganna þriggja, hversu uppruni þeirra reyndist nú við nákvæmari rannsóknir að vera allur annar en um eitt tímaskeið hefði verið haldið, — hversu engin þeirra bæri nafn sitt með réttu, hversu engin þeirra yrði talin allsherjar-játning kristilegrar kirkju. En gerum vér nú ráð fyrir, að t. a. m. »játningin frá Nikeu og Konstantínópel«, svo rangnefnd, sem einna helst ætti að geta talist allsherjar-játning, hefði verið löglega samþykkt á einhverjum grískum kirkjufundi af einhverjum grískum biskupum, meðfram neyddum til þess af einhverjum hálfheiðnum eða að minsta kosti lít-kristnum keisara fyrir meira en 1500 árum, — hvaðan ætti sá kirkjufundur að hafa heimildina til þess að binda kirkjuna um fjölda ókominna alda við útlistanir sínar á höfuðatriðum hinnar kristnu trúar? Vér vitum auk þessa, að haldnir voru um sama tímaskeið fjöldi kirkjufunda,

jafnlöglega samankallaðir, og að frá þeim komu játningar jafnlöglega samþyktaðar, þar sem góðir og mikilsmetnir kirkjumenn héldu fram ólíkum — ef ekki gagnstæðum — kenningum, en út frá sínum skilningi á ritningunni. Hvers vegna ættu vorir tímar að vera bundnir af ályktunum þessa eina fundar fremur en af ályktunum hinna? Þegar öllu er á botninn hvolft, er það fylgi keisarans, sem styður eina játningu til sigurs fremur en aðra. Eins og það er veraldlega valdið, sem oftast nær ræður úrslitum fornkirkjufundanna, eins er það veraldlega valdið sem fylgir ályktunum þeirra fram til sigurs í kirkjunni. Þeir sem dálítið þekkja til sögu trúarlærdómanna vita, að það eru ekki svo fáar kenningar, sem hlotið hafa viðurkenningu »kirkjunnar« fyrir þá sök eina, að menn — óttuðust reiði keisarans! Svo var vafalaust í Níkeu forðum og oft síðar.

En »lúterska kirkjan hefir viðurkent þessar fornkirkju-játningar« munu menn segja. Það er þó álitamál. Vér getum sagt, að Lúter og Melankton hafi »viðurkent« þær, en hér hefir líka verið drepið á það, hvernig á þeirri viðurkenningu hafi staðið. Þeir gjörðu það fyrst og fremst af »praktiskum« ástæðum, til þess með því að sýna, að tilgangur þeirra með siðbótinni væri alls ekki sá að slíta samfélaginu við heilaga, almenna kirkju, en meðfram af því að þeir fengu ekki betur séð en að þessar fornkirkju-játningar væru í fullri samhljóðan við guðs orð í ritningunni. En ekki kom þeim til hugar að gefa út neina skipun um, að þessi rit skyldu hafa ævarandi gildi í kirkjunni né heldur að heitbinda skyldi prestana við þau fremur en við þau ritin, sem þeir sjálfir sömdu.

Og hverjir eru það, sem samþykkja Ágsborgar-játninguna? Menn tala oft svo sem þetta góða rit hafi verið hátiðlega samþykkt á einhverju allsherjar-kirkjuþingi fyrir hina evangelísk-lútersku kirkju, — en sagan veit ekki af neinu slíku kirkjuþingi. Hún var afhent Karli keisara V. á ríkisþinginu í Ágsborg árið 1530. En það var ekkert kirkjuþing og þar fór engin atkvæðagreiðsla fram um

gildi játningarinnar, enda var ríkisþingið gjörsamlega í höndum kaþólskra manna. En þá ætla menn ef til vill, að hún hafi verið undirskrifuð af öllum hinum helztu mönnum siðbættu kirkjunnar. En það er nú síður en svo sé. Játningin er undirskrifuð af sjö veraldlegum höfðingjum, hertogum, markgreifum og landgreifum, og að auki af bæjarstjórnunum í Nürnberg og í Reutlingen. »Eg efast um«, segir norskur presturinn L. Dahle með réttu, »aðhægt sé að sanna, að þessir menn hafi haft nokkra sérlega þekkingu til að bera umfram kristna menn á vorum dögum. Seinna voru reyndar bæði játningin sjálf og játningarvörnin líka undirskrifaðar af allmörgum guðfræðingum, þar á meðal nokkrum fremur nafnkendum (t. a. m. Bugenhagen og Marteini Bucer), en flestum þó býsna óþekktum. Og auðvitað voru undirskriftarmenn að eins örlítið brot Lúterstrúarmanna, svo að segja má, að játningin eigi »symbólskt« gildi sitt fremur að þakka minnihluta- en meirihlutaályktun, og læt eg ósagt um hvort mönnum þykir það veita svo miklu meiri tryggingu«¹⁾. Hvernig á því stendur, að fræðin hafa verið hafin til játningarrits-tignar, rit sem var ætlað börnum sem kenslubók, er meiri gáta en svo, að hún verði ráðin. Sennilegt er, að Lúter hefði ekki felt sig við þá ráðstöfun, svo mikla áherzlu, sem hann í formálanum fyrir fræðunum leggur á það, að menn gjöri ekki kenninguna að lögmálsoki.

Hvern þátt á svo kirkjan í lögfestingu þessara rita í hinum lútersku löndum? Þeirri spurningu er fljótsvarað. Kirkjan á engan þátt í henni, heldur eingöngu veraldlega valdið. Það eru Aldinborgar-kongarnir dönsku, sem hafa skipað fyrir um það, hvaða játningar skuli gilda sem reglur trúar og kenningar í »hinum dönsku kirkjum« (þ. e. í Danmörku og Noregi). En hér á landi? Þótt segja mætti, að með lögfestingu hinnar lútersku kirkju hér á landi (í Skálholtsstifti 1541 og í Hólastifti 1551) séu einnig lögfestar þær sérjátningar, sem taka fram hið sérkennilega

¹⁾ Sbr. Luthersk Kirketidende 1909, nr. 2 bls. 18.

trú og kenningu, sem gjörir kirkjuna að evangelísk-lúterskri kirkju, þá væri með því ekkert um það sagt h v a ð a játningar skuli gilda hér, og því síður verður sagt, að með því sé lögfest skuldbinding prestanna við nokkurt játningarrit. Því að hvorki kirkjuordinantía Kristjáns 3. né kirkjuordinantía Kristjáns 4. nefna nokkur játningarrit á nafn. Aftur á móti nefna þær báðar »nokkrar sjerlegar Bækur, sem Landsprestarnir skulu hafa, hvörjar þeir kunna ekki vel án að vera, efter því að þar útganga á þessum tímum margar slæmar Bækur«; en »sérlegu bækurnar« eru þessar: »1) Heilög Biblíá, 2) D. Martini Lutheri Postilla, 3) Confessionis Augustanæ Apologia Philippi (þ. e. játningarvörn Melanktons)¹, 4) Loci Communes Philippi (þ. e. trúfræði Melanktons), 5) einhver önnur góð Bók, af hvörre þeir megi vel kunna að útskýra Barnalærdómenn med D. Mart. Luth. Parvo Catechismo og 6) Instructio visitationis Saxonice.« — Hvorug ordinantían hefir nokkurn prestaeið annan en embættiseiðinn, þar sem ekki er með einu orði minst á nokkurt játningarrit. Við prestsvígsluna er biskupunum boðið, »að leggja fyrer þann, sem Kirkjunnar Þjónustu skal meðtaka, eina Bifalning, að hann skule réttilega prédika Evangelíum og útteila Sacramentum tilheyrilega . . . og hann skule eirnen iðuglega lesa þá heilögu Skript og iðka sig í henne«, — en játningarritin eru ekki nefnd á nafn. Að biskupar hér á landi, eins og átti sér stað í Danmörku, hafi á eigið eindæmi látið presta, er vígslu tóku, undirskrifa sérstakan prestaeið með skuldbindingu við játningarritin, er næsta ólíklegt, með því að hræðslan við »kryptó-kalvínskuna« var hér með öllu ástæðulaus; en það var hennar vegna, að dönsku biskuparnir sumir tóku það upp hjá sér að heimta slíka skuldbindingu af prestum þeim, er vígslu tóku. Um reglulega lögfestingu játningarritanna er ekki að ræða í danska rikinu fyr en með útkomu dönsku laga Kristjáns konungs

¹) Það er eftirtektarvert, að Játningarvörnin er hér nefnd, en ekki Játningin sjálf. Þetta sýnir, að hér getur ekki verið um lögfestingu ákveðinna játningarrita að ræða.

5. árið 1683. Þar er loks ákveðið í 2. bókar 1. kap., að þau trúarbrögð ein skuli líðast í konungsins ríkjum og löndum, sem séu samhljóða heilagri ritningu, postullegu, nikenisku, og atanasíönsku trúarjátningunum, hinni óbreyttu Ágsborgar trúarjátningu frá 1530 og fræðum Lúters hinum minni (sbr. einnig 2. bókar 4. kap. 6. gr.). Með þessu eru játningarritin lögfest. En við þessa lögfestingu er það þó að athuga, að sú bók Kristjáns 5. laga, sem lýtur að trúarbrögðunum og prestastéttinni, hefir aldrei í heild sinni verið lögtekin á voru landi. Hið sama er að segja um Kirkjurítúal Kristjáns 5., sem út kemur tveim árum síðar (1685), þetta ritúal, sem fyrst fyrirskipar prestaeiðinn. Þótt þessu ritúali hafi verið fylgt hér á landi síðan skömmu fyrir aldamótin 1700 og prestaeiðurinn, sem það fyrirskipar, verið heimtaður af öllum íslenskum prestum fram að árinu 1888, hefir það aldrei verið löglega innleitt hér fremur en kristniréttur Kristjáns 5.; má meðal annars sjá það af því, að ritúalið hefir aldrei, að ráðstöfun stjórnarvaldanna, verið útlagt á vora tungu, né nokkurt lagaboð verið gefið út um það, að þetta ritúal skyldi gilda hér hjá oss. Kirkju-ritúalinu og játningahaftinu með því hefir verið láumað hér inn af stjórnendum landsins að presta-stétt landsins og safnaðarlýð fornspurðum án nokkurrar sjáanlegrar lagaheimildar!

En þegar vér nú vitum, að lögfesting játningarritanna og skuldbinding prestanna við þau í kenningu sinni, er svo til komin, sem nú hefir verið bent á, fer að verða meira en erfitt að sjá með hvaða rétti kennimönnum vorum verður haldið í játninga-tjóðrinu úr þessu. Og hafi hin evang. lúterska kirkja lands vors getað komist af án nokkurs játninga-hafts á prestum sínum í full 150 ár, ætti hún ekki síður að geta komist af án þess hér eftir, svo miklu framar sem prestastétt vor stendur nú en þá gjörði hún. Hið eina, sem gæti réttlætt skuldbindingu prestanna við játningarritin, skyldi vera það, að rit þessi væru í öllum greinum svo fullkomin, bæði að efni og bún-

ingi, að lengra yrði ekki komist, og skal eg því snúa mér að þeirri hlið málsins. —

3. Þegar litið er á efni og búning játningarritanna, fær það ekki dulist, að svo merkileg sem þessi rit eru, þá eru þau þó ófullkomin mannasmiði, sem í flestu tilliti bera á sér fingraför sinna tíma.

Það gæti í fljótu bragði virzt litt skiljanlegt hversu rit þessi vaxa í álit og gildi eftir því sem liður frá siðbótartímabilinu, sérstaklega þegar þess er gætt, hve fjarri það var siðbótar-höfundunum sjálfum að eigna slikt gildi sérjátningum sínum. En til þess eru þó harla eðlilegar orsakir. Fyrst ber að nefna hin miklu umskifti, sem verða við það, að algildi páfans dettur úr sögunni með siðbótinni. Meðan hin miklu ljós siðbótarinnar stóðu enn á uppréttum fótum, var þetta þó ekki svo mjög tilfinnanlegt, því að menn gátu leitað til þeirra með öll sín vafamál, og gjörðu það líka. En þegar fram liðu stundir og þessi ljós voru sloknuð, tóku hinir leiðandi menn kirkjunnar, guðfræðingarnir sjálfir, að gjörast býsna sundurmála í skoðunum sínum á ýmsum trúar- og kenningaratriðum; þá var það eðlilegt, að menn leituðu til rita sjálfra siðbótar-höfundanna og þá einkum þeirra, sem stóðu í nánustu sambandi við stofnun siðbótarkirkjunnar, til þess að fá leyst úr vanda- og vafaspuðningum sínum, það því fremur sem gjöra varð að sjálfsögðu ráð fyrir fullkominni samhljóðun þeirra við guðs orð í heilagri ritningu. Við þetta hlaut ritum þessum að vaxa álit, sérstaklega þó þeim, sem ætla mátti, að hefðu að geyma stefnuskrá hinnar siðbættu kirkju. En svo bættist annað við, sem ekki varð afdrifaminna í þessu tilliti: Kirkjan verður rikiskirkja og stjórnendur landanna æðstu biskupar hver í sínu landi. Þegar nú til þess kom að skipa fyrir um ýmis andleg mál kirkjunni viðkomandi, þurfti handhægar lögbókar til þess að fara eftir, svo góð regla mætti haldast, og slíka handhæga lögbók fundu stjórnendurnir þar sem játningarritin voru. Í þessu tilliti nutu þeir —

Því miður — velmeðtekinnar aðstoðar kirkjunnar manna sjálfra, guðfræðinganna. Í stað þess að halda sem fastast fram þeirri frumreglu evangelísku kirkjunnar, sem Lúter sjálfur hafði sett henni, að ritningin ein skyldi vera regla og mælisnúra trúar og kenningar, taka þeir nú af öllu megni að gylla játningarritin á kostnað ritningarinnar, unz svo er komið að lokum, að ritningin á að útskýrast eftir játningarritunum — og kirkjan, sem kennir sig við Lúter, er í þessu komin út á villubrautir katólísku kirkjunnar, sem Lúter hafði verið að berjast á móti! Hinni lútersku siðbótar-frumreglu er að vísu ekki afneitað í orði kveðnu, en í reyndinni er öll játninga-dýrkun 17. aldar guðfræðinganna bein afneitun hennar. Því er ekki að eins haldið fram, að játningarritin gildi að því leyti sem þau séu ritningunni samhljóða, heldur einnig af því að þau séu það. Og því lengur sem menn einblindu á samhljóðunina, því minna bar á fyrra atriðinu, og menn taka því einnig smámsaman, einmitt vegna samhljóðunarinnar, að eigna þeim hlutdeild í innblæstri ritningarinnar. Þó létu trúfræðingarnir gömlu sér nægja að eigna játningarritunum að eins það sem þeir kölluðu »inspiratio mediata«, en hvað gildi þeirra snertir þótti ekki nægja að eigna þeim kirkjulegt gildi, heldur eignuðu menn þeim beinlínis guðdómlegt gildi (auctoritas divina). Þess vegna þótti það ekki nema rétt og tilhlýðilegt, þegar prestaeldurinn gamli var saminn og settur í ritúalið (1685), að eiðbinda prestana við »hina himnesku kenningu eins og hún er framsett í . . . játningarritum hinna dönsku kirkna«.

En hvað er nú við þetta að athuga?

Við þetta er það að athuga, að hér er verið að eiðbinda (eða eins og nú er: heitbinda) kirkjunnar þjóna við ófullkomin mannasmiði.

Hvað snertir postullegu trúarjåtninguna, þá stendur að vísu nokkuð öðruvísi á henni en hinum játningarritunum, að því leyti sem flestir liðir hennar eru svo til orðrétt teknir úr nýja testamentinu; en einmitt þess vegna

ætti ekki að vera þörf á sérstakri heitbindingu við hana, þar sem prestarnir eru bundnir við guðs orð í heilagri ritningu.¹⁾

Um hinar játningarnar allar er það að segja, að þær bera á sér margvísleg fingraför hins rikjandi aldaranda þeirra tíma, sem þær eru framkomnar á, eru mótaðar af hugsunarhætti, sem er harla fjarlægur hugsunarhætti vorra tíma, og innihalda jafnvel kenningar, sem óhætt mun að segja um, að erfitt sé að samríma evangelií Jesú Krists, að ekki sé meira sagt.

Líti maður á Nikeu-játninguna, svo eg haldi því nafni þótt rangt sé, þá blandast engum hugur um, að þar talar býzantínska guðfræðin í alveldi sínu, mótuð af hugsunarhætti þeirra tíma eins og hann var, gagnsýrður af hinni grísku heimspeki, litt skiljanlegur vorri hugsun og jafnósamrímánlegur rökfræði vorra tíma og sálarfræði. Nikeu-játningin er miklu fremur háspekileg útlistun trúarinnar, en einföld kirkjuleg játning hennar; en fátt er jafnóviðunandi í trúarjátningu sem háspekilegar útlistanir þeirra hluta, sem »auga ekki sá og eyra ekki heyrði og ekki hefir komið upp í huga nokkurs manns«. Auk þessa hefir játningin sífellt meðfram tillit til trúfræðilegra ágreiningsmála, sem allur meginþorri nútíðarmanna kristinna hefir enga minstu hugmynd um og botnar ekkert í.

Um Atanasíusar-játninguna er að flestu leyti hið sama að segja, en hún hefir það þó fram yfir hinar játningarnar, að hún hefir að geyma atriði, sem beint verða að teljast ókristileg. Hún heimtar trú á háspekilegar útlistanir á sambandi guðdómspersónanna í þrenning-

¹⁾ Svo aðdánleg sem þessi játning er fremur öllum öðrum trúarjátningum, verður þó ekki sagt, að hún sé fullkomin játning hinnar kristnu trúar fremur en aðrar. Því verður naumast mótmælt, sem dr. A. Harnack hefir sagt, að fullkomin geti sú játning ekki talist, þar sem ekki sé »haft neitt tillit til prédikunar frelsarans, framkomu hans allrar gagnvart fátækum og sjúkum, tollheimtumönnum og bersyndugum, til persónunnar eins og hún ljómar á móti oss í guðspjöllunum« (sbr. A. Harnack: Reden und Aufsätze I. bls. 254).

unni, og á sambandi hinnar guðlegu og mannlegu náttúru frelsarans sín á milli, gjörir þessa trú að beinu sáluhjálpar-skilyrði og misskilur þannig með öllu hugtakið »sáluhjálpleg trú«. Þrisvar sinnum þykir ástæða til að taka það fram, að ómögulegt sé að verða hólpinn nema maður trúi hinum lítt skiljanlegu útlistunum. En slíkt er algjörlega gagnstætt þeim anda kristnu trúarinnar, sem ætti að vera ráðandi í slíku játningarriti. Alt slíkt er talað af öðrum anda en hans, sem sagði: »Komid til mín allir þér, sem erfíðid og þunga eru hlaðnir, eg mun veita yður hvíld« áu þess að minna á nokkrar játningar, — en hann fekk líka þann dóm hjá samtíð sinni, að hann »talaði ekki eins og hinir skriftlærðu«.

Svo eg því næst snúi mér að sérjåtningum vorrar eigin kirkju, þá verður því ekki neitað, að Ágsborgar-játningin er ágætt rit og merkilegt, þegar miðað er við þann tíma, sem hún er framkomin á. En alt fyrir það ber hún á hverri blaðsíðu meira og minna átakanleg merki sinna tíma, merki þeirra kringumstæðna, sem leiða til þess, að hún er samin, og þess tilgangs, sem hún er sam-in í. Og jafnareíðanlegt er hitt, að þar er haldið fram kenningum sem fæstir — ef nokkurir — sem skyn ber á þau efni, mundu fáanlegir til að verja á vorum tímum. Enda hefir fjöldi hinna ágætustu manna kirkjunnar á næst líðinni öld í einlægni játað með kirkjusagnfræðingnum ágæta, Neander, að þótt þeir gjörðu hið fylsta tilkall til að kallast evangelísk-lúterskrar trúar, væri sér þó ómögulegt að samsinna öllu því, er stæði í játningunni frá Ágsborg, — og er það því síður furða sem sjálfur höfundurinn, Melankton, gat það ekki er frá leið, svo sem kunnugt er. Hitt hefði verið miklu meiri furða ef kristnir menn á vorum tímum, sem þekkja játninguna, hefðu getað samsint henni í öllum greinum. Eg skal drepa á nokkur at-riði. Hver vill á vorum dögum verja 14. gr., sem stranglega fyrirbýður alla leikmanna-prédikun í kirkjunni?¹⁾

¹⁾ Jafnvel hinn mikli játninga-talsmaður síra Jón Bjarnason í Winnipeg hefir neyðst til að loka augum sínum fyrir þeirri grein. Eins Sigurbjörn kand. hjá oss.

Eða hver vill nú á dögum undirskrifa fyrir dæmingardóm 9. gr. yfir Endurskirendum og öðrum, sem halda því fram, að börn geti orðið hólpin án skirnar, og styðja með því að þeirri lítt kristilegu skoðun, að börnin, sem óskirð deyja, glatist? Jafnvel hinn mikli trúfræðingur 17. aldarinnar Jóh. Gerhard gat ekki fylgt játningunni hér fyrirvaralaust og minti á orð Ágústins, að það væri »ekki vöntun sakramentanna heldur fyrirlitning fyrir þeim, sem leiddi dóm yfir manninn«. Eg vil ennfremur minna á 11. gr. um skriftirnar, þar sem kent er að halda skuli í söfnuðunum heimullegrri aflausn; eg veit ekki betur en að þessi grein sé gjörsamlega fallin úr gildi hvarvetna í hinni evang.lútersku kirkju. Eg vil einnig nefna 2. gr. þar sem kent er að upprunaspillingin eða erfðasyndin dæmi seka og steypi í eilífa glötun þeim, sem ekki endurfæðist fyrir skírn og heilagan anda. Og loks mætti eg minna á 17. gr. og það sem þar er kent um eilífa útskúfun og fyrir dæmingardóminn, sem þar er kveðinn upp yfir þeim sem haldi fram þúsundárárkis-kenningunni.

Eg veit það vel, að alt þetta þótti »góð latína« á sínum tíma og hneykslaði fáa menn, ef nokkurir hafa verið, slíkur sem hugsunarháttur manna var. En skilningur manna á guðs orði hefir breyzt svo mjög á þeim 400 árum, sem liðin eru síðan. Lúter hóf siðbót sína, að það verður að teljast býsna víðurhlutamikið að skuldbinda kennimenn vorra tíma við jafn vafasöm kenningaratriði og þessi.

Loks ber að minnast á fræði Lúters hin minni. Vafalaust voru þau ágætt rit á sínum tíma; en mundi nokkur af alvöru vilja halda því fram, að það rit samsvari kröfum vorra tíma eða innihaldi svo fullnægjandi útskýringu þeirra hluta sem skyldi, er þar er verið að útskýra? Eg vil benda á útlistunina, sem þar er gefin á sakramentunum báðum — hverju eru menn bættari? Skírnin er látin tákna, »að hinn gamli Adam í oss eigi daglega að drekkjast og deyja — og síðan daglega fram að koma og upp aftur að rísa nýr maður« — útskýring, sem ekki stendur í

neinu sambandi við athöfnina, eins og hún er um hönd höfð vor á meðal, og hefir auk þessa alls ekkert tillit til ungbarnaskírnarinnar. Eða mundi nokkur þora að halda því fram, að útskýring Lúters á kveldmáltíðar-sakramentinu væri þess eðlis, að það yrði með réttu talið goðgá að vika frá henni? Eða mundi það sem sagt er um töfra (magisk) -áhrif orðsins í báðum þessum útlistunum verða talið fyllilega evangelísk kenning? Eftirtektarvert er það, að engin af barnalærdómsbókum vorum hefir treyst sér til að halda skýringu Lúters á þessum efnum, en reynt að koma með nýjar skýringar, sem ekki eru Lúters. Og þó á það að vera regla og mælisnúra fyrir trú og kenningu presta vorra, sem haldið er fram í fræðunum!

En þar sem nú játningarritin samkvæmt þessu, sem nú hefir verið tekið fram, eru og verða ófullkomin mannaverk, liggur í hlutarins eðli, að óráð er að eigna þeim lagagildi í kirkjunni fyrir alla tíma. Þau geta að vísu sýnt oss, hvernig menn á ýmsum tímum hafa skilið og útlistað hin guðlegu sáluhjálparsannindi, — þau geta vel staðið sem metrasteinar með fram vegi hinnar kirkjulegu framsóknar, er sýna hve langt menn voru komnir í skilningi hins opinberaða orðs á þeim og þeim tímum, en með því að eigna þeim það algildisvald, sem þau hafa haft í kirkjunni — ef ekki á borði, þá í orði — síðan daga 17. aldar trúfræðinganna, hafa menn gjört þau að tjóðursteinum, sem í mörgu tilliti hafa staðið eðlilegri framþróun í vegi. Menn gengu út frá því, að játningarritin hefðu að geyma hinn algjöra sannleika í öllum greinum, af því að kenning þeirra kom heim við það, sem var sannleikur í þeirra eigin augum og réttur skilningur á guðs orði. En hitt hugkvæmdist þeim ekki, að öll guðfræði og allar guðfræðilegar útlistanir eru háðar takmörkunum sinna tíma, að engin játningarrit eða trúfræðikerfi hafa nokkru sínni flutt sannleikann í fullkómari mynd en þeirra tímar höfðu höndlað hann, og að öll játningarrit og trúarlærdómakerfi og kirkjufundaályktanir eru sífellt mótuð af hugsunarhætti einhverrar ákveðinnar stefnu

og með hliðsjón á alveg sérstökum sögulegum kringumstæðum. Í fæstum orðum: Þeir gleymdu hinu gamla, góða postullega orði, sem aldrei fyrnist, orðinu um þekkinguna, sem er í molum.

En þar sem vér verðum að játa að þekking vor sé öll í molum, getur það aldrei réttlæzt til lengdar að heitbinda kennimenn kirkjunnar við útlistanir löngu liðinna alda á sannindum kristindómsins, eins og þar væri um hinn algjöra sannleika að ræða.

4. En það sem að síðustu gjörir kröfuna um kenningarfrælsi presta öllu öðru fremur réttmæta er þó það, að þessi eiðbinding eða heitbinding prestanna við játningarritin ríður algjörlega í bága við höfuðfrumreglu vorrar evangelisk-lútersku kirkju, sem var undirrot allrar siðbótarinnar.

Hver var þessi höfuðfrumregla?

Þessi höfuðfrumregla var sú, að heilög ritning skyldi vera hin eina óbrigðula regla og mælisnúra trúar og kenningar í kirkjunni á öllum tímum. Hvers vegna? Af því að heilög ritning og hún ein hefði að geyma hinn eilífa og óbreytilega sannleika til sáluhjálpar. Það var lifandi tilfinning Lúters fyrir því, að katólska kirkjan hefði hrakist af réttri braut inn á skaðlegar villubrautir, er hún setti erfikenninguna (en til erfikenningarinnar ber að telja játningarritin) yfir ritninguna, er meðal annars hratt honum út í baráttuna við veraldarinnar voldugasta félag — hina katólsku kirkju — og knúði hann til að yfirgefa móðurskaut kirkjunnar, er hann sá hve fjarri það var henni að þekkja sinn vitjunartíma. Og þetta var enn ekki fallið í gleymsku er Samlyndisreglan varð til — hið mikla trúfræðilega deilurit, sem víða í lúterskum löndum hefir verið lögfest játningarrit, þótt ekki sé það svo hjá oss né í hinu danska ríki. Í inngangi rits þessa, sem er samið á árunum 1570—80, er gjörð grein fyrir afstöðu játningarritanna til ritningarinnar, með svofeldum orðum: »Játn-

ingarritin hafa ekki dómara Vald, því að sá heidur ber ritningunni einni saman, heldur eru þau að eins vitnisburður um trú vora og útskýring hennar, er sýnir hvernig hinar helgu bækur [ritningarinnar] hafa verið útlagðar og útlistaðar í kirkju guðs á ýmsum tímum í þeim atriðum, sem ágreiningi hafa valdið, af þeim kennendum sem þá lifðu, og með hvaða röksemdum þeim lærdómum hefir verið hrundið, sem komu í bága við heilaga ritningu.« Og um ritninguna segir svo í upphafi inngangsins: »Vér trúum, kennum og játum, að hin eina regla og mælisnúra, sem allir lærdómar og allir kennendur eiga að dæmast eftir, sé einvörðungu hin spámannlegu og postulegu rit gamla og nýja testamentisins. . . . Öll önnur rit gamalla og nýrra kennenda, hverju nafni sem nefnast, ber ekki að meta til jafns við heilaga ritningu . . . og ekki að veita þeim viðtöku sem öðru eða meiru en vitnisburði um það, í hvaða mynd og á hvaða stöðum kenning spámannanna og postulanna hefir varðveitt verið hrein eftir liðna daga postulanna.«

Hér eru tekin af öll tvímæli. Samkvæmt þessu eiga játningarritin sjálf að prófast og dæmast eftir ritningunni og geta því ekki verið að álíta sem lög eða reglur fyrir því, hvað skuli kenna í kirkjunni. Og því getur ekki heldur verið réttlátt að miða heitbindingu prestanna við þessi rit jafnhliða ritningunni, því að þá er ritningin ekki lengur yfir játningunum, heldur hrundið úr því sæti, sem henni ber einni saman. Vilji kirkjan vera trú sinni eigin frumreglu og bera heiti sitt »evangelisk-lútersk« með réttu, getur hún ekki bundið þjóna sína við neitt annað en guðs orð í ritningunni, því að það og ekkert annað hefir, eftir kirkjunnar eigin skoðun, að geyma hinn algjöra sannleika til sáluhjálpar.

Er það nú hugsur mín með öllu þessu, að afnema beri að öllu leyti játningarrit kirkjunnar eða að skipa beri nefnd manna til að endurskoða þau, ef ske kynni að ráða mætti bót á einhverjum gallanum, eða til að semja

nýja játningu, er betur samsvari kröfum tímans og þörfum? Nei, fjarri fer því. Ekkert af þessu hefir mér til hugar komið.

Eg vil ekki láta hagga hið minsta við þessum ritum; eg vil lofa þeim að standa óbreyttum eins og vér höfum fengið þau að erfðum frá liðnum tímum og hvorki fella þar nokkuð burtu né auka þar nokkru við. Aftur á móti er hugsun mín sú, að tími sé kominn til þess að hætta að nota þessi rit sem tjóðurhæla fyrir kennimenn kirkjunnar; eg vil, að hætt sé að heitbinda prestana við játningarritin og að hitt sé látið nægja, að þeir lofi eftir beztu samvizku að kenna samkvæmt guðs orði í ritningunni, ef ekki þykir nægja það heitið, sem þeir hafa gjört þegar áður fyrir altari drottins í viðurvist safnaðarins og gefið vígsluveitanda og vottum hönd sína uppá.

Eg hefi engu minni mætur á játningarritum vorum en þeir, sem vilja nota þau sem tjóðurhæla; — ég hefi mætur á þeim sem metra-steinum á framþróunarbraut kirkjunnar, er sýna oss hve langt menn voru komnir í tileinkun hins guðdómlega sannleika á þeim tímum, er reistu þessa steina; — ég hefi mætur á þeim vegna þeirra fjársjóða kristilegrar þekkingar og lífsreynslu, sem í þeim birtist, og því vil ég líka að prestunum sé gjört að skyldu að kynna sér þessi rit sem bezt og tileinka sér það af innihaldi þeirra, sem hefir varanlegt gildi; því að þekking þeirra og réttur skilningur á efni þeirri er í mörgum greinum nauðsynlegt skilyrði fyrir réttum skilningi kirkju- og trúarlífsins á vorum dögum.

En lengra vil ég ekki fara. Og lengra álit ég, að kirkjan megi ekki fara, vilji hún vera trú sinni eigin hugsjón. Heitbundið prestana við játningarritin eins og lög-bók væri getur kirkjan ekki nema þá um leið að riða í bága við eigin frumreglu sína sem evangel.lútersk kirkja. Sé það rétt álitíð, að játningarritin séu ófullkomin manna-smíði, sem því hljóta að úreldast er tímar liða fram, verður það alls ekki réttlætt hvorki að láta vinna eið að þeim né heldur skuldbinda menn til að kenna samkvæmt

þeim með hátiðlegu loforði fyrir auglýsing allsvitanda guðs. Kirkjan getur heimtað slíkt loforð eða heit af þjónum sínum að því er snertir það að prédika evangelíum Jesú Krists, en ekki fram yfir það. Jesús hefir sjálfur sagt á hátiðlegri stundu: »Farið . . . og kennið þeim að halda alt, sem ég hefi boðið yður!« Það ætti kirkjunni að geta nægt.¹⁾ — —

Ég býst við því, að einhver kunni að segja: »Sá sem gengið hefir í kirkjunnar þjónustu upp á þessi skilyrði, hefir alls engan rétt til að kvarta yfir ótilhlýðilegu ófrelsi. Hann vissi að hverju hann gekk og hefði því átt að geta tekið ráð í tíma. Kirkjan hlýtur að mega heimta af þjónum sínum, að þeir prédiki hennar trú en ekki hvaða trú aðra sem þeir vilja».

Einhverju á þessa leið hefi ég nýlega séð hreyft í einhverju blaði og mörgum kann ef til vill að þykja það viturlega mælt og rökrétt. En rökfærslan er þó ekki eins óhrekjandi og virðast kann í fljótu bragði. Forsendurnar eru ekki sem ábyggilegastar.

Hvernig er varið rétti kirkjunnar? Þessi spurning þarf frekari athugunar við svo oft sem ranglega er talað um »rétt« kirkjunnar í þessu sambandi.

Þess er þá fyrst af öllu að gæta, en er þó eitt af því, sem mönnum hvað mest hættir til að gleyma: að sannleikurinn stendur yfir kirkjunni²⁾, svo að hér getur aldrei verið um neinn algjöran rétt að ræða kirkjunni til handa. Því næst er þess að minnast, að kirkjan er eftir hugsjón sinni samsafn Jesú lærisveina, sem vilja hlýða hans raustu og halda alt það, sem hann hefir boðið. Hún er ambátt drottins og hefir engan rétt annan en þann, sem drottinn hefir henni á herðar lagt sem skyldu. Réttur kirkjunnar og skylda rennur saman í eitt. Réttur og skylda kirkjunnar sem félags er að boða evangelíum Jesú Krists og það er réttur hennar og

¹⁾ Sbr. grein G. O. Klövstads prests, í Luthersk Kirketidende 1909. I bls. 89—90.

²⁾ Sbr. fyrirlestur Thv. Klaveness í For frisindet Kristendom.

skylda að heimta af þjónum sínum, að þeir boði þetta evangelíum; því að evangelíum Jesú Krists er öllu öðru fremur guðs orðið í heilagri ritningu. Væri því nú svo farið, að evangelíum Jesú Krists og játningar kirkjunnar væri í öllum greinum samhljóða, gæti það réttlæzt — þótt þess gjörðist þá ekki beint þörf — að kirkjan heitbindi þjóna sína við játningarnar. En nú eignar kirkjan ekki játningum sínum neinn óskeikulleika. — Lútersku 17. aldar trúfræðingarnir gerðu það að visu, en þeir eru ekki kirkjan. — Og þá getur kirkjan ekki heldur með góðri samvizku heitbundið þjóna sína við játningarnar, — hún getur ekki lagt heitbönd á þjóna sína, sem þótt þau ekki aftri þeim frá að rannsaka evangelíum Jesú Krists, gjöra þeim að skyldu að halda því leyndu fyrir söfnuðum sínum, sem ekki kemur heim við játningarritin. Kirkjan getur ekki leyft sér slíkt. Hún syndgar með því gagnvart guði og gagnvart sjálfri sér. Með því að tjóðra þjóna sína, tjóðrar hún sjálfa sig og heftir alla framþróun sína¹⁾.

Þess vegna hlýtur markmið vort að vera það, að losna sem fyrst við heitbindingu prestanna við játningarritin. Dagar hennar ættu fyrir löngu að vera taldir og gagn hefir hún aldrei gjört. Þeir tímar, sem mest gjörðu að því að binda kenninguna við játningarritin urðu undanfarar einhverra hinna köldustu og dimmstu daga, sem runnið hafa upp yfir kirkju vora, daga skynsemistrúarinnar gömlu. Tryggingin, sem heitbindingin átti að veita hefir reynst einskisvirði. Heitið hefir alið hræsnina og aftráð framförunum, sem ávalt eru frelsinu samfara. Það hefir oft og tíðum gjört mennina, sem því voru bundnir, að beygðum, áhugalitlum og ósjálfstæðum bókstafsþjónum, í stað þess að gjöra þá að glöðum, upplitsdjörfum og sjálfstæðum samverkamönnum guðs.

¹⁾ Sbr. grein Klövstads L. K. 1909. I. bls. 90.

Abraham Lincoln.

1809—1909.

Á aldarafmæli Abrahams Lincolns var það bert, að ekkert mikilmenni Bandaríkjanna hefir getið sér meiri ástsæld en hann með þjóð sinni. Ef Bandaríkjamadur ætti að leysa úr því, af hverju ástsæld og hylli Lincolns væri sprottin, mundi hann líklegast svara einhvern veginn á þá leið: »Af því að hann er öðrum fremur hold af okkar holdi og blóð af okkar blóði og æfiferill hans ímynd vaxtar og viðgangs þjóðfélags okkar.« Og vér getum bætt við: öll æfi Lincolns er ljós og órækur vottur þess, hve miklu einbeittur vilji og þrautseigja samfara góðum gáfum fær afkastað í heiminum.

Í stuttri ritgerð eru engin tók á að gera ítarlega grein fyrir æfi og starfsemi þessa ágæta manns. Vér verðum að láta oss nægja að víkja stuttlega að helztu æfiatriðum hans og lyndiseinkunn og færa síðan nokkur rök að því, hvernig hann gerist leiðtogi þjóðar sinnar á mestu hörmungatímum hennar og leiðir hana með þreki sínu, hyggindum og drengskap úr botnlausum ógöngum fram á leið til sæmdar og sannra þjóðþrifa.

Abraham Lincoln átti til fátækra foreldra að telja, sem höfðu leitað vestur um haf frá Englandi skömmu fyrir miðja seytjándu öld. Svo er að sjá sem ríkur farhugur hafi ráðið ferðum þessara ættfeðra hans. Þeir fluttust sveit úr sveit og land úr landi til þess að höndla gæfuna. Og Abraham litli fæddist í Kentucky, en ólst upp í ríkjun-

um Indiana og Illinois, er voru þá útjaðrar Bandaríkjanna vestur á bóginn.

Þegar Abraham var 7 vetra, fluttist hann með foreldrum sínum til Indiana. Faðir hans, Thómas Lincoln, var fátækur trésmiður, sem þótti á yngri árum hverflyndur í ráði sínu, en móðir hans var stilt kona og vel viti borin og fyrir manni sínum í hvívetna. Þegar Thómas Lincoln hafði dvalið nokkra hrið í Indiana, reisti hann handa sér og fjölskyldu sinni allrúm-gott stökkahús. Hann vann einn að smíðinu ásamt Abraham litla syni sínum, er hjálpaði föður sínum eftir mætti. Hann fékk nú öxi í hönd, þótt ungur væri, og lærði fyrst að höggva smágreinar og síðan tré. Frá því hann var 8 vetra og þar til hann hafði einn um tvítugt leið varla sá dagur, að hann tæki sér ekki öxi í hönd, enda varð hann, er hann eltist, einhver bezt og afkastamesti viðarhöggvari í Indiana.

Hús Thómasar var ramlega viðað, en að öðru leyti óvistlegt og af vanefnum gert. Einar dyr og einn gluggi voru þó á húsinu, en í stað rúðuglers varð eigandinn að notast við skjá. Öll búsgögnin voru 2 rúmstæði, lítið borð og 2 stólar, pottur og panna og örfá geymslulát. Rúm-fatnaðurinn voru nokkrar ábreiður og hálpokar. Viður-værið var að sama skapi einfalt og óbrotið, nær því eingöngu brauð og villibráð. Við þennan viðurgerning, sem hér er stuttlega dregið á, átti Abraham að búa nokkur ár.

Snemma bar á því, að Abraham litli var námfús mjög og hneigður til bóka. En einu bækurnar sem til voru í kotinu, voru stafrófskver, spurningakver og heilög ritning. Á æskuárum hafði Abraham lítið af fræðslu að segja og mörgum árum síðar taldist honum sjálfum svo til, að að alls og alls hefði hann notið níu mánaðar tilsagnar í skólum.

Í föðurhúsum vandist Abraham snemma alls konar vinnu, en löngu vetrarkvöldin sat hann við arin, er vel logaði á skiðunum, því að ekki var um önnur ljósfæri að ræða, og las eða dró til stafs. Ritföngin voru oftlega trjá-börkur eða tréspænic og kolamoli. Stundum þegar fönn

var, dró hann til stafs í snjónum með stafprika. Þess á milli sat hann við kné föður síns og hlustaði á frásögn hans um nýlenduprestinn, sem gekk eða reið 4000 enskar mílur á tólf mánuðum og flutti mörg hundruð ræður, eða um víðureign landa sinna og Indíána. Frásögur þessar urðu honum mjög minnisstæðar og juku táp hans og framlöngun. Hann las öllum stundum, er hann komst höndum undir, en af því bókaforðinn á heimilinu var ekki fjölskrúðugri en fyr er sagt, las hann bækurnar aftur og aftur, unz hann kunni þær að miklu leyti utan bókar; einkum varð hann mjög ritningarfróður og hafði síðan allajafna ritningargreinar á takteinum.

Ef Abraham frétti til einherrar bókar í eigu nágretta eða nærsveitarmanna, var hann ekki í rónni fyrir en hann hafði fengið bókina og lesið hana. Þannig er haft fyrir satt, að eitt sinn heyrði hann getið æfisögu Washingtons, er honum lék mjög hugur á að ná í. Hann fór því að hitta eiganda bókarinnar og fékk hana að láni. Þegar heim kom, gafst honum gott næði til að lesa bókina, því að þá gengu hryðjur miklar og illviðri, svo að ekki var unt að stunda útiverk. Þóttist hann vera orðinn margs vís um Washington kvöldið sem hann lauk við bókina og lagði hana við kofapilið. En þar var stór rifa á súðinni, vindstaðan breyttist um nóttina og regninu lamdi inn um rifuna beint á æfisögu Washingtons. Abraham varð sárhryggur yfir því, að svo hafði tekist til með bókina og fór morguninn eftir að hitta eiganda hennar. »Bókin er gerskemd«, sagði hann, »og eg á ekkert fé til að borga hana, en eg skal vinna af mér andvirði hennar«. Síðan vann hann að uppskeru þrjá daga, til þess að borga bókina.

Snemma bar á því, að Abraham var athugull og eftirtektasamari en börn alment gerast á hans reki. Ef hann heyrði einhvern segja eitthvað, sem hann skildi ekki, eða dytti hann í bókum ofan á eitthvað sem honum þótti torskilið, var hann að velta því fyrir sér og ræða það við féлага sína, þar til hann komst að einhverri ákveð-

inni niðurstöðu. Þegar hann las eitthvað, sem honum þótti mikið til koma, hripaði hann það niður á spæni eða smáfjalir, þangað til hann gat náð sér í pappír. Er hann fór að læra reikning, sat hann með öskuskúffu foreldra sinna á hnjánum og reiknaði dæmin á hana, og skóf þau svo aftur út með tigilknif föður síns. Frá blautu barnsbeini rækti hann alt, sem hann lagði fyrir sig eða átti að gera, með stakri alúð og samvizeusemi, og gat sér traust og vinsældir hjá öllum mönnum, sem hann átti nokkur mök við.

Framan af æfinni lagði Lincoln margt á gjörfa hönd. Hann var timburmaður, formaður á árpramma, slátrari, póstmeistari í litlu þorpi, landmælandi og liðsforingi í skærum landa sinna við Indíána. En aldrei gafst honum færi á að eiga vopnaviðskifti við þá, og sagðist honum síðar svo frá, að hann hefði að vísu átt margar blóðugar orustur við mývarginn, en aldrei átt kost á að sýna skotfimi sína nema á blómlaukum á viðavangi.

Abraham var með hæstu mönnum á vöxt, 3 álnir og 4 þumlungar, en slánalega vaxinn og útlímastór með afbrigðum. Andlitsfallið var ófritt og hörundið þegar í æsku gulgrátt og skorpið. Hann var rammur að afli og afbragðs glímumaður á ameríska vísu. Lítt barst hann á í klæðaburði. Hversdagslega var hann í víðri ullarskyrtu og nærskornum brókum, er skröltu upp á mjóalegg; á höfði bar hann loðhúfu. Þótt hann væri heldur stirður í öllum snúningum, var hann þó kurteis í framgöngu og þýður í viðmóti. Yfirbragðið var öldurmannlegt og stillilegt, augun snör og blikandi, þegar hann ræddi við menn, en endranær draumhýr og viðsæ. Vel var hann máli farinn, fyndinn og gamansamur, slyngur og skjótur til andsvara og sagði manna bezt skrítlur og kýmisoður. Hann var snemma þunglyndur og hefir því verið fleygt, að ástarvonbrigði hafi valdið því; hitt er víst, að hann hratt því af sér með þreki sínu og karlmannslund. Hugsjónum sínum var hann trúr og beittist fyrir þær, en fargaði þeim ekki til frálags og búdrýginda.

Þegar Abraham lét af herþjónustunni, fór hann að hugsa um að nema járnsmíði til þess að fá sér einhverja fasta atvinnu. Hann skýrði einum kunningja sínum frá fyrirætlun sinni, en hann brást forviða við og sagði: »Þú ætlar að verða járnsmíður? Hí, hí, félagi, en við kunningjar þínir höfum áformað að senda þig á þing.«

Það varð orð og að sönnu. Illinois hafði 1818 verið tekið upp í tölu Bandaríkjanna og 1832 lét Abraham fyrir áskoranir kunningja sinna leiðast til að gefa kost á sér til þings. Að vísu náði hann ekki kosningu í það sinn, en hlaut þó miklu fleiri atkvæði en hann hafði gert sér von um. Hann reyndist ötull og fylginn sér í kosningarleiðangrinum og góður ræðumaður með allviðtækri þekkingu á landsmálum. En ekki var laust við að andstæðingar hans skopuðust að búningi hans og tilburðum í kosningarbaráttunni, og eftir því sem einn kunningi hans lýsir útgangi hans, hefir það ekki verið alveg ófyrirsynju: »Hann var í frakka úr stórgerðum dúk, en ermarnar og löfin voru í styzta lagi. Brækurnar voru úr striga, stígvélin einkar klúr og stráhatturinn, sem hann bar, gleypti svo að segja höfuðið.«

Árið 1834 hlaut Abraham Lincoln kosningu á fulltrúapingið í Illinois. Efnahagur hans var þá svo örðugur sakir verzlunar-gróðabralis, er hann eins og ýmsir samaldrar hans höfðu flækzt í, að hann varð að taka 200 dollara lán til þess að fata sig og geta staðið straum af kostnaði þeim, er þingsetan hafði í för með sér. Á þinginu lagði hann fyrst í stað ekki mikið til málanna, en kom þó vel ár sinni fyrir borð og reyndist slyngur í að hafa fram áhugamál kjósenda sinna; þótti hann og 9 flokksmenn hans, sem nefndust »risarnir«, af því að enginn þeirra var lægri en 3 álnir, stundum riðnir við hrossakaup. En í velferðarmálum þjóðarinnar hélt Lincoln ósveigjanlega fram skoðun sinni, þótt hann stæði einn uppi síns liðs. Kom það berlega í ljós 1837 í baráttu hans gegn ofsa og ofstæki þrælahaldsmanna, er sóttu þá

sem fastast að berja niður með harðri hendi alla mótsþyrnu gegn þrælահaldi og fá það löghelgað.

Allur þorri þingmanna í Illinois var fylgjandi þessari viðleitni þrælահaldsmanna. Lincoln einn reis öndverður gegn henni og síðar lét hann og einn af samþingismönnum hans bóka eindregin og öflug mótmæli gegn afskiftum þingsins af þessu máli. Hin örugga framkoma Lincolns í þessu máli mæltist vel fyrir hjá öllum mönnum í ríkinu, sem voru andvígir þrælահaldi. Hann var hvað eftir annað endurkosinn á þing. Það jók enn ekki lítið almenningshylli Lincolns, að ræður hans voru ljósar og skipulegar og hann manna lagnastur að ná tókum á áheyrðunum, orðsnar og orðheppinn, ef á hann var leitað. Má geta þess sem dæmis, að á einum undirbúningsfundi undir þingkosningu Lincolns henti ráðinn og roskinn stjórnmalamaður gaman að því, að hann væri ungur og óreyndur í stjórnmalum. Maður þessi hafði áður fylgt »whiggum« að málum, en svikið flokk sinn, gengið í lið með lýðveldismönnum og þegið gott embætti að launum. Þóttist hann maður að meiri, af því að hann var eini maðurinn í því bygðarlagi, sem hafðisett eldingavara á hús sitt. Lincoln var þetta kunnugt og vék að því í svari sínu með svofeldum orðum: »Frummælandi skopadist að því, að eg væri ungur. Eg er meira barn í brögðum og brellum stjórnmalanna en að aldri. Mig langar að vísu til að lifa og verða frægur fyrir afskifti mín af stjórnmalum, en eg kysi þó heldur að deyja samstundis en hafa pólitísk fataskifti fyrir 3000 dollara embætti og verða svo að setja eldingavara á hús mitt til þess að afstýra reiði drottins.«

Á þinginu í Illinois kyntist Abraham Lincoln 2 mönnum, sem höfðu hvor á sinn hátt mikil áhrif á lífsferil hans. Annar þeirra var Stephen A. Douglas, mikill ræðuskörungur og stjórnmalamaður. Hann gerðist síðar um mörg ár andstæðingur og keppinautur Lincolns og skal þá vikið að viðskiftum þeirra. Hinn var John Stuart, merkur lögfræðingur frá Springfield. Hann hafði veitt því eftirtekt, að Lincoln var gæddur miklum gáfum og

andlegum yfirburðum og mundi því sennilega eiga glæsilega framtíð fyrir höndum, ef hann kæmist á rétta hillu í lífinu.

»Hefir yður aldrei dottið í hug að nema lög,« sagði Stuart einn dag við Lincoln.

»Nei aldrei, enda þótt ýmsir hafi hvatt mig til þess,« mælti Lincoln.

»Og hvers vegna hafið þér ekki farið að ráðum þeirra?«

»Mig brestur bæði gáfur og fé til námsiðkana.«

»Sennilega gerði þér of mikið úr örðugleikunum,« mælti Stuart, »tíminn mun leiða í ljós hvort yður brestur gáfur. Þér getið stundað námið í hjáverkum yðar. Ef þér stundið það með árvekni og kostgæfni, getið þér orðið málaflutningsmaður innan þriggja ára.«

»En lögfræðibækur eru dýrar,« sagði Lincoln.

»Bækur getið þér fengið að láni hjá mér, bókasafn mitt er yður heimilt.«

Þessi samræða fekk Lincoln mikið að hugsa, en um síðir afréð hann að fara að orðum Stuarts og lagði einn góðan veðurdag af stað fótgangandi til Springfield til þess að vitja bókana. Vegalengdin fram og aftur var um 44 enskar mílur.

Lincoln stundaði laganámið með frábærri elju. Hann dró sig í hlé frá öllum skemtunum og las um nætur, þegar honum sakir annríkis vanst ekki tími til þess á daginn. Árið 1837 tók hann eins konar próf í lögum og fluttist skömmu síðar til Springfield og gerðist þar félagi Stuarts þess, er áður var nefndur. Gat hann sér innan skamms góðan orðstír sem málaflutningsmaður og margar sögur ganga af réttisýni hans og ráðvendni í málarekstri. Þykir vel hlýða að greina hér frá tveimur þeirra, með því að þær auðkenna Lincoln allvel.

Einn dag kom maður nokkur til hans og bað hann að flytja fyrir sig mál.

»Skýrið mér frá öllum málavöxtum,« sagði Lincoln.

Aðkomumaður gerði það með mikilli mærd og málalengingum, en varð heldur en ekki hvumsa við, er Lincoln

sagði, að lokinni skýrslu hans: »Eg get ekki tekið að mér málið, því að þér farið auðsjáanlega með rangt mál.«

»Það kemur yður ekki við,« sagði aðkomumaður með þjósti, »ef eg borga yður það sem þér setjið upp fyrir flutning málsins.«

»Kemur mér ekki við,« mælti Lincoln og brýndi raustina, »sem málaflutningsmaður má eg ekki flytja rangt mál og tek ekkert mál að mér, sem er auðsjáanlega rangt.«

Í annað skifti varð Lincoln þess vis, að skjólstæðingur hans hafði leitt ljúgvitni að framburði sínum í einkamáli einu, sem hafði verið sótt af miklu kappi. Lincoln þaut út úr dómsalnum áður en verjandinn hafði lokið máli sínu og þegar réttarþjónninn fór að sækja hann til að svara verjanda, mælti hann: »Segið dómáranum að eg geti ekki komið, hendur mínar voru óhreinar og eg verð fyrir hvern mun að þvo af mér óhreinindin.«

Skjólstæðingur hans tapaði auðvitað málinu.

Lincoln var árið 1846 kjörinn fulltrúi á samveldisþing Bandamanna í Washington. Ár þau, er hann að þessu sinni átti setu á þingi, voru miklar og harðar deilur um þrælahaldið. Var fyrirsjáanlegt, að sundrung sú, er af því leiddi, mundi fyr eða síðar verða landi og lýð til mesta tjóns. En áður en vér skýrum frekara frá afskiptum Lincolns af þessu máli, verðum vér að drepa stuttlega á sögu þess.

Þegar Bandaríkin urðu sjálfum sér ráðandi 1783, tíðk-aðist þrælahald í öllum 13 ríkjunum. En hvert ríki skar úr því, hvort það vildi leyfa eða banna þrælahald og allsherjar-stjórnin átti ekkert atkvæði um það mál. Þó voru nokkrar greinar í stjórnarskrá Bandaríkjanna, sem studdu þrælahald og eigendur þræla, þótt ekki nefndu þær þræla og þrælahald með berum orðum.

Í skjóli þess að þrælahald var sérmál, en ekki sameiginlegt mál, höfðu Norðurríkjamenn, bæði sakir landsháttu og atvinnubragða sem og af kristilegum og siðferðilegum ástæðum, smásaman útrýmt þrælahaldi í Norðurríkjunum, og nú risu þar upp stjórn málaflakkar, sem vildu

hefta alla frekari útbreiðslu þrælahalds eða jafnvel banna það með öllu. En Suðurríkjamenn, sem áttu gróðurekrur miklar, en lögðu miklu minni stund á iðnað og verzlun en Norðurríkjamenn, lögðust fastlega á móti þeirri viðleitni og kváðust ekki mega vera án svartra þræla, með því að þeir væri betur fallnir til allrar vinnu í heitu löndunum þar syðra en hvítir menn. Eftir því sem fólkinu fjölgaði í Bandaríkjunum og bygðin færðist vestur á bóginn, harðnaði rimman og nú varð það aðalágreiningsefnið, hvort leyfa skyldi eða banna þrælahald í hinum nýju »fylkjum« (territories) og ríkjum.

Árið 1820 komu Norður- og Suðurríkin sér saman um svofelda sáttamiðlun í þrælamálinu, að það skyldi leyft í Missouriríki, en bannað um aldur og æfi í öllum »fylkjum« og ríkjum fyrir norðan 36° 30' breiddarstig. En hinn svonefndi Missouri-sáttmáli átti sér ekki langan aldur. Suðurríkjamönnum tókst ekki að koma í veg fyrir, að »vinnufrelsið« breiddist lengra út suður á bóginn, enda þótt samveldisþingið og stjórnin í Washington væri löngum á þeirra bandi og gerði Norðurríkjunum mikið ógagn. Hófust nú mestu viðsjár milli Norður- og Suðurríkjanna, sem hér yrði oflangt að skýra frá.

Á þinginu fylti Lincoln flokk þeirra manna, sem voru mótfallnir útbreiðslu þrælahaldsins og leiddi rök að því, hve ánauð svertingja væri ill og hrópleg. Hann kvað Bandamenn mundu grimmilega gjalda þess einhvern tíma fyrir eða síðar, ef þeir héldu uppteknum hætti, að styðja að þrælkun svertingja með löggjöf sinni og stjórnarfari. En mál eitt, sem hann hafði haft til meðferðar, sýnir berlega skoðun hans á þrælkun og þrælahaldi.

Öldruð svertingjakoña kom einu sinni inn í skrifstofu hans og tjáði honum raunir sínar. Hún hafði verið ambátt manns eins, sem hafði fluzt til Illinois og gefið þar konunni og börnum hennar frelsi. En nú vildi svo til, að einn sonur hennar varð að takast ferð á hendur til New-Orleans. Óðara en hann sté þar fæti á land, var hann tekinn höndum af nokkrum lögregluþjónum og

seldur í þrældóm, því að það voru lög í New-Orleans að höndla mátti svertingja úr öðrum ríkjum og selja þá.

Lincoln komst við af hörmum gömlu konunnar og gramdist þessi rangsleitnu lög. Hann sagði aðstoðarmanni sínum að fara á fund landstjórans og spyrja hann, hvort enginn vegur væri til að heimta aftur svertingjann.

Aðstoðarmaðurinn kom brátt aftur með þá orðsending frá landstjóranum, að hann brýsti heimild til að skerast í málið.

Lincoln brást óður og uppvægur. Hann fórnaði höndum til himins og hrópaði hástöfum: »Ef hann brestur lagaheimild til þess, skal hann fá hana með guðs hjálp, þó að eg eigi að berjast fyrir því í tuttugu ár.«

Lincoln og félagi hans keyptu þrælum lausn og fengu hann aftur móðurinni.

Þegar kjörtímabilið var liðið, gaf Lincoln að svo komnu ekki kost á sér til þings. Annriki hans og heimilisástandur leyfðu honum ekki langar fjarvistir, og svo hafði dvölin í Washington fært honum heim sanninn um, að hann þyrfti að taka sér fram í ýmsum greinum til þess að verða jafnsnjall hinum atkvæðameiri þingmönnum bæði í þekkingu á landsmálum og enskum og amerískum bókmentum.

En 1854 var Missouri-sáttmálinn, sem áður er nefndur, numinn úr gildi, og Stephen A. Douglas, hinn forni andstæðingur Lincolns, er var frumkvöðull að ónýting sáttmálans, fékk það leitt í lög, að íbúarnir í hverju ríki og fylki fengu óskoraða heimild til þess að lögleiða eða banna þrælahald innan landamæra sinna. Þessi skipun gat nú í sjálfu sér talist eðlileg og frjálsleg, en reyndist óheppileg og ónóg, er til framkvæmdanna kom, einkum eftir að fullnaðardómur var fenginn fyrir því, að þræll væri eftir sem áður þræll eða ófrjáls maður, þótt eigandi hans flytti með hann til einhvers fylkis, sem bannaði þrælahald. Öllum andstæðingum þrælahaldsins og útbreiðslu þess grömdust úrslit þessi meir en með orðum verður lýst. Lincoln fór aftur á stúfana og tók að gefa sig við stjórnmalum. Átti hann mikinn þátt í því, að

menn af ýmsum flokkum reistu nýjan stjórn mála flokk, er nefndust Þjóðveldissinnar, og bundust samtökum um, að hefta útbreiðslu þrælahaldsins. Brátt varð sú raun á, að afnám Missouri-sáttmálans var hið mesta glapræði, eins og Lincoln hafði fyrir sagt, og á samveldisþinginu neyddist Douglas til að snúast sjálfur gegn nýmæli sínu og ráðstöfunum þeim, er af því leiddu.

Nokkru síðar kepti Lincoln við Douglas um kosningu til efri deildar samveldisþingsins í Washington. Var sú barátta bæði löng og hörð og er talið, að Douglas hafi varið 50000 dollara til hennar. Engu að síður hafði Lincoln miklu meiri byr hjá kjósendunum. En sakir öfugs kosningafyrirkomulags varð þó Douglas hlutskarpari við kosningarnar.

En þó Lincoln biði að þessu sinni lægra hlut, er þó kosningabarátta þessi afarmerkileg, því að bæði markar hún nýja stefnu í þrælamálinu og gerði Lincoln í augum mikils hluta þjóðarinnar að sjálfsögðum leiðtoga hennar í því máli, eins og síðar varð raun á.

Þegar í fyrstu ræðunni, sem hann hélt í Springfield 16. júní 1858, gerði hann skorinort og einarðlega grein fyrir horfum málsins með svofeldum orðum: »Hús það, sem er sjálfu sér sundurþykkt, fær ekki staðist. Eg ætla að land þetta geti ekki að staðaldri verið að hálfu leyti þrælaland og að hálfu leyti frjálst. Eg geri ekki ráð fyrir, að bandalagið rofni. Eg geri ekki ráð fyrir, að húsið hrynji; en eg vonast eftir, að það hætti að vera sjálfu sér sundurþykkt.« Hann vildi láta þrælahald í þrælaríkjunum óatalið, en að eins hepta frekari útbreiðslu þess, og gerði ráð fyrir að með því móti mundi það hverfa af sjálfu sér með tímanum.

Lincoln bar ræðu þessa undir ýmsa málsmetandi vini sína og flokksbræður áður en hann flutti hana. Voru þeir því nær allir á þeirri skoðun, að hún mundi verða flokknunum og sjálfum honum til mesta ógagns. En hann kvaðst hafa íhugað málið vandlega og komist að þeirri niðurstöðu, að nú væri kominn tími til að leiða sannleikann afdrátt-

arlaust í ljós. »Ef ræða þessi verður mér að falli«, sagði hann enn fremur, »gott og vel, þá fell eg með sannleikanum, þá læt eg lífið fyrir góðan og réttan málstað.«

Rás viðburðanna lét orð hans rætast.

Viðureignin við Douglas og ræður þær sem Lincoln hélt á málfundum þeim, er þeir áttu með kjósendum sínum, gerðu hann á skömmum tíma þjóðkunnan í öllum Bandaríkjunum. Og það að maklegleikum. Eru ræður þessar þann dag í dag talandi vottur um rökrétta hugsun, óviðjafnanlegt sannfæringarafl og hárbeitta rökfimi.

Bæði þjóðveldissinnar og lýðveldismenn höfðu mikinn undirbúnað undir forsetakosninguna 1860. Á allsherjafundi þjóðveldissinna, sem haldinn var í Chicago um vorið, var Lincoln meðal annarra þjóðmálaskörunga tilnefndur sem forsetaefni, og við 3. atkvæðagreiðsluna fekk hann flest atkvæði af þeim, sem tilnefndir voru.

Hann var sjálfur, ásamt nokkrum vinum sínum, staddur á símastöðinni í Springfield, þegar símskeytið um tilnefningu hans barst þangað. Vinir hans fögnuðu mjög þeim sigri og óskuðu honum til heilla. En hann tók símskeytið og sagði ofurstillilega: »Herrar mínir, á heimili mínu er kona, sem finst að öllum líkindum meira koma til skeytis þessa en mér. Þér fyrirgefið þó eg bregði mér með það yfir til hennar.«

Næsta dag flutti nefnd þjóðveldismanna honum skýrslu um fundarúrslitin. Tóku þá nokkrir vinir hans í Springfield sig saman, keyptu nokkrar flöskur af bezta víni, sem var að fá, og sendu honum. Ætluðust þeir til, að hann gæddi nefndarmönnum á því. En hann sendi flöskurnar aftur jafnharðan með þeim ummælum: »Þér vitið, að á heimili mínu er áfengi aldrei haft um hönd.«

Hins vegar áttu lýðveldismenn fund með sér í Charleston í Sudur-Carolina, en gátu ekki orðið á eitt sáttir að styðja Douglas. Það reið baggamuninn, og við hina endilegu forsetakosningu um haustið hlaut Lincoln kosningu. Þó greiddu ekki nema 180 kjörmenn honum atkvæði, hin hlutu meðbiðlar hans til forsetatignarinnar. Voru því í

raun rétttri rúmir þrír fimtu hlutar allra kjósenda honum andvígir eða litt fylgjandi, og gerði það forsetastöðu hans enn örðugri, eins og að líkindum lætur.

Suðurríkjamenn urðu hinir æfustu, er Lincoln var kosinn forseti, og 7 Suðurríkin sögðu sig úr bandalaginu við Norðurríkin og stofnuðu með sér sérstakt samband. Ýmislegt bendir á, að Suðurríkjamenn eða réttara sagt leiðtogar þeirra hafi verið fastráðnir í að rifta bandalaginu jafnvel áður en forsetakosningin var um garð gengin, enda höfðu þeir þegar fengið að kenna á því, hve erfitt var að reisa rönd við »frjálsu vinnunni« og uppgangi Norðurríkjanna.

Hins vegar hafði Lincoln gert alt sem í hans valdi stóð til að afstýra friðrofum. Nokkru áður en hann tók við forsetaembættinu gekst hann í kyrþey fyrir sáttaumleitun milli Norður- og Suðurríkjanna, en það kom fyrir ekki. Og þegar hann var settur inn í embættið 4. marz 1861 og gerði grein fyrir stefnuskrá sinni, fórust honum enn mjög sáttfúslega orð. Hann kvað sér vera fjarri skapi að ganga á réttindi hinna einstöku ríkja, en á hinn bóginn telja það heilaga og órjúfanlega skyldu sína að sporna við því af öllum mætti, að þau leystist sundur. Varðveizla bandalagsins var honum og hans mönnum fyrir öllu. Hann gætti þess og ríkt, að ekki væri á nokkurn hátt gengið á sérmálasvæði Suðurríkjanna né þeim gefin nokkur átylla til þess að slíta friðnum. Mæltist það misjafnlega fyrir hjá öllum hinum ákafari flokksmönnum hans. Töldu þeir það heigulshátt, er gerði heldur að æsa Suðurríkjamenn en sefa. Lincoln gaf sig ekkert að því, heldur fór sínu fram.

Það er auðvitað mikið álitamál, hvort Norðurríkin höfðu siðferðislegan rétt til að þröngva Suðurríkjunum aftur til bandalags við sig. Og þess má geta, að margir þjóðveldissinnar í Norðurríkjunum, að vér ekki nefnum lýðveldissinna, voru á þeirri skoðun, að Suðurríkjamenn ættu engu síður rétt til að vera sjálfum sér ráðandi en forfeður þeirra 1776, er nýlendurnar gengu undan Bretum.

Og jafnvel Lincoln sjálfur hafði 1848, er Texas brauzt undan Mexico, lýst því yfir á samveldisþinginu, að hver þjóð, sem hefði vilja og orku til þess að rísa gegn stjórn sinni, hefði fulla heimild til þess. En hvernig sem á þetta er litið, varð samveldishugsjónin og rikiseiningin yfirsterkari hjá Lincoln. Hann var sjálfur borinn og barnfæddur í einu af vestari ríkjunum, sem höfðu eflst og dafnað í skjóli alrikisins, og fyrir því var alrikishugsjónin honum fyrir öllu og liðum hans þar vestra.

En honum reis hugur við borgarastyrjöld og afleiðingum hennar og vildi því komast hjá henni í lengstu lög. Honum var og fullkunnugt um, að Suðurríkin voru miklu betur undir ófriðinn búin en Norðurríkin. Undanfarin ár höfðu menn úr Suðurríkjunum eða þeirra liðar farið með ædstu stjórnarvöldin og höfðu þeir ekki látið sitt eftir liggja að búa alt sem bezt í haginn fyrir Suðurríkiu, en rýrt sem mest mátti hervarnir og fjárþol Norðurríkjanna. Þannig var fjárhirzla ríkisins tóm, er Lincoln tók við stjórninni, og lánstraustið engan veginn ábyggilegt. Hermálaráðgjafi hinnar fyrirfarandi stjórnar hafði byrgt Suðurríkjamenn að vopnum og verjum úr hergagnabúrum Norðurríkjanna, og flotamálaráðgjafinn hafði sent herskip Bandamanna út og suður í allar áttir, svo að Lincoln átti að eins fá skipum yfir að ráða, er hann settist að völdum. Í flestum embættum sátu lýðvaldsmenn, er var miðlungi vel treystandi, og loks voru sum stórveldi hér í álfu, sem litu öfundaraugum til uppgangs Bandaríkjanna, þess albúin að skerast í leikinn, ef færi gæfist, og viðurkenna sjálfstæði Suðurríkjanna.

Þegar þessa er gætt, verður mönnum skiljanlegt að Lincoln fór að engu óðslega, heldur beið átektu. En styrjöldin varð óumflýjanleg, er Suðurríkjamenn í apríl 1861 réðust á Sumter-virki í Suður-Carolina og unnu það. Hann bauð þegar út 75,000 manna og neytti allrar orku að koma upp hervörnum á sjó og landi og örva þrek og föðurlandsást Norðurríkjanna.

Ráðaneyti sitt skipaði Lincoln ýmsum helztu atkvæða-

mönnum Norðurríkjanna og meðal þeirra voru 4 keppinautar hans um forsetaembættið. Munu þeir hafa gert sér von um að ráða mestu, þótt Lincoln bæri forsetanafnið. En þeim varð ekki að því, enda voru þeir lítt samrýndir og einatt hver höndin uppi á móti annari. Lincoln tók að vísu ráðum þeirra með þökkum, en geymdi sjálfum sér úrskurð allra mikilvægra mála. Gagnvart þinginu beitti hann jafnvel stundum synjunarrétti sínum í mestu stórmálum. Kom það ekki til af ráðriki, heldur af því, hve ábyrgðartilfinning hans var rik. Mæltust stjórnaraðgerðir hans stundum misjafnt fyrir í svipinn, eins og gengur, en eftir á könnuðust menn einatt við, að þær hefði verið réttar og heppilegar. Það var t. a. m. sáttfýsi og réttisýni hans ekki sízt að þakka, að nokkur ríki, sem voru hvarflandi í ráði sínu, hvorn flokkinn þau ættu að fylla, hölluðust þó loks að Norðurríkjunum.

Lincoln var sjálfur andvígur þrælahaldi, en gætti þó lengi framan af mestu varfærni í því máli, til þess að höggva ekki of nærri sérréttindum Suðurríkjanna. Hann hefði talið affarasælast, að láta þrælaánaudina hverfa smámsaman, greiða húsbændunum fullar skaðabætur fyrir lausn þræla og búa svo um þá í Norðurameríku og annarstaðar. Mjög viðsjárvert taldi hann að veita þeim kosningarrétt að svo komnu. En er hann sá, að hann mundi ekki fá varnað sundrungu Bandaríkjanna, nema hann kipti burt máttarstoð Suðurríkjanna, þrælahaldinu, þá lýsti hann því yfir 22. sept. 1862, skömmu eftir sigur Norðurríkjamanna við Anietam, að frá 1. janúar 1863 skyldi alt þrælahald í Suðurríkjunum lögbannað. Tveim árum síðar var samskonar ákvæði tekið upp í stjórnarskrá Bandaríkjanna.

Það er ekki hlutverk þessarar stuttu ritgerðar að greina frá rás styrjaldarinnar og ráðstöfunum þeim, er Lincoln gerði til að afstýra sundrungu ríkisins og binda enda á ófriðinn. Hér skal þess að eins lauslega getið, að hann bauð út meir en 4 miljónum hermanna þau 4 ár sem hann var forseti, kom upp miklum og öflugum flota, reisti við lánstraust ríkisins, útvegaði því 3000 mil-

jóna dollara lán, gerði 4 miljónir ánauðugra svertingja að frjálsum mönnum og tefldi loks svo við Suðurríkin, að þau urðu að gefa upp vörnina og ganga aftur í samband við Norðurríkin.

Þessi afrek hans eru þjóðkunn. En þess ber og að geta, hversu honum sárnuðu allar hörmungar þær og böll, er borgarastyrjöldin bakaði ættjörð hans og þjóð, og hversu honum var hugljúft að mýkja raunir manna, er hann gat því við komið. Ýms atvik úr lífi hans meðan hann var forseti sýna það bezt. Vér skulum greina frá örfáum dæmum.

Í herdeild einni höfðu 24 liðsmenn hlaupist brott, en síðan verið handsamaðir og dæmdir til dauða. Af einhverjum ástæðum, sem ekki eru greindar, færðist Lincoln undan að staðfesta dauðadóminn. Yfirhershöfðinginn fór þá sjálfur til Washington til fundar við hann og leiddi honum fyrir sjónir, hverjar afleiðingar synjun staðfestingarinnar gæti haft fyrir allan herinn. En Lincoln svaraði honum: »Herra hershöfðingi, það er meir en nóg af sorgmæddum ekkjum í Bandaríkjunum. Í guðs bænnum! farið þess ekki á leit, að eg auki tölu þeirra. Eg get ekki fengið það af mér.«

Einu sinni kom afarþungbúin miðaldra kona upp í forsetahöllina og bað um áheyrn. Lincoln vék sér vinggjarnlega að henni og mælti: »Hvert er erindi yðar, kona góð, get eg nokkuð leyst úr vandræðum yðar?«

»Maður minn og þrír synir fóru allir í ófriðinn,« sagði konan; »nú hefi eg frétt, að maðurinn minn sé fallinn, og af því að heimilisástæður mínar eru bágar, vildi eg biðja yður að gefa elzta syni mínum heimfararleyfi.«

Lincoln komst við af bágindum konunnar og veitti henni leyfið. En þegar hún kom til hersins að vitja sonarins, var hann lagstur veikur og dó skömmu síðar. Fór konan þá aftur á fund forseta og tjáði honum raunir sínar.

Lincoln klöknaði við og sagði: »Eg veit hvers þér ætlið að biðja og eg skal óðara verða við ósk yðar.« Síðan settist hann niður og fór að skrifa, en á meðan stóð móð-

írin við hlið hans og fór mjúklega höndum um hið stríða hárs hans. Með tárin í augunum rétti hann henni leyfis-skirteinið og mælti: »Nú er jafnt á komið með okkur, nú fáid þér annan soninn, en eg held hinum.«

Lincoln auðnaðist að sjá fyrir endann á hinni mannskæðu styrjöld. Norðurríkjamenn náðu Richmond, höfuðborg Suðurríkjanna, 3. apríl 1865. og fám dögum síðar varð Lee aðalfyrirlíði þeirra að gefast upp fyrir Grant yfirhershöfðingja Norðurríkjanna og mátti ófriðnum heita þar með lokið. En Lincoln átti þá skamt eftir ólifað. 14. apríl var hann myrtur í leikhúsi einu í Washington af ofstækisfullum leikara, sem vildi hefna ófara Suðurríkjanna.

Hann lét líf sitt, er að því var komið, að hugsjón hans og þrá rættist og Norður- og Suðurríkin yrði aftur ein ríkisheild. En hugsjónirnar lifa þótt mennirnir deyi, og skoðun hans og stefnuskrá hefir fyrir löngu orðið ofan á í Bandaríkjunum. Og í ár hefir þjóðin öll minst þessa góða sonar með sorgblandinni ást og lotningu.

Þorleifur H. Bjarnason.

Betur má ef duga skal.

Ræða haldin á skemtisamkomu Ungm.fél. Reykjavíkur til styrktar sundskála við Skerjafjörð 15. apríl 1909.

Flesta hefir vist oft og tíðum dreymt, að þeir væru að hrapa niður af einhverri ógnarhæð, lengra og lengra niður í geigvænlegt myrkradjúp; altaf þverr mátturinn meir og meir; feginn vill maður ná einhvers staðar festu og geta fikað sig upp aftur; en það hepnast sjaldnast. Menn vakna loks með andfælum og óska þess af heilum hug, að svo illa dreymi þá aldrei framár.

Slíkt hið sama á sér löngum stað einnig í vökunni — þetta magnleysishrap niður á bóginn — bæði um þjóðir og einstaklinga. Og sé draumurinn ógnum þrunginn, þá er veruleikinn það eigi síður; þar er björgin eigi jafn-bráð.

Öll hnignun þjóðanna er eins konar hrap undan brekkunni, því örara sem það varir lengur, og því meir þverr þrétturinn.

En flest böll á sér einhverja bót. Og svo er um þetta. Þjóðin getur vaknað til viðurkenningar um, hvernig ástatt er fyrir henni, og mjög má hún þá vera að þrotum komin, ef hún reynir ekki að snúa við aftur upp eftir og bjarga sér frá tortímingunni, er gín við niðrundan.

Ætli það megi nú ekki segja með rökum um okkur Íslendinga, að við séum enn að hrapa undan brekkunni? Enginn mun neita því, að líkamsþroska okkar og líkamsmenningu hefir hrakað frá því í fornöld. Að þeirri afturför sé lokið og endurreisnin hafin, mun ördugt að sanna.

Og sé svo, að líkamsmenning okkar sé enn á afturfarar-skeiði, eru það þá nokkrar öfgar að segja, að kynþáttum okkar sé enn yfirleitt að fara aftur?

Sagan sýnir að líkamsþróttur verður að vera grundvöllur og máttarstoð hinnar andlegu menningar, eigi hún að vera til frambúðar, laus við öfgar og óhollustu.

Ef við rennum augum aftur yfir aldirnar og látum þjóðir veraldarsögunnar líða okkur fyrir sjónir, þá getur okkur eigi dulist, að þar er ein þjóð sem ber ljóma af öllum hinum, að því er kemur til að hliða mann-gildi-s einstaklinganna. Hún er atgjörvisprúðust þeirra allra. Okkur getur ekki annað en hitnað um hjartaræturnar af aðdáun, er við sjáum, hversu langt þessi þjóð var komin áleiðis í samræmisríkri atgjörvi sálar og líkama: hreysti, líkamsfegurð, hugprýði, viljapreki, vitsmunum, smekkvísi og andlegri göfgi. Og okkur hlýtur að hitna um hjarta-ræturnar af þakklætistilfinningu, er við minnumst þess, hversu ríkan þátt hún hefir átt í heimsmenningunni, hversu bjart leiðarljós hún hefir látið eftir sig í vísindum, listum og líkamsmenning, — þótt oft hafi því miður verið á það skygt af öfgaillgresi vanþekkingar og trúarofstækis.

Eg á við Forn-Grikkir.

Grikkir voru menn bjartsýnir og lífsglaðir. Þeir litu ekki svo á jarðlífið sem væri það hermdargjöf, óheillaeign, er engan þroskarétt ætti og bezt væri að losast við. Þeir stefndu þvert á móti að því takmarki, að gera sér lífið sem fegurst og unaðsrikast, að fullkomna sjálfa sig og niðja sína sem framast var kostur. Og þeim duldist það ekki, að heillavænlegasta leiðin til þess að vinna að fullkomnun mannsins, til þess að ala upp atgjörvisprúðar kynslóðir, væri sú, að leggja fult eins mikla rækt við menningu líkamans sem við menningu sálarinnar. Þeir sáu það glögt, hversu mjög sálarþroskinn er háður líkamsþroskanum, ekki sízt fegurðarvitið, athyggjuskerpan og viljaprekið, og að undir viljaprekinu er það aðallega komið, hversu notadrjúg hver atgjörvi verður. »Eins og himnið hrýtur af korninu, þá er því er kastað, þannig losar

og leikfimin líkamann við óhollustuna og óþarfann,« segir griskur spekingur. Hámentaðan og þrekprúðan anda gátu Grikkir ekki hugsað sér nema í fögrum, hraustum og vel tömdum líkama. Rammari fyrirlitningarorðum varð trauðla farið um menningu nokkurs manns en að segja um hann að hann kynni »hvorki að s y n d a, né l e s a«. — Leikfimin var Grikkjum þjóðþroska- og þjóðfrelismál. Íþróttirnar áttu að vera almenningseign, uppeldisvegur þjóðinni í heild sinni, en ekki til þess að einstöku garpar legðu sérstaklega stund á þær. Þess vegna voru reistir í hverri borg á þjóðfélagsins kostnað veglegir leikfimis-skól- ar og þeir faldir til umsjónar einhverjum mesta heiðurs- manni borgarinnar, því að engar stofnanir átti þjóðin til í eigu sinni, er henni væru hjartfölgjari. Og þess vegna voru haldin kappleikamót víðsvegar um land á ákveð- num tímum, allsherjarmótið á Ólympsvöllum í Elishéraði fjórða hvert ár, og þeir sem þar hlutu sigursveig voru í hávegum hafðir af almenningi og mærdir af skáldunum; meiri heiður var eigi unt að ávinna sér en að sigra í þeim leikum. Þessir skólar og þessi íþróttamót voru eins- konar brennideplar þjóðlífsins, er stöfuðu ylgeislum um land alt. Þaðan dreifðist út um borg og byggð atgjörvis- þrá, fegurðarvit, ættjarðarást og frelsisást. Þaðan runnu upp kynslódir, er ljóma bregður af um lönd öll enn til þessa dags, kynslódir er stóðust hverja eldraunina á fæt- ur annari, þá er völdugar þjóðir, margfalt fjölmennari en Grikkir, bjuggust til að granda frelsi þeirra og þjóð- menningu.

Þau eru eftirtektarverð ummæli spekingsins Sólonis um tilgang ólympsku leikanna. Honum farast meðal ann- ars orð hér um bil á þessa leið: »Þessi íþróttamót eru eigi haldin eingöngu vegna kappleikanna, til þess að menn geti unnið sér þar sigurlaun, því að það geta vitanlega fæstir. Þar er ekki um olíuviðarsveiginn að gera, heldur um annað og meira, um samfagnað þjóðarinnar yfir fegurð, afli og einurð sona sinna, um æfilán hennar, frelsi og sæmd«.

Og þau eru eftirtektarverð vísuorðin þau arna, er sungin voru eitt sinn á grískri leikstefnu.

Öldungarnir kváðu:

„Vér vorum eitt sinn ungir menn með afl og dug“.

Þá svöruðu þeir, er voru í blóma aldurs síns:

„Nú erum vér það; reyni hver sem reyna vill“.

Og loks tóku ungmennin undir:

„En langtum fremri munum vér þó verða brátt“.

Að því stefndi leikfimi Grikkja að þroska þjóðina ættilið eftir ættilið, svo að niðjarnir stæðu ætíð feti framur en feðurnir.

Næstir Grikkjum að almennri atgjörvisprýði ganga forfeður vorir á Norðurlöndum í fornöld, vikingakynslóðirnar. Sama atgjörviskrafan lýsir sér glögt í sögu þeirra og kveðskap. Og þess vegna er líka uppeldisstefnan hin sama. Enda þroskast manngildi þeirra kynslóða að sínu leyti ekki minna en Grikkja um það skeið, er þær njóta sín og halda fast við hinar fornu atgjörvishugsjónir sínar. En þroski þeirra var meira einhliða en Grikkja, og hlaut að verða það. Grikkir voru nær miðju heims; frá alda öðli runnu því margar stóðir undir menningu þeirra hvaðanæva frá öðrum þjóðum; þá skorti aldrei mikinn og fjölskrúðugan efnivið til viðfangs andlegri atgjörvisinni. En forfeður vorir þjuggu á útjæðri veraldar, við óblið náttúrukjör og sífelt líkamsstrit, fjarlægir fornhelgum stöðvum vísinda og lista. Hin andlega menningarauðgi þeirra hlaut því að verða fáskrúðugri. En að líkamsmenningu og þeim sálareigindum, er öflugri líkamsmentun fylgja að jafnaði: þreki, hugprýði og athyggjuviti, stóðu þeir svo framurlega, er fram á vikingaöldina kom, að þeir báru í því efni ægishjálmi yfir öllum þjóðum álfunnar; lof þeirra fór um lönd öll og fer það enn til þessa dags. Hvar sem þeir áttu fjandþjóðum að mæta, hvarflaði karlmönnum hugur í brjósti, er þeir litu kappasveitina norrænu, en konum hitnaði um hjartarætur. Þar stóðu þeir háir og beinvaxnir, bringubreiðir og fagurlokkaðir, bláeygir og

snareygir, og svo hugprúðir, að þeir hlógu við dauðanum og hugsuðu um það eitt, að sjá sæmdinni borgið og skila niðjunum óflekkuðum orðstír ættleggins.

Þetta var arðurinn af uppeldisstefnu fedra þeirra kynslóð eftir kynslóð.

Þeir höfðu háð örðuga lífsbaráttu við harðfengar höfuðskepnur og menska fjendur. En þeir höfðu látið sér lærast af reynslunni að ala upp hjá sér og niðjum sínum þá eiginleika, er heillavænlegastir voru til þess, að geta staðist í baráttunni við þau öfl, er þeir áttu við að stríða.

Margsinnis hafði vopnfimi, afl og áræði menskra óvina lagt frændur þeirra og ástvini að velli. Þess vegna lögðu þeir alúð á að kenna sonum sínum vopnaburð og temja þá við afraunir og fimleika, og það því fremur sem þeir fundu það vel, að »hálfur er auður und hvötum«, að líkamshreystinni var samfara starfsþrek, framsóknarþor og viljafesti.

Margt skipið höfðu Ægisdætur dregið í djúpið til sín og drekt áhöfn þess. Þess vegna gerðu þeir sundlistina að einni af aðalnámsgreinum æskulýðsins. Föng sín urðu þeir að sækja að miklu leyti í hendur Ægis eða á hans vegum. Hann lá fram undan bygðum þeirra með gull í greipum og gull að baki. En þeim þótti það ofdýr skattur að gjalda honum líf hvers þess manns, er falla kunni í faðm dætra hans. Því tóku þeir það ráð, að gera Ægisdætur að leiksystrum sona sinna frá blautu barnsbeini; þá kunni hver og einn fremur að vinda sér úr faðmlögum þeirra, ef í alvöru sló.

Marga höfðu þeir Frosti og frændur hans kvalið í kvefi og hósta eða jafnvel níst til bana. Þess vegna létu menn sonu sína herða sig gegn átökum þeirra frá barnsaldri og ólu upp hjá þeim fyrirliitningu fyrir »eldvelli, innisetum, vörnum dyngjum og dúnvöttum«, svo sem eitt af fornskáldunum kemst að orði. Kvellisýki þótti það, að fá af því lungnabólgu að steypast fram af bryggjusporði, þótt á vetrardegi væri, en ekki nema meðalmannsþrek

að fleygja sér til sunds í frosti, og það jafnvel í ósöltu vatni.

Svona var því varið um öndvegispjóðir fornaldarinnar. Síðan komu aðrir tímar og aðrar kynslóðir. Menntu fóru að hirða minna um líkamsíþróttirnar, og loks dattu þær alveg úr sögunni sem uppeldisgrein og voru að eins stundaðar af einstökum mönnum, eða einstökum stéttum, þegar bezt lét. Andinn einn þótti þess verður að leggja rækt við hann; líkaminn — þetta moldarhulstur — átti ekki annað en fyrirlitningu skilið. Reglan var sú, »að lifga andann og krossfesta holdið«. Manngildishugsjón almennings hvarf út í einhliða öfgar. Hann þótti einna næstur mannlegri fullkomnum einsetumaðurinn auðmjúki, er ól aldur sinn fjarri skarkala mannlífsins, hálf-hungur-morða, með kaunum sleginn líkama, mænandi eftir lausnarstundinni úr táradalsvist þessarar veraldar. Að vísu hélt aðalsstéttin lengi fram eftir öldum á lofti alls konar líkamsæfingum, enda var sú stétt lang-þróttmesta stétt þjóðfélaganna; en mjög rénaði áhuginn einnig þar eftir því sem tímar liðu fram.

Á 18. öldinni kvað svo ramt að niðurlæging íþróttanna og blindni manna á þroskagildi þeirra, að sund og skautuferðir var bannað með lögum í ýmsum löndum álfunnar — vegna þess að menn kynnu að fara sér að voða.

Það var ekki von að vel færi um þroskun kynþáttanna á þeim tímum; þeim þvarr starfspor og lífsgleði, framsóknarþrá og viljaprek.

Af og til risu upp menn í flokki heimspekinga, uppeldisfræðinga og jafnvel guðfræðinga — t. d. siðbótar-mennirnir Lúter, Melankton og Zwingli —, er sýndu fram á nytsemi íþróttanna og bentu á öfugstreymið í framvexti ættleggjanna. En það var þó ekki fyr en í lok 18. aldarinnar að skólarnir tóku upp líkamsæfingar meðal námsgreina sinna. En hátt var þeim ekki gert undir höfði fyrst framan af í samanburði við aðrar greinir, nema í einstöku þýzkum skólum og enskum. Þjóðverjar riðu á vaðið um framkvæmdirnar, en aldan var runnin frá raun-

spekinni ensku með heimspekinginn Locke í broddi fylkingar. Englendingar höfðu alla jafna látið sér annara um líkamisþróttir en aðrar þjóðir álfunnar á niðurlægingartímum leikfiminna, og mun það einkum hafa verið að þakka kynþáttunum norrænu, er blandað höfðu blóði við þá þjóð, ekki sízt aðalsstéttinni normönsku; enda mun óefað mega telja Englendinga þrekmestu þjóð nútímans.

Nú kemur öllum uppeldisfræðingum mentaþjóðanna saman um, að leikfimin sé til þess kjörin, að endurreisa hið horfna menningarjafnvægi kynþáttanna, að skapa líkamsþrótt, er vera megi andlegu menningunni traust bakhjarl, að vekja karlmenskuþor og lífslöngun, er vega megi á móti kveifarskap og lífsleiða, sem löngum er samfara ýmsri andlegri óhollustu, og loks til þess að glæða fegurðarvit, hreinlætisást, samheldishug og samvinnugleði hjá æskulýðnum.

Fyrir leikfiminna berjast nú allir þeir, er láta sér ant um traustan þroska þjóðar sinnar. Og hún hefir þegar orðið til ómetanlegs gagns. Þó getur enn að líta — jafnvel meðal hins upprennandi mentalýðs stórborganna, er átt hefir kost á góðu uppeldi — helzt til mörg sorgleg dæmi um úrkynjan og magnþrot fjölda kynþátta, unga menn af svonefndum góðum ættum, er hengslast áfram um æskuskeiðið, knjábognir, bringubrengráðir og bjúgir í herðum, fökir á kinnar, ástsjúkir í augum og öldungis þrekvana og hirðulausir um að gegna skyldu sinni, ungmennti, er telja sér það jafnvel sóma að svíkja sjálfa sig og þjóð sína um undirbúning undir lífið, en láta sér nægja að henda á lofti á torgum, veitingahúsum og lestrarstofum sundurlausa »andríkis«-mola, er þeir hröngla saman í staðlausar sálir sínar — og þykjast mikilmenni af, er þeir geta hreytt framan í menn einhverju af þeim ómelta ruslavarningi. Sá hópur er glæsileg bráð fyrir andlega og líkamlega farsýki, og glögt dæmi þess, að leikfimin á enn mikið og torsótt verkefni fyrir höndum, áður en kynspillingin er yfirbuguð og allur þorri ættleggjanna hefir náð

Því stigi, er glæsipjódirnar gömlu stóðu á í líkamsmenningu, viljapreki og vitsmunaskerpu.

En hvernig er því varið um okkur Íslendinga?

Við áttum til þess ætt og ódal að vera atgjörvismenn, enda spörum við ekki að guma af glæsimensku feðranna. En svo má gersimar velkja að göfgin hverfi. Er það ekki svo um flesta okkar, að í rauninni rekum við okkur kinnhest, er við lofum fornþjóðina? Hvað er orðið af líkamsfegurðinni, fimleikanum, harðfenginu? Hvað er orðið af hugprýðinni, er hló við dauðanum, viljaprekinu, er aldrei lét bugast, frægðarþránni, er fyrirleit hvern þann lífsferil, sem megnaði eigi að bregða leidarljósi fyrirmyndarinnar fram um brautir niðjanna? Hvað er orðið af hinni næmu sómatilfinningu, er vildi aldrei vamm sitt vita, af trygglýndinu og drengskapnum? Horfnir eru þessir eiginleikar að vísu ekki, en þeir eru ekki nándar nærri að sama mun almenningsseign sem áður fyrr.

Baráttu höfum við orðið að heyja í sífellu um allar þær aldir, er gengnar eru um garð síðan vikingatímam leið, að vísu ekki vopnabaráttu, en þó þannig vaxna baráttu, að allra sömu eiginleikanna var mest þörf, sem forfeður okkar í fornöld lögðu mesta rækt við. Ef við því hefðum haldið fast við manngildishugsjónir þeirra og sniðið kostgæfilega uppeldisfarið eftir edli baráttunnar, eins og þeir gerðu, þá hefði atgjörvi kynslóðanna átt að vera í óslitnum framvexti. En annað verður uppi á teningnum ef að er gætt. Íslendingar létu snemma undan síga, að miklu leyti af sömu ástæðum og aðrar þjódir, af trúbragða og lífsskodunar ástæðum, og sumpart fyrir sakir óhollrar breytipróunar í þjóðfélagsskipuninni. Og afleiðingin varð andleg og líkamleg deyfð, sundrung og þjóðræknisskortur, — í stuttu máli, almenn kynspilling, er gerði þjóðina að leikfangi menskra og ómenskra óvina, að auðnæmri brád fyrir drotnunargirni, dæpsótt og örbirgð.

Það er nú liðin hálf önnur öld síðan Eggert Ólafsson puldi alvörubrúngin endurvakningarorð yfir þjóð sinni, benti henni á þróttardrepið, á magnleysishraði undan

brekkunni, og leitaðist við að endurreisa íþróttir og atorkuhug fornaldarinnar. Menn heyrðu óminn af rödd hans úti á þekju. Bjarni Thórarensen hvessir raustina hálfu meir, svo að undir tekur um land alt; það kennir bæði harms og reiði í rödd hans, er hann leitar árangurslaust »snarpra garpa« á fornhelgum véttvangi frægra afreksverka. Hann bendir á það þroskaráðið, er forfeður okkar kunnu svo vel að færa sér í nyt, að semja sig að eðli náttúrunnar umhverfis:

Fjör kenni oss eldurinn, frostið ose herði,
fjöll sýni torsóttum gæðum að ná,
bægi sem Kerúb með sveipanda sverði
silfurblár ægir oss kveifarskap frá.

Eftir 1830 er það heill hópur hraustra drengja er þeytir lúðrana. Tímaritin Ármann á alþingi, Fjölnir og Félagsritin nýju taka að dreifa holtapökunni. Sjálfstjórnarbaráttan hefst. Jónas Hallgrímsson kveður þjóðernisást og þroskalöngun inn í hjörtu landa sinna. Og margir hafa síðan hann leið knúð hörpustrengina traustum tökum og látið öflugan hvataóð duna við eyru daufingjanna. Enda eru nú Íslendingar vafalaust vaknaðir til viðurkenningar um að allmiklu sé ábótavant í þroskafari þeirra, og mikið starf hefir þegar verið int af hendi til endurreisnar þjóðinni.

En betur má ef duga skal

Því fer fjarri að tekið sé fyrir þróttardrep kynþátta. Lífsviður þjóðarinnar er enn sjúkur í rótum, — og ræturnar verður að lækna. Forvígismenn endurreisnarbaráttunnar hafa eigi gætt þess — að Eggert Ólafssyni einum undanteknum — að leggja næga áherzlu á það gróðrarafið, sem einna mikilvirkast er og traustvirkast til þjóðþroska, vandað uppeldisfar, er stefni að jafnvægi sálar- og líkamsmenningar. Stjórnmal og atvinnumal hafa jafnan setið í fyrirrúmi fyrir uppeldismálum. Það er til litils að gera ráð fyrir rikulegum ávexti, nema vel hafi verið séð fyrir gróðrarskilyrðunum.

Það má svo að orði kveða, að leikfimin liggi enn í

kaldakoli hjá okkur Íslendingum. Að minsta kosti vantar mikið á, að hún sé orðin svo öflugur liður í uppeldisstarfinu, sem nauðsynlegt er, eigi hún að miða til almenns þjóðþroska. Hún hefir að eins litillega lyft höfðinu, með hálfri einurð, og er fjarri því að hafa markað sér spor í þjóðþroskanum. Skólarnir hafa að visu flestir hleypt henni inn fyrir þröskuldinn; en hún situr þar enn á óæðri bekk, yzt við dyr, sem hver önnur stafkerling, er lifir á roðum og rusli. Henni eru ætlaðar 1—2 stundir á viku, innileiksviðin eru af skornum skamti, herfilega útbúin og eigi laus við ryk, og kenslan víðast hvar aumasta kák. Útileiksvið eru engin. Það er ekki langt síðan eg var í latinuskólanum. Þá átti leikfimin ekki upp á pallborðið þar að því er til skólastjórnarinnar kom; hún var látin tolla aftan í, meir fyrir síðasakir en alvöru, og lítið um það hirt, þótt allur helmingur skólasveina skytu við henni skolleyrunum og hinir skemdu heilsu sína sakir ills útbúnaðar, í stað þess að auka sér þrótt. Enda var ekki við öðru að búast, þar sem sumir hinna heldri aðstandenda skólans töldu það jafnvel blett á piltum, órækt slæpingja- eða götustrákamerki að vera fimur í leikum — að minsta kosti voru það engin meðmæli í þeirra augum. Því varð einum þeirra að orði, er hann sá pilt, sem hann þekkti ekki, fara fimlega yfir hestinn: »Þetta er vist einn af fúxunum!« En það vildi nú einmitt svo til, að það var einn af dúxunum. Nokkru skárri kjörum mun leikfimin eiga að fagna nú í latinuskólanum; en mikið vantar þó á að vel sé, meðan henni eru ekki ætlaðar fleiri stundir og hentugan leikvöll vantar undir beru lofti.

Áhugaleysi og skilningsleysi almennings á nytsemi í þróttanna sýnir bezt, hvernig ástatt er um þessa uppeldisgrein hér á landi. Allir þeir, er gaman hefir þótt að lyfta sér upp í tómstundum sínum við leik eða íþróttir þekkja það bezt af eigin reynslu, hversu örðugt er að afla sér leikbræðra. Þeir kannast við eftirgangsmunina.

»Blessaður, komdu með mér í sjó; það er betra en að vera að slæpast á götunni.«

»Í sjó! Ertu frá þér? Það er alt of kalt.«

»Nú væri gaman að koma í knattleik.«

»Eg nenni því ekki.«

»Lítu á brekkurnar, mjúkar fannir alla leið niður á fjarðaris, svo að hvorki sér á stein né strá. Eigum við ekki að koma á skiði?«

»Æ-i nei! Heldurðu að eg nenni að fara að kjaga upp allar brekkur. Okkur væri nær að leggja okkur, svo að við gefumst ekki upp við dansinn í nótt.«

Þetta eru vanasvörin, afsakanirnar leti eða annað þaðan af verra. Slik svör hafa svift fjörmikil ungmenni margri ánægju- og heillastund, varnað þeim að njóta góðs af tómstundum sínum og oft og einatt orðið til þess að beina lífsfjóri þeirra í óholla átt.

Leikfimiskennarar og aðrir þeir, er reynt hafa að halda uppi íþróttafélagsskap, hafa líka fengið að kenna á því, hversu örðugt það er enn sem komið er hér á landi að fá menn til að stunda æfiugar af alúð. Fylkingin þynnist óðum, þótt vel hafi áhorfst í fyrstu. Mönnum þykir það skömm að reynast liðléttingar í glímum, klaufar í knattleik eða að stranda tvovega á hestinum. Og svo kjósa þeir það hlutskiftið að hverfa. Það er eins og þeim þyki ekkert að því, þó þeir séu liðléttingar, en þeir hafa ekki þrek til að þola raun á því á mannamótum. Þeir gæta þess ekki þeir góðu menn, að sá sem er »ónýtur í leikfimi« — eins og komist er að orði — hefir ekki minna gagn af henni en hinn, sem lagnari er, heldur miklu meira að sínu leyti; hann þarfnast hennar að jafnaði fremur. Það er þroskinn, sem er markmið leikfiminnar, en ekki hitt að gera menn að fimleikatrúðum.

Enginn skilji orð mín svo, að eg vilji halda því fram, að ekki sé til enn hér á landi táp og fjör og frískir menn. Fyrir má nú rota en dauðrota. Við eigum meira að segja nokkra ágæta leikfimismenn, svo sem sjá mátti raun á fyrir skemstu. Hitt er það, sem eg vil halda fram, að leikfimina skorti almenna rækt, svo að hún megi verða okkur til þjóðþrifa. Það þarf að kveða niður þá óheilla-

skoðun, að íþróttir eigi þeir menn einir að stunda, sem sérstaklega eru til þess fallnir; þeir eigi að halda uppi heiðri þjóðar sinnar á því sviði, að sinu leyti eins og vísindamennirnir halda uppi sóma hennar í vísindum, skáldin í skáldskap, iðnaðarmenn í iðnaði, stjórnmálamenn í stjórnspeki. Þetta er einmitt fótakeflið, sem leikfimi Grikkja, og þar með þjóðþroski þeirra, féll svo hrapallega um. Það er ekki mælikvarðinn fyrir líkamsmenningu þjóðanna, hversu marga sigurvegara þær eiga á allsherjarleikmótum, heldur hitt, hversu alúðlega íþróttirnar eru stundaðar af almenningi og hversu ríkan sess þær skipa í uppeldisfari þjóðarinnar. Leikfimin á ekki að vera eingöngu atvinnugrein eða framastarf einstakra manna; það er aukageta; hún á að vera uppeldisgrein fyrir almennig, þroskaráð þjóðinni í heild sinni. Og það er hún ekki hér á landi. Hún er hvorugt, hvorki uppeldisgrein að neinu ráði né atvinnugrein.

Nei, við höfum verið blindir eigi einungis á uppeldisgildi íþróttanna og heilnæmisgildi, heldur einnig á beina nytsemi þeirra í hinni daglegu baráttu fyrir lífinu.

Glögt dæmi þess er sundkunnáttan hér á landi.

»Land veit eg laugandi fót í löðrandi norðurhafsöldu«. Við erum flestir aldir upp við brimnið og sjómeti. Okkur er eins og bent til þess af náttúrunnar hálfu að verða bæði láðs og lagar dýr. Við heyjum lífsbaráttu okkar svo að segja jöfnum höndum á sjó og landi. Ægir tekur þjóðinni óspart blóð ár eftir ár, svo að sáran sviður í undina eftir. Það er eins og hann sé að storka henni með því, hversu lítt hún hirðir um að stæla sig til baráttunnar við hann. Mönnum er auk þess kunnugt, að sund — eigi sízt í sjó — er einhver hin hollasta líkamshreyfing: það herðir og hreinsar húðina, gerir hana hæfari til að gegna ætlunarverki sínu, því ætlunarverki, að stilla í hóf líkamshitanum. Fötin, sem við dúðum okkur í, halda húðinni sí og æ jafnheitri, svo að húðvöðvarnir, sem til þess eru ætlaðir að stilla í hóf hitanum, fá ekki að njóta sín og linast þess vegna og ónýttast að lokum sakir aðgerðaleysis.

Fyrir þessa vöðva er sunðið ágætis leikfimi; húðin kólnar snögglega, þegar maður steypir sér til sunds; þá neyðast vöðvarnir til að beita sér og við það styrkjast þeir og venjast á að vera næmir og fljótir til starfa, svo að líkaminn missi eigi of mikinn hita, þótt kalt verði í kringum hann; en í því er einmitt fólgin herðing líkamans gegn ofkæling og kvefi, sem löngum opnar öðrum sjúkdómum dýrnar. Mönnum er það kunnugt, að sundlistin eykur iðkendum sínum kjark og krafta, lagar vöxtinn og styrkir lungun. Á sundinu getur enginn legið á liði sínu — jafnvel letinginn verður að neyta kraftanna — og allir tilbúðir og hreyfingar sundmannsins eru þess eðlis, að þær hljóta að beina líkamsþroskanum í holla og rétta átt: höfuðið bera menn hátt, hryggurinn er beinn, axlirnar keyrðar aftur á við, brjóstið þenst út; andardrátturinn verður örari og greiðari en ella, — og loftið, sem maður andar að sér, er hreinna og súrefnisríkara en alment gerist.

Alt þetta vita menn ósköp vel. Og enn fremur hljóta þeir að skilja, að sundkunnátta er bráðnauðsynleg öllum þeim, er sjómensku stunda, bæði til þess að bjarga lífi sjálfra sín og annara.

En þrátt fyrir það skjótum við Íslendingar skolleyr-unum við þessari íþrótt.

Mikill þorri þjóðarinnar á kost á því að hressa sig á sjóböðum og sunði að sumarlaginu. Spegilfagrir firðir, vikur og vogar með sólglæum bárum og sand í botni blasa brosandí við mönnum og laða þá til sín. En fáir þiggja boðið.

Fjallkonan stendur með fætur í sjó, en synir hennar flestir væta sig ekki ótilneyddir nema í volgu.

Þótt farið sé hringinn í kring með strandlengju landsins, getur hvergi að lita við sjó frammi eina einustu almenna baðstöð, og að eins tvo litla baðkofa þekki eg.

En sundskólar eru þó til á Íslandi, munu menn segja. Ójá, svo á það að heita. En óviða fer sú kensla fram í sjó, heldur í laugum. Við því er vitanlega ekkert að segja þar sem vatnið er hreint. En því fer fjarri að svo sé al-

staðar. Eg hefi aldrei veri leiðsögumaður útlendra ferðamanna, er hingað hafa komið til að kynna sér land vort, menningu og þjóðþroska. En ekki þætti mér ólíklegt, að margan leiðsögumanninn hafi sviðið ónotalega í kinnarnar af vanvirðuroða, er hann varð að játa, að óþverrapollurinn hérna fyrir innan bæinn, er menn kalla sundlaug, væri aðal-sundstöð landsins og eina opinbera baðstofnunin undir beru lofti.

Nú virðist loks vera að roða fyrir nýjum og betri tímum um uppeldisfar Íslendinga, sérstaklega að því leyti, að íþróttunum verði skipaður sá sess, er þær eiga skilið.

Þeir menn er gengist hafa fyrir stofnun ungmennafélagsskaparins hafa séð, að svo búið mátti eigi lengur standa. Það varð að hefjast handa til að stöðva þróttardrepið, er öldum saman hefir náð að þróast í íslenskum ættleggjum. Þess vegna hafa ungmennafélögin tekið upp á stefnuskrá sína endurreisn íslenzkrar líkamsmenningar, — og skipað henni, að því er mér skilst, efst á blað, eða svo ætti það að minsta kosti að vera, því að þar er mikilfenglegt og heillavænlegt starf fyrir höndum, sem er sérstaklega við hæfi þess félagsskapar. Enn er lítið komið í verk, enda er ekki við því að búast. En byrjunin er góð og þess verð, að henni sé almennur gaumur gefinn og starfið stutt.

Í þetta sinn vil eg einkum beina athygli manna að því fyrirtæki Ungmennafélags Reykjavíkur, er gefið hefir tilefni til þessarar samkomu, og hvetja menn til að styðja það af alúð. Það er stofnun baðstöðvar við Skerjafjörð.

Svo er til ætlast, að reistur verði sundskáli í Grófunum, skamt fyrir innan Skildinganesbæinn. Skálinn er ferhyrningur 24×12 álnir. Þessi ferhyrningslengja verður hólfuð í sundur í 14 klefa, þar sem 40—60 manns geti athafnað sig í senn við að afklæða sig og klæða. Innan í ferhyrningnum verður opið svið, stráð sandi og útbúið ýmsum leikfimisáhöldum til afnota þeim er vilja. Frá skálanum gengur 100 álna löng bryggja í sjó fram, og á henni tvö há rið með stökkfjöllum til að stinga sér af til

sunds, annað á miðjunni, hitt á fremra bryggjusporði. Efri hluti fjörunnar til hliðar við skálann verður ruddur og gerður að sléttu leiksviði, stráðu smágjörvum sandi. Þar geta menn iðkað leiki eftir vild.

Hugmyndin er óneitanlega mjög álitleg. Bæði hlýtur þessi stofnun að verða til þess, að bæjarmenn, einkum yngri kynslóðin, fara að iðka sjóböð og sund sér til heilnæmis og þroskaauka, en sundlaugin illræmda legst niður og nær ekki lengur að spilla heilsu manna. Og hinsvegar hlýtur hún einnig að verða til þess að endurlífga íþróttalíf og íþróttáást bæjarbúa. Í stað þess að æskulýðurinn hefir áður ráfað liðlóng sumarkvöldin á rykugum götum bæjarins og andað að sér pestnæmu andrúmslofti, í andlegum og líkamlegum skilningi, mun hann nú leita út til þessara laðandi leikstöðva suður við fjörðinn, fá sér styrkjandi bað og skemta sér við leiki í hressandi lofti og með fagra útsjón fyrir augum. Það væru sannarlega heillarík viðbrigði að sjá sigarettu- og buxnavasa-hengilmænurnar hverfa af götunum, en líta í þess stað hópa af fjörugum ungmennum suður við fjörð, suma leika sér í sjó og suma á landi. Og þangað væri gott fyrir þá menn að vitja, er sá vildu frjívænlegum frækornum í sálir ungmennanna, því að sjaldan eru menn betur fyrir kallaðir að hlýða á góð og göfug orð, heldur en eftir hollar og hressandi líkamshreyfingar.

Mér er sem eg sjái þessa heillastofnun þegar upp komna. Eg get ekki skilið að við höfum getað verið án hennar svona lengi. Öll óskum við þess af hjarta, að Ísland eignist göfugar, tápmiklar og atgjörvisprúðar kynslóðir. Með fáu móti getur almenningur betur að því stutt, að sú ósk rætist en með því að styðja svona lagað fyrirtæki. Hér er um mál að ræða, sem allir eru aðilar að; það er ekki einungis íþróttamál, heldur heilbrigðismál, uppeldismál, og alment þjóðþroskamál. Enda þykist eg þess fullviss, að margir muni finna hvöt hjá sér til að leggja eitthvað af mörkum til fyrirtækisins, fé eða vinnu.

Ef við ættum margar stofnanir slíkar sem þessi mætti

verða með góðu lagi og góðri samvinnu við skólana, þá er von til þess, að ekki líði á löngu, áður en Íslendingar þyrftu ekki að roðna, í hvert sinn er þeir minnast fornaldarinnar, eða með öðrum orðum, áður en við komumst aftur upp á brekkubrúnina, sem við hröpuðum niður af forðum.

Björn Bjarnason,
dr. phil.

Vistaskifti.

Nokkurir smápættir eftir

EINAR HJÖRLEIFSSON.

VI.

(Síðasti þáttur.)

Sumarmálin voru óvenjulega köld. Hvítur klaki yfir öllu og norðannæðingar Allar skepnur voru á gjöf.

Þórður gamli í Vik sagði Þorgerði úti á hlaðinu á Skarði, að andskota tuggan yrði eftir hjá sér eftir hálfan mánuð, ef þessu héldi áfram. Og alt dræpist, hver kind og hver belja og hvert hrossbein. Alt færi til fjandans, sem manni þætti vænt um.

Þorgerður brosti. Hún átti nóg hey.

— En ekki annað, sagði Þórður, þegar hann sá brosið. Þar af leiðandi engin hætta á að þú farir það líka. Alt er það eins. Og vertu nú í guðsfríði.

Og hann þakkaði broddstafnum niður í gaddfreðið hlaðið og hélt af stað. Þorgerður tók ekki undir við hann, en sagði mér að skammast inn og ná í vatnsföturnar.

Þórður varð ekki heylaus. Batinn kom fáum dögum síðar. Fyrst með hægum sunnanandvara. Eg fór að finna moldarlykt úr veggjunum, og mér þótti það yndislegur ilmur. Snjórinn fór að síga og dökkna. Jörðin fór að verða móflekktótt, og flekkjunum fjölgaði. Eg fór að hugsa um vatnavexti. Krossmessen var í nánd.

Og vatnavextirnir komu. Alt, sem kaldast hafði verið og stirðast, varð hjólliðugt og vildi áfram fyrir hvern mun.

Sunnanvindurinn sótti í sig veðrið. Vatn fór að verða, hvar sem maður steig niður fæti, vatn, hvert sem maður horfði, vatn, hvar sem maður hlustaði, syngjandi vatn. Snjóskafarnir uppi í hliðunum urðu að lækjum, sem flýttu sér, eins og þeir ættu lífið að leysa. Og svellin í lautunum urðu að tjörnum, ofurlitlum vötnum, sem ekki hugsuðu um annað en hvað það væri yndislegt að geta grafið sig áfram einhverstaðar og dansað á burt. En þau komust ekkert annað en upp í loftið. Svo að þau fóru það. En þóttust vera of lengi að því.

— Þú skyldir nú ekki komast að Dal á krossmessunni! sagði Sigga.

— Komast?

— Já, fyrir vatnavöxtum. Enginn fer með þig út í bráðófærar ár.

— Þá fer eg þegar eg kemst, sagði eg.

En það var ekki annað en hreystyrði. Mér fanst eg geta ekki lifað, ef eg kæmist ekki burt krossmessudaginn.

— En ef þú étur þig inn í vistina aftur? sagði Sigga.

Eg varð allur að einu spurningarmerki.

— Veiztu ekki, að ef maður étur miðdagsmat á gamla heimilinu krossmessudaginn, þá er maður bundinn þar næsta ár?

— Þá ét eg ekkert, sagði eg.

Eg hugsaði um það allan daginn, og þangað til eg sofnaði um nóttina, og þegar eg var vakinn morguninn eftir, að það væri hræðilegt, ef eg kæmist ekki burt, og að eg skyldi ekkert éta, og að mikil ósköp yrði eg svangur, ef eg fengi ekkert að éta heila viku. Og eg gat ekki á heilum mér tekið fyrir óþreyju. Eg trúði því ekki, að eg ætti að geta komist burt. Og mér fanst tíminn ætla aldrei að líða. Og eg rakti sundur fyrir mér, hvað það yrði mikil sæla að fara, einkum að fara á hestbak og ríða af stað og vita, að aldrei þyrfti eg oftár að koma að Skarði . . . Og þá kom trúleysið aftur. . . .

Krossmessudagurinn rann upp heiðskir og fagur. Eg vaknaði fyrir allar aldir í vöbirtunni. Eg vissi, að um

daginn átti eg að fara, hafði heyrt það ráðgert kvöldinu áður, og að Þorgerður ætlaði að fara með mig sjálf. Froststirðningur hafði verið nokkurar nætur og aðgerðalítið hægðarveður á daginn, svo að hlaupið hafði úr ám og lækjum. Ekkert til fyrirstöðu að komast um sveitina. Samt var eg hræddur um, að eitthvað kynni að koma fyrir, svo að eg kæmist ekki af stað. Eg beið þess að fólkið vaknaði, stytta mér stundir með því að góna á víxl út í gluggann og á rúmmarann og á hendurnar á mér, og skildi ekkert í því, hvað menn gátu sofið.

— Í hverju á hann að vera? sagði Þorgerður, þegar hún var farin að hugsa til ferða.

— Eg veit ekki, elskan mín, sagði Jon. Á hann ekki að vera í fötunum sínum? Og væri nú ekki bezt að fara að flýta sér að leggja á?

Rómurinn var mjúkur. Eg fann að Jóni var hugleikið, að hún kæmist af stað sem fyrst — og að engin stórtíðindi gerðust áður.

— Heldurðu eg fari með strákskrattann í þessum lörfum? Heldurðu eg ríði um sveitina með honum svona gaulrifnum?

— Nei, sagði Jón enn auðmýkri. Nei, auðvitað ekki. . . . Hann Þórður gamli lánaði honum í fyrra sumar — —

— Heldurðu — —? Lengra komst Þorgerður ekki með svarið við þeirri fjarstæðu. . . . Eg verð að taka sparifötin hans Jónasar litla. Verst að þau skitast út og kruklast öll.

Og í spariföt Jónasar sonar hennar var eg klæddur. Og mér var sagt að fara nú að kveðja.

Eg hljóp til fólksins hér og þar um bæinn og út á tún og kysti það. Eg vissi varla af mér. Jón fann eg inni í skemmu.

— Vertu sæll, Steini minn, sagði Jón. Hann tók krónu upp úr buddunni sinni og stakk í vestisvasa minn. Mundu eftir að taka þetta úr vasanum, þegar þú fer úr fötunum. En láttu ekki hana Þorgerði sjá það.

Eg kysti hann aukakossi fyrir krónuna.

Eg var dasaður, þegar við riðum úr hlaði, af fögnuði út af því að vera áreiðanlega kominn af stað og út af krónunni. Mér fór að þykja vænt um alt fólkið, sem eg hafði kvatt. Vænst samt um Jón. Eg lét Þorgerði svona vera. En eg gat sama sem ekkert hugsað, var í einhverri sæluvímu. Og það kom sér vel, að Þorgerður talaði nærri því ekkert við mig alla leiðina fram að Dal.

Ragnhildur var úti á hlaði, þegar við komum þangað. Eg stökk af baki tafarlaust. Ragnhildur sneri sér þegar að mér:

— Nú, þarna ertu kominn, Steini minn! Komdu blessaður og sæll og vertu velkominn! En hvað þú kemur í fallegum fötum. Það er gaman!

Sama ástúðin í rómnum og sami þýðleikurinn í augunum eins og við kirkjuna.

Já, þetta var gaman — hvað sem fötunum leið!

— Komdu blessuð og sæl, Ragnhildur mín, sagði Þorgerður. Þarna er eg nú kominn með blessaðan drenginn. Eg held eg verði nú að biðja þig að hjálpa mér af baki.

Ragnhildur gerði það. Og Þorgerður kysti hana tvo kossa — og bætti við þeim þriðja, áður en hún slepti henni úr faðmi sér.

— Já, hérna er eg kominn með hann, stráíð að tarna. Eg held, að eg sakni hans nú af heimilinu, og mig langaði til að skilja ekki við hann, fyr en þú værir búin að taka við honum. Þetta er mesta þægðarbarn, þó að margt megji að honum finna. Og eg hefi reynt af veikum mætti að innræta honum það sem gott er. Eg er nú ekki mjög hrædd um hann á öðru eins heimili og hjá þér. En mér hefði nú líka fallið þungt að vita hann hjá sumum.

— Gerið þið svo vel að koma inn, sagði Ragnhildur.

— Komdu með fataböggulinn þinn, Steini minn, sagði Þorgerður.

Eg leysti frá hnakknum þverbandspokann, sem fötin mín höfðu verið látin í, og lét hann um öxl mér. Þá héldum við inn í hús hjónanna, syðst í baðstofunni. Hús-freyja vísaði okkur til sætis þar á rúmunum.

— Þú verður nú hjá mér í nótt, Þorgerður? Það er komið undir kvöld, sagði húsfreyja.

— Nei, elskan mín. Eg hefi lofað henni Jórunni minni í Hlíð að fara ekki svo um, að eg verði ekki nótt hjá henni. Þangað ætla eg að ná. Og þess vegna standa sem allra minst við.

— Eg ætla þá að flýta mér að ná í kaffisopa. Vatnið sýður á katlinum.

Húsfreyja fór fram og við Þorgerður urðum ein eftir.

— Nú er bezt þú farir að hafa fataskifti, Steini, sagði Þorgerður. Eg ætla að láta fötin hans Jónasar ofan í pokann.

Eg fór að leysa frá pokanum og tindi upp úr honum garmana mína.

— Hvaða ósköp ertu lengi að þessu, strákur! sagði Þorgerður. Mér sýndist henni vera eitthvað órótt.

Eg fór að hraða mér. Og þegar eg hafði tæmt pokann, fór eg úr treyjunni. Þá hnepti eg frá mér vestinu. Og í sama bili mundi eg eftir krónunni.

Eg vissi ekki, hver sköpuð ráð eg átti að hafa. Þorgerður blindi á mig. Enginn kostur að ná krónunni, án þess að hún sæi. Eg fór úr vestinu og lagði það ofan á treyjuna. Var lengi að þessu í vandræðunum, þó að augun í Þorgerði stæðu á mér.

Í því bili kom húsfreyja aftur inn með kaffi og pönnukökur.

— Hvaða dæmalaust hefirðu verið fljót, elskan mín! sagði Þorgerður.

— Hvað er þetta, Steini — ertu farinn að háttá? sagði húsfreyja.

— Ónei — hann er að hafa fataskifti, sagði Þorgerður, einstaklega bliðróma, en eins og dálítið dræmt.

— Því þá það? Þú mátt vera í þessum fötum til kvöldsins. Þér verður ekkert sagt að gera í dag.

— Hann á ekki þessi föt, sagði Þorgerður, og var enn blið í rómnnum.

— Hver á þau þá?

— Hann Jónas minn.

— Hvar eru þá fötin hans Steina?

— Þarna á rúminu, sagði Þorgerður, og bentí á hrúguna. Ragnhildur tók spjarirnar upp, hverja af annari, og gretti sig.

— Eru þau öll þarna?

— Já, sagði Þorgerður. Blíðan var að hverfa úr rómnum.

— Farðu aftur í vestið og treyjuna, Steini minn, sagði Ragnhildur, með mestu hægð.

— Í fötin hans Jónasar míns? sagði Þorgerður. Eg veit ekki, hvort undrunar eða reiði kendi meira í röddinni.

— Í sparifötin hans Steina litla sjálfs, sagði Ragnhildur. Og á svipstundu hafði hún komið mér aftur í vestið og treyjuna, áður en Þorgerður hafði fengið ráðrúm til að átta sig.

— Þú ætlar þó ekki að . . . að fara að stela . . . fötunum barnsins míns!

Þorgerði var orðið örðugt um mál af æsingunni.

— Sé þetta þjófnaður, þá geturðu látið sýslumanninn hegna mér . . . En eg tek ekki við barninu svona nöktu. Og eg geymi þessa leppa og hefi þá til sýnis, ef til kemur. . . . En kaffið verður kalt. Gerðu svo vel.

— Kaffi drekk eg ekki hjá þjófum og ræningjum, sagði Þorgerður, tók keyrið sitt og gekk út.

Eg stóð eftir agndofa og hélt um krónuna í vestisvasa mínum. Eg vissi ekki, hvað þeim fór frekara í milli, konunum.

Vistaskiftin voru komin á. Eg var kominn til hennar, sem eg átti það að þakka, að eg varð ekki aumingi, eins og svo margir aðrir, sem líkt hefir verið ástatt um.

Nú er svo komið, að hún hefir mist alt, nema mig.

En eg ætla ekki að hafa þættina fleiri að sinni.



Út af æfisögu Péturs biskups.

I.

Nokkrar leiðbeiningar og athugasemdir við ritdóm um æfisögu Péturs biskups.

Fáeinir missagnir hafa slæðst inn í ritdóm eftir hr. adjunkt Þorleif H. Bjarnason (Skírnir 1909 bls. 77—85) og leyfi eg mér að leiðrétta þær til þess aðrir taki þær ekki eftir í hugsunarleysi. Bls. 80 segir höfundur að líkur séu til, að dr. Pétur Pétursson hafi fengið nokkur drög til kirkjusögu sinnar og doktors-ritgjörðar hjá hinum margfróða tengdafaður sínum Boga Benediktssyni; hefir höf. þetta eftir Jóni Þorkelssyni rektor, sem aftur kvað hafa borið Jón Pétursson háyfirdómara fyrir því. Þetta er auðséður misskilningur. Kirkjusagan var fullprentuð vorið 1841, þá var Bogi ekki orðinn tengdafaðir Péturs prófasts, en milli þeirra var áður enginn kunningsskapur og efasamt hvort þeir hafa sést; Jón Pétursson var þá enn við nám í Höfn, varð cand. juris 5. nóv. 1841. Í doktors-ritgjörðinni, sem kom út 1844 eftir að Pétur Pétursson var orðinn tengdasonur Boga, eru að eins almenn söguleg fræði, sem hver og einn átti hægt með að útvega sér og er engin ástæða til að halda að dr. Pétur hafi þurft að fá sér þá fræðslu frá öðrum, sem hægt var að fá í algengum prentuðum bókum. Til eru enn mörg bréf, sem farið hafa milli dr. Péturs og Boga og í þeim er hvergi minnst einu orði á söguleg fræði. Þessi getgáta um áhrif Boga Benediktssonar á vísindaleg rit dr. Péturs er því sýnilega röng.

Eg hefi í athugasemd á bls. 149 getið þess, að það muni hafa verið í þinglok 1867 sem dr. Jón Hjaltalín sagði hin alkunnu orð við Jón Sigurðsson: »Nú ert þú búinn að vekja upp þann draug« o. s. frv., en eg fullyrði það ekki. Höf. segir að Jón Hjaltalín hafi talað hin umræddu orð á Bakarastígnum 1873. Það er varla sennilegra. Á Þingvallafundinum 1873 var Jón Sigurðsson í minni hluta, þá hafði spádómur Hjaltalíns ræzt, Jón gat ekki ráðið við

drauginn, sem upp hafði verið vakinn 1867. Meiri hluti fundarins samdi frumvarp til stjórnarskrár með »personalunion«, frestandi neitunarvaldi o. s. frv. Jón Sigurðsson mótmælti hvorutveggja fastlega og neitaði að bera þar að lútandi bænarskrá fram fyrir konung¹⁾. Eg var sjálfur á Þingvallafundi 1873 og man eftir því, að allmargir voru þá æstir gegn Jóni Sigurðssyni, en sérstaklega er mér þó minnisstætt, hve mikið var drukkið á þeim fundi.

Ritdómur hr. Þorleifs Bjarnasonar er hlýlega orðaður í minn garð, svo eg hefi sjálfur enga ástæðu til að vera óánægður með hann; höf. finnur það helzt að ritstarfi mínu að eg sé altof nákvæmur! Eg er þó í ýmsum atriðum ósamþykkur hinum heiðraða höf. Hér er þó oftast að ræða um álitamál, og ekki til neins að þrátta um einstaklingsskoðanir, sem oftast eru meira og minna byggðar á mismunandi tilfinningum og hugsunarhætti. Við höfum líka gagnólíka skoðun á því, hvernig rita skal æfisögur. Það sem ritd. telur aðalannmarka á riti mínu, tel eg sjálfur aðalkost þess. Hvaða gagn hefði verið að því að fara að fimbulfamba um sálar- og hugsjónalíf Péturs biskups á ýmsum aldri og því um líkt. Um slíkt er ekki hægt að segja neitt með vissu; hugleiðingar í þá átt yrðu ekki nema hugartildur, sem aldrei ætti að sjást í vísindalegu riti. Sagnaritarar fornanna einkendu skapferli manna og framkomu með fáum orðum, oftast með mikilli snild. Gjörðir manna einkenna þá bezt. Sálarundurliðun lánast sjaldan beztu skáldum, þó þeir sjálfir skapi sér persónuna, sem þeir lýsa. Í erlendum æfisögum sjást aldrei slíkar sálarlýsingar nema hjá einstöku lélegum dönskum höfundum, sem ekki eru eftirbreytnisverðir. Enda mun flestum veita fullerfitt að þekkja sitt eigið sálarlíf, hvað þá heldur annara. Í æfisögu Péturs biskups vona eg að hver og einn geti þekt manninn, lund hans og eiginlegleika, þó eg ekki sé að geta mér til hugsana hans; í söguriti verður hver að koma fram í breytni sinni og skiljast af henni. Eg tel það því aðalkost bókarinnar að eg hefi komist hjá þesskonar málæðisútdúrdúrum, sem nú virðast vera orðin tízka hjá sumum íslenskum rithöfundum.

Eg hefi ekki ritað neinn formála fyrir æfisögu Pjeturs biskups og því ekki gjört grein fyrir þeim grundvallarreglum, sem eg fylgdi við samning bókarinnar. Þetta hefir orsakað misskilning sumra manna. Það liggur í augum uppi, að það er mjög örðugt, eða

¹⁾ Um fundinn er ítarleg skýrsla í Vikverja 1873, bls. 23—25, 30—33.

jafnvel ómögulegt að rita fullkomna æfisögu merkismanns, sem er nýdáinn, sérstaklega ef hann hefir tekið mikinn þátt í þeim málum, sem enn eru á dagskrá, tilfinningar manna og skoðanamunur ræður enn of miklu til þess að allir hlutdrægnislaust geti skoðað lífsstarf hans frá öllum hliðum. Menn verða að vera langt frá fjalli til þess að geta séð það í heild og gjört sér grein fyrir lögun þess og hlutfalli til annara fjalla. Eins er um mikilmenni sögunnar, þau verða að sjást í mátulegum fjarska, frá sjónarhæð þar sem tíðarandinn eigi glepur fyrir. En þegar langt er liðið frá, hefir sagnaritarinn aðra örðugleika að berjast við. Þá vantar oft efnið, það er horfið eða hulíð, eða þá dreift og óáreiðanlegt. Það er því hin fyrsta skylda samtíðarmanna, er rita æfisögur, að safna saman á einn stað sem flestum áreiðanlegum heimildum og skýrslum um störf og athafnir hins látna manns, um samband hans og viðskifti við samtíðarmenn, um skoðanir þær, sem aðrir höfðu á honum í lifandi lífi, og um baráttu þá er hann varð að eiga í til þess að koma fram hugsjónum sínum. Sagnaritarar seinni tíma geta svo notað þetta efni og dregið af því ályktanir eftir þeim áhrifum, sem störf merkismannsins þá sýnilega hafa haft á sögu og þroska þjóðarinnar, eða þá á heimsmenninguna, ef verkahringur hans hefir verið svo stór.

Þegar eg reit æfisögu Péturs biskups, vakti þetta fyrir mér. Eg safnaði því öllum fánulegum heimildum á einn stað, greindi frá öllu æfistarfi hans eins nákvæmlega eins og mér var unt og gat um alt lof og last, sem um hann hafði verið ritað í lifandi lífi. Út af þessu geta svo aðrir dregið ályktanir sínar, eg hefi mínar skoðanir og leyni þeim ekki. Eg hefi lagt öll skjölin á borðið og er þá engum ofætlun að skapa sér sitt álit sjálfur. Þó eg hafi sagt mitt álit, hefir mér ekki dottið í hug að halda uppi nokkurri vörn fyrir Pétur biskup, þess þarf ekki, verk hans og framkoma munu jafnan skipa honum í röð vorra mestu manna. Eg hefi að sönnu nokkuð ítarlega skýrt frá árásum þeim, sem gerðar voru á Pétur biskup, ekki til að verja hann, sem var óþarfi, heldur af sögulegri nauðsyn. Hér átti við að sýna í skuggsjá íslenzkan aldarhátt og eðliseinkunn ýmsra manna af hinum deilugjarna íslenska þjóðflokki, þar sem allir þykjast hafa vit á öllu og hver reynir að berja annan niður eftir föngum, sérstaklega ef sakberinn er í háu embætti eða álitu, svo einhver ástæða þykir til að öfunda hann. Pétur biskup hafði eðlilega sína breyskleika og galla eins og allir menn, ljós og skuggi skiftust jafnan á, en eg

efast ekki um, að hver sá, sem með athygli les æfisöguna, muni fá nokkurn veginn greinilega og rétta mynd af Pétri biskupi.

Ýmsir ritdómendur hafa fundið að því, að í æfisögunni væri ofmargir útdúrar sögulegs efnis. Eg skal fúslega játa að einstöku atriðum hefði mátt sleppa, en yfirleitt álit eg sögulegt efni nauðsynlegt í slíkri æfisögu. Æfi merkismanna skilst ekki nema skýrt sé frá tíð og tíðaranda þegar þeir lifðu. Í flestum meiri-háttar æfisögum á Englandi eru sögukaflar almenns efnis og virðast þeir þó miklu fremur mega missa sig í löndum þar sem nóg er til af ágætum söguritum, en Ísland er sögulaust land, eins og allir vita, að því er snertir hinar seinni aldir. Eða eru menn búnir að gleyma Íslendingasögum? í þeim eru flestum óteljandi útdúrar; þó þær séu margar kendar við einstaka menn, þá er þess þó ítarlega getið, sem gerðist á þeirra tíma og það oft langt frá aðalefni. Ætli Njála þætti ekki snubbótt, ef þar væri að eins æfisögubeinagrind Njáls Þorgeirssonar í Andvarastýl og engar almennar sögulegar frásagnir um samtíðarmenn?

Höf. finst kaflinn um guðfræðisbækur Péturs biskups »magur«, en játar þó að sig »bresti sérþekkingu« til þess að kveða upp dóm í því efni. Eg áleit sjálfan mig heldur ekki hafa næga sérþekkingu til þess að veða guðfræðisrit Péturs biskups á metaskálum. Hinn heiðraði höf. hefir ekki athugað að 9. kaflinn er í raun réttir ekki eftir mig, þó eg eigi samsetninguna og nokkrar athugasemdir. Kaflinn er varla annað en útdráttur úr umsögnum ýmsra guðfræðinga um rit Péturs biskups, bæði lof og last. Sést þar glögglega, hvað Íslendingar eiga ilt með að rata meðalhófið; það er ýmist í ökla eða eyru, sem ritað er um flestar bækur. Til frekari fullvissu fekk eg ágætán kennimann til þess að semja greinina um hin kirkjulegu ritstörf dr. Péturs. Í Nýju Kirkjublaði (1908. bls. 242) var þess getið að kaflí þessi mundi vera eftir síra Magnús á Gilsbakka og virðist höf. ritdómsins trúá því; en svo er eigi, síra Magnús hefir ekki ritað eitt einasta orð í æfisögunni; ritgjörðin er eftir annan merkan prest, sem aldrei var handgenginn Pétri biskupi.

Því miður eru of margar prentvillur í bókinni, en flest eru stafvillur, sem hægt er að lesa í málið. Það er og prentvilla á bls. 30, að dánarár Magnúsar prests Sigurðssonar er talið 1827, á að vera 1828; á bls. 277 er líka prentvilla Kristín Pétursdóttir, á að vera Kirstin Pétursdóttir. Herra Jóhann Kristjánsson hefir skýrt mér frá að Pétur Björnsson afi Péturs biskups hafi samkvæmt kirkjubók Miklabæjar dáíð 1. september 1803 (82 ára), en kona

hans 18. okt. s. á. (88 ára). Jón Konráðsson, sem eg fór eftir, segir þau bæði hafi dáðið í sept. 1803. Pétur prófastur og Þóra Brynjólfsdóttir giftust 24. apríl 1805. Hinir mörgu ritdómar um æfisögu Péturs biskups hafa annars ekki flutt neinar nýjar upplýsingar eða leiðréttingar. Að eins í Nýju Kirkjublaði (1909, bls. 93) hefir staðið ágæt smásaga, sem eg mundi hafa sett í bókina, hefði eg þekt hana. Sagan greinir frá heilræði, sem Pétur biskup gaf síra Þórhalli, er hann varð prestur í Reykholti, um fyrningar á heyjum og prédikunum; hún lýsir ágætlega, hve kýmínu dr. Pétur oft var og smáskritinn og sýnir, að hann var mannþekkjari, er hann sá fyrirfram hvílikur fyrirtaks búmaður Þórhallur biskup mundi verða.

Forv. Thóroddsen.

II.

Svar til prófessors Þorvalds Thóroddsen.

„Einem unbefangenen Beurteiler muss es fast unglaublich erscheinen, dass man die Bedeutung des Psychischen für den Zusammenhang der Begebenheiten jemals unterschätzen oder gar ableugnen könnte, wie es öfter geschehen ist und noch geschieht. Denn die geschichtlichen Begebenheiten sind doch nicht anderes als Bethätigungen des menschlichen Empfindens, Vorstellens, Wollens, Bethätigungen jener psycho-physischen Einheit, die wir Seele oder Geist nennen“.

Ernst Bernheim: Lehrbuch der historischen Methode (Leipzig 1894) 499. bls.

Í upphafi »leiðréttinga« sinna og athugasemda segir herra Þorvaldur Thóroddsen prófessor, að eg hafi í ritdómi mínum um æfisögu Péturs biskups í þ. á. Skírni 80. bls. sagt, »að líkur séu til að dr. Pétur Pétursson hafi fengið nokkur drög til kirkjusögu sinnar og doktorsritgerðar hjá hinum margfróða tengdaföður sínum Boga Benediktssyni«. Til þessara ummæla hof. liggja þau svör, að í ritdóminum hefi eg ekki viðhaft orðið líkur, heldur gerði mér einmitt far um af ástæðum, sem þegar skulu greindar, að orða þenna orðasveim eins varkárlega og mér var unt með svofeldum orðum: »Skulu engar brigður bornar á það« (að Pjetur hafi safnað efni til kirkjusögunnar þau rúm fjögur ár, sem hann stundaði nám í Kaupmannahöfn), »en vera má og að hann hafi fengið nokkur

drög« o. s. frv. Þetta er, eins og meun munu sjá, engan veginn hið sama og eg hefði sagt, að »líkur« væri til, eins og höf. ber mér á brýn. Mér var persónulega ókunnugt um, að hve miklu leyti orðasveimurinn hefði við rök að styðjast eða ekki, en duldist hins vegar ekki, hve ervitt væri að færa óyggjandi rök fyrir honum, þótt hann væri sannur. Vildi eg því hvorki né gat talað hér um líkur.

Á hinn bóginn þótti mér ekki rétt að láta hann liggja alveg í þagnargildi, af því að menn þeir, sem hann er runninn frá, voru báðir tveir svo valinkunnir og réttorðir, að lítt hugsanlegt var, að þeir hefðu upp úr þurru farið að setja saman þessa hvíksögu. Eg er heldur ekki einn til frásagnar um áðurgreind ummæli Jóns rektors Þorkelssonar, heldur vill svo vel til, að hann hefir sagt fleirum en mér hið sama og enda tekið dýpra í árinna, að því er doktorsritgerðina snertir. Gæti eg sennilega, ef til kæmi, leitt rök að því.

Rök þau er höf. tilgreinir til þess að hnekkja fyrgreindum ummælum eru heldur ekki allsendis skýlaus. Vel vissi eg það, að Bogi Benediktsson var ekki orðinn tengdafaðir síra Péturs Péturssonar 1841, þegar kirkjusagan var fullprentuð. En þótt enginn kunningsskapur hafi áður verið með þeim, eins og höf. farast orð, »og efasamt hvort þeir hafa sést« — sem mér þykir þó alllíklegt, þar sem síra Pétur hafði 1837—1838 verið prestur að Helgafelli og ekki er nema fáeinna stunda leið þaðan að Staðarfelli, ef á sjó er farið — þá þurftu þeir alls ekki að vera persónulega kunnugir til þess að lána bækur og handrit hvor hjá öðrum og bera sig saman um það sem þeim þótti vafasamt. Slíkt hefir bæði fyr og síðar verið alsíða meðal fræðimanna. Jón Pétursson gat og ósköp vel vitað orðum sínum stað, þótt ekki væri hann hér á landi 1841. Ef mér ekki skjátlást, komust flest handrit Boga síðar meir í hans hendur og er ekki óhugsandi, að hann hafi einmitt einhverstaðar í þeim fundið rök til ummæla þeirra, er Jón Þorkelsson bar hann fyrir.

Með þessu sem eg nú hefi tekið fram vildi eg að eins hafa sýnt, að röksemdaleiðsla höf. er ekki allskostar óyggjandi í þessu atriði. En sjálfur skal eg að svo komnu ekki leggja neinn dóm á það, hvort Bogi hafi haft áhrif á vísindaleg rit dr. Péturs eður ekki.

Fréttabréf, sem eg hefi haft með höndum frá manni í Reykjavík til prests eins á Vesturlandi, greinir frá, að dr. Hjaltalín hafi látið hin alkunnu ummæli sér um munn fara eftir Þingvallafundinn

1873 og sama hefi eg heyrt menn segja, sem voru þá til heimilis í Reykjavík. Heimild próf. Þorvalds þekki eg að visu ekki, en eftir almennum reglum um heimildir sagna, er af tveimur eða fleiri samtímasögnum sögn sú að öðru jöfnu talin betri og áreiðanlegri, sem greinir bæði frá stað og stund, sem talið er, að hún hafi gerst á. Í bréfinu, sem eg gat um, standa ekki orðin: »og sem þú ekki getur vitað nema kunnir að ríða þér að fullu, okkur öllum og landi voru á komandi tíma«. Bendir það á, að hér sé ekki um neinu spádóm Hjaltalms að ræða, heldur hafi hann viljað færa sömmur á, að nú væri svo komið, að J. S. gæti ekki lengur haldið í hemilinn á sínum mönnum, heldur neyddist til að snúast á móti þeim. En það gerði hann einmitt á Þingvallafundinum 1873 eins og próf. Þorvaldur tekur réttilega fram.

Höf. segir enn fremur, að eg finni það helzt að ritstarfi sínu, að hann sé altof nákvæmur! Það er nú svo. En eg vil biðja hann og aðra góða menn að gæta þess, í hverju sambandi orð þessi standa í ritdóminum. Eg held að ekki sé um það að villast, að höf. á þar við svolátandi málsgrein: »Höf. er hér sem oftast í ritinu nær því óþarflega nákvæmur í að árfæra og tilgreina ýmsa smáviðburði í lífi biskups, svo sem hver ár hann hafi verið varaforseti og haft ritstjórn alþingistíðindanna á hendi, hve oft hann hafi talað á sumum þingum, í hve margar nefndir hann hafi verið kosinn, hvenær hann hafi flutt þingsetningarræður og þar fram, eftir götunum«. Eg átalda að eins þess konar nákvæmni um smá, muni, er að engu leyti auðkenna manninn, og eg get enn ekki skilið, þó eg sé allur að vilja gerður, hvert erindi slíkar upptalningar og aðrar þvilíkar eiga í æfisögum látinna merkismaða. Eg minnst ekki heldur að hafa rekið mig á þær í ýmsum merku og ágætum æfisögum á útlendum tungum, sem eg hefi lesið, enda þótt þær hafi verið töluvert yfirgripsmeiri en æfisaga Péturs biskups.

Annars er það fleira en smásmygli þessi sem eg fann að riti hins háttvirta höf. Þegar á 1. bls. ritdómsins vék eg að því, að sumar heimildir höf. bæri »miklu fremur að telja til dagdóma og palladóma en áreiðanlegra heimilda«. En að vera vandur að heimildum sínum skiftir að minni hyggju afarmiklu, þegar um sagnaritun er að ræða. Á því veltur oft og einatt, hvort frásögnin getur talist áreiðanleg og sannsöguleg eða ekki. Þá fann eg og að ýmsum útúrdúrum og málalengingum höf. og ekki sízt að því, að

honum er of gjarnt að verja orð og aðgerðir biskups en velja andstæðingum hans snuprur og ákúru.

Loks verður höf. alltiðrætt um það, sem eg kallaði aðalannmarkann á riti hans, að það fræddi menn helzt til lítið um sálar- og hugsjónalíf Péturs biskups. Og til þess að ekki væri unt að misskilja orð mín, tók eg sérstaklega fram nokkur atriði, sem eg hefði kosið að fá nánari vitneskju um, svo sem hverjum andlegum áhrifum biskup hefði orðið fyrir af samtíðarmönnum sínum, og hverjar hugsjónir hefðu verið ríkastar í brjósti hans á æsku og full-orðinsárunum. En hverju svarar höf. þessum réttmætu óskum? Hann sem er gagukunnugur æfiferli biskups og hefir að sjálfsgöðu lesið öll rit hans og ræður og alt sem um hann hefir verið ritað og haft undir höndum bréf frá biskupi og til biskups og auk þess haft uáin kynni af honum og heimili hans um nokkur ár. Hann segir að um slíkt sé »ekki hægt að segja neitt með vissu; hugleiðingar í þá átt yrðu ekki nema hugartildur, sem aldrei ætti að sjást í vísindalegu riti«, og í »erlendum æfisögum« sjáist »aldrei slíkar sálarlýsingar, nema hjá einstöku lélegum dönskum höfundum, sem ekki séu »eftirbreytnisverðir.«

Þegar eg las þessar fullyrðingar datt mér í hug skríttla um norðlenzkan prest, er hélt líkræðu yfir myndarbónda og talaði ein göngu um jarðabætur hans og sjósóknir og starf hans í þjónustu sveitarfélagsins. Þegar jarðarförinni var lokið, þakkaði ekkjan presti fyrir ræðuna með handabandi og sagði um leið ofurhóglátlega: »Þér gleymduð alveg hjartagæzkunni og sálinni hans Jóns míns, prestur minn.« »Látum sálina eiga sig«, gall klerkur við, »hún er hvort sem er komin til guðs«.

En svo eg hverfi nú aftur að efninu, þá hefi eg lesið margar æfisögur eftir einkargóða höf., sem hafa talið sér auðsjáanlega skylt að leysa úr slíkum spurningum, sem eg áður hefi uefnt, og meira að segja gert það á rökréttum og strangvísindalegum grundvelli, ýmist með því að láta orð og athafnir sögukappans lýsa sálar- og hugsjónalífi hans eða, hafi hann verið skáld eða rithöfundur, þá með því að grafast fyrir það í ljóðum hans og ritum og leiða rök að áhrifum þeim, sem hann hefir orðið fyrir utan frá. Eg skal fúslega játa, að slíkar rannsóknir og slík 'sálarsundurliðun' er mikið vandaverk, en verð hins vegar að halda því fram, að þær séu hvorki né þurfi að vera »fimbulfamb« eða »hugartildur«, ef rétt er á haldið. Stundum eru þær jafnvel óumflýjanlegar, með því að hlutverk allrar vísindalegrar sagnfræði og sögurannsókna er að

skýra mönnum ekki einungis frá því sem gerst hefir, heldur einnig frá því, hvernig það hafi gerst og af hverjum rótum það sé runnið.

Að eg stend ekki einn uppi með þá skoðun, sýna einkunnarorð þau, er eg hefi valið línun þessum og tekin eru eftir háskólakennara einum í sagnfræði, sem til skamms tíma hefir verið talinn einn hinn skarpasti og snjallasti vísindamaður Þjóðverja í þeirri grein.

Borleifur H. Bjarnason.

Upphaf konungsvalds á Íslandi.

Björn Magnússon Olsen: Enn um upphaf konungsvalds á Íslandi. Rvík 1909.

Ritgerð þessi hefir birst í þ. á. »Andvara« og hefir einnig verið gefin út af Þjóðvinafélaginu sem sérprentun. Efni hennar er að þnekkja og andmæla ýmsum kenningum um endalok hins íslenska þjóðveldis og upphaf konungsvalds á Íslandi, sem dr. Knud Berlin hefir framsett í riti sínu »Íslands statsretlige Stilling«, er birtist síðastliðinn vetur í Kaupmannahöfn.

Skal hér dregið stuttlega á nokkur hin helztu ágreiningsatriði höf. við Berlin og að lokum farið nokkrum orðum um ritgerðina í heild sinni.

Berlín telur að Ísland hafi í raun rétttri ekki framfar verið til sem »sjálfstætt ríki« er það komst undir konung (sbr. bók Berlins 30. bls.), og til stuðnings skoðun sinni segir hann, að konungur hafi fyrir 1262 verið búinn að sölsa undir sig »allflest« eða »nær öll« goðorð landsins. Höf. leiðir, að því er virðist, góð rök að því, að ástæður Berlins eru engan veginn fullnægjandi og að staðhæfing hans um goðorðin er fjarri öllu lagi.

Með sögulegum rökum (meðal annars samanburði við ríki Kolbeins unga 1242) sýnir höf. enn fremur fram á, að þó að konungur hefði verið »vel og löglega kominn að hverju einu einasta goðorði af þeim helmingi íslenskra goðorða, sem hann hafði á sínu valdi 1262,« verði ekki með nokkru móti dregin af því sú ályktun, að Ísland hafi fyrir 1262 verið hætt að vera sjálfstætt ríki út á við.

Þá hrekur höf staðhæfingu Berlins, að Lögrétta hafi löngu fyrir 1262 verið komin á fallanda fót og ekki gegnt störfum sínum á lögskipaðan hátt eða fylgt réttum þingsköpum. Meðal annars sýnir hann, að sönnunargögn Berlins fyrir fullyrðingu þessari eru einkis nýt (t. a. m. skírskotun hans til svo nefnds Gamla sáttmála frá 1263, sem er ekki annað en alþingissamþykkt frá 1300),

og að hann misskilur orðatiltæki svo sem »tók til lögsögumanns,« er þýðir eins og samtíða málvenja ber vitni um »lét taka til lögsögumanns.« Snildarlega tekst höf. að gera grein fyrir, hvernig stendur á ósankvæmninni í frásögn Sturlungu II. 103 og II. 144. bls. (Oxfordsútg.) og að engan veginn er leggjandi eins mikið upp úr þeim stöðum og Vilh. Finsen og Berlin hafa gert. Sannast hér sem oftast á Berlin, að honum er lítt sýnt um að meta rétt sögulegar heimildir, en fyrir bragðið verður ályktunin skökk, eins og vonlegt er, þegar undirstaðan er ekki ábyggileg. Skarpleg og sennileg í mesta máta er skýring höf. á orðunum »öll höfðingjagoðorð« á fyrgreindum stað í Sturlungu (II, 103. bls.).

Þá hnekkir höf. gersamlega kenningu Berlins, »að konungur hafi fyrir 1262 verið búinn að sölsa undir sig æðsta dómssvald á Íslandi« og dæmt íslenzka höfðingja »í refsingar, svo sem landrekstur eða fjárlát.« Og það er að vorri hyggju ekki of djúpt tekið árinna af höf., að alt þetta hjal um dómssvald konungs á Íslandi fyrir 1262 sé »hrein og bein fjarstæða.«

Í stuttu máli ætlum vér, að flestir sem lesa með athygli og dómgreind röksemdaleiðslu höf. um 1. kaflann í riti Berlins, hallist að þeirri skoðun höf., að frásögn Berlins um aðdragandann að Gamla sáttmála sé »í meira lagi menguð og grómtekin af þeirri skoðun hans, að Ísland hafi verið búið að týna sjálfstæði sínu, áður en það gekk á hönd konungi 1262—1264« og að ekki sé »minsti flugufótur« fyrir kenningu þessari »í heimildarritunum.«

Á hinn bóginn leggur höf. ekki í lágina, að frelsi landsins og sjálfstæði út á við hafi verið hin mesta hætta búin af sundurlyndi höfðingjanna og óstjórninni innanlands og viðleitni konungs að færa sér hvorttveggja í nyt.

Í 6. gr. rits síns, einkum 45—46 bls., reynir Berlin með öllu móti að færa sönnur á, að Gamli sáttmáli hafi ekki verið löglega samþykktur, að minsta kosti ekki þannig, að hann væri bindandi fyrir alt landið. Höf. snýst algerlega andvígur þessari »kreddu« og færir gild rök og góð fyrir skoðun sinni. Í einstökum óverulegum atriðum getur að vísu leikið dálítill vafi á, hvort höf. hefir alls kostar rétt fyrir sér svo sem þýðing hans á orðunum »er lögrétta var skipuð« með »blev besat«; viðkunnanlegra teldum vér »blev konstitueret« og sama er að segja um ágreining hans við Berlin um það, eftir hverjum reglum hafi verið farið með málið, er það var lagt fyrir Lögréttuna. En þetta er smáræði sem litlu skiftir.

Hitt varðar mestu, að höf. hefir að vorri ætlun tekist að leiða gild rök að því, að sáttmálinn hafi verið hafður upp í Lögréttu og eiðarnir unnir þar til þess, eins og höf. kemst að orði, »að setja á hvorttveggja stimpil hins almenna íslenska löggjafarvalds, að löghelga það svo, að það væri bindandi fyrir allt landið, því að »slíkur samningur milli eins landshluta og erlends konungs« gæti »með engu móti verið lögmætur, nema til hans fengist samþykkt Lögréttunnar«. En það sé á hinn bóginn óbyggjandi sönnun fyrir því, »að Ísland 1262 skoðaði sig sjálfst og var skoðað af Hákonni konungi sem sjálfstætt, fullveðja ríki«. En þá falla og eins og að líkindum lætur allar getgátur Berlins og heilaspuni um þetta atriði um koll af sjálfu sér.

Höf. vitir með réttu, að Berlin prentar í riti sínu gallaðan texta af Gamla sáttmála, en fylgir ekki texta þeim, sem prentaður er í Ríkisrétt. 1.—2. bls. og leiðréttur með samanburði allra handrita. Mætti leiða ýmsar getur að því, hvernig á þessu stendur. Er Berlin svo óvandur að heimildum sínum? Efast hann um, að handrit þau séu til, sem textinn er leiðréttur eftir? Eða hefir hann ekki haft hliðsjón af handritum þessum, af því honum var svo ríkt í hug, að færa sönnur á kenningu sína, að Íslendingar gengu ekki persónulega Hákonni konungi á hönd, heldur Noregs konungi. Ekki er ósennilegt að einhver af ástæðum þessum, ef til vill ein eða fleiri, hafi verið þess valdandi, en vér þorum ekki að fullyrða neitt um það.

Skýring höf. á því, að handritunum af Gamla sáttmála ber ekki saman um upphæð skattsins (35. bls.) er í alla staði skarpleg og sennileg. Sama er að segja um röksemdaleiðslu höf. fyrir því, að þegnskyldujátning Íslendinga er miðuð við »persónu konungsins, en ekki við stöðu hans sem Noregs konungs«. Með réttu telur höf. það nú vafasamt, hvort rétt sé að draga þá ályktun af orðalagi Gamla sáttmála, að hann hafi skapað persónusamband milli Noregs og Íslands.

Einkar vel rökstudd er skýring höf. á þeim orðum sáttmálans, að Íslendingar skuli »ná íslenskum lögum«. Virðist það litlum vafa undirorpið, að þessi skuldbinding konungs taki einnig til æðsta stjórnarfyriðkomulags landsins og að Íslendingar, sem gengu konungi á hönd 1262, »ættu eftir sem áður að eiga lögsögumanninn, Lögréttuna og fjórðungsdómana sameiginlega við aðra landsmenn«. Enda kemur það, eins og höf. tekur fram, heim við staðreynd þá,

að hið forna stjórnarfyrikkomulag hélzt óbreytt frá 1262 til 1271, er þingfararþákkur Járnsíðu var leiddur í lög.

Mjög sennilega skýrir höf. orð sáttmálans »að láta oss ná friði« og »að halda friði yfir oss«. Eftir skýringu hans lýtur fyrri skuldbindingin að því, að konungur lofar að koma á friði í landinu, en hin síðari að því, að hann tekst á hendur að varðveita friðinn eða »gæta friðarins« bæði út á við og inn á við. Af þessari yfirlýsingu og viðbótinni »svá sem guð gefr yðr framast afl til« ætlafr höf. að megi ráða, »að konungur hafi áskilið sér að fara með hermál landsins með aðstoð Norðmanna«. Vera má að það hafi vakað fyrir konungi eða eitthvað þvífkt, en á hinn bóginn er það eins líklegt, að orðin, »svá sem guð gefr yðr framast afl til«, sé almenns eðlis eins og t. d. »ef guð lofar« í nútíðarmáli, og hafi enga dýpri merkingu í sér fólga. En hvað sem því líður, er það af öðrum atvikum sennilegt, að konungur hafi ætlað sér að fara með hermál og utanríkismál fyrir Íslands hönd.

Með niðurlagsatriði Gamla sáttmála: »Skulum vér og várir arfar« o. s. frv., telur Berlin Íslendinga hafa »berlega viðurkent erfðarétt hius norska konungdóms að Íslandi« og segir á 89. bls., að höf. hafi tjáð sig því samþykkan. En höf. færir rök fyrir því, að svo er ekki og að Berlin hefir miskillið orðið »arfengur«, sem höf. hefir viðhaft í hinni venjulegu merkingu orðsins »sá sem gengur í arf mann frá manni«. Berlin hampar mjög »hinum norska konungdómi«. En höf. sýnir, sem er, að þetta »ímyndaða hugtak« er hvergi nefnt á nafn í samningnum og telur með réttu alla þá ályktun rammskakka, sem Berlin dregur af því.

Fróðleg og ítarleg er frásögn höf. (53—56 bls.) um afstöðu Íslendinga til konungserfðalaganna norsku, og hnekkir hún, að því er virðist, gersamlega kenningu Berlins, að Íslendingar hafi með niðurlagsatriði Gamla sáttmála afsalað sér öllu atkvæði um konungserfðir í Noregi.

Skýring höf. á niðurlagsorðum sáttmálans »meðan þér og yðrir arfar halda við oss þessa sáttargerð. En lausir, ef hún rýfst, að beztu manna yfirsýn« er svo strangvísindaleg og rökstudd með sögulegum dæmum, að allar tilgátur Berlins um þetta atriði og ályktanir, sem hann dregur af þeim, virðast einber markleysa. Í mesta máta kátbrosleg er getgáta hans að »beztu menn« sé ríkisfuudur í Noregi, og lítt sanufærandi er sú kenning hans á 129. bls., að niðurlagsatriði sáttmálans »heimili bændum rétt til uppreistar, en ekki rétt til að ganga undan honum sem ríki«.

Höf. átelur, sem vonlegt er, þau ummæli Berlins, »að Íslendingar hafi með Gamla sáttmála »kapitulerað« (gefist upp nauðugir viljugir) fyrir kröfum hins ríka Noregs konungs«. Sáttmálinn ber það með sér, að hann er engin nauðungaruppgjöf. En um það verða auðvitað skiftar skoðanir, hvert hlutskifti Íslendinga hefði orðið, ef þeir hefði ekki gengist undir sáttmálann.

Loks þykir réttast að taka hér upp nokkur niðurlagsorð höf. um Gamla sáttmála, sem vér teljum fara nær sanni:

»Hins vegar höfum vér Íslendingar enga ástæðu til að veifa GISM. sem einhverju dæmalausu frelsisskjali, eins og sumir hafa gert, og þeir einna mest, sem minst hafa um hann hugsað. Þvert á móti er hann fyrsta sporið til að glata hinu forna frelsi landsins og ofurselja það útlendu valdi.«

Við síðasta kaflann í riti Berlins um réttarstöðu Íslands eftir lögbókunum, Járnsíðu og Jónsbók, hefir höf. miklu minna að at-
huga. Þó má geta þess, að höf. leiðir sterkar líkur að því, að í þingfararballki lögbókanna beggja sé á einum stað, að vísu ekki með berum orðum, vikið að löggjafarvaldi alþingis, en Berlin segir afdráttarlaust í riti sínu, að í Járnsíðu og Jónsbók sé hvergi getið um það. Annað mál er það, að afskifti konungs og ráðaneytis hans af íslenskum löggjafarmálum fara eftir lögleiðingu lögbókanna óðum vaxandi, en vald alþingis þver að sama skapi.

Höf. telur Berlin rita af fróðleik og hafa »kynt sér vel bæði hin sögulegu heimildarrit og það sem um þetta eini hefir verið ritað á síðari tímum«. Þykir honum Berlin skrifa »ljóst« og raða »efninu vel og skipulega og gæta hófs og stillingar«, þar sem hann greinir á við Íslendinga, sem um þetta efni hafa ritað. Á hinn bóginn telur hann Berlin verða »það stundum á að líta á ýms at-
riði með dönskum gleraugum og halda ekki rétt á metaskálanum«. Og má það ekki teljast ofmælt. Þá átelur hann kæruleysi eða ónákvæmni Berlins í tilvitnunum bæði í rit höf. og annara og rök-
styður það með mörgum dæmum. Í stuttu máli þykir honum, að Berlin hafi ekki tekist að binda enda á loforð sitt að semja »óhlut-
dræga og vísindalega lýsing á réttarstöðu Íslands«, og munu senni-
lega flestir Íslendingar, sem lesa bæði ritin, geta tekið undir það.

Allir Íslendingar, sem eru ekki blindaðir af flokksofstæki, mega vera höf. þakklátir fyrir þessa ritgerð hans, sem og fyrir hina fyrri »Um upphaf konungsvalds á Íslandi«, er birtist í fyrra. Ritgerðir þessar eru að heita má hin einu vísindalegu rit um endalok þjóðveldisins og upphaf konungsvaldsins á Íslandi, sem birzt hafa

hér á landi á síðari árum, og er ekki ólíklegt að þau verði einhvern tíma sett á bekk með hinu nafnkunna riti Jóns Sigurðssonar móti I. E. Larsen háskólakennara. Þá settu og annmarkar þeir, sem höf. hefir sýnt fram á í riti Berlins og annars líka í íslenskum skrifum um þetta mál, að vera holl bending fyrir þann, sem tekst á hendur að rita um »Þjóðréttarstöðu Íslands« fyrir almennings fé, að ekki er að því hlaupið, ef ritið á að vera svo úr garði gert, að það geti orðið Íslendingum til sóma bæði innan lands og utan.

Þorleifur H. Bjarnason.

Erlend tíðindi.

Fundið norðurskaut.

I rauninni er það ekki vel heppilegt, að kveða svo að, sem skautið sé nú fundið. Skautin eru, svo sem menn vita, þeir staðir á norður og suðurhveli jarðar, þar sem endar hinna 360 hádegisbauga koma saman í depil. Í sjálfum sér er þessi depill á hvoru skauti ekki stærri en títtuprjónshaus eða punktur í prenti og því engin líkindi til að menn fái nokkuru sinni svo nákvæm mælingatæki að þeir deplar finnist. Aftur hafa menn fátt vitað betur en það, hvar þessara depla var að leita, því menn vita hárvíst hve langt er til þeirra frá hverjum stað á jörðinni.

Hitt hefir aftur verið ókunnugra alt til þessa, hvernig svæðin liti út kringum þessa depla, sem menn vissu af í ísaudnunum á norður og suðurhvelinu.

Um suðurskautið vissu menn nú nokkurn veginn, að sá depill er á hálendi miklu, nálægt 10 þús. feta háu, því þar komst Shackleton svo langt núna í janúar 1909, að hann átti einar 22 mílur eftir að suðurskautinu sjálfu.

Um norðurhöfin hafa menn nú sveimað í margar aldir og lengi vel mest í þeim erindum, að finna vesturleið norður um Ameríku og austurleið norður um Asíu. En hitt, að finna sjálft skautið eða komast þangað, datt víst dr. Hayes, amerískum manni, fyrstum í hug 1860.

Eins og allir vita, skifta menn jarðarhnettinnm sér til yfirlits og hægðar í 180 belti milli skautanna. Er 0 sett á miðjarðarbaug og talið þaðan 90 norður og suður. Beltin eru jafnbreið, 15 mílur hvert, og kölluð mælistig. Ísland nær frá $63\frac{1}{2}$ mælistigi til $66\frac{1}{2}$. Það er því 3 mælistig (skrifað 3°) eða 45 mílur á breidd og rúmar 350 mílur frá Melrakkaslétu norður að skauti.

Lengst norður höfðu þeir komist hingað til Sverdrúp 1896, á 85,57 og átti eftir $60\frac{3}{4}$ mílu að skauti; Friðþjófur Nansen sama ár

á 66,7 og átti eftir $59\frac{1}{4}$; Cagní, Ítali, 1900, á 86,33 og átti eftir $51\frac{3}{4}$ mílu og Peary 21. apr. 1906 á 87,6 og átti því eftir $43\frac{1}{2}$ mílu að skautinu, eða sama veg sem þvert yfir Ísland.

Þessir menn fóru á sleðum þegar skipin þraut, og beittu hund um fyrir, oftast 10 eða 12 fyrir hvern, eins og Grænlandingar. Wellman, Amerískumaður, hefir og ætlað að reyna að ná skautinu á loftfari, sem stýra má, og hefir í þeirri veru farið til Spitsbergen tvö sumur undanfarið og var þar allan júlí og fram í ágúst nú í sumar að búa sig og fylla loftbelg sinn; steig loks upp 15. ágúst og komst 8 mílur, en þá slitnaði af þeim drösull, sem loftfarið dró til að stýra sér og fullur var af vistaforða. Varð hann þá að koma niður og var hjálpað heim að skála með alt saman, en þar kviknaði í benzínvél og mistu þeir belg og alt saman úr höndum sér mannlaust út í loftið og þar sprakk það og tættist í sundur. Eftir fregnirnar um Cook og Peary lýsti Wellman því 9. sept. að hann sé hættur við norðurfarir.

Það töldu menn allar líkur til, að um norðurskaut væri haf ísi þakið og rifur í og vakir, og sýndu þeir Nansen og Cagni fram á, að ísinn væri þar á reki, oftast frá austri til vesturs, og hefir þetta alt reynst nærri sanni. Þessar vakir, sund og flóar inni í ísnum, höfðu orðið erfiðust Peary og öðrum og versti þrándur sleðaferðanna og eftir fréttina af Wellman ráðgerði Zeppelin gamli að halda þangað norður næsta ár á loftfari sínu.

En rétt sem menn töluðu óðast um hrakfarir Wellmans flaug sú fregn út um heiminn 1. september um kvöldið, að Cook, amerískur læknir, hefði komist á norðurskaut 21. apríl í fyrra (1908).

Menn gláptu orðlausir hver á annan. Nálega enginn maður þekkti þennan Cook. Loks grófu menn það upp, að hann hefði verið læknir með heimskautaförum bæði til suðurishafs og norður með Peary. Þá rifjuðu menn og upp, að hann hefði farið með veiðiskipi eitthvað norður í höf fyrir 2 árum, en látið svo lítið yfir sér og svo ólíkt þeim Nansen og Peary, að þess var rétt að eins getið í blöðum.

Nú var Cook í Leirvík á Hjaltlandi á heimleið af Grænlandi á danska Grænlandsfarinu Hans Egede. Cook hélt þaðan til Kaupmannahafnar og fögnuðu Danir honum bæði höfðinglega og ástúðlega. Gerði konungur honum heimboð, en landafræðisfélagið gaf honum heiðursgullpening sinn og háskólinn gerði hann heiðursdoktór, en mannfjöldinn þyrptist utanað honum, hvar sem hann fór, með óstöðvandi fagnaðarópum. Þótti Dönnum það happ og heiður, að

maður, kominn úr slíkri för, sótti þá heim fyrsta og hélt bæjarstjórnin honum konunglega veizlu með öllu stórmenni borgarinnar, 600 manna, en tíðindamenn stórblaðanna nærri af öllum löndum sátu um hann úti og inni og símuðu heila blaðadálka út um alla veröld um hann og ferð hans, en Danir gleymdu víggirðingunum og öllu sínu stjórnarbasli yfir Cook.

Fregnirnar 5. og 6. sept. sögðu nú nokkurn veginn ljóst ferðasögu Cooks og eru aðalatriðin þessi:

Hann lét út frá New York 3. júlí 1907 á skipi, sem Bradley nokkur, amerískur auðmaður, hélt til veiða norður í höf og kostaði Bradley ferð þeirra. Kom í ágúst til Norður-Grænlands til Etah, þar sem Peary hafðist oft við, nokkru fyrir norðan Yorkhöfða og bygði sér þar hús í Annatok (líka skrifað Anatok, Anotok og fl. vega) og sat þar fram í febrúar, aflaði sér hunda, sleða, vista og annara farar nauðsynja. Þaðan hélt hann svo af stað 19. febr. 1908 í sólarroð með 10 Grænlandinga, 11 sleða og 113 hunda og höldu vestur yfir Smithsund og vestur yfir Ellesmereland og norður Nausensund milli Grantslands að austan og Heibergslands að vestan, sem Sverdrúp fann. Þar var 51 stiga kuldi á



Frederick A. Cook.

(Eins og hann leit út, er hann kom úr norðurferðinni).

R. Við Landsend, norðurodda Heibergslands, sneru 6 Grænlandingar aftur með 46 hunda 18. marz. Þeir menn höfðu flutt vistir. 21. marz sneru enn 2 vistamenn aftur, en þeir þrír, Cook, Ithúkísúk og Alvila (eða Arvíla) héldu á ísöræfin með 3 sleða og 26 hunda. Voru þá nokkrir dauðir, en öðrum höfðu þeir slátrað til fæðis hinum hundunum. Á 85 mælistigi sáu þeir land í vestri og líkast sem væri tvær eyjar stórar. Altaf áttu þeir vökum að verjast þangað til, en úr því var ís samfeldari, en frá 88. mælist. var ís á hreyfingu austur á við og komust þeir 20. apríl á 90. mælistig og 21. á skautið sjálft og fóru þann dag og þann næsta um það

svæði alt, settu þeir niður stöng í ísinn með fána Bandaríkjanna og málmhylki með stuttri ferðasögu. Þar var kuldi 31 stig á R.; sprungur voru þar í ísinn og vakir skamt burtu, en engin lifandi skepna í og ekkert að sjá annað en óendanlega ísbreiðuna ógeðslega og ömurlega. Dagur var þar þá runninn fyrir mánuði og gekk sólin hringinn í kring nokkru fyrir ofan sjóndeildarhringinn og því óslitið hádegi. Verður þar að telja stundirnar á klukkunni til þess að reikna sólarhringatöluna, því engin er nóttin.

23. hófu þeir heimför sína og ætluðu sömu leið heim, en lentu nokkru vestar og náðu ekki forðabúri sínu á Heibergslandi; hröktust þar suður sundin vorið og sumarið í fyrra, liðu hungur og hörmungar og urðu lofs að setjast að um haustið í Jonessundi í skúta og snara og rota dýr til matar, því öll skottæki voru löngu eydd, nema einar 3 kúlur, sem þeir geymdu sjálfum sér, ef þeir neyddist til að stytta sér aldur. 28. febr. í ár (1909) héldu þeir loks af stað úr Jonessundi. Þá sást þar fyrst glæta af sól. Í miðjum apríl komust þeir austur yfir Smithssund til Grænlands og hefir Cook víst þótt sárt að dúsa þar skiplaus þangað til nú í ágúst og mega búast við að Peary yrði kominn heim á undan sér sigri hrósandi frá norðurskauti, þó hann færi ári seinna, því Peary hefir skip og á alls kostar.

Peary.

Þetta var og mjótt á mununum fyrir Cook, því þegar hann var búinn að vera 2 daga í Khöfn, og sem mest var um dýrdir, kemur sú fregn frá Nýfundnalandi kvöldið 6. september, að Peary sé þangað kominn og hafi náð norðurskauti 6. apríl í ár (1909), tæpu ári síðar en Cook.

Hafði Peary lagt 15. febr. frá Norður Grænlandi norður Smithsund og til Cap Kolumbía norðan á Grantslandi; þaðan 1. marz og þar þá verið auður sjór og á tveim stöðum öðrum á 87.^o og 88.^o, kom aftur til Cap Columbía 23. apríl og til skipsins 27.

Peary lagði af stað með fjölda hunda og manna, en skildi þá smámsaman við sig og fór síðast til skautsins með 1 Grænlanding og 1 svertingja og kvaðst ekki unna öðrum hvítum manni að stíga á skautið en sér einum, en enskum þegni lofaði hann lengst. Þykir þetta ofsadramb. En þess ber líka að gæta, að Peary hefir verið harðvítugastur og þrautseigastur allra norðurfara og varið til þess ævi sinni og átt að kalla heimili mörg síðustu árin þar á heimskautshjarninu og verið konungur þar yfir selum, björnum, refum,

rostungum og skrælingjum, enda miljónamenn staðið á baki og látið hann ekkert skorta.

Hitt hefir slegið meiri skugga á hann, að hann hefir þverneitað því, að Cook hafi komið á skautið og sagt hann skorta allan útbúnað í slíka för, og fylgdarmenn Cooks hafi sagt Peary, að þeim hafi aldrei horfið land af sýn, enda hann hvergi séð merki eftir Cook. Cook og margir góðir menn með honum telja þetta ýmist einskisverð orð eða ofsögð og þótt ýmsir menn tortrygðu Cook í fyrstu, taka nú flestir hann trúanlegan báðu megin hafs nema Peary og æstustu vinir hans, og er jafnvel grunað, að þeir láti svo sakir ótta um gróða sinn á fé því, sem Peary hefir kostað þá.

En þessi tortrygni við Cook varð til þess, að hann fór 10. sept. úr Danmörk vestur um haf, en ætlaði áður að ferðast um ýms Norðurálföld, enda boðið fé fyrir ræðuhöld svo hundruðum þúsunda skifti í krónum.

Þeir stigu báðir á land sama dag í Ameríku, Cook í New-York, Peary í Nýjaskotlandi, og sýndur jafn sómi báðum. En þræta var enn hörð um þá og farir þeirra, þegar síðast spurðist. Rengdu sumir báða eða sinn hvorn, en flestir trúðu báðum og verður ekki skorið úr því að fullu fyrri en prentaðar eru og rannsakaðar skýrslur þeirra og mælingar. Gerir Cook það Dönum til sóma, að senda þeim öll plögg sín og láta Khafnarháskóla rannsaka þau fyrstan. Segir Dani hafa treyst orðum sínum og sé skylt að þeir sjái fyrstir sannanir hans.

Peary er nú 53 ára, fæddur 1856, en Cook 44, fæddur 1865. Þykja þeir báðir hafa unnið hið mesta stórvirki, þó þeir hafi hvergi nærri þolað slíkar raunir sem margir aðrir norðurfarar; og þó fjármunalega sé hér ekki unnið eyrisvirði, þá er sem öll veröld hrósi sigri yfir því, að hér sé lyft einu því grettistaki, sem mannkynið hefir reynt afl sitt á um stund og verið hefir svo sem eitt af þeim leiðarmerkjum, sem mannkynið hefir miðað við þrek sitt, vit sitt og vonir sínar um að þekkja þessa jörð okkar, eðli hennar og örlog hennar og vor, andleg og líkamleg, um ókomnar eilífðir.

Loftförin hafa sýnt það síðustu mánuðina, að þau bylta um öllum samgöngum heimsins og líkast til á örfáum árum. Þeim fleygir áfram; má sannarlega segja. Santos Dumonts fór 54 faðma í loftfari fyrir 2 árum og varð frægur fyrir og 13. janúar í fyrra vann Farman 36,000 kr. fyrir að fljúga röska 500 faðma, en nú fljúga menn tugi mílna og eru 5 eða 600 fet í lofti.

Loftföin eru, eins og kunnugt er, tvenns konar, loftskip og flugvélar. Loftskipin halda sér uppi með geysimiklum belgjum eins og vindlum í lögun, fylltum gasi eða öðru, sem léttara er en loftið. En flugvélar fljúga beinlínis með vængjum eins og fuglar. Vél- ar knýja hvortveggja áfram.

Hingað til hefur verið lagt mest kapp á loftskipin og þau hugsa menn sér til hernaðar. Þau geta borið gríðarþunga eftir stærð gasbelgsins. Þau eru nú komin svo langt, að Zeppelin greifi flaug 28. ágúst yfir þvert Þýzkaland sunnan frá Bódenvatni við Sviss og norður til Berlínar á rúmum degi. Keisarinn og Þjóðverjar hoppuðu af kæti. Zeppelin er nú áttæður.

Flugvélar hafa þó vakið enn meiri furðu. Bleriot, frakkneskur maður, flaug á vél yfir Englandssund 25. júlí. Fór uppskamt frá Calais og yfir til Dover $4\frac{1}{2}$ mílu á 27 mín. Það fara fljótustu skip á 50 mín. Vél Bleriot's er lítil, vængir 7 álna en 3 breiðir og kostar aðeins 3 til 4 þús. króna. Bleriot er 37 ára og hefir unnið að þessu ein 9 ár.

Þá var og véla kappflug í Reims síðasta hlut ágúst og stóð í viku. Þar flaug Farman lengst, 36 mílur og það á 3 stundum. Harðast flaug Curtiss, amerískur; hann fór míluna á 5 mín. eða 12 mílur á kl.stund og færi yfir þvert Ísland á $3\frac{3}{4}$ stundar. Hettu verða flugfarar að hafa og hlíf fyrir vitum sér, svo þeir geti andað í þeim stormi sem þeir gera. Farman flaug með 2 farþega og hæst var þar farið 600 fet í loft. Þetta hefur unnist mest á 3 árum og hver veit hvað verður að ári.

Sviþjóð. Þar hefur verið verksynjun lengst sumars en allsherjar verkfall síðan 4. ágúst. Upptök þessarar landshörmungar voru þau, að verksamningar milli pappírsgerðar, vatus og vegagerðar félaga voru á enda 1. nóv. í fyrra. Sögðu verkkaupendur ár ilt og laun of há og vildu lækka. Öll gáfu félögin stórarð og gengu þó verkmenn að því, að lækkað væri um 2 af hundraði, en hinir heimtuðu meira. Í því samningastappi gekk fram í maí í vor. Þá samþykktu nokkur félög önnur þessa lækkun, sem verkmenn buðu, en þeir töldu þar rofna samninga og lögðu nokkur hundruð niður vinnu. Þessu svöruðu félögin með því, að reka 13,000 félaga þeirra úr vinnu, svo þeir gætu ekki hjálpað félögum sínum og hungrið unnið á þeim öllum. En þegar verkmenn guguðu ekki að heldur, ráku félögin 50000 úr vinnu 26. júlí og hótuðu að láta það verða 80,000 2. ágúst, ef þetta dygði ekki. Auk þess heimt-

uðu verkkaupendur, að verkmenngengi úr félögum sínum, svo samtök þeirra væri á enda.

Þetta töldu verkmenng sér banaráð og réðu af, að allir félagsbundnir menn legðu niður alla vinnu um endilangt landið 3. ágúst, ef 80 þúsundirnir yrðu reknar. Hvorttveggja fór fram og 4. og 5. ágúst hættu um 300,000 manna vinnu og unnu þá ekki félagsmenn nema við sjúklingahjálp, heilbrigðisstörf og járnbrautir.

Áhrifin voru meinleg og tjón ríkisins afskaplegt og skifti tugum miljóna þann mánuð sem verkfallið stóð. Verkkaupendur tóku 8 milj. kr. lán til að standast kostnaðinn, greiddu 300,000 kr. á dag, og fór þó fjöldi á höfuðið hinna efnaminni. Mest af þjóðinni, nema auðmenn, voru á verkmanna handi og hjálpuðu þeim, og svo fengu þeir stórfé uær af öllum löndum frá verkabræðrum sínum. Verkmannafélög Dana sendu um 300,000, Þjóðverjar yfir $\frac{1}{2}$ miljón, Norðmenn 40 þús. á viku, og víðar að kom þeim fé. Konungur og stjórnin reyndu fyrst að sætta, og tóku verkmenng því vel, en auðfélögin voru ósveigjanleg alt þangað til fátækari hlutinn fór að digna og stórkaupmenng knúðu á stjórnina og urðu þá þær sættir að deilumál skyldi leggja í gerð, að verk yrðu tekin upp um landið 6. sept. nema hjá þeim félögum, sem ráku úr vinnunni, en síðan hefir verið símað að þar séu sættir komnar á líka eða vopnahlé.

Niðurstaðan virðist vera sú, að báðir aðilar og ríkið hafi beðið geysi-fjártjón, og það reynst, að allsherjarverkfali er það vopn í höndum verkmanng, sem engin iðnaðarþjóð stenz, ef því er beitt með stillingu, eins og hér var gert að allra rómi. Það sást og bert, að verkmenng allra landa standa nú í einni fylkingu. Þó una margir verkfallsmenn því illa, að hér var ekki hert betur að auðfélögunum.

Danmörk. Þaðan var síðast sagt af kosningunum og batnaði ekki um þegar á þing kom. Hélt Neergaard þar áfram minnihlutastjórn sinni og hallaðist að hægrimönnum. Reyndu þeir í félagi með öllum tókum að ná til sín J. C. Christensen og 27manningum hans. Var ýmist gælt fyrir honum, svo sem með því að gera hann varaforseta eða honum var ógnað með ríkisdómi út úr Alberti og úthúðað hraksamlega. En flokkaskipunin hafði komið honum hér svo heppilega í miðið, að hann gat selt fylgi sitt svo dýrt sem hann vildi og krafðist enn fastlega, að landvirkin gömlu yrðu lögð niður, herþjónusta minkuð og herkostnaður færður niður fyrir Neergaard um $1\frac{1}{2}$ miljón. Var nú Neergaard að reyna að miðla og

bræða og bauð síðast, að hin gömlu virki Bahnsóns stæðu 8 ár og yrðu þá rifin, en þessu neitar Christensen 23. júlí. Vill hann auðsjaanlega ekki annað en Neergaard falli og konungur og hægrímenn neyddist til að krjúpa sér, taka sig í ráðuneytið og tryggja sig fyrir ríkisdómsákeru. Ella yrðu þeir að rjúfa þing og þá áttu þeir sama sem víst, að verða undir jafnaðarmönnum og þjörbreytendum.

Neergaard neyddist nú til að fara, svo hervarnarlögin féli ekki; það var 31. júlí og varð Danmörk þá að þola fæðingarhríðir hálfu þriðju viku áður nýja ráðuneytið fæddist og var þó áður gengið nærri öllum þingræðisreglum, sem ervitt var að fylgja, þar sem þingflokkarnir voru sex og enginn þeirra í meiri hluta. Var tímanum varið til þess, að bræða saman eitthvert víggirðingarfélag í þinginu með einhverju móti, og kvað um tíma svo ramt að, að Frijs greifa, formanni litils minnihluta úr Landsþingi, er falið að reyna að skipa ráðuneyti. Svo þröngt er þá orðið um þingræðið. Frijs tókst þó eigi að safna meiri hluta að sér. Má nærri geta, að þrýst hefir verið að Christensen þá dagana, enda þokaði hann þá svo, að hægrímenn gátu við unað, og sást þá hvert hann hafði stefnt, því nú stóð ekki á því, sem hann synjaði Neergaard um: herþjónusta ekki stytt, árskostnaður til herbúnaðar aukinn á aðra miljón og gömlu víggirðingunum skyldi halda í 12 ár. Nú vantaði ekkert nema forsætisráðherrann. Alberti-hneykslið fráskákaði Christensen og hann aftur Neergaard. Loks var Holstein Hleiðrugreifi settur sem vörumerki á ráðuneytið, gamall vinstri-maður, sem kallað hefir hervirkin glötun Danmerkur. Hann varð þar líka aðeins forseti, en Christensen landvarnarráðgjafi og Neergaard fjármála. Ráðuneytið marði landvarnarmiðlunina fram og sleit síðan aukapönginu.

En dýr er sigurinn miðlunarflokkunum. Ráðuneytisforsetinn hefir knúð fram þær landvarnir, sem hann kallaði glötun ríkisins; hægrímenn og Neergaard það, sem þeir kölluðu einskisnýtt og jafnvel landráð í vil Þjóðverjum og í óhag Bretum; og J. C. Christensen gengið á heit sín við kjósendur sína og alla þjóðina. Þess má geta, að kona ein, ungrú Westenholz, smeygði sér inn í sal þjóðþingsins og hrópaði þar ókvæðisorð yfir miðlunarflokkunum, mest beind til Christensens og ganga nú undirskriftarskrár um landið, sem skora á þing og konung að reka hann frá stjórn og kæra fyrir ríkisdómi, og verður þó ekki séð, að hann sé stórum sekari en hinir, og auk þess sá eini, sem kalla má að væri í þetta sinn tilneyddur. En hvorki er miðlun þessi sætt né friður.

Dánir eru í Danmörku Skat-Rórdam Sjalandsbiskup 77 ára og Bahnson, yfirforingi og fyrv. hermálaráðgjafi nær 82 ára. Knúði áfram forðum með harðfylgi víggirðingar og stjórnlagabrot með þeim Estrup og Nellemann.

England. Þar er hörkustapp út úr fjárlögum Lloyd-Georges, sem getið var síðast; segja auðmennirnir, sem satt er, að þar sé rակleitt fylgt kenningu jafnaðarmanna, og ógna með því, að lávarðadeildin felli nú fjárlögin. Stjórnin sýnist ætla að láta hart mæta hörðu og kúga efri málstofuna og verður síðar sagt hversu þar lýkur.

Dhingra, indverskur stúdent 22 ára, skaut til bana Curzon Wylkie, aðstoðarmann indverska ráðgjafans í Lundúnum, til þess að minna heiminn á meðferð Breta á Indum, löndum sínum. Í varnarræðu sinni sagði hann: Eg kæri Breta um morð á 80 miljónum landa minna síðustu 50 ár, og útleigðardóma fyrir athafnir, sem hér eru kölluð drengskaparverk. Hér eruð þið að koma fram sem mannúðarvinir við þínda Rússa og Kongóbúa en kúgið Indverja með ómenskulegustu illverkum. Þið gjörspillið kvenþjóð vorri og drepið 2 miljónir árlega úr hungri.

Dhingra var hengdur á gálga 17. apríl.

Þjóðverjar neyddust í vetur til að leggja á sig 500 milj. kr. nýrra skatta til hins aukna herkostnaðar og lagði Bülow kanslari það til, að einar 100 miljónirnar yrðu lagðar á efnamenn með auknum erfðafjárskatti o. fl. Þetta varð afaróvinsælt hjá landeigendum og auðmönnum á þingi. Auk þess hafði Bülow neyðst til, að láta keisarann lofa því að tala ekki of mikið, eins og getið er í Skírni. Alt þetta varð Bülow að falli, því hann er auðvaldinu ekki nógu rammaukinn afturhaldsmaður og þætti þó víðast hlutgengur þar í stað. Dr. von Bethmann-Hollweg, áður innanríkisráðgjafi, varð þá 5. kanslari Þjóðverja (hinir voru: Bismarck, Caprivi, Hohenlohe og Bülow). Bethmann-Hollweg fylgdi áður frumvarpi Bülows, en snerist nú í lið með afturhaldsmönnum og var nú efnamönnum í engu íþyngt. Skattaukinn er talinn 36 kr. á hvert heimili í ríkinu og hefir vakið hatur og gremju á stjórninni. Þing jafnaðarmanna í Leipzig samþykkti, að gangast fyrir allsherjar brennivínsbindindi verkmanna, sakir þess hve bruggurum er ívilnað með tollum.

Frakkland. Þar hefir Clemenceau ráðuneytisforseti farið frá stjórn, en í hans stað komið Briand og er innanríkisráðgjafi.

Hann var áður í ráðuneyti Clemenceaus og Sarriens, er einbeittur og var aðalforkólfur skilnaðarins milli ríkis og kirkju. Vænst er, að hann bæti póstmönnum það sem þeim þótti sér misgert og Skírniir gat um. Í engu breytir hann stjórnmalastefnu sinni.

Búrcef, foringi rússneskra byltingamanna í París, sá sem kom upp um Azeff, sannaði, að Harting, leynilögregluforingi Rússa í París, væri gamall morðvargur og svikari, sem gengið hefði á mála hjá Rússastjórn en hefði verið dæmdur í París fyrir löngu í 6 ára betrunarhúsvist. Harting hvarf þá, en Clemenceau lýsti yfir því á þingi, að afnema skyldi í París alla útlenda lögreglu og þótti það mikil landhreinsun.

Spánverjar eiga í versta ófriði við Berba-þjóðflokka í Marokkó, einkum Kabýla og er því ekki lokið enn og verður þess síðar minnst. Spánverjar fundu eirnámur þar í nánd við Melýabæ, sem þeir eiga, en lentu í þrasi út úr verði þeirra við Kabýla og lögðu járnbraut yfir land þeirra í óleyfi. Því undu þeir ekki og réðu á Spánverja, en voldugir auðmenn og jafnvel sumir ráðherranna áttu hlut í gróðafyrirtækinu og sendu her á Kabýla. Alþýða vildi ekki láta slátra sér til þessa og verð megn uppreisn víða um land og víg og bardagar í Barcelona í júlí. Þar voru meðal annars 35 kirkjur og klaustur brend og drepin hryllilega 170 munkar og nunnur. Kennir alþýða þar stjórn og kirkju allar hörmungar sínar. Uppreistin heima hefir þó sefast, en herinn í Marokkó átti mjög í vök að verjast, þegar síðast fréttist.

Grikkland og Krít. Stórveldin ætluðu að drága her sinn og flota frá Krít, eins og þau höfðu heitið, en þá sögðu Kriteyningar sig úr lögum við Tyrki, en stórveldin óttuðust nýja byltingu í Miklagarði ef þeir mistu Krít og skökkðu þar því leikinn, en út úr þessu varð heruppreist í Grikklandi, kröfðust menn umbóta í hernum og kongssynir yrðu reknir úr foringjaembættum og hafa þeir eitthvað áunnið, en við sjálft lá, að konungur léti af ríkisstjórn, en ekki er það þó orðið enn.

Veðráttta var víða köld í sumar. Á Norður-Ítalíu var 8 st. frost 14. júlí og hagl í ökla, en bylur um Suðurþýzkaland og Sviss 10. sept., svo menn urðu úti á fjöllum.

Þorsteinn Erlingsson.

Endurminningar.

Smásaga

eftir

Mariu Jóhannsdóttur.

Hann Sigurður er það fyrsta, sem eg man eftir.

Við vorum alin upp saman. Foreldrar mínir höfðu tekið hann til fósturs, þegar hann var á öðru árinu. Önnur börn voru ekki á heimilinu, og við lékum okkur alt af saman. Sigurður var altaf góður við mig, og beitti mig aldrei ofbeldi, þó að hann væri eldri og sterkari. Eg var miklu verri við hann og yfirgangssamari. Eg vildi öllu ráða, þegar við vorum að leika okkur, og skældi þangað til að Sigurður lét undan.

Eg átti oft upptökin að því, að við gerðum ýmislegt, sem okkur var bannað, svo sem að vaða bæjarlækinn. Eg gat alls ekki stilt mig um að gera það, þó að eg ætti von á snupru, þegar eg kæmi heim.

Við lékum það oft. Settumst við þá á lækjarbakkann, og fórum úr sokkunum, stundum en stundum ekki. Það kom fyrir, að við gleymdum því, og óðum bæði í skóm og sokkum.

Sigurður leiddi mig æfinlega, og svo óðum við móti straumnum og létum vatnið leika um fætur okkar. Endur og sinnum teygði það sig upp í kjólinn minn, þó að hann næði ekki nema ofan á hnéð. Og altaf vorum við að lita heim að bænum, til að vita hvort nokkur sæi okkur.

En hvað við flýttum okkur að hlaupa upp úr læknum, ef einhver kom út á hlaðið.

Okkur var hér um bil sama hver það var, því að allir á heimilinu töldu sér skylt að segja móðir minni atfarir okkar. Þá kom hún og sneypiti okkur, sérstaklega ef við höfðum vaðið í sokkum, sem við vorum nýkomin í, eða ef kjóllinn minn eða buxurnar hans Sigurðar höfðu blotnað að neðan.

Hún átaldi Sigurð alt af meira. Hún hélt, að hann réði öllum svaðilförum okkar, af því að hann var eldri. Sigurður bar það aldrei neitt af sér, og mér þótti svo undur vænt um hann fyrir það.

Og þegar móðir mín var farin frá okkur, þá þakkaði eg honum fyrir, að hann hafði ekki sagt eftir mér.

Á vetrum, þegar snjór var, rendum við okkur á sleða niður bæjarhólinn. Sigurður sat fyrir framan mig og stýrði sleðanum. Eg sat að baki honum, og hélt yfir um hann báðum höndum.

Við þutum áfram, og snjórinn rauk í stórum gusum framan í andlit okkar. Þá skýldi eg mér á bak við Sigurð.

Stundun valt sleðinn um koll, þegar hann var á fleygiferð, og við kútveltumst í snjónum, en sleðinn þaut sína leið.

Þá grét eg oftast, þó að eg meiddi mig ekki, en eg man ekki eftir að Sigurður gréti nokkurn tíma.

Hann hjálpaði mér til að standa á fætur, dustaði af mér snjóinn og þurkaði tárin úr augum mínum. Hann sagði mér, að eg ætti að hætta að gráta, og þá gerði eg það. Sigurður hljóp eftir sleðanum, og dró hann upp brekkuna, en eg tólti á eftir.

Því næst byrjuðum við á nýjum leik.

Við fórum í snjókast, tróðum brautir eða bjuggum til snjókerlingar.

Þegar við vorum inni, vorum við látin halda í bandhespur, tæja ull eða vinda af snældum.

Móðir mín kendi mér að þrjóna, þegar eg var á sjöunda árinu.

Fyrst þrjónaði eg leppa handa mér. Eg þóttist hafa unnið mesta stórvirki, að þrjóna heila ileppa. Eg breiddi þá á hné mér, strauk þá og velti þeim á allar hliðar, og skoðaði þá í krók og kring. Eg hljóp fyrir hvern mann á heimilinu, og sýndi leppana. Allir dáðust að þeim, og mér þótti það ofur eðlilegt.

Því næst bað eg móður mína að lofa mér að þrjóna aðra leppa, dálítið stærri og mikið fallelgri, handa Sigurði.

Og eg man, hvað mér þótti ósköp vænt um, þegar móðir mín sagði, að eg mætti eiga þá, og gefa Sigurði þá sjálf.

Sigurður kendi mér að þekkja stafina. Hann kendi mér margar kvöldbænir og morgunbænir, og mesta sæg af vísun. Við kváðumst oft á og altaf kvað Sigurður mig í kútinn.

Á sumrum fluttum við gullin okkar upp í helli, sem var fyrir ofan bæinn, og lékum okkur þar.

Við settum upp borð, hillur og bekkí úr smáspýtum. Við bjuggum til hlóð, og höfðum skeljar fyrir potta og pönnur. Við gerðum graut og hnoðuðum kökur úr leir og vatni.

Við þreyttum oft hlaup, stukkum milli þúfna, hoppuðum á einum fæti, og skellihlógum.

Sigurður var miklu fljótari að hlaupa en eg. Þegar eg var á miðri leið, þá var hann æfinlega kominn á skeiðs-enda.

Og þá hló hann að mér.

Eg herti mig enn meira í næsta sinn, en alt fór á sömu leið.

Þegar við vorum orðin stálpuð, lét faðir minn okkur sitja hjá lömbunum á vorin með einhverjum fullorðnum. Þá þurftum við oft að taka til fótanna.

Sigurður hafði smíðað tvær hljóðpípur úr tvinnakeflum, sína fyrir hvort okkar. Við bárum þær í bandi um hálsinn, og blésum í þær öðru hvoru.

En margan sprett urðum við að hlaupa fyrir þá

ánægju, því að lömbin hræddust blísturshljóðið, og hlupu í allar áttir.

Fyrsta vorið, sem eg sat hjá lömbunum, gaf faðir minn mér dálítið lamb. Vorið áður hafði hann gefið Sigurði lamb.

Um sumarið fanst lambið mitt dautt fram á fjalli. Þegar eg frétti dauða lambsins, hljóp eg út í hlöðu, og fleygði mér niður hágrátandi.

Sigurður kom út á eftir mér.

— Vertu ekki að gráta, Inga mín, sagði hann, og lagði báðar hendur að vanga mér og klappaði mér.

— Vertu ekki að gráta. Þú mátt eiga kindina mína með mér, þangað til pabbi gefur þér annað lamb. Og svo þurkaði hann tárin af kinnum mínum með skyrtuerminni sinni.

Eg hætti þá að gráta, og eignaði mér kindina með Sigurði þangað til næsta vor. Þá gaf faðir minn mér lamb. Annars man eg eg ekki til, að Sigurður ætti nokkurn hlut, sem eg ekki eignaði mér með honum.

Þegar eg var tólf ára, dó faðir minn.

Móðir mín hætti þá að búa, og fór í húsmensku með mig, en Sigurður fór að bæ, sem nefndist Sel. Það var langt í burtu og yfir heiði að fara.

Þar varð hann smali.

Eg man glögglega eftir þegar hann fór, alveg eins og það hefði verið í gær.

Það var indælan vormorgun.

Eg gat ekki sofið hálfan svefn nóttina áður.

Eg var altaf að hugsa um, hvað eg ætti að gefa Sigurði, þegar hann færi. Mér fanst eg verða að gefa honum eitthvað.

Eg fór bráðsnemma á fætur um morguninn, og reif hverja ögn upp úr kistlinum mínum, til að leita að einhverju til að gefa Sigurði. En eg fann ekkert, sem eg gat ímyndað mér, að honum mundi þykja gaman að eiga.

Þegar eg var að grúska í kistlinum, kom móðir mín til mín.

— Að hverju ertu að leita, barn? spurði hún.

— Eg er að leita að einhverju til að gefa honum Sigga, sagði eg, og fór að láta niður í kistilinn aftur.

— Eg skal gefa þér sykurmola til að gefa honum.

— Já, en eg vil gefa honum eitthvað annað. Eitthvað, sem hann getur geymt, þangað til við sjáumst næst.

Mér þótti óhugsandi, að hann gæti geymt sykurmola stundinni lengur, því að það hefði mér verið ofraun. Og svo stóð eg alveg ráðalaus, og beið eftir einhverri annari bendingu frá móður minni.

— En hvernig væri að gefa honum dálítinn hárlokk af þér? sagði hún og klappaði mér.

— Hárlokk! Heldurðu, að hann hafi nokkuð gaman af að eiga hárlokk af mér? spurði eg og leit upp.

— Hann getur að minsta kosti geymt hann þangað til þið sjáist næst.

Eg sannfærðist þá um það, og móðir mín klipti lokk úr hárinu á mér. Hún batt utan um hann rauðum garnspotta, og sagði að nú skyldi eg fá Sigurði þetta.

Eg tók lokkinn, þaut fram baðstofugólfid, niður stiggann og út á hlað.

Þar hitti eg Sigurð: hann var að leggja við hestinn sinn.

— Viltu eiga þetta, Siggi minn? Það er hárlokkur af mér, sagði eg og rétti honum lokkinn.

— Já, þakka þér fyrir. Hann beygði sig niður, því að hann var miklu hærra en eg, og kysti mig.

Við ráðgudumst um, hvar hann ætti að geyma lokkinn, svo að hann gæti verið óhræddur um að hann týndist. Eg mintist þess, að Sigurður átti rauðar pappa-öskjur niðri í púltinu sínu.

— Það er bezt fyrir þig að geyma hann í litlu öskjunum þínum, niðri í púltskúffunni, sagði eg.

— Já, það er ágætt!

Fatapokinn og púltið hans stóð á hólnum hjá okkur. Sigurður opnaði púltið, tók upp öskjurnar, lagði lokkinn í hring niður í þær og lét þær svo í púltskúffuna.

— Nú þarf ekki annað en opna púltið, draga út skúffuna, taka lokið af öskjum, og þá sé eg lokkinn af þér, sagði Sigurður.

— Og þá manstu eftir mér og mömmu og öllum hérna.

— Já, þá man eg eftir ykkur.

Við þögðum dálitla stund.

— Eigum við ekki að skrifa hvort öðru? sagði Sigurður.

— Jú.

— Eg skrifa þér fyrst, og læt þig vita, hvernig mér gengur ferðin, sagði hann.

— Já.

— Og þú svarar mér með fyrstu ferð.

Eg félst á það.

Því næst gengum við saman inn í bæinn.

Þegar Sigurður fór, fylgdum við móðir mín honum niður fyrir tröðina.

Þar kvöddumst við, og eg fór heim með móður minni. Mér fanst eg mundi aldrei geta hlegið eins dátt, og er við Sigurður vorum saman.

Mér virtist sem eg mundi aldrei hafa gaman af að þreyta hlaup eða stökk eða hoppa á einum fæti, þegar Sigurður væri hvergi nærri.

Og í fyrsta skifti á æfinni þótti mér tómlegt í kring um mig.

Með næstu ferð fékk eg bréf frá Sigurði. Eg marglas það, og mér þótti það undur vel orðað, og því betur skrifað.

Eg var vondauf um, að eg mundi nokkurn tíma geta skrifað honum bréf, sem jafnaðist á við það. Og mörgum dögum áður en ferð féll til hans, fór eg að taka saman

bréfið. Fyrst í huganum, svo klóraði eg það á pappír. Eg hafði bréf Sigurðar mér til hliðsjónar. Hann hafði ávarpað mig í bréfinu: Elsku Inga mín! Eg kallaði hann: elsku Sigga minn. Mig sárlangaði til að kalla hann »elsku hjartans Sigga minn«. En af því hann hafði ekki sagt svo í sinu bréfi, þá hélt eg að það væri skakt og óviðurkvæmilegt, að setja það í bréf mitt.

Loksins, þegar eg hafði hreinskrifað bréfið, sýndi eg móður minni það.

Hún brosti, klappaði mér á kinnina, og sagði að það væri gott.

Og þá var eg ánægð.

Fyrstu árin kom Sigurður oft að finna okkur. Og þá skrifuðum við hvort öðru, hve nær sem við fengum ferð.

En eftir því sem árin liðu fækkaði bréfaskiftum okkar, og Sigurður hætti alveg að koma.

Eg frétti af honum við og við.

Hann var alt af kyr í Seli, og vann þar á sumrum, en var við sjóróðra haust og vor.

Mér var sagt, að hann mundi vera trúlofaður Guðrúnu, dóttur bóndans í Seli.

Eg trúði því ekki fyr en eg hafði ekkert undanfæri. Eg get enn í dag ekki gert mér grein fyrir af hverju eg gat ekki trúað því.

En mér fanst einhvern veginn óhugsandi, að Sigurður gæti felt ást til nokkurrar konu nema mín. Enda taldi eg vist, að eg mundi aldrei unna nokkrum manni nema honum.

Eftir lát móður minnar fór eg í vist að Gröf, næsta bæ við Sel, því að eg vonaðist þá til, að eg fengi að sjá Sigurð við og við, þótt ekki væri annað.

Eg sá hann stuttu eftir að eg kom í nýju vistina. Eg hafði þá fengið fulla vissu um trúlofun hans.

Eg stóð úti við þvottasnúrurnar á hlaðinu, og hafði fangið fult af fötum, sem eg var að taka inn.

Þá kom Sigurður riðandi upp tröðina.

Eg stóð eins og agndofa og starði á hann. Og eg fann sáran titring líða um mig.

Sigurður fór af baki, tók tauminn niður af makka hestsins og kom til mín.

Eg lagði þvottinn frá mér á grjóthrúgu, er var á hlaðinu, og studdi mig upp við snúrustólpann.

— Komdu sæl, Inga mín, sagði Sigurður og rétti mér höndina. — Eg held nærri því að eg hefði ekki þekt þig, ef eg hefði ekki verið búinn að fréttu, að þú værir komin hingað.

— Komdu sæll, sagði eg og tók í hönd hans.

Okkur varð orðfátt nokkur augnablik.

— Þér líður víst vel? sagði eg svo, og dró að mér höndina.

— Já, eg vona að þú komir einhvern tíma út að Seli að finna mig, sagði Sigurður og brosti.

— Það getur vel verið.

Við þögðum aftur stundarkorn.

— Þú hættir alveg að skrifa og að finna okkur, sagði eg.

— Eg ætlaði nú alt af að skrifa þér, og jafnvel að fara að hitta þig, en það varð aldrei af því, sagði Sigurður. Hann strauk hendinni fram og aftur um skaftið á svipunni sinni, og leit ekki á mig.

— Þú hefir ef til vill haldið, að okkur móður minni þætti ekkert gaman að sjá þig eða fréttu frá þér. Það hefði þó verið fallega gert af þér, að koma snöggvast heim til að sjá hana, áður en hún dó.

Henni hefði þótt vænt um að fá að sjá þig — hvað sem mér líður, stundi eg svo fram ofur lágt.

Eg þrýsti vörunum fast saman, og eg fann að eg fölnaði.

Sigurður þagði.

— Jæja, vertu sæll, sagði eg, og rétti honum höndina.

— Vertu sæl, sagði hann, og þrýsti fast að hönd minni.

Eg leit ekki á hann, en fann að hann horfði á mig. Eg dró að mér höndina, beygði mig niður og tók þvottinn í fang mér.

- Þú hefir ef til vill ætlað að finna húsbóndann.
- Já, lítils háttar.
- Eg skal skila því, sagði eg, og fór inn í bæinn.

Eftir þetta sá eg Sigurð sjaldan um sumarið, og aldrei töluðum við orð saman, nema um daginn og veginn.

En eg forðaðist, þegar eg gat því við komið, að láta hann sjá mig, þó að hann kæmi að Gröf.

Einu sinni kom Guðrún með honum. Það var sunnudag. Þau voru á leið frá kirkju. Þá fór eg fram fyrir fyrir tún, og sat þar, þangað til þau voru farin.

Þegar eg kom heim, var mér sagt að Sigurður hefði spurt eftir mér, og að Guðrún hefði kvartað yfir, að hún fengi aldrei að sjá mig.

Eg svaraði engu, og settist við vinnu mína eins og eg var vön.

Og eg held að eg hafi aldrei unnið eins mikið, og af jafn-miklu kappi, og það sumar.

Eg vildi helst vinna, og ekkert annað.

Eg get ekki sagt að eg liti nokkurt augnablik upp frá vinnunni. Virku dagana fylgdi eg karlmönnunum að og frá vinnu. Á sunnudögunum var eg í eldhúsinu og við þjónustubrögð.

Þó fanst mér eg aldrei geta unnið nógu mikið, og aldrei sökt mér eins djúpt niður í vinnuna og eg vildi. Eg þóttist aldrei vera nógu þreytt, er eg lagðist til hvíldar á kvöldin, aldrei geta sofnað nógu fljótt, og aldrei sofið eins fast og draumalaust og eg óskaði.

Helst hefði eg viljað sofna einhverja nóttina og vakna aldrei aftur, eða hniga niður einhverstaðar á víðavangi, og standa aldrei upp aftur.

Og þannig leið dagur eftir dag, og vika eftir viku.

Um haustið giftust þau Guðrún og Sigurður.

Sunnudaginn áður kom hann inn að Gröf til að bjóða húsbændum mínum í veizluna.

Því næst gerði hann boð fyrir mig.

Eg var frammi í eldhúsi. Mig langaði til að láta boðberann segja Sigurði, að eg gæti ekki talað við hann. En eg hætti við það.

Eg veit ekki af hverju eg gerði það. Eg held að löngunin til að sjá hann einu sinni enn hafi gersigrað mig.

Eg fór fram í bæjardyrnar. Sigurður beið mín þar. Þegar hann sá mig, kom hann á móti mér og heilsaði mér.

— Eg ætlaði að spyrja þig, Inga mín, hvort þú mundir ekki vilja gera mér þá ánægju, að sitja í veizlunni minni á Laugardaginn er kemur, sagði hann.

— Eg veit ekki. Eg held ekki.

— Hvers vegna ekki?

— Eg fer ekki neitt. Eg vil helst alt af vera heima.

— Eg held nú samt, að þú hefðir gaman af að koma að Seli stöku sinnum, Þú þekkir engan hérna. Leiðist þér ekki?

— Nei.

Við þögðum stundarkorn.

— Inga mín! Eg vona að þú komir út eftir á laugardaginn, sagði Sigurður.

Hann tók hönd mína og tók fast í hana.

Eg svaraði engu, en dró að mér höndina, vatt mér frá honum, og gekk inn göngin.

— Ætlarðu þá ekki að koma, kallaði Sigurður á eftir mér, og eg heyrði hann stundi við.

— Nei, stundi eg upp og hálfsnéri mér við um leið, og leit á hann.

Hann stóð kyr, studdi hægri hendi á lokujárnið á hurðinni, og starði á mig.

Augu mín fytist tárurum, og eg misti sjónar á öllu í kring um mig. Eg hélt áfram inn í eldhúsið. Inn af því var búrið, og þar inn af var geymsluherbergi. Þangað fór eg.

Eg kraup niður við kistu, sem stóð á gólfinu út við vegginn, hallaði mér fram á hana, vafði handleggjunum um höfuð mér og grét. — Grét, unz eg gat ekki grátíð lengur.

Næsta haust reri Sigurður eins og hann var vanur. Baturinn, sem hann var á, fórst, og allir mennirnir druknuðu.

Sum líkin rak, en lík Sigurðar rak aldrei. Þegar eg frétti lát hans, var eins og eg vaknaði af dvala. Það var eins og eg hrykkti upp úr örvæntingarleiðslunni, sem eg hafði sökt mér niður í þetta hálf tannað ár, er eg hafði dvalið í Gröf.

Eg tók að fella annan hug til fólksins í Seli, en eg hafði áður gert. Eg hafði talið mér trú um að það hlyti að vera vont fólk. Að það mundi alt vera mér illviljað, og að það væri allsendis eðlilegt, að eg bæri kaldan hug til þess.

Sérstaklega til Guðrúnar.

En nú fór eg smám saman að gera mér betur og betur grein fyrir, að allar þessar getsakir mínar væru alveg ástæðulausar.

Mig fór að langa til að bæta fyrir þær.

Aðeins að eg gæti það!

Ástæðurnar í Seli voru erfiðar. Gömlu hjónin voru bláfátæk og lasburða. Guðrún hafði legið í rúminu síðan seint um sumarið. Hvað mig langaði til að hjálpa þeim eitthvað! En eg fann, að eg gat svo sáralítið.

Eg vissi að gömlu hjónin voru í vinnukonuvandræðum, af því að Guðrún lá alt af. Mig langaði til að bjóða þeim að fara til þeirra og vinna hjá þeim. Mig langaði til að hjúkra Guðrúnu, og hlynna að barninu hennar og Sigurðar. Og hvern sunnudaginn af öðrum var eg komin á flugstig með að fara út eftir í þessum erindagerðum. En alt af var eitthvað, sem aftraði mér. Þó vistaði eg mig hvergi.

Um miðjan vetur herti eg loks upp hugann og lagði af stað.

Það var löng bæjarleið milli Sels og Grafar, en gangfæri gott, hörku-hjarn.

Eg gekk hratt, teigaði svalandi vetrarloftið, hoppaði milli þúfna, hljóp niður allar brekkur, er voru á leið minni, alveg eins og eg hafði gert þegar eg var litil.

Þegar eg sá bæinn á Seli, gekk eg löturhægt, upp túnið og heim að bænum.

Eg hitti engan úti og barði því að dyrum.

Þóra gamla, móðir Guðrúnar, kom fram í dyrnar. Hún var há kona vexti, langleit í andliti og kinnfiskasogin, bogin í herðum og yfirbragðið mæðulegt og ellilegt.

Gráir hárlokkar gægðust fram undan móbrúnum höfuðklút, sem hún hafði bundið ofan yfir sig. Hún hafði röndótta dúksvuntu, bættu mislitum bótum, svartar prjónaðar hálfarmar á handleggjunum, og gráa prjónhyrnu á herðunum.

Pilsíð, sem hún var í, hafði eitt sinn verið svart, en var nú orðið mógrátt og fornfálegt. Hún var í sauðsvörtum sokkum, og á fótunum bar hún brydda og óþvengjaða sauðskinnsskó.

Þóra hafði hendurnar undir svuntunni, þegar hún kom fram.

— Komdu sæl; mig langaði til að tala nokkur orð við þig, sagði eg.

— Nú, hvað heitir stúlkan.

— Eg heiti Ingveldur, Ingveldur frá Gröf.

— Einmitt það. Ingveldur, uppeldissystir hans Sigurðar heitins, sagði hún, og tár kom fram í augu henni, — já, komdu sæl. Hann talaði oft um þig við okkur. Þú hefir nú verið hérna á næsta bæ nærri tvö ár, og við höfum aldrei fengið að sjá þig. Gerðu svo vel og komdu inn. Guðrúnu dóttur minni þykir vist gaman að þú kemur. Hún tók um hægri úlnið minn með hálfkaldri, horðri hendi, sem var hörð af vinnu, og togaði mig inn.

— Eg — eg ætlaði nú ekkert að standa við, sagði eg, en fór þó að taka af mér höfuðklútinn.

— Þú biður þó eftir kaffisopa, þegar þú einu sinni kemur. Eg hugsa, að þú komir ekki strax aftur.

Eg svaraði engu. Eg hélt á höfuðklútinum og vetlingunum á handlegg mér, og gekk á undan Þóru, inn göngin og upp í baðstofuna.

Guðrún lá í rúminu, og barnið hennar í vöggu fyrir framan hana.

Hún var fülleit og veikluleg, augun blá, munnurinn lítill og brospýður, yfirbragðið bjart og hárið ljósjarpt.

Þegar hún vissi, hver eg var, brosti hún og rétti mér höndina. Eg tók í hönd hennar, og hélt í hana dálitla stund.

Hvað mig langaði til að krjúpa fyrir framan hana, halla höfðinu að brjósti hennar, og biðja hana að fyrirgefa mér allar ljótu getsakirnar, sem eg hafði gert henni. En eg þorði það ekki. Eg þrýsti að eins hendi hennar að vanga mínum, lagði hana síðan ofur hægt á yfirsængina, og tók að strjúka hana.

Parna stóð eg hálfbogin og vandræðaleg, og fyrirvarð mig með sjálfri mér fyrir hvað eg léti barnalega.

Guðrún bauð mér að sitja.

Eg ýtti rúmfötunum upp í rúminu, og tylti mér á stokkinn. Guðrún tók fast og innilega í hönd mér og hélt í hana. Við þögðum stundarkorn.

— Sigurði þótti ofurvænt um þig, alveg eins og þú hefðir verið systir hans, sagði hún loksins. Hann talaði oft um þig við mig. Honum þótti ósköp leiðinlegt, að þú vildir aldrei koma hingað út eftir til okkar. Og eg var hrædd um, að það væri, ef til vill, eitthvað mér að kenna.

Var það, Ingveldur?

Eg hafði horft niður fyrir mig, meðan Guðrún talaði. Nú leit eg upp og beint framan í hana.

Hún horfði á mig með tárin í augunum.

Mér flaug í hug, að segja henni alt eins og verið hafði, en eg hætti við það á sama augabragði.

— Þér að kenna, greip eg fram í. Nei, nei. Eg vil bara helst alt af vera heima, bætti eg við og leit aftur niður fyrir mig.

Okkur setti hljóðar á ný.

Síðan tók Guðrún klútinn, sem var breiddur ofan yfir vanga barnsins, og leiddi athygli mína að því.

— Þetta er laglegur drengur, sagði eg.

— Já, hann er laglegur. Eg ætla að láta hann heita Sigvalda, eftir föður sínum, og í höfðuðið á þér, sagði hún undra lágt og blíðlega.

Eg hrökk saman, þegar hún sagði síðustu orðin. Eg fann, að roði hljóp út í kinnar mér, og breiddi sig á svipstundu upp í hársrætur og niður á háls.

— Í höfuðið á mér. Eg leit upp, en hvarflaði óðara augum aftur undan

— Já, má eg það ekki. Guðrún færði hönd sína upp eftir hönd minni, og tók utan um úlnið mér. Eg svaraði engu. Eg gat ekki komið upp nokkru orði. Mér fanst augnarád Guðrúnar læsa sig inn í hugskot mitt, og lesa alt, sem mér bjó í brjósti.

Hún hafði auðsjáanlega orðið þess áskynja, að eg hafði elskað Sigurð, en verið illa til hennar.

Og mér fanst eg verða lé magna af sneypu og iðrun. Eg óskaði, að eg væri komin langt, langt burtu, á einhvern þann stað, þar sem enginn lifandi maður þekkti mig,

Mér var grátur í kverkum, og tár læddust fram í augu mér. Og áður en eg gat að gert, hrundu nokkur tár niður vanga mína.

Eg ræskti mig, og strauk vinstri hendi um hvarma mér. Eg fann að Guðrún horfði alt af á mig. Eg þorði ekki að líta á hana.

— Eg hefi verið að draga að láta skíra drenginn, þangað til ef eg kæmist á fætur, sagði hún svo.

Eg finn að það er ekki til neins að draga það lengur. Eg ætla að láta skíra hann á sunnudaginn

kemur. Og eg ætla að biðja þig að halda honum undir skírn, ef þú mættir vera að skreppa hingað út eftir.

Heldurðu að þú viljir gera það, og þú megir vera að því?

— Já, stundi eg upp.

Eg teygði mig niður, og þrýsti andlitinu að vanga barnsins, og breiddi svo ofan yfir það.

— Þið hafði enga vinnukonu, sagði eg eftir stundarbið.

— Nei. Foreldrar mínir hafa ekki haft neina vinnukonu, síðan eg fór að geta unnið. En þau verða nú að fá sér stúlku, úr því eg er alt af veik — og eg býst ekki við að stíga framár á fætur.

— Eg vona, að guð gefi, að þú komist bráðum aftur á fót, sagði eg.

Eg ætlaði að fara að ympra á erindinu, en þá kom Þóra inn með kaffi handa mér.

Þegar eg hafði drukkið kaffið, stóð eg upp og fór að binda á mig höfuðklútinn.

— Ætlaðu ekki að standa lengur við hjá okkur? spurði Þóra.

— Nei, ekki núna. En aðalerindið var, að spyrja ykkur, hvort þið vilduð ekki, að eg færi til ykkar í vor.

Eg strauk fram og aftur kögrið á herðasjalinu mínu og beið eftir svari.

Mæðgurnar litu hvor á aðra, og síðan á mig.

— Eg ætla ekki að lýsa því, hversu þetta vinaboð þitt kemur mér vel. En mér þykir sárast að þiggja, af því að eg veit, að við getum aldrei goldið þér það kaup, sem þú mundir fá alstaðar annarstaðar, sagði Þóra.

— Það skiftir engu um kaupið. Eg vil heldur vinna hjá ykkur en öðrum, sagði eg lágt.

Þóra stóð hálfbogin yfir vöggunni, og lagaði fötin ofan á barninu. Eg sá, að tár runnu niður vanga hennar. Guðrún hafði lagt báðar hendurnar ofan á sængina, og starði á mig.

Enginn okkar mælti orð.

— Jæja, þá er víst bezt að fara að halda heim, sagði eg loksins, og fór að færa mig í vinstri handar vetlinginn.

— Þú ætlar að koma á sunnudaginn. Þá læt eg skíra drenginn? hvíslaði Guðrún um leið og eg kvaddi hana.

Eg játti því.

Þóra fylgdi mér fram í bæjardyrnar.

— Eg kem þá til ykkar, þegar eg losna frá Gröf, sagði eg við hana, á leiðinni fram.

— Eg get aldrei fullþakkað þér þetta, en eg veit, að guð launar þér, sagði Þóra lágt, og kysti mig að skilnaði.

Eg gekk hægt heim og hugsaði um ásetning minn. Eg fastréð að slá ekki hendi af drengnum hans Sigiurðar, fyr en hann gæti farið að sjá um sig sjálfur. Eg ætlaði mér að hjúkra Guðrúnu eins vel og eg gæti, og gerast fyrirvinna hjá gömlu hjónunum.

Og mér fanst eins og þungu oki væri létt af sál minni, og nýr heimur og nýtt líf blasa við mér.

Eg gleymdi raunum mínum og vonbrigðum. Mér fanst lífið svo óumræðilega unaðsrikt og bjart, og barnsleg gleði fyllti hug minn. Eg hafði ekki verið jafn-glöð mörg ár.

Fyrir neðan Grafarbæinn var hóll. Eg fleygði mér niður í hólbrekkuna í hvarfi við bæinn, og lá þar dálitla stund.

Síðustu árin hafði eg oft ásakað guð í hjarta mínu, fyrir það að hann hefði látið mig verða til. Nú þakkaði eg honum fyrir líf mitt fram á þenna dag, og bað hann að lofa mér að lifa miklu lengur, og veita mér náð til að framfylgja ásetning mínum.

Sólin var að ganga undir bak við hæðina fyrir utan bæinn. Síðustu geislarnir glitruðu á hjarninu í kringum mig. Þeir færðust smámsaman frá mér, og skugga sló á brekkuna.

Eg starði eftir geislunum. Þeir liðu upp eftir hæðinni, færðust titrandi stall af stalli upp á blábrúnina og vöfðu hana hjúp sínum örstutta stund.

Síðan hurfu þeir, en rauðan glampa bar á himininn upp yfir hæðinni.

Þá stóð eg upp og fór heim.

Eftir þetta kom eg oft að Seli um veturinn, og um vorið fór eg þangað alfarin.

Guðrún lifði að eins fáa daga, eftir að eg kom. Eg hjúkraði henni eins vel og eg gat, og síðustu næturnar vakti eg yfir henni.

Sigvalda litla tók eg að mér, þegar eg kom þangað. Eg vann hjá gömlu hjónunum, meðan þau lifðu. En eftir lát þeirra vann eg fyrir mér og fóstursyni mínum, hér og hvar, þar sem best gegndi.

Eg var við heyvinnu á sumrum, en ullarvinnu á vetrum. Sigvaldi litli fylgdi mér, bæði vetur og sumar. Þegar hann var orðinn stálpaður, gætti hann fjár á sumrum, þar sem eg var.

Eg kendi honum að lesa og að draga til stafs. En tvo síðustu veturna, áður en hann var fermdur, kom eg honum fyrir í kenslu hjá sóknarprestinum. Mig langaði til að hann yrði ekki ver að sér en efnaðri bændabörn-in, sem áttu að fermast með honum.

Fermingardaginn stóð Sigvaldi efstur af drengjunum. Og eftir messuna sagði presturinn við mig, er eg greiddi honum fermingargjaldið, og þakkaði honum fyrir Sigvalda:

— Eg óska yður innilega til hamingju með hann fósturson yðar, Ingveldur mín. Eg hef aldrei fermt gáfadri ungling, og — það sem meira er um vert — aldrei betri dreng.

Það eru nú liðin mörg, mörg ár síðan. Sigvaldi er löngu kvæntur, og býr góðu búi.

Eg er hjá honum.

Hann lætur ekkert færi ónotað, til þess að mér geti liðið sem best. Eg er löngu hætt að þurfa að bera nokkrar áhyggjur fyrir lífinu.

Alt er lagt upp í hendurnar á mér. Það er eins og öllum hérna á heimilinu, og öllum í sveitinni, finnist sér skylt að gera mér alt til geðs og gleðja mig á einhvern hátt.

Mér finst eg eiga miklu betra en eg á skilið. Eg hefi aldrei búist við, að mér mundi liða jafnvel í ellinni.

Og þegar eg renni augum yfir æfi mína, þá finst mér hún hafa liðið eins og draumur.

Stundum hafa mér að vísu fundist erfiðleikarnir fylkja sér svo fast í kringum mig, að eg hefi verið vonlaus um, að eg fengi yfirstigið þá, og myrkið svo svart, að eg hefi haldið, að eg mundi aldrei sjá frammar til sólar.

En þegar mér hefir legið mest á, hafa geislar guðs rofið myrkið, og stókt erfiðleikunum á braut, og þá hefi eg þakkað honum með bljúgri bæn, eins og í brekkunni forðum.

Í mörg ár hefi eg á hverju sumri verið að ráðgera að bregða mér snöggva ferð heim að Hlíð, til að sjá bernskustöðvar okkar Sigurðar, áður en eg legg upp í síðustu ferðina mína.

En það hefir alt af eitthvað heft för mína. En nú ætla eg ekki að fresta henni lengur.

Og í vor þegar snjó leysir og ár eru orðnar litlar, þá ætla eg að fara snöggvast heim. Þá ætla eg að staulast upp í hlíðina fyrir ofan bæinn og horfa yfir brekkuna og geirana, þar sem við Sigurður sátum saman yfir lömbunum.

Eg ætla að fara inn í hellinn okkar, og skoða bæjarlækinn og bæjarhólinn, þar sem við rendum okkur.

Og þá ætla eg að ganga um hlaðið og standa í sömu sporum, sem eg stóð, þegar eg gaf Sigurði hárlokkinn af mér.

Þá held eg að mér finnist, eg eiga ekkert eftir ógert. Þá vildi eg helst mega deyja.

Um starf og stjórn sjúkrasamlaga.

»Eg vildi eg hefði verið í þessu«.

Í ritgerð minni »um sjúkrasamlög«, í III. hefti Skírnis þ. á., lét eg þess getið, að öllum þeim, er því máli vildu sinna, stæði til boða að fá frekari leiðbeiningar, ef þeir sneru sér til mín eða annara yfirmanna Oddfellowfélagsins í Reykjavík.

Mér hafa borist fyrirspurnir úr ýmsum áttum og spyrja allir þess, hvernig eigi að orða lög sjúkrasamlaga.

Hér í Reykjavík hefir fyrir skömmu verið stofnað nýtt sjúkrasamlag, sem ætlast er til að nái yfir allan bæinn og til allra vinnustétta. Þetta nýja samlag skrifaði Oddfellowfélaginu í haust og bað um uppkast að lögum handa sér. Var þá kosin nefnd manna í Oddfellowfélaginu til að vinna að þeirri lagasmíð; voru þeir í nefndinni með mér: Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður, Halldór Danielsson yfirdómari, Klemens Jónsson landritari og Sighvatur Bjarnason bankastjóri.

Við fimm höfum nú samið fyrirmynd að lögum fyrir sjúkrasamlög í kaupstöðum.

Það er þetta frumvarp, sem hér kemur fyrir almenningssjónir, og læt eg fylgja hverri grein nokkrar skýringar, og bendingar um breytingar, sem gera þarf, ef sjúkrasamlag er stofnað í sveit.

Þeir, sem þetta lesa, eru beðnir að lesa ekki lengra að sinni, en kynna sér vandlega fyrri ritgerð mína, sem

eg var að nefna, því að hún er upphaf og undirstaða þess, sem hér verður rætt.

Þess ber að gæta um fram alt, að sjúkrasamlög eru ábyrgðarfélög eða tryggingarsjóðir, rétt eins og þilskipa-ábyrgðarfélög eða brunabótasjóðir.

Ef einhver kaupir hafskip og ver til þess aleigu sinni, en kaupir sér ekki tryggingu á skipinu gegn sjávarháská, þá heimska hann allir; »er maðurinn vitlaus«, segja þeir, »að vilja eiga á hættu að missa aleigu sína í sjóinn, úr því hann getur fengið keypta tryggingu fyrir fullri upp-bót, ef skipið ferst?«

Annar reisir timburhús og tryggir það ekki gegn eldsvoða; »skelfingar flón er maðurinn«, ymur í öllum, »að láta húsið standa óvátrygt«.

Þeir eru teljandi, sem eiga hafskip eða timburhús; flestir alþýðumenn eiga hvorki skip né hús og mjög margir eiga ekkert, hvorki laust né fast, svo að neinu nemi. Og þó bjargast þeir af — ef þeir halda heilsunni.

Heilsan er aðaleign efnalitilla manna.

Heilsan er aleiga allra fátæklinga.

Skipseigandi fer ekki á vonarvöl, þó að skipið hans farist óvátrygt, ef hann heldur heilsu sinni; húseigandi fer ekki á sveitina, þó hann sé það flón að vátryggja ekki hús sitt og missi það bótalaust í eldsvoða — ef hann missir ekki líka heilsuna.

Heilsan er meira verð en skip og hús eða aðrir fjármunir.

Heilsan er dýrmætasta eign hvers manns; hún er sannkölluð aleiga þorra manna í öllum löndum, af því að alstaðar í heimi er þorri manna félitill eða félaus.

Þess vegna er heilsutrygging miklu nauðsynlegri fyrir alþýðu manna, en húsatrygging eða skipa, eða nokkur önnur trygging.

Þess vegna þurfa sjúkrasamlög að komast á fót hér á landi, engu síður en í öðrum löndum.

Uppkast Oddfellowfélagsins

að lögum fyrir sjúkrasamlög í kaupstöðum.

I. Starf samlagsins.

1. gr.

Sjúkrasamlað
er stofnað dag mánaðar 19.....
í þeim tilgangi, að tryggja hverjum hluttækum samlags-
manni uppbót á því fjártjóni, er sjúkdómar baka honum.

Samlagið á heima í

Í enda greinarinnar á að tilgreina nákvæmlega svæðið, sem sjúkra-
samlagið nær yfir.

Rétt er að kaupstaðasamlög nái yfir lögsagnarumdæmi kaupstaðar-
ins. Í kauppúnnum verður að til taka ljós mörk milli kaupstaðarins og
nærsvaitanna. Í sveitum mun fara bezt á því, að eitt sjúkrasamlað sé
í hverjum hreppi.

2. gr.

Hverjum manni, jafnt karli sem konu, er frjálst að
gerast hluttækur samlagsmaður, ef hann sannar:

1) að hann eigi heima í

2) sé eigi yngri en 15 ára og eigi eldri en sextugur,
er hann beiðist inntöku;

3) hafi eigi árstekjur, er fari fram úr 1200 kr., að
viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem
hann framfleytir;

4) eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meiru en
5000 kr.;

5) hafi ekki árlangt þegið af sveit;

6) sé ekki dæmdur fyrir glæp, eða hafi, ef svo er,
fengið uppreisn á æru sinni;

7) hafi engan viðloðandi eða ólæknandi sjúkdóm, er
skerði eða geti skert vinnuþol hans, og skal hann sanna
það með vottorði frá lækni samlagsins, enda sé hann full-
hraustur, er hann gengur í samlagið.

Öllum, sem eiga heima á samlagssvæðinu, á að vera heimilt að
ganga í samlagið, ef ekkert er því til fyrirstöðu í lögum þess.

Efnahagstakmarkið (3. og 4. liður) kemur til af því, að sjúkrasamlög

verða að gera sér far um að komast að hagfeldum samningum með afslætti bæði við lækna, lyfsala og sjúkrahús; þau verða líka að reyna að afla sér styrks úr landssjóði og hreppssjóðum, geta með réttu borið því við, að þau dragi stórum úr sveitaþyngslum. En það er ekkert vit í því, að heimta afslátt og styrk handa vel efnuðum mönnum — það mundi ekki fást — og þeir fara ekki á vonarvöl, þótt veikindi beri að höndum, þess vegna engin lífsnauðsyn fyrir þá að vera í sjúkrasamlögum. Um hámark tekna og eigna má lengi deila. Hámörkin í uppkastinu eru í samræmi við venjur annara þjóða. Tekjur bænda er erfitt að meta til peninga; þar mætti miða við tíundina og láta hámarkið vera t. d. 10 hundruð, að viðbættu 1 hundraði fyrir hvert barn innan 15 ára.

3. gr.

1) Hlutlausir félagar geta allir orðið, karlar og konur, eldri en 15 ára, er fullnægja 1., 5. og 6. skilyrði 2. greinar og lofa að greiða að minsta kosti 1 kr. í árstíllag, eða gjalda 20 kr. í samlagssjóð, eitt skifti fyrir öll.

Hlutlausir félagar eiga ekki tilkall til neinna hlunninda úr samlagssjóði; en ef þeir greiða 2 kr. eða meira, hafa þeir atkvæðisrétt á fundum og eru kjörgengir til allra starfa í samlaginu.

Hlutlausir, en atkvæðisbærir félagar, geta orðið hlutækir, ef efnahagur þeirra versnar og verður í samræmi við 2. gr., enda færi þeir fram allar þær sannanir, sem þar er krafist.

Ef hlutlaus félagi hefir sannað á venjulegan hátt, er hann gekk í samlagið, að hann fullnægi öllum skilyrðum 2. gr., nema 3. og 4., enda sé hann eigi eldri en fertugur, og hafi hann síðan árlega greitt 3 kr. í samlagssjóð, þá getur hann orðið hluttækur félagi, hvað sem liður heilsu hans eða aldri, ef efnahagur hans versnar, en færa skal hann þó sönnur á, að hann fullnægi öllum skilyrðum 2. gr. öðrum en 2. og 7.

2) Nú batnar efnahagur samlagsmanns, svo að árs-tekjur hans eða eignir fara upp yfir það hámark, sem til er tekið í 2. gr., og verður hann þá að gerast hlutlaus félagi, eða fara úr samlaginu, þegar er hann fær tilkynningu um það frá samlagsstjórninni. Ef hann skýtur mál-

inu í gerðardóm, sbr. 17. gr., þá má hann halda réttindum sínum þar til dómur fellur.

3) Ef hluttækur samlagsmaður fer úr kaupstaðnum um stundarsakir til að leita sér atvinnu, eða í öðrum nauðsynlegum erindum, þá má hann gerast hlutlaus meðan hann er fjarverandi, en greiði hann öll samlagsgjöld sín, þá á hann heimtingu á dagpeningum, ef hann sannar með læknisvottorði að hann hafi verið ófær til vinnu vegna veikinda, en ekki á hann þá tilkall til neinna annara hlunninda úr samlagssjóði.

Hlutlausir félagar, þeir sem nefndir eru í 2. og 3. lið, skulu greiða í samlagssjóð 1 kr. á ári. Þeir geta orðið hluttækir aftur, hvað sem liður aldri þeirra eða heilsu, ef ekki skortir önnur skilyrði, sbr. 2. gr.

Allir hlutlausir samlagsmenn, er verða hluttækir, skulu þá hlíta ákvæði 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að ríkismenn og yfirleitt hverir sem vilja, geti verið í samlaginu, án þess að njóta neinna hlunninda, til þess eins, að styrkja samlagið. 4. málsgrein í 1. staflíð, »Ef hlutlaus félagi“ o. s. frv., má vel sleppa. Ákvæðin í 3. staflíð eru nauðsynleg hér á landi, af því að það er svo algengt, að fólk leiti sér atvinnu í önnur héruð; þau eru eina undantekningin frá þeirri meginreglu, að þeir einir geti verið í samlaginu, sem dvelja á samlagssvæðinu.

4. gr.

Hver sá, er vill ganga í sjúkrasamlagið, skal færa stjórninni skriflega inntökubeiðni og læknisvottorð.

Því skal ráða til lykta á næsta stjórnarfundum, hvort beiðandi verður tekinn í samlagið.

Ef beiðni er hafnað eða samlagsstjórnin í vafa um, hvað gera skuli, þá má vísa málinu í gerð; nefnir stjórnin einn til úr flokki félagsmanna, læknar samlagsins annan, en þriðja bæjarstjórn, og fella þeir fullnaðarúrskurð.

Nú er einhverjum veitt viðtaka í samlagið, og er hann þá talinn félagi þess frá næstu mánaðamótum.

Réttast er að hafa prentuð eyðublöð fyrir inntökubeiðnir og læknisvottorð. Ákvæðin í 3. málsgrein eiga að koma í veg fyrir að stjórn

samlagsins hafni nokkrum manni um inntöku að ástæðulausu; í sveitum komi hreppsnefnd í stað bæjarstjórnar.

5. gr.

Hluttækir félagar öðlast engin réttindi fyrir en 6 vikur eru liðnar frá því er þeir komust í félagatölu; þetta gildir þó ekki um sjúkdóma, er orsakast af slysum.

Öll erlend sjúkrasamlög hafa þessu lík ákvæði í lögum sínum, til þess að tryggja sér, að menn ryðjist ekki hópum saman í samlagið, þegar veikinda er von, og verði því tafarlaust til mikillar byrði.

6. gr.

Þessi eru réttindi hluttækra samlagsmanna:

1) Ókeypis lækni hjálp handa þeim sjálfum og börnum þeirra, sem eru hjá þeim innan 15 ára (einnig stjúpbörnum og meðgjafarlausum fósturbörnum); hjálpin veitir læknir sá, eða lækna, er samlagið hefir ráðið til þess, og greiðir samlagið ekki fyrir hjálp annara lækna, nema ef svo ber undir (slys, kona í barnsnauð) að bráð þörf hefir verið á lækni, en ekki náðst til lækna samlagsins.

2) Ókeypis lyf, þau er samlagslæknir telur nauðsynleg, handa þeim sjálfum og börnum þeirra, sem eru hjá þeim og innan 15 ára; ennfremur handa þeim sjálfum: haubönd, smíðaðir limir og því líkar umbúðir, en þó ekki meir en nemi 25 kr. á ári handa sama manni, og verður hver að annast sjálfur viðhald þessara hluta og nýja þá upp.

Samlagið leggur ekki til áfenga drykki, eða gosdrykki, eða lyffæðu, eigi heldur flöskur, glös, krukkur eða önnur þess konar lyfjailát.

3) Ókeypis sjúkrahúsvist í þessum sjúkrahúsum
ef samlagslæknir telur þess þörf, handa þeim sjálfum og börnum þeirra, sem heima eru og innan 15 ára.

Nú vill samlagsmaður fremur fara í eitthvert annað sjúkrahús, og greiðir þá samlagið fyrir nauðsynlega dvöl

hans þar það sem jafnlöng dvöl hefði kostað í því sjúkrahúsi, sem samlagsmönnum er ætlað.

Ef samlagslæknir lýsir yfir því, að sjúklingur megi liggja í heimahúsum, ef hjúkrunarkona gæti hans, en verði ella að fara í sjúkrahús, þá skal hann vera kyr heima, ef samlagið útvegar honum hjúkrunarkonu á sinn kostnað.

Ennfremur veitir samlagið ókeypis aðgerð á augnsjúkdómum, einnig nuddaðgerð og böð handa samlagsmönnum sjálfum, en þó ekki frekar, en nemi 15 kr. á ári fyrir hvern þeirra.

4) D a g p e n i n g a r handa þeim sjálfum (ekki börnunum), þannig að

þeir er greiða (1,75 kr.) á mánuði, fá 2 kr. á dag

þeir er greiða (1,35 —) á mánuði, fá 1 kr. 50 á dag

þeir er greiða (1,00 —) á mánuði, fá 1 kr. á dag

þeir er greiða (0,85 —) á mánuði, fá 75 a. á dag

þeir er greiða (0,75 —) á mánuði, fá 50 a. á dag.

Vistráðin hjú, giftar konur og unglingar innan 18 ára þurfa ekki að tryggja sér dagpeninga.

Sjúkdómar baka mönnum fjártjón á fernan hátt: læknistkostnað, lyfjakostnað, sjúkrahúskostnað og atvinnumissi.

Sjúkrasamlögin veita tryggingu fyrir uppbótt á öllu þessu tjóni og samlagsmenn eiga heimtingu á uppbótinni, þurfa ekki að sækja um hana og eiga undir náð aunara, hvort þeir fá nokkuð, því að sjúkrasamlögin eru tryggingarfélag, ekki styrktarfélag.

Það kann að virðast misrétti, að foreldrar fá ókeypis læknishjálp, lyf og sjúkrahúsvist handa börnum sínum án aukaborgunar (sbr. þó 9. gr. 4) — misrétti gegn þeim, er engin börn eiga; en þetta jafnar sig upp; þar sem samlögin eru komin á fastan fót, fer fólk í þau á unga aldri og á von á þessum aukablunnindum síðar, þegar til barneigna kemur.

Hvert samlag gerir samning við einn lækni eða fleiri um læknishjálp. Er þá annaðhvort samið um tiltekna þóknun á ári fyrir hvern samlagsmann, eða lækni goldið eftir reikningi.

Hér á landi er víðast ekki nema einum lækni til að dreifa, héraðslækninum. Gjaldskrá héraðslækna er mjög lág. Þess vegna mun réttast að íslensk sjúkrasamlög noti sér hana og borgi lækni eftir reikningi. Sjúkrasamlagið verður vinningur fyrir lækninn, að því leyti, að þar fær hann öll verk sín skilvíslega borguð; þess vegna ættu læknar að geta

veitt samlögum afslátt af gjaldskránni, t. d. 10—15%. Í sveitum er það oft miklum örðugleikum bundið að vitja lækni. Í lögum sveitasamlaga ættu að vera ákvæði um það, að hver samlagsmaður skuli vitja lækni til sín samlaginu að kostnaðarlausu, ef hann á ferðahesta og hefir til sendimann, eða getur mannað skip, ef um sjóferð er að ræða. En geti samlagsmaður ekki vitjað lækni sér að útgjaldalaus, þá verður samlagið að greiða kostnaðinn; er þá um að gera, að neyta allrar hagsýni. Í landsveitum gæti samlagið samið við einhvern bónda á þeim enda samlagssvæðisins, sem veit að bústað lækni, fengið hann til að vitja lækni hans handa samlagsmönnum fyrir tiltekna þóknun í hvert sinn. Ef talsími gengur úr samlagshéraði til lækni, er réttara, að samlagið semji við lækniinn sjálfan um hestleigu og fylgd, ef með þarf. Í sjávar-sveitum verða samlög að semja á líkan hátt um sjóvegsflutning.

Sveitasamlög verða að tryggja sér sem best, að enginn samlagsmaður heimti til sín lækni að óþörfu. Þess vegna er rétt að skifta samlagshéraðinu í deildir (sbr. 10. gr.), hafa deildarstjóra í hverri deild og heimta að hver samlagsmaður fái leyfi (vitjunarseðil) hjá honum í hvert sinn, er hann vill vitja lækni. Þau ákvæði mætti orða á þessa leið: Samlagið greiðir því að eins læknishjálpinu, að samlagsmaður hafi fengið vitjunarseðil fyrir fram hjá deildarstjóra sínum eða einhverjum öðrum stjórnanda félagsins í hvert sinn er hann leitar lækni. Ef bráð þörf er á lækni, má samlagsmaður vitja hans tafarlaust, en verður þá að útvega sér vitjunarseðil svo fljótt sem auðið er. Fyrir vitjunarseðil skal greiða 25 aura í hvert sinn, sem lækni er sóttur, en 5 aura í hvert sinn sem hans er leitað heima. Samlagið greiðir aldrei borgun fyrir lækningatilraunir skottulækna eða lyf þeirra.

Úr 2. lið þessarar gr. (ókeypis lyf) má vel fella orðin „ennfremur handa þeim sjálfum . . . nýja þá upp“. Lyfsalar og lækna ættu að veita sjúkrasamlögum einhvern afslátt af lögverði lyfja í notum þess, að borgunin er víð. Lyfsalar ættu að geta veitt 10—15% afslátt, en lækna 5—10%.

Rétturinn á ókeypis sjúkrahúsvist (3. liður) er afar mikils verður. Margur stenzst veikindi í heimahúsum, þótt langvinn séu, en fæstir eru svo efnuð búnir, að þeir geti stadið þann mikla kostnað, sem því er samfara, að leita sér heilsuþóttar í sjúkrahúsi. Í þessari grein verður að til taka hvaða sjúkrahús samlagið á við. Ef sjúkrahús eða sjúkraskýli er í lækniheraðinu, þar sem samlagið á heima, þá er sjálfsagt að nefna það fyrst. Hér verður og að hafa geðveikrahælið á Kleppi og heilsu-hælið á Vífilstöðum. Ef sjúklingur er fluttur í sjúkrahús utanheraðs, þá er álitamál, hvort samlagið á að borga flutningskostnaðinn. 2 síðustu málsgreinunum í 3. staflíð („Ef samlagslækni“ o. s. frv. og „Ennfremur veitir“ o. s. frv.) er réttast að sleppa í lögum sveitasamlaga.

Þá kemur að 4. lið tryggingarinnar, dagpeningunum, uppþóttinni á atvinnumissinum. Þessi trygging er bráðnaudsýnleg fyrir kaupstaðarbúa

og þurrabúðarmenn, alla þá, er engan bústofn eiga. Þeir mega fæstir við því, að missa allan vinnuarð sinn, sízt ef þeir eiga fyrir börnum að sjá. Þess vegna er þeim líka veittur kostur á því, að tryggja sér mismunandi dagpeninga, eftir getu sinni og þörf, og fer mánaðargjaldið eftir því. Í sveitum er síður þörf á þessari tryggingu, þar stendur þó ekki sulturinn við dyrnar árið um kring, búinn til inngöngu jafnskjótt sem húsbóndi legst veikir. En rétt þykir þó, að gera öllum fullorðnum karlmönnum að skyldu, að tryggja sér einhverja dagpeninga.

7. gr.

a. Samlagið selur engum tryggingu fyrir meiri dagpeningum, en nemi $\frac{2}{3}$ af venjulegum eða áætluðum dagtekjum hans.

b. Þeir sem hafa fimm um fertugt, er þeir ganga í samlagið, fá ekki keypta tryggingu fyrir meiri dagpeningum, en nemi 50 a. á dag.

c. Ef samlagsmaður er fluttur í sjúkrahús, lækka dagpeningar hans um 60 aura á dag; þó heldur hann þeim óskertum, ef samlagið þarf ekki að borga sjúkrahúsvistina. Samlagismenn, er eiga fyrir börnum að sjá innan 15 ára, skulu og aldrei missa meira en svo, er þeir liggja í sjúkrahúsi, að þeir haldi 30 aurum á dag.

d. Nú vill einhver færa upp dagpeninga sína, og skal hann þá láta í té nýtt læknisvottorð. Uppfærslu skal því að eins veita, ef beiðandi er heill heilsu, sbr. 2. gr., og nýtur ekki hlunninda úr samlagssjóði þegar beiðnin kemur, enda skal uppfærslan jafnan ganga í gildi í byrjun næsta reikningsárs.

e. Dagpeningar eru ekki greiddir, ef sjúkdómur helzt 7 nætur eða skemur, en greiða skal ef lengur helzt og þá jafnan reikna frá þeim degi, er gjaldkera var tilkyntur sjúkdómurinn.

f. Dagpeningar eru ekki greiddir, ef sjúklingur getur unnið vanavinnu sína að einhverju leyti, og ekki gamalmönnum, ef elli bagar, en enginn sérstakur sjúkdómur.

g. Dagpeningar eru ekki greiddir, ef sjúkdómurinn stafar af drykkjuskap, saurlifnaði eða áflogum, sem samlagsmaður er sjálfur valdur að.

h. Dagpeningar falla niður, ef samlagsmaður vill ekki fara í sjúkrahús, að ráði samlagslæknis eða stjórnar samlagsins; þeir falla og niður, ef sjúklingur hafnar þeirri meðferð á sjúkdómnum, sem læknir telur nauðsynlega.

i. Dagpeningar falla niður þann dag, er samlagsmaður verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til verka, eða vanræki að segja frá bata sínum.

j. Ef farsótt gengur, sem vörn er sett við, getur stjórn samlagsins ráðið því, að allir dagpeningar falli niður.

k. Dagpeningar eru ekki greiddir, ef samlagsmaður heldur óskertu vinnukaupi sínu; en ef kaupíð er lækkað, skal hann fá af dagpeningum sínum það sem lækkuninni nemur.

l. Samlagskonum skal greiða 10 kr. fyrir hvert barn, er þær ala, ef þær hafa verið 40 vikur í samlaginu fyrir barnsburðinn.

Ef sængurkona sýkist, á hún tilkall til hvers konar hlunninda úr samlagssjóði, þegar liðnar eru 8 nætur frá barnsburði.

m. Dagpeninga skal greiða hverjum samlagsmanni, ef þörf gerist, fullar 12 vikur á hverjum 12 mánaða fresti (ekki miðað við reikningsár).

Ef dagpeningar samlagsmanns nema því, er hann getur haft upp úr vinnu sinni, mundi margur leitast við að gera sér upp veiki; þess vegna eru takmörk sett fyrir hæð dagpeninga ($\frac{2}{3}$) í hlutfalli við dagtekjur.

Það er alheimsreynsla, að rosknir menn verða oftast veikir en þeir, sem yngri eru; þess vegna vilja sjúkrasamlög ekki selja rosknum mönnum háa dagpeningatryggingu.

Ef samlagsmaður liggur í heimahúsum, verður hann að sjá sér fyrir fæði og hjúkrun; ef hann er fluttur í sjúkrahús, losnar hann við þau útgjöld; þess vegna er réttlátt, að dagpeningar hans færist þá niður, eða hverfi, ef þeir eru lágir (t. d. 50 aurar), en sanngjörn nauðsynjakrafa, að hann haldi þó einhverju af þeim, ef hann á fyrir öðrum að sjá.

Fárra daga atvinnumissir kemur engum á vonarvöl; þess vegna engir dagpeningar, ef sjúkdómur helzt 7 nætur eða skemur; það sparar samlagssjóði mikil útgjöld, af því að stutt veikindi eru afar tíð. Í lögum sveitasamlaga skal heimta að sjúkdómur sé tilkynntur deildarstjóra. Dæmi: Samlagsmaður veikist 1. janúar, tilkynnir sjúkdóm sinn 4. janúar,

verður vinnufær 8. janúar; hann hefir þá verið veikur 7 nætur og fær enga dagpeninga. Annað dæmi: Samlagsmaður legst 1. febrúar, tilkynnir sjúkdóm sinn 4. febrúar, verður vinnufær 14. febrúar; hann hefir þá verið veikur 13. daga og fær dagpeninga fyrir 10 daga (4.—13. febr.).

Það er afar áriðandi, að stjórn sjúkrasamlags hafi nána gát á því, að samlagsmenn fái ekki dagpeninga, ef þeir eru ekki með öllu ófærir til vinnu.

Ef skæða farsótt ber að höndum, sem „vörn er sett við“ (sbr. 2. gr. í lögum 16. nóv. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma), þá getur farið svo, að mikill þorri samlagsmanna sýkist og samlagið verði gjaldþrota; því til varnar er það ákvæði, að stjórnin geti, ef svo ber undir, látið alla dagpeninga falla niður um stundarsakir, t. d. 1—2 mánaða tíma ef mislingar ganga um alt héraðið.

Öll sjúkrasamlög hafa tímatakörk á dagpeningatryggingunni; væru ekki þau takörk, þá yrðu iðgjöldin að vera miklu hærri. Hér er lagt til að dagpeningar séu greiddir 12 vikur samtals á hverjum 12 mánaða fresti. Ung samlög verða að vera varkár í því efni. Sum erlend samlög greiða dagpeninga í 26 vikur á hverjum 12 mánaða fresti, en þau eru þá fjölmenn og gömul og eiga mikið fé í sjóði. Hvers vegna er sagt „á 12 mánaða fresti“ og ekki „á hverju ári“? Af því að það er miklu réttlátara. Útkoman á að vera, að enginn fái dagpeninga lengri tíma samfleytt, en nemi 12 vikum. En ef hér stæði „á hverju ári“, þá gæti svo farið, að samlagsmaður mætti heimta dagpeninga 24 vikur samfleytt, sem sé 12 vikur fyrir og 12 vikur eftir áramót. Hvernig á þá að skilja orðin: „á 12 mánaða fresti“? Dæmi: Samlagsmaður verður sjúkur í fyrsta sinni 15. maí 1910, er veikur og fær dagpeninga í 6 vikur; aftur verður hann sjúkur 1. nóvember 1910 og fær nú dagpeninga í 4 vikur; þriðja sinni legst hann 1. apríl 1911 og liggur til 15. júní 1911; þá fær hann ekki dagpeninga nema 2 vikur frá 1. apríl, af því að þá eru komnar fullar 12 vikur; en 15. maí 1911 fær hann aftur rétt til dagpeninga, af því að þá er liðinn 12 mánaða fresturinn.

8. gr.

Ef einhver nýtur hlunninda úr samlagssjóði, hvort heldur eru dagpeningar, eða sjúkrahússvist, eða lækni-hjálp í heimahúsum, í 52 vikur samtals á 3 samfleyttum reikningsárum, þá missir hann rétt til frekari hlunninda og er úr samlaginu.

Nú sannar hann síðar með læknisvottorði, að hann sé heill heilsu og að því leyti tækur í samlagið, sbr. 2. gr., og skal þá aftur telja hann samlagsmann með fullum réttindum, en þó eigi fyr en frá upphafi næsta reikningsárs.

Ef menn verða að staðaldri ófærir til vinnu vegna heilsubrests, þá eru þeir nefndir öryrkjar. Öryrkjar geta lifað árum saman, enda margatugi ára. Sjúkrasamlög fást við sjúkdómstryggingu; þau veita ekki öryrkjatryggingu. Öryrkjatrygging er líka til í öðrum löndum, en hér er ekki rúm að ræða hana. Af þessu leiðir, að sjúkrasamlög hafa tímatakmörk á tryggingu sinni yfirleitt. Takmarkið er sett í þessari 8. gr. Hvernig reikna ber, má sjá af þessu dæmi: Samlagsmaður verður veikur 1. júní 1911, hefir verið alheill undanfarin ár; veikindin ganga þessa leið:

$\frac{1}{8}$ — $\frac{23}{8}$ 1911 = 12 vikur: Læknishjálpi í heimahúsum og dagpeningar.

$\frac{24}{8}$ — $\frac{11}{11}$ 1911 = 11 vik. 3 dagar: Læknishjálpi í heimahúsum.

$\frac{12}{11}$ 1911 — $\frac{29}{5}$ 1912 = 28 vik. 4 dag: Borguð sjúkrahúsvist.

Samtals 52 vikur.

Þegar 52 vikur eru komnar, á skemri tíma en 3 árum, þá er úti skuldbinding samlagsins.

Stjórn hvers sjúkrasamlags verður því að semja skrá yfir veikindi samlagsmanna og hafa hana jafnan fyrir augum, ef einhver samlagsmaður er lengi eða oft veikur, til þess ekki fari svo fyrir gáleysi, að hann fái frekari hlunnindi, en löginn heimila.

9. gr.

Skýldur hluttækra samlagsmanna eru, sem hér segir:

1) Greiða skal inntökueyri, 1 kr., er rennur í vara-sjóð samlagsins.

2) Hver samlagsmaður skal greiða mánaðargjald, er fer eftir hæð tryggingar fyrir dagpeningum, þannig:

Dagpeningar	Mánaðargjald
2,00 kr.	(1,75 kr.)
1,50 —	(1,35 —)
1,00 —	(1,00 —)
0,75 —	(0,85 —)
0,50 —	(0,75 —)
Engir	(0,50 —)

3) Hver sá, sem er 45—50 ára að aldri, er hann verður hluttækur samlagsmaður, skal greiða viðbótargjald, 10 aura á mánuði, en 20 aura, ef hann er 50—60 ára.

4) Ef annað foreldra er í samlaginu, en hitt ekki, og gæti þó verið þar samkv. 2. gr., og börn heima innan

15 ára, þá skal greiða 10 auro á mánuði fyrir hvert barn, en þó aldrei meira en 30 auro.

Það er skylda hvers þess, er gengur, í samlagið, að skýra frá því, hversu mörgum börnum innan 15 ára hann á fyrir að sjá, og skal hann jafnan gera samlaginu aðvart, ef börnin fjölga, eða fækka (deyja, verða 15 ára, fara burtu).

5) Hver samlagsmaður skal greiða mánaðargjald sitt fyrirfram á heimili gjaldkera.

6) Ef samlagsmaður greiðir ekki mánaðargjald sitt 2 mánuði í röð, þá fellur niður réttur hans á ókeypiss lækni- ishjálp, lyfjum og sjúkrahúsvist; skal gjaldkeri gera honum aðvart um þetta fyrir miðjan síðari mánuðinn. En ef 3 mánuðir líða án þess að hann greiði gjöld sín, þá er hann úr samlaginu; skal gjaldkeri gera honum aðvart um þetta fyrir miðjan þriðja mánuðinn. Umsögn gjaldkera er full sönnun þess, að aðvörun hafi farið fram.

Ef samlagsmaður hefir verið aðvaraður og greiðir hann skuld sína, þá skal hann um leið greiða 10 auro fyrir hverja aðvörun.

Ef samlagsmaður er rækur úr samlaginu vegna skulda, þá er honum frjálst að koma aftur í samlagið, ef hann greiðir alla skuld sína og 1 kr. að auki í inntökueyri; nú er missiri liðið frá því er hann fór úr samlaginu, og skal hann þá leggja fram læknisvottorð um heilsu sína, er fullnægi kröfum 2. greinar.

Ef samlagsmanni bera dagpeningar úr samlagssjóði og er hann í skuld um mánaðargjald, þá skal halda því eftir þegar dagpeningar eru greiddir.

7) Ef samlagsmaður er sjúkur og ekki vinnufær, en á fótum og má vera úti, þá skal læknir ljá honum skriflegt leyfi til þess og taka til, hvern tíma dags hann megi vera úti.

8) Ef sjúklingur hagar sér ekki eftir fyrirmælum læknis eða lögum samlagsins, þá missir hann rétt til dagpeninga þá viku, er hann verður sekur um þess konar afbrot.

9) Hver samlagsmaður er skyldur að gegna, ef hann er kjörinn í stjórn samlagsins eða endurskoðunarmaður.

10) Hver samlagsmaður er skyldur að birta stjórn samlagsins, ef hann skiftir um bústað.

Nú flytur hann sig búferlum út úr kaupstað og er hann þá úr samlaginu.

11) Þeir er fara úr samlaginu eiga enga heimtingu á neinu því fé, er goldið hefir verið í samlagssjóð.

Hér á landi vantar vitneskju um veikindakostnað almennings. Þess vegna er afarerfitt að segja um það, hversu há iðgjöld muni þurfa til tryggingar á þessum kostnaði. Í litlum hreppum ættu menn að geta borið sig saman um það, hvað þessi útgjöld — að undanteknum atvinnumissi — hafi verið mikil í nokkur ár, og þá ekki gleyma því, ef einhver úr hreppnum hefir farið í sjúkrabús. Gerum að hreppsþúar komist að þeirri niðurstöðu, að veikindakostnaðurinn hafi numið að meðaltali 6 kr., ef jafnað er niður á allar fullorðnar manneskjur (18 ára eða eldri); þá ætti iðgjaldið að vera 6 kr. á ári, eða 50 aurar á mánuði, fyrir þá, sem ekki tryggja sér dagpeninga. En ef útkoman yrði sú, að kostnaðurinn hafi ekki farið fram úr 3 kr. 60 aur. á ári, þá ætti mánaðargjaldið að vera 30 aur. Svigatölurnar í þessari 9. gr. uppkastsins, eiga að vera til leiðbeiningar og ihugunar. En réttast er að fara ekki of lágt, ávalt hægra að lækka gjöld, en hækka.

Mörg erlend sjúkrasamlög vilja ekki taka til tryggingar þá sem eru orðnir hálf fimtugir að aldri; veikindahættan vex með aldrinum. En ef rosknir menn eru teknir í samlag, þá verður að heimta af þeim aukagjald, eins og hér er gert.

Ákvæðin í 4 lið greinarinnar eru alltið í útlendum sjúkrasamlögum, enda sanngjörn.

Það mun þykja umstang í sveitum að greiða mánaðargjöld; en hér er tvenns að gæta, þess fyrst, að sjúkrasamlög verða ávalt að ganga ríkt eftir því, að iðgjöldin séu greidd fyrir fram, þess annars, að flestum er hægra um tíð gjöld smá, en eitt gjald stórt. Auðvitað fer eins vel á því, að menn greiði fyrir ársfjórðung eða missiri eða heilt ár í senn; en hinu má aldrei gleyma, að heimta iðgjöldin fyrirfram; það gjöra öll tryggingarfélög.

II. Stjórn samlagsins.

10. gr.

Stjórn skal velja skriflega á aðalfundi í febrúarmánuði, einn formann og 6 fulltrúa. Skal velja til 2 ára og

gangi 4 úr annaðhvort ár, í fyrsta sinni eftir hlutkesti, en 3 hitt árið. Stjórnendur kjósa sjálfir varaformann og skifta störfum með sér. Þeir geta skorast undan endurkosningu jafnlangan tíma, sem þeir hafa verið í stjórninni.

Á aðalfundi skal einnig velja 2 varafulltrúa og fer annar frá á hverju ári, í fyrsta sinni eftir hlutkesti.

Stjórnendur skulu eiga fund með sér í vikunni eftir fyrstu helgi í hverjum mánuði. Það er lögmætur stjórnarfundur, ef 4 koma á fund, og ræður þar afl atkvæða.

Stjórnendur skulu bera ábyrgð á samlagssjóði, á því, að samlagið biði ekki tjón af ólöglegum tilkostnaði, hirðuleysi eða svikum. Standa þeir í ábyrgð á þessu einn fyrir alla og allir fyrir einn. Þó getur aðalfundur þegið þá undan ábyrgðinni, ef um svik er að ræða, en undanþága er því að eins lögmæt, ef hún er samþykkt með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða.

Stjórnendur skulu hafa allar nauðsynlegar gætur á sjúkum samlagsmönnum.

Stjórnendur skulu allir vinna starf sitt kauplaust, en ritfangakostnað og annan beinan kostnað skal greiða úr samlagssjóði.

Í sveitasamlögum koma deildarstjórar í stað fulltrúanna, og má hafa þá mismunandi marga eftir stærð sveitarinnar.

Það er nauðsynlegt, einnig í sveitum, að stjórnendur hittist einu sinni í hverjum mánuði, til að gera út um inntökubeiðnir, rannsaka fjárhaginn og ræða önnur félagsmál.

11. gr.

Formaður stýrir stjórnarfundum og semur gjörðabók á fundunum.

Hann semur fyrir hönd samlagsins við lækna, lyfsala, sjúkrahús og hjúkrunarfélög eða hjúkrunarkonur.

Ef formaður og varaformaður eru hvorugir viðlátir, kemur einn af fulltrúunum í formanns stað, sá er þeir velja til þess.

12. gr.

Stjórnin ræður gjaldkera.

Hann skal vera í samlaginu, en ekki í stjórn þess, og kunna reikningshald.

Laun gjaldkera skal ákveða á aðalfundi, eða aukafundi, og skal jafnan miða þau við fjölda hluttækra samlagsmanna.

Gjaldkeri tekur við öllum gjöldum í samlagssjóð, kemur þeim á vöxtu og setur veð fyrir sjóðnum, sem stjórnin tekur gilt. Hann heldur sjóðbók og aðrar reikningsbækur, sem stjórnin telur nauðsynlegar, semur ársreikninga og tölusetta skrá yfir nöfn samlagsmanna, aldur þeirra, atvinnu og heimili, hvenær þeir hafa komið í samlagið, farið úr því eða dáið.

Gjaldkeri skal fá samlagsmönnum viðtökuskirteini fyrir greiddum mánaðargjöldum, og greiða þeim dagpeninga úr samlagssjóði á vikufresti, eftir vottorði samlagslæknis.

Samlagsmenn skulu jafnan gera gjaldkera aðvart, ef þeir verða sjúkir, en hann skal semja skrá yfir alla sjúklinga.

Í sveitasamlögum er rétt að formaður sé gjaldkeri, en deildarstjórar heimti saman gjöldin hver i sinni deild, og færi honum á hverjum mánaðamótum. Þá skal og formaður afhenda deildarstjórum þá dagpeninga, sem fallnir eru í gjalldaga í deild hvers þeirra; skulu þeir fá honum viðtökuvottorð fyrir því fé, en hann þeim skirteini fyrir iðgjöldum, er þeir afhenda. Þá skal það vera skylda samlagsmanna, að tilkynna deildarstjórum sjúkdóm sinn. Verða sveitasamlög að breyta 12. gr. uppkastisins og eftirfarandi greinum í þessa átt.

13. gr.

Aðalfund skal halda tvisvar á ári, í febrúar og október. Formaður boðar fundi í 2 eða fleirum viðlesnustu blöðum bæjarins með 8 daga fyrirvara og skal hann tilgreina fundarefni.

Aukafundi skal halda þá er formanni þykir þurfa, eða meirihluta fulltrúanna, eða skrifleg áskorun berst stjórninni frá $\frac{1}{5}$ allra hluttækra samlagsmanna, sem eru yfir 18 ára aldur, enda tilgreini þeir fundarefnið. Ef stjórninni berst lögmæt krafa um aukafund, þá skal hún koma á fundi á 14 daga fresti.

Lögmætir samlagsfundir hafa æðsta vald í öllum málum samlagsins, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

Hverjum samlagsfundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Hann rannsakar í fundarbyrjun, hvort fundurinn hafi verið löglega boðaður, og lýsir úrskurði sínum í heyranda hljóði.

Fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður, hvort sem margir koma eða fáir. Ræður afl atkvæða; ef jöfn falla, ræður atkvæði fundarstjóra.

Atkvæðisbærir eru allir hluttækir samlagsmenn, 18 ára eða eldri, einnig hlutlausir samlagsmenn, ef þeir greiða 2 kr. í árstíllag, eða þaðan af meira.

Í byrjun hvers fundar skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra samlagsmenn, undirritaða af gjaldkera.

Fundarstjóri ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu skuli háttað; þó skal atkvæðagreiðslan jafnan vera skrifleg, ef einhver atkvæðisbær fundarmaður krefst þess.

Stutta skýrslu skal rita í sérstaka gerðabók um það, er gerist á samlagsfundum; allar fundarsamþyktir skal rita orðrétt í gerðabókina. Fundargerðina skal lesa upp í fundarlok og bera undir atkvæði, en fundarstjóri og stjórnendur samlagsins, þeir sem við eru, skulu rita nöfn sín undir. Skal þessi fundargerð vera full sönnun þess, er fram hafi farið á fundinum.

Í sveitasamlögum verður að boða fundi á þann hátt, sem tíðkað er í sveitum. En skýlaus ákvæði verða að vera í lögunum um það, að allir samlagsmenn fái fundarboð með tilteknum fyrirvara.

14. gr.

Reikningsár samlagsins er hvert almanaksár.

Gjaldkeri skal gera hvern ársreikning í tvennu lagi og láta fylgja skýrslu um eignir samlagsins, ógreidd útgjöld og útistandandi skuldir í lok reikningsársins.

Alla ársreikninga með athugasemdum endurskoðunarmanna og svörum stjórnarinnar skal hafa samlagsmönnum til sýnis á hentugum stað, eigi skemur en vikutíma

áður en þeir eru bornir undir aðalfund í febrúar til samþyktar.

Fyrir aðalfund í október skal leggja glögt yfirlit yfir tekjur og gjöld samlagsins fyrra helming reikningsársins með árituðum athugasemdum endurskoðunarmanna.

Á aðalfundi í febrúar skal velja 2 endurskoðunarmenn og 2 varamenn; fara 2 frá á hverju ári, annar endurskoðunarmaður og annar varamaður, í fyrsta sinni eftir hlutkesti. Þá má endurkjósa. Skorast geta þeir undan endurkosningu eins og fulltrúar, sbr. 10. gr.

Endurskoðunarmönnum er heimilt, hvenær sem vill, að rannsaka allar reikningsbækur samlagsins og aðgæta eignir þess, og skulu þeir gera það eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi. Þá er þeir rannsaka reikningana, ber þeim meðal annars að gæta þess, hvort allar tekjur og útgjöld samlagsins eru í samræmi við þessi lög og samþyktir aðalfunda.

Stjórn samlagsins og gjaldkera ber að láta endurskoðunarmönnum í té allar skýrslur og upplýsingar, er þeir þurfa við rannsóknina.

Í sveitasamlögum kemur formaður hér alstaðar í stað gjaldkera.

15. gr.

Því fé samlagsins, sem ekki er líklegt að til þurfi að taka að sinni, skal koma á vöxtu í öruggan sparisjóð.

Aldrei má veita lán úr samlagssjóði.

Sjórnin skal aðgæta sjóðseignina og bera saman við bækur samlagsins á ýmsum ótilteknum tímum á hverju ári og láta þess jafnan getið í gerðabók sinni.

Það er afaráráðandi að fjármunir hvers samlags séu í góðra manna höndum. Fjársvik hafa því miður alloft átt sér stað í útlendum samlögum. Og þó að þeir bæti skaðann, sem ábyrgðina bera, þá skerðist sómi samlagsins og tiltrú manna.

16. gr.

Í varasjóð skal leggja allan inntökueyri samlagsmanna, allan afgang af árstekjum, t. d. æfigjöld hlutlausra

samlagsmanna, gjafir, arð af hátíðahöldum, hlutaveltum og því um líkt.

Ef mikil veikindaár ber að höndum og hrökkva tekjur ekki fyrir útgjöldum, þá skal greiða hallann úr varasjóði.

Nú hrekkur varasjóður ekki til þess að greiða tekjuhalla að loknu reikningsári, þá getur samlagsfundur ákveðið að jafna því, er á vantar, á alla hluttæka samlagsmenn, sem þá eru í samlaginu, í réttu hlutfalli við mánaðargjöld þeirra.

Það er lífsnauðsyn fyrir hvert samlag, að koma fyrir sig álitlegum varasjóði. Aukaniðurjöfnun í miklum veikindaárum verður jafnan illa þokkuð. Þá er vel að verið, ef varasjóður nemur eins árs útgjöldum samlagsins. Hvert samlag ætti að gera sér far um að koma upp varasjóði sem allra fljótast, efna til hans með gjöfum, áheitum, hlutaveltum, kappleikum, skemtunum o. þv. u. l. Varasjóðurinn er fjöregg hvers samlags.

17. gr.

Ef deila rís milli stjórnar samlagsins og einhvers samlagsmanns, skal leggja málið í gerð. Skal þá velja 3 menn í gerðardóm á samlagsfundi og skulu báðir málsaðilar hlíta úrskurði gerðardómsins, enda mega deilumál í samlaginu aldrei koma fyrir dómstóla landsins. Gerðardómi er ekki heimilt að sekta samlagsmenn eða skerða réttindi þeirra frekar en lög þessi leyfa.

18. gr.

Þessi lög eru samþykkt á aðalfundi . . . dag . . . mán 19 . . . og ganga í gildi

Breyta má lögum samlagsins á hverjum þeim aðalfundi, sem boðaður er til þess, meðal annars, að ræða lagabreytingu, ef fullur helmingur atkvæðisbærra samlagsmanna sækir fundinn; en $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða þarf til þess, að samþykkja hverja lagabreytingu.

Nú skortir á, að helmingur sæki fund, og er þó lagabreyting samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, þá skal halda fund aftur innan 2 mánaða, ef stjórnin vill, eða $\frac{1}{5}$ hluttækra

og atkvæðisbærra samlagsmanna krefst þess. Skal þá boða til fundar á venjulegan hátt, og geta þess í fundarboðinu, að ræða eigi lagabreytingu, er eigi hafi orðið samþykkt á hinum fyrri fundi vegna þess, hve fáir hafi sótt þann fund. Ef breytingin er samþykkt á þessum fundi með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, þá er hún lög, hvort sem margir eða fáir sækja fundinn.

Nú þykir ráðlegt, eða nauðsynlegt að slíta samlaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um lagabreytingar.

Ef samlaginu er slitið, skal öll skuldlaus eign þess renna til Heilsuhælisins á Víflsstöðum.

Sá fundur, er samþykkir á löglegan hátt að slíta samlaginu, kveður að öðru leyti á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og lúka skuldum.

Þetta frumvarp ætti að vera næg leiðbeining fyrir alla þá, sem vilja koma á fót sjúkrasamlögum.

En þegar menn hafa samið sér lög, þá kemur að því, að útvega reikningsbækur með réttu sniði, skrásetningarbækur og ýms eyðublöð. Öllum þeim, er koma á fót sjúkrasamlagi, stendur til boða að fá hjá Oddfellowfélaginu leiðbeiningar um reikningsfærslu og skrásetning; en þá verða þeir að senda eitt eintak af lögum sínum fullgerðum, því að eftir þeim verður að haga bókfærslunni.

Eg býst við, að margur bregði við fátækt sinni, þykist ekki hafa efni á því, að vera í sjúkrasamlagi. En ef öllum er orðið ljóst, að það sé heimska af fátækum skipseiganda, að vátryggja ekki skip sitt, þá verða menn vonandi fljótir að átta sig á því, að það sé enn meira óráð fyrir fátækan mann, að vátryggja ekki heilsu sína.

Í sumar sem leið talaði eg til alþýðu manna um sjúkrasamlög á nokkrum stöðum út um land. Það var

eitt sinn er eg kom út úr fundarhúsinu, að mér varð lit-
ið á roska konu; hún var fátækleg til fara, lotin og
gekk við staf. Það sá eg, að henni var mikið niðri fyrir,
og eg þóttist skilja, hvernig í því lá: hún mundi hafa
verið lengi veik og orðið upp á aðra komin, líklega sveit-
ina. Óðar en eg hafði slept þessari hugsun minni, vék
konan sér að þeim, er næstur henni gekk, og sagði: »Eg
vildi eg hefði verið í þessu«. Tilgáta mín var þá rétt,
og mér varð ljóst, að þessi kona hafði skilið til fulls
ræðu mína um nauðsynina á sjúkrasamlögum.

Það er nú von mín, að alþýðu manna muni fljótt skilj-
ast, að í þessu þurfi allir að vera.

Allir fátæklingar þurfa að vát tryggja heilsu sína.

¹⁵/₁₂ 1909.

G. BJÖRNSSON.

Ágrip

af

upptökum og sögu kvenréttindahreyfingarinnar í Ameríku.

III.

(Síðasti kafli).

Þau lög viðvikjandi konum, sem Mrs. Stanton barðist mest fyrir, voru hjónabandslögin, eftir »Common law«, sem voru gömul ensk lög. Breytingar á þeim í ýmsum efnum komu fram hvað eftir annað. Í ýmsum ríkjunum fengu giftar konur á árunum 1849—1854 ýmsar breytingar; fyrst fengu þær yfirráð yfir lausafé sínu, og síðar yfir atvinnu sinni.

Um 1854 hafði Kvenréttindafélagið ákveðið að senda út tvær áskoranir til þingsins í Albany, aðra um réttarfarslega stöðu kvenna, en hina um pólitískan kosningarétt þeirra. Alt var gert til að fá sem flestar undirskriftir, og ýmsir helztu blaðamenn og stjórnámamenn töluðu með því á fundum kvenna, ásamt konunum sjálfum. Áskoranirnar voru ræddar í þinginu og settar í nefnd. Mrs. Stanton, Ernestine Rose og William Channing fengu leyfi til að tala við nefndina og færa ástæður fyrir máli sínu. Þá var þar komið, sem faðir Mrs. Stanton hafði bent henni sem barni á, að tala máli kvenna fyrir þinginu í Albany. Sjálf segist hún aldrei, hvorki fyr né síðar, hafa fundið til slíkrar ábyrgðar þegar hún átti að tala, og ekki þótt það væri á fjölmönnum þjóðfundum.

Þegar faðir hennar heyrði, að hún ætti að tala í þinginu, bað hann hana að lofa sér að heyra ræðuna. Þegar

hún hafði lokið við að lesa hana fyrir hann, sat hann lengi hugfanginn og sagði svo: „Þú hefir jafnan átt góða daga, og þó hefir þessi ræða þín komið mér til að ásaka mig; því hvernig getur þú, sem enga beiska lífsreynslu hefir sjálf, fundið svona sárt til ranglætis þess, sem þínu kyni er sýnt? Hver hefir innrætt þér þetta?“

„Það hefi eg lært í skrifstofunni þinni, þegar eg var barn og heyrði konurnar vera að kæra bágindi sín fyrir þér. Þeir sem hafa dálitla meðaumkun og ímyndunarafi geta fundist annara sorgir snerta sig, sem það kæmi fram við þá sjálfa.“ „Já, en eg gæti bent þér á margt ennþá verra, sem þú hefir ekki tekið fram“, sagði hann. Og svo benti hann henni á margt fleira, og hjálpaði henni með ráðum og dád í lögfræðisatriðum.

Nokkuru síðar talaði hún aftur í þessu sama máli í þinginu fyrir fullu húsi af áheyrendum: lögfræðingum, stjórnámalámonnum og konum. Ræður hennar voru prentaðar í 20,000 eintökum og þeim stráð út um öll Bandaríkin. Þær breytingar, sem hún hafði mest barist fyrir á hjónabandslögnum, komust nú loks á árið 1860. Með þessum lögum fengu giftar konur fullan atvinnurétt og full umráð yfir börnunum jafnt föðurnum, með öðrum orðum sömu völd, réttindi og skyldur sem hann.

Margsinnis talaði Mrs. Stanton fyrir frjálslegum hjónaskilnaðarlögum, sem um þær mundir voru mjög ófrjálsleg. Margir, bæði karlar og konur, voru hræddir við að setja það í samband við kvenréttindamálið. En það var hún ekki. Hún hélt margsinnis snildarlegar ræður í því máli og sýnir hve fráleitt það sé, að börn, 14 ára drengir og 12 ára stúlkubörn, sem í alla staði séu ómyndug, hafi leyfi til að gera hjónabandssamning fyrir alla æfi. Sömu-leiðis, að konur séu skyldar að lifa saman við drykkjumenn og hvers konar ólifnaðarmenn, sem menn þeirra séu, án þess að geta losast frá þeim.

Samhliða baráttunni fyrir réttarfarslegri stöðu kvenna og pólitískum réttindum þeirra, var einnig barist um sömu mundir fyrir réttindum kvenna til háskólanáms, einkum

læknisnáms og til embætta. Fyrsta konan, sem tók læknispróf í Ameríku, var Elizabeth Blackwell. Hún hafði leit að fyrir sér við hvern einasta háskóla í Bandaríkjunum, en allstaðar verið neitað. Loks leyfðu prófessorarnir við læknaskólann í smábænum Geneve í New York ríkinu henni að stunda þar nám, ef stúdentarnir leyfðu það, í þeirri von, að það mundu þeir ekki gera. En stúdentarnir, sem þó voru þar sérstaklega illræmdir, leyfðu það, og hétu um leið, að hana skyldi aldrei iðra þess. Enda breyttu þeir við komu hennar algerlega framferði sínu, og urðu eftir það siðsamir menn, að minsta kosti í skólanum. Ekki fekk E. Blackwell aðgang að spítölum, nema einum fá-tækra spítala. Hún ferðaðist því til Norðurálfunnar, og komst með herkjum að spítölum í París og Lundúnum, en þó ekki að þeim deildum, sem fengust sérstaklega við kvensjúkdóma.

Eftir að hún kom heim til Ameríku aftur setti hún á fót lítinn spítala í New York á sinn kostnað handa sjálfri sér og öðrum kvenlæknum, sem ekki gátu fengið aðgang að neinum spítölum með sjúklinga sína.

Árið 1861 hófst þraelstríðið, og stóð til 1866. Allan þann tíma fengust Ameríku konur ekki við kvenréttindamálin. Kvenréttindafélögin héldu ekki heldur sambandsþing sín fyr en friður komst á. Konur Norðurríkjanna tóku mikinn þátt í stríðinu. Meðan ófriðurinn stóð yfir, stóðu þær heima fyrir búum, verzlunum og hvers konar störfum sem var, og sýndu þar hinn mesta dugnað og þrek.

Elizabeth Blackwell hafði á ferð sinni um England kynst hinni frægu hjúkrunarkonu Florence Nightingale og gerði nú alt sem hún gat til að koma reglulegu skipulagi á hjúkrun og meðferð særðra og sjúkra í hernum. En hún fekk ekki leyfi til að fara með, sem læknir, eins og hinir læknarnir, og þá hætti hún við förina.

En önnur kona tók það starf upp. Það var Clara Barton — Ameríku Florence Nightingale. — Hún hafði áður verið góðkunn kenslukona, og varð síðar fyrsta konan, sem fekk stöðu við stjórnarskrifstofurnar í Washing-

ton. Með henni störfuðu tvær aðrar konur með ópreytandi dugnaði og sjálfsafneitun. Það voru þær Dorothea Dix og Mary A. Brokerdyke — »móðir hermanna«. Hér er því miður ekki rúm til að lýsa því, hvernig þessar þrjár konur lögðu líf og velferð í sölurnar til þess að geta hjálpað löndum sínum. Í byrjun ófriðarins var öll hjúkrun hersins í mesta ólagi. Alt vantaði: Umbúðir, matvæli, spítala, föt, lækna, hjúkrun, ljós og alt, sem á þurfti að halda. Clara Barton var lífið og sálin í því að koma þessu í lag. Sjálf stóð hún oft svo nærri bardögnum að skotin dundu hvarvetna í kringum hana. Heiman að komu ógrynnin öll til hersins af alls konar hlutum, matvörum, fötum, umbúðum, peningum. Fjöldi kvenna seldi skartgripí sína til þess að kaupa vopn og vistir handa hernum. — Stjórnin komst brátt til viðurkenningar á því, hvað samhjálp kvennanna væri nauðsynleg. Læknarnir urðu fegnir að fá aðstoð þeirra. Fjöldi beztu, gáfudustu og mentudustu kvenna komu sem sjálfboðalið til að stunda sjúklingana. Clara Barton gjörði alt til að bæta úr tilfinnanlegasta hjúkrunarskortinum. Hún keypti það nauðsynlegasta fyrir eigið fé, þegar fé vantaði, og útbýtti matvælum, umbúðum, fötum og peningum, sem konur sendu til hennar að heiman. Að loknu stríðinu fekk hún svo margar fyrirspurnir heiman að fráættingjum hermanna, um þá, sem vantaði og ekki stóðu á dánarskránum, að hún samdi lista yfir þá, stofnaði svo auglýsingaskrifstofu í Washington, og útvegaði alla fáanlega vitneskju um þessa menn. Þannig gat hún haft upp á fjöldamörgum, sem annaðhvort lágu veikir hingað og þangað eða voru í fangelsi í Suðurríkjunum. Margir voru dauðir af sárum. Hún yfirfór allar skýrslur og var ópreytandi, þeim var hlynt að, sem særðir voru, þeim sem í fangelsum voru, var skift fyrir aðra fanga úr Suðurríkjunum o. s. frv.

Dorothea Dix fylgdist einnig með henni og vann af öllum mætti að því að bæta hjúkrunina og lina fangelsisvistina, sömuleiðis að bæta siðferði hermanna og koma í

veg fyrir alla óreglu. Hún hafði áður starfað að því, að bæta meðferð á sjúklingum í geðveikrahælunum, sem oft var mjög ómannúðleg. Á ófriðarárunum fékk hermálastjórnin henni alla umsjón með hjúkrunarkonum og ráðningu þeirra.

En engin þeirra vann jafnmikið fyrir óæðri hermennina sem »móðir« Bickerdyke. Hún fylgdist altaf með hernum og tók þá að sér með móðurlegri umhyggju og ástúð. Sjálf var hún af lágum ættum og lítið mentuð ekkja, um 40 ára að aldri. Hún hafði óbílendi þrek og vilja, umhyggju og nærgætni við alla særða, sjúka og bágstadda. »Yfirmönnunum skifti eg mér ekki af, nógir hjálpa þeim«, sagði hún. »En óæðri hermennirnir eiga líka mæður, systur, konur og börn, sem syrgja þá og elska«. Þeir elskuðu hana sem móður, og af því fekk hún móðurnafnið. Hermennina kallaði hún líka »drengina sína«. Hún fekk svertingjakonur, sem flúið höfðu frá þraelaeigendum, til að ganga um valinn, taka þar fót, ábreiður og farangur hinna föllnu, þvo það og hreinsa, bæta fót hermannanna og hjálpa til á allan hátt. Einu sinni vantaði bæði mjólk og egg við spítala í Memptis, sem hún var við. Hún fekk orlof til að fara að útvega það, þótt menn vissu að mjólk og egg mundu ónýttast í flutningnum. En hún fekk bændur í Illinois til að gefa 200 kýr, og 1000 hænsi. Svo fekk hún hjá hershöfðingjanum ey í Mississippi og setti þar á fót kúabú og hænsabú. Það var skamt frá borginni.

Til að sýna áhrif hennar skal hér getið litils atviks. Einu sinni mætti einn af læknunum of seint við morgunvitjun sjúklinganna, af því hann hafði drukkið kvöldinu áður. »Móðir« Bickerdyke tók á móti honum, ávitaði hann harðlega og sagði svo: »Sprettið þér bara einkennisbordunum af öxlunum á frakkanum yðar. Áður en vik-an er liðin skuluð þér verða rekinn úr embættinu«. Hann hló. Nokkrum dögum síðar fekk hann burtrekstursbréfið. Hann kærði fyrir yfirherforingjanum þar, sem hlustaði á hann og spurði, hver hefði komið honum frá. »Það er

Þessi »móðir« Bickerdyke«. — »Þá get eg ekkert gert fyrir yður. Hún má sín hér eins mikils og eg«, svaraði herforinginn. —

Dr. Bellaws, sem af stjórninni var settur yfirmaður yfir heilbrigðislandsfélaginu, sem Elizabet Blackwell hafði komið á fót, segir um konurnar í Norðurríkjunum á ófriðarárunum 1861—1866, sem tóku þátt í hjúkrun hersins:

»Annað eins samansafn af ágætiskonum hefi eg aldrei verið svo lánsamur að þekkja, bæði að gáfum, mentun, hjartagæzku og siðferði. Þær eru prýði allrar kvenþjóðarinnar.

Þær færðu hjúkrunarfræðinni og sjúkrahúsum sína kvenlegu nærgætni og viðkvæmni, meðaumkun og ósérplægni. Þær urðu að berjast við hinar köldu spítalavenjur og það hálf-ósiðaða kæruleysi, sem styrjaldir flytja með sér og gera bæði læknishjálp og útlærða hjúkrun hluttekningarlausa og ónóga. Hin eðlilega tortrygni, sem allir læknar og spítalafólk sýndi öllu sjálfsboða hjúkrunarliði, hlaut að kenna þeim konum, sem vildu skipa vel sæti sitt, þá nærgætni, tilhliðrunarsemi og þolinmæði, sem ekki tíundi hver læknir getur sýnt eða á til. — Þær hlutu að yfirvinna hinn meðfædda viðbjóð á blóði, sárum, óreglu og ofbeldi, og læra að þekkja öll skapbrigði manna, sem ekkert nema mannástin batt þær við, og oft voru frávíta af þjáningum og hitaveiki. En allra harðast hlýtur þó að hafa verið fyrir þær að þola með undirgefni ofstopa og ósvífni háflærðra lækna, sem oft lá við að hefðu í frammi við þær líkamlegar misþyrmingar«.

Ýmsar konur fylgdu mönnum sínum í herinn. Nokkrar þeirra klæddust karlmannaklæðum og tóku þátt í bardögnum. Jafnvel einstaka konur voru gerðar að undirforingjum, án þess að nokkurn grunaði að það væru konur.

Dr. Bellaws segir líka eftir stríðið, þegar hann lagði niður embætti sitt: »Ef konurnar hefðu ekki verið jafn ósérplægnar og þær voru, bæði heima í sveitunum, í hernum, og í spítölunum, þá mundu endalok ófriðarins ekki hafa orðið jafn happasæl og þau urðu. Því að auk allr-

ar persónulegrar hjálpar, hafa þær fært karlmönnum áhuga, trú á sigurinn, föðurlandsást og þolgæði. Marga, sem hafa verið áhugalausir og eigingjarnir, hafa konur þeirra fengið til að fara. Og liðhlaupar og varmennir hafa ekki átt heimkvæmt«. —

Menn kynnu nú að hafa ætlað, að þegar ófriðinum var lokið og löggjafarvaldið settist aftur að störfum, þá mundi þessi framkoma kvenna í þágu ættjarðarinnar tekinn til greina. Nú var því takmarkinu náð að brjóta fjötrana af þrælum Suðurríkjanna. Þjóðfélagseiningin var frelsuð með blóði landsins beztu sona, og með almennum áhuga og hluttekningu flestra af dætrum þess. Þær höfðu yrkt jörðina, sáð og uppskorið og forðað landinu frá hallæri og hungursneyð. Þær höfðu hjúkrað særðum og lagt líf sitt í hættu þeirra vegna. Þær höfðu tekið fé sitt og skartgripir — allt, sem þær gátu við sig losað, til bjargar landi og lýð. Þær mundu því sýnast eiga eðlilegan rétt til að teljast með, þegar stjórnarskrárbreytingin yrði ger.

Í þessu skyni stofnuðu frelsisvinir eða þrælafrelsisfélögin til sameiginlegs fundar 1866 í New York. Á þeim fundi var lagt til af ýmsum vinum kvenna að þrælafrelsisfélögin og kvenréttindafélögin stofnuðu eitt sameiginlegt jafnréttisfélag, sem hefði fyrir markmið fullkomið jafnrétti kvenna og karla, hvíttra manna og svartra og kynblendinga, og heimtaði pólitískan atkvæðisrétt handa öllum körlum og konum. — Sama gerði kvenréttindalandsfélagið. Það hélt sinn fyrsta fund eftir stríðið árið 1866, og samþykkti þá að breyta nafninu og kalla félagið Hið ameríska jafnréttisfélag, það skyldi krefjast fyrst af öllum pólitískum atkvæðisréttar handa öllum, konum sem körlum.

En nú snerust ýmsir ákveðnustu þrælavinirnir, sem áður höfðu einnig verið kvennavinir, móti konunum. T. d. Wendell Phillips, svo að ekkert varð úr því, að þrælafrelsisfélögunum væri breytt í jafnréttisfélög. Þeir sögðu, að nú væri »tími þrælanna« kominn, konurnar mættu ekki setja pólitísk réttindi þeirra í hættu, með því að binda þau við kvenréttindin. Þrælarnir, sem væri nú

gefið nauðungarfrelsi, þyrftu pólitísku réttindin til að verja sig gegn ofbeldi hvítra manna. Annars væru þeir komnir, en meðan þeir hefðu verið í löglegri ánað. Þær ættu að sýna ósérplægni, því að hvort sem væri, þá væri nú ókleift að fá pólitískan kosningarrétt kvenna samþykkan. Það spilti að eins fyrir þrælunum, en bætti þeirra eigin hag ekki. Eftir 20 ár yrði stjórnarskráin aftur tekin til breytinga. Þá kæmi tími kvennanna. Ýmsir frægir menn fylgdu þessu fram, og Mrs. Stanton var að því komin að láta undan og verða við áskorun þeirra að vinna að þessu með þeim við næstu kosningar. En Susan Anthony varð stórreið, og sagðist fyr skyldi höggvasína hægri hendi af, en hún færi að vinna að atkvæðisrétti þrælanna einna, án þess að atkvæðisréttur kvenna fylgdi með. Og með stefnufestu sinni og þreki tókst henni að fá Mrs. Stanton aftur á sitt mál.

Ýmsir merkir menn fylgdu konunum að málum, og álitu eins og þær, að kynlegt væri að veita ómentuðum þrælaskríl pólitísk réttindi á undan landsins eigin dætrum, sem nú á síðustu tímum hefðu með ráðum og dáð tekið þátt í öllum áhugamálum þjóðarinnar, og staðið framærlega við hlið karlmanna í frelisisbaráttunni fyrir þrælunum. Konurnar og fylgismenn þeirra álitu, að ef hvoru-veggju félögin tækju höndum saman, mundu þau vinna pólitískan atkvæðisrétt handa hvorumveggju, konum og svertingjum. Aðrir telja mjög ólíklegt, að þessi flokkur hefði haft svo mikið fylgi, að bæði þessi stórmál hefðu unnist í það sinn. Sumir helztu menn af svertingja og kynblendingaflokknum sögðust heldur vilja biða eftir kosningarréttinum, í þakklætisskyni við konurnar, en fá hann með því móti að þær væru strikaðar út. Mrs. Stanton kvaðst vilja almennan kosningarrétt. En yrði einhver stétt manna að biða, þá vildi hún, að það væri þeir fáfróðustu.

Á aðalfundi kvenréttindafélagsins var samþykkt áskorun til þingsins um að veita öllum, konum sem körlum, kosningarrétt.

Nú átti þingið í New York ríkinu að haldast sumarið 1867. Horace Greely var einn í stjórnarskrárnefndinni, sem átti að leggja fram tillögur um breytingar. Mrs. Stanton skoraði á þingið að kjósa konu í þá nefnd. En því var auðvitað neitað. Horace Greely var á móti kosningarrétti kvenna, af því að það mundi verða stjórnarskrárbreytingunni um kosningarrétt Svertingja og kynblendinga að falli. Hann hótaði konum því, að ef þær fylgdu sinni skoðun fram um kosningarrétt þeirra, þá skyldi hann og blað hans snúast alvarlega gegn þeim. Þá fengu þær E. Stanton og S. Anthony konu hans til að beita sér fyrir kvenréttindamálið í Rochester, og gangast fyrir undirskrifaáskorun til þingsins frá konum um að fá kosningarrétt. Allar þess konar áskoranir voru lesnar opinberlega upp í þingsalnum. Þær Mrs. Stanton höguðu því þannig, að áskorunin frá Mrs. Horace Greely var lesin upp rétt á undan nefndarálitinu, er maður hennar las upp, sem formaður í nefndinni. Í nefndarálitinu var tekið fram, að glæpamenn, vitfirringar og geðveiklingar hefðu ekki kosningarrétt. Hjónin stóðu því þarna opinberlega hvort gagnvart öðru. Enda sagði H. Greely litlu síðar við þær stallsystur, Mrs. Stanton og S. Anthony, að þær væru þeir kænustu stjórnámálamenn sem hann hefði þekt. Og þær hefðu séð um, að kona hans hefði verið kend við alt hans nafn, sem þær neituðu þó að giftar konur ættu að gera, einungis til að valda honum gremju. Ekki varð þeim hjónum þó þetta að ágreiningsefni.

Hvarvetna í sambandsríkjunum gerðu konur nú harða atrennu til að fá málum sínum framgengt, þar sem átti að gera stjórnarskrárbreyting, og taka almennan kosningarrétt karlanna með. Um Kansas ferðudust þau hjónin H. Blackwell og Lucy Stone til að halda fyrirlestra um þetta mál, og vinna menn með því. Um tíma virtist svo sem alt mundi ganga þeim að óskum. Jafnvel H. Greeley var í blaði sínu farinn að geta þess, að unga ríkið Kansas ætlaði að ganga á undan öðrum í þessu efni. En þá snerist

almenningsálitið. New York blöðin, sem þar voru mikið keypt, fylgdu almennum kosningarrétti allra karlanna fast fram, en voru á móti konum. Menn voru sendir til að taka þátt í deilunni, og þeim vanst mikið á. Lýðveldissinnar snerust á móti. Þá ritaði auðugur Írlendingur í Kansas þeim S. Antony og Mrs. Stanton og bauð þeim aðstoð sína. Sagði að þær skyldu koma vestur og vinna að málinu. Kostnaðinn borgaði hann. Þær gerðu það, og ferðuðust um allt ríkið, þvert og endilangt, allt fram að þeim degi, þegar almenn atkvæðagreiðsla átti að fara fram um málið. Þann dag fóru þær milli allra þeirra 4 staða, þar sem atkvæðin voru greidd, til að tala fyrir málinu. Af 30,000 atkvæðum, sem átti að greiða, fengu konur 9900, en svertingjar 10,800.

Á heimleiðinni héldu þær hvarvetna fyrirlestra, og leigði Írlendingurinn oft sérstakar eimlestir handa þeim. Aldrei kváðust þær fyr eða síðar hafa ferðast eins ríkmannlega.

Þannig voru konur nú dæmdar til að bíða að minsta kosti 20 ár eftir næstu stjórnarskrárbreytingu, nema ef til vildi í einstöku smárikjum. En þá fóru þær að reyna aðrar aðferðir. Margir héldu því fram, að 14. stjórnarskrárgrein Bandaríkjanna heimilaði þeim kosningarrétt. Sumir lögfræðingar höfðu bent þeim á, að greinin tiltæki alla ameríska borgara, og þær skyldu því láta setja sig á kjörskrárnar sem kjósendur. Ef þeim yrði vísað frá, eða ef atkvæði þeirra yrðu talin ógild síðar, þá skyldu þær skjóta máli sínu undir dómstólana og jafnvel til hæstaréttar. Þá yrði almenningsálitið undirbúið og málið orðið alkunnugt áður en dómur félli, sem búist var við að yrði þeim í vil. — Kona ein, Mrs. Woodhull frá New York, hafði einnig af sjálfsdáðum tekið upp þessa aðferð, og heimtað af þinginu að gefa út lög, sem trygðu konum að geta notað sér kosningarrétt sinn, sem þær hefðu eftir 14. grein, sem borgarar Bandaríkjanna. Málinu var vísað til lögfræðisnefndarinnar, sem skar þannig úr, að þessa kröfu

skyldi ekki taka til greina, af því að hún væri ástæðulaus, og heyrði líka fremur undir dómstólana.

Minnihluti nefndarinnar áleit hana hafa rétt að mæla, því skoraði kvenréttindafélagið á allar Ameríkukonur að láta setja sig á kjörskrár og kjósa eftir 14. gr. stjórnarskrárinnar, sömuleiðis að neita að greiða skatt, meðan þær hefðu ekki kosningarrétt. Áskorun til þingsins með 80,000 undirskriftum kvenna, var lesin upp í neðri málstofunni 1872. Og um sömu mundir fengu þær Mrs. Stanton, S. Antony og Mrs. Becker Hooker að tala máli sínu fyrir lögfræðisnefndinni.

Í 14. gr. segir: »Allar persónur fæddar eða heimilisfastar um tiltekinn tíma í Bandaríkjunum, sem búa undir lögum þeirra, eru borgarar Bandaríkjanna, og í því ríki, sem þeir eiga heima.« Hér er spurningin: Hvað er borgari? Um þetta reis deilan milli kvenna og karlmanna í ýmsum ríkjum í einu. Sömuleiðis kröfðust konur að fá að flytja mál fyrir rétti eftir 14. gr. Ein kona, Mrs. Mansfield í Iowa hafði 1869 fengið málaflutningsleyfi, en víða var konum bannað það, þótt þær hefðu staðist þau próf, sem þar til heyrðu. Kona ein í Chicago, M. Bradwell, tók þetta próf 1870, og sótti svo um málfærsluleyfi í Illinois, en var neitað um það. Mrs. Bradwell skaut máli sína til hæstaréttar, sem í sambandi við dómstólana í New York og Illinois dæmdi málfærsluréttinn ekki heyra til 14. grein, en að hvert ríki gæti veitt hann hverjum sem það vildi. Hæstiréttur ætti þar ekkert um að fjalla.

Eftir þetta fengu konur víða leyfi til að flytja mál. Loks fekk kona ein, Mrs. Belva Loockwood, leyfi til að flytja mál fyrir hæstarétti 1879, eftir að henni hafði verið neitað um það oftsinnis, vegna þess að engin lagavenja var fyrir því. Þó fekk hún málið lagt fyrir Congressinn og sérstök lög samþykkt 1879 eftir að þau höfðu oftlega verið áður feld þar, um »að enginn skyldi vegna kynferðisins útilokast frá að flytja mál við nokkurn dómstól í Bandaríkjunum«.

En ekki voru allar konur fylgjandi þessum málum. Árið 1869 fengu konur pólitískan kosningarrétt í Wyoming; þá sendu 200 konur áskorun til þingsins í Massachusetts, og réðu því frá að veita konum þessi réttindi. Síðar stofnuðu konur í Boston »Anti«-kvenréttindafélag. 1871 sendu konur Shermans yfirherforingja, og Dahlgrens yfirforingja sjóliðsins áskorun frá 1000 konum, sem segja, að þótt þær hrylli við að koma opinberlega fram, þá neyddust þær þó til þess, vegna þeirrar hættu, sem stafi af þessari breytingu á borgaralegum og pólitískum kjörum kvenna, og af því að heilög ritning setji þeim aðrar og æðri skyldur. — Þær leggja einnig til, að í stað þess að veita konum kosningarrétt verði samskonar hjónaskilnaðarlög ger fyrir öll Bandaríkin, sem nemi skilnaðarleyfi úr lögum, nema þegar annað hjónanna hafi brotið, og að því sé þá ekki leyfilegt að gifta sig oftár, meðan hitt lifir. Báðum þessum konum var boðið að mæta á aðalfundi kvenréttindafélagsins í Washington. En þær neituðu því vegna þess að konur ættu ekki að taka þátt í opinberum ræðuhöldum. Vísuðu að eins til blaðagreina sinna, sem þær álitu auðsjáanlega ekki heyra undir »opinbera« framkomu. Þær brutu þó á móti þessum meginreglum með því þær mættu á þinginu til að tala móti 16. grein stj. og vitnuðu þar mest til ráðstöfunar guðs um verk-svið konunnar, og heilagleik hjónabandsins.

Í mörgum ríkjum Bandaríkjanna fylgdu konur áskorun kvenréttindafélagsins og létu setja sig á kjörskrá sem kjósendur ef það fekst. Víða voru þær gerðar afturrækar þegar á kjörskránni, en sumstaðar við atkvæðagreiðsluna. Á stöku stað var þeim leyft að kjósa en atkvæði þeirra ónýtt á eftir.

Víða var þessum málum skotið til dóms og laga. Í Columbia kröfðust 70 konur að kjósa. Þegar þær fengu það ekki, höfðu þær mál gegn kjörstjórninni fyrir fylkisdómstólnum. Því var skotið til hæstaréttar Bandaríkjanna, sem dæmdi, að eftir 14. grein hefðu konur hæfi-

leika til að vera kjósendur. En til þess að þær fengju rétt til að nota þá hæfileika þyrfti sérstök lög.

Ýmsar mismunandi skoðanir komu í ljós hjá dómurum við þessi málaferli. Sumstaðar var það dómur þeirra, að konur hefðu jafnan verið borgarar. En kosningarréttur þyrfti ekki að vera því samfara. Hvert ríki réði því, hverjir væru kosningarbærir.

Mesta athygli vöktu málaferli Súsönnu B. Anthony. Hún lét setja sig á kjörskrána. Í Rochester fóru um 50 konur að hennar dæmi, og létu setja sig á kjörskrárnar, þar sem þær áttu heima. En blöðin tóku þessu svo óstint, að kjörstjórnarnir urðu smeykir og strikuðu þær út, nema í kjördæmi því, þar sem S. Anthony átti heima; þar leyfði kjörstjórnin henni og 14 öðrum konum að kjósa. Þá lét hæstiréttur Bandaríkjanna höfða mál á móti henni og þessum 14 fyrir það að þær hefðu »með vilja og vitund kosið án þess að hafa rétt til þess«. Sömu leiðis var kjörstjórnunum stefnt fyrir Bandaríkjadómstólinn í Rochester í maí 1873.

En S. Anthony var ekki af baki dottin. Þann 6 mánaða frest, sem hún hafði, notaði hún til fundarhalda og fyrirlestra í sýslunni þar sem málið átti að takast fyrir, til þess að sanna að konur hefðu eftir stjórnarskránni kosningarrétt. Blöðin tóku þessu illa, og kölluðu það ólöglega málsvörn. Sækjandinn hótaði henni, að ef hún hætti ekki að reyna að hafa áhrif á kviðdóminn, þá skyldi málið verða tekið fyrir seinna í annari sýslu. Hún sagðist þá fara eins að þar. Þetta var gert. Málinu var frestað, og því stefnt til dómstólsins í Ontariosýslu eftir 22 daga. Þá notaði hún til að ferðast þar um. Sjálf hélt hún þar 21 fund, og þar sem hún gat ekki verið sjálf, fekk hún aðrar konur sér til aðstoðar. Afleiðingin var, að rétturinn varð ekki haldinn þar heldur. Þá var kviðdómnum slept. Dómurinn hélt því fram, að sakargiftirnar væru svo ljósar, að þær þyrftu ekki rannsóknar við. Hér væri aðeins um skilning á lögnum að ræða, og það væri verk dómara einna. Síðan dæmdi hann S. Anthony

í 25 dollara sekt fyrir að hafa kosið vísvitandi, þótt ólöglegt væri. Margrætt var um þetta mál, einkum þegar málin gegn kjörstjórunum voru lögð fyrir kviðdóm og dæmd þegar þau höfðu lagt sinn sektardóm á. Súsanna áfrýjandi, af því að málið hefði verið rekið ólöglega. Hún fekk þó enga leiðrétting, en sektina galt hún aldrei, enda var aldrei gengið eftir henni.

Árið 1867 voru samþykkt lög í Washingtonfylkinu, sem veittu öllum hvítum amerískum borgurum kosningarétt, sem væru orðnir 21 árs gamlir. Þetta vildu konur nota sér og ýmsir karlmenn styrktu þær í því. Þó var þeim ekki leyft það, þegar á átti að herða, nema í einu kjördæmi nokkrum árum síðar, 1870, að mikilsmetin og vel mentuð kona ein tók málið að sér, hélt um það fyrirlestra og fekk talið svo um fyrir konunum í héraðinu, að kosningardaginn skyldu þær halda helztu mönnunum miðdegisveizlu í skólahúsinu, þar sem kosið var, og rétt á eftir, þegar embættismennirnir væru komnir í gott skap, skyldu þær kjósa. Eftir að staðið var upp frá borðum, voru allir í góðu skapi, svo að þegar kosningin byrjaði, fóru allar konurnar og kusu með, án þess nokkur mælti á móti.

Það yrði of langt mál að lýsa því hér, hvernig konur í Bandaríkjunum börðust hvarvetna fyrir kosningarrétti sínum. En þrátt fyrir góð orð og loforð karlmanna eru það þó ekki nema 4 ríki, sem enn hafa veitt þeim þessi réttindi: Wyoming 1869, Colorado 1893, Utah 1895 Idaho 1896.

Kosningarréttarmál kvenna hefir verið margsinnis fyrir þingunum í öllum Norðurríkjunum. Í *Washington* voru þau samþykkt, en feld síðar vegna þess, að Sambandsþingið vildi ekki samþykkja stjórnarskrána með þeim ákvæðum. Í *Oregon*, *Kaleforniu*, *Nebraska* og *Michigan* voru þau lög samþykkt, en féllu við almenna atkvæðagreiðslu kjósendanna, vegna þess að Wiskyflokkurinn lagði alt kapp á að konur kæmust ekki að, því að þá væri yfirráðum hans lokið.

Í *Suður Dakota* voru lögin samþykkt í báðum þingdeildum, en landstjórinn mótmælti þeim, og það dugði. Í *Iova* voru þau fyrir þinginu 1872 og 1884, en féllu bæði skiftin með eins atkvæðis mun. Í *Wisconsin* voru þau samþykkt 1880, en af því að stjórnarskrána þarf að samþykkja á tveimur þingum, var hún aftur borin upp 1882 og féll þá með 2 atkvæðis mun. Í *Indiana* voru þau samþykkt 1882, en komust þó aldrei í gildi. Í *Kansas* hafa konur kosningarrétt í sveitamálum og fylkjamálum, en ekki pólitískan kosningarrétt. Það er *Vínflokkurinn* þar, sem leggur alt kapp á að útiloka konurnar, því sjálf-sagt er talið, að þær beiti öllum sínum áhrifum gegn vín-sölnunni.

A hundradasta sjálfstæðisafmæli Bandaríkjanna átti að verða mikið um dýrðir. Heimssýning átti að halda í *Philadelphiu*, þar sem sjálfstæðisyfirlýsingin var gefin út. Hátíðina átti að halda á aldarafmælinu 4. júlí 1876 í *Independencehöllinni*. Hvert ríki og hver borg í öllum Bandaríkjunum bjóst við að halda þessa þjóðhátíð eftir beztu föngum.

Í öllum kvenréttindafélögum Ameríku var rætt um, hvornig konur ættu að taka þessu hátíðahaldi. Og öllum kom saman um að láta það hlutlaust, af því að sjálfstæðisyfirlýsingin kæmi konum ekki við. Gagnvart þeim hefðu heitin um almenn mannréttindi aldrei verið haldin. Sumstaðar var kvenréttindafélagunum boðið að vera með öðrum félögum í skrudgöngunum. En þau neituðu því kurteislega. Það væri edlilegt að karlmenn héldu hátíð þenna dag, en konur gætu það ekki meðan þær hefðu engin stjórnarfarsleg réttindi. Nema í *Kaliforníu*, í *San Francisko*. Þar mæltist stjórn kvenréttindafélagsins til að þær fengju að ganga í skrudgöngunni um götur borgarinnar milli *Svertingjanna* og *Kínverja* eins og þeim væri skipað réttarfarslega.

Tveim dögum áður en hátíðin byrjaði, 2. júlí, hélt *Ameríska kvenréttindafélagið* aldarafmæli sitt, í minningu þess, að þann dag voru 100 ár síðan er *Nýja Jersey* hefði veitt kon-

um sínum kosningarrétt. Það væri fyrsta sinni í sögunni að konum og Svertingjum væri veittur þessi réttur. Og þótt þær hefðu mist hann seinna, þá hefðu það verið innflytjendur, en ekki hinir alvarlegu og frjálslýndu kvekarar og þúritanar, sem hefðu tekið hann af þeim, einum mannsaldri síðar.

Kvenréttinda-landsfélagið ákvað að lýsa óánægju sinni á ákveðnara hátt en með því að vera utan við hátíðahaldið. Sumar vildu, að konur gengju í skruðgöngu í sorgarbúningi, með sorgarveifar á stöngum og áritanir úr sjálfstæðisyfirlýsingunni. Sumar vildu að þær héldu sína sérstöku hátíð, læsu upp áskoranir, ályktanir og mótmæli sín, og heimtuðu réttlæti, frelsi og jafnrétti. Þetta var víða gert.

Landsfélagið samþykkti þá að halda hátíðina í Philadelphíu, við sjálfa Independencehöllina, til þess að mótmæla hátíðahaldi sjálfstæðisyfirlýsingarinnar, meðan konurnar gætu ekki verið með í því. Þær höfðu ætlað sér Carpenterhöllina sem hátíðarsal. Þar var fyrsti Congressinn haldinn; þar kraup Washington í bæn og gömlu kvekararnir með honum, þegar þeir voru að biðja fyrir frelsi Ameríku. — En þær fengu ekki höllina. Annan stað í nánd við Independencehöllina, sem þær höfðu loforð um, fengu þær ekki heldur, af því að eigandinn var hræddur um leiguna, því að flestar konur, sem fyrir stóðu, voru giftar og höfðu því ekki rétt til að gera bindandi samninga. Loksins tókst þó að útvega húsnæðið, og varð Susan Anthony að gera samninginn undir sínu nafni, af því að hún var ógift.

En konunum nægði ekki að halda sína sérstöku hátíð. Þær vildu vera við hallardyrnar og sjá um, að þær gleymdu ekki. Þær sömdu því yfirlýsingu um réttindi kvenna, sem þær ætluðu að rétta forseta Bandaríkjanna á sjálfri hátíðinni, rétt á eftir að hann hefði lesið upp sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna frá 1786. Þar lýsa þær því yfir, að þegar öll þjóðin sé full af ættjarðarást og fögnuði á aldarafmæli landsins, þá séu þær sorgmæddar. Þótt þegar

konga og keisara frá »gamla heiminum« taki þátt í þjóðhátíð þeirra, þá sé dætrum lýðveldisins meinað að leggja hendur sínar blessandi á höfuð þjóðarinnar. Þegar þær líti á allar framfarirnar, sem þessi sýning beri vitni um, alt það frelsi, sem þjóðin eigi í frjálsri kirkju, frjálsum blöðum, þá gleðjist þær. En ekki fyrir sig. Svo koma margar kærur um ófrelsi kvenna. Síðan segja þær: »Vér heimtum engin sérréttindi, vér heimtum aðeins réttlæti og jafnrétti, lagalegt og stjórnarfarslegt, fyrir oss og dætur vorar, eins og hverjum borgara í Bandaríkjunum ber að fá«.

Susan Anthony sneri sér til Hawley yfirhershöfðingja formanns hátíðanefndarinnar, og bað um 50 sæti fyrir stjórn kvenréttindafélagsins. Hann svaraði, að engum nema mönnum í opinberri stöðu væri boðið. Samt gat Miss. Anthony fengið sér aðgöngnumiða, sem fréttaritari fyrir blað bróður síns. Loks voru kvenréttindafélaginu sendir 4 aðgöngumiðar.

Mrs. Stanton ritaði Mr. Hawley og bað um leyfi til að rétta varaforsetanum »Bill of Rights« kvennanna á meðan á hátíðahaldinu stæði. Hún heimtaði ekki að hann skyldi lesa skjalið í heyranda hljóði, en vildi aðeins rétta forseta það, svo að það væri einn hluti af hátíðahaldinu. Hann neitaði því, sagði, að hátíðarskráin væri samin, og henni yrði ekki breytt. Þær sneru sér til varaforsetans sjálfs; hann átti að vera í stað Grants forseta, sem var forfallaður. Hann neitaði því líka, þótt þær vissu, að hann hefði verið þeim hliðhollur. Þá kom Mrs. Stanton og Mrs. Mott saman um að koma ekki. En S. Anthony var ákveðin í, að yfirlýsingin skyldi komast á framfæri með einhverju móti. Hún fór því þangað og 4 konur aðrar, það var hennar skylda, að hennar álit.

Nú var sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna lesin upp, og rétt á eftir átti að syngja hátíðasöng um Don Petro Brasílukeisara, sem heiðraði lýðveldið með návist sinni! En meðan menn voru að búa sig undir hátíðasönginn, stóð S. Anthony upp úr sæti sínu og konurnar 4 með henni, og gengu upp að pallinum, þar sem forsetinn sat. Útlendu

gestirnir og embættismennirnir, sem sátu rétt fyrir neðan pallinn, rýmdu kurteislega til fyrir þeim. Súsanna gekk þá fram fyrir forsetann og rétti honum yfirlýsinguna með fáum orðum. Hann fölnaði við, en hneigði sig, til þess að gera ekki veizluspjöllin meiri. Síðan gengu þær út og réttu á leiðinni til beggja handa, hverjum sem hafa vildi, prentað eintak af yfirlýsingunni. Allar hendur voru á lofti eftir þeim, allir vildu ná í eitt eintak.

Síðan gengu þær út, og upp á háan pall úti fyrir höllinni, sem ætlaður var söngmönnum. Hér las Susanna hátt og snjalt upp yfirlýsinguna fyrir miklum mannfjölda, sem safnast hafði þar saman. Nokkrum eintökum var líka útbýtt þar. Eftir það fóru þær allar til únitara-kirkjunnar, þar sem kvenréttinda-landsfélagið hélt hátíðina, og Lukretia Mott, sem var 85 ára, stýrði fundinum. Hér las Mrs. Stanton upp yfirlýsinguna, og ýmsar konur héldu þar ræður, en á milli var söngur. Í 5 klukkustundir héldu þær þannig áfram með ræður og söng í brennandi sólarhita.

Um þetta bil komu hermennirnir með hina sundur-skotnu blóði drifnu fána úr þrælastríðinu, eins og sýnilegan vott um allar þær skelfingar. »Móðir Bickerdyke«, sem hafði hjúkrað og hlynt að veiku »drengrunum« sínum, með dugnaði sínum og trygð, konan, sem þeir höfðu kallað á eftir: »Farðu ekki frá okkur, móðir, við gleymum þér aldrei!« — hún var gleymd og allar þær ágætiskonur, sem þúsundum saman fórnðu eignum, heilsu og lífi til að hjúkra sjúkum og særðum hermönnum og senda þeim að heiman alt, sem þeir þurftu með. Svertingjar og kynblendingar komu í fylkingum, og yfir höfðum þeirra var 15. grein stjórnarskrárinnar, sem veitti þeim fullmannréttindi, hljómandi eins og sigursöngur. Hver fáninn eftir annan var borinn fram hjá, með nöfnum Garrisons, Philipps og Douglass, en hvergi var að sjá nöfn Lukretiu Mott eða Harriet Beecher Stowe, sem hafði með bók sinni, um »Kofa Tómasar frænda«, vakið viðbjóð mannkynsins á skelfingu þrælahaldsins. —

En yfirlýsingin, sem Susan Antony rétti Mr. Ferny, var síðan sett í umgjörð og hengd upp í herbergi varaforsetans á Kapitolium í Washington.

Og þar á hún að geymast til næstu hundrað ára hátiðar lýðveldisins, 1976, dætrunum til minningar um það, hvernig mæður þeirra fyrir hundrað árum börðust fyrir réttindum sínum.

Grein þessi er lítill og lauslegur útdráttur úr hinni merkilegu bók eftir frú Dagmar Hjort um »Kvinderets Bevægelsen i Nordamerika«. Því miður er ekki í svona stuttu ágripi unt að gefa mönnum fullnægjandi hugmynd um þann frábæra dagnað, sjálfsafneitun, þolgæði og hyggni, sem þessar fyrstu forvígiskonur sýndu í þessari baráttu sinni, sem borið hefir svo blessunarríka ávexti fyrir menningu kvenna um allan heim og réttarfarslega stöðu þeirra.

BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR,

Að verða úti.

Fyrirlestur fluttur á Akureyri 1909.

Í hvert skifti, sem hann alt í einu skellur á með kafdimmri snjóhrið og hörkuveðri, eins og oft vill verða í skammdeginu á veturna, þá verður margri konunni órótt, sem veit af manni sínum eða sonum einhverstaðar á ferð; og óróinn vex bæði í brjósti hennar og annarra heimilismanna, þegar heimkoman dregst og ekkert heyrir nema óveðursýlfrið í Kára, þegar hriktir í hurðum og gluggum og kaldan næðinginn leggur inn bæjargöngin. — Hafa þeir komist til bæja eða — hafa þeir orðið úti? Þessar tvær spurningar eru efst í huga allra, því vanalega er að eins um þetta tvént að ræða. En seinni spurningin er flestum svo ógedfeld að þeir kveinka sér í lengstu lög við að koma með hana fram á varirnar.

— Vér Íslendingar eru orðnir því svo vanir að heyra fréttir um menn, sem orðið hafa úti í illviðrum á veturna, að í hvert sinn er stórhrið hefir slotað, þá er sú spurning efst á baugi og gengur mann frá manni: ætli engum hafi hlekst á í hriðinni þeirri arna?

Það er ekki að ósekju, að landið okkar hefir hlotið nafnið Ísland, því að hér er sannarlega nóg af ísi og snjó og því ekki að undra þótt kuldinn sé mikill með köflum. Það mun óhætt að fullyrða, að fáar mentaðar þjóðir í heiminum eiga við jafnillúðuga, óstöðuga veðráttu að stríða og vér Íslendingar. Og þegar nú hér við bætist hrjóstrugt, vegalítið en víðáttumikið land, þar sem langar

leiðir eru milli bygða og jafnvel milli bæja, þá sýnist engin furða, þótt menn verði úti fremur hér en annarstaðar.

Hve algengt er það nú að menn verði úti hér á Íslandi? Svarið fáum vér, ef vér litum í Skýrslur um landshagi á Íslandi (1906).

„Á síðustu 20 árum hafa 116 manns orðið úti á öllu landinu, og sýna skýrslurnar að á jafnlöngum tímabilum verði jafnmargir úti og ennfremur að hlutfallið milli karla og kvenna, er verða úti, er eins og 5:1 eða að fyrir hverja fimm karlmenn er týna lífinu á þann hátt, verður úti einn kvenmaður. Á síðastliðnum 20 árum hefir ekki fækkað þeim sem árlega verða fyrir þessum dauðdaga, þó ætla mætti að svo hefði verið þar sem vegir hafa batnað stórum, fjallvegum fjölgað og vörður og sæluhús hafa verið reist á fleiri stöðum en áður. Að meðaltali verða árlega úti 6—7 manneskjur og þó undarlegt sé, virðist sú tala vera nokkurn vegin jöfn á jafnlöngum tímabilum eins og áður er ritað:

Ár 1881—1890	urðu úti að meðaltali	5 karlar	1 kona
— 1891—1900	— — — —	5,4	1,1
— 1901—1905	— — — —	5,2	1
— 1906	— — — —	5	1
— 1907	— — — —	4	0

Því miður vantar skýrslur um, hversu margir urðu úti fyrir meir en 20 árum síðan og er því ekki hægt að segja með vissu, hvort þessi dauðdagi sé tíðari nú en í gamla daga, en að ekkert hefir breyzt til batnaðar á síðustu 20 árum bendir á að um langan aldur hafi tala úti-orðinna haldist nokkurn veginn jöfn“.

Að verða úti hefir á voru máli fengið sömu þýðingu og að deyja úr kulda úti undir berum himni. Eg segi deyja úr kulda, en ekki helfrjósa — af því að það kemur fyrir, þó sjaldgæft sé, að menn verði úti, þó kuldinn nái ekki frostmarki og mun eg síðar drepa á það nánar.

Það kemur sjaldan fyrir að menn verði úti nema á vetrum. Á sumrin er sjaldgæft að veðrátta sé svo dimm, að menn finni ekki leið til mannabygða. Auðvitað eru margir staðir hér á landi þar sem vetrarhörkur og illviðri eru algeng einnig um hásumartímann. t. d. uppi á jöklum inni í landinu, en þangað hætta menn sér ógjarna

nema með sérstökum, góðum útbúnaði, svo öllu sé óhætt, ef verður versnar.

Það er á veturna og helzt í skammdeginu, þegar stórhriðar ganga kafdimmar, svo ekki sézt til vegar, ef til vill varla faðmslengd fram undan sér, að ferðamanninum er hætt við að villast og verða úti. Og sama sagan endurtekst vanalega aftur og aftur. Maðurinn villist, hann leitast við að finna rétta leið, en finnur ekki aðra slóð en sína eigin og hringbólást oft lengi í kringum hana, þangað til hann örmagnast af þreytu í ófærðinni, sezt niður til að hvíla sig, sofnar og deyr, af því að kuldinn heltekur hann.

Á fjallvegum og heiðum langt frá manna bygðum mun algengast að menn verði úti, en því miður kemur það líka ekki ósjaldan fyrir niðri í bygðum, jafnvel þó skamt sé milli bæja.

Hve mikill þarfnú kuldinn að vera til þess að verða mönnum að fjörlesti?

Það er ekki hægt að tiltaka neitt vist kuldastig, sem sé lífinu hættulegast, því mjög er misjafnt, hve vel menn þola kulda og í öðru lagi fer það eftir því, hve vel menn eru útbúnir. Vel klæddur maður getur þolað sér að ósekju þann kulda, sem menn þekkja mestan í nokkru landi nfl. 70° kulda eins og kemur fyrir á vissum stöðum norðaustan til í Siberíu ¹⁾. Nansen og félagar hans og aðrir heimskautafarar hafa átt við kulda að búa, sem var kringum 50° C. og kendu þeir sér einkis meins. Hins vegar hefir það komið fyrir, að menn hafi orðið úti, þó kuldinn næði ekki frostmarki, heldur væri 1 eða 2 stigum fyrir ofan núll. En í svo litlum kulda verða menn þó ekki úti, nema þeir séu annaðhvort mjög klæðlitlir eða séu á einhvernu hátt veiklaðir, séu t. d. dauðadrukknir. Áfengi hefir sem sé þau óheppilegu áhrif, að það deyfir hitaframleiðslu.

¹⁾ Það er nálægt þorpinu Werchoiansk, sem menn hafa mælt svo mikinn kulda, þann mesta sem þekkist á yfirborði jarðar. Þess má þó geta, að með frystivélum hefir tekist að framleiða enn meiri kulda nfl. ÷ 264° C.

una í líkamanum og stuðlar að hitaútgufuninni úr líkam-
 anum með því að þenja út hörundsæðarnar, en við það
 kólnar blóðið fljóttara enn ella. Það er af þessu auðskilið,
 að ekki gefur verra vegnesti í kulda en áfengi.

Ef logn er og stillur, verðum vér ekki varir við óþægi-
 leg áhrif af kuldinum, þó hann aukist mjög, ef vér erum
 nokkurn veginn vel klæddir. Öðru máli er að gegna, ef
 veður er óstöðugt og vindasamt. Þá nærir kuldinn í
 gegn og nístir hörundið, jafnvel þó frostið sé harla lítið.
 Þur kuldi þolist miklu betur en rakur, þó frost sé meira
 að stígatölu. Í votum snjó er t. d. miklu hættara við kali
 en í þurrum skafrenningssnjó. Sömu leiðis er mjög kalt
 vatn óhollara enn klakinn sjálfur. Þeim sem vaða í vatni
 eða krapa, sem er 0° C. og er að byrja að frjósa, er mjög
 hætt við kali. Hinsvegar er jafnkaldur snjór því nær
 meinlaus, þar eð hann er vondur hitaleiðari og legst ekki
 að hörundinu eins og vatnið.

Hér á landi er frostið sjaldan mjög mikið, þegar menn
 verða úti; að líkindum sjaldan meira en kringum 10° C.
 Þegar stórhrið skellur á, dregur vanalega úr frostinu, og
 vex það eigi aftur fyr en birtir upp á ný, en eins og
 áður er um getið, er það einmitt í dimmviðrinu, sem menn
 verða úti.

Hvernig dauðdagi er það, að »verða úti«?

Góður eða illur?

Þeir sem komist hafa næst því að verða úti, en hafa
 þjargast þegar þeir voru aðfram komnir, segja svo frá —
 og þeim ber öllum saman um það, sem eg veit sögur af
 — að þeim hafi virzt dauðdagi sá mundi vera hinn blið-
 asti. — Í bókinni »Om Döden« eftir líflækni konungs, próf.
 Bloch, er áreiðanleg saga af manni, sem var kominn nærri
 því að verða úti. Hann segir svo frá:

»Eg var ásamt nokkrum kunningjum mínum á ferð í
 grimdarfrosti langt frá manna byggðum. Smátt og smátt
 urðum við mjög þreyttir af göngunni, en fundum lítið til
 kuldans. Við settumst þá niður til að hvíla okkur, en

hvíldin fanst mér svo þægileg, svo yndislega þægileg og hugnæm, að eg man ekki skemtilegri stund í öllu lífi mínu. Mér fanst eins og himnarnir opnast og eg fór að sjá sýnir — engla, sem stigu dans —; en meira man eg ekki, og vissi úr þessu hvorki í þennan heim né annan, fyr en eg vaknaði í ókunnu rúmi á óþektu heimili, þar sem fólkið fræddi mig á, að eg hefði fundist ásamt félögum mínum, og hefðum við allir verið hálfdauðir úr kulda. Eg var stórkalinn á fótunum, en fann fyrst til þess þá. Hefði eg orðið þarna úti, þykist eg sannfærður um, að ekki hefði mér getað hlotnast þægilegri dauðdagi.

Frásögn þessa manns ber alveg saman við sögur af slíku tægi sem flestir munu einhverntíma hafa heyrt. Sjálfur dauðinn læðist vanalega að mönnum óvörum eins og svefninn, hvort sem dauðameinið er kuldi eða annað. Í dauðans augnabliki er meðvitundin ekki lengur vakandi, til þess að geta fundið neinn sársauka. Hins vegar verður því ekki neitað, að sá sem farinn er að villast og sér dauðann fyrir dyrum verði óttasleginn, og á hann komi fát og ef til vill örvinglun. En þess ber að gæta, að þreytan og svefninn breiða fljótt sinn verndarvæng yfir. Um leið og líkaminn þreytist, þreytast sem sé líka sálarkraftarnir. Viljinn hverfur smátt og smátt, og um leið allur áhugi á að komast áfram á rétta leið. Minnið sljóvast, svo að menn gleyma allri hættunni, sem yfir vofir, og stendur á sama, á hverju veltur, og svo er að sjá, sem menn stundum ruglist alveg í ríminu, og ímyndi sér, að þeir séu í þann veginn að leggja sig til svefns upp í rúmi, því það hefir komið fyrir ekki allsjalda, að menn, sem orðið hafa úti, hafi fundist hálfnaktir og eins og í þann veginn að færa sig úr fótunum eða háttá. Svefninn hefir komið yfir þá í þessum stellingum. En þegar svefninn er siginn á, linast smátt og smátt hjartslátturinn og andardrátturinn verður hægur og máttlítill. Kuldinn gagntekur allan líkamann, blóðhitinn minkar og lífið sloknar.

Sé nú frostið mikið, frýs blóðið og alt holdið gadd-

stirðnar, en sé frostið litið, líður langur tími áður en blóðið og líffærin fara að frjósa.

*Getur leynst líf með manni,
sem orðið hefir úti?*

Útlit líkamans breytist svo litið við dauðann úr kulda, að það er líkast því sem maðurinn sofi hægum svefni. Þess vegna verður mörgum að halda, að líf leynist með mönnum, sem orðið hafa úti. Með því að rannsaka, hvort nokkurn andardrátt eða hjartslátt sé að finna, má ganga úr skugga um, hvort nokkurt lífsmark sé með manni eins við þennan dauðdaga eins og aðra; og hverjum meðalgreindum manni er trúandi til þess að geta sannfært sig um hið rétta í þessu efni. Handhæg aðferð er líka sú, að binda bandspotta um einn fingur á líkinu. Ef fingurinn þá blánar og þrútnar, er það merki þess, að enn rennur blóð í æðunum, sem hindrast í rásinni af bandinu.

Leiki nokkur vafi á því við nákvæma athugun að maðurinn sé dáinn, er auðvitað sjálfsagt að sækja lækni til að skera úr því.

Það er yfir höfuð að tala sjaldgæft að vilst sé á því, hvort maður sé dauður eða lifandi, og komi það fyrir, er það að kenna athugunarleysi, sem oft er sprottið af því að menn eru líkhræddir eða í of mikilli geðshræringu til að beita skynsemi sinni eins og endranær. Það mun mega fullyrða, að meiri hlutinn af þeim sögum er ósannindi og bábylja ein, sem lifa á alþýðu munni um að menn hafi verið lagðir til og grafnir, en síðan vaknað upp í gröfnni og jafnvel spyrnt fóta-gaffinum úr kistunni, þegar þeir vöknudu þar upp við vondan draum. En hins vegar er áreiðanlegt, að fótur er fyrir þessum munnmælum, og svo er víst, að lífsmark getur leynst með manni, sem finst úti á víðavangi og virðist við fljóta skoðun vera dáinn úr kulda. Þegar kuldinn er ekki sérlega mikill, þá er hann lengi að gagntaka þannig líkamann, að lífið slokni til fulls. Blóðhitinn kólnar smátt og smátt, og getur jafnvel komist niður í 25° C. áður en algjör dauði svifur yfir, en þegar

svo er komið, þá er lífsmark lítið. Hjartað berst hægt og seint og brjóstið bifast aðeins lítið eitt við hvert andartak, en með all-löngu millibili. Það eru dæmi til þess, að tekist hefir að lifga menn, sem voru svo langt leiddir, að líkamsbitinn var kominn niður í 25° C. — Mér hefir verið sögð saga, sem eg ekki þori að ábyrgjast að sé sönn, en sem eg vil tilfæra hér, af því hún er ekki ósennileg, og getur vel hafa gerst.

Það var einhverstaðar á Austurlandi fyrir mörgum árum.

Maður fanst dauður milli bæja um hávetur, eftir að stórhrið hafði gengið daginn áður. Hann var borinn heim á næsta bæ og lagður til á hefilbekk úti í skemmu.

Um kvöldið fór vinnumaður á bænum út í skemmuna til að sækja eitthvað, en svo vildi til, að hann hafði ekki verið heima þegar líkið fanst, og hafði enginn sagt honum frá því, og því síður um að líkið stæði uppi úti í skemmunni.

Þegar hann nú kemur þangað, rekst hann óvart nokkuð hart á hefilbekkinn, en um leið heyrði hann einhverja stunu, — það grýpur hann hræðsla, og honum verður ekki um sel, þegar hann sér í þeirri birtuglætu, sem lagði inn um dyrnar, að einhver draugur ris upp á hefilbekknunum, og þessi draugur fálmar til hans og gripur í handlegg honum. Hann rykkir sér undan og þessi vofa kemur þá ofan af hefilbeknum, eins og hún ætli að ráðast á hann. Hann sér nú, að hér er annaðhvort að duga eða drepast, svo hann herðir upp hugann, snýst á móti til varnar og tekur drauginn hryggspennu. Eftir stutta viðureign fara nú svo leikar, að vinnumaðurinn verður yfirsterkari, og keyrir drauginn á bak aftur yfir hefilbekkinn, og liggur hann máttlaus og yfirunninn, en vinnumaðurinn flýtti sér burt inn í bæ, og sagði þar sínar farir ekki sléttar. Nú grunaði fólkið strax, hvernig í öllu lægi, og var þá farið út í skemmu með ljós. Sáust þá öll verksummerki, eins og vinnumaðurinn hafði skýrt frá, og var nú bersýnilegt, að maðurinn, sem haldið var að væri dauður,

hafði verið með lífsmarki og vaknað við inni í skemm-
unni, þar sem hitinn var einmitt mátulega lítill til þess
að þíða kuldann smátt og smátt úr líkamanum. Þegar
vinnumaðurinn rakst á hann í myrkrinu, hefir sama hræðsl-
an gripið báða; þeir takast á, og fangbrögðum þeirra lýk-
ur eins og vonlegt var. Maðurinn, sem vaknar úr dauða-
dái, er svo þróttlitill að hann verður óðara að lúta í lægra
haldi fyrir vinnumanninum, og glíman verður til að riða
honum að fullu, því að lífið, sem rétt á undan aðeins blakti
á skari, þolir ekki áreynsluna, sloknar alveg út af.

*Hvernig á að fara að því að lifga mann,
sem er hálfdaður úr kulda?*

Flestum mun kunnugt um, hvernig á að fara með kal
í andliti eða á útlimum. Ef kalið er þítt upp í miklum
hita á skömmum tíma, þá er mjög hætt við, að kolbrand-
ur komi í það. Þess vegna er áriðandi að viðhafa ein-
ungis mjög lítinn hita fyrst í stað og auka hann síðan
smátt og smátt með mestu gætni. Bezta ráðið er að leggja
við kalið frostlausan snjó og síðan kalda bakstra eða baða
með köldu vatni þangað til holdið linast og blóðrásin
kemst vel af stað. Svipaða aðferð verður að hafa við
mann, sem er orðinn altekinn af kuldanum, því að þar
er ekki einungis að ræða um kal á andliti og útlimum,
heldur einnig um kal í blóðinu, og þar með öllum líkam-
anum; maður, sem er þannig á sig kominn, þolir enga
snögga breytingu frá kulda til hita, heldur verður honum
að hlýna hægt og hægt, og verður að stuðla að því með
mestu þolinmæði. — Bezt er að láta manninn fyrst
inn í skemmu eða framhýsi, þar sem aðeins er lítið eitt
heitara en úti, og reyna með köldu vatni að þíða frostið
úr þeim hlutum líkamans, sem kalið hafa, baða allan lík-
amann úr vatni, sem hægt og hægt er látið hitna úr 20°
upp í 37° C., eða þangað til eðlilegum líkamshita er náð.

Til þess að örva blóðrásina, er gott að gefa inn sterkt
kaffi; sé sljóleikinn mikill má ennfremur erta taugarnar
með rafmagni, bursta iljarnar með snörpum bursta, o. fl.
Þótt nú maðurinn rakni við, þá er ekki þar með öllum

vanda lokið, því að líkaminn er lengi að ná sér aftur og verður að njóta góðrar hvíldar. Kalsár eru lengi að gróa og þurfa nákvæma hirðingu, til þess að þau ekki spillist og eitri frá sér.

Hvers vegna verða menn úti?

Sumum mun virðast sem spurningunni sé þegar svar- að með því sem á undan er ritað, og að menn verði úti af því að þeir villast og verða fyrir áhrifum kulda og þreytu þangað til kraftarnir þverra. En spurningunni er **ekki** fullsvarað með þessu. Margir hafa vilst í stórhriðum, og legið þreyttir úti í kuldinum, án þess að verða úti, og án þess nokkuð að verða meint við. Því að það má koma í veg fyrir að bæði kuldinn, villan og þreytan verði að meini.

Eins og áður er skrifað, þola menn að vera úti í kulda, sem nemur 70° C. Með góðum útbúnaði má úti- loka kuldaáhrifin. Með leiðarvísi kompássins má oft koma í veg fyrir að villast; en þó menn villist, á það ekki að þurfa að koma neinum að klandri, ef þess er einungis gætt, að láta ekki villuna þreyta sig. Því að þreyta í sambandi við kulda er það, sem verður mönnum að fjörlesti. Þeir villast í dimmviðrinu og þreytast í ófærðinni, þegar þeir eru að reyna að komast á rétta leið. En þetta er rangt. Í kaðimri snjóhrið eiga menn ekki að þreyta sig á því að villast fram og aftur, heldur eiga þeir að halda kyrru fyrir, og láta snjóinn hlúa að sér.

Þegar vér lesum ferðabækur Friðþjófs Nansens, »Paa Ski over Grønland« eða »Fram over Polarhavet«, og ihugum þá örðugleika, sem hann og félagar hans hafa yfirstigið, þá liggur oss við að halda, að það sé í rauninni ófyrirgefanlegur klaufaskapur að verða úti. Þær stórhrið- ar, sem Nansen hvað eftir annað lenti í, voru svo margfalt stórkostlegri en þær, sem tíðkast hér á landi og frostið náði margoft því hámarki, sem ekki þekkist hér. Á Græn- landsjökklum kom það oft fyrir, að skafbylurinn var svo þéttur og snjókoman svo mikil að þeir grófust í fönninni,

ef þeir námu staðar aðeins stutta stund. Þegar svo var ástatt, datt þeim aldrei í hug að þreyta sig á að halda áfram, heldur reyndu þeir að koma upp tjaldkrilinu og létu snjóinn hlynna að því.

Áður en Nansen lagði af stað í ferðir sínar, hafði hann gjört sér fyllilega ljóst, út í hvaða hættu hann lagði, og hann bjó sig svo vel út, að hann var við öllum veðrum búinn. Nansen hafði þar að auki frá barnsaldri vanist kulda og stórhriðum í Noregi og kynt sér torfærurnar.

Það er sannfæring mín, að fáir mundu verða úti hér á Íslandi, ef allir vildu, líkt og Nansen, gera sér ljóst, hvaða örðugleikar geta mætt manni á vetrarferðalagi. — Úr því það hefir fallið í vort hlutskifti, að byggja þetta hrjóstruga land, þá verðum vér að leitast við að gera oss náttúru þess undirgefna og láta hana ekki ná yfirtökum á oss. Vér eigum að kenna börnum vorum að þekkja landið með kostum þess og löstum og innræta þeim fullan skilning á, hverjar torfæur verði á vegi þeirra, og hvernig unt sé að yfirstíga þær.

Sannleikurinn er sá, að mikill hluti þeirra manna, sem verða úti hér á landi, líða þennan dauðdaga vegna vanþekkingar og gáleysis, og sumir vegna ofdrykkju.

Það er gömul hjátrú, »að ekki verði feigum forðað«, og það er talið einkenni á öllum feigum mönnum, að þeir ani í blindni eða fyrirhyggjulitið út í þá hættu, sem yfir þeim vofir og verður þeim að bana. Því er ekki hægt að neita, að margir þeir, sem orðið hafa úti eða dáíð voveiflega á annan hátt, hafa lítið skeytt aðvörunum, og anað út í opinn dauðann, þó þeim hefði verið ætlandi að sjá hættuna fram undan sér og vara sig á henni. Skýringin á þessu mun nú tæplega vera sú, að feigðin gjöri menn fyrirhyggjulitla, heldur er hitt sennilegra, að fyrirhyggjuleysið gjöri menn feiga og dragi þá í dauðann. Það er ekki feigðin, sem kallar á þá, heldur fyrirhyggjuleysið eða hugsunarleysið, sem kallar á feigðina. En hvernig stendur aftur á þessu fyrirhyggjuleysi, hvaðan kemur það? —

Flestir munu þekkja af eigin reynslu að þeir eru misjafnlega vel upp lagðir til að hugsa. Vér erum stundum vakandi og eins og við öllu búnir, en stundum erum vér sljóir og illa fyrir kallaðir og gjörum margt með litilli athygli og eins og í leiðslu. Þetta getur hins vegar stafað af missvefni, óreglulegri meltingu o. s. frv.

Það er ætlun mín að svona fari mörgum, sem — svo að segja — ana út í opinn dauða, þeir eru illa fyrirkallaðir og ekki eins gaumgæfnir og þeir eiga að sér.

Öll forlagatrú er mesta hjátrú, sem á að þaggast niður af öllum skynsömum mönnum, því að hún er þröskuldur í vegi ýmissa framfara, og gjörir fólk heimskara en það er að upplagi. Vér verðum að treysta heilbrigðri skynsemi framar öllu öðru í þessum heimi, og trúna því, að með henni komumst vér til þekkingar á öllum sannleika, og út úr öllum hættum sem yfir vofa.

*Hvernig verður komið í veg fyrir
að menn verði úti?*

Eins og kunnugt er hefir á síðasta mannsaldri verið gert talsvert af hendi hins opinbera til að koma í veg fyrir að menn villist og verði úti. Fjallvegum hefir fjölgað, vegir yfirleitt batnað, vörður hlaðnar á heidum og sæluhús reist á stöku stöðum, þar sem þeirra var brýnust þörf. Sæluhúsin hafa sérstaklega komið að góðum notum og má til þess nefna ekki sízt sæluhúsið, sem Thomsen konsúll af rausn mikilli lét byggja á Skeiðarársandi. Sjaldan hefir betur komið í ljós, hvílikt gagn getur stafað af sæluhúsum og ætti það að vera upphvatning til alþingis og sveitastjórna að auka enn tölu sæluhúsa á heidum og öræfum. Hér skal ekki farið frekari orðum um þetta, því um það hefir oft verið rætt og ritað, enda töluverðu til leiðar komið, heldur skulum vér ihuga hvaða varúð og fyrirhyggju hver einstaklingur þarf að hafa í ferðalögum að vetrarlagi.

«Hver er sinnar hamingju smiður», segir máltækið. Það er að miklu leyti hverjum manni í sjálfs vald sett, að koma í veg fyrir að honum hlekkist á í stórhrið.

Veðráttan er óstöðug hér á landi. Þó gott sé veður að morgni getur alt í einu breyzt. Þessu má aldrei gleyma áður en haldið er á stað upp á fjöll og heiðar á veturna. — Þar sem loftvog er á heimili má margt af henni ráða um veðurhorfur, en annars eru oft veðurspár nærfarinna manna meira virði.

Þá er að athuga hvernig færðin sé; hvort það muni greiða fyrir förinni að fara riðandi eða hestar séu einungis til trafala; hvort hestarnir séu traustir, vel járnaðir o. fl. Ef farið er gangandi getur verið hyggilegast að taka skiði með sér, fyrir þá sem á þeim kunna. — Þá er klæðnaðurinn.

Það er mesti vandi að klæða sig svo að kuldinn fái hvergi höggstað á líkamannum, en flestir gefa því lítinn gaum fyr en þeir hafa rekið sig á illar afleiðingar af vanrækslu í þessu atriði. Sérstaklega getur kuldinn orðið óþægilegur ef maður situr lengi hreyfingarlítill á hestbaki. Nú er það mjög misjafnt hve kulsælir menn eru og verða því ekki gefnar algildar reglur um hvernig skuli búa sig, enda verður þar oft að fara eftir föngum hvers eins. En eg get lýst því hvernig eg sjálfur er útbúinn í stórhríð á vetrardegi þegar eg er sóttur langa leið í lækniserindum. Inst klæða eru: ullarnærföt; milliskyrta úr lérefti; silki-klútur um hálsinn; þykkir ullarsokkar er ná upp að hjám.

Þá koma: Vesti og stuttbuxur úr vadmáli. Sauðskinn-skór með illeppum.

Þar utan yfir: Þrjónapeysa og utanyfirbuxur úr »brunel« (vanalegu reiðbuxnaefni) og reiðsokkar sem ná upp á mitt læri og eru reiðbuxurnar brotnar ofan í þá.

Þá fer eg í vadmálsjakka og spennu leðurbelti um mittið.

Set síðan á mig skóhlífar (galoscher) með þvengjum og ristarböndum utan yfir reiðsokkana.

Þá set eg á höfuðið mývatnshettu.

Á vanalegum mývatnshettum er eins og margir þekkja háltunglsmyndað op fyrir uppandlitið, en að öðru leyti lykur hún þétt um alt höfuðið og hálsinn niður á herðar

og brjóst. Hettan er þrjónuð úr finu bandi. Áriðandi er að hún falli þétt að höfðinu svo að ekki næði inn með opinu. Hetta sú, sem eg nota er að því leyti frábrugðin, að á henni eru þrjú lítil op fyrir augu, nef og munn, svo að hún líkist grimu.

Þá fer eg yzt í þykkann yfirhafnarjakka tvihnæptan upp í háls og hneptan utan yfir höfuðsmátt hettunnar, og set síðan á höfuðið yfir hettuna sauðvesti. Það er álitamál hvort ekki sé betra að vera í vaxdúksjakka utan yfir í stað þessa þykka og þunga jakka. Mér hefir einnig gefist það vel og á bággt með að segja hvort sé betra. Þegar stormur er mikill, hlífir vaxdúksjakkinn engu síður fyrir öllum næðingi.

Mývatnshettan gjörir trefil óþarfan, en þó er eg vanur að hafa bundinn um mig trefil, sem vefja má um hálsinn til frekara skjóls ef þörf gjörist.

Á höndunum hef eg ýmist fingravetlinga eða loðskinnhanzka og þar utan yfir belgvetlinga (sjóvetlinga), sem ná upp fyrir úlnliði yfir jakkaermarnar, sem eg bind að úlnliðunum með teygjubandi.

Þannig er klæðnaður minn þegar eg fer riðandi út í stórhrið með frosti, og má ennfremur bæta því við að í hnakknum hef eg gæruskinn og tel það ómissandi í langferðum, bæði vegna skjóls og þæginda.

Reynsla mín og annarra hefir kent mér að haga útbúnaði mínum þannig og set eg þessa lýsingu hér ef ske kynni að hún gæti orðið þörf leiðbeining fyrir þá, sem hafa minni reynzlu en eg á vetrarferðalagi. En vel gæti verið að einhverir mér reyndari ferðalangar hefðu ýmislegt við þetta að athuga og hefðu úthugsað léttari og hentugri útbúnað. Ef svo væri þætti mér vænt um ef þeir vildu gefa sig fram hér í Skírni til að fræða mig og aðra.

Með klæðnaði eins og nú var lýst er kuldalum allstaðar varnað inngöngu að beru hörundi nema í andliti lítillaga og skil eg varla í að manni sem þannig er búinn sé hætt við að kólna að nokkrum mun. Satt er það að í hvassviðri samfara töluverðu frosti næðir gegnum þykk-

an fatnað og sé maður þreyttur, svefnlaus eða svangur getur það fyrir komið að kuldi sæki á hendur eða fætur, en þá er að fara af baki og berja sér, eða ganga spölkorn.

Fyrir fótgangandi menn eða ef farið er á skiðum er þessi útbúnaður of þungur og heitur. Nægir þá að vera í einum jakka, einum utanyfirbuxum og ef til vill einum skóm — selskinnskóm með ristarböndum, yfir reidsokkunum — en að öðru leyti vera klæddur á sama hátt.

Sé veður gott þegar lagt er af stað, hættir mörgum við að klæða sig í flaustri, en enginn ætti að láta sig muna um að hafa í töskuhorni mývatnshettuna með sér og vetlinga og sokka til vara þegar löng leið er fyrir hendi, því þetta þrent má telja nauðsynlegustu plögginn ef stórhrið dynur yfir.

Með þessum línunum vildi eg öðru fremur vekja athygli á mývatnshettunni sem eg tel vera sérstaklega hentugan höfuðfatnað í stórhriðum, og gjöri eg það þess heldur sem hettan er altöfú lítt kunn og sjaldséð annarstaðar en í Þingeyjarsýslu (og ef til vill Múlasýslum).

Hvað stórhriðarútbúnað kvenfólks snertir, þá er í stuttu máli um hann að segja, að kvenfólki er hollast að búa sig öldungis á sama hátt og karlmenn. Vilji það endilega vera í pilsí, þá sakar auðvitað ekki að vera í stuttpilsí, en ekki má það ná lengra niður en að hnjám. Pilsin eru skjóllitil og vefjast einungis fyrir fótunum í storminum, öldungis eins og síðfrakkar karlmanna, sem eg tel mjög óhentugar yfirhafnir og engu skjólbetri en treyjur úr þykku efni.

Til skamms tíma var það síður sveitastúlkna sem þurftu að gegna skepnum á veturna, að hábinda sig — sem kallað var — í stórhriðum. Hábindingin var fólgin í því að snæri eða reipi var brugðið undir pilsfaldinn og með því dregið upp pilsíð milli fótanna svo það líktist víðum stuttbuxum, en bandið fest um mittið. Síðan voru pilsskálmannar reyrdar með sokkaböndum að fótunum svo að ekki næddi uppeftir. Þetta var skjólgóður útbúnaður, en stirður til hreyfinga. — Mér er fyrir barnsminni hvern-

ig stúlkur voru vanar að hábinda sig á Rangárvöllum þegar úti var grenjandi stórhrið og varla hundi út sigandi. Siður þessi er víst æfagamall hér á landi þó nú sé hann víða fágætur orðinn. ¹⁾Frá fornöld og til skamms tíma hefir eins og kunnugt er verið alsíða að kvenfólk gengi berlærað innan pilsanna, eða þá í skjóllitlum hnjáskjólum, það er því engin furða þó það fyndi upp ráð til þess að hlynna að sér í kuldum án þess að koma í bág við »móðinn«. En enginn vafi er á því að karlmannsfatnaður er hentugri og skjólbetri en hábindingin.

Þá má aldrei gleyma því að borða vel áður en lagt er upp í kuldahrið. Því »matur er mannsins megin« og er sá matur hollastur sem mikið er í af fituefnum. Fitan brennur sem sé betur en flest önnur fæða í líkamanum og framleiðir meiri hita en nokkur annar matur. Þetta þekkja allar heimskautabjóðir af gamalli reynzlu og var að minsta kosti áður fyrir alþekt hér á landi. Svo er sagt um Grænlandinga að ekki bjóðist þeim betra sælgæti en selspik og lýsi. Nansen segist hafa fyrst fengið smekk fyrir feitmeti í kuldunum upp á Grænlandsjökulum. Hann og þeir félagar urðu smámsaman svo sólgirnir í fitu að viðmetisnesti þeirra ætlaði alveg að ganga til þurðar og Nansen segir að þeir hafi átt bággt með að stilla sig um að súpa upp allan stigvélaáburðinn, sem þeir höfðu meðferðis; svo mikill fituþorsti vaknaði hjá þeim í kuldavosbúðinni. Af sömu reynzlu kunna gamlir sjómenn að segja. Það hefir verið algengt í fiskiverum hér á landi að sjómenn fengju sér vænan morgundrykk af lýsi áður en róið var út á miðin. Og ekki var það ástæðulaust að Íslendingar voru stundum kallaðir »mörlandar« fyrrum. — Það er álitamál hvort ekki sé farið að spara of mikið viðmeti víða í sveitum og víst er það, að sá lofsverði áhugi, sem áður var almennur, að hafa hangandi í eldhúsi sem feitast kjötið og þverhandar þykkar siður — er

¹⁾ Í fornöld var það jafnvel talin skilnaðarsök ef kona var í lokuðum brókum, eins og sjá má af Laxdælu (kap. 35.).

farinn að dofna. Betra væri minna af kaffinu og sæta-brauði. Heit mjólk og bolli af kaffi er bezta hestaskálin áður en riðið er úr hlaði. Áfengi á ekki að koma til greina, því eins og áður er getið er það aldrei meira eit-ur en í kulda. Nesti er auðvitað sjálfsagt að hafa með sér í hvaða langferð sem farið er, langt frá byggðum. Loks má ekki gleyma því að hafa með sér kompás þegar far-in eru fjöll og vandrataðar heiðar á vetrum, því það eitt getur stundum frelsað líf manna.

Gísli læknir Pétursson á Húsavík er ætíð vanur að hafa kompás með sér á löngum vetrarferðum og hefir hann sagt mér að oftast en einu sinni hafi það komið sér að liði og leitt sig á rétta braut.

Hvað skal til bragðs taka ef maður villist í snjóhríð?

Spurningunni er skjótsvarað: Grafa sig í fönn. Það ráð hefir frelsað marga frá að verða úti og ætti að geta frelsað flestalla ef því væri rækilega fylgt.

Þegar maður er viltur orðinn í þéttri hríð langt frá mannabyggðum, þá er í rauninni óðs manns æði að ætla að láta lukkuna ráða og halda áfram í einhverja átt, sem andinn inngefur að sé sú rétta. Reynzlan sýnir að menn rata sjaldan réttu leiðina af tilviljun einni. Dæmi þekkj-um vér öll, sem ættu að vara við því.

Þegar fokið virðist í flest skjól, þá er það einmitt fönnin, sem fokið hefir í skjólin, sem býður ferðamannin-um vegviltum öruggan gridastað og má heita eina úrræð-id í hættunni. Fönnin getur hlúð að honum og varið hann fyrir kali.

Erfiðleikar eru litlir á að grafa sig í fönn í nýfölln-um snjó og þegar snjókoma er þétt, tekur Kári af manni ómakið. En aðgæzluvert er að velja vel staðinn þar sem lagst er niður, í dældum eða undir brekku, ef þess er kostur, svo að síður skafi ofan af snjónum. Heyrt hefi eg sögu af langferðamönnum í gamla daga, sem voru svo forsjálir að taka með sér reku til þess að eiga hægra með að grafa sig niður ef til þess kæmi að þess gerðist þörf.

Eg hef átt tal við menn sem úr neyðarúrræði hafa grafið sig í fönn og hefir þeim borið saman um að vel hafi farið um sig eftir því sem um var að gera.

Þeir sem efast um að vistin í fönn sé fýsileg og viðunandi ættu að reyna sjálfir að grafa sig í fönn. Tækifæri bjóðast nóg á vetri hverjum. Eg fyrir mitt leyti hef tvisvar grafið mig í fönn að eins til að sannfærast um hvernig það væri, og get eg ekki annað en hælt því á hvert reipi. Ekki vantar loft, því snjórinn er gljúpur. Þegar maður hefir legið nokkra stund, þiðnar kringum andlitíð og smámsaman verður snjórinn svo meyr og kramur af þeim yl sem leggur frá líkamanum að hægt verður að þjappa honum saman. Getur maður þannig mótað sér litinn helli til að hvíla í. Maður liggur með öðrum orðum í snjóhúsi, sem verður nægilega rúmgott til að bylta sér til í. Þar er hægt að leysa frá nestispokanum ef nokkur er og fá sér matarbita, kveikja sér í pípu o. s. frv. Og ekki er legurúmið hart að liggja í, svo ekki trublur það svefninn. Það eina sem angar lítið eitt er rakinn af þiðnaða snjónum, sem vætir mann inn að skinni. Kulda gætir eigi ef útbúnaður er góður og ekki skefur snjóinn ofan af manni. Væri maður klæddur vatnsheldum fötum úr vaxdúk eða skinni mundi rakinn ekki verða til ama. Þeim mönnum er hafa grafið sig í fönn kemur saman um að verst hafi þeim þótt er þeir komu úr fönninni, því þá fyrst sótti að þeim kuldi af votu klæðunum. Ef frost er mikið þá er mjög hætt við kali og innkulsí. Þess vegna er mjög áriðandi að biða rólega í fönninni, þangað til dregið hefir úr frostinu eða þar til hjálp kemur.

Það fer í rauninni ekki ver um mann í fönn en Grænlandinga í snjóhúsum þeirra. Margir munu hafa lesið um það, hvernig þeir hafast oft við í snjóhúsum mikinn hluta vetrar og líkar vistin all vel. Snjóhús þeirra eru tíðum ekki skjólbetri en hola grafin í fönn þótt

þau reyndar séu rúmbetri og listfenglega bygð að ytra útliti.¹⁾

Alþýðu manna er alt of lítið kunnugt um hvað oft fönnin getur bjargað mönnum frá að verða úti. Eg hef lagt þá spurningu fyrir marga sveitamenn, sem orðið hafa mér samferða í ferðalögum, hvað þeir mundu gjöra, ef þeir viltust í snjóhrið á vetrardegi. Þeir hafa flestir svarað því svo, að þeir mundu nema staðar og halda kyrru fyrir þangað til hriðinni slotaði, reyna að halda sér vakandi með því að vera á ferli og hreyfa sig til að halda sér heitum. Flestir hafa haldið því fram að ekki dygði að leggjast fyrir, því þá mundu þeir sofna og frjósa í hel. Að grafa sig í fönn kom þeim ekki til hugar, sumir höfðu jafnvel heyrt að það væri mesta hættuspil. Svo er það að sannar sögur eru af því að menn hafi orðið úti þrátt fyrir það að þeir grófu sig í fönn; en þá var því um að kenna að þeir tóku það ráð of seint, þegar þeir voru orðnir þreyttir og kalnir, eða grófu sig ekki nógu vandlega. Dæmi sem sannar þetta má lesa í²⁾ Guðmundar-sögu góða þar sem segir frá hrakningum biskups og fylgdarliðs hans á leið úr Svarfaðardal til Hóla. Mestalt liðið týndist í snjóhriðinni, ferst úr kulda og vosbúð. Fæstir reyna að grafa sig í fönn, aðrir gjöra það, en um seinan, og farast, en þrent bjargast í fönn sem tekur það ráð í tíma — nfl. Guðm. biskup, fóstra hans og Una Herjólfsdóttir.

Ekki er mér kunnugt um hvað menn hér á landi hafi legið lengstan tíma í fönn og bjargast af, en um rússneskan bónda hef eg lesið áreiðanlega³⁾ sögu, sem hafðist við í fönn 12 daga og komst heill af. Hann var nestislaus og illa búinn, drukkinn af vini þegar hann lagðist fyrir. Hann var aðframkominn af hungri þegar

¹⁾ Sbr. lýsingu Nordenskjöld's á snjóhúsum Grænlandinga í bók hans: Den andra Dicksonska Expeditionen till Grönland 1883. Stockholm bls. 488—489.

²⁾ Biskupasögur Kbh. 1858. 1. bindi bls. 441—442.

³⁾ Eulenburgs Encyklopædi undir „Erkältung“.

honum var bjargað en náði sér fljótt aftur. Hestur hans fannst dauður hjá honum og hafði kalið í hel vegna þess að hann náði upp úr fönninni.

Það er alkunnugt um land alt hversu oft það vill til, að fé fennir og bjargast í fönn, getur lifað í fönninni langan tíma meira að segja slíkt skeður hér og hvar nálega á hverju hausti. Því skyldu þá ekki menn geta lifað líka í fönn nokkra daga?

Guðmundur skáld Friðjónsson sagði mér frá sauðkind sem lifði 16 vikur í fönn og komst af; en það lengsta, sem dæmi munu vera til um að kind hafi dvalið í fönn og lifað af, er þó 18 vikur samfleyttar. Það var forustu ær, sem var kölluð Hatta, en upp frá því Fannarhatta, og hefir Hermann Jónasson skrifað um hana í Búnaðarritinu.¹⁾

Það er næsta ótrúlegt að sauðfé geti lifað svo lengi næringarlaust undir snjónum. Það væri skiljanlegra ef það gæti náð auðri jörð undir og kroppað sér gras eða grasrót til matar, en því er vanalega ekki að fagna. Reyndir fjármenn hafa sagt mér að það væri einmitt skepnunum til tjóns ef þær ná í grassvörð, því þá gleypi þær í sig ósköpunin öll af mold og veikist af. Einnig kvað fénu vera mikil hætta búin ef það fer að eta af sér ullina, því hún safnast fyrir í kökkum í innýflunum og veldur garnastiflu. Um Fannarhöttu segir Hermann að hún hafi ekki náð í grasstrá undir snjónum allan tímann. Það hafði þiðnað svo frá henni að hún hafði töluvert svigrúm til að hreyfa sig, en þó var snjór undir henni og alt í kringum hana. Hún var orðin svo mögur og létt að hún líktist ullarvindli, en enga ull hafði hún etið af sér. Hatta hrestist fljótt og náði sér vel eftir útivistina, varð 12 vetra og ætíð talin mesta metfé. (Tvævetur var hún er hana fenti).

Það er nú enginn efi á því að sauðfé þolir betur kulda og sult til lengdar en mennskir menn. Svo er tal-

¹⁾ Búnaðarritið X. árg. Rvík 1894, bls. 84—86.

ið að 12 dagar muni vera það lengsta sem nokkrum manni sé unt að lifa við fullkomið hungur og þorsta ef ekki þjakar annað sérlegt að. Í fönninni getur snjórin varið þorstanum að kvelja mann, en í hans stað býður fönnin meiri kulda en annars er vant, sem gjöra má ráð fyrir að veiki líkamann engu minna. Það má því sennilega ætlast á, að fáum muni gjörlegt að svelta lengur í fönn en rússneski bóndinn sem áður er getið um. Eins og áður er minnst á, er feykilegur munur á því hve menn þola vel kulda og dæmi eru til þess að menn hafi orðið úti þó kuldinn næði ekki frostmarki. Slikum mönnum getur ekki orðið borgið þó þeir græfu sig í fönn. Þeir mundu lognast út af þrátt fyrir það. En því fer nú betur að slíkir pappírskúkar eru undantekning og vanalega orðnir svo af óheilnæmum lífnaði, drykkjuskap o. fl. Hvað hraustu fólki við vikur, þá er óhætt að fullyrða að það þolir vel, hvort sem er karl eða kona, að búa við 0° hita sér að skaðlausu jafnvel svo dægurum skiftir. Þetta þurfa allir Íslendingar að vita og hagnýta sér ef þess skyldi gjörast þörf. En mjög er áriðandi að láta ekki dragast of lengi, ef til þess kemur, að leita sér skjóls í fönninni, »því ekki er ráð nema í tíma sé tekið«.

Ef maður er orðinn dauðþreyttur, kalinn og veiklaður, þá er það oftast um seinan fyrir hann að ætla að fara að grafa sig í fönn í því skyni að bjargast lífs af. Hætt við að hann finnist þar bæði dáinn og grafinn. En á öðru á hann ekki betri kost; betra seint en ekki.

»Að grafa sig í fönn« er gamalt þjóðráð hér á landi, sem oft hefir bjargað lífi manna. Það má ekki falla í gleymsku. Eg vildi óska, að það sem eg hef sagt hér gæti orðið einhverjum að líði. Eg vil hvetja menn til að æfa sig á því að grafa sig í fönn til þess að geta verið betur við því búinir að grípa til þess úrræðis ef á þyrfti að halda. Og eg vil að endingu biðja foreldra og fræðslumenn barna, að innræta þeim þekkingu á því hvaða þýðingu það geti haft að grafa sig í fönn.

STEINGRÍMUR MATTHÍASSON.

Erlend tíðindi.

Norðurferðirnar. Sú frétt kemur frá Danmörku 21. desember, að ekkert sé í skjölum Cooks, sem sanni það, að hann hafi komist að norðurskauti, eins og sagt var frá í útlendum fréttum síðast. Þess var þá getið, að Cook ætlaði að senda Kaupmannahafnarháskóla plögg sín og skilríki fyrir því, að hann hefði sagt satt til um farir sínar og fundi.

Háskóli Kaupmannahafnar hafði gert Cook að heiðursdoktor og lagt í rauninni með því úrskurð á trúleik hans, og er nú við því búið, að háskólanum verði lagt þetta út til fljótfærni, svo að það gæti dregið úr áliti hans. En til þess getur varla komið. Háskóli Kaupmannahafnar er vel metinn um allan heim og hann er einmitt mörgum fremri að því, að hann hefir verið vandur að metorðagjöfum sínum og þeir hafa oftast reynst nýtir menn, sem sá háskóli hefir gert að doktorum eða heiðrað á annan veg.

Hér er þess að gæta, að vísindastarf manna er svo alvarlegt, að oftast ætti að vera óþarft, að tortryggja orð manna um fundi þeirra eða rannsóknir, svo lengi sem engin sök er fundin hjá þeim. Hér virtist engin orsök hjá háskólanum danska til að véfengja dr. Cook og frásagnir hans, og þó að séður svikari gæti tælt háskólann, þá minnar það ekki önnur verk skólans, þótt skemtilegra hefði verið og æskilegra, að hann hefði farið varlegra hér.

Nú hefir háskólinn snúist réttilega og vel við þessu; hann hefir sagt eins og er, að engar sannanir sé hjá dr. Cook; en þess er líka að gæta, að hann hefði getað verið 2 sólarhringa á pólnum fyrir því, þó hann gæti ónógar sannanir komið með fyrir veru sinni þar; en ef háskólakennararnir hafa lýst því að Cook sé óreiðumaður, þá getur maður verið fullviss þess, að þeir hafi ekki kveðið þann dóm upp fyrr en þeir höfðu vegið öll rök nákvæmlega, þar sem þeir voru búnir að heiðra hann áður. Við biðum því enn nánari fréttu, en sennilegast að svik sé í taflí hjá Cook.

Danmörk. Þess var getið síðast að ráðuneyti Holsteins Hleiðrugreifa var sett á laggirnar og mátti að vísu við því búast, að það yrði langlífara en raun varð á, því bæði hafði hann bjargað Dönnum út úr fáránlegum ráðaneytisvandræðum, leitt hervirkjamálið til lykta, og svo er Holstein greifi bæði vellauðugur og mikilhæfur maður. Þetta fór þó á alt annan veg, því 21. október lýsti þing Dana vantrausti sínu á ráðuneytinu og sagði þá Holstein þegar af sér ráðherrastörfum. Kom þetta öllum óvænt.

Tildrög þessa voru þau, að Holstein greifi þóttist í þingræðu sinni einskis styrks hafa notið frá flokk hægri manna, er hann myndaði ráðuneytið, hvorki hafa um hann beðið eða þarfnast hans og gerði fremur lítið úr flokki þeirra. Hægrimenn höfðu lítið á þetta alt annan veg. Eftir því sem milligöngumenn höfðu skýrt þeim frá, hafði Holstein bæði leitað fylgis þeirra og sett ákveðin skilyrði frá sinni hálfu, sem hægrimenn gengu að mestu að, þó að þeim tæki sárt að slaka svo mjög til í landvarnarmálinu sem þeir gerðu. Þrátt fyrir alt þótti þeim sem nauður ræki til þessa, því annars var engin sýnileg leið til þess að ráða landvarnarmálinu til lykta, er þingflokkar voru svo mjög sundraðir. Flokkurinn áleit, að Holstein hefði myndað ráðuneytið með styrk hægrimanna og komið landvarnarmálinu einkum fram fyrir lipurð og tilslökun þeirra. Konu þeim því ummæli hans óvænt og grömdust þau mjög. Leituðu talsmenn þeirra á þingi að miðla málum og fá Holstein til þess að draga úr ummælum sínum, en móti von þeirra sveigði hann hvergi til, svo ætla má, að honum hafi verið ókunnugt um álit og ráðgjörðir hægrimanna, er ráðuneytið komst á. Hafa þá milligöngumennirnir valdið þessum misskilningi öllum. Hvernig svo sem þessu er varið þá urðu hægrimenn æfir, gengu í bandalag við jafnaðarmenn og gjörbótamenn og samþykktu vantraustsyfirlýsingu með meiri hluta atkvæða.

Allar horfur voru á því, er þessi óvæntu vandræði bar að höndum, að ekki gengi nú betur með ráðuneytisSKIPUNINA en fyr. Enginn þingflokkur hafði svo yfirtökin, að einfær væri um að mynda nýtt ráðuneyti, svo alt virtist ætla á ringulreið, sem ekki yrði ráðið fram úr nema með þingrofi og nýjum kosningum. Það greiddist þó fljótar úr þessu en á horfðist og næsta ólíklega, því 27. október komst nýtt ráðuneyti á laggirnar og það úr fámennasta þingflokknum, flokki gjörbótamanna, sem ekki hafði nema einum 15 hræðum á að skipa á þingi. Foringi flokksins, málaflutningsmaður C. Th. Zahle, varð forsætisráðherra og valdi hann

alla ráðgjafana úr gjörbótaflokknum. Nafnkunnastir þeirra eru: rithöfundurinn Edvard Brandes, bróðir Georgs Brandesar og P. Munch, ungur en ötull stjórnámálaður, sem til skamms tíma var ritstjóri tímaritsins »Nýja Öldin«.

Skipun þessa nýja ráðuneytis voru allmikil tíðindi. Furðanlegt mátti það heita, að svo fálíðaður flokkur skyldi komast að völdum og munu slíks ekki dæmi áður. Hitt skifti þó meira, að stjórnar-
taumarnir komust í hendur manna, sem lengst stigu í frjálslyndis-
áttina og auk þess höfðu ýms þýðingarmikil mál á stefnuskrá sinni. Aftur var það öllum auðsætt, að valtur var sessinu undir svo fá-
liðuðum flokki nema því að eins, að hann ynni stórfeldan sigur við næstu kosningar. Er því vanséð enn, hve lengi ráðuneyti þetta situr við stýrið.

Stefnuskrá þessa nýja ráðuneytis gjörbótamanna er löng og margbrotin, svo oflangt yrði að telja upp allar fyrirætlanir þeirra. Þó má minnst á eitt mál, sem yfir önnur gnæfir í svipinn hjá þeim Dönunum og það er hlífðarlaus rannsókn alls Albertífangansins, eigi eingöngu svika sjálfs Albertí, sem dómarnir grafa upp og hafa til meðferðar, heldur og afstöðu annara við Albertí, einkum ráðgjafanna sem Christensens-ráðuneytið skipuðu samtímis honum. Sérstaklega þykir J. C. Christensen fyrver. forsætisráðherra og Sig. Berg ekki hafa gert nægilega breint fyrir sínum dyrum. Þjóðarskömm og alheimshneyksli var Albertíósóminn, en síðan hefir Dönnum þótt það að bæta gráu ofan á svart, að geta ekki losnað að fullu og öllu við skugga þann, sem Albertíhneykslið varpaði á ýmsa helztu þjóðskörungana. J. C. Christensen varð á ný ráðherra skömmu eftir að hann veik úr ráðherrasessi og flokkur hans réð að miklu lögum og lofum með tortrygni margra yfir höfði sér, sem grunuðu Christensen og fylgifiska hans suma um að hafa ekki verið með öllu ókunnugt um þá hendingaról, sem Albertí hafði snúið að hálsi sér. Þótti mönnum brýn nauðsyn bera til þess og sómi þjóðarinnar liggja við, að ríkisdómur skæri úr því, hvort Christensen og Berg hafi gert sig að einhverju leyti samseka Albertí eða ekki.

Þó þetta væri einfalt mál var enginn hægðarleikur að koma þessu í kring. Að sjálfsögðu vildi J. C. Christensen ógjarnan verða dreginn fyrir ríkisdóm, en fylgi hans hefir til skamms tíma verið svo öflugt, að slíku máli varð ekki komið fram gegn honum. Í stað þess að komast fyrir ríkisdóm réð hann niðurlögum Neergaards ráðuneytisins

og komst síðan inn í Holsteinsráðuneytið sem helzti maðurinn að forsætisráðherra frátöldum. Óánægjan yfir þessu braust út skömmu eftir að Hollsteinsráðuneytið tók við. Vildu mótstöðumenn Christensens að múgur og margmenni gengi á konungsfund til þess að mótmæla því, að Christensen sæti í ráðuneytinu, en konungur neitaði að sjálfsgöðu að taka á móti mönnum í slíkum erindum. Varð það úr, að mikill mannsafnaður fór um götur Khafnar 29. ág. með blaktandi fánum og endaði svo för þessi með harðorðum ræðum í garð Christensens. Er þetta hreif ekki, var undirskriftum safnað um land alt og jafnvel erlendis til þess að krefjast þess, að Christensen viki úr ráðherrasæti. Rituðu undir áskorun þessa 65 þús. manna í Höfn, en 76 þús. utan Hafnar. Lauk þessu svo, að 18. okt. fór Christensen úr ráðgjafasæti. Þegar Zahlesráðuneytið tók við völdum, var það eitt af lofordum þess að fá alt þetta mál rannsakað af ríkisdómi. Þessu hefir síðan verið hrundið í framkvæmd og var Christensen og Berg stefnt fyrir ríkisdóm, hversu sem mál þeirra ráðast.

Þá er annað mál, er Dönnum þykir miklu skifta og Zahlesráðuneytið ætlar sér að fá komið áleiðis. Kjördæmaskifting í Danmörku er nú orðin úrelt, svo að sum kjördæmi hafa hálfu meiri fólksfjölda en önnur. Nú stendur til að umsteypa kjördæmunum og jafna þau.

Þeirri nýbreytni hefir Zahlesráðuneytið komið á, að ráðgjafarnir hafa afsalað sér öllu titlatogi og einkennisbúningum. Er þetta að vísu lítilvægt en ekki ólíklegt að vel mælist fyrir hjá allri alþýðu, sem ætíð er lítið um tildur höfðingjanna gefið og hégómaskap.

Fjármál. Vér höfum sjaldan heyrt það, Íslendingar, að Dönnum verði fjárskortur, en þó er svo nú. Síðastliðið fjárhagsár var tekjuhallinn 8 miljónir króna, en nú er tekjuhalli áætlaður 30½ miljón. Þarf ekki að taka það fram, hve ískyggilegt þetta fjármálaástand er, þótt sú sé bót í máli að landið er frjósamt og þjóðin auðug þrátt fyrir alt og því vel fær að bera þungar byrðar. Tekjuhallinn stafar auðvitað af auknum kostnaði til hermála. Það er eins og hin mikla uppgangs og gróðaöld Dana sé liðin. Nú er farið að berjast í bökkum og safna skuldum. Eiga útlendir menn geysimiklar eignir í dönskum verðbréfum auk þess sem bein ríkislán ná til.

Eftirmaður Skats Rördams Sjálandsbiskups er orðinn Peter Madsen, fyrverandi háskólakennari.

4. desember andaðist María prinsessa af Orleans, kona Valdimars, yngsta bróður konungs vors. Hún varð tæplega hálfimtug, fædd 13. janúar 1865. Hún var að mörgu atgervis-kona og stórum ástsæl.

Kröyer, einn mikilhæfasti málari Dana, er og nýdæinn, 58 ára að aldri; hann hafði þjáðst síðast af geðveiki.

England. Þar harðnaði stöðugt þingdeilan, sem áður hefir verið getið og hefir loks fengið þann enda, sem fáir vildu trúa, að lávarðadeildin hefti fjárlögin. Höfðu lávarðarnir þá aðferð, að bera upp tillögu um það, að deildin samþykkti ekki fjárlögin fyrri en buið væri að bera þau undir þjóðina með nýjum kosningum og fekk tillagan 350 atkvæði, en ein 75 á móti.

Hér mætti nú í rauninni segja, að farið væri að bæði stillilega og högværlega, en þó það sé stórtíðindi í hverju landi, að þing hefti fjárlög fyrir stjórn, eða felli þau, þá hefði þó hvergi risið upp af því slíkur ofsastormur eins og sá, sem nú fer um Stórabretland. Svo sem menn vita er þingseta lávarðanna ættgeng, en neðri málstofan kjörin með almennum kosningum og hefir hefðunnið fjárveitingarvaldið fyrir löngu og Bretum finst það að eins gert af kurteisi, að láta fjárlögin fara til lávarðanna, en ekki af því, að þeir eigi í rauninni neitt atkvæði um þau í heild. Það hefir og verið svo öldum saman, að lávarðamálstofan hefir ekki lagt út í að fara verulega í bág við þau. Því fer þó fjarri, að lávarðarnir hafi ekki dugandi talsmenn og margar gildar ástæður fyrir máli sínu. Margir mikilsháttar fjármálamenn styðja t. d. þeirra málstað. Hér er aðalatriðið það, hvort fjárlögunum skuli ráða þjóðkjörið þing eða aðalsmannastétt landsins, og því svara Bretar einbeitt á þann veg, að almennur kosningaréttur skuli þar einn öllu ráða.

Loftfara og flugvélasóttin hefir nú gripið Englendinga sem aðra. Þeim þykir að vonum ægilegt, ef flytja má her manns yfir Ermarsund. Hafa þeir ráðgert að veita stórfé á næstu fjárlögum til flugvéla og loftfarasmíða.

Bretar hafa í mörg horn að líta í öllu sínu mikla ríki, og víða er þar úr miklum vandamálum að leysa, þó hvergi sé jafn ískygglegt ástandið og á Indlandi. Þar er svo mikill vandi úr að greiða, að ýmsir helstu menn Englendinga telja tvísýnt, hvort ríki þeirra geti haldist þar til lengdar. Óánægjan með erlend yfirráð er gömul á Indlandi og styðst hún bæði við þjóðarmetnað og misjafna meðferð Englendinga, sem lengi hefir haft þetta feikna land að

féþúfu. Meðan örfáir Indverjar höfðu notið Evrópumentunar og blöð voru nærfelt engin vör auðveldara að halda í heimilinn á landslýðnum. Nú er þetta breytt; fjöldi Indverja ernú ágætlega mentaður og blöð allmikið útbreidd, sem fastlega taka taum landsmanna. Sigur Japana yfir Rússum hefir og blásið nýju trausti í brjóst Austurlandabúum, sem áður töldu Evrópumennu ofurefli sitt. Svo hefir ofan á allt þetta bæzt það vandamál, að Bretar geta ekki gefið Indverjum þegnurétt annarsstaðar í ríki sínu. Hvervetna afsegja nýflendurnar það, sökum þess, að þær telja Englendinga ófæra til að keppa við Indverja af sömu ástæðum og Kínverja. Hefir þetta einkum orðið að áköfu deilumáli í Afríku. Indverjum þykir, sem von er, lítið til þess koma að vera brezkir þegnar og þó þegnuréttarlausir, er kemur út fyrir Indland, og þessi útilokun mjög sárbeitt fyrir þá. Eru mikil líkindi til þess, að allt þetta valdi því að lokum, að Englendingar missi yfirráðin yfir Indlandi, því þann kostinn taka þeir miklu framar en að missa hinar miklu nýlendur sínar byggðar enskumælandi mönnum.

Grikkland. Þess var getið í síðasta hefti Skírnis, að gríski herinn varð óður og uppvægur út af afdrifum Kriteyjardeilunnar. Vildu foringjar hersins fyrir hveru mun hefja ófrið við Tyrki, en þó þótti þeim bryn þörf á, að koma hermálefnum landsins í betra horf fyrst. Gerðu þeir því uppþot mikið og kúguðu þing og stjórn að vild sinni. Stjórnarskifti urðu hvað eftir annað: Theotokis lagði niður völd og tók við af honum Rhallís. Hann var 14 daga forsætisráðgjafi, en þá tók völdin Mauromikalis og var hann í flokki hershöfðingja, en í minni hluta á þinginu, meðan það var sjálfrátt um gerðir sínar. Herforingjarnir lögðu ýms frumvörp fyrir þingið um endurbætur hersins, svo sem það, að allir synir konungs skyldu sleppa embættum sínum í hernum. Þessum kröfum neitaði þingið 14. október. Varð þá uppþot mikið í hernum og höfðu foringjarnir staðráðið, að ráðast á þinghúsið daginn eftir, taka þingmenn höndum, steypa konungi úr völdum og setja bráðabirgðarstjórn í landinu. Þessi ráðagerð kvisaðist og lét þá þing og stjórn þegar alt í þá skál, er foringjarnir vildu og keyptu sér frið með því. Voru samþykkt umræðulaust öll þau lagafrumvörp, sem herinn vildi, og synir konungs lögðu niður völd sín í hernum. — Mjög hélt það þó aftur af framkvæmdum hersins, að stórveldin hétu afarkostum, ef ekki væri með friði fram farið bæði gagnvart konungi og Tyrkjum.

Skömmu eftir þetta gerðu flotaforingjar nokkrir beina upp-reistu. Fyrir þeim var undirforingi nokkur, ungur að aldri, er Týbaldos hét, fullhugi mikill og hinn mesti ofsamaður. Þóttust þeir ráða oflitlu móts við landherinn. Vildi Týbaldos því ólmur komast til meiri valda og lézt mundu umbæta flotann, en þessu tóku landherforingjar þverlega og ráku Týbaldos úr hernum. Hann hafði vald yfir tveim tundursuekkjum og nær 300 hermönnum og réðst með liði þessu að vopnabúri ríkisins. Var þar harður bardagi en ekki langur, því að eftir þriðjung stundar var önnur suekkjan komin á gryning, en hin flúin til lands. Komst Týbaldos undan á flótta upp til fjalla með fáa menn. Flestir voru handteknir og fáeinir féllu. Týbaldos náðist nokkrum dögum síðar, og var hann dæmdur til dauða. — Síðan hefir fátt frézt frá Grikkjum, er tíðindum sæti, enda gæta herforingjar þess stranglega, að ekki sé annað simað til annara landa en þeim líkar. Stórveldin hamla ófriði og styðja konung á stóli, en sagt er að hann yrði sjálfur guðsfeginur að losna úr þeirri þrífund.

Rússland. Þar hafa helztu tíðindin verið: heimsóknarferðir keisara til ýmsra þjóðhöfðingja í álfunni, svo sem til Englakouungs, Ítalíakouungs og Frakkaforseta. Um árangur fararinnar vita menn lítið, en kurteisar viðtökur fékk hann hjá stallbræðrum sínum, en sjálfar þjóðirnar mótmæltu flestar, að við honum væri tekið. Kom svo langt hjá Bretum, að stór mótmælafundur var haldinn og skorað á stjórnina á þingi, að hleypa honum ekki á land, og var engu líkara, en hann færi huldu höfði þegar hann kom. Konungur tók á móti honum á eyjunni Wight, og haldið leyndu hvar hann stigi á land. Múgur og margmenni var haft alstaðar til að gæta hans, og var afarkostnaðarsamt, bæði fyrir keisarann og þá sem hann heimsótti. Eins var það í öllum löndunum, að menn sárkviðu því, að verða að taka á móti honum, höfðu eins og hitasótt meðan hann stóð við, og urðu guðslifandi fegnir þegar hann var fariur, og fóru ekkert leynt með það. — Svíakonung heimsótti hann og, en við Þýskalandskeisara mælti hann sér mót við Finnasker. Svona var nú þetta í hinum löndunum, en heima fyrir getur hann aldrei verið óhultur um sig og sína, og er jafnvel sagt, að drotning hans sé orðin veikluð á geðsmunum af bræðslu um sig og þá feðgana, mann sinn og son.

Finnland. Þar sýnast Rússar vera að færa sig upp á skaftið enn á ný. Byrjuðu þeir með því, að heimta að Finnar legðu á sig þungan skatt til Rússahers, 20 miljónir. Þetta var beint lögbrot við Finna, þvert ofan í stjórnarskrá og samninga. — Stjórnin neitaði því kröfunni, en Rússar námu þá úr gildi ýms réttindi Finna, sem þeir höfðu veitt þeim 1906. -- Þrátt fyrir alt þetta finnt þó Rússum, að þeir geti ekki kúgað þá nógsamlega, og hafa því haft í hótunum að lima landið í sundur, skilja frá því bezta hérað þess, Vsborgarlén, með hálfri milljón íbúa, og leggja við Rússland. Það er þó sagt, að bankar annarra landa, einhverir sem eiga hjá Finnum, hafi mótmælt þessu, og mun ekki útkljáð enn um þetta mál.

Belgía. Þar eru orðin konungaskifti, því Leopold annar andaðist 17. des. en við ríkisstjórn tók Albert bróðurson hans. Leopold var nær hálfáttræður að aldri (f. 9. apríl 1855) og hafði setið að ríkjum 44 ár. — Lítt fór orð af vinsældum hans né mannkostum, hvorki meðal þegna hans né annarsstaðar. Heimilislíf hans var hið versta og átti hann í málaferlum við dætur sínar. — Hann var stórauðugur, og hafði fyrir dauða sinn reynt að selja sem mest af eignum sínum, svo skildætur hans þrjár fengju sem minstan arf eftir hann. — Siðferði hans var lítið lofað, og hafði hann verið í kærleikum við ýmsar konur, og átti börn með sumum þeirra. Var hann í einna minstu álitu þjóðhöfðingja álfunnar, og mun minning hans lítt á lofti haldið, sízt góðri.

Hinn nýi konungur er nær hálf fertugur, fæddur 8. apríl 1875.

Spánn. Þar sætir langmestum tíðindum aftaka Ferrers. Hann var þar í landi stórfrægur frömuður þess menningarverks, að umbæta skóla landsins og ná þeim undan valdi klerkdómsins. Hafði hann stofnað fjölda skóla víðsvegar um landið til eflingar vísindum og frjálsum skoðunum og um langan aldur átt í höggi við klerkastéttina og hleypidóma hennar. Var hún því mjög fjandsamleg honum og öllu starfi hans, kallaði hann trúniðing og stjórnleysingja og lagði sig í líma til þess að hnekkja umbótum hans. Þegar uppreistin varð í sumar í Barcelona, var hann sakaður um æsingar og undirröður. Var hann tekinn höndum 1. sept. og hneptur í fangelsi. Mál var hafið gegn honum fyrir drottinsvik og sótt með svo miklum ofsa, að leidd voru ljúgvitni gegn honum, en hann fekk engar varnir fram að bera. Þegar þessar aðfarir urðu heyr-

inkunnar, vöktu þær þegar óhug margra mætra manna víðsvegar, og var skipuð nefnd í París ýmsum hinna frægustu manna »til þess að vernda píslarvotta spánverskrar kúgunar«. Nefnd þessi sendi afar harðorð mótmæli gegn meðferðinni á Ferrer, en engu að síður dæmdi herðómur hann til lífláts 9. október og var hann skotinn æð morgni 13. s. m. — Aftaka Ferrers fréttist á svipstund út um víða veröld, og urðu í mörgum stöðum uppþot og óeyrðir, einkum meðal jafnaðarmanna og trúleysingja. Hófust rósturnar fyrst í Parísarborg og fekk þar einn lögregluþjónn bana, en margir særðust. Síðan voru mótmælafundir háðir víðsvegar í stórborgum heimsins og fluttar afar stórorðar ræður gegn rangsleitni spönsku stjórnarinnar og klerkdómnum. Sumstaðar var gerður aðsúgur að kirkjum og unnar á þeim skemdir, og hvervetna þurfti lögregla og jafnvel herlið að verja spanska sendiherra, því að gegn þeim sneri múgurinn heift sinni. Heima á Spáni gætti óeirðanna í minna lagi. Þó var sækjandi málsins gegn Ferrer skotinn til bana á stræti, og stjórnin varð að hróklast frá völdum eftir harða hviðu og geysiskammir í þinginu. Klerkar gerðu sér alt far um að uppræta skóla Ferrers, og var mörgum þeirra lokað, útgáfubækur hans brendar á báli og fjöldi manna hneptir í fangelsi, þar á meðal um 90 stúlkur og verkmannakonur.

Ófriði Spánverja hefir haldið áfram í Marokkó. Kostar hann þjóðina stórfé og mælist afarilla fyrir hjá landslýðnum, enda hefir spanska hernum veitt þunglega, og oft beðið stór áföll. Hvorirtveggju hafa haft í frammi hina mestu grimd og unnið það tjón, er þeir mest máttu. Ófriðurinn hefir þó heldur sljákkað síðan í haust, og mun allmjög sorfið að Kabýlum, en ekki hefir friður verið saminn enn.

Frá **Japan** og **Koreu** eru þau tíðindi, að japanska mikilmennið Ito Hirobomi var myrtur í Charbin 26. október síðastl. Féll hann fyrir morðvopni Kóreubúa eins í hefnd fyrir tilraunir hans til að efla veldi Japans og innlima Kóreu í það. Hann var talinn mestur stjórnmalamaður Japana og átti mestan þáttinn í hinum miklu framförum þar í landi síðustu áratugina. Hann kynti sér menningu Norðurálfubúa og tók hana til fyrirmyndar í ýmsum framfarafyrirtækjum í ættlandi sínu. Ito var helzti hvatamaðurinn að því, að Japanar fengu þingbundna stjórnarskipun 1889. Hann var oft í ráðuneyti keisarans, stundum forsætisráðherra. Hann

var hvatamaður að ófriðnum við Kína og Kóreu og studdi síðast að styrjöldinni við Rússa.

Svíþjóð. Þar varð verkfallið mikla bæði lengra og harðvítugra en nokkurn mann hafði grunað og langgeigvænlegast allra verkfalla sem orðið hafa á Norðurlöndum. Þar gekk alt í sömu vandræðunum fram undir septemberlok.

Cederborg, sáttasemjari, sem stjórnin hafði skipað í þetta stórmál, gerði hverja tilraunina á fætur annari til að koma sættum á og var svo komið síðast í september, að verkmennt gengu að sáttafrumvarpi hans óskorað, en verkkaupendur heimtuðu, að þeir mættu einir ráða verkaskilyrðum og vinnutíma og landsfélag verkmannt skyldi bera alla ábyrgð á öllum misklíðum, sem kæmu upp milli einstakra mannt eða félaga og verkkaupenda, þó landsfélagið ætti engan þátt í þeim. Hér var auðsénn tilgangurinn, að kyrkja allan félagskap meðal verkmannt og drepa landsfélag þeirra með öllu.

Að þessu gátu verkmennt með engu móti gengið og tóku það fangaráð, að leyfa verkmenntum að ganga úr ýmsum félögum sínum, svo þau eyddust ekki með öllu og þyrftu ekki að ganga að sjálfsmorði, og var þá ráðið að halda að eins áfram hjá þeim verkfallinu menntum, sem fyrst höfðu rekið fólkíð burt og urðu með því eftir um 40 þús. sem héldu verkfallinu áfram. Fleirum treystu verkmennt sér ekki til að sjá fyrir mat, en með þessu ráði unnt þeir það á, að félagsréttur þeirra var að síðustu viðurkendur og að alt skyldi standa við sama og áður styrjöldin hófst. Verksmiðjueigendur og eignamennt höfðu því alls engu náð af því, sem þeir höfðu ætlað sér með burtrekstri sínum.

En tjón beggja aðila var gífurlegt og ríkisins þó mest. Sem dæmi má nefna að útfluttar vörur voru 18 milj. minni í ágústmánuði einum nú en í fyrra, en svo margt verkmannt og iðnaðar streymdi burt af landinu, að öllum ofbauð, jafnvel auðmenntunum, og var húið að skjóta saman á annað hundrað þúsund til varnar því, þegar síðast fréttist. Það eitt barg verkmenntum, að verkmanntafélög nærri allrar álfunnar stóðu með þeim til enda. Af Þýzkalandi kom þeim t. a. m. 1 milj. og 200 þús. kr., af Danmörku 550 þús. og Noregi hálf miljón kr. Tyrkir og Grikkir voru einir þjóða, sem ekkert sendu.

Það þóttu tíðindi að hæstidómur Svía dæmdi Weckse, prófessori við Lundarháskóla, tveggja mánaða fangelsi fyrir það, að

hann hafði látið opinberlega í ljósi, að getnaður Maríu meyjar væri ekki samkvæmur reynslu manna. Þessi íhaldssemi var Svíum víða láð.

Ýmislegt. Leifar af fornri staurabyggingu steinaldarmanna, ekki yngri en 4000 ára, fundust við Vettern í Svíþjóð, steinvopn, áhöld o. fl.

Cesare Lombroso, prófessor við Túrínarháskóla, geðveikislæknirinn heimsfrægi, lést í október.

Kólera var í Pétursborg alt sumarið og fram á vetur; dóu þar suma daga 30 og 40 manna. Víðar var hún á Rússlandi og barst þaðan til Hollands, Þýskalands og Belgíu, og þar var hún ennþá 27. okt., en kvað lítið að á þeim stöðum öllum.

Landskjálftar hafa orðið ákaflega tíðir í sumar og haust víðs vegar um alla jörðina.

Um Suðurfrakkland, Norðurafríku og um Miðasíu voru þeir í júní, en fremur vægir, en ákafir 1. júlí á Suðurland og hrundi þá mest það, sem upp hafði verið bygt af Messínaborg og meiddist fjöldi og dó, en hitt flest flýði. Miklir landskjálftar á Grikklandi um miðjan júlí og hrundu mörg hundruð hús og drápu menn og meiddu. Í Mexíkó gængu ákafir landskjálftar síðast í júlí og í ágúst í Japan, og svo í Lissabon 17. ág., en vægur; á Grikklandi og Ítalíu 22. sept., en á Indlandi og Sikiley 22. okt. og snarpir á báðum stöðum, og fleiri landskjálftar urðu síðara helming ársins, en minna kvað að þeim flestum.

Þorsteinn Erlingsson.



Ísland 1909.

Þing og stjórn. Þing stóð yfir frá 15. febrúar til 8. maí og varð þannig hið lengsta, er sögur fara af. — En það tafði nokkuð fyrir störfum þingsins, að ráðherraskifti urðu eftir þingsetningu. 23. febrúar var samþykkt vantraustsyfirlýsing á hendur Hannesi ráðherra Hafstein í neðri deild þings, og er meiri hluti efri deildar hafði lýst því yfir, að hann væri þeirri yfirlýsingu samþykkur, það ráðherra meiri hluta þingsins að tilnefna eftirmann sinn. Það var gert 24. febrúar, og var til nefndur Björn Jónsson ritstjóri, þingmaður Barðstrendinga. Því næst símaði ráðherra lausnarbeiðni sína til konungs og svo það, hvern þingið benti á til þess að taka við ráðherrastöðunni. — En 28. febrúar kemur svar konungs þess efnis, að hann boðar á sinn fund alla forseta þingsins, þá Björn Jónsson, forseta í sam. þingi, Hannes Þorsteinsson, forseta n. d. og Kristján Jónsson forseta e. d., til skrafs og ráðagerða. Fóru þeir utan 21. marz, en 30. marz skipaði konungur Björn Jónsson ráðherra.

Á páskadagskvöld (11. apr.) kom ráðherra og forsetarnir tveir með honum, aftur til landsins, og var þá strax eftir páskana tekið til óspiltra málanna á þingi. — Þingstörf höfðu gengið tregt til þessa.

Aðalhlutverk þingsins átti að vera, að skera úr því, hvert samband Íslands og Danmerkur ætti að vera, svo að íslenska þjóðin mætti vel við una. — Stjórnin hafði lagt fyrir þingið sambandslagafrumvarp millilandanefndarinnar óbreytt, og fyrir því varð Hannes Hafstein að víkja úr ráðherrastöðunni. Enda voru gerðar svo gagngerðar breytingar á því frumvarpi, að ekki einu sinni nafnið varð sameiginlegt með því og frumvarpi því, sem þingið samdi. Þetta frumvarp þingsins varð ekki samþykkt til fullnustu fyr en 7. maí, og skal hér ekki lagður neinn dómur á úrslitin.

Tvö önnur þýðingarmikil lagafrumvörp samþykkti þingið: um

aðflutningsbann á áfengi og um stofnun háskóla Íslands. En ekki veitti það neitt fé til háskólans. — Eunnfr. má nefna: lög um almennan ellistyrk, um váttryggingar fiskiskipa, um sóknargjöld — hver maður og kona 15 ára og eldri, sem ekki er í söfnuði utan þjóðkirkjunnar, gjaldi 2,25 kr. sóknargjald. Þá ákvað þingið að reynt skyldi að ná beinum samgöngum við Þýzkaland og veitti fé til þess að hafa viðskiftaráðunauta erlendis.

Sambands-samningsfrumvarp þingsins var lagt fyrir ríkisþingið danska, en þykir þar óalandi og óferjandi að sinni. Annars staðfesti konungur öll lög, er afgreidd voru frá þinginu.

Síðast í aprílmánuði (þ. 26.) skipaði ráðherra þriggja manna nefnd til þess að rannsaka allan hag Landsbankans. Út af þessu reyndu stjórnarandstæðingar á þingi að gera aðsúg að ráðherra og fá hann ávíttan fyrir þessa ráðstöfun. Var atlagan greidd í efri deild þingsins, en fór svo, að deildin lýsti trausti sínu á ráðherra. — Í rannsóknarnefnd þessa voru skipaðir þeir Indriði Eiuarsson skrifstofustjóri, Karl Einarsson cand. juris og Ólafur Daníelsson nú. dr. phil. En síðar (1. okt.) varð sú breyting á nefnd þessari, að þeir Indriði og Ólafur fengu lausn úr henni vegna annara anna, en þeir Magnús Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmaður og Ólafur G. Eyjólfsson verzlunarskólustjóri voru skipaðir í hana í þeirra stað. 22. nóvember var allri bankastjórn Landsbankans vikið frá, fyrirvaralaust. En áður, síðast í júní, hafði framkvæmdarstjóra bankans, Tryggva Gunnarssyni verið sagt upp þeirri stöðu frá 1. jan. 1910. — Nú var skipaður framkvæmdarstjóri bankans, Björn Kristjánsson kaupmaður og gæzlustjórar þeir Karl Einarsson og Magnús Sigurðsson til bráðabirgða. En þeir (K. og M.) létu af því starfi fljótlega vegna annríkis í rannsóknarnefndinni, sem enn hafði ekki lokið störfum sínum. Þá voru þeir skipaðir gæzlustjórar Hannes Þorsteinsson ritstjóri og Jón Hermannsson skrifstofustjóri.

F o r n m e n j a r mjög merkar fann Daniel Bruun í Brimnesslandi við Eyjafjörð. — Gróf hann þar upp gamlan grafreit og fann leifar af 13 beinagrindum í nokkrum gröfum. — Sumir karlmennirnir höfðu verið heygðir með hundi sínum og hesti, og fundust leifar af 4 hundum og 7 hestum. Maður hafði verið heygður þar í 20 feta löngum og 5 feta breiðum sexæringi. — Bátslagið sást af nöglum og spítnaleifum. 2 spjót fundust þar, járnhnífar og leifar af hnökkum og beizlum. — Skrautgripir fundust nokkrir

er heygðir höfðu verið með kveulíkum. Einnig höfðu ýms búshöld verið látin fylgja húsfreyjum í gröfina og lyklar. — Bruun þykist og hafa fundið þar leifar af búningum úr smágerðu ullardúkum.

Hyggur Bruun, að grafreitir þessi hafi verið notaðar í heiðni, alt frá landnámstíð og til þess er kristni var lögtekin og telur hann til Ufsa á Ufsaströnd.

Nýtt blað var byrjað að gefa út á Ísafirði 24. febrúar. Nefnist það »Dagur«, en ritstjóri er Guðmundur Guðmundsson skáld.

Safna húsið í Reykjavík var vígt 28. apríl.

Hornsteinn heilsuhælisins á Vífilstöðum var lagður 31. maí. Húsið reist í október.

Styrktarsjóður læknaskólans í Reykjavík var stofnaður af nemendum skólans á þessu ári. Myndast sjóðurinn af árstíllögum nemenda og þeirra íslenzkra lækna, er vilja styrkja hann. — Ætlunarverk sjóðsins er að styðja til framhaldsmentunar utanlands kandiata frá læknaskólanum. — Sjóðurinn tekur til starfa, er vextirnir nema 2000 krónum.

Prestastefna var haldin á Þingvelli dagana 2.—4. júlí.

Hafskipabryggja hefir verið bygð í Stykkishólmi. Hún var vígð 18. júlí.

Tíðarfar hefir verið afbragðs gott þetta ár. — Veturinn mjög mildur og voraði snemma, enda byrjaði sláttur um land alt einni til tveim vikum fyrr en í venjulegu árferði, og þótt vel ári. — Sumarið miklu heitara en undanfarið, og þó með talsverðri vætu, enda grasvöxtur meiri miklu þetta sumar en undanfarin ár. En

Óþurkakast gerði á túnaslætti um land alt, um 3—5 vikur, svo töður manna velktust nokkuð, einkanlega á Norðurlandi, en þó ekki til néinna verulegra skemda. — Haustið hefir verið sérlega gott allan októbermánuð, en úr því fara veður að harðna, og í desember eru meiri frost en mörg undanfarin ár. Hæst komst frostið um miðjan desember í 26° C. á Grimsstöðum á Fjöllum. — Snjó er talsverður fyrir norðan.

Landbúnaðurinn á vitanlega mikið undir tíðarfari og hlýtur altaf að lánast sémilega í slíkri tíð, er skepnur allar ganga vel undan vetri og sumarið er jafugott og nú var. Menntu eru í bezta lagi búinir undir veturinn að heyjum og munu þola það vel, þótt hann verði nokkuð harður. — Þegar snemma vorar, svo að frost fer fljótt úr jörðu, þá árar bezt fyrir allar jarðabætur, enda mun alment hafa verið unnið með langmesta móti að þeim þetta ár. Kaupgjald hefir lækkað nokkuð og kemur það hændum einkar vel. — Fjárkláða hefir orðið vart í Arness og Borgarfjarðarsýslum.

Sjá var útvegurinn hefir átt allerfitt, þótt nægur fiskur hafi verið kringum land alt. Kaupgjaldið var orðið of hátt til þess að þilskipaútgerðarmenn stæðust það, er fiskur féll í verði utanlands. Og líkur eru miklar til þess, að fiskiveiðar á seglskipum eigi nú ekki langan aldur fyrir höndum. Á Suðurlandi hafa útgerðarmenn hætt að ráða fiskimenn fyrir fast kaup. Greiðist nú kaupið með helming dráttar. — En vegna þess, hve lágt fiskverðið er, hafa fiskimennirnir haft lítið upp þennan tíma, sem seglskip geta gengið til veiða. Á Norðurlandi er enn fast mánaðarkaup tíðast, en nokkuð lægra en undanfarin ár. Vélarbátum hefir ekki fjölgað eins mikið þetta ár og áður. Enda eru mennu farnir að verða varir við ýmsa ókosti á þeirri útgerð. Á Vesturlandi og í Vestmannaeyjum hefir hún þó gengið sémilega, því að fiskur hefir verið með afbrigðum. Þó hafa nokkrir bátar tapast í Vestmannaeyjum. — En á Eyjafirði hafa vélarbátar gefist all-illa. — Botnvörpuveiðarnar hafa gefist ágætlega. Sérstaklega vel hefir gefist að fara með fiskinn nýjan til Englands. Sildarveiðar við Norðurland voru miklu minni í ár, en undanfarið. Norðmenn hafa orðið illa úti í fyrra, vegna þess, hve lágt verðið var á síldinni, og orðið

að hætta margir, eða að minka við sig. Allur aflinn nú eins og 3 á móti 4 í fyrra. Fá íslensk skip voru höfð við hringnótaveiðar, en reknetaveiðar innlendra manna tókust yfirleitt illa.

Verzlunin batnar lítið. Vextir í bönkum lækkuðu þó um $\frac{1}{2}\%$ í janúarmánuði, og síðar enn um $\frac{1}{4}\%$. Peningavandræðin ekki eins mikil og næstliðið ár, þótt varla hafi mátt verja vera. Útlit fyrir, að enn muni rætast nokkuð úr, er Landsbankinn er aftur kominn í gott gengi með auknu fjármagni, sem síðasta þing gerði ráðstafanir til að honum yrði útvegað, og ráðherra hefir samið um lán á. — Útlendar vörur, því nær allar, hafa hækkað í verði og er það sérstaklega tilfinnanlegt á matvörunni. — Verð á ull varð talsvert herra en síðastliðið ár, hæst 90 aura pundið. — Hrossamarkaður sömuleiðis miklu betri en undanfarið. — Smjörmarkaður góður er að myndast á Euglandi; verð um 90 aura pundið, eða herra jafnvel. — En kjötmarkaðurinn er slæmur, 50—60 kr. tunnan, öllu verri en í fyrra. Er helzt útlit fyrir, að aldrei fáist viðunanlegur markaður fyrir saltkjöt, sízt fastur. — Fiskur hefir enn fallið í verði að miklum mun. Jafnvel lítt seljanlegur nema úrvalsfiskur. 50—60 kr. mest fyrir valinn málsfisk. Síldarverðið hefir verið mjög á reiki, frá 10 upp í 20 kr. tunnan; það er talsvert betra en í fyrra.

Heilsufar hefir yfirleitt verið gott þetta ár. Helzt hefir verið kvillasamt í Húnavatnssýslu og Strandasýslu. Kíghósti og barnaveiki stungið sér niður hér og hvar. — Botnlangabólga gerir talsvert meira vart við sig nú en áður hefir verið, og hafa einkannlega verið mikil brögð að henni í Reykjavík upp á síðkastið, þótt hún hafi ekki drepið marga.

Nokkur mannalát og slys:

4. jan. lézt Sigurður bóndi Nikulásson í Þykkvabæjarklaustri.
- Í janúar Guðmundur læknir Scheving í Hólmavík.
8. febr. Pjetur V. Bjeriing verzlunarmaður í Reykjavík.
20. apríl Sigurður Jónsson fangavörður í Reykjavík.

4. maí Jóhannes Böðvarsson trésmiður úr Mýrasýslu.
10. maí Sveinn Jónsson trésmiður í Stykkishólmi.
21. júní Sigurður Jónsson trésmiður í Reykjavík.
 2. júlí Eyjólfur Jónsson prestur í Árnasi í Strandasýslu.
20. júlí Þórður Jónsson útvegsbóndi í Ráðagerði.
22. júlí Kristján Albertsson verzlunarstjóri á Suðureyri.
26. júlí Halldór Halldórsson bóndi frá Hóli í Önundarfirði.
 5. ágúst Jens Jónsson bóndi á Hóli í Hvammsveit í Dalasýslu.
 9. ágúst Einar Zoëga veitingamaður í Reykjavík.
 8. september Soffía Richter í Stykkishólmi.
 7. október Elísabet Ólafsdóttir ekkja í Húsavík.
13. október Ida Julia Halldórsdóttir prestskona á Útskálum.
20. október Björn Ólafsson auglæknir í Reykjavík.
25. nóvember Erlendur Magnússon gullsmiður í Reykjavík.
16. desember Pétur Pétursson fyrv. bæjargjaldkeri í Reykjavík.
16. desember Hallgrímur Sveinsson biskup í Reykjavík.
20. janúar fórst bátur á leið frá Reykjavík til Kjalarness með 5 manns. Fyrir bátnum var Guðmundur Kolbeinsson hreppstjóri á Esjubergi.
11. apríl brann stúlka inni í Reykjavík.
21. apríl tók Einar Einarsson skipstjóra út af fiskiskipinu Sigurfaranum úti fyrir Selvogsströndum.
27. apríl varð Ingvar Magnússon úti í Óshlíð milli Seljalands og Bolungarvíkur.
13. júlí datt Hálfan Brynjólfsson út af bryggju á Ísafirði og druknaði.
 1. ágúst druknaði Halldór Jónsson bóndi í Brekkukoti í Akrahreppi í vesturós Héraðsvatna.
 Í ágúst druknaði Eyjólfur bóndi Hallsson frá Breiðahlíð í Mýrdal í Jökulsá á Sólheimasandi.
21. ágúst druknaði Guðmundur Jónsson bóndi í Þinganesi í Hornafjarðarfliótum.
7. sept. hvolfði bát á Arnarfirði. 3 menn druknuðu: Guðbjartur Sigurðsson, Guðbjartur Markússon og Guðmundur Elíasson, allir ungir menn.

Sama dag druknuðu þeir Eiríkur Halldórsson bóndi frá Veigastöðum og Jóhann Þórarinsson frá Dálksstöðum í »Pollinum« við Akureyri.

Í október hvolfði bát á Skötufirði með tveim mönnum. Annar þeirra, Lúðvík Kristjánsson, druknaði.

24. nóvember druknaði Gunnlaugur Aðalsteinsson í Flókadalsvatni í Fljótum.
27. nóvember hrapaði Jón Jónsson útvegsbóndi í Bolungarvík fram af húströppum og dó hann samstundis.
- Í nóvember druknaði Kristján Kolbeinsson í Skötufirði.
- Í nóvember druknaði Sveinn Friðfinnsson í Mývatni.

Brunar hafa oft verið meiri en þetta ár.

8. febr. brann tóvinnuhús í Ólafsdal.
- Í marz brann bærinn á Tjarnargarðshorni í Svárfaðardal.
11. apríl brann húsið nr. 35 við Skólavörðustíg í Reykjavík; stúlka brann inni.
28. apríl brann íbúðarhús á Barði í Fljótum.
2. maí brann baðstofa á Esjubergi.
6. júní brann bærinn í Keflavík í Skötufirði.
8. júní brann bærinn á Flögu í Vatnsdal.
13. september brann bræðsluhús á Ísafirði.
- Í nóvember brann hús Matthíasar Hallgrímssonar á Siglufirði.
- Rétt fyrir jólin brann íbúðarhús Kristjáns Árnasonar í Húsavík.

Í desember 1909.

J. M.

I

Skýrslur og reikningar

Bókmentafélagsins árið 1909.

Félagið hefir árið 1909 gefið út þessar bækur og látið félagsmenn fá þær fyrir árstíllagið, 6 krónur:

Skírnir, tímarit hins isl. Bókmentafélags, 83. ár, kr.	4,00
Íslendingasaga eftir B. Th. Melsteð II ³	— 2,00
Íslenzkt fornbréfasafn IX ¹	— 4,00
Lýsing Íslands eftir Þorv. Thoroddsen II ¹	— 3,25
Safn til sögu Íslands IV ³	— 1,00
Sýslumannaæfir IV ¹	— 2,35
Æfisaða Jóns Ólafssonar Indáfara II	— 3,75
	kr. 20,35

Ársfundur Reykjavíkurdeildarinnar var haldinn 8. júlí 1909. Forseti gat þess, að fyrri aðalfundur deildarinnar hefði farist fyrir sakir fjarveru sinnar og féhirðis í útlöndum. Þá lagði forseti fram endurskoðaðan reikning deildarinnar fyrir árið 1908, og var hann samþykktur. Eftir nokkrar umræður um fjárhaginn var borin upp svolátandi tillaga Jóns alþm. Ólafssonar: Vextir af fastasjóð félagsins séu lagðir við fastasjóðinn, þar til er handritasafnið er að fullu borgað. Tillagan var feld. Þá skýrði forseti frá bókaútgáfu félagsins á umliðnu ári, og gat þess, hver rit yrðu gefin út af deildinni þetta árið. Því næst voru kosnir embættismenn, varaembættismenn og endurskoðendur deildarinnar, og hlutu þessir kosningu: Forseti prófessor Björn M. Ólsen, féhirðir bankagjaldkeri Halldór Jónsson, skrifari dr. phil. Björn Bjarnason, bókavörður bóksali Sigurður Kristjánsson; varaforseti rektor Steingrímur Thorsteinsson, varaféhirðir bankastjóri Sighvatur Bjarnason, varaskrifari sagnfræðingur Jón Jónsson, varabókavörður fornmenjavörður Mattías Þórðarson; endurskoðunarmenn: Björn

Ólafsson augnlæknir og Klemens Jónsson laudritari. Þá voru kjörnir 33 nýir félagar, er beiðst höfðu inntöku í félagið. Loks skýrði forseti frá gerðum nefndarinnar í heimflutningsmálinu og lét þess getið, hvers vegna hann hefði ráðið af að fresta málinu til þessa fundar. Eftir allmiklar umræður var samþykkt með öllum þorra atkvæða svolátandi tillaga Hannesar ritstjóra Þorsteinssonar:

Fundurinn álitur að nefnd sú, er skipuð var í fyrra til að endurskoða lög félagsins og íhuga heimflutningsmálið, sé enn starfandi og skorar á hana að lúka störfum sínum fyrir árslok.

Þá var samþykkt viðaukatillaga frá málaflutningsmanni Eggert Claessen þess efnis, að bæta við 2 mönnum í nefndina, og voru til þess kjörnir: bankagjaldkeri Halldór Jónsson og yfirdómari Halldór Daníelsson.

Ársfundur Hafnardeildarinnar var haldinn 29. nóvember 1909. Forseti lagði fram endurskoðaðan reikning deildarinnar fyrir árið 1908, og var hann samþykktur umræðulaust. Þá skýrði forseti frá bókaútgáfu félagsins á liðna árinu og hver rit yrðu gefin út þetta árið. Næsta ár yrðu hér í deildinni engin ný rit gefin út, heldur einungis framhald áður samþyktra rita. Þá skýrði forseti frá ástæðum til frestunar ársfundar; hann gat þess, að stjórnin hefði sent í haust fyrirspurn til félaga deildarinnar um heimflutningsmálið. Meiri hluti deildarmanna hefði verið heimflutningi mótfallinn; í Ameríku hefði 21 verið með, 22 á móti, í Danmörku 10 með, 25 móti, í öðrum löndum 1 með, 21 móti; — alls 32 með, 68 móti. Félagið »Árgalinn« í Ameríku hafði sent skriflega fundarályktun gegn heimflutningi, sem forseti las upp. Þá fór fram stjórnarkosning, og voru kjörnir: forseti próf. Þorvaldur Thoroddsen, féhirðir Gísli læknir Brynjólfsson, skrifari cand. mag. Sigfús Blöndal undirbókavörður við kgl. bókasafnið, bóka-vörður stud. med. Pétur Bogason; varaforseti cand. mag. Bogi Th. Melsteð, vara-féhirðir Þórarinn E. Tulinius stórkaupmaður, varaskrifari stud. mag. Vernharður Þorsteinsson; endurskoðunarmenn: stud. med. Stefán Jónsson og stud. mag. Jónas Einarsson. — 30 nýir félagar voru teknir inn á fundinum. — Út af forsetakosningunni urðu nokkrar deilur, og komu fram mótmæli gegn lögmati hennar; voru þau bókuð, en þeim eigi sint að öðru leyti, enda komu fram mótmæli gegn þeim mótmælum frá öðrum fundarmönnum.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Reykjavíkurdeildar Bókmentafélagsins árið 1908.

T e k j u r :

1. Eftirstöðvar samkv. fyrra árs reikningi:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	3500,00	
b. Á vöxtum í sparisjóði	—	107,42	
		<hr/>	kr. 3607,42
2. Greidd tillög, að frádregnum umboðslaunum (flskj. 1)	kr.	2335,95	
Ársgjöf frá heiðursfélaga landsh. M. Stephensen	—	10,00	
		<hr/>	kr. 2345,95
3. Tekjur af Skírni:			
Auglýsingar og tillög Skírniskaupenda (flskj. 2-6)	—	509,75	
4. Seldar aðrar félagsbækur og uppdrættir, að frádregnum umboðslaunum (flskj. 7)	—	674,13	
5. Áttunda greiðsla fyrir handritasafnið	—	1000,00	
6. Styrkur úr landssjóði	—	2000,00	
7. Vextir:			
Ársvextir $\frac{1}{1}$ — $\frac{31}{12}$ '08 af 3500 kr. bankavaxtabréfum	kr.	157,50	
Af fé í sparisjóði til $\frac{31}{12}$ '08	—	12,30	
		<hr/>	kr. 169,80
8. Til jafnaðar móti gjaldlið 5	—	500,00	
		<hr/>	kr. 10807,05

G j ö l d :

1. Hafnardeild greiddur helmingur 8. greiðslu fyrir handritasafnið (flskj. 8-9)	kr.	500,00	
2. Kostnaður við bókagerð:			
a. Skírnir:			
1. Laun ritstjóra (flskj. 10-13)	kr.	600,00	
2. Ritlaun og prófarkalestur (flskj. 14-35)	—	960,00	
3. Prentun, pappír, hefting o. fl. (flskj. 36-39)	—	1629,84	
4. Útsending, frímerki, o. fl. (flskj. 40-50)	—	251,60	
		<hr/>	kr. 3441,44
	Flyt	kr.	8441,44

	Fluttar	kr.	8441,44
b. Kostnaður við aðrar bækur:			
1. Ritlaun og prófarkalestur (flskj. 51)	kr.	126,00	
2. Prentun, pappír, hefting o. fl. (flskj. 52—65)	—	1336,64	
		<hr/>	kr. 1462,64
3. Kostnaður við útsending félagsbóka, skriftir, fyrirhöfn bókavarðar o. fl. (flskj. 66—68)	—	490,55	
4. Brunabóttagjöld, auglýsingar og ýms önnur gjöld (flskj. 69—74)	—	133,08	
5. Keypt bankavaxtabréf.....	—	500,00	
6. Eftirstöðvar til næsta árs:			
a. Bankavaxtabréf.....	kr.	4000,00	
b. Peningar á vöxtum í sparisjóði	—	279,34	
		<hr/>	kr. 4279,34
			<hr/> kr. 10807,05

Reykjavík 19. júní 1909.

Halldór Jónsson.

Reikning þennan höfum við endurskoðað ásamt fylgiskjölum,
og höfum við enga reikningssekkju fundið.

Reykjavík 7. júlí 1909.

Björn Ólafsson.

Sighvatur Bjarnason.

Reikningur

Hafnardeildar hins íslenska Bókmentafélags reikningsárið 1908.

Tekjur:

I. Eftirstöðvar við árslok 1907:			
1. Í veðdeildarbréfum lands- bankans	kr.	12000,00	
2. Í kredít-kassa skuldabr. land- eigna	—	4000,00	
		<hr/>	Fíyt kr. 16000,00

	Fluttar	kr.	16000,00	
3.	Í húskredít-kassa skuldabr.	—	2200,00	
4.	Í kredítbankaskuldabréfum józkra landeigna	—	200,00	
5.	Í þjóðbankahlutabréfum ...	—	1600,00	
6.	Á vöxtum í banka	—	2500,00	
7.	Í sjóði hjá gjaldkera	—	1019,86	
			<hr/>	kr. 23519,86
II. Andvirði seldra bóka :				
1.	Frá Gyidendals bóka-verzlun	kr.	235,57	
2.	Frá bóka-verði deildarinnar	—	68,58	
			<hr/>	kr. 304,15
III. Gjafir og félagsgjöld :				
1.	Náðargjöf konungs f. 1908	kr.	400,00	
2.	Frá heiðursfélaga Þorvaldi Thoroddsen	—	10,00	
3.	Árstillög félagsmanna	—	608,30	
			<hr/>	kr. 1018,30
IV. Innkomið frá umboðsmönnum :				
1.	Frá H. S. Bardal.....	kr.	887,48	
2.	Frá J. Bergmann	—	200,00	
3.	Frá The Viking Club	—	34,15	
			<hr/>	kr. 1121,63
V.	Styrkur úr ríkissjóði fyrir árið 1908	—	1000,00	
VI.	Frá landsbókasafninu 8. ársborgun á hand- ritasafninu	—	500,00	
VII.	Frá stofnun Hjelmstjerne Rosenkrone	—	500,00	
VIII. Leigur af innstæðu félagsins :				
1.	Af 12000 kr. í veðdeildar bréfum landsbankans	kr.	540,00	
2.	Af 4000 kr. í kredít-kassa skuldabr. landeigna	—	140,00	
3.	Af 2200 kr. í húskredít- kassa skuldabréfum	—	88,00	
4.	Af 200 kr. í kredítbanka- skuldabr. józkra landeigna	—	7,00	
5.	Af 1600 kr. í þjóðbanka- hlutabréfum	—	128,00	
			<hr/>	
	Flyt	kr.	903,00	kr. 27963,94

	Fluttar	kr.	903,00	kr.	27963,94
6. Af 2500 kr. á vöxtum í banka.....	—		125,93		
7. Af peningum í sparisjóði	—		49,89		
				kr.	1078,82
				Tekjur alls	kr. 29042,76

Gjöld:

I. Bókaútgáfukostnaður:					
1. Prentun...	kr.		1615,03		
2. Pappír	—		928,31		
3. Hefting	—		160,00		
4. Ritlaun og prófarkalestur	—		2058,25		
5. Myndagerð.....	—		218,66		
				kr.	4980,25
II. Annar tilkostnaður:					
1. Brunabótaábyrgðargjald ...	kr.		62,50		
2. Skrifstofukostnaður, fundarhald, burðareyrir o. fl. ...	—		504,97		
3. Fyrir depositum í þjóðbankanum	—		18,00		
				kr.	585,47
III. Eftirstöðvar við árslok 1908:					
1. Í veðdeildarbréfum landsbankans	kr.		12000,00		
2. Í kreditkassa skuldabréfum landeigna	—		4000,00		
3. Í húskreditkassa skuldabréfum	—		2200,00		
4. Í kreditbanka skuldabréfum józkra laudeigna	—		200,00		
5. Í þjóðbankahlutabréfum ..	—		1600,00		
6. Á vöxtum í banka	—		3000,00		
7. Í sjóði hjá gjaldkera	—		477,04		
				kr.	23477,04
				Gjöld alls	kr. 29042,76

Kaupmannahöfn 22. apríl 1909.

G. Brynjólfsson,
gjaldkeri.

Reikning þenna höfum við undirritaðir endurskoðað ásamt fylgiskjöllum og teljum hann réttan.

Kaupmannahöfn 28. apríl 1909.

Sigurður Jónsson.

Stefán Jónsson.

Hið íslenska Bókmentafélag.

VERNDARI:

Friðrik konungur hinn áttundi.

EMBÆTTISMENN:

1. Reykjavíkurdeildin.

Forseti: Björn M. Ólsen, prófessor, dr. phil., r. af dbr.

Féhirðir: Halldór Jónsson, bankagjalddkeri, r. af dbr.

Skrifari: Björn Bjarnason, kennari, dr. phil.

Bókavörður: Sigurður Kristjánsson, bóksali, r. af dbr.

Varaforseti: Steingrímur Thorsteinsson, rektor, r. af dbr.

Varaféhirðir: Sighvatur Bjarnason, bankastjóri, jústitsráð.

Varaskrifari: Jón Jónsson, sagnfræðingur.

Varabókavörður: Mattías Þórðarson, fornmenjavörður.

2. Kaupmannahafnardeildin.

Forseti: Þorvaldur Thoroddsen, prófessor, dr. phil., r. af dbr.

Féhirðir: Gísli Brynjólfsson, læknir.

Skrifari: Sigfús Blöndal, undirbókavörður v. kgl. bókasafnið.

Bókavörður: Pétur Bogason, stud. med. & chir.

Varaforseti: Bogi Th. Melsteð, mag. art.

V araféhirðir: Thor E. Tulinius, stórkaupmaður, r. af dbr.

V araskrifari: Stefán Stefánsson, cand. jur.

V arabókavörður: Vernharður Þorsteinsson, stud. mag.

HEIÐURSFÉLAGAR:

Anderson, R. B., prófessor, Madison, U. S. A.

Baumgartner, Alexander, S. J., Luxemburg.

Björn Jónsson, cand. phil., ráðherra, r. af dbr., Reykjavík.

Björn M. Ólsen, prófessor, dr. phil., r. af dbr., Reykjavík.

Bryce, James, Right Hon., sendiherra Breta í Washington.

Eiríkur Briem, prestaskólakennari, comm. af dbr., Reykjavík.

Eiríkur Magnússon, M. A., r. af dbr., bókavörður í Cambridge.

Finnur Jónsson, prófessor, dr. phil., r. af dbr., Khöfn.

Jón Jónsson Borgfirðingur, bókfræðingur, í Reykjavík.

Kaalund, Kr., bókavörður, dr. phil., í Khöfn.

Ker, W. P., prófessor við háskólann í Lundúnum.

Magnús Stephensen, fyrv. landshöfðingi yfir Íslandi, stókr. af dbr.

Matthías Jochumsson, uppgjafaprestur, r. af dbr., Akureyri.

Ólafur Halldórsson, konferenzráð, r. af dbr. og dbrm., í Khöfn.

Páll Melsteð, sögukennari í Reykjavík, r. af dbr.

Poestion, J. C., rithöfundur í Vínarborg, r. af dbr.

Steingrímur Thorsteinsson, r. af dbr., rektor í Reykjavík.

Valdimar Briem, prófastur, r. af dbr., Stóranúpi.

Wimmer, L. F. A., prófessor, dr. phil., comm. af dbr., Khöfn.

Þorvaldur Thoroddsen, prófessor, dr. phil., r. af dbr., Khöfn.

F É L A G A R :

- Ágúst Bjarnason, mag. art., Rvík 1908¹⁾.
 Ágúst Helgason, bóndi í Birt-ingaholti, dbrm. 1909.
 Ágúst Þórarinsson, bókhaldari í Stykkishólmi 1909.
 Albert Jónsson, Winnipeg 1907—1908.
 Anderson, Ernst, Godsegare, Allenstein, Preusen 1908.
 Alexander Jóhannesson, stud. mag., Khöfn 1908—1909.
 Andrés Björnsson, stud. mag., Khöfn.
 Andrés Fjeldsteð, héraðslæknir á Þingeyri 1908—09.
 Ari Jónsson, cand. jur., alþm., Rvík 1908.
 Arngrímur Bjarnason, prentari á Ísafirði 1907.
 Arnesen, J., konsúll á Eskifirði 1907.
 Árni Bjarnarson, prestur á Sauðárkróki.
 Árni Eggertsson, Winnipeg 1907—08.
 Árni Friðriksson, námsmaður, Stokkseyri 1908.
 Árni Gíslason, leturgrafari, Rvík 1909.
 Árni Guðmundsson, hreppstjóri, bóndi á Þórisstöðum.
 Árni Hólm, bóndi í Saurbæ í Eyjafirði.
 Árni Jóhannesson, prestur í Grenivík.
 Árni Jóhannsson, Vestmannaeyjum.
 Árni Jónsson, prófastur á Skútu-stöðum.
 Árni Jónsson, bóndi á Þverá.
 Árni Jónsson, Sleipnir P. O. Sask., Canada 1907—08.
 Árni Kristjánsson, Bryggju í Eyrarsveit 1908.
 Árni Sveinsson, Glenboro 1908.
 Ásgeir G. Ásgeirsson, kaupm., r. af dbr. í Khöfn.
 Ásgeir Guðmundsson, hreppstjóri á Arngerðareyri.
 Ásgeir Gunnlaugsson, stud. polyt. í Khöfn.
 Ásgeir Sigurðsson, kaupm. og konsúll, r. af dbr., Rvík 1909.
 Ásgr. Sigurðsson, Winnipeg 1908.
 Ásmundur Sigurðsson, bóndi á Grund í Eyrarsveit 1909.
 Atkinson, Miss Helen S., Salisbury, England.
 Austin, Dr. C. K., læknir í París 1908—09.
 Banks, Mrs., Lundúnum 1909.
 Beauvois, E., Dr., r. af dbr. í Corberon, Cote d'or á Frakklandi 1908.
 Benedikt Bjarnason, kennari, Húsavík.
 Benedikt Þ. Gröndal, cand. phil., Rvík 1908.
 Benedikt Jónsson, Húsavík.
 Benedikt Kristjánsson, r. af dbr., prófastur að Grenjaðarstað.
 Benedikt Magnússon, kaupfélagsstjóri, Ólafsdal 1908.
 Benedikt Sveinsson, cand. phil., alþm., Rvík 1908.
 Benedikt Sveinsson, bóksali á Borgareyri í Mjóafirði 1908.
 Benedikt Þórarinsson, kaupmaður í Rvík 1909.
 Bergur Jónsson, bókhaldari, Eskifirði 1907.
 Berudsen, Carl, kaupmaður á Hólanesi.

¹⁾ Ártölin aftan við nöfnin eru sama sem kvittun fyrir tillag það eða þau ár, 6 kr. hvert.

- Bjarni Benediktsson, kaupmaður, Húsavík.
- Bjarni Bjarnason (frá Hurðarbaki), bóndi í Skáney í Borgarfj.s. 1908—09.
- Bjarni Einarsson, próf. á Mýrum í Álftaveri 1908.
- Bjarni Eiríksson, námsmaður í Rvík 1908—09.
- Bjarni Jensson, læknir í Vesturskaftafellssýslu 1908.
- Bjarni Jónsson, cand. jur., Seyðisfirði 1909.
- Bjarni Pétursson, kennari á Þingeyri 1908.
- Bjarni Simonarson, prófastur á Brjánslæk.
- Bjarni Þorsteinsson, prestur að Hvanneyri 1906—07.
- Björgólfur Ólafsson, stud. med., Khöfn 1908.
- Björgvin Vigfússon, sýslumaður í Rangárvallasýslu 1906—07.
- Björn Árnason, gullsmiður, Rvík 1907.
- Björn Benediktsson, verzlunarm., Húsavík.
- Björn Bjarnarson, sýslumaður í Dalasýslu.
- Björn Bjarnason, dr. phil., Rvík 1909.
- Björn Guðmundsson, kennari, Næfranesi í Dýrafirði 1908.
- Björn Guðmundsson, óðalsbóndi í Grjótnesi 1907.
- Björn Guðmundsson, kaupmaður í Rvík 1909.
- Björn Hallson, bóndi á Rangá 1908.
- Björn Jóhannesson, Kirkjufelli í Eyrarsveit 1909.
- Björn Jónsson, prestur að Miklabæ.
- Björn Kristjánsson, bankastjóri í Rvík 1909.
- Björn Línadal, cand. jur., Akureyri.
- Björn Ólafsson, símritari, Seyðisfirði.
- Björn Sigurðsson, bankastjóri í Rvík 1907.
- Björn Þorláksson, prestur að Dvergasteini 1907.
- Björn Þórarinnsson, bóndi á Vikiingavatni 1907.
- Blankenstein, M. v., litt. dr., Berlin 1908.
- Bley, A., próf., Gent 1907.
- Boer, R. C., prófessor í Amsterdam á Hollandi 1909.
- Bogi Ólafsson, stud. mag., Khöfn.
- Bogi Th. Melsteð, mag. art. í Khöfn 1908.
- Bogi Sigurðsson, kaupmaður í Búðardal 1908.
- Bókasafn Cornell háskóla.
- Bókasafn Flateyjar á Breiðafirði.
- Bókasafn Húsavíkur 1907.
- Bókasafn K. F. U. M. 1909.
- Bókasafn Norðursamtsins.
- Bókasafn Vesturamtsins í Stykkishólmi 1909.
- Bókasafn Vestur-Barðastrandar-sýslu 1908—1910.
- Brynjólfur Bjarnason, búfræðingur á Hvanneyri 1908—09.
- Brynjólfur Björnsson, taunlæknir í Rvík 1909.
- Bræðrafélag Kjósarhrepps 1906—08.
- Búnaðarskólinn á Eiðum 1907.
- Byskov, J., Gjedved Seminarium í Danmörku 1908.
- Bændaskólinn á Hólum 1909.
- Bændaskólinn á Hvanneyri 1908.
- Böðvar Jónsson, cand. phil., bóndi í Einarsnesi.
- Böðvar Kristjánsson, cand. mag. í Rvík 1909.
- Böðvar Þorláksson, sýsluritari á Blönduósi.
- Carel Sveinsson, bókbindari í Rvík 1908.
- Cederschiöld, Gustav, philos. dr., prófessor í Gautaborg 1908.
- Clemens, J., prestur í Glenboro.

- Craigie, W. A., M. A., Oxford 1909.
- Daði Davíðsson, Gilá í Húnavs. 1908.
- Daníel Bergmann, verzlunarm. í Stykkishólmi 1908.
- Dahl, Jakob, cand. theol., Færeyjum 1905—08.
- Davíð Gíslason, bóndi á Skáldstöðum í Eyjafirði 1906.
- Davíð Þorsteinsson, Arnbjarnarlæk 1909.
- Djurhuus, J. H. O., stud. jur., Khöfn.
- E. Thorsteinsson, Winnipegosis 1907—08.
- Eggert Benediktsson, óðalsbóndi í Laugardælum 1908.
- Eggert Claessen, cand. jur., yfirréttarmálafærslum. 1909.
- Eggert E. Briem, skrifstofustj., Rvík 1909.
- Eggert Jóhannesson, Winnipeg 1907—08.
- Egill Erlendsson, skóggræðslum. í Rvík 1907—08.
- Egill Sigurjónsson, bóndi á Laxamyri 1907.
- Einar Benediktsson, fyrv. sýslumaður.
- Einar Gíslason, kennari, Urriðafossi í Flóa.
- Einar Gunnarsson, cand. phil. í Rvík 1908.
- Einar Hálfdanarson, lausamaður, á Hafranesi í Fáskrúðfirði.
- Einar Helgason, bóndi á Þorbrandsstöðum 1908.
- Einar Helgason, garðyrkjufræðingur í Rvík 1909.
- Einar Hjörleifsson, cand. phil., ritstjóri í Rvík 1908.
- Einar Jónsson, lausam. á Bala í Gnúpverjah. 1908.
- Einar Jónsson, bóndi í Flatartungu 1907.
- Einar Jónsson, Hvanneyri.
- Einar Thorlacius, prestur í Saurbæ 1908—09.
- Einar Þorkelsson, skjalaritari í Rvík 1907—08.
- Eiríkur Einarsson, skólapiltur frá Hæli 1908.
- Elías Kristjánsson, Lágafelli ytra í Snæfellsnessýslu 1909.
- Engilbert Kolbeinsson, bóndi á Lönseyri 1907.
- Erkes, Heinrich, kaupmaður í Köln 1908—1909.
- Eyjólfur Guðmundsson, bóndi á Hvoli í Mýrdal 1907—08.
- Eyjólfur S. Guðmundsson, Pine Valley 1905—08.
- Eyjólfur E. Wium, Winnipegosis.
- Foreningen til norske Fortidsmindesmærkers Bevaring, Kristiania.
- Finnbogi Hjálmarsson í Vesturheimi 1906—07.
- Finnbogi Lárusson, kaupmaður á Búðum í Snæfellsness.
- Finnur Thordarson, kaupm. á Ísafirði.
- Foulke, Miss C. Reeves, Richmond, Ind. U. S. A.
- Friðbj. Steinsson, bóksali, dbrm., á Akureyri.
- Friðjón Friðriksson, kaupmaður, Winnipeg, Man. Can. 1907—08.
- Friðjón Jensson, héraðslæknir á Eskifirði 1907.
- Friðrik Bergmann, prófessor í Winnipeg, Ameríku 1907—08.
- Friðrik Bjarnason, kennari á Stokkseyri 1908.
- Friðrik Guðmundsson, bóndi á Syðralóni.
- Friðrik Hallgrímsson, prestur í Argyle í Ameríku.

- Gad, G. E. C., bóksali í Khöfn, r. af dbr. 1908.
- Gebhardt, Aug., dr. phil., Nürnberg.
- Geir G. Zoëga, stud. polyt. í Khöfn 1908.
- Geir T. Zoëga, yfirkennari í Rvík 1909.
- Geirm. B. Ólgeirsson, Edinburgh, N. Dak.
- Georg Ólafsson, stud. mag. í Khöfn.
- Gestur Einarsson, bóndi á Hæli 1906—08.
- Gestur Þórðarson, Borgarholti í Miklaholtshreppi 1909.
- Gisli Benediktsson, verzlunarm. á Eskifirði.
- Gisli Brynjólfsson, læknir, Khöfn 1908.
- Gisli Eyjólfsson, Lögberg Sask., Can. 1907—08.
- Gisli Goodman, Winnipeg 1906—08.
- Gisli Helgason, gagnfræðingur, Skógargærði 1908.
- Gisli Isleifsson, sýslum. í Húnavatnssýslu 1908.
- Gisli Jónsson, Stóru Reykjum í Flóa 1909.
- Gisli J. Ólafsson, símtjóri á Akureyri 1908.
- Gisli Pétursson, læknir á Húsvík 1907.
- Gisli Skúlason, prestur, -Eyrarbakka 1907—08.
- Gisli Sveinsson, stud. jur., Khöfn 1908.
- Goodie Stephens, Miss., San Francisco, Cal., U. S. A.
- Goodmausson, Barney, Ivanhoe, Minn.
- Goodwin, Henry Buergel, Dr. phil., Stokkhólmi 1908.
- Gotzeu, Jos., dr. phil., Köln 1908.
- G. B. Björnsson, Minneota, Minn. Grímur Grímsson, kennari, Olafsfirði 1908.
- Grímur Jónsson, cand. theol. á Ísafirði 1907.
- Grímur Thorarensen, hreppstjóri á Kirkjubæ 1909.
- Grönfeldt, H., skólastjóri á Hvítárvöllum 1906—07.
- Guðbrandur Björnsson, prestur í Viðvík.
- Guðgeir Jóhannsson, í Hlíð við Reykjavík 1909.
- Guðjon Baldvinsson, stud. mag., Khöfn.
- Guðjón Guðlaugsson, bóndi og búfr., Kleifum 1906—08.
- Guðjón Jónsson, bóndi í Hlíð í Skaftártungu.
- Guðjón Rögnvaldsson, kennari í Rvík 1909.
- Guðmundur Ásbjarnarson, trésmiður, Rvík 1909.
- Guðmundur Ásbjarnarson, cand. phil. á Eskifirði 1907.
- Guðmundur Bergsson, póstaftgreiðslum., Ísafirði 1908.
- Guðmundur Bjarnason, Bakka, Siglufirði 1909.
- Guðmundur G. Bárðarson, bóndi á Bæ í Hrutafirði.
- Guðmundur Björnsson, landlæknir, r. af dbr., Rvík 1909.
- G. J. Evendsson, Edinburgh N. D.
- Guðmundur Finnogason, mag. art. Berlú 1908.
- Guðmundur Gamalielsson, bóksali í Rvík 1907—08.
- Guðmundur Guðmundsson, bóndi á Nýjubúðum í Eyrarsveit, 1909.
- Guðmundur Guðmundsson, bók haldari, Múla í Seyðisf. 1909.
- Guðmundur Guðmundss., hreppstjóri, dbrm. á Þúfnavöllum.
- Guðmundur Guðmundsson, bóksali á Eyrarbakka 1907—08.
- Guðmundur Guðmundsson, stud. jur., Khöfn.
- Guðmundur Hannesson, cand. jur. á Ísafirði 1908.

- Guðmundur Hannesson, héraðs-læknir í Rvík 1909.
- Guðmundur Helgason, præp. hon. í Rvík 1909.
- Guðmundur Hlíðdal, raffræðingur, Heiligenstadt.
- Guðmundur Jónsson, trésmiður í Stykkishólmi 1909.
- Guðmundur Lýðsson, bóndi á Fjalli á Skeiðum 1908.
- Guðmundur V. Kristjánsson, úrsmiður í Rvík 1908.
- Guðmundur Magnússon, dócent, r. af dbr., Rvík 1909.
- Guðmundur Magnússon, skáld í Rvík 1909.
- Guðmundur Ólason, Hvanneyri 1907—08.
- Guðmundur Sigurðsson, söðla-smiður, Höfn í Hornafirði 1907—08.
- Guðmundur Sigurðsson, Berserkjakrauni í Snæfellsnessýslu 1907.
- Guðm. S. Snædal, Hallson N. D.
- Guðmundur Sveinsson, kaupm. í Hnífsdal 1907.
- Guðmundur Thoroddsen, stud. med. í Khöfn 1908.
- Guðmundur Vilhjálmsson, Ytri-Brekkum á Langanesi 1908.
- Guðni Þorsteinsson, Gimli, Man. 1907—08.
- Gunnar Jóhannsson, Dongola 1907.
- Gunnlaugur Jónsson, bóndi á Krossum.
- Gunnlaugur Jónsson yngri, í N. Dak., Ameríku.
- Gunnlaugur Kristmundsson, kennari, Miðnesi 1909.
- Gunnsteinn Eyjólfsson, Iceland River P. O. Man. 1906—08.
- Guttormur Jónsson, smiður, Rvík 1909.
- Guttormur Pálsson, skógræðingur 1908.
- Guttormur Vigfússon, præp. hon., prestur að Stöð í Stöðvarfirði 1906—07.
- Hafliði Guðmundsson, hreppstj., Siglufirði 1909.
- Hafsteinn Pétursson, prestur í Khöfn 1908.
- Halberg, J. G., kaupmaður í Rvík 1909.
- Hálfdan Örnólfsson, hreppstjóri í Bolungarvík.
- Halldór Benediktsson, bóndi á Skriðuklaustri.
- Halldór Daníelsson, yfirdómari, r. af dbr., Rvík 1909.
- Halldór Eyjólfsson, búfr., Gröf í Breiðuvíkurrh., Snæfellsness.
- Halldór Gunnlangsson, læknir í Vestmanneyjum.
- Halldór Hermannsson, bófav. við Cornell-háskóla 1908—09.
- Halldór Jónsson, bankagjaldkeri, r. af dbr., í Rvík 1909.
- Halldór Jónsson, bóndi á Rauðamýri.
- Halldór Jónasson, steinsmiður í Rvík 1908.
- Halldór Kr. Júlíusson, sýslum., 1908.
- Halldór Kristjánsson, stud. mag. í Khöfn.
- Halldór Stefánsson, verzlunarm. á Seyðisfirði 1907.
- Halldór Þórðarson, bókbindari í Rvík 1909.
- Halldóra Bjarnadóttir, skólastýra á Akureyri 1907.
- Hallgrímur Davíðsson, verzlunarstjóri á Akureyri.
- Hallgrímur Jónsson, kennari í Rvík 1909.
- Hallgrímur Johnson, Winnipeg 1907.
- Hallgrímur Thorlacius, prestur í Glaumbæ.
- Hammerich, M., stud. jur., Khöfn 1907.
- Hammersheimb, U. V., uppgjafa-prófastur í Khöfn, r. af dbr. og dbrm. 1907.
- Hannes Hafstein, bankastjóri, comm. af dbr. í Rvík 1909.

- Hannes Thorsteinsson, cand. jur. í Rvík. 1909.
- Hannes Þorsteinsson, ritstjóri í Rvík 1909.
- Haraldur Gunnarsson, prentari, Rvík 1909.
- Haraldur Nielsson, cand. theol., Rvík 1909.
- Haraldur Sigurðsson, tanulæknir, Khöfn.
- Hartmann Ásgrimsson, kaupm., Kólkuósi 1907.
- Háskólabókas. í Kristjáninu 1908.
- Háskólabókasafnið í Toronto, Canada 1907.
- Haukur Gíslason, cand. theol. í Khöfn 1906—07.
- Havsteen, Jakob, r. af dbr., kon-súll, Oddeyri.
- Havsteen, Júlíus, amtmaður í Rvík, comm. af dbr. og dbrm., 1909.
- Helgi Ketilsson, sjóm., Ísafirði.
- Helgi Jónsson, mag. scient. í Rvík 1908.
- Helgi Péturss, dr. phil. í Rvík 1907—1909.
- Helgi Sveinsson, bankastjóri á Ísafirði 1907.
- Hermann, Paul, prof., dr. phil., Torgau, Þýskalandi 1908.
- Heydenreich, W., dr. phil., Nordlingen, Bayern 1908.
- Hjálmar Jónsson, bóndi, Höfða, Grunnavíkurhr.
- Hjálmar Ólafsson, verzlunarm., Nesi í Norðfirði 1907.
- Hjálmar Sigurðsson, kaupm. í Stykkishólmi 1909.
- Hjörleifur Einarsson, præg. hon., r. af dbr., Rvík 1906—08.
- Hjörtur Snorrason, skólastjóri á Skeljabrekku 1908.
- Hólmgeir Jenson, dýralæknir í Tungu í Önundarfirði.
- Hólmgeir Þorsteinsson, bóndi í Vallnakoti 1907.
- Hoogt, J. M., van der, Litt. cand., Amsterdam 1909.
- Hotton, M. W., La Grange, Georgia U. S. A.
- Indriði Þorkelsson, Ytra-Fjalli 1907.
- Inga Þorláksson, Mountain N. D.
- Ingimundur Benediktsson, bóndi í Kaldarholti, Rangarvs. 1908.
- Ingimundur Steingrímsson, verzlunarmaður á Djúpavogi 1907.
- Ingólfur Gíslason, héraðslæknir á Vopnafirði 1908.
- Ingólfur Jónsson, verzlunarstjóri í Stykkishólmi 1909.
- The Icelandic Library »Mímirc í Pembina.
- Isdal, J. P., Winnipeg.
- J. Baldvin Jóhannesson, bóndi í Stakkahlíð.
- Jakob Gunnlögsson, stórkaupmaður Khöfn 1908.
- Jakob Hálfðanarson, borgari á Húsavík 1907.
- Jakob Jóhannsson, stud. mag. í Khöfn.
- Janus Jónsson, prófastur, Rvík 1907.
- Jens Pálsson, prófastur, prestur að Görðum á Álfanesi.
- J. M. Bjarnason, Marhland Man. Canada.
- Job Sigurðsson, Mrs., Upham, P. O. N. Dak. 1907—08.
- Jóhann Eyjólfsson, bóndi í Sveinungu 1908.
- Jóhann Kristjánsson, ættfræðingur, Rvík 1909.
- Jóhann Pálsson, Mary Hill P. O. 1907—08.
- Jóhann Straumfjörð, Icelandic River Seamo P. O. Man. 1905—08.
- Jóhann Lúter Sveinbjarnarson, prófastur á Hólmmum 1907.
- Jóhann Þorsteinsson, prófastur í Stafholti 1908.

- Jóhannes Friðlaugsson, kennari, Stórolfshvoli 1907.
- Jóhannes L. L. Jóhannsson, prestur á Kvennabrekku.
- Jóhannes Sigfússon, aðjunkt í Rvík 1909.
- Johansen, J., Landbrugsskolelærer, Ladelundgaard 1908.
- Johnston, A. W., Esq., Lundún-um, 1909.
- Johnston, Paul, í Winnipeg 1907—08.
- Jón Abrahamsson, Sinclair 1906—08.
- Jón Árnason, óðalsbóndi í Múla í Álftafirði 1907.
- Jón Árnason, bóndi á Stóra-Vatns-skarði.
- Jón Bergsson, kaupmaður á Egilsstöðum.
- Jón Bjarnason, prestur í Winnipeg, Man., Can. 1907—08.
- Jón Björnsson, kaupmaður, Borgarnesi 1909.
- Jón Brandsson, prestur í Broddanesi 1906—08.
- Jón Einarsson, Winnipeg 1907—08.
- Jón Finnsson, prestur að Hofi í Álftafirði 1907.
- Jón Guðmundsson, kennari, Höfn í Hornafirði 1907.
- Jón Guðmundsson, kaupmaður í Eyrardal í Ísafjarðars.
- Jón Guðmundsson, óðalsbóndi á Ægissíðu í Holtum 1909.
- Jón Gunnarsson, Holti í Mjóafirði 1908.
- Jón Halldórsson, prestur að Sauðanesi 1908.
- Jón Hallgrímsson í Ameríku.
- Jón J. Hallson, Winnipeg 1906—08.
- Jón Helgason, lektor, r. af dbr., Rvík 1908.
- Jón Hermannsson, skrifstofustj., Rvík 1909.
- Jón Hjörleifsson, dbrm., hreppstjóri í Drangshlíð 1909.
- Jón Ívarsson, kennari, Snældubeinsstöðum 1909.
- Jón Á Jakobsson, kaupmaður, Húsavík 1907.
- Jón Jónsson, yfirdómari í Rvík 1909.
- Jón Jónsson, héraðslæknir á Blönduósi.
- Jón Jónsson, bóndi á Hrafnabjörgum.
- Jón Jónsson, kennari, Markúsarseli í S.-Múlas. 1907.
- Jón Jónsson, prófastur á Stafafelli 1908.
- Jón Jónsson, cand. phil., sagnfræðingur í Rvík 1908.
- Jón Jónsson, kennari í Kirkjuvogi 1909.
- Jón Á. Jónsson, verzlunarm. á Blönduósi.
- Jón Jónasson, yngism., Húsavík 1907.
- Jón Jónasson, stud. mag., Khöfn.
- Jón Kristjánsson, cand. jur. í Rvík.
- Jón Laxdal, kaupmaður, r. af dbr., Ísafirði 1907.
- Jón Magnússon, bæjarfógeti, r. af dbr., í Rvík 1909.
- Jón Ófeiggsson, cand. mag., Rvík.
- Jón Ólafsson, alþm. ritstjóri í Rvík 1908.
- Jón Ólafsson, kennari í Vík í Mýrdal 1909.
- Jón Ólafsson, Króksfjarðarnesi, Barðarstrandars. 1909.
- Jón Rögnvaldsson, yngismaður í Réttarholti í Skagafirði 1909.
- Jón. Hj. Sigurðsson, héraðsl. í Rangárvallasýslu 1906—07.
- Jón Sigurðsson, Reynistað, Skagafirði 1908.
- Jón Sigurðs., stud. mag., Khöfn 1908.
- Jón Sigurðsson, bæjarfógetaskrifari 1909.
- Jón Sigurðsson, Yztafelli, Þingeyjars. 1908.
- Jón Stefánsson, ritstjóri á Akureyri.

- Jón Sveinbjörnsson, cand. jur.,
Khöfn 1908.
- Jón Sveinsson, prófastur á Akra-
nesi 1909.
- Jón Sveinsson, S. J. prestur í
Ordrup 1907.
- Jón Thorsteinsson, prestur á
Þingvöllum 1905—08.
- Jón Valdimarsson, Þorðeyri 1909.
- Jón Þórarinnsson, umsjónarmaður
fræðslumála, Rvík 1909.
- Jón Þorkelsson, dr. phil., skjala-
vörður í Rvík 1908.
- Jón Þorláksson, ingeniör í Rvík
1909.
- Jón Þorvaldsson, prestur á Stað.
- Jónas Björnsson, bóndi á Geira-
stöðum í Húnavatnssýslu.
- Jónas S. Bergmann, Ameríku.
- Jónas Daníelsson, Winnipeg 1907
—08.
- Jónas Einarsson, stud. mag. í
Khöfn.
- Jónas Guðlaugsson, ritstj., Rvík.
- Jónas Halldórsson, hreppstjóri í
Hrauntúni 1908.
- Jónas Hallgrímsson, próf. á Kol-
freyjustað 1907.
- Jónas Illugason, bóndi í Bratta-
hlíð í Húnavatnss.
- Jónas Jónsson, bóndi í Finns-
tungu í Húnavatnss.
- Jónas Jónsson, kennari, frá Hriflu,
Rvík.
- Jónas Jónsson, verzlunarstjóri í
Flatey í Þingeyjars. 1906—07.
- Jónas Jónasson, prófastur að
Hrafnagili í Eyjaf.
- Jónas Kristjánsson, Brekku í
Fljótsdal 1909.
- Jóseph Arngrímsson, Minniota,
Minn. 1907.
- Karl Olgeirsson, verzlunarstjóri,
Ísafirði 1907.
- Kennarafélag Barnaskóla Rvíkur.
- Kjartan Einarsson, próf. að Holti
undir Eyjafjöllum 1908.
- Kjartan Helgason, prestur í
Hruna 1908.
- Klemens Jónsson, landritari, r.
af dbr., Rvík 1909.
- Klemens Jónasson, Selkirk 1907.
- Kock, A., prófessor, dr. phil. í
Lundi 1908.
- Kolbeinn Jakobsson, hreppstjóri
í Unaðsdal 1907.
- Konráð Stefánsson, cand. phil.,
ritstjóri í Rvík.
- Konráð Vilhjálmsson, kennari í
Rvík 1907.
- Kristinn P. Briem, bókhaldari í
Leith 1907—1910.
- Kristinn Guðlaugsson, búfræðing-
ur á Núpi í Dýrafirði 1908.
- Kr. Tr. Kristinsson, Framnes,
Man. 1907—08.
- K. K. Ólafsson, prestur, Garðar
N. D.
- Kristján Abrahamsson, Crescent
P. O. Man. Can. 1907—08.
- Kristján Guðmundsson, bóksali á
Oddeyri 1908.
- Kristján Johnsson, Duluth 1908.
- Kristján Jónsson, læknir, Clinton,
Iowa U. S. A. 1907—08.
- Kristján Jónsson, háyfirdómari,
r. af dbr. í Rvík 1909.
- Kristján Jónsson, búfræðingur á
Rangá 1908.
- Kristján Kristjánsson, læknir á
Seyðisfirði 1907.
- Kristján A. Kristjánsson, verzlm.
á Suðureyri í Súgandaf. 1907.
- Kristján Kristjánsson, skipstj. í
Rvík 1908—09.
- Kristján H. Sigurðsson, búfræð.,
Brenniborg 1909.
- Kristján Sigurðsson, Winnipeg
1907—08.
- Kristján Stefánss., Wp. 1907—08.
- Kristján Þorgrímsson, kaupm. og
konsull í Rvík 1909.
- Kristjáníu kathedralskóla bóka-
safn 1908.
- Kristvarður Þorvarðsson, kennari
Leikskálum í Dalasýslu 1908.

- Kvenréttindafélag Íslands 1908—09.
- Larsen, Frk. A., kenslukona í Khöfn 1908.
- Lárus M. Arnason í Ameríku.
- Lárus H. Bjarnason, r. af af dbr., lagaskólastjóri í Rvík 1909.
- Lárus Bjarnason, kennari í Hafnarfirði 1908.
- Lárus Halldórsson, prestur á Breiðabólstað 1909.
- Lárus A. Snorrason, kaupm. á Ísafirði.
- Lascaronsky, Bas. Greg., prófessor í Kíev, Rússland 1908—09.
- Lestrarfélagið Árgalinn, Wild Oak, P. O. Man. 1907—08.
- Lestrarfélag Árskógsstrandar.
- Lestrarfélag Auðkúlusóknar.
- Lestrarfélag Bjarndælinga og Fjarðarmanna í Önundarfirði 1907.
- Lestrarfélag Bílddælinga, 1909.
- Lestrarfélag Borgarfjarðar 1907.
- Lestrarfélag Búðarþorps í Fáskrúðsfirði 1907.
- Lestrarfélag Dalanna í Önundarfirði 1909.
- Lestrarfélag Fáskrúðsfj. 1907.
- Lestrarfélag Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu 1909.
- Lestrarfélagið »Fjólan« Nes P. O. Can. 1907—1908.
- Lestrarfélagið »Fróði« Brown, Man.
- Lestrarfélagið »Gangleri«, Gardar N. D.
- Lestrarfélag Gálmarmstrandar.
- Lestrarfélag Grenjaðarst.sóknar 1907.
- Lestrarfélagið »Harpa«, Blaine 1907—08.
- Lestrarfélag Hálssóknar í Fnjóskadal
- Lestrarfélag Hálsþinghár 1907.
- Lestrarfélagið »Hekla«, Dongola 1908.
- Lestrarfélag Hjaltastaðahrepps.
- Lestrarfélag Hríseyinga.
- Lestrarfélagið »Íðunn« Markerville P. O. Alberta, Can. 1907—08.
- Lestrarfélagið »Ísland«, Grund, Man. 1907.
- Lestrarfélag Íslendinga í Brandon, Man. 1907—08.
- Hið isl. Þjóðminningarfélag (í Ameríku).
- Lestrarfélagið »Ípaka« í Rvík 1908.
- Lestrarfélag Kirkjubólshrepps í Strandasýslu 1908.
- Lestrarfélag Kollafj. í Strandas. 1908.
- Lestrarfélag Lágafellssóknar 1909
- Lestrarfélag Landmannahrepps 1909.
- Lestrarfélag Langdælinga.
- Lestrarfélag Lónsmanna 1908.
- Lestrarfélag Miklabæjarsóknar.
- Lestrarfélagið »Mentahvöt«, Otto P. O. Man. 1907—08.
- Lestrarfélag Íslendinga í Glenboro.
- Lestrarfélag Mikleyinga, Hecla P. O. Canada 1907—08.
- Lestrarfélag Rauðsendinga 1908.
- Lestrarfélag Selstrandar í Strandasýslu 1909.
- Lestrarfélag Seltirninga.
- Lestrarfélag Seyðisfjarðar 1907.
- Lestrarfélagið »Stjarnan«, Selkirk, Man. 1907—08.
- Lestrarfélag Svalbarðshrepps í Þistilfirði 1907.
- Lestrarfélagið »Tilraunin« Kewatin, Ont. Can. 1907—08.
- Lestrarfélag Undirfellssóknar.
- Lestrarfélagið »Vestri«, Ballard, Wash. 1907—08.
- Lestrarfélagið »Þörfin«, Kristnes, P. O. Sask. 1907—08.
- Lestrarfél. »Æskan«, Dak., Am.
- Lestrarfélag Öxndæla.
- Lestrarfélag Ísfirðinga 1907.
- Long, S. M.; Winnipeg 1907—08

- Loftur Baldvinsson, Bögvisstöðum, pr. Akureyri.
Lundfríður Hjartardóttir, kenslu-kona á Akureyri 1907—08.
- Magnús Andrésón, r. af db., próf. prestur að Gilsbakka 1908
Magnús Bjarnason, Mountain P. O. Dak.
Magnús Björnsson, stud. mag. Khöfn 1908.
Magnús Blöndal, kennari í Stykkishólmi 1909.
Magnús G. Blöndal, ritstj. Rvík.
Magnús Blöndal Jónsson, prestur að Vallanesi.
Magnús Einarsson, dýralæknir í Rvík 1908.
Magnús Guðbrandsson, steinsm. í Rvík 1908.
Magnús Guðlaugsson, bóndi í Hvammsdal 1905—1908.
Magnús Helgason, prestur, skólastjóri í Rvík 1909.
Magnús Hinriksson, Churchbridge 1908.
M. G. Jónsson, Blaine, Wash. 1906—97.
Magnús Jónsson, bóndi í Tjaldanesi.
Magnús Jónsson, stud. mag. Khöfn.
Magnús Jónsson, sýslumaður í Hafnarfirði 1908.
Magnús Jónsson, kennari, Ferjukoti 1909.
Magnús Jónss. Bergm., hreppstj., Fuglavík á Miðnesi 1908.
Magnús Jónsson, stud. theol. frá Bjarnarhöfn 1909.
Magnús Kristjánsson, gagnfræðingur, Hvoli í Mýrdal 1909.
Magnús Magnússon, prestur á Jótlandi 1908.
Magnús Sæbjörnsson, héraðslæknir í Flatey.
Magnús Torfason, sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði 1907.
- Marteinn Þorsteinsson, bóndi á Hvoli í Stöðvarfirði 1907.
Matthías Eggertsson, prestur í Grímsey 1907.
Matthías Einarsson, spítalalæknir í Rvík 1908.
Matthías Hallgrímsson, kaupm. Siglufirði 1909.
Matthías Jónsson, bóndi á Háholti í Gnúpverjah. 1909.
Matthías Matthíasson kaupm. í Rvík 1908.
Matthías A. Matthiesen, skósm., Rvík 1909.
Matthías Þórðarson, cand. phil. forngripavörður í Rvík 1908.
Mayer, E., professor, dr. phil., Würzburg 1908.
Meissner, R., professor, dr. phil., Königsberg 1908.
Mogk, E., dr. phil., professor í Leipzig 1908.
Móritz Halldórsson, læknir í Park River.
Morten Hansen, cand., theol., skólastj. í Rvík 1909.
Móses Jónsson, kennari, Keldum í Mosfellssveit.
Möller J. V. prentari í Kaupmannahöfn 1908.
- Newberry Library í Chicago.
Nordenstreng, R., fil. mag. í Uppsölum.
- Oddgeir P. Ottesen, hreppstjóri á Ytra-Hólmi 1907.
Oddur Gíslason, yfirréttarmálafærslum. í Rvík 1909.
Oddur Hermannsson, stud. jur. í Khöfn.
Ólafur Árnason, verzlunarm. í Bolungarvík.
Ólafur Briem, alþingismaður, á Álfgaersvöllum.
Ólafur Finnsson prestur í Kálfholti.

- Ólafur Friðriksson, verzlunarm.,
Khöfn. 1909.
- Ólafur Ísleifsson, Þjorsártúni
1909.
- Ólafur Jónsson, hreppstjóri í
Hattardal 1907.
- Ólafur H. Johnsen, yfirkennari í
Odense 1908.
- Ólafur Kjartansson, verzlunarm.,
Vík 1907—08.
- Ólafur Lárusson, stud. jur., Rvík
1909.
- Ólafur Ólafsson, kennari í Hauka-
dal í Dýrafirði.
- Ólafur Ólafsson, prentari, Rvík
1909.
- Ólafur Rósenkranz Ólafsson, leik-
fimiskennari, Rvík 1909.
- Ólafur Runólfsson, bókhaldari í
Rvík 1909.
- Ólafur Runólfsson, Vík í Mýr-
dal 1908.
- Ólafur Sigurðsson, stud. agr. í
Khöfn 1909.
- Ólafur Stephensen, lækur, Winni-
peg.
- Ólafur Thorlacius, héraðslækur
í Suður-Múlasýslu 1907.
- Olgeir Friðgeirsson, verzlunarstj.
á Vopnafirði 1909.
- Olrik, Á., Dr. phil., háskólakenn-
ari, Khöfn 1908.
- Óskar Halldórsson, yngispiltur í
Rvík 1908.
- Páll Benjamínsson, búfræðingur
á Djúpavogi 1907.
- Páll V. Bjarnason, sýslumaður á
Sauðárkrók.
- Páll Einarsson, borgarstjóri í
Rvík 1909.
- Páll H. Gíslason, verzlunarstjóri
á Fáskrúðsfirði 1908.
- Páll Halldórsson, verzlunarstjóri,
Siglufirði 1909.
- Páll Halldórsson, skólastjóri í
Rvík 1909.
- Páll Jónsson, bókhaldari, Djúpa-
vogi 1908.
- Páll Lýðsson, bóndi í Hlíð í
Gnúpverjah. 1908.
- Páll Eggert Ólafsson, cand. phil.
í Rvík 1908.
- Páll Sigurðsson, stud. theol. í
Khöfn.
- Páll Stefánsson, búfræðingur,
bóndi á Elliðavatni 1908.
- Páll Stephensen, prestur í Holti
1907.
- Pálmi Pálsson, adjunkt í Rvík
1909.
- Pálmi Pétursson, óðalsbóndi á
Sjávarborg.
- Patursson, J., kóngsbóndi í Fær-
eyjum.
- Petersen, Fr., prófastur í Fær-
eyjum 1908.
- Pétur Bogason, stud. med. í
Khöfn 1908.
- Pétur Hjálmsón, prestr, Marker-
ville, P. O. Alta 1906—08.
- Pétur Jónsson, bóndi á Gaut-
löndum, alþingism. 1907.
- Pétur Oddsson, kaupm., Tröð í
Bolungarvík 1907.
- Pétur Pétursson, bóndi á Gunn-
steinsstöðum.
- Pétur Sighvatsson, úrsmiður á
Sauðárkróki.
- Pétur Zófóníasson, bankaskrifari
í Rvík 1909.
- Pétur Þorsteinsson, prestur í Ey-
dölum 1907.
- Philpotts, Bertha S., Miss, Cam-
bridge, England 1909.
- Poor, H. W., Esq., New-York.
- Poulsen, Svend, ritstjóri, cand.
jur. Khöfn.
- Proppé, Carl, verzlunarstjóri á
Þingeyri 1908—09.
- Rist, L. J., kennari á Akureyri.
Ríkisbókasafnið í München 1908.

- Runólfur Marteinsson, prestur, Gimli 1907—1908.
- Runólfur Runólfsson, Neðra-Hálsi í Kjós 1908.
- Rögnvaldur Ólafsson, húsameistari, Rvík 1909.
- S. Magnússon, Duluth 1907—08.
- Sars, J. E., prófessor, Kristjáníu 1908.
- Scheving, S. P., Point Roberty, Wash. 1907—08.
- Sephton, J., prestur í Liverpool 1908—09.
- Sigbjörn Ármannsson, verzlunarmaður á Ísafirði 1907.
- Sigfús Blöndal, cand. mag. í Khöfn 1908.
- Sigfús Eymundsson, bóksali í Rvík 1909.
- Sighvatur Bjarnason, bankastj., jústitsráð í Rvík 1909.
- Sighvatur Grímsson, bóndi á Höfða í Dýrafirði 1909.
- Sigrún Palsdóttir, ungfrú, Hallormsstað 1908.
- Sigtryggur Guðlaugsson, prestur á Núpi 1908.
- Sigtryggur Helgason, bóndi á Hallbjarnarstöðum í Þingeyjar-sýslu 1907.
- Sigtryggur Jónasson, þingmaður, Winnipeg, Man., Can. 1905—08.
- Sigtryggur Jónatansson, bóndi á Reykjum.
- Sigurður Antoníusson, búfræðingur á Stóra-Bakka 1908.
- Sigurður Briem, póstmeystari, r. af dbr., í Rvík 1909.
- Sigurður Brynjólfsson, Hofi í Álftafirði 1907.
- Sigurður Eggerz, sýslumaður í Skaftafellssýslum 1905—07.
- Sigurður Einarsson, stud. veter., Khöfn 1908.
- Sigurður Fjeldsteð, bóndi í Ferjukoti 1908.
- Sigurður Gunnarsson, prófastur í Stykkishólmi 1909.
- Sigurður Halldórsson, trésmiður, Rvík 1909.
- Sigurður Hjörleifsson, ritstjóri á Akureyri.
- Sigurður Jensson, ... prófastur í Flatey 1900.
- Sigurður Jónsson, bókbindari í Rvík 1909.
- Sigurður Jónsson, trésmiður í Khöfn.
- Sigurður Jónsson, kennari, frá Alfhólum 1909.
- Sigurður Jónsson, lækni í Khöfn 1908.
- Sigurður Jónsson, Tjörnum undir Eyjafjöllum 1909.
- Sigurður Jónsson, Yztafelli, Þingeyjarsýslu.
- Sigurður P. Johnsen, kennari á Vopnafirði 1907—08.
- Sigurður Kristjánsson, bóksali, r. af dbr. í Rvík 1909.
- Sigurður Lýðsson, stud. jur. í Khöfn.
- Sigurður Nordal, stud. mag. í Khöfn 1908.
- Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Arnessýslu 1908.
- Sigurður Pálsson, verzlunarstj. á Hesteyri 1907.
- Sigurður Pálmason, búfræðingur, Æsustöðum, Húnavs.
- Sigurður Sigfússon, verzlunarstj. á Húsavík.
- Sigurður Sigtryggsson, cand. mag. í Khöfn, 1906—08.
- Sigurður Sigurðsson, búfræðisráðunautur í Rvík 1909.
- Sigurður Sigurðsson, kennari á Hólum.
- Sigurður Sigurðsson, Halldórsstöðum í Kinn 1907.
- Sigurður P. Sívertsen, prestur á Hofi 1908.
- Sigurður Stefánsson, prestur í Vigur 1908—09.

- Sigurður Thoroddsen, adjunkt í Rvík 1908.
- Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Arnarholti 1906—08.
- Sigurður Þórólfsson, skólastjóri á Hvítárbakka.
- Sigurður Þorvaldsson, kennari á Hvítárbakka.
- Sigurgeir Björnsson, Grímstungu í Húnavatnssýslu 1908.
- Sigurgeir Sigurðsson, bóndi á Öngulsstöðum.
- Sigurjón Högnason, gagnfræðingur, Vestmannaeyjum 1909.
- Sigurjón Jónsson, cand. phil. kennari á Ísafirði.
- Sigurmundur Sigurðsson, Breiðumýri, Þingeyjarsýslu 1908.
- Sigþór Jóhannsson, Skarði í S. Þing.
- Símon Símonarson, Winnipeg.
- Simun av Skarði, lýðskólastjóri, Færeyjum 1908.
- »Skinfaxi«, bókasafn skólapilta í Flensborg 1908.
- Skólabókasafn Vestmannaeyja 1909.
- Skúli Bogason, læknir, Khöfn 1908.
- Skúli Jónsson, verzlunarstjóri á Borðeyri 1909.
- Skúli Skúlason, prestur í Odda 1909.
- Skúli Thoroddsen, ritstj., alþm., Rvík 1909.
- Skúli Thoroddsen, stúdent, Khöfn.
- Snorri Johannsson, bókhaldari í Rvík 1907—08.
- Snorri Jónsson, Þvera 1907.
- Sóphónías Jónsson, realstúdent, Skaga í Dýrafirði 1907.
- Sóreyjarskóla bókasafn 1908.
- Stadtbibliothek, Hamborg 1909.
- Stefan Benediktsson, bóndi á Merki, Jökuldal 1907—09.
- Stefan Guðjohansen, verzlunarstj. á Húsavík 1908.
- Stefán Guðmundsson, verzlunarfulltrúi í Khöfn 1908.
- Stefán Guðmundsson, bóndi á Fitjum 1909.
- Stefán Jónsson, bóndi á Munkaþverá.
- Stefán Jónsson, stud. med., Khöfn 1908.
- Stefán Sigurðsson, Ærlækjarseli 1907.
- Stefán Stefánsson, skólastjóri á Akureyri 1908.
- Stefán Stefánsson, cand. jur. í Khöfn 1908
- Steingrímur Arason, pr. Oddeyri 1907—08.
- Steingrímur Jónson, sýslumaður á Húsavík 1907.
- Steingrímur Matthíasson, læknir á Akureyri.
- Steingrímur Þorláksson, prestur, Selkirk 1907.
- Steinunn Bjartmarsdóttir, kenstakona í Hafnarfirði 1909.
- Styrkár Vésteinn Helgason Winnipeg 1905—08.
- Sumarlíði Halldórsson, skógfræðingur, Jótlandi 1908—09
- Sveinbjörn Sveinbjarnarson, yfirkennari í Árósum 1908.
- Sveinn Jónsson, trésmiður, Rvík 1909.
- Sveinn Nielsson, bóndi á Lambastöðum á Mýrum 1909.
- Sveinn Sveinsson, bóndi á Hofi í Alftafirði 1907.
- Sveinn Vald. Sveinsson, stud. med. í Rvík.
- Sveinn Bjarnason, gagnfræðingur á Hofelli 1908.
- Sýslubókasafn Vestmanneyinga 1908.
- Sæmundur Bjarnehéðinss., læknir á Laugarnesspítala 1909.
- Söderwall, K. F., prófessor í Lundi 1908.
- Theodór Jakobsson, stud. jur., Khöfn.

- Thomsen, Ditlev, konsúll, r. af dbr., Rvík 1909.
- Tómas Jónasson, Icelandic River 1906—08.
- Tómas Sigurðsson, hreppstjóri á Barkarstöðum 1908.
- Tómas Snorrason, kennari í Grindavík 1909.
- Tómas Jóhannesson Zoëga, verzlunarm., Nesi í Norðfirði 1907.
- Torfi Hermannsson, trésmiður, Fremstuhús í Dýrafirði.
- Tryggvi Gunnarsson, bankastj., comm. af dbr. og dbrm., Rvík 1909.
- Tulinius, Axel, sýslumaður á Eskifirði, r. af dbr. 1907.
- Tulinius, Thor E., stórkaupm., r. af dbr., Khöfn 1908.
- Valdimar Erlendsson, læknir í Khöfn.
- Valdimar Magnússon, hreppstjóri á Bakka á Ströndum.
- Valdimar Valvesson, kennari á Húsavík 1907.
- Valtýr Guðmundsson, háskólakennari, dr. phil., r. af dbr., Khöfn 1908.
- Vernharður Þorsteinsson, stud. mag. í Khöfn 1908.
- Vídal, Sig. J., Hnausar, Man. 1907—08.
- Wiehe, Holger, mag. art., Khöfn 1908.
- Vigfús Bergsteinsson, hreppstj., á Brúnum 1907—08.
- Vigfús Einarsson, stud. jur.
- Vigfús Guðmundsson, bóndi í Engey 1909.
- Víglundur Þorgrímsson, Mjóafirði.
- Vísindafélagið í Þrándheimi 1908.
- Zadig, V., stud. phil., Málmhaugum 1908.
- Zimsen, K., ingeniör í Rvík 1909.
- Þórarinn Guðmundsson, kaupm. a Seyðisfirði 1907.
- Þórarinn Jónsson, bóndi á Halldórsstöðum 1907.
- Þórarinn Kristjánsson, stud. polyt. Khöfn.
- Þórarinn B. Stefánsson, verzlun- arstj. á Djúpvaggi 1907.
- Þorbergur Guðmundsson, búfr., Nesi í Norðfirði 1908.
- Þorbergur Þórarinsson, hreppstj. á Sandhólum, S.-Þing., 1907.
- Þorbjörn Þórðarson, læknir á Bfldudal 1909.
- Þórður Edlónsson, læknir í Hafnarfirði 1906—07.
- Þórður Erlendsson, bóndi í Gíslaholti í Holtum.
- Þórður Magnússon, Hvítárholti 1909.
- Þórður Þórðarson, bóndi á Fossi 1908.
- Þorgerður Þórðardóttir, Winnipeg 1907—08.
- Þorgils Þorgeirsson í Winnipeg 1907—08.
- Þorgrímur Kristjánsson, stud. jur. Khöfn.
- Þórhallur Bjarnarson, r. af dbr., biskup í Rvík 1909.
- Þórir Björnsson, Duluth Minn. U. S. A.
- Þorkell Þorkelsson, cand. mag., Akureyri 1907.
- Þorkell Þorlaksson, stjórnarráðs- skrifari, Rvík 1909.
- Þorlákur Vigfússon, kennari, Þykkvabæ.
- Þorlákur Vilhjálmsson, Rauðará 1908.
- Þorleifur H. Bjarnason, adjunkt í Rvík 1909.
- Þorleifur Jónsson, hreppstjóri á Hólum í A. Skaftafellssýslu, alþm. 1908.
- Þorleifur Jónsson, Lögberg, Sask. 1907—08.
- Þorleifur Jónsson, póstafrgreiðslu- maður, Rvík 1908.

- Þorleifur Jónsson, prestur á Skinnastöðum 1907.
- Þormóður Eyjólfsson, bókhaldari, Siglufirði 1909.
- Þorsteinn Arnljótsson, Þórshöfn 1908.
- Þorsteinn Benediktsson, prestur í Landeyjum 1908.
- Þorsteinn Björnsson, cand. theol., Rvík.
- Þorsteinn Erlingsson, cand. phil., Rvík 1909.
- Þorsteinn Grímsson, sjómaður í Hrísey.
- Þorsteinn Jónsson, á Engimýri.
- Þorsteinn Jónsson, Moldartungu Holtahr. 1909.
- Þorsteinn M. Jónsson, gagnfræðingur, Útnyrðingsstöðum 1908.
- Þorsteinn Stefánsson, Hlöðum, Hörgárdal.
- Þorsteinn Þórarinnsson, Drumboddsstöðum í Biskupstungum 1909.
- Þorsteinn Þorsteinsson, cand. polit. í Rvík 1909.
- Þorvaldur Jakobsson, prestur í Sauðlauksdal.
- Þorvaldur Jónsson, læknir á Ísafirði, r. af dbr., 1907.
- Þorvaldur Jónsson, prófastur, r. af dbr. á Ísafirði 1907.
- Þorvarður Þorvarðsson, prentsmiðjustjóri í Rvík 1908—09.
- Ögmundur Sigurðsson, skólastjóri í Hafnarfirði 1909.
- Östlund, D., trúboði í Rvík 1909

AUKAFÉLAGAR.

- Lehmann Filhés, fröken, í Berlín.
- Minner, J. N., kennari, þýðari m. m. í Frakkafurðu.
- Sourindro, Mohun Taggore, dr. mus., r. af dbr., í Calcutta.

TILLÖG DÁINNA OG ÚRGENGINNA FÉLAGSMANNA.

- Björn Olafsson, augnlæknir, Rvík 1909.
- Bryde, J. P. T., etazráð, r. af dbr., pp. 1908.
- Hallgrímur Sveinsson, biskup, comm. af dbr. og dbrm. 1909
- Jansen, frk. Mien, Leiden 1908.
- Johannes Strang, Winnipeg 1906—07.
- Lestrarfélagið Dagsbrún 1908.
- Sigurður Jóhannesson, stórkaupmaður í Khöfn, r. af dbr. 1908.

UMBOÐSMENN FÉLAGSINS.

Bardal, H. S., bóksali, 557 Elgin Ave, Winnipeg, Man. Can.

Bergmann, Jónas S., Gardar Pembina, Dak. U. S. A.

Björn Hallsson, bóndi á Rangá, N.-Múlas.

Bogi Sigurðsson, kaupmaður í Búðardal.

Böðvar Þorláksson, sýsluskrifari á Blönduósi.

Guðmundur Bergsson, bóksali á Ísafirði.

Gyldendals bókaverzlun (Hegel) í Kaupmannahöfn.

Hjálmar Sigurðsson, kaupmaður í Stykkishólmi.

Jón Björnsson, bóksali, Borgarnesi.

Jón Jónsson, prófastur á Stafafelli.

Jón Runólfsson, sýsluskrifari á Eskifirði.

Jón Sighvatsson, bóksali í Vestmannaeyjum.

Kristján Guðmundsson, bóksali á Oddeyri.

Lárus Tómasson, bankagjaldkeri á Seyðisfirði.

Olgeir Friðgeirsson, verzlunarstjóri á Vopnafirði.

Páll H. Gíslason, verzlunarstjóri á Fáskrúðsfirði.

Páll Jónsson, bókhaldari á Djúpavogi.


Sigurður Stefánsson, prestur í Vigur.


Stefán Guðjohnsen, verzlunarstjóri á Húsavík.

The Viking Club, 36 Margaretha Terrace, London.

Þorbergur Guðmundsson, búfræðingur Nesi í Norðfirði









PT Skírnir
7351
S5
ár 82-83

**PLEASE DO NOT REMOVE
CARDS OR SLIPS FROM THIS POCKET**

UNIVERSITY OF TORONTO LIBRARY
